Þingsályktunartillögur samþykktar.

1. Mótmæli gegn risasprengingu Sovétríkjanna.

Á 7. fundi í Sþ., 25. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um mótmæli gegn risasprengingu Sovétríkjanna [48. mál] (A. 57).

Á 9. fundi í Sþ., 27. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til einnar umr.
Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Flm. (Sveinn S. Einarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 5. þm. Vesturl. (BGr) að bera fram till. þá til þál., sem prentuð er á þskj. 57 og ég skal nú lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að mótmæla eindregið sprengingu Sovétríkjanna á risakjarnorkusprengju og skorar á þau að hætta nú þegar kjarnorkusprengingum sínum, þar sem geigvænleg geislunarhætta af þeim stofnar framtíðarvelferð allrar heimsbyggðar og þar með íslenzku þjóðarinnar í voða. Sérstaklega mótmælir Alþingi neðansjávarsprengingum, er geta stofnað afkomumöguleikum Íslendinga í hættu.

Alþingi skorar enn fremur á kjarnorkuveldi heimsins að gera hið fyrsta samkomulag um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn og öruggt eftirlit með því."

Tillögunni fylgir grg. á nefndu þskj., en ég vil leyfa mér að gera hér nokkru ýtarlegri grein fyrir málinu.

Fáir atburðir hafa vakið jafnalmennan ótta, ef ekki skelfingu, um allan hinn frjálsa heim og sá, að Sovétríkin ákváðu að hefja á ný tilraunasprengingar kjarnorkuvopna fyrir tæpum tveimur mánuðum. Þessar tilraunir voru hafnar 1. sept. s. l., og hafa Rússar síðan sprengt 24 kjarnorkusprengjur eða til jafnaðar eina sprengju rúmlega annan hvern dag. Allar hafa þessar sprengjur verið miklum mun öflugri en þorrinn af þeim sprengjum, sem áður hafa verið sprengdar í tilraunaskyni. Þó keyrði um þverbak s. l. mánudag, þegar Rússar sprengdu fyrst risasprengju, sem talið er að hafi numið að sprengiafli sem svarar 30—50 milljónum lesta af TNT-sprengiefni. Tveimur klukkustundum síðar sprengdu þeir aðra, en minni sprengju neðansjávar. Báðar þessar sprengjur og allar hinar aflmeiri hafa verið sprengdar á tilraunasvæði Rússa á eynni Novaja Semlja í Norður-Íshafinu, í aðeins 2500 km fjarlægð frá Íslandi.

Engum þurfti að koma það á óvart, að Rússar skyldu sprengja umrædda risasprengju, því að skömmu áður hafði Krústjoff forsætisráðherra Sovétríkjanna gumað af því á flokksþingi kommúnista í Moskvu, að Rússar gætu hæglega sprengt vetnissprengju með 100 megalesta sprengiafli og mundu ljúka tilraunum sínum að þessu sinni undir lok þessa mánaðar með því að sprengja 50 megalesta sprengju. Hitt hafði komið mönnum miklu meira á óvart, þegar sovétstjórnin tilkynnti 31. ágúst s. l., að hún mundi hefja tilraunir með kjarnorkuvopn á nýjan leik og rjúfa þannig einhliða það hlé, sem kjarnorkuveldin þrjú höfðu af sjálfsdáðum gert um nærri þriggja ára skeið á öllum slíkum tilraunum.

Kjarnorkuveldin þrjú, Bandaríkin, Bretland og Sovétríkin, urðu ásátt um það seint á árinu 1958 að efna til ráðstefnu í Genf, þar sem leitað skyldi samkomulags um algert bann við öllum tilraunum með kjarnorkuvopn. Bandaríkin og Bretland hættu þegar í stað tilraunum sínum, þegar Genfarráðstefnan kom saman, þann 31. okt. 1958, en Rússar hættu þeim tilraunum fáum dögum síðar, eða 3. nóv. Í hartnær þrjú ár sátu fulltrúar kjarnorkuveldanna þriggja á fundum í Genf, hvorki meira né minna en 338 fundum. Það var von alls mannkyns, að aðilarnir ynnu að þessum samningum í fullri einlægni og af góðum vilja.

Það kom því eins og reiðarslag yfir þjóðir heims, þegar sovétstjórnin tilkynnti upp úr þurru, að hún mundi nú hefja tilraunir með kjarnorkuvopn á nýjan leik. Menn áttuðu sig þá skyndilega á því, að Rússar hefðu ekki setið með heilindum við samningaborðið, heldur verið að vinna tíma til þess að smíða ný og ægilegri kjarnorkuvopn en áður höfðu þekkzt. Munu vandfundin dæmi um þvílíkar aðfarir í samskiptum þjóða, þar sem um er að tefla líf og öryggi alls mannkyns, enda mun þessum helsprengjusmíðum og áhangendum þeirra ýmsum veitast erfitt að finna hér eftir nægilega auðtrúa sálir til þess að taka verulegt mark á friðarhjali þeirra.

Sovétstjórnin gaf þá langsóttu skýringu á þessu uppátæki, að hún væri nauðbeygð að hefja

kjarnorkuvopnatilraunir á ný, vegna þess að Frakkar hefðu sprengt 4 sprengjur í Sahara-eyðimörkinni. Á tímabilinu frá 11. febr. 1960 til 24. apríl 1961 sprengdu Frakkar fjórar litlar sprengjur og tilkynntu að því loknu, að þeir hefðu lokið kjarnorkutilraunum sínum í gufuhvolfinu. Samanlagt var sprengiaflið í þessum fjórum sprengjum Frakka ekki nema brot af sprengiafli þeirra kjarnorkuvopna, sem Rússar hafa verið að reyna nú undanfarna tvo mánuði. Rúmum fjórum mánuðum eftir að Frakkar hættu þessum tilraunum þykjast Rússar þurfa að hefja tilraunir aftur. Það er naumast hægt að hugsa sér aumari átyllu en þetta.

Ég dreg ekki í efa, að hv. alþm. geri sér ljósa grein fyrir þeim hættum, sem stórfelldar tilraunir með kjarnorkuvopn fela í sér fyrir mannkynið. Ég vil þó leyfa mér að víkja nokkru nánar að einstökum atriðum þess máls, bæði almennt og með sérstöku tilliti til Íslendinga.

Þegar kjarnorkusprengja springur, myndast geislavirk efni, og fer magn þeirra eftir því, hve öflug sprengjan er. Fari sprengingin fram ofanjarðar, þyrlast mikið magn af vatni, sandi og öðrum lausum jarðefnum upp og mengast af hinum geislavirku efnum frá sprengingunni. Þetta geislavirka ryk stígur tugi kílómetra upp í geiminn og þeim mun hærra sem sprengingin er öflugri. Hin stærri korn falla fljótlega til jarðar, en hin fíngerðari berast með vindum langar leiðir og geta svifið mánuðum og jafnvel árum saman í gufuhvolfinu, áður en þau ná til jarðar aftur. Alvarlegasta geislunarhættan í svipinn er að sjálfsögðu á nokkur hundruð kílómetra löngu svæði frá sprengjustaðnum, og fer lega þess eftir vindstöðu og styrkleika.

Við óheppilegar aðstæður gætu næstu nágrannalönd okkar, Finnland, nyrðri hluti Svíþjóðar og Noregs, orðið hættusvæði í þessum skilningi, þegar kjarnorkusprengingar eru gerðar við Novaja Semlja, en þar hafa Rússar sprengt öflugustu kjarnorkuvopn sín á undanförnum vikum. Þetta hefur vakið þvílíkan ugg á Norðurlöndum, að yfirvöld þar hafa undirbúið neyðarráðstafanir, svo sem umfangsmikið eftirlit með drykkjarvatni og matvælum og jafnvel brottflutning fólks af hættusvæðum, ef til þyrfti að taka.

Eins og fyrr var getið, berast hin fíngerðari efni upp í háloftin og svífa þar yfir jörðu, þar sem þau smám saman falla niður, einkum þar sem úrkoma er mikil. Yfirleitt á úrfallið sér stað á svipuðum breiddargráðum og þeim, er sprengingin var gerð á.

Það er áætlað af sérfræðingum, að hið geislavirka ryk, sem þyrlaðist upp við risasprengingu Rússa s. l. mánudag, hafi numið á milli 15 og 25 millj. lesta. Verulegur hluti af þessu geigvænlega úrfalli mun falla til jarðar á norðlægum slóðum, og mun Ísland vissulega fá sinn skerf af því til viðbótar við úrfallið frá þeim 22 sprengjum, sem Rússar höfðu sprengt áður á undanförnum vikum.

Ísland er sökum legu sinnar í langtum meiri hættu frá geislavirku úrfalli frá kjarnorkusprengjutilraunum Sovétríkjanna við Novaja Semlja og á öðrum stöðum í Norður-Síberíu heldur en frá tilraunum á öllum öðrum stöðum, þar sem þær hafa farið fram til þessa. Ástæðan er sú, að hið geislavirka ryk fellur aðallega á belti, sem liggur m. a. yfir Ísland.

Það sýndi sig líka, að hér á landi gætti mjög geislunaráhrifa frá kjarnorkusprengjum Rússa við Novaja Semlja, þegar geislamælingar hófust hér á landi í októberbyrjun 1958. Á tímabilinu frá 10.—24. okt. það ár sprengdu Rússar 7 kjarnorkusprengjur á þessum slóðum. Hinn 18. okt. 1958 áttfaldaðist geislun hér á landi snögglega og var að meðaltali 6.6 sinnum hærri síðari hluta mánaðarins en fyrri hluta hans. Sama sagan endurtekur sig nú, og eru þó geislunaráhrif frá kjarnorkusprengjum Rússa að þessu sinni hvergi nærri komin fram enn þá. Það gefur nokkra hugmynd um afleiðingar af þessum sprengingum Rússa, að í vikunni 19.—25. sept s. l. var mælt geislavirkt úrfall á Norðurlöndum þegar orðið jafnmikið á hvern ferkílómetra og það var mest 1958.

Nákvæmlega sama verður upp á teningnum hér á Íslandi. Prófessor Þorbjörn Sigurgeirsson, forstöðumaður eðlisfræðistofnunar háskólans, hefur nýverið látið hafa eftir sér í fréttum útvarpsins, að sennilegt megi telja, að áhrifanna frá risasprengju Rússa taki að gæta hér á landi upp úr næstu mánaðamótum. Hann telur sennilegt, að geislun frá risasprengjunni aukist svo, að hún verði meiri en mesta geislun, sem mælzt hefur hér á landi, en það var haustið 1958.

Óþarft er að rökstyðja það nánar, hvílík vá hér er fyrir dyrum. Næstu vikur og mánuði mun helrykið sáldrast yfir Ísland og safnast í moldinni. Við horfum fram á það, að á næsta vori verði nýgræðingurinn mengaður geislavirkum efnum. Við stöndum andspænis því, að heilbrigðisyfirvöld landsins verða nú í fyrsta sinn að hafa sérstaka aðgát á mjólk, grænmeti og öðrum matvælum, sem við neytum á næsta sumri. Við vitum líka, að sá hluti þjóðarinnar, sem hér á mest í hættu, eru börnin og unglingarnir, sem í örum vexti safna meira af hinum skaðlegu efnum í bein sín og vefi en þeir, sem fullvaxnir eru.

Þá má ekki gleyma því, að erfðastofnar þjóðarinnar eru í hættu, því að hér sem annas staðar, þar sem geislunarhætta er fyrir hendi, kunna að fæðast andvana eða vansköpuð börn, sem heilbrigð hefðu verið, ef hinar glæpsamlegu kjarnorkuvopnatilraunir hefðu ekki verið teknar upp á ný.

Sem kunnugt er, létu Rússar sér ekki nægja að sprengja risasprengju sína s. l. mánudag, heldur sprengdu þeir einnig minni sprengju neðansjávar. Hér kem ég að máli, sem vel gæti haft hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir undirstöðuatvinnuveg Íslendinga, fiskveiðar, einkum ef slíkum sprengingum verður haldið áfram.

Það er alkunnugt, að Austur-Grænlandsstraumurinn og Austur-Íslandsstraumurinn eru, ef svo mætti segja, frárennsli Norður-Íshafsins. Báðir þessir straumar liggja um sum mikilvægustu fiskimið Íslendinga. Haffræðingar telja, að sökum grunnsævis fyrir ströndum Síberíu og umhverfis Novaja Semlja berist sjór af þessum slóðum vegna áhrifa vinda yfir í fyrrnefnd straumakerfi. Ef þetta hafsvæði mengast af geislavirkum efnum vegna sprenginga, leikur ekki á tveim tungum, að þau geta borizt yfir á fiskislóðir Íslend-

inga. Af þessu er ljóst, að við Íslendingar þurfum nú hið fyrsta að hefja kerfisbundnar athuganir á geislun í sjónum umhverfis Ísland, þannig að hægt sé að fylgjast með, hvað þar gerist.

Herra forseti. Ég hef nú leitt rök að því: Í fyrsta lagi, að Íslendingum stafar sérlegur háski af kjarnorkusprengingum Rússa við Novaja Semlja vegna legu Íslands. Í öðru lagi, að tilraunir Rússa að undanförnu og þá ekki síst risasprengjan munu valda því, að geislunaráhrif verði meiri hér á landi en nokkru sinni fyrr. Í þriðja lagi, að af þessum sökum verði heilbrigðisyfirvöld landsins að sýna sérstaka árvekni og jafnvel vera viðbúin að grípa til varúðarráðstafana. Og í fjórða lagi, að undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar geti verið hætta búin, ef áframhald verður þarna á. Ég vænti þess, að hv. alþm. geti verið mér sammála um það, að þessi viðhorf séu svo alvarlegs eðlis, að Alþingi Íslendinga geti ekki haldið að sér höndum, heldur hljóti að sameinast um að mótmæla eindregið þeim aðgerðum sovétstjórnarinnar, sem leitt hafa til þessa ástands, og krefjast þess jafnframt, að þeim verði hætt.

Ákvörðun sovétstjórnarinnar að rjúfa grið og hefja tilraunir með kjarnorkuvopn á ný hefur vakið reiði og ugg meðal allra frjálsra þjóða. Hér vofir ekki aðeins geislunarhættan yfir öllu mannkyni af tilraunum Rússanna einna, heldur kann svo að fara, að hin kjarnorkuveldin sjái sig til neydd að fara að dæmi þeirra til þess að dragast ekki aftur úr í hinu skelfilega kapphlaupi um kjarnorkuvopnin. Íslendingar verða að leggjast á sveif með þeim öflum, sem vilja stöðva þessa vitfirringu, og vinna með þeim að því, að gerður verði alþjóðasamningur um að banna allar tilraunir með kjarnorkuvopn. Til þess að slíkt bann verði ekki pappírsgagn eitt, er óhjákvæmilegt, að komið verði á fullkomnu eftirliti með því, að banninu sé framfylgt.

Herra forseti. Ég tel, að þetta mál liggi svo ljóst fyrir, að það sé óþarft að vísa því til n., og vegna eðlis þessa máls og nauðsynjar á, að afgreiðslu þess verði hraðað, þá vildi ég leggja til, að afgreiðslu þess yrði að fullu lokið á þessum fundi hæstv. **Alþingis.**

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil segja hér nokkur orð um þessa till. til að lýsa stuðningi við hana.

Það er ekki vafi, að það vakti mikinn fögnuð í heiminum, þegar ljóst varð, að kjarnorkuveldin höfðu hætt kjarnorkusprengingum og kjarnorkutilraunum í hernaðarskyni. Menn gerðu sér vonir um, að þegar þessu hefði verið hætt, þá kæmi ekki til mála að taka þessa vitfirringu upp aftur. Og þótt Frakkar brytu af sér og kæmu með sprengingu, eftir að hinir höfðu hætt, held ég, að engum hafi dottið í hug, að slíkt yrði notað að skálkaskjóli til þess að byrja þennan leik að nýju, því að sú sprenging, sem Frakkar gerðu, gat ekki talizt til nýjunga, þegar hún var borin saman við það, sem áður hafði skeð, og í henni var þess vegna ekkert nýtt, sem gaf nokkrum tilefni til að byrja aftur á þessum voðalega leik.

Ég býst við því, að fjöldi manna hafi gert sér vonir um, að það yrðu alger þáttaskil í þessum málum, þegar sprengingum hafði verið hætt, og áreiðanlega gerðu margir sér vonir um, að það mundi verða upphaf þess, að samkomulag næðist á milli kjarnorkuveldanna og þjóða heimsins yfirleitt að banna framvegis allar slíkar tilraunir. Það er alveg áreiðanlegt, að mikill þorri manna í öllum löndum gerði sér beinlínis vonir um þetta — og meira. Menn hugsuðu sér margir, að þetta gæti orðið upphaf þess, að samkomulag næðist með tímanum um afvopnun, þetta yrði upphaf þess, að samkomulag næðist um afvopnun. Öllum var vitanlega ljóst, að allt tal um afvopnun var og er gersamlega út í hött, meðan kjarnorkusprengingum er áfram haldið.

Nú hafa allar þessar vonir manna verið gersamlega gerðar að engu, þar sem Sovétlýðveldin hafa nú tekið til að sprengja, alveg upp úr þurru, sprengja kjarnorkusprengjur í miklu stærri mæli en áður hefur þekkzt. Kemur það nú í ljós, að forráðamenn Sovétlýðveldanna hafa notað það hlé, sem varð á þessum ósköpum, til að undirbúa af mikilli lævísi stórkostlegri voðasprengingar en nokkru sinni hafa áður komið til greina. -- Hafa þeir sprengt nær daglega nú undanfarið slíkar sprengjur, og meðal þeirra er ein sú stærsta og hættulegasta, sem nokkru sinni hefur verið reynd.

Þetta er svo gersamlega óafsakanlegt með öllu, að það er alveg furðulegt, að nokkur skuli ljá sig til þess að mæla því bót. Hér er alveg að ástæðu- og tilefnislausu gert að engu allt það starf, sem unnið hefur verið í skynsamlega stefnu í þessum málum og menn voru farnir að vona að mundi geta borið einhvern árangur.

Mig skortir tæknilega þekkingu til þess að ræða tæknilega hlið þessara mála og leiða nokkrar getur að því, hver hætta getur af þessu stafað fyrir þá, sem nú lifa, og óborna. En engum dylst, að háskinn er gífurlegur, og fróðustu menn telja, að jafnvel þeir, sem fyrir þessu standa, viti ekki, hvað þeir eru að gera. En það eitt vita menn, að háskinn er mikill og að íslenzka þjóðin er þannig í sveit sett, ef svo mætti segja, að hún er háskanum mjög nærri, eins og raunar hér hefur verið gerð grein fyrir.

Ekki skal ég leiða getum að því, hvernig á því stendur, að Sovétmenn taka upp á þessum ósköpum og hefja þessar ógnarráðstafanir á nýjan leik. Má vera, að þeir ætli með þessu að ógna frjálsum þjóðum heimsins, sem vilja ekki beygja sig undir vilja þeirra Sovétmanna í einu og öllu. Það er eiginlega varla hugsanleg önnur skýring á þessu en að þeim detti í hug, að þetta sé aðferðin til þess, að þeir fái einir öllu að ráða.

En það er vafalaust mikill misskilningur, ef þeir halda, að svona lagaðar ógnarráðstafanir séu til þess fallnar að beygja alla undir þeirra vilja. Og ég er ekki í nokkrum vafa um, að frjálst fólk í öllum löndum mun þannig bregðast við þessu máli, að það mun ekki verða til ávinnings þeim, sem upp hafa tekið, heldur þvert á móti til þess að herða menn í að standa saman gegn þeim yfirgangi og þeirri yfirgangshugsun, sem hlýtur að liggja að baki þessu.

Það mætti margt um það segja, hvað þetta minnir á af því, sem við höfum áður lifað, en ég skal ekki fara út í það nú við þetta tækifæri. Ég mun láta þessi fáu orð nægja til þess að lýsa stuðningi við till.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Sú till., sem hér liggur nú fyrir til umr. á þskj. 57, um mótmæli gegn risasprengingu Sovétríkjanna, er að vissu leyti um mikið stórmál. Það hefur verið öllum mönnum í heiminum ljóst nú um langan tíma, að kjarnorkuvopn og kjarnorkusprengingar eru stórháskalegar í rauninni öllu lífi á jörðinni, ef til átaka kæmi milli kjarnorkuveldanna í heiminum. Þetta hefur mönnum verið ljóst allt frá þeim degi, að fyrstu kjarnorkusprengjunni var varpað í lok síðustu styrjaldar, og menn kynntust þá af fullri raun þeim hættulegu afleiðingum, sem af beitingu slíkra vopna geta hlotizt. Enn frekari staðfestingu hafa menn fengið á þessu hvað eftir annað í sambandi við þær tilraunir, sem fram hafa farið á vegum kjarnorkustórveldanna í heiminum og skýrt hefur verið frá nokkrum sinnum á undanförnum árum.

Við vitum, að á undanförnum árum hafa verið miklar deilur á alþjóðavettvangi um það, hvernig ætti að bregðast við þeim hættum, sem þessum nýtízkuvopnum fylgja, og stórveldin hafa ekki getað orðið á eitt sátt um það, hvaða reglur skyldi setja í þeim efnum. Við vitum það, Íslendingar, að þetta mál skiptir okkur engu síður en aðra í heiminum. Það var árið 1953, að við fulltrúar Sósfl. hér á Alþingi fluttum þáltill. varðandi þetta mál, þar sem lagt var til, að Alþingi skoraði sérstaklega á Bandaríkin, Sovétríkin og Bretland að koma sér saman um það að stöðva tilraunir með kjarnorkuvopn, og þar sem þeirri áskorun var beint til Bandaríkjanna sérstaklega, að þau stöðvuðu þær sprengingar, sem Bandaríkin höfðu þá í gangi í þessum efnum. Þá höfðu einmitt fyrir skömmu verið birtar ýtarlegar upplýsingar í heimsblöðunum um það, hvílíkar skelfingar gætu fylgt því, ef slíkum sprengjum væri beitt eins og þeim, sem þá höfðu verið gerðar tilraunir með af Bandaríkjunum á Kyrrahafi. Þar hafði jafnvel heilum eylöndum verið sökkt í haf af slíkum sprengingum, og þar hafði stórum hafsvæðum, sem stærsta og mesta fiskveiðiþjóð í heimi stundaði sínar veiðar á, verið stórlega spillt með eitrun.

Við litum svo á, fulltrúar Sósfl. á Alþingi 1953, að við Íslendingar ættum að leggja okkar litla lið fram til þess að vara þjóðir heimsins við í þessum efnum og reyna að stuðla að því, að settar yrðu reglur til þess að koma í veg fyrir slíkar sprengingar sem þessar og fá þar alla sem aðila að, sem réðu yfir þessum sprengjum.

En þegar við fluttum þessa till., kom það fram, að ráðandi flokkar hér á Alþingi þá, og þá fyrst og fremst kom það fram frá fulltrúum Sjálfstfl., þeir töldu ekki rétt að gera samþykkt á Alþingi til kjarnorkuveldanna, þar sem skorað var á þau sérstaklega að hætta kjarnorkusprengingum. Þá var því lýst hér yfir í umr., að mönnum þætti um of sveigt að Bandaríkjunum, sem þá voru ein að sprengja slíkar sprengjur, með því að nefna kjarnorkusprengingar á nafn sérstaklega. En það varð þá að samkomulagi vegna þessarar viðkvæmni að breyta till. þannig, að áskorun var send til Sameinuðu þjóðanna og ekki til neins einstaks ríkis um það, að þær beittu sér fyrir allsherjarafvopnun í heiminum, og var með auðvitað um leið því að koma í veg fyrir frekari kjarnorkusprengingar og beitingu kjarnorkuvopna.

Það er svo mál út af fyrir sig, að þessi afstaða Íslands, sem þá var mörkuð af Alþingi, að leggja höfuðáherzlu þá á allsherjarafvopnun, hefur síðan nú um nokkurt skeið verið sérstakt áherzlumál af hálfu Sovétríkjanna, að jafnhliða því að banna atómsprengingar verði teknar upp reglur um allsherjarafvopnun, en um það hefur ekki getað fengizt samkomulag.

Með þessari till., sem við fulltrúar Sósfl. á Alþingi fluttum 1953, mörkuðum við afstöðu okkar til þessara mála í heild alveg skýrt. Þá lýstum við yfir, að við værum algerlega á móti öllum kjarnorkusprengingum, hver svo sem stæði að þeim, hvort sem það væru Sovétríkin, Bandaríkin eða Bretland, þar gerðum við engan mun á. Afstaða okkar Alþýðubandalagsmanna nú í dag er alveg óbreytt. Við teljum, að sú eigi að vera afstaða Íslands til þessara alvarlegu mála, að við eigum að leggja okkar lið fram, eins og við getum, í þá átt að koma því til leiðar, að allar kjarnorkusprengingar verði stöðvaðar, hvort sem þær gerast í austri eða vestri, og að framleiðsla á kjarnorkuvopnum verði bönnuð og það sem fyrst.

Hitt er mér svo alveg ljóst, að sá leikur hefur gengið fyrir sig í heiminum nú um langan tíma, að mikill hluti kalda stríðsins hefur snúizt um það á milli kjarnorkustórveldanna og stórveldanna yfirleitt í heiminum, að þau ákærðu hvert annað um það, hvert þeirra stæði mest í veginum fyrir því, að settar yrðu reglur til þess að koma þessum hættulegu vopnum fyrir kattarnef. Það hefur verið haldið uppi miklum áróðri í heiminum í þeim efnum, og það hafa margir látið dragast inn í það kalda stríð, og mér er það líka ljóst, þegar þetta mál kemur nú fyrir hér á Alþingi, að maður sér þess greinileg merki, að þeir eru til, sem fyrst og fremst virðast vilja nota þetta mál sem einn lið í kalda stríðinu hér innanlands og í heiminum. Þeir eru til, sem virðast hafa á því meiri áhuga að reyna að sakfella einstaka landa sína um það, að þeir muni vera á sveif með þessum aðilanum fremur en hinum, og að meira muni vaka fyrir þeim í þessum efnum með flutningi bæði þessarar till. og annarra mótmæla í sambandi við þessar sprengingar að ná til vissra pólitískra andstæðinga sinna heldur en að vinna raunverulega að því mikla og háleita marki að reyna að koma í veg fyrir frekari sprengingar á kjarnorkusprengjum.

Við minnumst þess, að þessi mál gengu fyrir sig mjög á annan veg en ég gat skilið orð hv. 1. flm. þessarar till., að árið 1958 lýstu Sovétríkin því yfir opinberlega, að þau hættu einhliða að sprengja kjarnorkusprengjur og gera tilraunir í þeim efnum. Þetta gerðu þau í marzmánuði 1958. Eftir þann tíma héldu Bandaríkin áfram að sprengja og sprengdu um marga mánuði þar á eftir, m. a. heila röð af kjarnorkusprengjum sumarið 1958. Þá höfðu staðið yfir þrætur eins og fyrri daginn á milli stórveldanna um það, hvort þau gætu komið sér saman öll um það að hætta þessum sprengingum, en samkomulag náðist ekki. Það voru Sovétríkin, sem lýstu þessu yfir einhliða, að þau mundu stöðva þetta, og þau gerðu það, þrátt fyrir það þó að hinir héldu áfram. En það kom að því, að hin kjarnorkustór-

veldin hættu líka, og það varð hlé á í þessum efnum, sem betur fór. En þrátt fyrir það, þó að hlé yrði á hinum stóru og hættulegu sprengingum í þessum efnum eftir þetta um tíma, höfðu þó kjarnorkustórveldin ekki komið sér saman um fastar reglur, sem gætu tryggt það, að þessum tilraunum yrði hætt og að kjarnorkuvopn yrðu raunverulega bönnuð. En þá snerust málin í þá átt, að eitt af stórveldunum, m. a. eitt af stærstu ríkjunum í NATO, í Atlantshafsbandalaginu, sem við Íslendingar erum í, tók upp á því að sprengja kjarnorkusprengjur, hverja eftir aðra, en það var Frakkland. Þá lýstu Sovétríkin yfir hvað eftir annað, að ef þetta Atlantshafsbandalagsríki héldi áfram tilraunum sínum, þá teldu þau sig tilknúin að byrja þessar sprengingar á ný. En þessum aðvörunum var ekki sinnt á neinn hátt. Ég réttlæti ekki á nokkurn hátt þær sprengingar, sem nú hafa verið teknar upp af Sovétríkjunum, með þessu, en það er rétt, að sagan sé rakin eins og hún liggur fyrir og réttilega.

En það er meira, sem hefur gerzt í þessum málum, og það er alveg óhjákvæmilegt að rifja það upp, þegar þetta stórmál er hér tekið til meðferðar. Við vitum um það vígbúnaðarkapphlaup, sem hefur staðið yfir í heiminum. Við vitum um þá ógn, sem Austur og Vestur telja sér standa hvort af öðru, og hvor fyrir sig leggur í svo og svo mikinn undirbúning til þess að geta staðizt árás, eins og sagt er. Við vitum það, að það er yfirlýst af hálfu Bandaríkjanna, að þau hafi komið sér upp í heiminum 272 herstöðvum utan sinna landamæra. Við vitum það, af því að það eru þekktir staðir, að þau hafa komið upp herstöðvakraga allt í kringum Sovétríkin og svo að segja liggjandi við landamæri þeirra. Sovétríkin hafa hvað eftir annað bent á þetta og sagt, að þetta yrði til þess, að þau yrðu að vígbúast af kappi. Þau hafa m. a. afsakað sínar framkvæmdir í þessum efnum með því að benda á þessi dæmi. En illu heilli hefur það farið svo, að okkar fámenna íslenzka þjóð hefur verið dregin inn í þetta kalda stríð. Þessi litla vopnlausa þjóð hefur verið dregin inn í þetta kalda stríð til þess að kynda hér undir. Við höfum tekið þátt í einni þeirri hernaðarblökk, sem einna mest hefur staðið að vígbúnaðarkapphlaupinu í heiminum á undanförnum árum. Það er Atlantshafsbandalagið, sem hefur staðið fyrir því nú síðari árin að endurvígbúa gömlu nazistaforingjana í Vestur-Þýzkalandi, mennina, sem að undanförnu hafa staðið fyrir fjöldafundum þar í landi til þess að krefjast þess, að landamærunum að austan yrði breytt Þýzkalandi í hag. Þekktir nazistaforingjar eru þar í æðstu stöðum. En samt sem áður hefur Atlantshafsbandalagið leyft sér að standa að till. um að endurvopna þessa aðila, sem raunverulega ógna heimsfriðnum.

Eitt af því, sem Sovétríkin bera fyrir sig nú, þegar þau taka upp þessar sprengingar á ný, er einmitt þetta, sem hefur verið að gerast í Vestur-Þýzkalandi, og við Íslesdingar verðum því miður að játa, að við höfum verið dregnir inn í þann leik að stuðla að þessari miklu hættu.

Ég sé það á þeirri till., sem hér liggur fyrir, að hún er sniðin þannig, að þar er einhliða um að ræða mótmæli gegn tilteknum sprengingum Sovétríkjanna. Það er eins og flm. till. séu á þeirri skoðun, að sprengjur, sem sprengdar eru af Rússum, séu hættulegar, aðrar ekki. Gætu nú ekki hv. flm. till. hugsað sér að breyta till. þannig, að Alþingi Íslendinga mótmælti öllum kjarnorkusprengingum? Væri það nokkuð voðalegt? Við fulltrúar Alþb. erum reiðubúnir til þess að standa að slíkri till. Við álítum, að það tæki af allan vafa um það, hver væri skoðun íslenzku þjóðarinnar í þessum efnum, því að ég efast ekki um, að hún er á móti öllum kjarnorkusprengingum, hvort sem þær fara fram fyrir austan eða vestan.

Það er ekki sízt nauðsynlegt, að tekinn sé af allur vafi í þessum efnum, þegar þess er gætt, að þær kjarnorkusprengjur, sem hafa verið sprengdar t. d. af Frakklandi að undanförnu, hafa ekki framkallað nein sérstök mótmæli hér, og þær sprengingar, sem áttu sér stað á vegum Bandaríkjanna, eftir að Sovétríkin höfðu stöðvað sínar sprengingar 1958, framkölluðu ekki heldur neinar sérstakar mótmælatillögur hér.

Það, sem er höfuðatriði í þessu máli, er að við Íslendingar eigum ekki að láta draga okkur í dilk með þeim, sem vilja kynda undir í kalda stríðinu í heiminum. Höfuðhættan í þessum málum liggur einmitt í því, að slíkt kalt stríð kunni fyrr eða síðar að breytast í heitt stríð. Þeir, sem eru í raun á móti hættum kjarnorkusprengingar, eiga því að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir stríð. Þeir ættu t. d. ekki að ljá land sitt neinu stórveldi undir herstöð, því að það er einn liður í því að æsa upp til aukinnar hættu. Það hefur líka nokkrum sinnum áður verið á það minnzt hér, þegar þessi mál hafa verið rædd, hvernig væri raunverulega með okkar stöðu hér, Íslendinga, varðandi kjarnorkuvopn. Við vitum, að hér er herstöð, og við vitum það, að stórveldin, sem hafa vígbúizt af mestu kappi að undanförnu, telja sér nauðsynlegt að hafa kjarnorkuvopn af ýmsu tagi í herstöðvum sínum. Eru kjarnorkuvopn geymd hér á Íslandi nú? Er einhver trygging fyrir því, að hér verði ekki í framtíðinni geymd kjarnorkuvopn eða notuð kjarnorkuvopn? Vill hæstv. ríkisstj., þegar þetta mál liggur hér fyrir til afgreiðslu, lýsa því yfir, að hér séu ekki geymd kjarnorkuvopn og hér verði ekki leyfð geymsla á kjarnorkuvopnum? Það væri einnig rétt að hafa með í till. tvímælalausa yfirlýsingu frá okkar hálfu um það. Við, sem erum að lýsa yfir andstöðu okkar gegn kjarnorkuvopnum og gegn kjarnorkusprengingum, við ættum líka að lýsa því yfir, að hér séu ekki kjarnorkuvopn og hér verði ekki kjarnorkuvopn geymd.

Ég er því vissulega sammála að skora á Sovétríkin að sprengja ekki þá 50 megatonna sprengju, sem þau hafa rætt um að sprengja. Ég tel, að við eigum að leggja allan þunga í það að reyna að koma í veg fyrir, að kjarnorkuveldin sprengi slíkar sprengjur. En sérstaklega, ef við viljum láta taka mark á orðum okkar, þá eigum við að sýna það, að við gerum þar ekki greinarmun á því, hvort kjarnorkusprengjan er fyrir vestan eða austan.

Það er rétt, að okkur stafar vissulega mikil hætta af kjarorkusprengingum, eins og öðrum

þjóðum. En ég treysti mér ekki til þess, þó að flm. þessarar till. treysti sér til þess, að segja til um það af nokkurri vissu, hversu mikil hætta fylgir sprengingum á hverjum stað á jörðinni fyrir sig og hverri stærð af sprengju fyrir sig. Ég treysti mér því ekki til þess að gera úr því aðalatriði, hvort sprengjan er sprengd vestur í Bandaríkjunum eða í Rússlandi eða í Sahara. Og ég treysti mér ekki heldur til þess að segja til um það, hversu stórar þær sprengjur eru, sem sprengdar eru á hverjum tíma. Ég hef veitt því athygli, að vísindamenn í öðrum löndum þykjast ekki geta greint þar á milli. Það er af þessum ástæðum, sem ég álít líka, að við eigum ekki að gera neinn greinarmun hér á, heldur eigum að haga okkar mótmælum eða áskorunum, sem við gerum, á almennan hátt og að mótmæla öllum kjarnorkusprengjum, í hverra höndum sem þær kunna að vera.

Við þekkjum það líka, að það eru uppi alls konar tillögur um það eða skilgreiningar á því, hvað séu hættulegar sprengjur og hvað séu ekki hættulegar sprengjur. Jú, við höfum lesið mikið um það, að til séu kjarnorkusprengjur, sem séu svonefndar hreinar sprengjur, neutron-sprengjur, sem bæði Bandaríkjamenn og Rússar hafa mikið talað um að undanförnu, sem sáldri ekki frá sér neinu helryki, og við höfum líka heyrt talað um það, að það sé stór munur á því, hvort kjarnorkusprengja sé sprengd uppi í háloftunum eða hvort hún sé sprengd niðri í jörðu. Þó virðist manni, að það hafi komið nokkuð samhljóða fram, að þær sprengjur, sem sprengdar eru næst jörðu, séu í sjálfu sér hættulegastar fyrir umhverfið. En að blanda sér út í slíkt, það tel ég ekki á mínu færi að gera þar mun á, og ég dreg það satt að segja mjög í efa, að flm. till. séu þar til færari en ég, og því sé þeim líka hollast að miða sínar till. við það að mótmæla öllum kjarnorkusprengingum og skora á öll kjarnorkustórveldin í heiminum að hætta öllum slíkum tilraunum og slíkum sprengingum.

Við skulum vona, að þær sprengingar, sem nú hafa farið fram, séu a. m. k. ekki eins hættulegar og ýmsir áróðursmenn á Vesturlöndum halda nú fram. Það virðist a. m. k. sérstaklega ótrúlegt, að Sovétríkin hafi þá valið þann stað, sem þau hafa valið, í sínu næsta nágrenni, til sprenginga og valið þá veðráttu, sem óumdeilt er að hafi verið, þegar vindáttin stefndi einmitt beint inn á Sovétríkin, og alveg var sýnilegt, að þar mundi geislunarhættan verða mest, ef hættan af þessum sprengjum væri slík sem hér hefur verið reynt að halda fram. En hvað sem þeirri hættu líður, þá erum við þó efalaust öll á þeirri skoðun, að það beri að vinna að því eftir öllum hugsanlegum leiðum að koma í veg fyrir notkun kjarnorkuvopna og frekari sprengingar kjarnorkusprengna.

Ég veitti því athygli, að hv. flm. lagði hér til þá óvenjulegu meðferð á þessari till., að till. yrði ekki vísað til n., að hún skyldi ekki fást athuguð í n. Till. hefur legið hér mjög stuttan tíma fyrir þm., og það er líka alveg augljóst við lestur till., að á henni eru miklir gallar og henni þarf að breyta. Ég vildi því vænta þess, að hv. flm. féllust á það að vísa þessari till., eins og till. er almennt vísað hér á Alþingi, til n., svo að gefast mætti tækifæri til þess að reyna að samræma skoðanir um hana og koma fram við hana eðlilegum brtt. Þegar við þm. Sósfl. fluttum hér okkar till. um sama mál 1953, þótti sjálfsagt að vísa þeirri till. til utanrmn. Þar var till. athuguð, og þar var till. breytt, og síðan var hún samþ. hér samhljóða á Alþingi.

Mér þykir alveg einsýnt, að fáist það ekki í sambandi við þessa till., að henni verði vísað til n. og hún fái þar að athugast á þinglegan hátt, þá er eitthvað annað, sem vakir fyrir hv. flm., en sú alvara, sem þeir láta í skína í sambandi við það mikla alvörumál, sem hér liggur fyrir. Vilja þeir ekki almenna samstöðu á Alþingi um afgreiðslu till.? Er það kannske grundvöllurinn að till. að reyna að nota hana síðan sem stökkpall til árása á pólitíska andstæðinga? Er það kannske grundvöllurinn að þessari till.? Slík vinnubrögð, að neita um að vísa till. til n., eins og þingleg meðferð er, benda alveg ótvírætt til þess, að það hafi verið það, sem var meining flutningsmanna með flutningi till.

Ég skal svo ljúka þessum orðum mínum með því að endurtaka það hér, sem ég hef lýst yfir áður: Afstaða okkar Alþýðubandalagsmanna til þessa stóra máls er alveg skýr, hún er óbreytt frá því, sem hún var áður. Við erum á móti öllum kjarnorkusprengingum. Við viljum beina áskorunum eða mótmælum, eftir því hve langt menn vilja ganga, til allra kjarnorkustórveldanna í sambandi við notkun slíkra vopna sem þessara eða sprengingar á slíkum sprengjum sem þessum. Við gerum þar engan mun á. Þetta er okkar afstaða til málsins.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég tel ekki illa viðeigandi, að einhver þm. óski hv. 4. þm. Austf. (LJós) til hamingju með hans nýja starf og hlutverk. Hann er nú búinn að ryðja hinum gamla brautryðjanda, hv. 3. þm. Reykv. (EOl), úr forustusæti kommúnista hér á Alþingi. Hefur sýnt sig í þeirri ræðu, sem hann flutti hér áðan, að hann ætlar ekki að láta standa á sér að gæta hér hagsmuna heimskommúnismans og einskis annars. Ræða hans var stórfurðuleg og sýndi betur en hægt er að sýna á annan hátt, að kommúnistar eru í mestu vandræðum með þetta mál. Hann sagði oft, að afstaða þeirra væri skýr, þeir væru á móti öllum kjarnorkusprengingum. En svo komu þessi venjulegu skilyrði: en, en, en. Þeir eru reiðubúnir að standa að þessari till., ef Sovétríkin eru ekki nefnd, ef allt, sem að Sovétríkjunum snýr, er tekið út úr henni. Það er þetta skilyrði, sem við gátum átt von á. Kommúnistar eru m. ö. ö. tilbúnir að vinna að því, að ekki verði kjarnorkusprengingar í heiminum, svo framarlega sem menn snerta ekki við Sovétríkjunum eða nefna þau í þeirri baráttu. Þetta kemur engum á óvart.

Ég vil segja almennt um þessa till., að hún er í tveimur greinum, eins og sjá má á þskj. 57. Í fyrri greininni eru mótmæli gegn sprengingum, sem Sovétríkin hafa framkvæmt nú undanfarið við Norður-Íshaf. Af hverju eru þessar sprengingar tilgreindar? Af hverju eru Sovétríkin nefnd þarna á nafn? Mjög skýr og föst rök eru fyrir því. Það er gert vegna þess, að Sovétríkin hafa nú rofið hlé, sem hefur verið á kjarnorkusprengingum,

og það er meira brot að rjúfa það bann heldur en þótt sprengd hefði verið ein sprengja í langri röð af sprengingum, eins og gerðist fyrr á árum. Og í öðru lagi eru þessar sprengingar komnar svo nálægt Íslandi og geta snert okkur á þann hátt, að það er rík ástæða til fyrir okkur, ríkari en nokkru sinni, að við látum frá okkur heyra einmitt sérstaklega um þessar sprengingar. Í þriðja og síðasta lagi hefur verið sprengd sprengja, sem er örugglega einhvers staðar á milli 30 og 50 megatonn, þar af leiðandi mörgum sinnum stærri og geigvænlegri en nokkur sprengja, sem hefur verið sprengd áður. Það má benda á, að Sovétríkin sprengdu 22 sprengjur við Norður-Íshaf, áður en flm. hreyfðu sig með þessa till. En eftir að þessi óvenjulega sprengja, sem allir viðurkenna að er mörgum sinnum hættulegri fyrir allt mannkyn en nokkrar fyrri sprengingar, eftir að hún kom til skjalanna, var ákveðið að flytja till. Þá var augljóst, að ekki er nokkur lifandi leið á þessum degi að tala um kjarnorkusprengingar án þess að nefna sprengingar Sovétríkjanna.

Seinni mgr. er einmitt þess efnis, að Alþingi skori á öll kjarnorkuveldi heims að gera hið fyrsta samkomulag um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn og öruggt eftirlit með því. Það er ekki hægt að villast á því, hvað fyrir okkur vakir, og þessi grein, sem er almenn, á jafnt við öll kjarnorkuveldi, hvort sem þau eru í austri eða vestri.

M. ö. o.: fyrsta mgr. er um það einstaka tilefni, sem hefur gefizt og er tilefni till. Síðari mgr. er um þann efnislega höfuðkjarna málsins. Ég get því að mínu leyti sagt, að ég tel algerlega óþarft að breyta þessari till. á þann hátt að hætta við að nefna Sovétríkin þar einu orði.

Hv. 4. þm. Austf. þóttist vera að leiðrétta frásögn 1. flm. af því, sem gerzt hefur varðandi kjarnorkusprengingar. Hann var sá vísi sögumaður, sem kunni þetta rétt og setti ofan í við aðra fyrir, að þeir færu rangt með sögulegar staðreyndir. Heldur þessi hv. þm. fram, að Sovétríkin hafi lýst yfir 1958, að þau ætli að hætta kjarnorkusprengingum einhliða, síðan hafi hinir haldið áfram að sprengja, en Sovétríkin engu að síður staðið við hið fagra loforð og hætt. Sannleikurinn í þessu máli er sá, að síðustu kjarnorkusprengingar Bandaríkjanna voru í október 1958, en Sovétríkin sprengdu tvær risasprengjur 2. og 3. nóv., þannig að síðustu sprengingarnar voru hjá Sovétríkjunum. Um leið og síðasta sprengja Bandaríkjamanna var sprengd, lýstu þeir yfir, að þeir mundu ekki sprengja fleiri, og þeir lýstu yfir, að það mundi standa, þegar Rússar sprengdu sprengjurnar tvær, og stóðu við það.

Ég vil taka fram, að ég lít svo á, að almenningsálitið í heiminum hafi knúið bæði þessi stórveldi til að hætta sprengingum. En eins og hv. 4. þm. Austf. setti málið fram, fer hann algerlega rangt með það, sem gerðist, ef trúa má öruggum og mörgum heimildum.

Hv. 4. þm. Austf., talsmaður heimskommúnismans hér á Alþingi, notaði að sjálfsögðu nákvæmlega sömu rök og talsmenn Sovétríkjanna hafa gert, frá Krústjoff og niður til hins lægsta. Höfuðröksemdin var sú, að eitt af Atlantshafsveldunum, Frakkland, hafi gert sig sekt um að sprengja kjarnorkusprengjur í Saharaeyðimörkinni.

Ég hef á öðrum vettvangi tekið afstöðu á móti þeim tilraunum Frakka og skrifað um, að þær væru tilgangslausar og hættulegar. Ég vil láta það koma fram hér, að það hefur verið hverjum manni ljóst, sem eitthvað hefur fylgzt með alþjóðamálum, að þessar sprengingar Frakka voru gerðar í trássi við bandamenn þeirra. Sannleikurinn er sá, að Bandaríkjamenn hafa aldrei viljað láta Frakka fá neitt af þeim leyndarmálum, sem mönnum skilst að þurfi til að framleiða þessar helsprengjur. Það hefur ekki verið af háleitum hugsjónum, heldur eingöngu af því, að þeir treysta því ekki, að leyndarmálin leki ekki út hjá Frökkum. Þetta hefur Frökkum þótt vera niðrandi fyrir sig, og er það að vissu leyti. Í þeirri þjóðernisvakningu, sem staðið hefur yfir í Frakklandi til að reyna að endurheimta eitthvað af þeirri fornu frægð, sem hefur hrunið með nýlenduveldi Frakka, hafa þeir gripið til þess að reyna að stækka sig með því að sprengja þessar sprengjur í Sahara. Nú hafa þeir vissulega ekki stækkað sig í augum almenningsálitsins í heiminum. Þeir hafa gert þetta í trássi við bandamenn sína, af því að þeir neituðu að fá þeim í hendur kjarnorkuvopn. Það veit hvert mannsbarn. Þegar þjóð eins og Frakkar byrjar að sprengja og læra stafrófið í hinu flókna kveri kjarnorkunnar, eru þeir að stíga fyrstu skrefin, eins og hv. 1. þm. Austf. benti hér á áðan, og er því vísindalega ekki um neina nýja hluti að ræða. Ég efast ekki um, að þeir njósnarar, sem hafa starfað fyrir Sovétríkin í kjarnorkuverum vesturveldanna síðan stríðinu lauk, hafi fært Sovétríkjunum á silfurbakka 10—20 sinnum, svo að ég nefni einhverjar tölur, meiri og mikilsverðari vitneskju um kjarnorkuframleiðslu heldur en Frakkar hafa lært af sínum sprengjum. Sovétríkin gátu fagnað kjarnorkusprengingum Frakka, af því að þær hafa gert Atlantshafsbandalaginu, Frökkum sjálfum og hinum frjálsa heimi ógagn. En það eru ekki röksemdir, sem hægt er að taka alvarlega, ef á að telja, að þessar tvær eða þrjár sprengjur í Saharaeyðimörkinni séu tilefni til þess að sprengja 24 stórsprengjur, þ. á m. 30—50 megatonna sprengjur.

Þegar litið er á kjarnorkumálin í heild, blasir við, að í síðustu styrjöld framleiddu Bandaríkjamenn kjarnorkusprengjur, og munu hafa gert það í þeirri trú, að um væri að ræða kapphlaup á milli þeirra og þýzkra vísindamanna um það, hvorir yrðu fyrri til. Fylgdi því kapphlaupi og úrslitum þess væntanlega, hvorir mundu sigra í styrjöldinni og ráða heiminum, nazistar eða hinar frjálsu þjóðir. Sprengjurnar voru sprengdar í lok styrjaldarinnar, og menn um allan heim hafa, hvorum megin sem þeir voru í stríðinu, haft mikla samúð með því fólki í Japan, sem varð fyrir þeim, og það er von allra, að það fólk verði ekki aðeins það fyrsta, heldur og það síðasta á þessari jörð, sem lætur lífið fyrir kjarnorkusprengingum.

Mönnum varð þegar ljóst, að hér var um að ræða nýtt ógnarvopn, sem mátti ekki fara með á sama hátt og önnur vopn, sem beitt hafði verið

í átökum þjóða. Þess vegna kom fram þegar í lok stríðsins, 1946, Baruch-áætlunin svonefnda frá Bandaríkjunum, þar sem Bandaríkin buðust til að láta þessa sprengju og allt, sem henni fylgdi, af hendi og að stofnun, sem Sameinuðu þjóðirnar settu upp og stjórnuðu, skyldi taka við öllu saman. Baruch-áætluninni var hafnað, — því miður, getur mannkynið sagt, — en ef við viljum horfa raunhæft á heimspólitík, má segja, að það sé skiljanlegt, að Sovétríkin skyldu ekki fallast á áætlunina, því að leiðtogar Sovétríkjanna sáu vissulega, hvaða átök voru fram undan. Þeir sáu, að til að standast í þeim átökum yrðu þeir líka að hafa kjarnorkusprengju, og því varð ekkert úr þeirri áætlun, að Sameinuðu þjóðirnar tækju við kjarnorkuvopnum og yrðu eini aðilinn í heiminum, sem hefði þau á sinni hendi.

Það er raunar athyglisvert í sambandi við þær fullyrðingar, sem hv. 4. þm. Austf. var með um, að Atlantshafsbandalagið væri árásarbandalag, sem gengist fyrir stórkostlegu vígbúnaðarkapphlaupi, að benda á það tímabil, þegar höfuðríki Atlantshafsbandalagsins höfðu ein allra ríkja kjarnorkuvopn. Kalda stríðið var byrjað, *menn eins og Winston Churchill vissu vel og* á undan mörgum öðrum, hvað var að gerast. Kalda stríðið var byrjað, en þessar þjóðir notuðu ekki sín kjarnorkuvopn. Ef það er rétt, sem kommúnistar segja í tíma og ótíma, að Atlantshafsbandalagið og allt, sem því við kemur, sé samsæri kapítalista, hermangara og annarra slíkra, sem miði að því að ráðast á Sovétríkin og brjóta niður sósíalistískt þjóðskipulag, af hverju slepptu mennirnir þessu tækifæri? Þó hlaut hver maður að vita, að forskotið mundi ekki verða nema nokkurra ára bil. En það tækifæri var ekki notað, og það tækifæri er farið. Það tækifæri fá þeir ekki — og sennilega engin önnur þjóð — nokkurn tíma framar. En þarna er raunar kjarninn í kjarnorkukapphlaupinu. Menn sáu og sjá, hvað getur orðið, ef annar aðilinn hefur augljósa yfirburði. Þess vegna keppast bæði Austur og Vestur við að hafa þessi vopn og sem fullkomnust, til að vera alltaf viss um það, að hinn hafi ekki betur og geti sigrað í trausti þess mismunar. Þetta jafnvægi óttans er óhugnanlegt að hugsa um fyrir friðsama borgara, en þetta er þó höfuðpólitísk staðreynd í því umhverfi, sem okkar kynslóð býr í, hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Ég tók ekki þátt í neinum mótmælum, þegar það var upplýst, að Sovétríkin hefðu fengið kjarnorkusprengjur. Það var raunar ekki mjög mikið um þau mótmæli á vesturlöndum, af því að menn sáu þá heimspólitísku staðreynd, að þau hlytu að fá sprengjurnar líka. Þegar Sovétríkin höfðu fengið þessar sprengjur, var komið á það jafnvægi, sem margir trúðu að gæti orðið til þess, að hvorugur aðilinn snerti nokkru sinni þessi vopn. Úr því að kjarnorkuvopn einu sinni voru komin í þennan heim, virtist mörgum, að e. t. v. væri slíkt jafnvægi óttans bezta vonin um, að þessi vopn yrðu aldrei notuð.

Ég hygg, að ástæðan fyrir því, að stórveldin þrjózkuðust gegn almenningsáliti heimsins við að hætta þessum sprengingum á árunum 1956 og 1957 og fram eftir 1958, hafi verið sú á bak við tjöldin, að þau voru ekki viss um, að aðstaða þeirra væri nægilega góð til að tryggja þetta jafnvægi kjarnorkuvopna eða jafnvægi óttans. Nú lesum við Þjóðviljann, sem framfylgir ekki þeirri stefnu að vera á móti kjarnorkusprengingum alls staðar, nema að mjög takmörkuðu leyti. Þjóðviljinn hefur ekki frá eigin brjósti, að því er ég hef séð, sagt neitt á móti kjarnorkusprengingum Rússa. Hann hefur birt á litt áberandi stað mótmæli frá öðrum, en hann hefur líka birt stóra ramma með afsökunum fyrir Sovétríkin í sambandi við þetta uppátæki. Blaðið segir ekki einu sinni innan um sovétáróðurinn, eins og hv. 4. þm. Austf., að það sé á móti öllum sprengjum. Þjóðviljinn hefur beinlínis sett fram það, sem hann telur vera rök fyrir sprengingum Sovétríkjanna. Þau eru sú tölulega staðreynd, að hingað til hafa Bandaríkjamenn sprengt rúmlega helmingi fleiri kjarnorkusprengjur en Sovétríkin. Í því sambandi er rétt að taka tillit til þeirrar viðurkenndu staðreyndar, að vísindamenn, sem hafa starfað að kjarnorkurannsóknum hjá vesturveldunum, bæði í Bretlandi, Kanada og Bandaríkjunum, en verið kommúnistar að trú og starfi, hafa sem njósnarar flutt Sovétríkjunum svo mikilvægar upplýsingar um þróun þessara tækja, að kunnugir menn hafa látið sér um munn fara, að það hafi flýtt fyrir sprengingum í Sovétríkjunum um fjölda ára. Þegar við tökum tillit til þessa, tel ég, að það hafi verið fullkomlega réttmætt að segja, að það hafi verið eðlilegt jafnvægi á milli kjarnorkuveldanna, þegar þau bæði hættu sprengingunum seint á árinu 1958. Það felst því ekki í þeim tölulega mismun nein réttlæting á því, að Sovétríkin byrji aftur að sprengja. Ef sá tölulegi mismunur væri gild afsökun fyrir því að byrja aftur, hvers vegna drógu Sovétríkin það í 2½ ár?

Það mætti flytja langt mál um ýmis atriði í sambandi við ræðu hv. 4. þm. Austf. Ég vil enn aðeins nefna eitt, plötuna um, að Vestur-Þýzkaland sé undir yfirráðum nazista og undirbúi kjarnorkustríð í austur á nýjan leik. Mér er fullkomlega ljós sú hætta, sem er á endurvakningu nazismans. En ég get ekki tekið undir það, að nazistar ráði Vestur-Þýzkalandi, þó að þeir séu þar sjálfsagt til. Ég hygg, að nákvæm rannsókn mundi sýna, að þeir eru ekki færri og í ekki minni trúnaðarstöðum austan við járntjaldið í Þýzkalandi heldur en vestan. Það er athyglisvert, að einmitt íslenzkir kommúnistar eru búnir að eignast andlegt frændríki þar fyrir austan. Það er sem sagt við háskóla í norðanverðu Austur-Þýzkalandi, háskólann í Greifswald, starfandi svonefnd norræn stofnun, sem viðurkennt er að er áróðursmiðstöð og njósnamiðstöð fyrir kommúnista gagnvart Norðurlöndum. Þetta er viðurkennd staðreynd, og hafa verið birtar upplýsingar um það, hvernig sú starfsemi fer fram og hvernig þræðirnir eru á milli hennar og hinna utanríkispólitísku deilda í kommúnistaflokki Austur-Þýzkalands. Íslenzkir kommúnistar fara oft í pílagrímsferðir á þessar slóðir. Brynjólfur Bjarnason hefur verið þar og átt ýtarlegar viðræður við austur-þýzk yfirvöld um það, hvernig þau vildu taka að sér að þjálfa Íslendinga í kommúnistískum áróðursstörfum. Hann hefur

flutt þar langa fyrirlestra með mjög merkum sögulegum upplýsingum um starf kommúnista fyrr á árum. Ég nefni þetta hér einmitt vegna þess, að yfirmaður þessarar stofnunar er fyrrverandi nazistaforingi á Íslandi, Þjóðverji, og hefur verið skjallega sannað, að hann var agent Hitlers hér á landi. Hann er hinn andlegi faðir yfir þeirri stofnun, sem nú hefur slíka þýðingu fyrir allt starf kommúnista hér á Íslandi og raunar víða um Norðurlönd. Þessir menn ættu ekki að standa hér upp og prédika um völd nazista í Vestur-Þýzkalandi, þeir ættu að líta sér nær í þeim stofnunum, sem þeir sækja til vizku og styrk og hver veit hvað meira.

Hv. 4. þm. Austf. endaði á því, sem jafnan fylgir, þegar kommúnistar tala um utanríkismál, að taka til umræðu það, sem hann kallar herstöð Bandaríkjanna á Íslandi. Ég vil aðeins minna á þá staðreynd, sem þarf ekki að spyrja um hér á Alþingi, að varnarliðið er hér á Íslandi samkvæmt samningum og hefur eingöngu varnarhlutverk, eingöngu rétt til aðgerða, sem eru varnareðlis. Íslenzk yfirvöld hafa aldrei léð máls á því, svo að mér sé kunnugt um, — þó að hæstv. ráðh. geti sjálfsagt gefið fyrir sitt leyti og stjórnarinnar um það upplýsingar, — að hér á landi væri nokkur aðstaða til árása á önnur lönd, nokkur vopn til slíkra aðgerða, þ. á m. auðvitað engin kjarnorkuvopn. Slík aðstaða er ekki á Íslandi og hefur ekki verið leyfð. Við höfum fylgt sömu stefnu og Norðurlöndin, Noregur og Danmörk, að því leyti, að þau leyfa ekki slíka árásaraðstöðu hjá sér heldur.

Þetta vita Sovétríkin mætavel. Ég hef á flugsýningu á Reykjavíkurflugvelli horft á starfsmenn rússneska sendiráðsins taka kvikmyndir af öllum þeim flugvélagerðum, sem eru hér á Íslandi, og þeir vita vel, að engin þessara flugvéla gæti flutt kjarnorkusprengju eða gert slíka árás á Sovétríkin. En einmitt þessi staðreynd, að hér á landi eru ekki meiri hernaðartilburðir en miðlungsvarnir hjá sambærilegum þjóðum, en engin árásaraðstaða, — einmitt þessar staðreyndir kollvarpa öllum hótunum kommúnista árum saman um það, að hér séu skotmörk fyrir kjarnorkuvopn. Það má tala um, að eldflaugastöðvarnar í Englandi séu skotvopn fyrir kjarnorkusprengjur, af því að þar eru kjarnorkusprengjur, sem miðað er sjálfsagt austur yfir meginlandið. En það er ekkert slíkt hér á Íslandi, og þar af leiðandi eru allar hótanir, sem við erum búin að hlusta á árum saman, allar þær teikningar, sem við höfum séð í áróðurspésum kommúnista, þar sem þeir setja niður kjarnorkusprengjur á ýmsa hluta Íslands og teikna svo dökkt helský yfir Reykjavík, — þetta er allt vísvitandi áróður, sem miðar eingöngu að því að hræða Íslendinga frá þeirri utanríkisstefnu, sem yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar styður og hefur samþykkt við kosningar eftir kosningar. Hér er nákvæmlega sama baráttuaðferðin notuð: að reyna að hræða með kjarnorkuvopnum eins og Krústjoff reynir með þeim sprengingum, sem koma í lok 22. þings kommúnistaflokksins, til að reyna að hræða í fyrsta lagi aðra kommúnista til hlýðni við hina rússnesku, og þá ekki síst kínversku kommúnistana, og í öðru lagi til þess að reyna að hræða allt mannkyn til ótta við Sovétríkin, til þess að reyna að fá menn eins og okkur til að beygja okkur og segja: Jú, það er bezt að halda langan nefndarfund, það er bezt að taka upp strokleðrið og þurrka Sovétríkin út úr tillögunni, það er bezt að gera hana þannig, að hv. 4. þm. Austf., aðalagent alþjóðakommúnismans á Íslandi nú orðið, geti sætt sig við hana. Það yrði víst gagn að því fyrir heimsfriðinn.

Komið hefur í ljós, að þessar rússnesku sprengingar eru í fyrsta lagi brot á kjarnorkusprengingahléi, sem allt mannkyn gerði sér miklar vonir um, eru í öðru lagi svo nærri Íslandi, að þær hljóta að varða okkur sérstaklega, og í þriðja lagi byggjast á svo stórum sprengjum, að ekkert, sem áður hefur verið gert, jafnast á við þær. Þessir viðburðir eru eðlilegt tilefni til þess, að Alþingi Íslendinga láti í ljós í fyrsta lagi mótmæli sín gegn þessum sprengingum, mótmæli þeim og skori á Sovétríkin að halda ekki áfram á þessari braut, lýsa síðan þeirri höfuðskoðun að skora á öll kjarnorkuveldi heims að gera hið fyrsta samkomulag um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn og öruggt eftirlit með því. Ég legg áherzlu á síðustu orðin: öruggt eftirlit, því að ég veit vel, að ef við settumst á nefndarfund og tækjum upp strokleðrið, mundi því verða komið að, hvort það væri nokkur þörf að tala um þetta eftirlit. Sovétríkin hafa nefnilega aldrei viljað fallast á eftirlit með kjarnorkubanni, sem til nokkurs væri nýtt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi leyfa mér að taka undir þau orð, sem hér voru mælt af formanni þingflokks Alþb., hv. 4. þm. Austf. (LJós), um afstöðu okkar almennt í þessum málum. Svo vil ég leyfa mér að átelja þá framkomu, sem hér er höfð við framlagningu þessarar till. af tveim flm. hennar.

Hinn fyrri gerir það að sinni till., að þetta mál fari ekki í nefnd, að málið verði afgreitt í dag nefndarlaust. Það hefur ekki sérstaklega oft komið fyrir hér á Alþingi, að slíkar tillögur hafi verið gerðar. Upphaflega, þegar Atlantshafsbandalagið var rætt, var meiningin að afgreiða þetta svona, en varð ekki, þótt lítill væri sá nefndarfundur, og það þykir hér í þingsölunum bera vott um, að þeir, sem flytja slíkar tillögur og vilja ekki fá þær í nefnd, vilji frekar beita valdi en rökum. Ég veit ósköp vel og heyri það á þeim, sem með Atlantshafsbandalaginu standa, að þeir virðast mjög tilleiðanlegir til þess að beita valdi hér á Alþingi og brjóta þingreglur, og þeir hafa gert það fyrr. En ég veit ekki, hvort það er heppilegasti hátturinn, þegar verið er að ræða önnur eins alvörumál og kjarnorkumálin í heiminum núna, að koma fyrst og fremst fram sem valdbeitendur. Ég held, að það sé einmitt sú valdstefna, sem uppi er í veröldinni, það að útkljá hlutina með valdi, sýna, hvor sé sterkari, sem heiminum stafi hvað mest hætta af, vegna þess, hvílík vopn það eru, hvílík ógnatæki það eru, sem að vísu líka gætu verið til góðs, eins og kjarnorkan, sem mannkynið ræður nú yfir. Ég held því, að þeir, sem segjast vilja fara að flytja þann góða boðskap, mennirnir eigi að reyna að koma sér saman, eigi ekki að byrja með því

sjálfir að beita valdi, þótt í smáu sé. Að vísu höfum við orðið varir við þessa tilhneigingu í ríkari mæli hér á Íslandi, ekki síst nú í sumar og alveg sérstaklega nú í byrjun ágúst, að vægðarlaus valdbeiting ríkisvalds sé hið eina heppilega. Það er verið að sýna það, þótt í smáum stíl sé, hvernig sá hugsunarháttur eitrar afstöðuna á milli mannanna og veldur því, að menn berjast og menn hætta að skilja hverjir aðra, og leiðir yfir þjóðirnar ógnir og alls konar ill örlög.

Ég álít, að mál eins og þetta eigi að fara í nefnd, eins og slík mál hafa farið hér áður. Og ef það er ekki meiningin, þá vakir eitthvað annað fyrir hv. flm. en það, sem ég hélt þó að hlyti að vera meiningin, þegar rætt er um svona mál, að reyna að beita áhrifum Alþingis Íslendinga til þess að stöðva kjarnorkusprengingar, koma í veg fyrir kjarnorkustríð og knýja fram allsherjarafvopnun. Ég hélt, að það væri ekki meiningin. Þó heyrðist mér það á því, sem hv. 5. þm. Vesturl. mælti hér áðan, og ég hélt, að það væri ekki meiningin fyrst og fremst að sprengja hér pólitískar púðurkerlingar, eins og hann var að gera, heldur að reyna að ræða hér mál af alvöru. Og þegar verið er að hafa fögur orð í framsöguræðu um það, að menn vilji, að menn reyni að sameinast um slík mál, þá stingur það nokkuð í stúf við það, sem brauzt út hjá hv. 5. þm. Vesturl., og gefur satt að segja tilefni til að fara að ræða allmarga hluti, þegar hann er búinn að koma inn á alla þá hluti, sem hann kom inn á.

Það hefur ekki vantað hjá þeim mönnum, sem hér hafa talað fyrir þessari till., allþung orð. Sprengingarnar á kjarnorkusprengjum eru náttúrlega orðnar glæpsamlegar, þegar það eru Sovétríkin, sem gera þær, þótt þær hafi ekki verið það alltaf. Það er farið að túlka það, sem gerzt hefur undanfarið, sögulega gersamlega rangt. Það er svo farið af hálfu sumra, eins og hv. 1. þm. Austf., að bæta því inn í, að Rússar, þessir vondu Rússar, séu nú að nota Frakka sem skálkaskjól, þeir hafi framið hvers konar lævísi og þeir séu líklega að ógna frjálsum þjóðum heims, til þess að þær beygi sig. Ég held, að það sé ekki út frá svona forsendum, sem við eigum að ræða þessi mál. Vilji menn, eins og hv. 5. þm. Vesturl. fór að ræða hér áðan, fara að ræða um ýmislegt ástand í Þýzkalandi, bæði að austan og vestan, þá er það vissulega hægt. En ég vil átelja það, að þm. hér í þessum ræðustól skuli leyfa sér að vera að sverta menn, sem vinna þó starf fyrir íslenzka menningu, eins og suður í Greifswald í Austur-Þýskalandi, og ég álít til skammar fyrir hv. 5. þm. Vesturl. að vera að rógbera hér prófessor Bruno Kress í sambandi við þessi mál, titla hann hér sem nazistaforingja, — mann, sem var rekinn úr nazistaflokknum hér, þótt hann yrði að vera í honum eins og flestir aðrir Þjóðverjar, sem hér voru þá, og reyna að spinna upp alls konar historíur, sem hann hefur verið með í sínu blaði um áróðursmiðstöð þar syðra, sem við eigum að hafa sérstakt samband við. Hann veit, að þetta eru allt saman lygar. Það er sjálfsagt af honum að bera fram svona lygar í Alþýðublaðinu, það er slíkt lygablað, að það er ekki til annars. Það dettur engum manni í hug nokkurn tíma að svara neinu, sem þar stendur. En það er allhart, að einmitt þeir menn, sem eru þó að reyna að vinna að því að reisa við virðingu og áhuga fyrir íslenzkri tungu og íslenzkum bókmenntum í Þýzkalandi, skuli einmitt fá þessa hluti framan í sig héðan. Það eru gefin út rit í háskólanum í Greifswald, það er alveg rétt. Það hafa líka verið gefin út sérstök rit þar í sambandi við Eystrasaltsvikuna. Í síðasta heftinu, mjög þykku og stóru hefti, þar sem eru alls konar bókmenntalegar rannsóknir og málslegar rannsóknir viðvíkjandi sögu Íslands og sögu Norðurlanda og annað slíkt, er m. a. alveg sérstaklega vel og vinsamlega skrifuð grein um Háskóla Íslands, þegar hann var 50 ára. Þótt Greifswald hafi á sínum tíma verið miðstöð nazista og einhverjir Íslendingar kannske haft samband við hana þá, skal ekki 5. þm. Vesturl. halda, að hann geti umsnúið svona hlutum. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði þar komið minni ræðu, að ég hafði beint nokkrum orðum til hv. 5. þm. Vesturl. út af óviðurkvæmilegum orðum og rógi, sem hann hafði hér í frammi áðan og mér fannst alveg nægilegt að kæmi í hans blaði, frekar illa þokkaða blaði, en hann þyrfti ekki að vera að endurtaka hér á Alþingi, þar sem aðstaða er þó til þess að reka það ofan í hann. Satt að segja er það svo, að í Þýzkalandi og þá jafnt í Austur- sem Vestur-Þýzkalandi hefur íslenzk menning og íslenzkar bókmenntir og íslenzk tunga ekki átt sérstaklega auðvelt uppdráttar eftir styrjöldina, m. a. vegna þess, hvernig nazistar höfðu á ýmsan hátt reynt að misnota okkar bókmenntir í sambandi við sínar kynstofnskenningar, þannig að við megum þvert á móti vera hverjum þeim þýzkum vísindamanni þakklát, sem vinnur að því að reyna aftur að fara að kenna íslenzka tungu og útbreiða íslenzka tungu og íslenzkar bókmenntir, hvort sem það er í Austur- eða Vestur-Þýzkalandi. Og Bruno Kress hefur unnið ágætlega að þeim hlutum, hann og prófessor Bättke, sem lengi hefur verið íslenzkukennari í Leipzig og kom hér heim fyrir nokkrum árum og var fagnað hér vel. Og það er ákaflega hart til þess að vita, að þeir menn, sem eru að vinna gott verk fyrir íslenzkan málstað úti í löndum og fyrir okkar menningu, skuli vera svívirtir hér heima, en tekur þó fyrst í hnúkana, þegar hér á Alþingi er farið að bera fram slíkan róg eins og hv. 5. þm. Vesturl. bar nú fram. Hinu þarf ekki að svara, hve fjarri og vitlaust það er, sem hann heldur fram viðvíkjandi áróðursmiðstöðvum og öðru þar syðra. Hitt er svo ekkert undarlegt, þó að greinar, bæði eftir mig, eins og einu sinni var verið að vitna í í Alþýðublaðinu og slá mjög mikið upp, og aðra menn komi í þýzkum blöðum. Það er ekkert undarlegt, og hef ég satt að segja sjaldan séð hlægilegri meðferð á hlutunum en þá, sem þessi hv. þm. hefur reynt að hafa í frammi í sambandi við að snúa út úr slíkum greinum. En ég skal ekki gera það að lengra umtalsefni hér, heldur sagði ég þetta aðeins til þess, að það stæði ekki ómótmælt, heldur væri rekinn ofan í hann sá rógur, sem hann hafði hér í frammi.

Svo spurði hv. 5. þm. Vesturl., hvernig í ósköpunum hefði staðið á því, meðan Ameríkumenn

hefðu haft einir sprengjurnar, — það sannaði, að það væri ekki mikill árásarkrafturinn í þeirra bandalögum, — að þeir hefðu ekki lagt til stríðs við Sovétríkin á árinu 1951 eða þar í kring. Er hv. þm. búinn að gleyma svo gersamlega, eða hefur öll veraldarsagan snúizt svo í hausnum á honum, að hann muni nú ekki lengur? Man hann ekki einu sinni eftir Kóreustyrjöldinni? Man hann ekki einu sinni eftir því, að Ameríkumenn stóðu í stríði þar við Norður-Kóreu og síðan við Kínverja? Þá byrjaði Suður-Kórea að undirlagi Dulles, og svo framarlega sem hv. 5. þm. Vesturl. vill fara að rökræða það, þá er það velkomið. Þar byrjaði Suður-Kórea, rétt eftir að Dulles var búinn að athuga þar vel allar aðstæður og sjá til þess, að nægileg hergögn og annað slíkt væri þangað komið, til þess að leppar þeirra í Suður-Kóreu gætu haldið af stað. Og kannske hv. þm. sé líka búinn að gleyma því, að þessi styrjöld, sem Suður-Kórea og fasistaforingjarnir þar hófu, var þá básúnuð út í heiminum sem varnarstyrjöld vesalings lýðræðisins í Suður-Kóreu, sem hefði orðið fyrir árásum af heimskommúnismanum, og ég man ekki, hve hjartnæm lýsingarorð voru notuð til þess að sýna fram á, hve dásamlegt lýðræði hefði verið í Suður-Kóreu og hve heimskommúnisminn væri nú vondur að ráðast á þetta ágæta land. Og hvað eru svo þessir sömu herrar, eins og hann, eins og hv. 5. þm. Vesturl., að segja nokkru seinna? Að mennirnir, sem hefðu stjórnað í Suður-Kóreu, væru með verstu fasistaföntum heimsins, árásarseggir og glæpamenn, sem fólkið seinna meir bylti þar frá völdum og Ameríkumenn reyndu að þvo hendur sínar af. Nei, vissulega, þessi leppbandalög Ameríkumanna og leppríki þeirra reyndu á þessum tíma svo sem, hvað þau gætu. Þau reyndu sig þarna í Kóreustyrjöldinni og fóru á rassinn á endanum, og þeim hefur líklega ekki litizt sérstaklega efnilegt að fara að leggja í stærri slag út af því. Og þurftu ekki einu sinni Sovétríkin að grípa þar inn í. Ég man ekki betur en kínverski herinn, þó að hann hafi þá verið svo að segja nýkominn úr 30 ára borgarastyrjöld, hafi aðstoðað Kóreumenn við það að reka Ameríkumennina til baka.

Hann heldur kannske, hv. 5. þm. Vesturl., að önnur stórveldi Atlantshafsbandalagsins en Bandaríkin hafi ekki sýnt sig í neinum slíkum aðförum þennan tíma og hafi bara stundað friðsamlega iðju. Er hann t. d. búinn að gleyma hernaði Frakka í Víet-Nam, 7 ára stríðinu, 7 ára nýlendustríði, með svívirðilegustu stríðum, sem háð hafa verið, vegna aðferðanna, sem notaðar voru í því, áður en blóðbaðið í sambandi við Alsír byrjaði? Er þessi hv. þm. búinn að gleyma, hvað gerzt hefur á þessum tíma, eða er hann bara svona, eins og hann vilji ekki sjá það? Hafði ekki Frakkland nóg að gera með 7 ára stríði í Víet-Nam að reyna að berja niður þá þjóð, sem vildi þar reyna að afla sér frelsis og brjóta af sér nýlendufjötrana? Ætli þeir hafi verið færir um að gera miklu meira, svo að Bandaríkin hefði kannske langað til þess að siga þeim út í styrjöld í Evrópu? Sýnist ekki þessum hv. þm., að Frakkar hafi ekki aðeins farið á rassinn í Víet-Nam og orðið að gefast upp, heldur hafi átt fullt í fangi með að standa síðan í stríðinu í Alsír? Eru þeir ekki búnir að standa nú önnur 7 ár í styrjöld þar, án þess að geta einu sinni barið niður frelsishreyfingu þeirrar þjóðar? Hafa ekki þessir forverðir frelsisins, eins og hann kallar þá stundum, Atlantshafsbandalagið, — hafa þeir ekki verið að styðja Frakka allan þennan tíma í Alsír? Hefur ekki verið barizt með NATO-vopnum þar? Og ætli Frakkar hafi verið aflögufærir til þess að fara í styrjöld í Evrópu á meðan?

Ég vil segja þessum hv. þm. það, að þó að hann geti í Alþýðublaðinu logið eins og hann vill og hafi e. t. v. einhverja menn þar til þess að trúa sér, þá þýðir ekkert fyrir hann að koma upp hér á Alþingi og ætla að fara að tala eins og hann talar í Alþýðublaðinu. Hann fer að tala um, að Sovétríkin hafi rofið eitthvert hlé. Að svo miklu leyti sem hlé var, þá voru það Sovétríkin, sem hófu það einhliða. En hverjir rufu það hlé? Voru það ekki Frakkar? Heldur hv. 5. þm. Vesturl., að hann þurfi að segja okkur nokkurn skapaðan hlut um, hvað þar hafi verið að gerast í sambandi við þær sprengingar? Ég býst við, að hann sé ekki svo blindur á þróunina í Evrópu, sem nú fer fram, bæði á sviði iðnaðarins og hertækninnar, að hann sjái ekki, hvað þar er að gerast, að hann sjái ekki það, að Vestur-Þýzkaland, sem nú hefur á þessum 10 árum farið fram úr bæði Englandi og Frakklandi hvað iðnaðarframleiðslu snertir, farið stórum fram úr þeim, er orðið voldugasta iðnaðarlandið í Vestur-Evrópu, — að þetta Vestur-Þýzkaland vill reyna að gera sínar kjarnorkutilraunir. Eins og mönnum þurfi nokkuð að blandast hugur um það, hvernig stendur á því, að Frakkar fóru að gera þessar tilraunir, — eins og menn viti ekki, að þýzku efnahringarnir, þýzka auðvaldið standi á bak við þá og aðstoði þá í því.

Við getum hugsað hvað sem við viljum um Þjóðverja, en við vitum, að þeir eru með fremstu vísindamönnum heims, ekki síst á sviðum efnafræðinnar, og að jafnvel sumir þeirra vísindamanna á sviði efnafræðinnar reyndust það drengilega, að þeir létu það vera á Hitlerstímunum að halda áfram vísindalegum tilraunum með þau vopn, sem hefðu getað leitt til uppgötvunar kjarnorkunnar fyrir þýzka nazismann. En við skulum þess vegna gera okkur alveg ljóst, að þegar vestur-þýzka herveldið er að reisa sig á ný, vill það með öllum sínum efnaiðnaði fá aðstöðu til þess að geta tekið þátt í þessu kapphlaupi stórveldanna. Bandaríkin og Bretland hafa af mjög eðlilegum ástæðum verið hrædd við að veita þeim það. Þau hafa þess vegna verið að gera sínar eigin tilraunir, og sambandið á milli Vestur-Þýzkalands og Frakklands er orðið svo náið, að þær tilraunir eru gerðar beinlínis til þess að flýta fyrir kjarnorkuhervæðingu þýzka hersins. Þetta eru hvort tveggja Atlantshafsbandalagsríki, sem hann og raunar Ísland eru í svona ákaflega ástsamlegu sambandi við. Við skulum ekki reyna að vera að breiða neitt yfir þetta.

Hv. þm. fór að tala hér um hershöfðingja Hitlers. Þeir eru ekki bara í Vestur-Þýzkalandi

nú með fremstu mönnum. Ég veit ekki betur en sjálft Atlanshafsbandalagið hafi kosið sér sem einn af sínum höfuðleiðtogum einn af kunnustu herforingjum Hitlers, Speidel, einn af þeim mönnum, sem strax frá því á árunum milli 1930 og 1940 stóðu í því að myrða fremstu friðarboða í Evrópu þá, eins og franska utanríkisráðherrann, þannig að svo framarlega sem hv. 5. þm. Vesturl. vill fara að rekja Evrópusöguna á þessum tíma, þá erum við reiðubúnir til þess. Við erum alveg reiðubúnir til þess að ræða við hann. Og ég skal ekki fyrir mitt leyti láta neitt eftir liggja í þeim efnum, ef hann kærir sig um að fara út í það. Hins vegar, þegar við erum að ræða önnur eins mál og kjarnorkuvandamál heimsins nú, þá skelfingu, sem vofir yfir öllu mannkyninu með áframhaldandi þróun þessara voðalegu kjarnorkuvopna, þegar menn hins vegar sjá fram á, hvílíkar allsnægtir væri hægt að skapa mönnunum, svo framarlega sem þeir fengju í friði að nota það óskapaafl, sem þarna er hægt að leysa úr læðingi, til friðsamlegrar framleiðslu, þá skulum við þess vegna heldur halda okkur að því, hvað raunverulega er að gerast í heiminum í þessum efnum, heldur en nota þetta aðeins í okkar karp hér heima um pólitík, eins og hv. 5. þm. Vesturl. svo greinilega vildi reyna að gera. Og ég vil einmitt út frá því ræða þetta mál nokkuð, þó að ég um leið neyðist til að koma inn á að gefnu tilefni ýmislegt af því, sem hér hefur verið haldið fram.

Þessi saga byrjaði með því, að Bandaríkin vörpuðu kjarnorkusprengjum á Hiroshima og Nagasaki. Og upp undir það eins margir menn og hér búa á Íslandi voru drepnir í einu með þeim sprengjum, og þeir, sem urðu fyrir geislununni frá þeim sprengjum, búa að því enn þá, og enn er að deyja fólk, sem tærzt hefur upp allan þennan tíma af afleiðingum þeirra sprengna. Það hefur oft verið sagt, að kjarnorkusprengingarnar í Hiroshima og Nagasaki hafi raunverulega ekki verið endalok annarrar heimsstyrjaldarinnar, heldur byrjun þeirrar þriðju. Því hefur oft verið haldið fram af herforingjum eða herfræðingum, að Bandaríkin hafi varpað þessum sprengjum ekki fyrst og fremst til þess að brjóta Japani á bak aftur, heldur til þess að hræða Sovétríkin, það hafi verið byrjun hins kalda og byrjun jafnvel hins þriðja stríðs. Menn óttuðust undireins, hvert væri stefnt, ef svona ægileg vopn ættu að verða notuð í viðureigninni á milli manna. Illar hafa styrjaldir þótt fram að þessu hjá mannkyninu, en meðan barizt var þó með sverðum eða byssum, þá lá þó aldrei við, að mannkyninu yrði útrýmt eða óbornum kynslóðum yrði að blæða fyrir þau stríð, sem háð hefðu verið. En menn sáu fram á, um leið og Bandaríkin tóku þetta vopn í sína þjónustu í lok annarrar heimsstyrjaldarinnar, að nú mundi vera sá eldur laus, sem erfitt yrði að slökkva. Það var þess vegna þá uppi mikill áhugi hjá mörgu fólki fyrir því að reyna að knýja fram breytingar í þessum efnum, tryggja á einhvern hátt, að þessi beiting kjarnorkuvopna og þessar tilraunir með kjarnorkuvopn yrðu stöðvaðar. Það var m. a. þá farið fram á það að safna undirskriftum um allan heim undir ávarp, sem kennt var við Stokkhólm og hljóðaði eitthvað á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

Vér heimtum skilyrðislaust bann við kjarnorkuvopnum, vopnum til að skelfa og myrða friðsaman almenning. Vér krefjumst þess, að komið sé á ströngu alþjóðlegu eftirliti til tryggingar því, að þessu banni verði framfylgt. Vér álítum, að hver sú ríkisstjórn, sem beitir kjarnorkuvopnum, gegn hvaða þjóð sem er, fremji afbrot gegn mannkyninu og geri sig seka um stríðsglæp. Vér heitum á alla góðviljaða menn hvarvetna um heim að undirrita þetta ávarp.

Þetta var Stokkhólmsávarpið svokallaða. Ég veit ekki, hvort þeim mönnum, sem leggja þessa till. fram hér nú, finnst þetta ávarp voðalegt eða hvort þeim finnst það bara eðlileg, mannleg viðbrögð að semja svona ávarp og reyna að fá menn til þess að skrifa undir það. En muna menn nokkuð, hvað var sagt og hvað var skrifað og hvað var gert, þegar reynt var að fá menn hér á Íslandi, hér í Reykjavík m. a., til þess að undirrita þetta ávarp? Það var sagt af hálfu Morgunblaðsins og ýmissa fleiri, að hér væru á ferðinni óskapleg vélabrögð, hér væri á ferðinni lævís og lymskuleg aðferð heimskommúnismans til þess að svipta hinar frjálsu þjóðir því vopni, sem þær hefðu. Það var leystur úr læðingi hamslaus áróður, sérstaklega hér í Reykjavík, þar sem menn voru varaðir við að skrifa undir þetta. Og það var ekki nóg með það. Það var komið af stað svo að segja andlegri ógnarherferð til þess að hræða menn frá því að skrifa undir. Ef ég man rétt, var það í þessu sambandi, sem núv. biskup landsins var brennimerktur í Morgunblaðinu með orðunum „hinn smurði Moskvaagent," til þess að sýna fyrirlitningu þess blaðs á því, hvílíkir menn það væru, sem vildu heimta bann gegn kjarnorkuvopnum. Svona gekk áróðurinn. Svona var hamazt allan þennan tíma. Var þetta þá kannske vegna þess, að engin hætta væri á, að svona vopn yrðu notuð? Á árinu 1953 var t. d. mikið um þetta rætt, eftir þá miklu vetnissprengingu Ameríkananna á Kyrrahafinu, og fóru fram allmiklar umr. um þetta. New York Times sagði 18. marz 1953 frá því, sem farið hefði á milli Eisenhowers forseta og Dulles, hvað þeir hefðu talað og látið í ljós um þessi mál. Og þar kom m. a. fram, að Eisenhower forseti hefði í þingræðu 17. marz lýst því yfir, að hann mundi ekki hika við að taka sér sjálfdæmi um, hvað telja bæri árásarógnun við Bandaríkin, og hefja atómstyrjöld umsvifalaust, ef því væri að skipta, og síðan stóð orðrétt í New York Times:

„Forsetinn kvaðst mundu forðast dæmi fortíðarinnar, svo sem Normandíinnrásarinnar í Evrópu haustið 1944, og beita nýjustu vopnum og aðferðum atómaldarinnar.

Hvern þann forseta, sem léti undir höfuð leggjast að grípa til vopna andspænis tortímingunni, þann forseta væri of vægt að draga fyrir landsdóm og setja hann af embætti, hann ætti skilið að hengjast, sagði Eisenhower af tilfinningu. Ef svo færi, að hann gerði einhliða ákvarðanir á þjóðhættustund, mundi hann kalla saman þing eftir á, svo fljótt sem unnt yrði, til þess að veita stríðsaðgerðunum stuðning. Hann tók samt fram, að ef tíminn leyfði, mundi hann

telja æskilegra, að árásarógnunin væri rædd af þinginu, áður en hann hæfist handa.“

Þetta voru orð úr New York Times. M. ö. o.: þáv. forseti Bandaríkjanna var reiðubúinn að beita kjarnorkuvopnum í stríði þá. Ég held, að viðbrögðin, sem nú hafa komið fram, sýni nokkuð áþreifanlega, að afstaða ýmissa manna fer nokkuð mikið eftir því, hverjir það eru, sem á vopnunum halda. Eins og hv. 4. þm. Austf. skýrði hér frá áðan, höfðum við komið hér fram, þáv. þingmenn Sósfl., með till. 1953, áskorun um að framkvæma ekki fleiri tilraunir með vetnissprengjur og taka upp samninga um bann gegn framleiðslu kjarnorkuvopna. Og þessi till. okkar þótti af meiri hluta Alþingis þá ekki rétt — og af hverju? Hún þótti ekki rétt vegna þess, að það mundi ekki vera nóg að skora á stórveldin í veröldinni að hætta við kjarnorkuvopnin og beita þeim ekki, heldur mundi óhjákvæmilega þurfa að afvopna heiminn. Það stóð þá í nál. meiri hl. utanrmn. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Meiri hlutinn telur, að raunhæfasta leiðin til þess að bægja frá heiminum hinum geigvænlegu vítisvopnum nútímans, hverju nafni sem þau nefnast, þar með talin kjarnorkuvopn og vetnissprengjur, sé allsherjarafvopnun undir alþjóðlegu eftirliti.“

Og sú tillaga, sem meiri hl. lagði fram, var síðan samþ. hér einróma og hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta, — það var 13. apríl 1954:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skora á Sameinuðu þjóðirnar að beita sér af alefli fyrir allsherjarafvopnun, sem tryggð verði með raunhæfu, alþjóðlegu eftirliti, enda er það öruggasta ráðið til þess að koma í veg fyrir framleiðslu og notkun kjarnorkuvopna og vetnissprengjunnar í hernaði, en tilraunir Bandaríkjanna og Sovétríkjanna með þau vopn hafa sýnt, að í þeim felst geigvænleg og yfirvofandi hætta fyrir mannkynið og framtíð þess, ef ekki tekst með alþjóðlegum samtökum að hindra, að ný heimsstyrjöld brjótist út.“

Þetta var samþykkt Alþingis um þessi mál, mjög merkileg samþykkt og söguleg. Og þó að ég hefði sjálfur verið með í að flytja öðruvísi till. í upphafi og hún yrði að víkja fyrir þessari, þá verð ég þó að segja, að sumu leyti held ég, að maður megi segja: því miður, að þessi samþykkt Alþingis hafi reynzt rétt, að heimspólitíkin hafi síðan sýnt það. Þó að ég hefði álitið það ákaflega æskilegt, að það væri hægt að greina kjarnorkuvopnin þarna frá, eins og við vildum gera í okkar tillögu, sósíalistar, þá virðist heimspólitíkin síðar hafa sýnt það. Meiri hluti Alþingis og Alþingi Íslands samþykkti síðan einróma þessa tillögu.

Við virðumst nú standa frammi fyrir því, að í staðinn fyrir að aðgreina þessi tvenn vopn, eins og við sósíalistar gerðum þarna tilraun til og ég álít að hefði verið ákaflega heppilegt, að hægt hefði verið að gera, þá virðist þróunin í heiminum hafa orðið sú, að hin voldugustu ríki heims, sem með þessi mál fara, líti svo á, að þeim hafi verið nauðsyn að þróa síðan einmitt þessi ógnarvopn. Og á þeim sjö árum, sem liðin eru, síðan Alþingi gerði þessa samþykkt, hefur þessari tækni fleygt svo óhugnanlega fram, að skelfingu hlýtur að setja að hverjum manni, sem hugsar um það í alvöru.

Það, sem gerzt hefur sérstaklega á síðustu fimm árum í þessu sambandi, er, að þróun eldflauganna hefur orðið með þeim hætti, að þar hafa komið til greina svo að segja alveg nýjar hættur, sem menn varla sáu þá. Það er farið að framleiða nú eldflaugar, sem er ekki aðeins hægt að skjóta heimsálfanna á milli, heldur eldflaugar, sem hægt er að skjóta út í himingeiminn, til tunglsins og lengra, og þróun þessara eldflauga til þess að bera jafnvel vetnissprengjur virðist vera eitt af því óhugnanlega, sem gerzt hefur á þessum árum. Við heyrum jafnvel um, að það, sem kjarnorkustórveldin nú leggi sérstaklega upp úr, sé að reyna að gera vetnissprengjurnar, sem þau framleiða, sem léttastar til þess að geta látið eldflaugarnar bera þær, losna við þann mikla þunga, sem hingað til hafi verið óhjákvæmilegur og aðeins öflugustu flugvélar hefðu getað borið. Og við heyrum, að Bandaríkin og Sovétríkin, hvort um sig, eigi jafnvel nú þegar sprengjur af öllum þessum gerðum, sem mundu nægja til að tortíma öllu mannkyninu, þannig að fyrir okkur, smáþjóðir og smáa í veröldinni yfirleitt, virðist ekkert á það bætandi, hve hættulegt ástandið er orðið hjá mannkyninu. Við sjáum á þessum sama tíma, að þessi kjarnorkustórveldi hafa setið að samningum um langt skeið og að þessir samningar, þó að þeim sé e. t. v. ekki öllum formlega slitið, þá hafi þeir ekki borið árangur. Um það, hvorum sé að kenna, er náttúrlega hægt að deila endalaust, og það er vafalaust hægt fyrir menn, eftir því með hvorum aðilanum þeir annars hafa meiri samúð í pólitísku tilliti, að færa fram öll möguleg rök og gagnrök til þess að dæma um þá hluti. Þar heldur einn þessu fram og annar hinu, og við höfum a. m. k. ekki enn þá verið kallaðir til þess að útkljá þá hluti.

En á meðan þessu hefur farið fram, hefur annað gerzt í heiminum. Látum nú vera, það er út af fyrir sig stórfellt og þýðingarmikið og í þessu tilfelli ógnþrungið, hvernig þeir samningar hafa verið háðir og ekki tekizt, það felur í sér sínar ógnir, — en á meðan menn hafa setið þarna að samningaborði, hafa gerzt aðrir hlutir, þróunin í pólitíkinni í heiminum. Og við skulum muna það, að það er gamalt orðtak, að stríðin séu áframhald diplomatíunnar eða pólitíkurinnar með öðrum aðferðum. Og sú höfuðbreyting, sem orðið hefur í Evrópu á síðustu fimm árum, er þróun Vestur-Þýzkalands til að vera voldugasta iðnaðarríki hinnar kapitalistísku Evrópu. Ég verð að minna menn á það, þá sem samþykktu það hér á árunum að taka Vestur-Þýzkaland inn í Atlantshafsbandalagið, að það var þá gert á móti ósk, sem lá fyrir frá verkalýðshreyfingunni þýzku um að taka Vestur-Þýzkaland ekki inn, vegna þess að það mundi þýða þróun á ný á öllu því gamla auðvaldi og hervaldi, sem í Þýzkalandi hefur þróazt, það sem af er þessari öld. Það, sem gerzt hefur, er það, að Vestur-Þýzkaland er nú búið að ná sínum forna iðnaðarmætti. Vestur-Þýzkaland, sem hafði, ef ég man rétt, fyrir 10 eða 11 árum ekki helminginn

af iðnaðarframleiðslu Frakklands eða Englands, það hefur nú af hlutfallsframleiðslu þess kapítalistíska heims 10%, þegar England hefur 7 og Frakkland 7. Vestur-Þýzkaland er á ný orðið voldugasta og sterkasta stóriðjuveldi hinnar kapítalistísku Evrópu. Samfara því hefur það gerzt, að Vestur-Þýzkaland hefur verið vopnað og gamli hernaðarandinn vakinn þar að nýju. Hershöfðingjar Hitlers stjórna nú á ný Vestur-Þýzkalandi, og ég vil minna á í því sambandi, þó að okkur verði tíðrætt um Hitler í því sambandi, að það vald, sem hleypti af stað tveim heimsstyrjöldum, 1914, 1939, hvað Þýzkaland snertir, það var ekki annaðhvort endilega persónan Vilhjálmur keisari eða Adolf Hitler, það var fyrst og fremst sjálft vestur-þýzka auðvaldið, stóriðjuvaldið í Ruhr, það vald, sem framleiðir og hefur framleitt í þeirri kapítalistísku Evrópu voldugustu hertæki af öllum þeim, sem þar hafa verið. Krupp er að nýju orðinn eigandi sinna gömlu verksmiðja, — maðurinn, sem dæmdur var fyrir stríðsglæpi í stríðslokin. Hann er nú einn ríkasti maður veraldarinnar, á nú að nýju öll þau tæki, sem hann og hans fjölskylda áður hafði notað til að hleypa tveim heimsstyrjöldum af stað. Og í Vestur-Þýzkalandi gerir auðvaldið, sem þar ræður nú, landakröfur, — það gerir kröfur til gerbreytingar á landamærum Evrópu. Vestur-þýzka auðvaldið og þess ríkisstj. neitar að viðurkenna þau landamæri, sem í Evrópu eru og slegið var föstum í lok heimsstyrjaldarinnar. Vestur-þýzka auðvaldið neitar að viðurkenna í fyrsta lagi Austur-Þýzkaland, neitar að viðurkenna þau landamæri um Oder-Neisserlínuna, sem aðskilja Þýzkaland og Pólland, neitar að viðurkenna þau landamæri, sem eru á milli Tékkóslóvakíu og Þýzkalands.

M. ö. o.: það atriði, sem oft og tíðum a. m. k. hleypir styrjöldum af stað, að ein stjórn og eitt ríki álítur sig eiga part af öðru ríki og ætlar ekki að una við annað en fá það, — sú staðreynd liggur nú fyrir í Vestur-Þýzkalandi. Forustumenn Vestur-Þýzkalands, ríkisstj. Vestur-Þýzkalands og vestur-þýzka auðvaldið neita að viðurkenna þau landamæri, sem sett voru af hinum Sameinuðu þjóðum, af bandamönnum, þegar þýzki herinn gafst upp skilyrðislaust í stríðslok. Hvað þýðir þetta? Það þýðir, að það vofir nú yfir á ný, að vestur-þýzkt auðvald hefji stríð til að breyta landamærum Evrópu. Er þetta eitthvað, sem talað er út í bláinn hjá mér og þar sem ég er að gera þessum mönnum getsakir? Nei, Strauss, landvarnaráðherra Vestur-Þýzkalands, landvarnaráðherrann í Bonn, hélt ræðu í febrúar 1961, fyrir rúmu hálfu ári, þar sem hann sagði í fyrsta lagi, að annarri heimsstyrjöldinni væri ekki lokið enn þá. Það er að vísu kannske hægt að segja, að það sé formlega rétt hjá honum. Fyrst er þó þar við að athuga, að Þjóðverjar hafa gefizt upp í þeirri heimsstyrjöld. Það er ekki búið að gera við þá formlegan friðarsamning, en þeir hafa gefizt skilyrðislaust upp. Það kann að vera, þegar þeir nú með aðstoð Bandaríkjanna hafa vopnað sig á ný, að þeir afturkalli þá skilyrðislausu uppgjöf, og það virðist vera það, sem vakir fyrir Strauss í þessari yfirlýsingu. Hann segir, að annarri heimsstyrjöldinni sé ekki lokið. Í öðru lagi segir Strauss, landvarnaráðherra Vestur-Þýzkalands: Vestur-þýzka stjórnin viðurkennir ekki landamæri austur-þýzka alþýðulýðveldisins og Póllands, Oder-Neisserlandamærin. M. ö. o.: vestur-þýzka ríkisstjórnin, Strauss landvarnaráðherra hennar, gerir landakröfur af hálfu sinnar stjórnar. Í þriðja lagi segir hann, að Vestur-Þýzkaland viðurkenni ekki landamæri Þýzkalands og Tékkóslóvakíu, m. ö. o., að vestur-þýzka stjórnin geri landakröfur á hendur Tékkóslóvakíu. Og í fjórða lagi segir Strauss, landvarnaráðherra Bonn-stjórnarinnar, að Bonnstjórnin muni hafa kjarnorkuvopn 1962. Þetta er yfirlýsing frá hálfu landvarnaráðherra Vestur-Þýzkalands. Ef hv. 5. þm. Vesturl., sem virðist sérstaklega bera vestur-þýzku stjórnina fyrir brjósti og líta með björtum augum til þeirra, sem þar stjórna nú, kynnti sér dálitið þau bréf, sem koma nú til ýmissa stofnana hér í höfuðborginni frá Vestur-Þýzkalandi, þá sér hann kannske fylgja þeim kort, landakort af Evrópu, þar sem stendur á hvað snertir Austur-Þýzkaland og þau héruð af núverandi Póllandi, sem áður höfðu verið lögð undir Þýzkaland, og part af núverandi Tékkóslóvakíu, að þessi lönd séu til bráðabirgða hersetin af — svo kemur, hvaða aðilar það eru. M. ö. o.: áróður Vestur-Þýskalands fyrir því, að stórir hlutar úr Mið-Evrópu séu hersetnir af andstæðingum þess og það viðurkenni ekki þessa hersetningu, heldur hugsi sér með tíma að frelsa þessi lönd undan þeirri hersetningu, þetta liggur nú þegar fyrir í áróðri frá opinberum þýzkum stofnunum, sem senda hann m. a. til bankanna hér á Íslandi.

Nú vil ég spyrja hv. þingmenn, ekki sízt þá, sem standa að þessari till. og sækja nú með miklu offorsi að fá hana fram, — nú vil ég spyrja þá: Ætlast þeir til þess, að Sovétríkin bíði og sitji róleg, þangað til Vestur-Þjóðverjar eru búnir að fá kjarnorkuvopn? Ég spyr þá. Ég spyr þá vegna þess, að þó að sumir þeirra séu farnir að gleyma nokkuð mörgu, þá muna þeir ef til vill eftir því, að það var háð heimsstyrjöld fyrir nokkru og að í þeirri heimsstyrjöld réðust Þjóðverjar á Sovétríkin og Sovétríkin þoldu í þeirri heimsstyrjöld líklega ægilegri þjáningar, meira mannfall og meiri skelfingar en nokkur þjóð hefur þolað í nokkurri styrjöld. Yfir 20 millj. manna misstu lífið. Hryllingsverk voru framkvæmd. Ég man eftir því, þegar Rauði herinn var tekinn að sækja á, hafði unnið sigurinn við Stalingrad og var kominn til Kiev, kom að gjánum við Kiev, þar sem Þjóðverjar höfðu drepið svo að skipti tugum þúsunda manna, sem skotnir höfðu verið af bökkum þessarar gjár og látnir falla niður í hana, svo að gjárnar voru fylltar með líkum, — ég man eftir því, þegar sagt var frá þessu, þá kom það í Alþýðublaðinu, svona væru nú hryllingssögurnar, sem verið væri að ljúga upp í stríðinu, og menn skyldu ekki taka þetta alvarlega. Skelfingunum, sem Sovétþjóðirnar höfðu orðið að þola, vildu menn þá ekki trúa. Menn trúðu ekki þessu, fyrr en ameríski herinn kom að Belsen. Þá vissu menn, og eins seinna meir, þegar þeir sáu Auswitsch, hvað það var, sem hafði gerzt.

Það fór þingmannasendinefnd héðan til Sovét-

ríkjanna fyrir nokkrum árum, — ég býst við, að hún hafi komið m. a. til Leningrad. Hún hefur máske fengið dálitla hugmynd um þær þjáningar, sem sú borg varð að þola þau þrjú ár, sem hún var umsetin, þegar yfir 1½ millj. manna og mikið af því börn dó úr hungri og öðrum skorti, auk þeirra, sem féllu fyrir byssunum. Hver sá maður, sem setur sig inn í það, sem Sovétríkin urðu að þola í þeirri styrjöld, mun skilja, að Sovétríkin ætla sér ekki að horfa á það aðgerðalaust, að Þýzkaland verði vígbúið á ný til árása á sig, að hershöfðingjar Hitlers fái aftur í hendur ekki aðeins þá risavöxnu hergagnaframleiðsluvél, sem í Ruhr-héraðinu er, eina voldugustu í Evrópu, heldur líka kjarnorkuvopnin. Það liggja nú þegar fyrir upplýsingar um áætlanir og fyrirætlanir þýzkra herforingja í Vestur-Þýzkalandi um innrás í Austur-Þýzkaland og Tékkóslóvakíu. Hvað hefðu verið kallaðar á Hitlerstímum hugmyndir um slíkt skyndistríð? Það er áætlað sem þáttur í einni leifturárás að umkringja Berlín og stilla sósíalistísku ríkjunum frammi fyrir þeirri fullgerðu staðreynd, að það væri búið svo að segja á einum eða tveim dögum að taka þessi lönd, sem Strauss, landvarnaráðherra Vestur-Þýzkalands, var að gera kröfur til. Það, sem Sovétríkin segjast hafa viljað gera mönnum ljóst, — og það er bezt, fyrst á annað borð er verið að ræða hér um þeirra afstöðu og fara frekar ómildum orðum af þeim, sem hér hafa talað, sumum, um þeirra afstöðu, — það, sem Sovétríkin segjast hafa viljað gera mönnum ljóst, það er, að stríð, sem nú yrði háð, yrði óhjákvæmilega kjarnorkustríð. M. ö. o.: það sama, sem Alþingi sló föstu 1954, að það, sem yrði að gera, það væri ekki bara að banna kjarnorkuvopn, heldur að afvopnast, semja um afvopnun, — það er þetta, sem hefur verið að gerast á þessum síðustu árum. Við stöndum þess vegna frammi fyrir þeirri ægilegu staðreynd, hvort heldur okkur líkar hún eða ekki, — og ég ætla ekki neinum það hér inni, að honum líki sú staðreynd, — að í Vestur-Þýzkalandi eru menn við völd, sem heimta lönd, sem aðrir hafa, segjast ætla að taka þessi lönd. Þeir eru búnir að gera ráðstafanir og undirbúning til þess að geta með leifturárás tekið þessi lönd. Og hins vegar standa Sovétríkin og segja: Ykkur verður að vera það ljóst, að ef þið hefjið stríð til að taka þessi lönd, þá verður það stríð kjarnorkustríð. — Við getum deilt eins og við viljum um þetta. Við getum haft samúð með hverjum sem við viljum í þessum efnum, höfum vafalaust mismunandi samúð, en þetta er sú harða, kalda, óhugnanlega staðreynd, sem við stöndum frammi fyrir.

Svo hafa Sovétríkin hafið tilraunir með kjarnorkuvopn. Hv. 1. þm. Austf. vildi leggja það svo út, að þau væru að ógna með því frjálsum þjóðum. Ég hef ekki skilið þær tilraunir svo. Ég hef skilið það svo, hvort sem menn eru samþykkir slíkum tilraunum eða ekki, að tilgangur þeirra, Sovétríkjanna, sem þessar tilraunir gera, væri sá að segja valdhöfum Vestur-Þýzkalands: Þið skuluð ekki leggja í það ævintýri, sem leifturstríð af ykkar hálfu er, í þeirri trú, að það kosti ekki kjarnorkustyrjöld. — Ég skil þetta svona. Það er mjög harðvítugt svar, en það er svar, sem e. t. v. verður okkur skiljanlegt, þegar sú þjóð, sem segir það, hugsar til þeirra 20 millj. manna, sem létu lífið af þeirri þjóð í síðasta stríði vegna árásar Þjóðverja. Og þeir gera tilraunir og þessar tilraunir eitra andrúmsloftið. Við skulum ekkert draga úr því. Og við höfum hér talað um, að það eitrar andrúmsloftið hér hjá okkur líka, eins og allar aðrar slíkar tilraunir hafa gert. Og ég vil segja, þegar við tölum um þessar tilraunir, þá eitra þessar tilraunir líka andrúmsloftið í Sovétríkjunum. Þegar við tölum um þessar og aðrar tilraunir og hvað geislavirkt ryk getur þýtt fyrir komandi kynslóðir, vitum við, að þessar tilraunir ógna líka börnunum í Sovétríkjunum, fæddum og ófæddum. Og þegar við tölum um, að okkar fiskistofn kunni að vera í einhverri hættu, — það getur vel verið rétt, þó að mér sýnist nú jafnvel, að sum blöðin hér snúi Golfstraumnum yfir í Norður-Íshafsstraumsinn, þegar þau eru að birta fréttirnar um þetta, — þá liggur mér þó við að spyrja, þegar neðansjávarsprengjur eru sprengdar við Novaja Semlja: Eitrar það ekki fiskistofninn hjá þeim líka, hjá þjóð, sem meira að segja nú virðist vera að setja sér að verða einhver mesta fiskveiðiþjóð heims?

Við skulum gera okkur alveg ljóst, að þessir óskaplegu hlutir, þessar tilraunir með kjarnorkuvopn, það eru tilraunir, sem bitna jafnt á sovétþjóðunum og hverjum öðrum. Þetta eru tilraunir, allar saman, sem gerðar hafa verið frá upphafi, þótt ægilegastar hafi verið þær, sem gerðar voru á lifandi mönnum, — þetta eru tilraunir, sem eru svo ógnþrungnar, að ég ætla það ekki neinum, ekki heldur forustumönnum Sovétríkjanna, og ég held vart, að þeir andstæðingar, sem sovétstjórnin á hér, mundu heldur ætla þá slíka menn, að þeir gerðu slíkar tilraunir, án þess að þeir væru alvarlega hræddir við eitthvað, sem er miklu verra. Ég held, að við megum ekki í þessum efnum hugsa of skammt. Ég held, að við séum að færast nær og nær barmi kjarnorkustyrjaldar og að við eigum að horfast í augu við það með allri þeirri alvöru, sem því fylgir. Þegar mennirnir eru farnir að beita öflum eins og þessum kjarnorkuöflum, sem þeir hafa leyst úr læðingi, þegar tortryggnin á milli þeirra er eins óskapleg og hún er í veröldinni núna, þegar tilhneigingarnar til þess að nota hvern einasta hlut, hve alvarlegur sem hann er, ýmist í smápólitísku áróðursstríði, eins og mér virðist eftir þeim ræðum, sem voru haldnar hér áðan, vera tilgangurinn með þessari till., eða hins vegar í hinum óskaplegu valdaátökum milli hinna voldugustu í heiminum, — ég held, að við verðum að gera okkur það ljóst, að þegar slíkt er orðið kapphlaupið, slík er orðin keppnin, slík orðin trúin á valdið og það sé það eitt, sem dugi í veröldinni, þá held ég, að við ættum að horfast í augu við þessar hættur af fullu raunsæi. Ég mundi í sporum þeirra manna, sem nú hafa borið fram þessa till. og fylgt henni úr garði á þann máta, sem þeir hafa gert, ef þeir ætla stjórnendum Sovétríkjanna það, sem þeir virðast þar ætla þeim, — ég mundi í þeirra sporum fara að spyrja: Hver er okkar aðstaða hér á Íslandi í kjarnorkustyrjöld? Hér hefur verið talað um þær hættur, sem af því stafa, að kjarnorkutilraunir

séu gerðar, og ég dreg ekkert úr þeim hættum. Ég hef aldrei gert það og mun ekki heldur gera það nú. En hvað segja menn þá um það, ef við eigum eftir að lenda í kjarnorkustyrjöld, vegna þess að ekki hafi tekizt að koma á þeim skilningi og þeim velvilja á milli þeirra ráðandi afla í heiminum, að þau gætu samið um, hvernig mannkynið hagnýti aðra eins uppsprettu allsnægta og kjarnorkan getur orðið, þegar hún er hagnýtt fyllilega?

Kjarnorkutilraunir hafa fyrir okkur eins og aðrar þjóðir heims illar afleiðingar. En þessir sömu menn, sem nú tala sumir hverjir hjartnæmt, sumir nokkuð *gáleysislega* um áhrif kjarnorkutilrauna, hvaða hlutverk hafa þeir ætlað Íslandi í kjarnorkustríði? Einmitt þessir sömu menn hafa staðið að því að gera Ísland að herstöð. Og við vitum það ósköp vel, við erum það vankunnandi, Íslendingar, í öllu, sem heitir hertækni, að við vitum ekkert um, hvenær þeir menn, sem hér hafa herstöðina, Bandaríkjamenn, kynnu að *setja hér upp kjarnorkuvopn og beita þeim*, og réðum heldur ekkert við það. M. ö. o.: við getum, ef sú ófugþróun, sem hefur verið að gerast í heiminum, ekki er stöðvuð, staðið frammi fyrir því að vera orðnir aðilar að slíkri kjarnorkustyrjöld. Og hér er fólk, þó að það sé ekki fjölmennt, 170—180 þúsund manns, sem þessir menn, sem hér hafa völdin, hafa ábyrgð á, þess lífi og *þess tilveru, ef til slíkrar styrjaldar kemur*.

Það hefur verið talað um þátttöku Íslands í NATO eins og einhvern sjálfsagðan hlut til þess að styðja vestræna samvinnu og annað slíkt. Ég hef oft sagt það hér í umr. um þau mál og skal segja það einu sinni enn: Mér finnst ekki, að við hér á Íslandi, sízt við, sem höfum verið kosnir til þess að stjórna þessari þjóð, höfum sem fulltrúar þjóðarinnar, hvernig sem okkar samúð annars kann að liggja í veröldinni, efni á því að hugsa um annað í sambandi við stríð og styrjaldarhættur en hvernig íslenzk þjóð gæti lifað af slíka styrjöld, það sé nóg verkefni fyrir hvern þann, sem þessari þjóð á að stjórna, — hverjir sem það yrðu, sem sigruðu í slíku stríði, hverja samúð, sem við hefðum með einum eða öðrum aðilum í því stríði, þá væri það fyrst og fremst okkar skylda að reyna að sjá til þess, að íslenzk þjóð gæti lifað af. Það gerum við ekki með því að koma hér upp herstöðvum, draga landið inn í styrjöld og gera það að skotmarki.

Þess vegna held ég, að það hefði átt að taka þessa hluti miklu alvarlegar en hér er gert. Ég veit, að það er hægur leikur fyrir okkur að kýta hér, rífast, vera með áróður, taka upp staðreyndirnar, sem hvor aðilinn um sig heldur fram, rökin, sem hvor aðilinn um sig heldur fram, og rífast um það endalaust hér. Ég hef aldrei hugsað mér, að það ætti að vera hlutverk íslenzku þjóðarinnar. Ég hef litið svo á, að okkar þjóð væri, ef maður má nota svo hátíðlegt orð, sérstaklega til þess kölluð, frekar öllum öðrum þjóðum heims, að bera sáttarorð á milli þjóða og það líka stórþjóða og stórvelda. Við erum eina þjóðin í veröldinni, sem sjálf hefur ekki átt vopn í fjórar aldir, eina þjóðin í veröldinni, sem aldrei hefur háð stríð. Og við erum svo veikir, við erum svo smáir, að þar sem stóru þjóðirnar mundu skammast sín fyrir veikleika og eru svo viðkvæmar fyrir því að láta ekki finna neinn veikleikavott á sér, að þær jafnvel eiga til að þramma fram á yztu þröm styrjaldar þess vegna, þá þurfum við aldrei að skammast okkar fyrir að vera *veikir*. Við *getum* talað *eins og barnið*, sem biður þá stóru um að hlífa sér, þegar þeir eru að slást og sparka sín á milli. Mér finnst þess vegna alltaf, að Íslandi og íslenzkri þjóð hafi fyrst og fremst borið það hlutverk að reyna að skapa skilning á milli stórveldanna í heiminum. Kannske kann einhverjum að finnast, að fyrst við séum svona smáir, væri það einhver ofurmennska af okkur að ætla okkur slíkt. En ég held, að við þurfum ekki að bera neinn kinnroða fyrir slíkt. Við erum með stærstu þjóðum heims sem menningarþjóð. Við getum þolað samjöfnuð við hverja aðra þjóð veraldar og eigum þess vegna að geta talað í nafni þeirrar heimsmenningar, sem er í hættu, svo framarlega sem við förum að tala við stórþjóðirnar með fullri reisn *einnar menningarþjóðar*, en út frá barnslegri afstöðu þess smáa í heiminum. Og ég hef oftar en einu sinni og sá flokkur, sem ég tilheyri, gert tilraunir til þess, að Ísland taki slíka afstöðu.

Það kemur máske ekki þessu máli við, en það er þó skylt því, að menn álasa þeim stórveldum, sem við eigast í veröldinni, þegar þau koma sér *ekki saman, og einn segir máske*, að þessi hérna hafi verið svo óbilgjarn, og annar segir, að hinn hafi verið það, og það má deila um það endalaust. En við Íslendingar höfum máske líka aðstöðu til þess að sýna þjóðum veraldarinnar, hvernig menn fari að því að koma sér saman. Ég hef oftar en einu sinni minnzt á það, að Ísland gæti verið fyrirmyndarland fyrir allar þjóðir heims í slíku efni. Við gætum hér heima sýnt, að hér væri þjóð, þar sem menn gætu komið sér saman um að leysa deilumálin, þar sem menn gætu skapað frið á grundvelli réttlætis, og ég hef oftar en einu sinni lagt til, að íslenzka þjóðin reyndi að gera slíkt, að það, sem kallað væri úti í heiminum kommúnistar og kapítalistar, atvinnurekendur og verkamenn, bændur og menntamenn, þeir aðilar, sem hjá einni þjóð búa, gætu sýnt það, að þeir gætu lifað saman í friði á grundvelli réttlætis. Ég álít, að við Íslendingar hefðum haft betri aðstöðu en flestar aðrar þjóðir heims til þess að skapa slíkt þjóðfélag hérna. Þó að við höfum oft barizt og barizt allhart, þó að okkar stéttabarátta, okkar flokkabarátta hafi verið allharðvítug, þá höfum við fram að þessu verið gæfumenn í einu tilliti. Það hefur aldrei flotið blóð í þeirri baráttu, sem hér hefur verið háð. Það hefur enginn maður látið lífið, þótt tekizt hafi verið oft á á undanförnum áratugum hér heima. Mér sýnist, að nú, með þeirri stefnu, sem upp var tekin sérstaklega í sumar, stefni nú allt á ógæfuhliðina, það sé greinilegt, að nú eigi að stefna að því, að hér skuli það vera valdið, sem ræður. Það er ekki skirrzt við að brjóta raunverulega stjórnarskrána með þeim harðvítugu einræðisaðgerðum, sem hér var beitt í ágúst í sumar. M. ö. o.: mér sýnist, að í staðinn fyrir þróun í átt til friðar stöndum við nú frammi fyrir þróun í átt til harðvítugra og hættulegri

átaka en við höfum nokkurn tíma lifað hér áður. Við skulum muna það, að ef við getum ekki komið okkur saman í svona litlu landi um, hvernig eigi að stjórna og hvað réttlátt sé, þá ferst okkur a. m. k. ekki að ætla að gera upp á milli þeirra, sem eru að eigast við úti í veröldinni. En ef við gætum komið okkur saman hér heima, ef við gætum reist hér þjóðfélag, sem íslenzka þjóðin öll stæði að, þjóðfélag á grundvelli réttlætis, þar sem friður virkilega ríkti, þá gætum við kannske líka farið að tala með nokkrum myndugleika út á við til þeirra stóru þjóða í heiminum. Ef við hins vegar leggjum inn á þá braut hér, að valdinu skuli fylgt, ríkisvaldið skuli gert kúgunarvald, þá sér enginn okkar fyrir, hvar það endar, og þá skulum við ekki heldur vera of vissir. Það eru kannske enn óvægnari aðilar en við hér heima, sem eigast við í veröldinni, og hvar taka þau enda, þau átök, sem nú fara þar fram? Þess vegna fannst mér það óhugnanlegt í byrjun þessarar umr., þegar flm. lögðu það til, að þetta skyldi allt samþykkt nú í dag, það skyldi ekki vera verið að hugsa um neina samninga, neitt samkomulag, neinar umræður, neina nefnd eða neitt slíkt, það skyldu öll þingsköp brotin — eða ekki beint brotin, heldur gengið fram hjá öllum þingvenjum. Þeir um það, sem slíkt vilja framkvæma og þannig standa að því, sem hefði átt að vera alvarleg lausn í málinu.

Ég hef reynt með því, sem ég hef sagt, að leggja nokkur drög að því, hvernig ég álít að ætti að reyna að taka þátt í því að leysa þessi mál, sem ég lít ákaflega alvarlegum augum. Ég býst ekki við að leggja fram neinar till. í þessum efnum, það virðist vera lítill tími til þess. Það virðist vaka annað fyrir en að ræða raunverulega þessi mál. Ég get sagt mínar hugsanir, það, sem mér dytti í hug um, hvernig ég mundi hafa viljað haga þessu, og gæti líka formað það nánar. Ég mun ekki að sinni gera þetta að meira umtalsefni. En mér finnst farið í þeirri till., sem fyrir liggur, gáleysislega og af litilli forsjá, en því meiri og harðvítugri pólitískri afstöðu, um þau ægilegu vandamál, sem við stöndum frammi fyrir.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil taka undir þær óskir hv. 3. þm. Reykv. (EOl), að aldrei verði valdi eða afli beitt til þess að leysa deilumál á Íslandi. Ég vil óska þess, að hér megi lög og réttur ráða. Því meiri áherzla er leggjandi á þetta, þar sem fram hafa komið hótanir um það, að einmitt í hinum vandasömustu málum skuli afli verða beitt. Enginn þm. getur frekar afstýrt þeirri ógæfu en hv. 3. þm. Reykv., og vil ég eindregið mega treysta því, að hann hafi ekki hér mælt innantóm orð, heldur fylgi hugur máli og sannist það í hans verkum og þeirra, sem hann hefur úrslitaráð yfir.

Hv. þm. talaði svo sem það væri eitthvað óvenjulegt og ef ekki beint í bága við þingsköp, þá á svig við þau, ef þetta mál væri afgr. nefndarlaust. Hann hefur sjálfur minnt á till., er hann flutti á árinu 1954 og var til umr. í Sþ. hinn 12. apríl það ár. Um þá till. sagði hann í sinni framsöguræðu, með leyfi hæstv. forseta: „Ég vildi mega óska, að það væri hægt að hafa samkomulag um það, að við afgreiðum þessa till. án þess, að hún færi til nefndar. Við vitum, að þótt t. d. utanrmn. eða einhver önnur slík nefnd tæki þessa till. til meðferðar, þá gætu varla orðið á því breytingar frá því, sem er, a. m. k. eins og lagt er til að hún sé orðuð á þskj. 719, ef menn á annað borð vildu eitthvað samþykkja í þessum efnum, og það álít ég að væri ákaflega vel farið og raunverulega ekki annað sæmandi fyrir okkur.“ Þetta sagði hv. þm. þá, og þetta á ekki síður við nú. Þá var málið að vísu sett í nefnd, en jafnframt tryggt, að það þyrfti ekki að tefja afgreiðslu málsins, og beinlínis yfir lýst, enda játar hv. þm. nú, að till. meiri hluta n. hafi verið betri og lýst meiri framsýni en kom fram í hans eigin upphaflegu till.

Það, sem nú liggur fyrir, er ákaflega einfalt mál. Vilja menn mótmæla þessum sprengingum, sem átt hafa sér stað og að því er hv. 4. þm. Austf. gerði ráð fyrir að enn mundu eiga sér stað, á meðan tími er til, eða vilja menn láta þessi ógnartíðindi hjá líða án þess, að Alþingi Íslendinga láti uppi sinn vilja í málinu?

Það varð ekki skilið annað af orðum hv. 4. þm. Austf. en hann gerði ráð fyrir, að eftir væri sjálf hin eiginlega helsprengja, að sprengingin mikla á mánudaginn var væri einungis upphaf eða lítil byrjun þess, sem menn eigi von á, samkvæmt yfirlýsingum Krústjoffs, fyrir mánaðarlokin. Þess vegna er það ljóst, að ef Alþingi á að láta málið til sín taka, þá er nú einmitt tækifæri til þess, tækifæri, sem má ekki láta hjá líða, og till. er svo einföld og öllum augljós, að ástæðulaust er að vefja málið fyrir sér eða blanda því inn í aðrar umr. Svarið við till. hlýtur annaðhvort að vera já eða nei. Annaðhvort eru menn samþykkir því, að þessar sprengingar hafi verið gerðar og skuli halda áfram, eða ekki. Annaðhvort óska menn eftir, að samkomulag komist á um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn og öflugt eftirlit með því, eða ekki. Þetta eru einfaldar spurningar, sem menn hljóta nú þegar að hafa gert sér grein fyrir, hvernig svara eigi, þeir sem á annað borð vilja svara. Við höfum heyrt það áður, að hv. 4. þm. Austf. vill ekki svara þessum spurningum. Það er eðlilegt, að hann vilji tefja og vefja málið. En þingheimur vill yfirleitt svara spurningunum og svara þeim afdráttarlaust.

Þá vil ég mjög mótmæla því, sem hér hefur komið fram, — ég heyrði það fyrst hjá 1. þm. Austf. og síðan aftur hjá 3. þm. Reykv., að þeir töluðu á þann veg, sem það væri rússneska þjóðin, sem bæri ábyrgð á þeim sprengingum, sem þarna hafa átt sér stað. Því fer fjarri, að svo sé. Það er sovétstjórnin, sem stendur fyrir þessu og hefur haldið sprengingunum lengst af leyndum fyrir sinni eigin þjóð, og enn er meira að segja með öllu óvíst, hvort rússneska þjóðin hefur fengið vitneskju um, hvers eðlis sprengingin s. l. mánudag var. En þannig vill til, að nú stendur yfir fundur austur í Moskvu, sem vafalaust gæti haft úrslitaáhrif um það, hvort þessu tilræði við mannkynið verður haldið áfram eða ekki. Það er 22. flokksþing kommúnistaflokksins, og samkvæmt því, sem skýrt hefur verið frá, þá

eru þar staddir tveir fulltrúar flokks þeirra hv. 4. þm. Austf. og 3. þm. Reykv. Ef þeir fá vitneskju um einhuga samþykkt Alþingis til að mótmæla þeim óhæfuverkum, sem framin hafa verið, þá fá þeir einstakt tækifæri til þess að gerast á þessu mikla þingi málsvarar sinnar þjóðar, taka þar upp mótmæli Alþingis og láta rödd Íslands heyrast á þeim vettvangi, þar sem saman eru komnir þeir menn, sem öllu ráða um örlög rússnesku þjóðarinnar. Það væri drengskaparbragð, sem lengi mundi verða eftir munað, ef þessir tveir fulltrúar frá Íslandi gengju á þann veg erinda sinnar eigin þjóðar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er vissulega stórmál, sem hér er til umr., og því finnst mér, að það sé engin ástæða til þess, hvorki af hæstv. forsrh. né öðrum, að tala um á þessu stigi máls, að gerðar séu hér tilraunir til þess að vefja mál og tefja, þó að nokkurra klukkustunda umr. fari fram um það. Enn þá er a. m. k. algerlega ástæðulaust að vera með slík brígzl. Hér hafa engar tilraunir farið fram í þá átt að vefja þetta mál eða tefja.

Í framsögu fyrra flm. í dag kom það fram, að hann teldi þetta mál þannig vaxið, að ástæðulaust væri að láta það sæta þeirri venjulegu þinglegu meðferð stórmála, að því væri að lokinni umr. vísað til nefndar til nánari íhugunar og athugunar þar, eins og eðlilegt er. Mér kom þetta undarlega fyrir sjónir. Ég gat ekki fallizt á það og get það ekki enn, að þetta mál sé svo lítilsvert, að það eigi ekki erindi til n. til athugunar. Ég get ekki heldur séð, að þær ógnir, sem vofa yfir heiminum í dag vegna kjarnorkustyrjaldarnættu, séu slíkt augnabliksfyrirbæri, að neins sé misst, þótt Alþingi gefi sér tóm til að athuga málið og flaustra ekki af afgreiðslu þess. Ekki get ég fundið, að það séu rök fyrir því, að málið skuli ekki fara til n. Ég hefði talið á allan hátt bezt viðeigandi, að þetta mál hefði sætt í hvívetna þinglegri meðferð og að Alþ. hefði gefið sér eðlilegt tóm, án alls dráttar, til þess að afgr. það með virðulegum hætti. Ég vil því leyfa mér að fara fram á það við hv. flm., að þeir fallist á, að málið verði athugað í n., og sé ég ekki annað en það hljóti að vera hægt að afgr. málið að nefndarathugun lokinni á morgun. Það má vel vera, að við þessari ósk verði ekki orðið, en hún er eðlileg, hún er réttmæt, hún er þingleg.

Hæstv. forsrh. vék að því áðan, að fyrir Alþ. hefði legið till. árið 1953 eða 1954, þar sem var skorað á Bandaríki Norður-Ameríku að hætta kjarnorkutilraunum, sem það kjarnorkuveldi var þá að framkvæma. Hæstv. ráðherra upplýsti, að þá hefði verið á það fallizt að láta till. fara til n., og það þýðir, að einmitt Sjálfstfl. hefur þá staðið að þeirri meðferð málsins. Tel ég þetta styðja að því, að hann ætti enn að hafa þá hina sömu afstöðu og ekki nú öndverða afstöðu við það. Nú er sams konar mál hér á dagskrá. Eini munurinn er, að nú er um að ræða kjarnorkusprengingar, sem Sovétríkin eru að framkvæma. Þá var um að ræða kjarnorkusprengingar, sem Bandaríki Norður-Ameríku voru að framkvæma. En það á vissulega ekki að valda gerólíkri meðferð á málinu á Alþingi. Hvers vegna á þá að hraða málinu? Jú, hæstv. forsrh. sagði, að því lægi á, því að landsfundur Krjústjoffs væri ekki enn þá búinn. Hann er svo lengi að því, hann Krjústjoff, að halda sinn landsfund. Hæstv. forsrh. er löngu búinn með sinn, til hans verður því ekki skotið neinum tilmælum héðan af. En það er hægt að koma þessum tilmælum frá Alþingi Íslendinga á landsfund Krústjoffs, og hæstv. ráðh. gerir sér miklar vonir um það, að ef afgreiðsla Alþingis sé eindregin og einróma í málinu, þá sé ekki alveg vonlaust um, að það ráði afgreiðslu málsins þar austur frá. Þetta fundust mér vera þau rök, sem hæstv. ráðh. kom upp í ræðustólinn áðan til þess að flytja. En mér finnst þau ekki veigamikil í alvarlegu máli og áreiðanlega meira flutt af gamansemi hæstv. forsrh. heldur en af hinu, að hann telji þetta vera þungamiðju málsins og þess vegna verði að hraða því og láta það ganga fram hjá n. og nefndarathugun.

Menn hafa verið að víkja að því nokkuð hér í dag að rekja sögu kjarnorkusprenginga, og það gera flm. líka í grg. sinnar till. Þar víkja þeir að því, að Bandaríkin, Stóra-Bretland og Sovétríkin hafi hafið slíkar tilraunir með kjarnorkusprengingar og hafi fengið fordæmingu almenningsálitsins í heiminum fyrir, svo hafi verið komið hlé á, þar til Sovétríkin nú rufu þessa samstöðu og hófu á ný kjarnorkusprengingar. Af hverju munaði flm. um að hoppa þarna yfir Frakkland? Úr því að þeir fóru að rekja sögu, af hverju voru þeir að sýna þá hlutdrægni að nefna ekki Frakkland, sem varð fyrst til að rjúfa það hlé, sem orðið var á um kjarnorkusprengingar? Það er ekki góðs viti. Þar er mér úlfs von, sem ég eyrun sé. Slík hlutdrægni er eins og fangamark, hún er eins og eyrnamark á till. Úr því að menn eru að rekja þessa sögu, sem ég álít ekkert aðalatriði í dag, hvi er þá ekki staldrað við það, að Bandaríki Norður-Ameríku eru það veldi í veröldinni, sem hóf kjarnorkusprengingar og drap hundruð þúsunda, ef ekki milljónir manna? Sá veldur þó miklu, sem upphafinu veldur, eða svo hefur löngum verið sagt á Íslandi. Nei, það er ekki minnzt á það. Hins vegar kom það fram í ræðu hjá einhverjum ræðumanni í dag, að þannig stæðu nú sakir, að Bandaríki Norður-Ameríku mundu hafa sprengt um það bil helmingi fleiri helsprengjur en Sovétríkin. Það kemur ekki heldur fram í grg. till., og er það þó allathyglisverð söguleg staðreynd. En eins og ég sagði, þetta er ekki aðalatriðið, hversu nákvæmlega menn rekja þessa sögu. En illa fer á því, þegar Alþingi tekur svona alvarlegt stórmál fyrir, að áberandi hlutdrægni sé beitt í sögulegri túlkun till. eða með fskj., sem með henni er. Á þetta vildi ég benda, þó að ég telji það ekkert aðalatriði, vegna þeirra viðhorfa, sem Alþingi hlýtur að taka út af þeim atburðum, sem hafa verið að gerast undanfarnar vikur. En skemmd er það á till. og vekur grun um, að allt sé ekki af heilindum um flutning hennar.

Frá mínu sjónarmiði er það svo, að þeir ræðumenn, sem fordæma kjarnorkusprengingar sem glæp gagnvart mannkyninu, eiga ekki að hafa á milli tannanna eitt stórveldið öðrum fremur.

Þeir eiga að hendla Bandaríki Norður-Ameríku, Stóra-Bretland, Frakkland og Sovétríkin í einni bendu við þessa glæpastarfsemi gegn mannkyninu og hika ekki við. Þá fyrst þora þeir af óhlutdrægni að ræða um þessi mál. En það hefur ekki verið gert hér í dag sem skyldi. Ég finn enga afsökun fyrir því, að þessi glæpastarfsemi gegn mannkyninu var hafin, né heldur fyrir því, að eftir að hún hafði verið stöðvuð, skuli hún vera tekin upp á ný. Hins vegar eru það mannlegt, að menn þreytist, þegar menn t. d. eru, eins og einhver nefndi hér í dag, búnir að sitja 338 fundi til þess að fjalla um bann gegn kjarnorkusprengingum og um allsherjarafvopnun í veröldinni og ekkert gengur eða rekur, eingöngu fögur orð á báða bóga, en engin alvara um að leysa málið. Þá gera samningamenn það stundum að gera sig reiða og slá í borðið og vita, hvort ekki er með því móti hægt að fá andstæðinginn við samningaborðið til þess að taka með meiri alvöru á viðfangsefninu. En fullharkalegt er það og ábyrgðarlítið að reka hnefann í borðið á þann hátt að hefja slíkan leik sem kjarnorkusprengingar, sem vissulega er enginn leikur. Hafi þær verið hugsaðar þannig, þá tel ég jafnvel eftir 338 funda þóf, eins og einhver sögufróður hefur sagt í dag, að það sé engan veginn réttlætanlegt.

En nú vil ég víkja að því: til hvers tekur Alþingi Íslendinga slíkt mál eins og þetta til umræðu? Hvers vegna er það tekið hér fyrir? Er það til þess, að það verði augljóst heiminum, að Alþingi Íslendinga og íslenzka þjóðin dragi sig sjálf í dilk með annarri hvorri fylkingu stórveldanna, sem mannkyninu stafar hætta af? Á tilöguflutningurinn að miðast við það? Á hann að setja það mark á Ísland? Nei, það á hann ekki að gera. Þá væri betur, að tillagan væri ekki flutt. Ef hún er í því formi, að hún sé af slíkri hlutdrægni fram borin og beri það með sér, þá er verr farið, að hún sé flutt. Það er hamingju Íslands til hinnar mestu óþurfar, það gæti verið örlagaríkt fyrir íslenzku þjóðina, ef Alþingi Íslendinga léti ályktun um þetta mál frá sér fara í slíku formi. Ég tel hins vegar fullkomlega réttlætanlegt og eðlilegt, að Alþingi Íslendinga láti til sín heyra um kjarnorkumálin. Það er engri þjóð sjálfsagðara en hinni litlu vopnlausu, friðsömu íslenzku þjóð. En hún á að gera það að mínu áliti á þann hátt að tjá sig sem einlægan og eindreginn andstæðing allra kjarnorkusprenginga í veröldinni, hvar sem þær séu framkvæmdar og hjá hvaða stórveldi sem það er gert. Ef tillagan er þannig, þá er hún Íslandi til sóma og þá er hún líkleg til að verða íslenzkri þjóð til blessunar og gagns.

Ég vil því segja, að ef við viljum, að okkar ályktun, sem fer frá Alþingi í nótt eða á morgun, hafi áhrif og sé Íslandi til sæmdar, þá á þessi áskorun að mínu áliti að vera mótmæli gegn kjarnorkusprengingum Rússa, kjarnorkusprengingum Sovétríkjanna, sem hér eru efst í hugum manna, og gegn hvers konar tilraunum stórveldanna með kjarnorkusprengjur, — það er leikur að eldi, sem getur tært upp mannkynið og heiminn, — hún á að vera mótmæli gegn kjarnorkustyrjöldum allra kjarnorkuvelda og áskorun um allsherjarafvopnun. Og ég get ekki séð, að nokkur íslenzku þingflokkanna hafi gilda ástæðu til þess að láta nokkuð af þessu undan falla.

Ég held, að það hafi verið hv. 5. þm. Vesturl. (BGr), sem viðurkenndi að vísu í dag í ræðu sinni, að hv. 4. þm. Austf. hefði margoft í ræðu sinni lýst því yfir, að hann væri á móti kjarnorkusprengingum, hvort sem þær væru framkvæmdar í austri eða vestri. En hann fullyrti í ræðu sinni, að hv. 4. þm. Austf. hefði ekki mátt heyra það, að Sovétríkin væru nefnd í ályktuninni. Þetta er misskilningur frá hans hendi. Það þola allir þm. Alþb., það er alveg ákveðin afstaða Alþb., að það megi án nokkurrar feimni nefna það í ályktuninni, að við séum að mótmæla kjarnorkusprengingum Sovétríkjanna. Þarna hefur því hv. 5. þm. Vesturl. verið í bardaga við vindmyllur, og vona ég, að hann fallist á það, að það var engin ástæða til að brígzla hv. 4. þm. Austf. um þjónkun við Sovétríkin, þegar hann hafði gefið þá yfirlýsingu, að hann og Alþb. væru á móti kjarnorkusprengingum, hvar sem þær væru sprengdar, hvort sem það væri í austri eða vestri. Ég vil hins vegar vænta þess, að það standi á engum í liði hv. stjórnarflokka að láta mótmæli sín ná til allra kjarnorkuvelda, að Sovétríkjunum nefndum.

Vafalaust er það svo, að heiminum stendur ekki fyrst nú í dag eða á þessum seinustu vikum ógn af kjarnorkusprengjum stórveldanna. Sú hætta hefur vafalaust verið fyrir hendi, frá því að Bandaríkin sprengdu sína fyrstu sprengju, og síðan minnt á sig í hvert skipti, sem eitthvert stórveldið sprengdi kjarnorkusprengju. En svo mikið er víst, að skilningurinn á háskanum hefur ekki verið almennur í þessu landi, hann hefur ekki verið túlkaður í málgögnum hv. Sjálfstfl. og Alþfl. í löngu og átakanlegu máli fyrr en nú, að sterku sprengingarnar hjá Sovétríkjunum gátu vakið þennan skilning hjá þeim, og það er líklega það einasta góða, sem af þessum bölsprengjum getur leitt. En það er líka nokkuð, ef þær hafa vakið skilning ýmissa Íslendinga og kannske sams konar skilning víða um heim á því, að mannkyninu væri háski búinn af kjarnorkusprengingum, og tel ég það þá vel.

Ég tel, að tillagan, sem hér liggur fyrir til umr. og afgreiðslu, taki ekki hlutdrægnislaust á öllum þáttum þessa stóra og örlagaríka máls. Ég tel, að í henni séu þrír meginþættir: Í fyrsta lagi eindregin mótmæli gegn sprengingum Sovétríkjanna á risakjarnorkusprengju, og þessum mótmælum fylgir áskorun um, að þau hætti nú þegar kjarnorkusprengingum sínum vegna þeirrar hættu, sem af þeim stafi. Þetta er gott, þetta er skýrt, það sem það nær, og má að mínu áliti samþykkjast. En þarna vildi ég mælast til þess, að bætt væri við, þar sem við eru komin að punktinum þarna, þar sem segir: „ og þar með íslenzku þjóðarinnar í voða.“ — þar kæmi ný málsgrein, eitthvað á þessa leið: Jafnframt mótmælir Alþingi og fordæmir kjarnorkusprengingar allra annarra kjarnorkuvelda. — Og hví skyldu ekki þeir, sem hiklaust og eindregið mótmæla og fordæma hinar ægilegu kjarnorkusprengingar Rússa nú að undanförnu, einnig beina máli sínu í ályktuninni frá Alþingi til þeirra kjarnorku-

velda, sem alls ekki er óhugsandi að næstu daga, eftir að við höfum afgreitt þetta mál, hefji kjarnorkusprengingar í jafnstórum eða kannske enn ægilegri stíl en Sovétríkin? Það er ekki heldur verið að gera slíkum veldum neinar getsakir, þetta eru allt veldi, Bandaríkin, Bretland og Frakkland, sem hvað eftir annað hafa sprengt ægilegar kjarnorkusprengjur, sem vissulega eru ekki fremur en þær sovézku hættulausar mannkyninu og veröldinni. Ég hef enga ástæðu til að ætla, að hv. stjórnarflokkar setji sig á móti því, að slík viðbót væri þarna tekin inn, þegar á engan hátt væri verið að draga úr upphafi tillögunnar sem mótmælum og fordæmingu á kjarnorkusprengingum Sovétríkjanna, sem tekið er fyrst og þannig augljóslega sett sem aðalorsök tillöguflutningsins. Ég fellst einnig fyllilega á framhald till., þar sem sérstaklega er mótmælt neðansjávarsprengingum, vegna þess að það getur stofnað afkomumöguleikum Íslendinga í hættu. Fyrir því voru í framsöguræðu hv. fyrra flm. flutt að minni hyggju gild rök, að af straumum hafsins frá norðurströndum Síbiríu, sem gætu borizt hingað til lands, mætti ætla, að sjávarlífinu hér við Ísland gæti verið háski búinn, og er því full ástæða til þess, að Íslendingar mótmæli því sérstaklega.

Þegar Frakkar framkvæmdu sínar kjarnorkusprengingar í Sahara-eyðimörkinni, var víða mótmælum hreyft. En mesta athygli vöktu mótmæli Afríkuþjóðanna, sem voru í bersýnilegum háska vegna þessara sprenginga og áttu ef til vill líf sitt fremur í hættu en nokkrir aðrir á jarðarkringlunni. Þeirra mótmæli voru því hin eðlilegustu. Og alveg eins væri þetta með okkur. Það er hið stóra mál, sem okkur snertir og okkar líf í landi okkar fyrst og fremst.

Tillöguna til enda gæti ég vel hugsað mér svo sem hún er, en ég tel, að við hana ætti að bæta yfirlýsingu Alþingis um það, að það muni aldrei sætta sig við kjarnorkustöðvar hér á landi og ekki leyfa, að kjarnorkuvopnum verði beitt héðan frá okkar landi. Ég tók eftir því í dag, að hv. 5. þm. Vesturl. sagði, að hér væru engin slík vopn, hér væru heldur engar slíkar flugvélar, sem gætu flutt þessi vopn. En flugvélar af þessari gerð eru ekki lengi að berast til landsins. — Það hefur áður verið sagt: Hér er þetta ekki. — En það liggur ekki fyrir nein yfirlýsing frá hv. Alþingi um það, að Alþingi muni aldrei undir neinum kringumstæðum sætta sig við, að hér séu kjarnorkubirgðir eða kjarnorkuvopn, sem væri beitt héðan til árása á aðrar þjóðir. Teldi ég því vera, þegar Alþingi væri að lýsa afstöðu sinni fyrir alheimi um þessi mál, fullviðeigandi, að lýst væri yfir því jafnframt, og vænti þess, að enginn setji sig á móti því.

Ég skal nú draga saman það, sem er þá niðurstaða míns máls. Ég vil í fyrsta lagi fyllilega, að sú ályktun, sem Alþingi gerir í þessu máli, sé mótmæli og fordæming gegn stórsprengju Sovétríkjanna. Í öðru lagi, að í till. séu mótmæli og fordæming á kjarnorkusprengingum allra kjarnorkuvelda. Í þriðja lagi séu í till. mótmæli vegna hættu á eitrun sjávar, með sérstöku tilliti til þess, hvað við Íslendingar eigum þar í húfi. Í fjórða lagi, að áskorunin taki til stórvelda um það að koma sér saman um bann við kjarnorkusprengjum undir ströngu og öruggu eftirliti með því, að bannið sé virt og haldið. Og í fimmta lagi, að í ályktuninni sé yfirlýsing Alþingis um það, að það mundi aldrei sætta sig við, að land okkar verði notað sem atómstöð, þ. e. a. s. til þess að hafa hér birgðir kjarnorkuvopna, né að slíkum vopnum verði beitt héðan í átökum milli þjóða.

Ég hef ekki að fullu mótað þessa tillögu, en efnislega liggur hún skýrt fyrir, og ég hefði haldið, að það væri ekki aðeins eðlilegt, að málið færi til nefndar til þess að athuga þessi sjónarmið, sem nú hefur verið gerð grein fyrir af hendi Alþb., bæði af mér og formanni þingflokksins, heldur teldi ég það einnig vera þinglegra, að hv. meiri hluti á Alþingi gæfi einnig tóm til þess að athuga fram komna brtt. við jafnþýðingarmikið mál, þegar við leggjum fram brtt. í þessa átt. Ég vil vænta alls réttlætis og allrar sanngirni af hv. meiri hluta þingsins við afgreiðslu þessa máls og að allir vilji leggja sig fram um það, að málið sé afgreitt á þann veg, að við verðum ekki sakaðir um hlutdrægni í málinu, heldur höfum við lýst almennt afstöðu Íslands og Alþingis Íslendinga gegn kjarnorkusprengingum í veröldinni, hvar sem þær eru framkvæmdar og af hverjum. Og þá fyrst er afgreiðsla málsins innlegg af okkar hendi, sem sé Alþingi og Íslandi til sóma.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. flutti langa ræðu um þetta mál, og hygg ég, að ýmsum hafi birzt í þeirri ræðu höfuðástæðan fyrir því, að hann er ekki lengur aðalforsvarsmaður hins alþjóðlega kommúnisma hér, heldur hefur yngri og harðari maður fengið það hlutverk. Að vanda hvessti þessi gamalreyndi og ágæti þm. sig öðru hverju, en þess á milli talaði hann af mikilli tilfinningu og einlægni, og hygg ég, að við höfum þá séð til botns í hans afstöðu í þessu máli. Það var augljóst, að hann varði alþjóðastefnu Sovétríkjanna, þ. á m. hinar síðustu sprengingar. Hann varði þetta algerlega. Þar var engan bilbug að finna, engar efasemdir um neitt smáatriði. Ég get vel trúað því, að þessi hv. þm., sem er gamall hugsjónamaður, trúi á forráðamenn heimskommúnismans á þann hátt, sem hann lýsti, trúi, að þetta séu góðir menn, sem ætli sér ekki neina misbeitingu á því mikla valdi, sem þeim er fengið, og hann trúi sjálfur þeim skýringum á síðustu kjarnorkusprengingum Sovétríkjanna, sem hann gaf.

Þessar umr. hafa borizt víða um heim, og hafa dregizt inn í þær ýmis atriði úr heimspólitík og sögu síðustu 15 ára. Það, sem ég sagði um þau efni, var að hverju atriði af beinu tilefni frá hv. 4. þm. Austf. í hans ræðu. Ef til vill er ekki tímabært að taka þessi atriði hvert fyrir sig og ræða þau. Það gætu orðið langar umr., og réttara er að halda sér við þá till. í þrengri merkingu, sem hér liggur fyrir. Þrátt fyrir það mundi ég engu síður en hv. 3. þm. Reykv. vera reiðubúinn til að ræða þau mál áfram, en mun ekki gera það nema í einstaka atriði.

Hin barnslega einlæga trú hv. þm. á afstöðu kommúnistablakkarinnar til heimsmála kom einna skýrast fram í því, sem hann sagði um

Kóreustyrjöldina. Hann lýsti því, hvernig Dulles hefði farið austur þangað til að ganga úr skugga um, hvort vígbúnaðurinn væri í lagi og nægilega mikill, en svo hefði Suður-Kórea hafið árásina, sem líklega hefur átt að granda kommúnismanum í heiminum. Þó að Dulles hafi fundizt allt í lagi og nóg af vopnum, fór svo, að Norður-Kóreumenn óðu suður um allan skaga, þangað til ekki var eftir nema örlítið horn á landi Suður-Kóreu. Þessir viðburðir sjálfir sýna, að það er með ólíkindum, að Suður-Kóreumenn hafi byrjað þann leik með stuðningi alls heimskapítalismans og svona hefði farið, jafnvel þótt þeim herrum kunni að vera mislagðar hendur. Nú bið ég ekki hv. 3. þm. Reykv. eða neinn annan að taka mínu mati eða annarra þm. á því, hvað þarna gerðist raunverulega. Ég ætla aðeins að vísa til þess, að þessi mál komu fyrir Sameinuðu þjóðirnar, og þar var samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta þjóðanna, að kommúnistar hefðu í þessu tilfelli gerzt sekir um árás, um innrás í annað land samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það er því samhljóða dómur yfirgnæfandi meiri hluta Sameinuðu þjóðanna, að þessir viðburðir hafi gerzt eins og ég hef lýst þeim, en ekki eins og hv. 3. þm. Reykv. hefur lýst þeim. Er því hrein fjarstæða að tala um þessa ógæfustyrjöld sem einhverja heildaraðgerð gegn sósíalismanum á þessari jörð. Og þessi styrjöld breytir ekki því, sem ég benti á, að lýðræðisríkin notuðu ekki kjarnorkusprengjurnar, þegar þau höfðu þær ein, og má þar benda á sjálfa Kóreustyrjöldina, því að þessi sömu ríki stóðust þá freistingu að nota kjarnorkusprengjuna, jafnvel þegar þeim vegnaði verst. Við vitum það vel, að til voru menn á vesturlöndum, þ. á m. Douglas McArthur hershöfðingi, sem létu mjög hvarfla að sér að nota sprengjuna. En það var ekki gert, og McArthur hershöfðingja var vikið úr starfi. Það stendur því óhaggað, að lýðræðisríkin notuðu ekki þá yfirburði, sem þau höfðu um árabil, er þau höfðu kjarnorkusprengjur í sínum höndum, til að gera út af við hið vaxandi kommúnistíska afl í heiminum, enda þótt kalda stríðið væri þegar hafið og augljóst, hvað fram undan væri.

Hv. 3. þm. Reykv. gaf okkur þá endanlegu skýringu á ógnarsprengingum Sovétríkjanna við Dumbshaf, að ríkisstjórn austur þar væri á þennan skemmtilega og heilbrigða hátt að tilkynna herforingjum Hitlers, sem nú eiga að stjórna Vestur-Þýzkalandi, Krupp og öðrum kapítalistum þar, að þeir skuli hafa sig hæga, því að Sovétríkin muni nota kjarnorkusprengjur sér til varnar. Þarna kom heimspólitísk skýring frá kommúnista, og hún er í eðli sínu staðfesting á því, sem við höfum sagt: að þessar sprengjur eru sprengdar í valdapólitísku skyni til að sýna mátt Sovétríkjanna og tilkynna okkur öllum, hvað í vændum sé, ef við höfum okkur ekki hæga. Kjarni málsins er staðfestur af hv. 3. þm. Reykv., þegar hann talar úr djúpi sinna dýpstu tilfinninga.

Nú vita þeir, sem hafa fylgzt með gangi heimsmála undanfarna mánuði, að vestur í Bandaríkjunum hafa menn miklar áhyggjur af því, að Sovétríkin kunni að efast um, að Bandaríkjamenn mundu beita kjarnorkuvopnum til varnar Vestur-Berlín. Það má lesa í fréttum viku eftir viku, að Bandaríkjamenn séu að gera þetta eða hitt til að reyna að sannfæra Sovétríkin um, að þeir mundu jafnvel láta koma til kjarnorkustyrjaldar frekar en hopa af þessum bletti.

Þá höfum við það báðum megin frá, að höfuðaðilar kalda stríðsins telja sig þurfa að sannfæra hinn aðilann um, að þeim sé alvara, þeir ætli ekki að hopa fyrir neinum ógnunum. Er þá jafnt á komið að því leyti, og stendur eftir, að aðeins annar aðilinn greip til þess örþrifaráðs að sprengja helsprengjur, með þeim afleiðingum, sem við höfum rætt.

Ýmislegt fleira var fróðlegt og athyglisvert í ræðu hv. 3. þm. Reykv. Ef það er rétt, sem hann gerði að miklu atriði í ræðu sinni, að Sovétríkin óttist, að Vestur-Þýzkaland fái aftur kjarnorkuvopn, og það skal ég ekki lá þeim, er þá ekki öruggasta leiðin til að fyrirbyggja það að ganga til samkomulags um að banna þessi vopn? Hví ekki að ganga nokkrum skrefum lengra en komið var í Genf, þar sem ekki skorti mikið á, að samið væri? Þær tillögur, sem síðast voru lagðar þar fram á árinu 1960 af hálfu vesturveldanna, voru, ef ég man þrjá fyrstu liðina rétt, í fyrsta lagi, að bannaðar skuli sprengingar í háloftunum, í öðru lagi, að bannaðar skuli sprengingar ofanjarðar, og í þriðja lagi, að bannaðar skuli sprengingar neðansjávar, og fjórða ákvæðið var um neðanjarðarsprengjur.

Hv. 3. þm. Reykv. má trúa því, að menn í hinum frjálsa heimi hafa ekki síður áhyggjur af því en hann og aðrir kommúnistar, ef kjarnorkuríkjunum fjölgar. Það er ekki sízt til þess að fyrirbyggja, að ýmis fleiri stórveldi og smærri veldi komist yfir þessi vopn, sem menn leggja slíka gífurlega áherzlu á það, að nú þegar sé byrjað á því að semja um bann við tilraunasprengingum með kjarnorku- eða vetnisvopn.

Menn taka skáldsögur ef til vill ekki alvarlega. En nýlega var gefin út hér á landi í íslenzkri þýðingu saga um gereyðingu mannkynsins í kjarnorkustyrjöld, sem vakti athygli margra og var raunar ógeðfelldur lestur. Í þeirri skáldsögu byrjaði kjarnorkustríðið á því, að miðlungsríki, hvorki stór né smá, misbeittu vopninu. Það voru ekki stórveldin sjálf.

Ef þessi ótti ræður raunverulega framkomu Sovétríkjanna, þá eru þau á rangri braut. Þá er það hin leiðin, að semja og banna þessar tilraunir, sem mundi duga. Það getur eins farið svo, að áframhaldandi tilraunir eins og Sovétríkin gera sig nú sek um verði til að ýta undir önnur ríki að reyna að eignast þessi vopn. Hvað gera t. d. Svíar, sem við vitum að hafa sennilega bæði tæknikunnáttu og efnahagslegan mátt til að koma sér upp kjarnorkusprengjum? Hvað gera þeir, ef þessu heldur áfram rétt norðan við landamæri þeirra?

Einn kafli í ræðu hv. 3. þm. Reykv. var um hugsjónir hans, um það hlutverk, sem Ísland ætti að leika á jörðinni. Hann tiltók nokkur einkenni þjóðar okkar, sem hann taldi að gerðu okkur sérlega færa til að bera sáttarorð. Eitt höfuðeinkenni var, að við hefðum aldrei átt í stríði. Það er ekki hv. 3. þm. Reykv. að þakka,

að við höfum aldrei átt í stríði, því að menn muna enn þá, að í styrjaldarlok áttum við þess kost að verða stofnmeðlimir Sameinuðu þjóðanna, ef við vildum segja möndulveldunum stríð á hendur. Og fáir menn hér á Íslandi vildu taka því boði, en þeir, sem börðust fyrir stríðsyfirlýsingu, voru forustumenn kommúnista.

Hv. þm. spurði: Hvað ætlast menn fyrir með Ísland í kjarnorkustríði? Hann hafði mörg orð um, að þetta mál væri ekki tekið alvarlega. En það er herfilegur misskilningur, ef hann heldur, að menn hafi ekki hugsað þetta mál og kynnt sér eins og kostur er.

Ég lít þannig á viðhorf Íslands til kjarnorkustyrjaldar, að við eigum að leggja okkar lóð á þá vogarskálina, sem styður að algeru banni gegn tilraunum með kjarnorkuvopn, sem er fyrsta og nauðsynlegasta skrefið til þess, að kjarnorkuvopnin verði bönnuð að fullu. Þó að illa gangi, trúi ég, að þetta muni takast. Það tókst með eiturgasið. Það var notað í einni styrjöld með hörmulegum afleiðingum, og menn voru að deyja af völdum þess mörg ár eftir stríðið. En það var ekki notað í seinni styrjöldinni og hefur ekki verið notað í neinum af þeim mörgu smástyrjöldum, sem háðar hafa verið síðan. Ef þetta tekst ekki og kjarnorkustríð þrátt fyrir allt brýzt út, er það mín skoðun og trú, að varnarlaust og óvarið Ísland mundi verða eins konar valdatóm, sem mundi draga til sín kjarnorkuveldin. Þetta er sama skoðun og ráðamenn Noregs hafa, sem ráðamenn Danmerkur hafa, sem ráðamenn Svíþjóðar hafa. Og á þessu sama byggja allar þessar þjóðir þá stefnu, að þær hafa landvarnir og verja til þess miklu fé, allt upp í fjórðung af ríkistekjum í Svíþjóð.

Með því að hafa hér nægar varnir, til þess að ekki sé algert valdatóm, tel ég, að við munum hafa mikla möguleika til að standa utan við sjálfar kjarnorkuárásirnar. Ég tel, nákvæmlega eins og Norðmenn og Danir hafa talið og Svíar á sinn hátt líka, að með nokkrum landvörnum sköpum við okkur langsamlega mesta möguleika friðar í landinu.

Það hefur verið gagnrýnt, að við höfum lagt til, að tillagan verði afgreidd án þess, að hún gangi til nefndar. Hér hefur verið bent á í umræðum, að hv. 3. þm. Reykv. hefur sjálfur lagt til um sambærileg mál, að þau fengju þá afgreiðslu, og er hann einn af okkar elztu og vönustu þingmönnum. Og hann viðurkenndi hér í ræðustól í dag, að þessi meðferð væri ekki andstæð þingsköpum á neinn hátt. Höfuðástæða til þess, að ég legg til, að þessi afgreiðsluháttur verði hafður á málinu, er sú, að á þeim tíma, sem það venjulega tekur okkur að afgreiða þáltill. á þessu þingi, væri hægt að sprengja aðrar tvær sprengjur. Þessi till. er í fyrsta lagi áskorun á ríkið, sem hefur sprengt 24 sprengjur undanfarið, að hætta því. Og sú áskorun verður auðvitað að koma fram strax. Hún er í öðru lagi að gefnu þessu tilefni áskorun um, að kjarnorkuveldi heims komi sér hið fyrsta saman um bann gegn tilraunum á kjarnorkuvopnum, en hver slík áskorun hlýtur að hafa því meira gildi, sem hún kemur fyrr fram, eftir þá hörmulegu atburði, sem nú síðast eru tilefni að slíkum umræðum, að slíkri ályktun og slíkri baráttu um allan heim sem raun ber vitni. Það, sem hér er að gerast á Alþingi í dag, er ekkert einsdæmi, síður en svo.

Við höfum heyrt á ræðum þriggja hv. þm. kommúnista í dag, að þeir geta í hvorugan fótinn stigið í þessu máli. Þeir gefa stöðugt yfirlýsingu um, að þeir séu á móti öllum kjarnorkusprengingum, en svo koma skilyrðin, og þeir fara yfir í þetta og yfir í hitt og yfir í að afsaka sprengingarnar, sem nú síðast voru gerðar, reyna að skýra þær fyrir sjálfum sér og fyrir öðrum, og yfir í það að reyna að finna einhverja átyllu til að spilla fyrir þeim framgangi þessa máls, sem óskað hefur verið eftir við þingið.

Hér hefur verið lýst hugmyndum að till., sem að vísu hafa ekki verið lagðar fram. Ég hef hlustað á þessar tillögur og hugsað þær, síðan þær voru fram bornar í umræðunum, fyrir mitt leyti, og get ekki betur séð en þær séu algerlega óþarfar og til þess eins gerðar að reyna að spilla þessu máli.

Í sambandi við þær tillögur vil ég enn ítreka það, að fyrri hluti þáltill., sem liggur frammi, er um viðburði, sem hafa nú nýlega gerzt og eru því tilefni tillögunnar. Sé ég enga ástæðu til þess að breyta neinu um það. Það er skýrt í hugum allra. Við höfum heyrt mikið og hugsað mikið um þessa viðburði undanfarna daga, og þetta er ekki mál, sem kom okkur á óvart. Sumir flokkar fluttu tillögur um þessi mál fyrir tæpum áratug, svo að þeir koma varla af fjöllum í þessu máli.

Síðari hluti tillögunnar er ekki um það, sem hefur gerzt, eins og fyrri hlutinn, heldur um hitt, sem fram undan er. Við leggjum hreinlega til, að Alþingi skori á öll kjarnorkuveldi heims að gera hið fyrsta samkomulag um bann við öllum þessum tilraunum með eftirliti. Þar með eru allar sprengingar, hvar sem þær eru, í framtíðinni meðtaldar, og þetta ákvæði á nákvæmlega eins við öll núverandi kjarnorkuveldi og einnig við öll þau veldi, sem ætla sér að verða kjarnorkuveldi.

Ég sé enga ástæðu til að blanda landvörnum Íslands inn í þetta. Það er búið að lýsa hér alkunnum staðreyndum um, hvaða stefna hefur ríkt hér í þeim málum, og seinni hluti þessarar till. mun fjarlægja allar frekari áhyggjur af því í framtíðinni, ef fram næst, og nær því algerlega yfir það mál líka. Ég mæli því eindregið með því, að þessi till. verði samþykkt eins og hún liggur fyrir óbreytt og að hv. Alþingi afgreiði hana sem allra fyrst, svo að hún geti komið að sem mestu gagni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. talaði hér nokkur orð í þessum umræðum. Hann reyndi að réttlæta þá till., sem hér hefur komið fram um það að afgr. þetta mál án þess, að það fari til nefndar, á þann hátt, að fordæmi væri fyrir slíku frá árinu 1954, þegar hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, hefði þá lagt til um afgreiðslu svipaðrar till. og þeirrar, sem hér liggur fyrir, að hún yrði afgr. án þess að vísa málinu til nefndar. Ég efast ekki um, af því að ég veit, að hæstv. forsrh. hafði kynnt sér Alþingistíðindi frá þessum

tíma, að hann veit mætavel, að hér er algerlega ólíku saman að jafna, í fyrsta lagi vegna þess, að hv. 3. þm. Reykv. sagði í sinni ræðu þá, að hann óskaði eftir samkomulagi um það, að hægt mætti vera að afgr. málið án þess, að það færi til nefndar. Á því er grundvallarmunur, hvort samkomulag getur orðið um það í þinginu að afgr. mál á þann hátt, að það gangi ekki til nefndar, eða hvort einhverjir þm., sem óska eftir því, fá að athuga málið í nefnd, þar sem ekki er fyllileg samstaða um málið. Og í öðru lagi var það, að þessi ósk árið 1954, þegar till. okkar lá fyrir um þetta mál, var fram komin af þeirri sérstöku nauðsyn, að þinginu var að ljúka, þegar till. loksins var tekin fyrir á Alþingi. Það átti að ljúka þingi daginn eftir eða svo. Og till. var tekin fyrir mjög seint á degi eða raunar var byrjaður nýr dagur, klukkan var farin að ganga eitt um nótt. Þá var tillagan fyrst tekin fyrir, þó að hún væri búin að liggja fyrir þinginu nokkurn tíma, en þingi átti að ljúka daginn eftir eða svo. Það var því ákaflega eðlilegt, að flm. till. óskaði eftir því undir slíkum kringumstæðum, að samkomulag mætti verða um það í þinginu að afgr. þetta mál án þess, að það færi til nefndar. Þetta veit ég, að hæstv. forsrh. hefur allt vitað. En hann hefur ekki kosið að skýra hér frá því, að svona bar málin að þá. Og svo vitum við allir, hvernig málin ber að nú. Nú er um það að ræða, hvort á að þvinga það fram, rétt eftir að stórmál hefur verið lagt fram, sem menn eru ekki á einu máli um, hvernig æskilegast væri að orða till. um, — hvort á að þvinga það fram nú í byrjun þings að afgreiða málið á algerlega óvenjulegan hátt í þinginu, þannig að menn fái ekki að skoða tillöguna og ræða um hana í þingnefnd. Ég vil fullvissa flutningsmenn um, að það stendur ekkert á okkur Alþýðubandalagsmönnum að standa að því, að málið mætti afgreiðast út úr þinginu á morgun. En það væri eigi að síður hægt að athuga tillöguna í nefnd og reyna að koma sér saman um orðalag, þannig að þingið mætti allt standa að samþykktinni.

Nei, það er eins og ég sagði áður í þessum umræðum, það er ótrúlega margt, sem bendir til þess, að þeir, sem standa að þessari tillögu, óski eftir einhverju öðru en að þingmenn geti allir staðið að þeirri samþykkt, sem gerð er um þetta alvarlega mál, að þeir séu beinlínis að leita eftir einhverju öðru. Það er ekki aðeins eitt dæmi, sem hleypir rökum undir þá skoðun, heldur eru þau dæmi mörg, eins og ég mun víkja að nánar.

Ég lagði á það allmikla áherzlu í minni fyrri ræðu um þetta mál, að við Alþýðubandalagsmenn hefðum þá afstöðu til þessara mála, að við vildum lýsa yfir andstöðu okkar og mótmæla öllum kjarnorkusprengingum, hvort sem þær fara fram fyrir austan eða vestan, af hverjum sem þær eru sprengdar, þessar kjarnorkusprengjur, og við teldum, að við ættum að forðast að taka þátt í því kalda stríði í veröldinni, sem einmitt magnar hættuna á því, að kjarnorkuvopnum verði beitt gegn mannkyninu. En á því er hins vegar enginn vafi, að þeir menn eru til, bæði hér á landi og annars staðar, sem hafa tekið drjúgan þátt í því að magna kalda stríðið.

Þegar ég hef nú spurt um það hér, sérstaklega flutningsmenn þessarar tillögu, hvort þeir geti ekki fallizt á, að það komi alveg skýrt og ótvírætt fram í till., að við Íslendingar lýsum yfir mótmælum okkar gegn öllum kjarnorkusprengingum, hvert er þá svarið? Eftir að ég lagði fram þessa spurningu mína, hefur annar flutningsmaðurinn talað hér tvisvar og flutt langt mál. Hverju svaraði hann þessu? Ekki einu einasta orði, nema þá því, að hann taldi, að það þyrfti ekki að gera neinar breytingar á tillögunni. Getur það verið svo, að flm. till. séu andvígir því að lýsa yfir andstöðu sinni gegn öllum kjarnorkusprengingum? Vilja þeir endilega hafa það eftir, að þeir leggi blessun sína yfir kjarnorkusprengjur, þegar vissir aðilar sprengja þær? Ég hélt, að það ætti að vera hægt að fá samstöðu um að taka af allan vafa í þeim efnum og lýsa því afdráttarlaust yfir, um leið og við mótmælum sprengingum Sovétríkjanna, að við séum á móti öllum kjarnorkusprengingum. Hv. 5. þm. Vesturl. reyndi í sinni fyrri ræðu að snúa þannig út úr orðum mínum, að þessi skoðun mín, að við ættum að mótmæla kjarnorkusprengingum yfirleitt og almennt, þýddi það, að ég þyrði ekki að heyra það nefnt í tillögu, að kjarnorkusprengingum Sovétríkjanna væri mótmælt. Þetta bjó hv. þm. algerlega til. Þetta sagði ég aldrei, heldur þveröfugt og skal endurtaka það enn, að það stendur ekkert á mér að samþykkja tillögu, þar sem kjarnorkusprengingum Sovétríkjanna er mótmælt. En það virðist vera, að það standi á þessum hv. þm. að samþ., að öðrum kjarnorkusprengingum sé mótmælt.

Hér kemur það sama fram og í hinu fyrra tilfellinu, að það virðist vera höfuðtilgangurinn hjá flutningsmönnum að koma fram mótmælum eingöngu gegn Sovétríkjunum, það sé aðalatriðið, fleiri megi ekki nefna. Eða m. ö. o.: þeir virðast vera að taka þátt í þeim gráa leik að reyna að æsa eins mikið upp og mögulegt er til að taka þátt í kalda stríðinu í heiminum. Við vitum það mætavel, að stórveldin ásaka hvert annað um það, hvert þeirra beri mesta ábyrgð á því, hvernig málin standa nú í þessum efnum í veröldinni. Er það aðalatriði málsins, að við gerumst dómarar í því, hvert þeirra sé sekast? Snýst þetta mál um það? Eða snýst það um það að reyna að leggja sig fram um það að hafa áhrif á, að kjarnorkusprengingum verði yfirleitt hætt af öllum.

Nei, ræður þær, sem hv. 5. þm. Vesturl. hefur haldið hér, sanna mér alveg ljóslega, að tilgangur hans með flutningi þessarar till. er ekki sá að vinna gegn beitingu kjarnorkuvopna eða að vinna gegn því, að kjarnorkusprengjur verði sprengdar. Það er ekki tilgangur hans, það er alveg augljóst mál. Hann eyðir hér meginhluta af ræðutíma sínum í að tala um stefnu heimskommúnismans og hina hræðilegu stefnu Sovétríkjanna og barnalega trú íslenzkra sósíalista á afstöðu þeirra o. s. frv., o. s. frv.

Við vitum það mætavel, að skoðanir okkar tveggja t. d. fara ekki saman í heimspólitík og reyndar ekki í innanlandspólitík heldur. Ég veit t. d. mætavel, að hann er ákaflega dyggur þjónn Atlantshafsbandalagsins og er tilbúinn að syngja því lofsöngva, hvar sem er. Eins og hann kallar

mig agent heimskommúnismans, get ég kallað hann agent NATOs. Þetta vitum við mætavel, að skoðanir okkar fara ekki saman í þessum efnum. En snýst það mál, sem hér hefur verið flutt á Alþingi, um þetta, eða snýst það um hitt, hvort við getum eitthvað gert til að koma í veg fyrir, að kjarnorkusprengjur verði sprengdar, okkur og öðrum í heiminum til háska? Ég held, að aðalatriðið sé það, sem ég hef lagt áherzlu á. Við eigum ekki að taka þátt í kalda stríðinu í heiminum. Við eigum ekki í þessum efnum að stilla okkur sérstaklega upp í öðru liðinu og ásaka hitt, heldur eigum við að sýna það einmitt í þessum efnum, að við viljum leggja hér alveg hlutlausan dóm á. Við erum á móti beitingu allra kjarnorkuvopna, og við erum sérstaklega á móti öllum kjarnorkusprengingum. Við fordæmum þær allar. Og við skulum gjarnan taka það sérstaklega fram, að við fordæmum risasprengjur Sovétríkjanna, sem sprungið hafa síðustu daganа.

Það væri auðvitað freistandi að ræða hér um nokkur atriði, sem hv. 5. þm. Vesturl. dró inn í þessar umræður og vissulega má segja að séu þessum málum tengd, þegar er farið að ræða þau á mjög breiðum grundvelli. Hann taldi t. d., að það væri með öllu óþarft að lýsa nokkru yfir hér á Alþ. um það, að við vildum ekki hafa nein kjarnorkuvopn í landi okkar og að frá stöðvum hér á landi yrði ekki beitt neinum kjarnorkuvopnum. Það sýndist þó mjög eðlilegt, að við gæfum hér alveg skýlausar yfirlýsingar um slíkt, á sama tíma og við erum að mótmæla kjarnorkuvopnum almennt. Hv. þm. færði það fram sem rök fyrir skoðun sinni í þessum efnum, að hér á landi væri ekki um neinn hernaðarundirbúning að ræða nema í sambandi við varnir og þar af leiðandi gæti ekki hér verið um að ræða nein kjarnorkuvopn. Þetta er auðvitað í grundvallaratriðum rangt, því að ekki veit ég annað betur en a. m. k. stórveldin í heiminum hafi haldið því fram hvað eftir annað, að þau ætli að nota ýmis kjarnorkuvopn í varnarskyni. Auk þess má svo benda á það, að öll vitum við, að hér á landi hafa verið, á vegum þess herliðs, sem hér er, sprengjuflugvélar af stærstu gerð, sem vissulega geta flutt slíkar sprengjur sem þessar. Hv. þm. getur því ekki sannfært neinn um það, meðan hann og aðrir færast undan því að gefa ótvíræðar yfirlýsingar um það hér á Alþ., að við munum ekki samþykkja það eða við munum ekki leyfa það að hafa kjarnorkuvopn á Íslandi, að það kunni ekki að vera gert. En hér eins og áður þeygist krókurinn alltaf í sömu áttina. Það er gott einnig að hafa kjarnorkuvopn, einnig að segja ekkert um afstöðu sína gagnvart þeim í sambandi við herstöð á Íslandi, ef það kynni að vera öðrum aðilanum í hag.

Í fyrri ræðu sinni hér í dag sagði hv. 5. þm. Vesturl., að ég hefði farið hér rangt með upplýsingar um það í minni ræðu, hvernig það bar að, að stórveldin hættu 1958 sprengingum á kjarnorkusprengjum. Hann vildi halda því fram, að það væri rétt, að fyrst hefðu Bandaríkin og Bretar hætt, en síðan hefðu Sovétríkin hætt á eftir. Ég hef nú kynnt mér þessi mál á nýjan leik, en taldi mig þó hafa lesið þetta allgreinilega fyrir stuttu og ég myndi það rétt. Hið rétta er það, að 31. marz 1958 lýstu Sovétríkin yfir, að þau mundu hætta kjarnorkusprengingum einhliða, þó að ekki hafi þá tekizt samkomulag við Bandaríkin og Bretland um að hætta þessum sprengingum. Síðan hófust — og var skýrt frá því opinberlega í öllum blöðum — allmikil skrif á milli forustumanna Sovétríkjanna og forustumanna Bandaríkjanna og Bretlands um það, hvort ekki væri hægt að gera samning á milli þessara stórvelda um að hætta þessum sprengingum. Frá því var opinberlega skýrt líka, að samkomulag hefði ekki tekizt, þar sem bæði Bandaríkin og Bretland neituðu, en Sovétríkin stóðu áfram við sína yfirlýsingu um það, að þau væru hætt einhliða. Bæði Bandaríkin og Bretland hófu þá að nýju sprengingar einhliða í aprílmánuði, og sprengdu Bandaríkin eftir sínum eigin tilkynningum 40 kjarnorkusprengjur sumarið 1958 og Bretland eftir eigin tilkynningum 8 kjarnorkusprengjur. Það var svo aftur um haustið, í októbermánuði, að á ný hófust umr. á milli þessara stórvelda um að hætta þessum sprengingum, og í lok októbermánaðar varð samkomulag um það, að allir skyldu hætta, eða niðurstaðan a. m. k. varð sú, að þá hættu allir.

Þetta var gangur málsins, hvað sem hv. þm. segir um það, og það er auðvelt að fletta upp á því, að svona var þetta. Hitt er svo alveg rétt, sem ég sagði hér líka fyrr í minni ræðu, að þegar Frakkland, eitt af Atlantshafsbandalagsríkjunum, hóf sínar kjarnorkusprengingar á ný 1960 og 1961, þá lýstu Sovétríkin yfir hvað eftir annað, að ef Frakkland héldi áfram þessum sprengingum, mundu þau neyðast til að taka upp sprengingar á ný. Ég sagði í minni fyrri ræðu: Ég afsaka ekki Sovétríkin á neinn hátt í sambandi við þessa endurupptöku á sprengingum nú, ég er þeim andvígur, þrátt fyrir það að Frakkland hafi hagað sér á þessa lund.

En það vekur líka athygli í sambandi við flutning þessa máls og allan málflutning, að þeir, sem að till. standa, sáu enga nauðsyn í grg. till. eða í flutningi málsins hér á Alþ. að minnast einu orði á það, að Frakkland hafi eitt kjarnorkuveldanna tekið upp þessar sprengingar, eftir að hlé var komið á. Yfir það var stokkið, á það mátti ekki minnast, af því að hér var um eitt Atlantshafsbandalagsríkið að ræða. En hins vegar var sagt með allsterkum orðum, að Sovétríkin hafi rofið það samkomulag, sem var í þessum efnum. Það er svo sem alveg greinilegt, hver er tilgangurinn og hver er tilhneigingin í þessum efnum, alltaf er verið að leita að því, að reyna að sakfella Sovétríkin og reyna svo í leiðinni að ráðast á okkur íslenzka sósíalista. Til þess eru refirnir skornir. Og það er hart, að alvarlegt mál fyrir íslenzku þjóðina skuli vera misnotað af mönnum á þennan hátt.

En þessir menn, sem þannig haga vinnubrögðum sínum í slíku máli sem þessu, munu ekkert vinna á, því að afstaða okkar Alþb.-manna er alveg skýr í þessum efnum, hún er nefnilega óbreytt allan tímann. Þegar við fluttum till. hér á Alþ. að skora á Bandaríkin 1954 að hætta sínum sprengingum og að samningar yrðu þá teknir upp á milli allra stórveldanna, sem talið var að

réðu þá yfir svona sprengingum, þá voru það einmitt þeir, sem mest standa nú að þessari till., sem sýndu á sér hik. Þá töldu þeir ekki fært að nefna orðið kjarnorkusprengingu á nafn í samþykkt Alþ. Þá varð að leggja slíkt til hliðar. Þetta var slíkt deilumál í heiminum, sagði aðaltalsmaður þeirra, sem vildi breyta okkar till. Frsm. meiri hl. í utanrmn. lagði þá sérstaka áherzlu á, að kjarnorkusprengingar og það mál allt væri slíkt höfuðdeilumál í heimspólitíkinni, að við ættum ekki að blanda okkur í það, og af því væri réttara að sveigja till. inn á þá braut að leggja áherzlu á allsherjarafvopnun og þar með auðvitað um leið að koma í veg fyrir notkun kjarnorkuvopna. Við vorum 1954 á þeirri skoðun, að við ættum að lýsa afdráttarlaust yfir, að við værum á móti þessum sprengingum, og við ættum að skora á þá, sem réðu yfir þeim, að hætta að framleiða þær, eyðileggja öll slík vopn. Við erum enn á nákvæmlega sömu skoðun. En við höfum aldrei verið á þeirri skoðun, að það væri höfuðatriðið í þessu alvarlega máli að taka þátt í kalda stríðinu í heiminum og hrópa og kalla í liði annars aðilans, sem ræður yfir kjarnorkusprengjum, því að slíkt gerir aðeins illt verra, eykur á hættuna.

Hv. 5. þm. Vesturl. hefur endurtekið það hér hvað eftir annað í ræðum sínum, að sú till., sem hér lægi fyrir, væri aðeins 2 mgr., sú fyrri væri fordæming á sprengjum Sovétríkjanna og sú síðari væri almenn áskorun til kjarnorkuveldanna um að koma sér saman um að banna slík vopn. Eru það nokkur rök fyrir því, að ekki megi breyta till. eða gera hana fyllri, þó að hún sé bara 2 mgr.? Er nokkur nauðsyn á því að hafa mgr. þannig, að þar sé aðeins sveigt að einum aðila, en það megi ekki koma fram, að við fordæmum kjarnorkusprengingar yfirleitt? Er einhver nauðsyn á því? Raskar það nokkuð því, sem er verið að mótmæla? Ég get ekki séð það. Ekki nema tilgangurinn með flutningi till. sé sá, sem ég hef nú vikið hér nokkuð að, að miklar líkur, svo að vægilega sé til orða tekið, séu til þess að liggi til grundvallar flutningi till.

Við Alþb.-menn munum flytja hér brtt. við till. Við munum óska eftir því, að það fái að koma hér alveg skýrt fram, hvort flm. till. og þeir, sem að henni standa, treysti sér til þess að samþ. eindregin mótmæli, ekki aðeins gegn sprengingum Sovétríkjanna, heldur gegn öllum kjarnorkusprengingum í heiminum. Við óskum eftir því, að þetta komi alveg skýrt fram. Þeir munu fá tækifæri til þess að greiða atkv. um slíka till. Slík till. er að mínum dómi prófsteinn á það, hvað fyrir flm. vakir, hvert þeir eru að fara. Við munum líka flytja hér brtt. í þá átt, að Alþ. lýsi því yfir, að það muni aldrei leyfa staðsetningu neins konar kjarnorkuvopna á íslenzku landi né að slíkum vopnum verði nokkurn tíma beitt frá stöðvum hér á landi. Það sýnist vera í rauninni lágmark, að Alþ. lýsi því yfir, um leið og það mótmælir notkun kjarnorkuvopna almennt og yfirleitt. Ég skil hins vegar þá afstöðu, að þeir, sem undir niðri eru á þeirri skoðun, að sumar kjarnorkusprengjur eigi rétt á sér í höndunum á ákveðnum aðilum og á ákveðnum svæðum í heiminum, þeir vilji auðvitað ekkert segja um það, hvort hér skuli vera kjarnorkusprengjur á Íslandi eða ekki. Þeir vilja hafa frían sjó með það. En þeir, sem raunverulega eru á móti kjarnorkuvopnum og beitingu þeirra, á móti kjarnorkusprengingum almennt, þeir hljóta að lýsa yfir, að á þeirra landi skuli þessi vopn ekki vera og héðan skuli þau ekki notuð.

Það hefur verið mjög um það rætt nú síðustu daga, að það megi búast við því, að Bandaríkin taki nú upp á því að sprengja risasprengjur líka í andrúmsloftinu, og helztu sérfræðingar þeirra í þessum efnum hafa lagt höfuðáherzlu á slíkar till. nú síðustu dagana. Ættum við að mótmæla slíkum sprengingum, ef þær skyldu nú koma á eftir? Eða ættum við aðeins að afgreiða það á þann hátt, sem hér kom fram í ræðu hv. 5. þm. Vesturl., að mér skildist helzt, að e. t. v. yrðu þeir bara neyddir til að gera þetta og það væri aðeins eðlilegt, vegna þess að hinir hefðu byrjað? Er það meiningin? Vill hv. 5. þm. Vesturl. lýsa því hér yfir, að hann muni einnig flytja hér till. á Alþ. um að mótmæla slíkum sprengingum, verði þær gerðar? Mér sýnist allt benda til þess um þá, sem færast undan því nú, um leið og þeir mótmæla sprengingum Sovétríkjanna, að mótmæla kjarnorkusprengingum yfirleitt, að það muni koma hik á þá, þegar góðir menn sprengja.

Ég vil svo enn einu sinni endurtaka þá beiðni okkar, að till. fái að ganga til n. og mönnum gefist þar kostur á að athuga okkar brtt. og okkur þá einnig kostur á því að athuga um það, hvort samræma megi okkar skoðanir og annarra, þeirra, sem að till. standa. Við viljum gjarnan stuðla að því, að till. megi fá afgreiðslu á morgun. Sá fyrirsláttur kom fram í ræðu hv. 5. þm. Vesturl., að við eigum að venjast því hér, að nefndir geti tafið málin í langan tíma, og þá gætu Sovétríkin og aðrir verið búnir að sprengja yfir tuttugu sprengjur. Í hverra höndum er að sjá um það, að nefnd ljúki fljótlega störfum? Býst ekki hv. þm. við því, að það sé meiri hluti alþm. með þessari till.? Og ef við Alþb.-menn lýsum því yfir, að við viljum vinna að því, að till. verði afgreidd frá nefnd á morgun, treystir hann þá ekki öðrum alþm. úr öðrum flokkum til þess að stuðla að því líka? Eða er þetta bara einber fyrirsláttur til þess að reyna að þvinga það í gegn, sem er óþinglegt og óvenjulegt hér og óþarfi með öllu?

Ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. sagði hér í sínum fáu orðum, að það væri ekki heldur þörf á því að skjóta þessari till. til nefndar, því að hér væri í rauninni ekki um neitt annað að ræða en að segja já eða nei. Telur hæstv. forsrh. þetta frambærileg rök? Það má auðvitað segja það um allar till., sem eru fluttar hér á Alþ., að það sé í rauninni ekkert um þær að segja annað en já eða nei. En það hefur nú hingað til þekkzt, að bæði hann og aðrir þm. hafi þurft að gera orðalagsbreytingar á tillögum eða efnisbreytingar og flutt um það brtt. Ætli hæstv. forsrh. gæti nú ekki gert sér í hugarlund, að það mætti orða till. betur og skýrar en hér er gert? Jú, ég efast ekkert um, að hæstv. forsrh. sér, að það eru og voru til margar leiðir að orða þessa till., og af því er líka fullkomlega eðlilegt, að skoðanir annarra séu metnar á sanngjarnan hátt í sam-

bandi við það, hvernig þessa till. skuli orða. Nei, þeir, sem reka mál sitt á þennan hátt, að hér sé ekki um neitt annað að ræða en að segja já eða nei, strax eða ekki, þeir virðast vera að leita að því, að hér geti ekki orðið um samstöðu að ræða í sambandi við afgreiðslu málsins. Þeir virðast vera að leita að því að reyna að gera sér pólitíska mat úr þessu í sambandi við andstæðinga sína í pólitík.

Ég vil nú enn einu sinni endurtaka þá fyrirspurn mína til flutningsmanna og þeirra, sem hér hafa talað með þessari till., eins og hún liggur fyrir: Geta þeir ekki hugsað sér að breyta till. þannig, að í henni felist ótvírætt mótmæli gegn öllum kjarnorkusprengingum? Ég vona, að þeir treysti sér til að svara þessari spurningu. Það segir allavega mikið, ef þeir treysta sér ekki til að láta það felast í tillögunni.

Ég vona, að það liggi alveg skýrt fyrir hér, að afstaða okkar Alþb.-manna er alveg afdráttarlaus í málinu, sem sé varðandi það að vera á móti kjarnorkusprengingum, hver sem að þeim stendur. Sú skoðun okkar er afdráttarlaus, og við erum tilbúnir að nefna nafn Sovétríkjanna jafnt sem annarra, þegar þau eiga þar í hlut, og mótmæla sprengingum á þeirra vegum. En hins vegar er hitt jafnskýrt í okkar afstöðu, að við munum ekki taka þátt í þeim leik, þeim hráskinnsleik í sambandi við þetta alvarlega mál, sem er eingöngu byggður á pólitískum áróðri, til þess að reyna að mynda sér sérstöðu í slíku máli sem þessu og deila við sína pólitísku andstæðinga í öðrum efnum hér og til þess að reyna að koma sérstökum óhróðri á eitt ríki. Ég vona, að þessi afstaða liggi hér alveg skýrt fyrir og að það hafi verið talað þannig fyrir henni hér, að það geti ekki leikið neinn vafi á því, hver okkar afstaða er. Ég hef lýst hér brtt., sem ég hef ekki getað lagt fram enn þá.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég skal aðeins gera örstutta athugasemd.

Hv. 4. þm. Austf. (LJós) ber það á mig, að ég fari með rangt mál um það, hvernig umræddum sprengingum lauk. Ég hef notað matartímann til að fletta því upp, og er rétt hjá honum, að það voru viðræður og gagnkvæmar yfirlýsingar allt vorið og sumarið 1958 milli Bulganins, Eisenhowers og annarra, en Bandaríkjamenn sprengdu síðustu sprengju sína í október. 29. okt. byrjaði í Genf fundur beggja aðila um þessi mál, 1. nóv. og 3. nóv. sprengdu Rússar stórar vetnissprengjur. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Þetta er rétt, flett upp eftir prentuðum heimildum, svo að það fer ekki milli mála. (**Gripið fram í:** Það er ekki allt satt, sem er á prenti.) Ætli það sé ekki á prenti, sem hv. 4. þm. Austf. hefur fundið þetta? Eða hringdi hann upp í Túngötu til að spyrja um það?

Ég vil aðeins segja þetta að lokum: Úr því að form. þingflokks Alþb. er búinn að lýsa svo afdráttarlaust yfir, að hann sé á móti kjarnorkusprengingum eins og þeim, sem Rússar hafa gert undanfarið, vill hann þá gefa okkur yfirlýsingu um, að hann muni í kvöld senda skeyti til fulltrúa Sósfl. á flokksþingi kommúnista í Moskvu og skýra þeim frá þeirri afstöðu, sem formaðurinn hefur tekið hér á Alþ.? Vill hann sem form. þingflokks Alþb. fela þessum fulltrúum sínum að lýsa yfir við 22. þing rússneska kommúnistaflokksins í Moskvu, hver þessi afstaða sé? Megum við sjá á þennan einfalda hátt, hvort honum er alvara eða ekki? Vill hann fela þeim að lýsa yfir þessari afstöðu? Þar mundi reyna á, hvort honum er alvara eða ekki.

Ég fæ ekki skilið hin löngu ræðuhöld hv. þm., því að mest af því, sem hann hefur sagt, felst í þeirri till., sem við höfum flutt, stendur skýrt í seinni hluta hennar, að við mótmælum og heimtum, að öll ríki geri samkomulag um að hætta öllum kjarnorkusprengingum. Það er ekki hægt á sterkari hátt að heimta, að öll ríki hætti sprengingum. Og það gildir um alla jafnt. En jafnskjótt og hv. þm. lýsir yfir, að hann vilji samþykkja fyrsta hlutann, ef honum sé breytt, þá kemur þetta: En er nokkur nauðsyn, það voru hans orð, að nefna Sovétríkin? Auðvitað vil ég **gera það, en er nokkur** nauðsyn? (Gripið fram í.) Hann kemur alltaf að því aftur og aftur, að hann er að reyna að fara í kringum málið, að fá formbreytingar, svo að svipurinn á þessu verði annar. En tilefnið til fyrri hlutans liggur fyrir, eins og er margyfirlýst. Það tilefni er slíkt, að þingmenn geta ekki gengið fram hjá því. Seinni hlutinn er hin almenna yfirlýsing um okkar stefnu, sem gildir um allar þjóðir jafnt. Það, sem hv. þm. er að flytja, eru ekkert nema útúrsnúningar. Ef hann hefur þá stefnu, sem hann segist hafa, er enginn vandi fyrir hann að greiða till. atkv. eins og hún er og vera ekki með neina vafninga.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ekki fæ ég nú almennilega skilið það, hvers vegna jafnmikill stillingarmaður og hv. 5. þm. Vesturl. kemst í ofsa og æsing yfir því, að hann er um það spurður, hvort hann gæti ekki hugsað sér þá breytingu á hans tillögu, að hún lýsti allsherjarafstöðu Alþingis gegn öllum kjarnorkusprengjum og sprengingum, hvar sem þær væru gerðar. Þetta orkar á hann eins og kjarnorkusprengja og hann splundrast bara. Það er alveg ástæðulaust. Það er fyllilega frambærilegt, að menn séu um það spurðir, sem eru miklir áhugamenn um það að binda endi á ógnþrungnar kjarnorkusprengingar Sovétríkjanna, hvort þeir gætu ekki hugsað sér að standa að viðbótartillögu um það, að jafnframt því, sem kjarnorkusprengingar Sovétríkjanna væru skýrum orðum fordæmdar, væri það einnig tekið fram, að Alþingi Íslendinga hefði sömu afstöðu gegn hvers konar sprengingum sama eðlis.

Hv. frsm., 2. flm. till., segir, að það sé alveg vandalaust fyrir menn að samþykkja þessa till. óbreytta. Það er nú lítið lýðræði í því. Menn eiga rétt á því að gera grein fyrir sínum skoðunum og túlka blæbrigði þeirra í tillöguformi, og það höfum við Alþb.-menn ákveðið að gera. Við höfum báðir, hv. 4. þm. Austf. og ég, í dag gert grein fyrir okkar afstöðu og boðað, að við mundum flytja brtt. við þá till., sem hér er til umr., en fallast á hana að meginstofni. Í henni eru, eins og ég sagði í dag, þrjú efnisatriði, en við mundum óska að bæta tveimur efnisatriðum við, svo að afstaða Alþingis væri ekki með því

brennimarki, að við værum að fylkja okkur í hóp annarrar fylkingar kjarnorkuveldanna, heldur værum að taka allsherjarafstöðu gegn öllum tilraunum með kjarnorkusprengjur. Þessi brtt., sem er flutt af hv. 4. þm. Austf. og mér, er á þá leið, að upphaf till. orðist aftur að orðunum „að hætta nú þegar," — þingmenn hafa till. fyrir framan sig, — að upphafsorð till. aftur að orðunum „að hætta nú þegar" verði svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að mótmæla eindregið öllum kjarnorkusprengingum, þar með talið sprengingu Sovétríkjanna á risakjarnorkusprengju, og skorar á kjarnorkuveldin" — og síðan till. óbreytt út.

Þá leggjum við enn fremur til, og verður það b-liður okkar till., að aftan við till. bætist:

„Alþingi lýsir enn fremur yfir því, að það muni aldrei leyfa staðsetningu neins konar kjarnorkuvopna á Íslandi né að slíkum vopnum verði nokkurn tíma beitt frá stöðvum hér á landi."

Þriðji liður tillögu okkar er um fyrirsögnina, að hún verði á þessa leið: „Till. til þál. um mótmæli gegn kjarnorkusprengingum Sovétríkjanna og annarra kjarnorkuvelda."

Ef það mót von minni stendur upp á stjórnarflokkana að samþykkja þessar viðbætur og breytingar á tillögunni, þá er hér um að ræða einhverja agenta aðra en fyrir heimskommúnismann.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 63) leyfð og samþ. með 45 shlj. atkv.

Fellt að vísa till. til utanrmn. með 29:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, HV, KGuðj, LJós, AGl, BjörnJ, EðS, EOl, FRV, GeirG.

nei: GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, MJ, MÁM, ÓB, SvE, PS, RH, SÁ, SI, JKs, AGb, AuA, BGr, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, FS.

HS, HermJ, IG, JSk, KK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB. BFB, BP, EystJ, GíslG greiddu ekki atkv.

5 þm. (HÁ, KJJ, HH, BK, EmJ) fjarstaddir.

Brtt. 63,a felld með 45:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AGl, BjörnJ, EðS, EOl, FRV, GeirG, GJóh, HV, KGuðj, LJós.

nei: SkG, ÞÞ, AGb, AuA, ÁÞ, ÁB, BGr, BBen, BGuðm, BFB, BP, EggÞ, EI, EystJ, GíslG, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, HS, HermJ, IngJ, IG, JóhH, JÁ, JSk, JÞ, EinS, JR, KK, MJ, MÁM, ÓB, ÓlJ, SvE, PÞ, PS, RH, SÁ, SI, JKs, SE, FS.

5 þm. (HH, BK, EmJ, HÁ KJJ) fjarstaddir.

Brtt. 63,b felld með 30:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GeirG, GíslG, GJóh, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KGuðj, KK, LJós.

nei: MJ, MÁM, ÓB, SvE, PS, RH, SÁ, SI, JKs, AGb, AuA, BGr, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, FS.

4 þm. (HH, BK, HÁ, KJJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Svo sem fram hefur komið í umr. og marglýst hefur verið yfir, eru engin kjarnorkuvopn geymd á Íslandi og ekki komið til greina, að þau yrðu hér. Af þeirri ástæðu er flutningur þessarar tillögu ástæðulaus. Hins vegar yrði samþykkt hennar nú skilin þannig, sem hún væri gerð undir áhrifum hótunar þeirrar, sem felst í helsprengjunni, og kemur það ekki til greina af minni hálfu, að Alþingi geri samþykkt, sem þannig yrði skilin.

Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GíslG, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, HS, HV, HermJ, IngJ, IG, JóhH, JÁ, JSk, JÞ, EinS, JR, KK, MJ, MÁM, ÓB, ÓlJ, SvE, PÞ, PS, RH, SÁ, SI, JKs, SE, SkG, ÞÞ, AGb, AGl, AuA, ÁÞ, ÁB, BGr, BBen, BGuðm, BFB, BP, EggÞ, EI, EmJ, EystJ, FRV, FS.

GJóh, KGuðj, LJós, BjörnJ, EðS, EOl, GeirG greiddu ekki atkv.

4 þm. (HÁ, KJJ, HH, BK) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Með því að felldar hafa verið þær brtt., sem af Alþýðubandalagsins hálfu hafa verið lagðar fram og fara í þá átt að fordæma allar kjarnorkusprengingar án tillits til þess, hver framkvæmir þær, og einnig hefur verið hafnað, að Alþingi lýsi yfir, að Ísland verði ekki notað sem bækistöð kjarnorkuvopna, hafa þeir, sem að þál. þessari standa, fullkomlega leitt í ljós, að með flutningi hennar vakir aðeins fyrir þeim áróður, en ekki barátta gegn kjarnorkusprengingum eða kjarnorkuvopnum. Því sé ég ekki ástæðu til að taka frekari þátt í afgreiðslu málsins hér á þingi og greiði því ekki atkvæði.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þrátt fyrir það, að brtt. þær, sem Alþb. hefur lagt fram og fara í þá átt að fordæma allar kjarnorkusprengingar, án tillits til þess, hver framkvæmir þær, hafa verið felldar, og einnig hefur verið hafnað, að Alþingi lýsi því yfir, að Ísland verði ekki notað sem bækistöð kjarnorkuvopna, og þeir, sem að þáltill. þessari standa, hafa þannig fullkomlega leitt það í ljós, að með flutningi hennar vakir aðeins fyrir þeim áróður, en ekki barátta gegn kjarnorkusprengingum og kjarnorkuvopnum, greiði ég samt atkv. með þessari till. óbreyttri og segi já.

Alfreð Gíslason læknir: Eftir að felld hefur verið brtt. um mótmæli gegn öllum kjarnorkusprengingum, án alls tillits til, hvaða þjóð stendur fyrir þeim, og eftir að felld hefur verið tillaga um, að aðstaða til flutnings eða varðveizlu kjarnorkuvopna verði aldrei leyfð hér á landi, þá er það augljóst orðið, að framkomin tillaga er ekki flutt af hreinum hvötum, heldur dylst þar að baki annarlegur tilgangur, sem sé sá að ala á úlfúð í stað þess að stilla til friðar. Þetta ber að víta harðlega, einkum þegar um jafnalvarlegt mál er að ræða sem hér. Ég var og er hlynntur því, að Alþingi mótmæli kjarnorku-

sprengingum og skori á stórveldin að hætta þeim að fullu, og ég er það án tillits til þess, hver þjóðin er, sem í hlut á. Rússar hafa nú um tíma staðið að stórfelldum kjarnorkusprengingum, og því hlýt ég að taka undir áskorun til þeirra um að hætta þeim gráa leik. Þótt græska þeirra, sem að till. standa, sé nú augljós orðin, breytir það ekki því, að ég er henni efnislega sammála, svo langt sem hún nær, og því segi ég já.

Finnbogi R. Valdimarsson: Hér er um það að ræða að samþykkja yfirlýsingu af hálfu Alþingis í nafni þjóðarinnar um afstöðu Íslendinga til alvarlegasta stórmáls, sem liggur fyrir öllu mannkyni á vorum dögum, og til þeirrar hörmulegu þróunar mála, sem stærstu stórveldi heimsins eiga sameiginlega sök á. Slíkt stórmál er af hálfu meiri hluta Alþingis neitað að ræða í þingnefnd og afgreiða þannig á venjulegan þinglegan hátt. Felldar hafa verið brtt. þingmanna Alþb., sem stefndu að því, að Alþingi gæti einhuga staðið að yfirlýsingu um mótmæli gegn kjarnorkusprengingum Sovétríkjanna sem annarra kjarnorkustórvelda, og að því, að Ísland verði aldrei notað sem kjarnorkuherstöð. Í þessu felst einnig yfirlýsing, — yfirlýsing, sem mun verða tekið eftir, ekki aðeins meðal íslenzku þjóðarinnar, heldur af miklu fleirum. En meiri hl. Alþ. ber einn ábyrgð á þeirri yfirlýsingu. Þrátt fyrir þetta, sem sýnir ljóslega, hvað vakir fyrst og fremst fyrir flm. þessarar till. og hv. þingmeirihl., og þótt till., eins og hún er flutt og eins og hún liggur fyrir, sé að mínum dómi bæði einstrengingslega og illa orðuð, þá vil ég undirstrika það, að ég er hvenær sem er reiðubúinn til að mótmæla hverri kjarnorkusprengingu, sem framkvæmd er í heiminum, af hverjum og hvar sem hún er gerð, og segi því já.

Brtt. 63,c kom ekki til atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 49 shlj. atkv., og viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EggÞ, EI, EmJ, EystJ, FRV, GíslG, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, HS, HV, HermJ, IngJ, IG, JóhH, JÁ, JSk, JÞ, EinS, JR, KK, MJ, MÁM, ÓB, ÓlJ, SvE, PÞ, PS, RH, SÁ, SI, JKs, SE, SkG, ÞÞ, AGb, AGl, AuA, ÁÞ, ÁB, BGr, BBen, BGuðm, BFB, BP, FS.
EOl, GeirG, GJóh, KGuðj, LJós, BjörnJ, EðS greiddu ekki atkv.
4 þm. (HÁ, KJJ, HH, BK) fjarstaddir.
Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 64).

2. Samkomulag um aðstöðu Færeyinga til handfæraveiða við Ísland.

Á deildafundum 31. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi um aðstöðu Færeyinga til handfæraveiða við Ísland [53. mál] (A. 69).

Á 11. fundi í Sþ., 1. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 13. og 15. fundi í Sþ., 8. og 15. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Sþ., 22. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Skömmu eftir að fiskveiðilögsagan var færð út haustið 1958, hreyfði danska ríkisstj. því við ríkisstj. Íslands, að Færeyingum yrði leyft að stunda veiðar með handfæri innan 12 mílna fiskveiðilögsögunnar og upp að þeim mörkum, sem þeir höfðu gert fyrir 1. sept. 1958. Vegna þess að ágreiningurinn við Breta út af fiskveiðilögsögunni var óleystur, var þetta mál látið bíða. En strax eftir að samkomulag hafði orðið við Breta, tóku Danir málið upp á ný. Ríkisstj. taldi rétt að fallast á, að Færeyingar skyldu hafa heimild til þess að stunda fiskveiðar innan íslenzku fiskveiðilögsögunnar með handfæri með sömu takmörkunum og íslenzkir togarar hefðu heimild til að stunda þar veiðar með botnvörpu. Umr. um þetta mál voru teknar upp á s. l. sumri við sendinefnd Færeyinga, sem hér var, og vildi ríkisstj. fyrir sitt leyti fallast á, að sérstakt samkomulag yrði gert við Færeyinga. Málið var borið undir utanrmn., og skýrði ég þar frá því, að það væri till. ríkisstj., að Færeyingum yrði heimilað að halda áfram handfæraveiðum við Ísland innan 12 mílna fiskveiðilögsögunnar á sömu svæðum og sömu tímum og íslenzkum togurum er heimilt að veiða þar með botnvörpu, auk þess sem þeir mættu stunda veiðar í kringum Kolbeinsey á svæðinu milli 4 og 8 mílna. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Færeyingar hafa um mjög langt skeið stundað hér handfæraveiðar, og er ekki nokkur vafi á því, að þessar veiðar þeirra eru mjög þýðingarlitlar og virðast ekki hafa nein hættuleg eða skaðleg áhrif fyrir fiskigengd við Ísland. Ríkisstj. gerði því þetta samkomulag við Færeyinga með meðmælum meiri hl. utanrmn. og leggur til, að það verði nú staðfest hér á hv. Alþingi.
Mér þykir rétt, að um þetta mál sé höfð sama afgreiðsla og málið hér á undan, að umr. um það verði frestað og því vísað til utanrmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til utanrmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 19. fundi í Sþ., 6. des., var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 69, n. 163).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Um aldir sóttu ýmsar erlendar þjóðir til handfærafiskveiða á Íslandsmið. Um langan aldur stóðu þar fremstir í fylkingu Frakkar, Danir og Færey-

ingar. Standa hér á landi enn all mörg ummerki sem tákn þess tíma, einkum þó frá því er Frakkar stunduðu þær veiðar hér í stórum stíl. Eftir því, sem útgerðin tók tæknina meira í sína þjónustu, samfara breyttri fiskveiðilöggjöf Íslendinga, fór þeim mjög fækkandi, sem sendu skip sín til handfæraveiða á Íslandsmið. Þó héldu Færeyingar þessum ferðum sínum til Íslands með handfæri áfram og halda enn. Eiga þeir enn allmörg skip, sem henta bezt til slíkra veiða, en flest eru þau af eldri tegund, og fer þeim þó árlega fækkandi. Er því aðeins hér um tímaspursmál að ræða og eigi langt þar til sá floti er allur úr sér genginn og ófær til langferða yfir úfin höf.

Handfæraveiðar hafa enn verulega þýðingu fyrir lífsafkomu Færeyinga. eða svo lengi sem þeir hafa ekki að öllu leyti skipt yfir til nýrri veiðiaðferða, en sjávarútvegur er, sem kunnugt er, höfuðatvinnuvegur þeirra. Þetta viðurkenndu Íslendingar, er þeir veittu Færeyingum sérstaka heimild til handfæraveiða innan hinnar fornu lögsögu, en heimild þessi féll úr gildi í árslok 1947. Nú, þegar fiskveiðilögsagan hefur verið flutt úr 3 sjómílum í 12 mílur, er þrengt mjög að þessum höfuðatvinnuvegi fámennrar og fátækrar þjóðar, sem allt líf sitt á undir því að afla sér bjargar úr djúpum hafsins. Það kom því engum á óvart, er danska ríkisstj. fór þess á leit á s. l. sumri, að teknar yrðu upp viðræður við íslenzku ríkisstj. um réttindi Færeyinga til handfæraveiða innan lögsögu Íslands. Hófust um þetta mál samræður á milli þessara aðila í júlímánuði s. l., sem lauk með því samkomulagi, sem birt er hér með till. sem fskj. á þskj. 69.

Með því að mál þetta hefur eigi verið tekið til meðferðar fyrr á þessu þingi, er nú stendur yfir, þykir rétt að gera hér nokkra grein fyrir því, sem felst í þessu samkomulagi.

Það er þá fyrst, að skipum, sem skrásett eru í Færeyjum, er heimilt að stunda handfæraveiðar innan fiskveiðilögsögu Íslands á svæðum þeim og árstímum, sem íslenzkum skipum er heimilt að veiða með botnvörpu eða flotvörpu samkv. 1. gr. reglugerðar nr. 87 frá 29. ágúst 1958 og reglugerð nr. 4 frá 11. marz 1961.

Í öðru lagi: skipum, sem skrásett eru í Færeyjum, er auk þess heimilt að stunda handfæraveiðar á svæðinu milli 4 og 8 mílna innan fiskveiðilögsögu Íslands við Kolbeinsey.

Samkomulagi þessu getur hvor aðili um sig sagt upp með 6 mánaða fyrirvara.

Þetta er innihald samningsins allt og ekkert annað um það að segja.

Áður en gengið var frá þessu samkomulagi, hafði ríkisstj. borið málið undir utanrmn. Var það tekið fyrir á fundi í nefndinni hinn 25. júlí s. l. Meiri hluti nefndarinnar, Gísli Jónsson, Jóhann Hafstein, Birgir Kjaran og Emil Jónsson, vildi heimila ríkisstj. að undirrita þá þegar samkomulagið, eins og það er skráð á fskj., sem ég þegar hef lýst. En minni hlutinn, Hermann Jónasson og Finnbogi R. Valdimarsson, var því andvígur og taldi, að fresta bæri undirskrift samningsins, þar til Alþingi fengi tækifæri til þess að ræða málið. Bar þó eigi að skilja þessa afstöðu þannig, að þeir væru efnislega á móti því, að Færeyingum yrði leyft að veiða á handfæri á þessum slóðum innan lögsögunnar og á þeim tímum, sem fram er tekið í samkomulaginu. Þórarinn Þórarinsson var eigi mættur á fundinum né heldur varamaður hans.

Þótt málið hafi þannig áður verið borið undir utanrmn., þótti rétt að vísa því á ný til hennar, er það nú lá fyrir Alþingi til afgreiðslu. Hefur nefndin tekið málið fyrir á ný og rætt það og leggur einróma til, að þáltill. á þskj. 69 verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 170).

3. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis.

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var útbýtt:
Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar [117. mál] (A. 215).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til einnar umr.
Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þessi till. til þál. er þess efnis, að Alþingi álykti að veita samþykki sitt til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 19. des. 1961 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 1. febr. 1962.

Nú horfir svo um afgreiðslu fjárlaga, að 3. umr. getur farið fram á mánudag, og má því gera hlé á fundum Alþingis fyrri hluta næstu viku, væntanlega 19. eða 20. þ. m. Í stjórnarskránni er svo ákveðið, að forseti Íslands geti frestað fundum Alþingis, en þó ekki lengur en 2 vikur í senn, án þess að samþykki Alþingis komi til. Án samþykkis þingsins yrði Alþingi því að koma saman 2. eða 3. janúar, ef frestað yrði 19. eða 20. Ríkisstj. þykir rétt að hafa þennan frest nú nokkru lengri, eða allt að 1. febr. Hins vegar er rétt að taka það fram, að ef ríkisstj. þykir tilefni til að kalla þing saman að nýju til fundar fyrr, þá mun það að sjálfsögðu verða gert.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Framsfl. er mótfallinn þessari þáttill. um frestun funda Alþingis allt til 1. febr., ef ríkisstj. sýnist svo.

Og rökin fyrir því eru á þessa leið í örstuttu máli:

Vegna bátaútvegsins þarf að breyta brbl. ríkisstj. frá því í sumar um álögur á útveginn, eins og ríkisstj. hefur sjálf viðurkennt og heitið.

Lausaskuldamál landbúnaðarins eru í sjálfheldu og aðkallandi að breyta brbl. frá í sumar sem skjótast og lögfesta nýja skipan, en það mál hefur verið látið bíða í Nd. vikum saman.

Þá eru málefni togaranna þannig vaxin, að brýna nauðsyn ber til, að Alþingi sé með í ráðum, hvað gert verður í þeim, og þá ekki síst þar sem til athugunar er samkvæmt yfirlýsingum ríkisstj., hvort auka skuli rétt til togveiða í landhelginni.

Af þessum og raunar fleiri ástæðum telur Framsfl., að veita beri einungis stutt jólaleyfi og taka til aftur sem skjótast upp úr áramótum.

Flokkurinn er því, eins og nú er ástatt, mótfallinn því að gefa ríkisstj. heimild til að hafa langt þinghlé og opna um leið möguleika fyrir ríkisstj. með þessari þáltill. til þess að gefa út brbl. að vild sinni í miðju þinghaldinu, í stað þess að Alþ. haldi áfram störfum með stuttu jólahléi.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í ræðu þeirri, sem hæstv. fjmrh. flutti áðan, sagði hann, að 3. umr. um frv. til fjárlaga fyrir 1962 ætti að geta farið fram hér í Sþ. næsta mánudag. Ég vil vekja athygli á í þessu sambandi, að þm. hafa enn ekki fengið fjárlagafrv. eins og það er nú eftir 2. umr., en ég tel ekki fært að hefja 3. umr. um frv., án þess að þm. hafi átt þess kost að sjá, hvernig frv. er eftir 2. umr., og þeim hafi gefizt nokkur tími til þess að athuga það og til þess, ef þeim sýnist svo, að gera brtt., en þær er ekki hægt að gera nema hafa frv. í þeirri mynd, sem það er eftir 2. umr. Ég vildi því spyrja í tilefni af þessum orðum ráðherrans, hvort þess væri von, að frv. yrði útbýtt nú í dag eða á morgun, á laugardag, ef haldinn yrði fundur til þess, en síðar má það ekki vera, að við fáum frv., til þess að hægt sé að hafa 3. umr. um það á mánudag.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á það hefur verið lögð áherzla við ríkisprentsmiðjuna að hraða svo prentun fjárlagafrv., að útbýta mætti því á morgun. Fyrirætlanir um 3. umr. fjárlaga á mánudag byggjast á því. Ef svo færi á móti von, að ekki yrði hægt að útbýta frv. fyrr en á mánudag, tel ég óhjákvæmilegt að fresta 3. umr. til þriðjudags.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 29:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JóhH, JÁ, JÞ. JP, JR, KJJ, MJ, ÓB, SvE, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, GÞG, FS,

nei: HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EystJ, GíslG.

KGuðj, LJós, BjörnJ, FRV, GJóh greiddu ekki atkv.

8 þm. (MÁM, AGl, BBen, BGuðm, EðS, EOl, GeirG, GÍG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33:11 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 232).

4. Kjör fulltrúa í Norðurlandaráð.

Á 25. fundi í Sþ., 15. des., var útbýtt:

Till. til þál. um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð [120. mál] (A. 225).

Á 26. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 39 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 27. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til einnar umr.

Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 41 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á Alþingi 1952—53 var ákveðið að ganga í Norðurlandaráð. Á því sama Alþingi var samþykkt þál., þann 29. jan. 1953, um hversu haga skyldi kosningu fulltrúa og varafulltrúa á Alþingi í Norðurlandaráð, en í reglum þess er svo ákveðið, að af Íslands hálfu skuli kosnir fimm fulltrúar og fimm varafulltrúar. Með þessari þál. var ákveðið, að deildir Alþingis skyldu kjósa þessa fulltrúa, Ed. tvo og Nd. þrjá aðalfulltrúa, og sami háttur hafður á um kjör varafulltrúa. Þessi skipan hefur verið höfð síðan. Nú er hins vegar svo háttað um flestar kosningar á Alþingi, að þær fara fram í sameinuðu þingi, og þykir ríkisstj. rétt að leggja til, að sami háttur verði einnig hafður á nú og hér eftir varðandi kosningu í Norðurlandaráð. Þessi till., sem hér liggur fyrir, er því þess efnis, að Alþingi álykti að kjósa í sameinuðu þingi á hverju reglulegu Alþingi, í fyrsta sinn nú þegar, úr hópi þingmanna fimm fulltrúa og fimm varafulltrúa í Norðurlandaráð. Kosningin gildir til eins árs í senn, eins og verið hefur, eða þangað til kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi. Ég vænti þess, að hv. alþm. geti fallizt á þessa breytingu.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 233).

5. Átta stunda vinnudagur verkafólks.

Á deildafundum 27. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ráðstafanir til að koma á 8 stunda vinnudegi verkafólks [94. mál] (A. 144).

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Sþ., 6. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt þremur þm. Alþb. till. til þál. þess efnis, að Alþingi kjósi 5 manna mþn. til þess að athuga, á hvern hátt verði með mestum árangri unnið að því að koma á átta stunda vinnudegi verkafólks. Skal nefndin, ef kosin verður, framkvæma athugun á lengd vinnutíma verkafólks, eins og hann er nú, og á áhrifum hans á heilsufar, vinnuþrek og afköst og á hag atvinnurekstrar og gera tillögur á grundvelli þessara athugana: í fyrsta lagi um lögfestingu 8 stunda vinnudags í þeim starfsgreinum, sem fært þykir, í öðru lagi um almennar breytingar á gildandi lagaákvæðum um hvíldartíma verkafólks og í þriðja lagi leiðbeinandi tillögur um hugsanlegar breytingar á vinnutilhögun og rekstrarfyrirkomulagi, sem líklegar þættu og æskilegar sem samningsgrundvöllur milli stéttarfélaga og atvinnurekenda um styttingu vinnudags án skerðingar á heildarlaunum.

Með þessari till. er gripið á margþættu máli, sem sjálfsagt geta verið skiptar skoðanir um í ýmsum atriðum. En þó hygg ég, að allir ættu að geta orðið sammála um það, að hóflegur vinnudagur sé æskilegur, a. m. k. ef finnanlegar eru leiðir til þess að koma honum á, án þess að þjóðfélagið í heild biði efnahagslegan skaða af eða án þess að atvinnurekstur lamist að nokkru og án þess að laun þau, sem verkafólk ber úr býtum, þurfi að skerðast. Í öðru lagi ættu allir að geta orðið sammála um það, að nokkrar skyldur hvíli á löggjafarvaldinu í því efni að tryggja þeim, sem selja vinnu sína, visst lágmark hvíldar og hindra ofþjökun þeirra, enda hafa þær skyldur fyrir löngu verið viðurkenndar í raun, svo sem með vökulögunum, lögum um lágmarkshvíldartíma verkamanna og með orlofslöggjöfinni, og fleira mætti þar raunar tilgreina.

Sú till., sem hér er flutt, byggist fyrst og fremst á þessum tveim mikilsverðu málsatriðum. Það er skoðun okkar flm., að brýn nauðsyn sé á því orðin að athuga svo vel sem verða má, hvort sá langi vinnudagur, sem íslenzkt verkafólk býr nú almennt við, sé ekki a. m. k. oft og tíðum skaðlegur bæði atvinnulífinu og þjóðfélaginu í heild í efnahagslegu tilliti, jafnframt því sem hann að sjálfsögðu bæði skerðir og skemmir möguleika mikils hluta þjóðarinnar til menningarlegra lifnaðarhátta. Ef þær athuganir, sem till. okkar gerir ráð fyrir, leiddu til slíkrar sameiginlegrar niðurstöðu, virðist einsætt, að löggjafarvaldinu beri að fjalla um þessi mál, og kæmi þá hvort tveggja til greina: bein afskipti í formi lagasetningar og einnig aðstoð við hagsmunasamtök verkafólks og atvinnurekenda við að leysa þann vanda, sem um er að ræða.

Í till. okkar er miðað við það sem takmark að koma á 8 stunda vinnudegi verkafólks, og verður ekki sagt, að það mark sé hærra en efni standa til, þegar litið er til samanburðar við aðrar þjóðir. Það mun sannast mála, að 8 stunda vinnudagur er nú viðurkenndur í öllum menningarlöndum sem hámark hins hæfilega, og víða er almennur vinnudagur mun styttri og þá sérstaklega í hinum þróaðri iðnaðarlöndum, bæði í austri og vestri. Verkalýðshreyfing allra landa stefnir nú að því með baráttu sinni og telur það eitt af sínum höfuðverkefnum að fá vinnudag styttan enn meira, og mjög víða t. d. í Vestur-Evrópu er 40—44 stunda vinnuvika orðin að dagskrár- og baráttumáli vinnustéttanna, þar sem hún hefur ekki þegar komizt á. Í sósíalísku löndunum er markvisst stefnt að styttingu vinnudags og þjóðhagsáætlanir byggðar á öruggri þróun í þá átt. En meðan vaxandi tækni og þar af leiðandi vaxandi framleiðslugeta hefur eflt verkalýðshreyfingu víðast um heim til þess að gera 8 stundir að staðreynd og sækja fram til nýrra markmiða í þeim efnum, hefur farið svo, að hér á landi hefur síður en svo horft til réttrar áttar nú síðustu áratugina og þó sjaldan verr en nú. 8 stunda vinnudagur er að vísu viðurkenndur í orði, þannig að almennir kjarasamningar stéttarfélaga eru miðaðir við hann og í einstöku starfsgreinum jafnvel við styttri vinnudag. En þetta er aðeins í orði, a. m. k. þegar eftirspurn er svo mikil eftir vinnuafli, að ekki er um verulegt atvinnuleysi að ræða.

Allt bendir til þess, m. a. skattaframtöl, að á síðustu árum sé meðalvinnutími verkamanna, iðnlærðra sem óiðnlærðra, um eða yfir 10 eða 11 stundir á dag að meðaltali. Og þegar þess er svo gætt, að allvíða er ekki um mikla yfirvinnu að ræða og jafnvel árstíðabundið atvinnuleysi sums staðar, þá sést glöggt, að hjá mjög mörgum er vinnudagurinn svo langur, að ekkert hóf er á og að ekki er sambærilegt við vinnuhætti meðal neinna annarra menningarþjóða. Fyrir verkafólkið, sem býr við þennan langa vinnudag, verða afleiðingar hans margvíslegar og allar til tjóns að mínu viti, — og til slíks tjóns, sem verður ekki bætt með neinum öðrum hætti en með því að skera fyrir rætur meinsins. Að sjálfsögðu eru það tekjurnar af yfirvinnunni, sem freista verkamanna til þess að láta undan ásókn atvinnurekenda eftir vinnuafli þeirra á eðlilegum hvíldartíma, og fyrir mörgum er þó látlaus yfirvinna hrein nauðung, sem menn verða að sæta, ef þeir eiga að halda atvinnu sinni. Allir verða að fylgjast með, hvað sem líður aldri, heilsu og líkamsþreki. Hinn fjárhagslegi hagnaður fyrir verkafólkið er þó vafalaust að langmestu leyti blekking, ef allt er tekið með í reikninginn, og kemur þar margt til. Í fyrsta lagi er auðsætt, að mikil yfirvinna, sem atvinnurekendur greiða hærra verð fyrir en aðra vinnu, rýrir möguleika þeirra til þess að greiða lífvænleg laun fyrir hóflegan vinnutíma og skapar þannig aukna tregðu atvinnurekenda til þess að mæta kröfum í þá átt. Afköst fara að sjálfsögðu minnkandi miðað við vinnutímaeiningu við lengri vinnu-

dag, og það verkar enn sem hvatning til þess að halda launum niðri. Miklu algengara er það áreiðanlega en menn almennt gera sér grein fyrir, að menn bíði varanlegt heilsutjón og stytti starfsævi sína stórkostlega með því að ganga fram af sér við vinnu. Einnig þar er því um hreint fjárhagsatriði að ræða, þótt ekki séu tekin til greina þau mannlegu verðmæti, sem fara forgörðum. Það er naumast tilviljun, að meðalaldur dagvinnumanna mun vera styttri en flestra annarra starfsstétta.

En mikilvægari en allt það, sem beint verður til fjár metið, er þó sú staðreynd, að þeir, sem búa við óhóflega langan vinnudag, neyðast til þess að afsala sér eðlilegri og nauðsynlegri þátttöku í menningar- og félagslífi, jafnvel að verulegu leyti eðlilegu fjölskyldulífi. Þeir verða að gefa stritinu einu allt starfsþrek sitt og nær allan sinn tíma, sem þeir þarfnast ekki til svefns, og er þó oft og iðulega einnig á þann tíma gengið, jafnvel mánuðum og árum saman. Þess eru jafnvel dæmi, að börn innan fermingaraldurs eru látin vinna meiri hluta sólarhringsins við erfiðisvinnu samfellt í heilar vertíðir, og má þá nærri fara um þá tillitssemi, sem sýnd er þeim, sem fullþroska eru, varðandi vinnutímann.

Ég held, að tæpast geti leikið vafi á, að óhæfilega langur vinnudagur sé mönnum jafnháskalegur bæði andlega og líkamlega, vil ég segja, sem hæfileg vinna er hverjum manni uppspretta hreysti og hamingju, ef rétt er á haldið. 11—16 stunda vinnudagur var e. t. v. ill nauðsyn, meðan við urðum að sveitast blóðinu við að erja landið og afla sjávarfanga með litlu fullkomnari tækjum en forfeður okkar höfðu notazt við aftur í aldir, en hann ætti að vera jafnfráleitur á okkar dögum og framleiðslutæki þeirra tíma.

Það kann að vera skoðun einhverra, að efnaleg afkoma þjóðarinnar í heild sé enn mjög háð því, að okkar verkafólk vinni lengri tíma á degi hverjum en starfsbræður þess í öðrum löndum, og ekki verður fyrir það synjað, að í sérstökum tilvikum, svo sem miklum aflahrotum, geti mikil verðmæti verið í húfi, ef ekki er lögð nótt við dag við að bjarga sjávarafla frá skemmdum. En þetta haggar ekki þeirri vissu, að sé langvarandi ofreynsla lögð á menn, lætur vinnuþrekið á sjá. Áhugi og starfsgleði slævist og afköst minnka stórkostlega. Það eru því meira en sterkar líkur fyrir því, að sjaldnast svari heildarafköst og verðmætasköpun til lengdar vinnutímans og reynist jafnvel í heild minni en við hæfilegan vinnudag, þrátt fyrir þær fórnir í mannlegum verðmætum, sem færðar eru, og þær renni því ekki neinum stoðum undir bætta afkomu.

Eins og við flm. víkjum nánar að í grg. með þáltill. okkar, berast því böndin að þeirri niðurstöðu, að hinn langi vinnudagur íslenzks verkafólks sé í raun réttri ekki hagkvæmur atvinnulífi okkar, þegar á allt er litið, og þá ekki heldur þjóðfélaginu í heild sinni og enn sízt verkafólkinu sjálfu. Það virðist því fullkomlega ómaksins vert að kanna það til þeirrar hlítar, sem unnt er, hvort þessir aðilar allir geta ekki fundið sameiginlegan grundvöll til þess að vinna á að úrbótum á því ástandi, sem nú ríkir í þessum efnum og ég tel að sé til stórrar vansæmdar fyrir þjóðina alla, en tillaga okkar gengur einmitt í þá átt. Það getur tæpast verið tilviljun einskær, að t. d. þær þjóðir, sem búa við líkust atvinnuskilyrði og við, ekki síður en aðrar, hafa fyrir löngu bætt sína vinnumenningu í miklu ríkara mæli en við, þótt þær hafi ekki yfirleitt yfir meiri tækni að ráða, og að þar hefur mótazt jafnt hjá atvinnurekendum sem verkafólki fordæming á þeirri lausn til að nýta framleiðslutækin að lengja almennan vinnudag, hvort sem um er að ræða í bráð eða lengd. Við hljótum einnig á næstu tímum að leita til þess annarra og hagkvæmari leiða, ef við kjósum ekki að verða til frambúðar að eins konar heimsviðundri að þessu leyti. Þar hljóta fyrst og fremst að koma til greina bætt skipulag vinnubragða og atvinnurekstrar yfirleitt, bæði rekstrarfyrirkomulag og skipulögð nýting þess vinnuafls, sem við höfum yfir að ráða. Því fer að vísu fjarri, að við flm. þessarar till. teljum, að kosning slíkrar nefndar til að framkvæma þær athuganir, sem till. okkar gerir ráð fyrir, og til þess að gera till. til úrbóta, sé einhver allsherjarlausn á því vandamáli, sem hér er um að ræða. En hitt er von okkar, að hún geti orðið til verulegs gagns og stuðlað að því, að hagsmunasamtök verkafólks og atvinnurekenda verði færari eftir en áður til að ná samkomulagi um raunhæfar aðgerðir í þá átt að skapa hér á landi vinnumenningu, sem verði sambærileg við það, sem gerist með öðrum menningarþjóðum.

Ég læt svo að lokum í ljós þá von, að þessi till. hljóti stuðning bæði atvinnurekenda og samtaka verkafólks, ef eftir áliti þeirra yrði leitað, og hljóti skjóta og góða afgreiðslu hér á hv. Alþingi. Ég vil leyfa mér að leggja til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þó að ég ætli ekki að mæla með samþykkt þessarar þáltill., eins og hún liggur hér fyrir, þá tel ég þó, að í henni séu ýmis atriði, sem vel séu þess verð, að þau séu rædd nokkru nánar. Á ég þar helzt við þá ábendingu um að koma á samstarfi milli launþega eða verkafólks og atvinnurekenda um bætt vinnuskilyrði og breyttar aðferðir til þess að ná betri launagreiðslum til handa verkamönnum fyrir þeirra störf. Ég tel mjög æskilegt, ef það væri hægt að koma hér á lögbundnum 8 stunda vinnudegi, ef afkoma atvinnuveganna væri á þann hátt, að hún leyfði slíkt. En í því sambandi er vissulega margt að athuga. Ég held, að það sé ekki ofsagt, þó að því sé haldið fram, að Íslendingar almennt og þar með launastéttirnar að sjálfsögðu einnig búi að mörgu leyti við betri skilyrði en almennt gerist í nágrannalöndum okkar og hjá þeim þjóðum, sem við helzt miðum okkar aðstæður við. Húsnæði almennt mun hér vera rýmra miðað við teningsmetra á hvern íbúa og heimili almennt búin betri tækjum en er í okkar nágrannalöndum, sem við, eins og ég sagði áðan, helzt miðum okkar aðstöðu við. Þetta útheimtir að sjálfsögðu það, að menn verða að hafa hærri tekjur til þess að skapa sér slíka aðstöðu og til þess að halda henni við. Þetta hefur gerzt hér á landi með því, að menn hafa tekið á sig lengri vinnudag en 8 stund-

ir og þannig getað byggt sér þessa aðstöðu og búið við hana. Það má vel vera rétt, að þetta sé ekki það, sem stefna beri að, og er ég alveg á því. En þetta er hins vegar staðreynd, að þetta hefur gerzt hér, og þannig hafa launastéttirnar að mínu áliti að mörgu leyti byggt sér betri aðstöðu en annars staðar er. En þeir, sem búa við betri skilyrði, hljóta að krefjast hærri launa. Og þegar á það er litið, að það er staðreynd, sem þýðir ekki neitt að mæla á móti nú í dag, að atvinnuvegirnir og sá atvinnuvegur helzt, sem stærstur er, sjávarútvegur og fiskiðnaður, þolir ekki hærri launagreiðslur en nú eru, eins og aðstæður eru allar, er það skoðun mín, að það megi bæta þarna mjög verulega úr og á þann hátt bæta aðstöðu og laun verkafólks. Möguleikarnir eru að mínu áliti þarna fyrir hendi, en til þess þarf að fara fram gerbreyting á aðstöðu við framleiðsluna frá því, sem nú er.

En það, sem ég hef helzt út á þessa till. að setja, er, að það er gert ráð fyrir þingskipaðri nefnd til þess að ráða fram úr þessum málum. Ég tel það mjög eðlilegt og tel það eðlilegast og líklegast til árangurs, að þarna væri um frjálsa samninga að ræða á milli fulltrúa verkamanna og fulltrúa atvinnurekenda, því að ef svo er ekki, þá er ég hræddur um, að niðurstöður þingskipaðrar nefndar yrðu ekki jákvæðar. Við fiskframleiðsluna mun það komið á í okkar nágrannalöndum, að hún er að mjög verulegu leyti unnin í ákvæðisvinnu, en ekki tímavinnu. Ég hef af því sannar spurnir, að hjá Norðmönnum mun þetta vera komið mjög vel á veg, og þar telja menn, bæði verkafólk og atvinnurekendur, þetta mjög hagkvæmt og að þeim muni ekki detta í hug, hvorugum þessara aðila, að hverfa frá því. Þá er það einnig, að við munum vera mjög á eftir með nýtingu í fiskiðnaðinum, miðað við Norðurlandaþjóðirnar, og er það atriði, sem einnig með breyttu fyrirkomulagi, með ákvæðisvinnu mætti laga, og hafa komið fram hugmyndir um það atriði í sambandi við ákvæðisvinnu, að hún yrði því betur borguð, því betri nýtingu sem hver og einn skilaði við það verk, sem hann ynni að. Ef þetta væri grundvöllurinn undir fiskiðnaðinum, þá er ég sannfærður um, að það mætti bæta laun þess verkafólks, sem í þessari iðngrein vinnur, allverulega. En mér er ekki um annað kunnugt en fram að þessu hafi allar áþreifingar frá hendi atvinnurekenda strandað á tortryggni frá forsvarsmönnum verkalýðsfélaganna. Þeir hafa látið í ljós, að þeir óttuðust, að með þessu ætti að fara að kaupskerða fólk í staðinn fyrir að bæta þess hag. Ef þessi skoðun er hins vegar rétt, eins og kemur fram í þessari till., þá tel ég það mjög vel farið og trúi á, að það megi bæta hag verkafólks einmitt á þessu grundvallaratriði, að breyta vinnufyrirkomulaginu hjá þessari iðngrein. En til þess þarf að vera fullt og einlægt samstarf á milli þessara aðila, og það verður ekki, nema það sé byggt upp af frjálsum vilja og frjálsum samtökum frá þeim báðum. Og það er það, eins og ég sagði áðan, sem ég tel kannske mest athugavert við till., að það er gert ráð fyrir, að það eigi að skipa þingskipaða nefnd til þess að ræða um þessi mál.

Það er nú náttúrlega margt annað, sem að er hjá okkur í þessari atvinnugrein og öðrum. Það er staðreynd, að atvinnuvegir okkar nú síðasta hálfa áratuginn hafa byggzt upp ört og með óhagkvæmum og stuttum lánum og hafa ekki verið þess umkomnir af þeim orsökum að greiða eins hátt kaup og mætti gera, hefði þetta þróazt eðlilega um áratuga skeið, eins og víðast hefur verið á Norðurlöndum. Hjá bátaflotanum við fiskveiðarnar má segja, að það sé nokkuð svipað ástatt í þessum efnum. Þar hefur þróunin einnig orðið — ég vil segja óeðlilega ör. Flotinn hefur verið endurbyggður á mjög skömmum tíma, einum áratug eða hálfum öðrum, og ekki einungis að hann hafi verið endurbyggður, heldur hefur hann verið stóraukinn og búinn mjög verulega miklum mun betri tækjum en áður var. Þetta hefur að sjálfsögðu kostað mikið fé fyrir þessa atvinnugrein, en gerir henni örðugra að standa undir háum kaupgreiðslum en annars væri mögulegt, hefði þetta þróazt á eðlilegri hátt og við betri skilyrði, þó að það skuli viðurkennt, að vélbátaflotinn hefur við sína uppbyggingu haft betri aðstöðu til hagkvæmra lána, þar sem er um fiskveiðasjóð að ræða og þann stuðning, sem hann hefur veitt. En í þessu sambandi verður ekki hjá því komizt að gera sér grein fyrir því, að einmitt nú hin síðustu ár hefur þróunin orðið sú, að bátar hafa orðið að leggja stórfé, jafnvel milljónir á bát, til þess að auka við tæki, sem krafizt er að þeir hafi, og til þess að breyta sínum veiðarfærum, þar sem um nýjar veiðiaðferðir og nýjar atvinnugreinar er fyrir þá að ræða, bæði í sambandi við sumarsíldveiðar, í sambandi við haustsíldveiðar og í sambandi við breytingu á netum úr hampi yfir í nælonnet. En ég held, að ef vel á að fara, þá verði einnig að verða grundvallarbreyting á rekstri bátanna, þannig að rekstrarfyrirkomulagið sjálft, hvað snertir skiptingu afla milli útgerðarmanna og sjómanna, verði einnig að færast í það sama horf og það er alls staðar á Norðurlöndum, bæði í Noregi, Danmörku og Svíþjóð, að skipshöfnin taki að nokkru leyti þátt í vissum greinum útgerðarkostnaðarins. Það þykir kannske skrýtið að halda því fram, að með því móti væri hægt að bæta kjör sjómanna, en það er þó svo, að þetta liggur nokkuð augljóst fyrir, enda reynsla fyrir því hjá þeim þjóðum, sem ég hef hér minnzt á, að með því móti mætti hækka nettóútkomu bátanna, þó að aflamagn ekki ykist kannske eða jafnvel drægist eitthvað saman.

Ástandið hjá okkur í dag í þessum málum er það, að útgerðarmenn einir bera allan útgerðarkostnaðinn. Skipshöfnin er þar ekki þátttakandi að neinu leyti. Þetta hefur leitt til þess, að það hefur átt sér stað -- ég vil segja jafnvel í sumum tilfellum sóun verðmæta í sambandi við veiðarfæranotkun, og eru það að sjálfsögðu ekki nema eðlileg og mannleg viðbrögð, þegar þess er gætt, að hlutur sjómanna, sem á bátunum eru, miðast við brúttótekjur af því, sem inn kemur, — þá er ekki nema eðlilegt og mannlegt, að þeir freistist til þess að nota eins mikið af veiðarfærum og þeir á annað borð treysta sér til að ráða við og kannske jafnvel meira. Það gefur þeim von um meiri tekjur, þó að hins vegar mæði á útgerð-

inni, að sá afli, sem þannig er veiddur, svari ekki tilkostnaði. Ég þekki vel þess dæmi, að bátar, sem hafa verið með jafnvel einna mestan afla, hafa að lokinni vetrarvertíð átt einna erfiðast að gera upp við mannskapinn, þar sem þeirra veiðarfærakostnaður um vetrarvertíðina hefur orðið óeðlilegur og hefur tekið svo stóran hlut af brúttóverðmæti aflans, að það hefur valdið beinum örðugleikum, þó að þeir væru með mun hærri afla en aðrir bátar. Í þessu sambandi er rétt að koma inn á það, sem ég veit ekki, hvort menn almennt hafa gert sér grein fyrir, en einmitt þetta atriði, að það er aðeins hagur annars aðilans, að sem mestur brúttóafli komi inn á vélbátana, burt séð frá tilkostnaði, það hefur leitt að nokkru leyti til verra hráefnis en annars hefði orðið. Á ég þar aðallega við veiðar í þorskanet. Ég tel ekki, að þetta þurfi neinnar skýringar við. Það liggur alveg í augum uppi, að ef ekki er gætt hófs í því að hafa ekki meiri veiðarfæri en hægt er að ráða við með eðlilegum hætti, og það er hagur annars aðilans, þá leiðir þetta sjálfsagt til þess, að þetta verður notað óeðlilega og meira en fjárhagslega er hagkvæmt, og hefur leitt til verra hráefnis, eins og ég sagði, og tel ég það kannske eina af höfuðástæðunum fyrir því, hvernig netaveiðar á undanförnum árum hafa komið út, og því miður, þar hefur það farið versnandi frekar en batnandi.

Ef litið er á þessi mál í heild, litið á þá staðreynd, að Íslendingar eiga nú atvinnutæki, sem fullnægja þeim að öllu leyti atvinnulega séð, að við þessi tæki, sem þjóðin á, getur hver einasti vinnufær maður haft atvinnu, ef þau eru í gangi, og ætti að geta haft af þeim nægilega lífsafkomu, miðað við eðlilegan vinnutíma, að ef þar væri allt með felldu, þá er það aðeins það, sem ég tel að þurfi fyrst og fremst að athuga, hvernig eðlilegt og hægt sé að reka þessi tæki og hvernig hægt sé að skipta því aflaverðmæti, sem þau afla og framleiða, á þann veg, að báðir aðilar hafi þar hag af. Ég er sannfærður um, að ef það er einlægur vilji á bak við hjá báðum aðilum, bæði verkamönnum og atvinnurekendum, þá megi framkvæma þetta og þá muni takast að ná þeirri samstöðu um þessi mál, sem nauðsynleg er og ég tel að sé grundvallaratriði í þessu sambandi.

Ef við yrðum svo lánsöm, að þetta tækist, þá er ég sannfærður um, að það yrði þjóðinni allri til hagsældar, launamönnum ekki síður en atvinnurekendum.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil taka undir með þeim tveim hv. þm., sem hér hafa talað, að hér er um mjög merkilegt mál að ræða. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að þessi till. er fram komin, og ekki sízt yfir því, að hún skuli vera flutt af þeim hv. þm., sem eru flytjendur þessarar tillögu. Það er sjálfsagt að athuga einstök atriði hennar í nefnd, eins og þingsköp ætlast til, en meginstefnan, sem vísað er til með þessari till., er að mínu viti alveg rétt, og ég vil fullyrða, að hér sé vikið að merkilegustu og framkvæmanlegustu kjarabót, sem nú er hægt að fá fyrir verkamenn hér á landi.

Eins og hv. 1. flm. gat um, þá er það ljóst, m. a. af skattaframtölum, sem hann vitnaði til, að vinnutími er hér mjög langur. Í þeim deilum, sem orðið hafa hér á þingi út af kauphækkunum á s. l. sumri, var annars vegar vitnað til þess, að ókleift væri að lifa á lágmarkskaupi því, sem hér var í gildi fyrri hluta þessa árs. Þetta var út af fyrir sig ekki vefengt varðandi fjölskyldufólk, en þá hins vegar bent á, að almenningstekjur væru miklu hærri en sem þessu lágmarkskaupi svaraði. Sumpart var það vegna þess, að aðrir taxtar voru í gildi fyrir mikinn hluta vinnunnar heldur en þessir lágmarkstaxtar, en einnig hitt og ekki síður, að vinnutími var miklu lengri en svaraði 8 tímum. Það er óvefengjanlegt.

Sannfæring mín er sú, og það er engin einkasannfæring mín, heldur hygg ég, að það sé viðurkennd, ef svo má segja, vísindaleg staðreynd, að afköst vinnunnar aukist ekki með löngum vinnutíma, sem samsvari lengingu tímans fram yfir 8 tíma, að sá maður, sem vinnur venjulega vinnudaga 8 tíma á dag og vinnur vel, hann leggi svo mikið af mörkum, að það muni ekki fást viðbót við hans afköst með langvarandi og stöðugri framlengingu vinnutímans. Ef hægt væri að koma á þeirri skipan, að vinnutími yrði 8 tímar með samsvarandi árskaupi og menn hafa nú, þá mundi verða tryggt, að menn hefðu sæmilega lífvænlegar tekjur, eftir því sem hægt er að búast við, án þess að þurfa að ganga fram af sér og eyða starfsorku sinni á þann veg, sem hv. flm. að mínu viti gerði alveg rétta grein fyrir, að menn eyða mjög sér til óhollustu með stöðugum löngum vinnutíma og þrældómi, — þrældómi, sem kemur ekki þeim sjálfum að gagni á þann veg, að þeir afkasti meira, og þá ekki heldur vinnuveitandanum. Þetta er viðurkennd staðreynd annars staðar, og þær þjóðir, sem lengst eru komnar í vinnuafköstum og bezt hafa lífskjörin, hafa þess vegna stuttan vinnutíma, 48 stundir á viku, sumar eru að færa sig þar niður fyrir, farið að tala um miklu styttri raunverulegan vinnutíma og meira að segja sums staðar kominn á. Það er einnig athyglisvert, að ráðunautur launþegasamtaka, sem kom hingað á s. l. ári frá einu Norðurlandanna, benti á, að aðalkjaramunurinn milli íslenzks verkafólks og verkafólks annars staðar á Norðurlöndum væri ekki varðandi heildarlaun, heldur í því, að Íslendingar þyrftu að vinna lengur fyrir þeim heildarlaunum, sem þeir fengju, heldur en annars staðar væri.

Það er víst, að úr því að aðrar þjóðir hafa getað náð svo góðum árangri í þessum efnum sem raun ber vitni, þá eiga Íslendingar einnig að geta gert það. Ákvæðisvinna hefur þar mjög mikla þýðingu, betri vinnutilhögun að öðru leyti hefur einnig mjög mikla þýðingu, og aðstoð löggjafarvaldsins getur einnig ráðið miklu um þetta. Ég tel, að það sé ákaflega mikið áunnið, ef menn geti í raun og veru sameinazt um að reyna að leysa þetta vandamál og þar með komizt úr þeirri ófrjóu baráttu og kaupstreitu, sem um of hefur einkennt deilur vinnuveitenda og verkamanna á undanförnum árum. Ég tel þessa þáltill. vitni þess, að flytjendur hennar hafi á þessu skilning og vilji rétta fram hönd sína, til þess að þarna sé leitað raunhæfra úrræða, og fagna þess vegna eindregið, að till. er fram komin, og vil stuðla að því, að hún fái í megin-

atriðum greiðan framgang á þessu þingi, helzt sem allra fyrst.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 13. des., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Sþ., s. d., var fram haldið fyrri umr. um till.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Sþ., 18. des., var till. tekin til síðari umr. (A. 144, n. 226).

Frsm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar þáltill. um ráðstafanir til að koma á átta stunda vinnudegi verkafólks. Nefndin ræddi till. á tveimur fundum og er sammála um að mæla með samþykkt hennar með lítils háttar orðalagsbreytingum. Meiri hl. n. taldi ekki ástæðu til að vísa till. til umsagnar aðila utanþings, þar sem þeirri nefnd, sem kosin yrði, ef till. verður samþykkt, og tæki við málinu, er samkvæmt *henni beinlínis falið að kalla sér* til ráðuneytis þá aðila. sem lagt var til í allshn. að þáltill. fengju til umsagnar.

Brtt. allshn. um orðalag þáltill. felast í því, að lagt er til, að fyrsta setning tillögugreinarinnar orðist svo:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að rannsaka, á hvern hátt verði með mestum árangri komið á átta stunda vinnudegi meðal verkafólks," — í stað þess, sem í till. hljóðar þannig: „Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að rannsaka, á hvern hátt verði með mestum árangri unnið að því að koma á átta stunda vinnudegi meðal verkafólks."

Hér er því lagt til, að nokkru fastar verði að orði kveðið.

Þá hefur það orðið að samkomulagi í nefndinni, að í stað setningar, sem í till. hljóðar þannig: „Skal nefndin á grundvelli þessara athugana gera tillögur um lögfestingu átta stunda vinnudags sem hámarksvinnutíma í þeim atvinnugreinum, sem fært þykir, og endurskoða gildandi laga-ákvæði um lágmarkshvíldartíma verkafólks," komi: „Nefndin skal enn fremur gera tillögur um, hvernig löggjafinn geti stuðlað að ákvörðun um eðlilegan hámarksvinnutíma."

Varðandi orðalag í brtt. nefndarinnar, þar sem getið er um eðlilegan hámarksvinnutíma, er þess að geta, að bæði í fyrirsögn þáltill. og í upphafi tillgr. er hámarksvinnutími verkafólks miðaður við átta stunda vinnudag.

Að öðru leyti en því, sem hér hefur verið rakið, auk breytinga á orðaröð, *sem af því leiðir,* leggur nefndin til, að till. verði samþ. óbreytt.

Svo ánægjulega hefur farið, að um mál þetta, þ. e. a. s. till. um, að skipuð verði sérstök nefnd til að rannsaka, á hvern hátt verði með beztum árangri komið á átta stunda vinnudegi meðal verkafólks án skerðingar heildarlauna, hefur orðið svo mikill samhugur þm. úr andstæðum flokkum, að fátítt er. Áhugi er fyrir því, að málinu verði hraðað og þáltill. afgr. fyrir þinghlé, svo að nefndin verði sem fyrst skipuð.

Tel ég fyrir mitt leyti ekki ástæðu til að rekja efni till. eða ástæðurnar, sem eru til flutnings hennar, enda var það ýtarlega gert við 1. umr. Nú er mjög tekið að líða að þinghléi. Mun ég því ekki stuðla að því að vekja umr. um málið, en leyfi mér aðeins að lokum að bera fram þá ósk, að árangur af störfum þeirrar nefndar, sem kosin verður, ef tilllagan hlýtur samþykki, megi verða sem mestur verkafólki og þjóðinni allri til hagsbóta og að störf nefndarinnar megi markast af sama samkomulagsvilja og samstarfsvilja, sem einkennt hefur meðferð þessa máls á hv. Alþingi.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Við fyrri umr. þessa máls stóðu hér upp tveir þm., hæstv. forsrh. og hv. 3. þm. Sunnl., og fögnuðu því, að þessi till. væri fram borin. Ég vil taka undir orð þeirra og fagna því, að þessi till. er fram komin, og mun ég aðeins víkja að því síðar. En út af orðum, sem féllu hjá 3. þm. Sunnl. við fyrri umr. þessa máls, vil ég, að það komi hér fram, að það mál, er hann minntist á, þátttaka sjómanna í útgerðar- eða rekstrarkostnaði fiskiskipa, þetta *hefur þekkzt hér hjá okkur á Íslandi fyrir nokkrum árum,* en því miður sáu sjómenn sér ekki annað fært en að hætta þessari þátttöku, ekki vegna þess, að þeim þætti ekki rétt, að þeir tækju þátt í þessum kostnaði, heldur vegna hins, að við þetta fyrirkomulag fór svo margt á milli mála reikningslega séð, svo að ekki séu fleiri orð um það höfð, að þeim þótti ógerlegt að búa við þau skipti, er þeir menn, sem höfðu með reikningshaldið að gera, höfðu upp á að bjóða. Ég vil að gefnu tilefni, að þetta komi fram.

En út af þessari till. sé ég sérstaka ástæðu til þess að fagna henni, einfaldlega vegna þess, að ég kannast nokkuð við efni hennar. Þannig stóð á, að á síðasta Alþýðusambandsþingi skiptist að venju það þing í tvo hluta, minni hl. og *meiri* hl. *Minni* hl., sem var skipaður þeim mönnum, sem eru kallaðir lýðræðissinnar, flutti fram ákveðnar tillögur, sem ég einmitt sé í þessari tillögu að hafa vakið þó nokkra athygli, því að þáltill. á þskj. 144 flytja fjórir hv. þm., sem allir áttu sæti á síðasta Alþýðusambandsþingi. En á því sama þingi greiddu þeir atkv. gegn öllum tillögum, sem minni hl. bar fram. Bent var á í formála eða byrjun þessara tillagna minni hl., hvaða höfuðþætti ætti að leggja áherzlu á í sambandi við væntanlegar kjarabætur og kröfur íslenzks verkalýðs. Þá komu fram í seinni hluta eða miðhluta ákveðnar tillögur um það, hvernig ætti að ná þessu marki, og með leyfi hæstv. forseta, þá vil ég draga þær hér fram.

Í *fyrsta lagi, undir gr. 1,* var talið æskilegt, að hafin yrði skipulögð starfsemi, er stefndi að því að auka hagkvæmni í íslenzku atvinnulífi í þeim tilgangi að örva framleiðslustarfsemina, auka og bæta framleiðsluna, nýta betur vinnuafl, hráefni og fjármagn. Tryggt yrði, að framleiðsluaukningin leiddi til raunverulegra kjara-

bóta fyrir launþega og þeim yrði fenginn réttur til íhlutunar um rekstur og stjórn atvinnutækja.

Í öðru lagi, að tekin yrði upp ákvæðisvinna í öllum þeim starfsgreinum, þar sem slíkt hentaði. Þar sem eigi væri unnt að koma við ákvæðisvinnu, yrði verkamönnum tryggt fast vikukaup í stað tímakaups, eftir því sem við yrði komið.

Í þriðja lagi, að almenn vinnuvika yrði 44 klukkustundir í stað 48 án skerðingar á kaupi, enda yrðu jafnframt gerðar ráðstafanir til, að stytting vinnuvikunnar leiddi ekki til minnkandi framleiðslu.

Þetta eru þrjár fyrstu tillögurnar, sem ég minntist á hér að framan. Og þegar hv. þdm. lesa svo þá till., sem liggur hér frammi á þskj. 144, mun að sjálfsögðu engan undra, þó að ég mæli mjög fast með því, að þessi þáltill. verði samþykkt.

Ég fagna því mjög, að þessir menn, sem fyrir nokkrum mánuðum greiddu atkv. á móti tillögum okkar á Alþýðusambandsþingi, skuli nú flytja tillögu sama efnis hér á hv. Alþingi um, að þetta mikilsverða mál fyrir íslenzka launþega nái fram að ganga. Og ég vona og vænti þess, að þessi till., eins og hún kom fram frá hv. allshn., eigi stuðning allra hér á þinginu og nái fram að ganga.

ATKVGR.

Brtt. 226 (ný tillgr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 254).

6. Námskeið til tæknifræðimenntunar.

Á 12. fundi í Sþ., 6. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um undirbúningsnámskeið til tæknifræðimenntunar [61. mál] (A. 78).

Á 13. fundi í Sþ., 8. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17. fundi í Sþ., 22. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 78 till. til þál. um undirbúningsnámskeið til tæknifræðimenntunar fyrir iðnaðarmenn, sem hyggja á slíkt nám heima eða erlendis. Eins og skýrt er frá í grg. till., hafa með stóraukinni tækni í þágu atvinnuveganna að sama skapi aukizt þarfir fyrir sérhæfni og sérmenntun fólks til hinna ýmsu starfa. Við þessar auknu kröfur samtíðarinnar hefur komið í ljós, að nokkur eyða er í þessum efnum hvað menntunarskilyrði okkar snertir. Við eigum að vísu vel menntaða verkfræðinga, sem hafa margir hverjir gegnt störfum sínum á þann hátt, að vart verður á betra kosið, og hlotið heima og erlendis nauðsynlegan undirbúning til starfans í löngu og erfiðu námi. Ágæti þessara háskólamenntuðu manna má m. a. ráða af því, að auðugar stórþjóðir keppast nú um að fá þá til starfa í sínum heimahögum. Sama máli gegnir um iðnaðarmenn okkar. Þeir munu standast samjöfnuð við starfsbræður sína erlendis, sem hlotið hafa hliðstæða menntun. Þarna í milli hefur reynslan sýnt okkur að er bil, sem nauðsynlegt er að brúa. Á allra síðustu árum hefur þó miðað nokkuð í rétta átt í þessum efnum með tilkomu aukins hóps tæknifræðinga, sem velflestir eru iðnaðarmenn, sem aflað hafa sér framhaldsmenntunar erlendis. Nú munu vera á milli 90 og 100 tæknifræðingar starfandi og um 40, sem enn þá eru við nám erlendis. Þessum hóp til viðbótar hafa um 50 látið skrá sig sem hafandi áhuga á því að komast í slíkt tæknifræðinám.

Af þessum lauslegu tölum má nokkuð ráða um áhuga manna á þessu námi. Þá vaknar eðlilega sú spurning í hugum manna, hvort nauðsynlegt sé að auka þennan hóp svo ört vegna íslenzkra þarfa. Á Norðurlöndum mun algengast, að starfandi séu 3—5 tæknifræðingar á móti hverjum háskólalærðum verkfræðingi. Hér á landi munu verkfræðingar vera nálægt 300 talsins eða rúmlega það. Með svipuðum hlutföllum ætti þörfin hér á landi því að vera frá 900—1500 tæknifræðingar.

Þótt þessar tölur væru ekki lagðar til grundvallar, er sýnilega stóraukin þörf fyrir þessa menntun manna til starfs hér á landi, og er talið vægt í farið, þó að sagt sé, að á næsta áratug verði árleg þörf íslenzkra atvinnugreina ekki minna en 25—30 tæknifræðingar. Samkvæmt gögnum, sem ég hef haft undir höndum um slíka skóla, t. d. í Danmörku, er skólahaldið mjög kostnaðarsamt, þrátt fyrir það að námstíminn er styttur svo sem frekast er kostur á. Áhöld og tæki, sem nauðsynleg eru talin við tæknifræðiskólana, eru mjög dýr og þurfa tíðrar endurnýjunar við í samræmi við hinar hraðfleygu tækniframfarir nútímans. — Af framantöldum ástæðum má ætla, að nokkur bið geti á því orðið, að fullkominn tækniskóli komist á fót hér á landi, þó að sjálfsagt verði það framtíðin, og a. m. k. er vonandi, að svo geti orðið.

Hæstv. núv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, skipaði fyrir hálfu öðru ári nefnd til þess að athuga um möguleika á undirbúningi og stofnun slíks tækniskóla, og situr sú nefnd enn á rökstólum og hefur skilað fyrri hluta álits síns, en athugun varðandi tækniskólann mun ekki lokið. Menntmrh. hefur mjög lagt að nefndinni að hraða störfum svo sem frekast væri kostur, enda er hann mikill áhugamaður um þessi mál.

Ég skýrði frá því áðan, að tæknifræðinámið væri tekið á eins skömmum tíma og mögulegt er. Af þessu hlýzt það aftur, að inntökupróf og námið sjálft er mjög strangt. Í þrjú ár er nánast hver einasta stund ásetin frá morgni til kvölds, ef allt gengur að óskum. Góðir námsmenn hafa tjáð mér, að þar dugi ekkert minna en að öll yfirráðanleg orka sé notuð til hins ýtrasta, ef standast eigi tilskilin próf. Á námstímanum er einnig ekki möguleg nein eigin vinna til fjár-

hagslegs léttis við námið. Miklu máli skiptir því, að allur undirbúningur námsins sé svo góður sem verða má. Meðan slíkt nám verður að stunda erlendis, sem ætla verður að ekki breytist í allra næstu framtíð, þótt ekki væri nema kostnaðarins vegna, er nauðsynlegt að stofna til undirbúningsnámskeiða eða eins konar forskóla, þar sem áhugamenn um nám þetta geta undirbúið væntanlegt tæknifræðinám og reynt sjálfir hæfileika sína, áður en lagt er til hins mikla stofn- og rekstrarkostnaðar, sem vart er nú talinn undir 60—70 þús. ísl. kr. á ári á hvern mann.

Um nauðsyn þessa undirbúnings hér heima, áður en lagt er til námsins sjálfs erlendis, má færa ýmis fleiri rök, sem of langt yrði upp að telja. En aðeins sem dæmi um hið stranga nám má nefna, að prósenta fallinna nemanda, það er þeirra, sem standast ekki tilskilin próf og þá sérstaklega inntökuprófin í slíkum skólum, hefur komizt upp í allt að 75%, og ekki er óalgengt, að sú tala sé 35—45% nemenda. Flest þessi mistök eða misheppnuðu áform er talið að rekja megi til ónógs undirbúnings. Jafnvel örlítið meiri málakunnátta við lestur hinna 80 námsbóka hefði getað bjargað frá falli eða forðað lengingu námstímans og komið í veg fyrir, að viðkomandi verði jafnvel að hætta námi. Tæknifræðimenntun svo og öll hliðstæð menntun krefst þess, að sífelld endurnýjun og viðhald námsins sé viðhaft með því að fylgjast vel með því, sem bezt gerist í þessum efnum á þeim stöðum í heiminum, sem slíkar framkvæmdir eru beztar og eru að gerast. Bæta má úr þessu með lestri góðra bóka um þessi efni. En það haldbezta verður áreiðanlega að vera á staðnum sjálfur. Þetta á ekki hvað sízt við, meðan á námstímanum sjálfum stendur. Að því munu menn lengi búa. Enginn, sem með þessum málum fylgist, efast nú lengur um nauðsyn þess fyrir íslenzkt athafnalíf, að fjöldi tæknifræðinga verði aukinn, og um áhugann á náminu vitna fyrrnefndar tölur. Sem fámennri þjóð er okkur mikil nauðsyn á, að sem allra flestir, er til þessa náms leggja, komi heim fullnuma á sem skemmstum mögulegum tíma. Till. þessi er flutt til þess að tryggja svo sem verða má, að svo geti orðið.

Herra forseti. Ég óska þess, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég tel till. þessa fjalla um mjög athyglisvert mál og vil hvetja til þess, að nefnd veiti henni sérstaka athygli og afgreiði hana á þessu þingi.

Í þessu sambandi vil ég láta þess getið, að menntmrn. hefur undanfarið, eins og raunar kom fram hjá hv. flm. till., haft tæknimenntunarmálin til sérstakrar athugunar. Það er mjög eindregin skoðun mín, að eitt brýnasta verkefni, sem fyrir hendi sé nú í íslenzkum menntamálum, sé að gera stórt og myndarlegt átak til þess að bæta tæknimenntun þjóðarinnar. Mjög mikið skortir á, að til sé í landinu nægur fjöldi tæknifræðinga eða iðnfræðinga, nægur fjöldi manna, sem hafi þá tæknimenntun, sem almennt er látin í té í tækniskólum erlendis. Þær athuganir, sem gerðar hafa verið á þessu máli á vegum menntmrn., leiða í ljós, að í hópi þeirra manna, sem um þessi mál mega teljast sérfróðir, eru uppi aðallega tvennar mjög ólíkar skoðanir á því, hvernig bezt sé að taka á þessum vanda, hvernig bezt sé að ráða bót á skortinum á tæknimenntuðum mönnum. Annars vegar er sú skoðun, að koma eigi hér sem fyrst upp íslenzkum tækniskóla, sem miði starf sitt við það fyrst og fremst að mennta menn í þeim tæknigreinum, sem sérstök þörf sé fyrir hér á landi, og miða þá fræðsluna fyrst og fremst við íslenzka staðhætti, þarfir íslenzkra fyrirtækja. Hins vegar er sú skoðun, að bæði stofnkostnaður og rekstrarkostnaður slíks skóla sé, ef hann eigi að vera fullkominn, eins og hann þarf að vera, svo mikill, að engin tök séu á því fyrir Íslendinga, eins og sakir standa, að ráða við það fjárhagslega. Það, sem því eigi að gera, sé að stuðla að því að skipuleggja það beinlínis, að ungir Íslendingar geti átt kost á því að sækja erlenda tækniskóla, en hafa hér undirbúningsnámskeið, eins konar undirbúningsskóla eða forskóla, til þess að tryggja það, að nemendurnir komist inn á erlendu skólana og geti lokið þaðan námi á hæfilegum tíma. Um þessi tvö ólíku sjónarmið hafa þegar farið fram allvíðtækar umr., en um niðurstöðu er ekki enn að ræða. Þó vona ég og tel raunar, að ekki megi dragast mjög lengi úr þessu, að ákvörðun verði tekin um það, hvaða meginstefnu verði fylgt í þessu máli, því að það hefur að sjálfsögðu grundvallarþýðingu fyrir málið í framtíðinni, hvaða meginstefna verður tekin, hvort við stefnum að því að koma upp íslenzkum tækniskóla eða hvort við ætlum okkur að fylgja hinni stefnunni, að láta mennta tæknifræðinga okkar enn um sinn erlendis. Ef það verður ofan á, þá er augljóst mál, eins og þessi tillaga fjallar um, að koma verður á fót hér einhvers konar undirbúningsnámi, einhvers konar undirbúningsnámskeiðum, til þess að gera þeim ungu mönnum, sem í slíkt nám vilja fara, auðveldara að gera það og tryggja betri árangur af námi þeirra en raun hefur orðið á undanfarið.

Í þessu sambandi vil ég enn fremur geta þess, að undanfarið hefur farið fram athugun eða endurskoðun á starfi Vélskóla Íslands, sem gegnir í þessu sambandi allmikilvægu hlutverki, og held ég, að óhætt sé að segja, að ríkisstj. muni nú fyrir þetta þing leggja fram frv. um breytingu á starfstilhögun vélskólans, þannig að opnuð verði leið inn í vélskólann úr verknámsdeildum gagnfræðaskólanna, og að þeir menn, sem kjósa að fara þá leið í vélfræðinámið, öðlist jafnframt skilyrði eða rétt til þess að taka sveinspróf og hljóta iðnréttindi. Ef frv. um þetta yrði samþykkt, má segja, að mjög mikil aukning yrði á starfsemi vélskólans, og í henni fælist þá mikilvægt átak til þess að bæta úr þeim mikla skorti, sem hefur verið hér undanfarið og er enn á vélstjórum.

Ég vil einnig láta þess getið, að lög og reglur um iðnskólann, um iðnfræðsluna, eru nú í endurskoðun, og er hér í raun og veru líka um þátt í sama máli að ræða. Enn fremur stendur til að gefa meisturum kost á auknu sérnámi, og má segja, að þar stefni einnig í sömu átt.

Ég tel rétt að láta þessa getið til þess að undir-

strika það, að ég tel hér vera hreyft mjög mikilvægu máli, og vil endurtaka þau tilmæli mín til hv. nefndar, sem fær það til meðferðar, að hún veiti því verðuga athygli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 7. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 78, n. 346, 347).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Tæknimenntaðir menn eru flestir annaðhvort verkfræðingar eða tæknifræðingar. Verkfræðingar ljúka menntaskóla, stúdentsprófi, og ganga undir langt nám í háskólum. Tæknifræðingar ljúka iðnnámi með iðnskólum, en fara að því loknu í sérstaka tækniskóla og ljúka þar tæknifræðinámi, venjulega á 3—4 árum. Verkfræðingar hafa yfirleitt nokkru meiri menntun, og verkefni þeirra eru frekar skapandi eðlis. Þeir undirbúa og teikna ný mannvirki. Tæknifræðingar hafa oft þau verkefni að stjórna framkvæmd eða framleiðslu.

Talið er, að þjóðfélag, sem stendur á svipuðu tæknistigi og Íslendingar, þurfi að hafa tvo tæknifræðinga á móti hverjum verkfræðingi. Hér á landi eru nú um 300 starfandi verkfræðingar, mun vera nokkuð yfir 300 manns í Verkfræðingafélaginu. Hins vegar er sagt, að hér séu innan við 100 tæknifræðingar. Ef við ættum að fylgja því hlutfalli, sem virðist talið nauðsynlegt, að hafa tvo tæknifræðinga fyrir hvern verkfræðing, ættu Íslendingar að hafa í dag 600—700 tæknifræðinga. Af þessu verður ljóst, að hér skortir mjög á, að þjóðin hafi fullnægjandi kost starfsmanna á mikilvægu sviði. Verkfræðingafélag Íslands hefur gengið svo langt í grg. til allshn., sem prentuð er sem fskj. á þskj. 346, að fullyrða, að frá stríðslokum hafi Íslendingar dregizt svo mjög og með vaxandi hraða aftur úr nágrannaþjóðum á sviði verkmenningar, að í mjög alvarlegt óefni virðist komið.

Hér er fram komin frá hv. 10. þm. Reykv. till., sem er einungis um það, að ríkisvaldið gangist fyrir námskeiðum til að aðstoða þá iðnaðarmenn, sem vilja sækja sér tæknifræðimenntun til annarra landa. Þá menntun er ekki hægt að fá hér á landi. Reynsla hefur sýnt, að marga iðnaðarmenn, sem fýsir að afla sér þessarar menntunar annars staðar, skortir ýmislegt, t. d. hvað málakunnáttu snertir og önnur grundvallaratriði, til að ná inntökuprófum. Þessir menn hafa því tapað hálfu og heilu ári við að búa sig undir inntökupróf í tæknifræðiskóla í nágrannalöndunum. Hugmynd flm. er sú að spara þeim þennan tíma með námskeiðum hér heima og fá einnig fram á slíkum námskeiðum, hvort þeir menn, sem hafa áhuga á þessu námi, hafa raunverulega getu til að leggja það fyrir sig.

Allshn. hefur rætt ýtarlega um þetta mál, fengið greinargerðir og umsagnir frá fjórum aðilum og fengið stjórn Tæknifræðingafélags Íslands á sinn fund til að ræða málið. Nefndin hefur orðið sammála um að útvíkka till. verulega og setja inn í hana áskorun Alþingis á ríkisstj. um að láta athuga, á hvern hátt heppilegast verði að koma fyrir hérlendis tæknifræðikennslu fyrir iðnaðarmenn, og kanna í því tilefni, hvort unnt sé að annast þessa kennslu með sérstökum deildum við Vélskóla Íslands eða iðnskólann í Reykjavík. Til viðbótar vill n. hafa það efnisatriði, sem er í upphaflegu till., að þar til unnt verði að veita slíka fræðslu hér á landi, stuðli ríkisstj. að undirbúningsnámskeiðum fyrir þá, er hafa í huga að komast á tæknifræðiskóla erlendis. Stofnun skóla eða deilda við eldri skóla til að veita tæknifræðslu er talin vera allmikið fyrirtæki, sem þurfi að undirbúast vel. Hins vegar er augljóst af þeim upplýsingum, sem ég hef hér gefið, og af nánari upplýsingum, sem finna má í fskj. með nál., að hér er um mjög þýðingarmikið vandamál að ræða. Íslendingar geta með engu móti komizt hjá að fjölga tæknifræðingum, sem í þessu landi starfa, verulega á næstu árum, ef hagnýting tækni og verkmenning á ekki að dragast lengra aftur úr en orðið er.

Fram er komin brtt. um að bæta inn í tillgr., að viðkomandi ráðstafanir varðandi námskeið verði gerðar í samráði við Tæknifræðingafélag Íslands. Meiri hl. nefndarinnar hefur talið svo sjálfsagðan hlut, að ríkisstj. hefði samstarf við þetta félag og aðra aðila, sem hlut kynnu að eiga að máli, að við höfum talið óþarft að taka það sérstaklega fram. Allshn. mælir því með, að till. verði samþykkt með því orðalagi og þeirri verulegu efnisaukningu, sem fram kemur á þskj. 346.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég er, eins og fram kom hjá hv. frsm., sammála öðrum allshn.-mönnum um að mæla með því, að samþykkt verði till. til þál. um undirbúningsnámskeið til tæknifræðimenntunar, og einnig samþykkur brtt., sem n. hefur borið fram, það sem hún nær. En ég hef leyft mér að flytja og gat þess í nefndinni, að ég mundi flytja brtt. við þessa brtt. á þskj. 346, sem nú liggur einnig fyrir. Tildrög þess, að ég flyt þessa brtt., eru þau, að n. kvaddi á sinn fund stjórn Tæknifræðingafélags Íslands, og mættu á fundi n. fjórir menn frá félaginu. Þetta Tæknifræðingafélag Íslands er félag manna, sem allir hafa numið erlendis það, sem kallað er tæknifræði og er eiginlega verkfræði á vissu stigi. Þetta félag er allfjölmennt, ég man nú ekki gerla, hversu fjölmennt, en það er nokkuð fjölmennt, og frá þessum mönnum, sem komu á fund allshn., fékk nefndin mikilsverðar upplýsingar um þetta mál, um erlenda tæknifræðiskóla og námsefni þar og um undirbúning íslenzkra iðnaðarmanna og aðstöðu til þess að njóta kennslu í þessum erlendu skólum. Það kom fram hjá þessum fulltrúum Tæknifræðingafélags Íslands, að stjórn félagsins hefur þegar efnt til námskeiðs til undirbúnings tæknifræðikennslu, og ég skildi það svo, að þetta námskeið væri í þann veginn að hefjast. Þar sem félagið hefur unnið þetta brautryðjandastarf í þessu efni og haft þessa undirbúningsstarfsemi með höndum, fannst mér

eðlilegt, að ef ríkisstj. ynni að því að koma á fót undirbúningsnámskeiðum, þá væri um það haft samráð við þennan félagsskap, og efni brtt. minnar er aðeins það, að ef ríkisstj. stuðlar að því, að haldið verði undirbúningsnámskeið, þá verði það gert í samráði við Tæknifræðingafélag Íslands. Þetta virðist mér í raun og veru sjálfsagt, og mér skildist á hv. frsm. n., að hann teldi það í raun og veru sjálfsagt, að þetta væri gert, og ætti þá ekki að vera neinn ágreiningur um það að samþykkja þessa brtt.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu á þessu máli. Jafnframt vil ég taka fram, að þá breytingu, sem n. hefur gert á till., tel ég vera til bóta. En nánast er sú breyting í því fólgin, að tekið er upp í sjálfa till. það, sem ég notaði í grg. og framsögu sem rökstuðning fyrir málinu í upphafi. Ég tel, eins og ég sagði, að þessi breyting sé til bóta, og er henni fyllilega samþykkur.

Brtt. þá, sem flutt er hér á þskj. 347 við till., hef ég persónulega ekkert við að athuga, því að vitað er, að við sjálfa framkvæmd till. verður að leita til Tæknifræðingafélags Íslands eins og margra fleiri aðila. En fremur mætti telja þessa brtt. samt til framkvæmdaatriða frekar en til beinna efnisatriða í sjálfri till. Ég ítreka svo þakkir mínar til n. og um afgreiðslu málsins, sem er mjög knýjandi að leyst verði úr hið allra fyrsta, og vænti þess, að hv. alþm. samþykki tillöguna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 347 samþ. með 33:1 atkv.

Brtt. 346 (ný tillgr.), svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 403).

7. Öryggi opinna vélbáta.

Á deildafundum 10. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um bætta aðstöðu og aukið öryggi opinna vélbáta [70. mál] (A. 89).

Á 15. fundi í Sþ., 15. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Till. þessi fjallar um það, að kannaðir verði möguleikar á að bæta aðstöðu við rekstur opinna vélbáta, svo og til að auka öryggi sjómanna á slíkum vélbátum.

Eftir útfærslu landhelginnar á undanförnum árum hefur færzt nýtt líf í útgerð opinna vélbáta, svokallaðra trillubáta, og hefur þeim fjölgað mjög verulega. Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið, munu vera til allt að 1500 slíkir bátar á landinu öllu. Þess ber þó að gæta, að þeir eru hvergi nærri allir notaðir til reglulegra fiskiróðra, heldur kemur margt annað til. Sumir eru notaðir til samgöngubóta og ferðalaga yfir firði. Aðrir eru notaðir í skemmtitilgangi. En þó verður að gera ráð fyrir, að meginhluti þessara báta sé meira eða minna notaður til fiskiróðra. Fiskifélag Íslands heldur um þetta nokkrar skýrslur, og síðustu tölur, sem ég hef þar fengið, skýra frá því, að á árunum 1957 og 1958 hafi tala þeirra báta, sem komust á skrá með afla sinn, farið vaxandi og var þá seinna árið að nálgast 400. Hefur hún vafalaust hækkað mikið síðan. Afli þessara báta, sem skráðir voru hjá Fiskifélaginu, var fyrra árið 12 og síðara árið 14 þús. lestir, svo að hér er um mikil verðmæti að ræða. Nemur sá afli, sem trillubátar leggja á land, vafalaust tugum milljóna króna.

Enda þótt hér sé um umfangsmikinn þátt í sjávarútvegi okkar að ræða, hefur lítið verið fyrir þessa útgerð gert, og er ástæða til að athuga mjög gaumgæfilega, hvað hægt er að gera til þess að bæta aðstöðu hennar. Er sérstök ástæða til þess að beina athygli að trillubátaútgerðinni, þar sem margir kunnugir menn telja, að þarna sé um að ræða einhverja hagstæðustu útgerð, sem hér á landi er stunduð, ef borinn er saman annars vegar tilkostnaður og hins vegar afköst eða afli. Enn fremur er þess að gæta, að í trilluútgerð er fjárfesting hvergi nærri eins mikil og hún er í sumum öðrum greinum.

Af þeim atriðum, sem þarf að kanna og varða aðstöðu þessara báta, vil ég fyrst benda á, að víða á landinu er lítið til þeirra hugsað í sambandi við hafnargerðir. Það er sérstaklega athyglisvert, að í sumum af stærri höfnum landsins, þar sem miklar framkvæmdir hafa verið undanfarin ár og hafnargerð er á núverandi stigi langt komin, virðist nálega ekkert hafa verið hugsað fyrir þessum litlu bátum, en þó er svo komið í sumum þessara hafna, að þar eru 30—50 trillur. Þar eð mannvirki eins og hafnir eru byggð að verulegu leyti fyrir ríkisfé, er full ástæða til þess að taka tillit til þess við hafnargerðir og við undirbúning frekari framkvæmda, að veita þarf þessum litlu bátum eins góða aðstöðu og hægt er.

Á sviði lánamála er aðstaða þeirra manna, sem vilja stunda þessa útgerð og stunda hana, að mörgu leyti mjög léleg. Virðist tilefni til að reyna að bæta einnig þar fyrir þeim. Loks hafa þeir menn, sem stundað hafa sjó á trillum, oft átt í ótrúlegum erfiðleikum með að losna við aflann. Vinnslustöðvar eru yfirleitt miðaðar við stærri skip, og oft hafa eigendur vinnslustöðva beinna hagsmuna að gæta við rekstur á stærri vélbátum eða jafnvel togurum. Virðast þeir hafa haft takmarkaðan áhuga á að taka afla af trillunum. Þetta þarf líka að athuga og reyna að tryggja, að sá afli, sem trillurnar flytja á land, sem vafalaust er á milli 10 og 20 þús. smálestir á ári, sé hagnýttur eins vel og framast er unnt.

Síðari liður þessarar tillögu varðar öryggi sjómanna á hinum opnu vélbátum. Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða vegna þess, hve þessir bátar eru orðnir margir og hve öryggi á þeim er lítið. Ef það kæmi fyrir, að þriðji hver opinn vélbátur í landinu væri á sjó og tveir menn á hverjum, væri þar um 1000 manns að ræða. Segjum svo, að sjötta hver trilla væri á sjó og tveir menn á hverri, þá er um 500 manns að ræða.

Öryggisútbúnaður á bátunum er lítill sem enginn. Ef þeir fara svo langt, að ekki sjáist til lands, hafa þeir svo til enga möguleika til þess að láta í sér heyra eða hafa samband við aðra báta eða land. Flm. er kunnugt um, að Skipaskoðun ríkisins hefur veitt þessu máli athygli og leitazt við að auka öryggi þessara báta, en á því eru ýmsir erfiðleikar. Hefur verið svo til skamms tíma, að ýmis þau öryggistæki, sem æskilegt væri að hafa í bátunum, eru svo dýr, að varla er hægt að krefjast þess af hverjum eiganda trillubáts, að hann eignist þau. Hins vegar eru stöðugar framfarir á þessu sviði, það koma fram ný og bætt tæki, bæði gúmmíbátar og radiótæki, sem verða fyrirferðarminni og ódýrari, eftir því sem árin líða. Verðum við því að vænta þess, að fram komi öryggistæki, sem hægt væri að hafa á þessum mikla bátaflota okkar, þannig að öryggi sjómannanna á opnu vélbátunum aukist verulega frá því, sem verið hefur hingað til.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. um þetta mál verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil strax taka það fram, að ég er samþykkur þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir til umr., svo langt sem hún nær. Þess er sannarlega þörf, að meir sé hlúð að þessari grein útgerðarinnar en verið hefur. Í grg. er sízt of mikið sagt um þá margvíslegu örðugleika, sem smábátaeigendur hafa þurft við að búa fram að þessu. Í þessu sambandi má benda á, að til eru þau sjávarþorp hérlendis, sem enga útgerð hafa aðra en opna vélbáta. Atvinnuafkoma slíkra staða byggist því að langmestu leyti á smábátaútgerð. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt, þó að mikill vöxtur hafi hlaupið í slíka útgerð. Sjómenn í hinum ýmsu sjávarplássum hafa ekki vegna skorts á fjármunum og af öðrum ástæðum getað komizt yfir stærri skip en opna vélbáta, og sums staðar eru hafnarskilyrðin þannig, að mjög erfitt er að gera þar út stærri fiskiskip. Þetta, sem ég hér hef minnzt á, svo og aukið fiskimagn á grunnmiðum, sem óumdeilanlega ber að þakka útfærslu landhelgislínunnar, hefur orðið þess valdandi, að útgerð á opnum vélbátum hefur stóraukizt frá því, sem áður var. Um það má að sjálfsögðu deila, hvort þessi þróun í sjávarútvegi er æskileg. Þá hlið málsins mun ég engan dóm á leggja að þessu sinni. En það eru aðallega tvö atriði í sambandi við þetta mál, sem komu mér til þess að taka hér til máls um þessa tillögu, sem ég nú vík að.

Það er nokkuð algengt, að einn maður rói á opnum vélbát. Það er lítill vafi á því, að slíkt getur haft í för með sér mikla hættu. Þess munu nokkur dæmi, að menn hafa drukknað af slíkum bátum, ýmist hrokkið útbyrðis eða farizt á annan hátt, án þess að hægt hafi verið um að kenna vondu sjóveðri. Það segir fátt af einum. Ef t. d. maður fellur út af bát með vél í gangi, eru mjög litlar líkur fyrir því, að hann geti bjargazt af sjálfsdáðum, jafnvel þótt maðurinn væri syndur. Fyrir því tel ég rétt, að það verði athugað í þeirri nefnd, sem fær þessa tillögu til meðferðar, hvort ekki muni vera tímabært að setja hér um ákveðnar reglur. M. a. gæti komið til mála, að bannað væri, að einn maður reri á opnum vélbáti. Sérstaklega á þó þetta við þar, sem þannig hagar til, að sækja verður á haf út og þar af leiðandi ekki hægt að fylgjast með bátunum frá landi. Frá höfnum á Norðurlandi er gerður út mikill fjöldi opinna vélbáta. Frá nokkrum þessara staða er sótt á haf út. Mér er ekki kunnugt um fjölda þeirra opnu vélbáta, sem þaðan eru gerðir út, en þeir skipta ábyggilega mörgum tugum. Á þessum bátum eru stundaðir sjóróðrar vor, sumar og haust. Frá sömu stöðum er róið allan veturinn, þegar á sjó gefur. Það er því hin mesta nauðsyn, að eftirlit sé haft með þessum bátum. Þrátt fyrir góðar veðurspár getur brostið á hið versta veður, og hafa menn oft og tíðum komizt í hann fullkrappan við að ná landi og stundum orðið að hleypa undan sjó og vindi upp á von og óvon um það, hvort hægt yrði að ná landi eða ekki. Það er því alveg tvímælalaust krafa hinna mörgu sjómanna, sem róa á opnum vélbátum og sækja á haf út, svo og aðstandenda þeirra í landi, að haft sé að staðaldri fyrir Norðurlandi og annars staðar reyndar líka eftirlitsskip, sem fylgi bátaflotanum eftir og aðstoði hann eftir því, sem með þarf. Að sjálfsögðu eru varðskipin, svo sem Albert, sem talinn er vera björgunarskip Norðlendinga, oft á þessum slóðum. En oft mun það þó vera þannig, að hvorki hann né önnur varðskip eða björgunarskip séu þar, enda virðist manni, að björgunarskipin séu meira notuð sem varðskip en sem eftirlitsskip með fiskiflotanum. Ég segi þetta ekki hér til þess á neinn hátt að draga úr því, að nauðsyn sé og hún mikil á því að verja landhelgislínuna. En þessi skip og fleiri voru nú einu sinni byggð sem eftirlitsskip með bátum, og þess vegna er það ákveðin krafa sjómanna og aðstandenda þeirra, að fullkomið eftirlit sé haft með þeim bátum, sem stunda þessa atvinnu.

Ég vil í sambandi við þessa tillögu láta þetta koma hér fram, svo að þeim, sem koma til með að fjalla um málið í nefnd, gefist kostur á að athuga sem flestar hliðar á þessu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 19. fundi í Sþ., 6. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 89, n. 379).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Tillaga sú, sem hér er til umr., hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna möguleika á bættri aðstöðu til rekstrar opnum vélbátum og auknu öryggi sjómanna á slíkum bátum.“

Allshn. hefur sent þessa tillögu til Slysavarnafélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, bátafélagsins Bjargar, Sambands smábátafélaga. Allir þessir aðilar hafa mælt eindregið með því, að tillagan verði samþykkt, og bent á ýmsar röksemdir fyrir því, hver eftir eðli síns félagsskapar. Bátafélagið Björg, sem er samtök trillubátaeigenda í Reykjavík, Samband smábátafélaga, sem er ungur, en vonandi vaxandi félagsskapur fyrir þessa starfsgrein, hafa bent á ýmislegt varðandi rekstur trillubáta, sem þeir telja að bæta þurfi. Þessi samtök óskuðu þess við allshn., að hún gerði tillögu um, að þingið skipaði sérstaka nefnd til að fjalla um þetta mál, og var tiltekið, hverjir þar þyrftu að eiga sæti. Allshn. hefur ekki séð ástæðu til þess að breyta tillögunni í þessa átt, en vill koma þessum óskum á framfæri engu að síður. Alþýðusambandið og Sjómannasambandið lögðu í sínum umsögnum ekki sízt áherzlu á öryggi sjómannanna. Slysavarnafélag Íslands gaf í allýtarlegri umsögn ábendingar um mörg atriði varðandi öryggi sjómanna á opnum vélbátum, sem félagið telur ábótavant. Að fengnum þessum umsögnum og upplýsingum hefur allshn. orðið einróma sammála um að leggja til, að tillagan verði samþykkt óbreytt eins og hún er á þskj. 89.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 21. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 448).

8. Gufuveita frá Krýsuvík.

Á deildafundum 17. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um gufuveitu frá Krýsuvík til iðnaðarþarfa og rekstrar hitaveitna [83. mál] (A. 110).

Á 17. fundi í Sþ., 22. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Sveinn S. Einarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt 4 öðrum alþm. að bera fram till. þá til þál., sem prentuð er á þskj. 110 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram athugun á tæknilegum og fjárhagslegum möguleikum á byggingu og rekstri gufuveitu frá jarðgufusvæðunum við Krýsuvík til Hafnarfjarðar, Garðahrepps, Bessastaðahrepps, Kópavogs, Reykjavíkur og Seltjarnarness í samráði við stjórnendur bæjar- og sveitarfélaga þeirra, sem hér eiga hlut að máli. Gufuveita þessi sé miðuð við það, að frá henni verði hægt að afhenda gufu til iðnaðarþarfa og heitt vatn til rekstrar hitaveitna í fyrrgreindum bæjar- og sveitarfélögum.“

Áður en ég ræði efni till. þessarar í einstökum atriðum, vil ég leyfa mér að víkja nokkrum orðum að orkubúskap Íslendinga almennt og þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru á því að láta innlenda orkugjafa koma í stað innflutts eldsneytis til landsins, enda miðar tillagan að athugun á mjög veigamiklum áfanga í þeim málum. Því miður er skýrslugerð um orkunotkun þjóðarinnar mjög áfátt, og er þar mikil þörf bóta. Í umr. um þessi mál verður því að verulegu leyti að styðjast við áætlanir um ýmis atriði, og getur þar skakkað verulega á einstökum liðum. Þær tölur, sem ég nefni hér á eftir, verður því að taka með hæfilegri varúð, enda þótt þær séu grundvallaðar á beztu frumheimildum, sem mér hafa verið tiltækar. Þrátt fyrir þetta vona ég, að orð mín varpi nokkru ljósi á viðfangsefnið og leiði til aukins skilnings á því.

Hér á landi, eins og í öðrum löndum, fer orkunotkunin vaxandi frá ári til árs. Þessu til skýringar skal ég nefna nokkrar tölur, er gefa samanburð á orkunotkun Íslendinga á árunum 1951 og 1959. Það veldur að vísu örðugleikum, að orkugjafarnir, sem landsmenn nota, eru mjög margvíslegir, svo sem kol, olía, jarðhiti, raforka o. s. frv., og auk þess mældir í mismunandi einingum. Til þess að samanburður verði mögulegur, verður því að umreikna notkunina í tilsvarandi einingu, og verður hér notuð einingin ein lest af olíu í samanburðarskyni og hún nefnd olíueining. Við umreikning á raforkuframleiðslunni er raforkan látin jafngilda jafnmörgum lestum af olíu og þurfa mundi að nota til þess að framleiða tiltekinn fjölda kwst. í olíukyntum varmaorkuverum. Ef litið er á tölurnar fyrir árið 1951 og 1959 þannig umreiknaðar eftir skýrslum, sem á sínum tíma voru gerðar á raforkumálaskrifstofunni, þá kemur í ljós, að innfluttu orkugjafarnir eru þessir: Steinkol og koks, sem 1951 voru 37800 einingar, 1959 21200. Dísil- og brennsluolíur voru 1951 188 þús. einingar, en 1959 313900. Benzín og steinolía 33 þús. árið 1951, en 82 þús. árið 1959. Samtals eru hinir innfluttu orkugjafar þessi ár 258800 einingar fyrra árið en 417100 síðara árið, og hefur aukningin verið 61%. Hinir innlendu orkugjafar eru: Jarðhiti til hitaveitna, gróðurhúsa og sundlauga, fyrra árið 52500, en síðara árið 61500 einingar og aukning á milli þessara ára 17%. Vatnsaflsstöðvar framleiddu raforku, sem fyrra árið samsvarar 74200 einingum, en síðara árið 205 þús. einingum, og er þar aukningin 153%. Heildar-

orkunotkun landsmanna mæld í jafngildi olíulesta er árið 1951 385500, en árið 1959 683600 og hefur aukizt um 77% á þessu 8 ára tímabili. Við samanburð þessara tveggja ára verður að hafa í huga, að á árunum á milli urðu þrjár meiri háttar stökkbreytingar, ef svo má að orði kveða, í orkuframleiðslu og orkunotkun hér á landi. Árið 1953 var bæði Írafossstöðin við Sog og áburðarverksmiðjan tekin í notkun, og sementsverksmiðjan hóf starfsemi á árinu 1958.

Eins og fyrr var sagt, virðist heildarorkunotkun landsmanna hafa vaxið um 77% á þessum 8 árum, eða til jafnaðar um 9.7% á ári, en orkunotkunin, reiknuð á hvern íbúa í landinu, hefur vaxið um 6.6% á þessum 8 árum. Þetta er mjög ör vöxtur. Á sumum árum óx orkunotkun á hvern íbúa jarðarinnar um 3%. Hraðastur var vöxturinn í hinum vanþróuðu löndum, en mun hægari í hinum háþróaðri iðnaðarlöndum, t. d. aðeins 1.6% á íbúa í Vestur-Evrópu. Iðnaðarlega verður Ísland að teljast fremur vanþróað land, enda hafa fyrrnefnd þrjú mannvirki, sem tekin voru í notkun á tímabilinu, átt mjög drjúgan þátt í hinum stóra vexti, eins og vænta mátti.

Fyrrnefndar skýrslur bera það með sér, að hlutdeild innlendra orkugjafa í heildarorkubúskap landsmanna hefur numið minna en 40%. M. ö. o.: um það bil ⅝ hlutar af orkunotkun Íslendinga hafa því verið fengnir úr innfluttu eldsneyti. Það er því ástæða til þess að velta þeirri spurningu fyrir sér, að hve miklu leyti Íslendingar geti í fyrirsjáanlegri framtíð látið innlendar orkulindir koma í stað þeirra orkugjafa, sem þeir flytja inn frá öðrum löndum. Er þeim mun meiri ástæða til þess að gera þetta fyrir þá sök, að Ísland er miðað við stærð þjóðarinnar mjög auðugt af náttúrlegum orkulindum. Hinir innfluttu orkugjafar eru fyrst og fremst olíur, þá benzín og loks kol, en notkun þeirra síðasttöldu fer þó minnkandi.

Lítum við á neytendur þessarar innfluttu orku, greinast þeir í tvo meginflokka, þ. e. staðbundna neytendur og hreyfanlega. Til hinna síðarnefndu teljast farartæki á landi, legi og í lofti, svo sem flutningatæki alls konar og margvíslegar vinnuvélar, skip, flugvélar o. s. frv. Augljóslega er ekki annars að vænta á næstu árum en að fullnægja verði þörfum þessara hreyfanlegu neytenda með innfluttu eldsneyti að langmestu leyti, svo sem verið hefur. Til staðbundinnar notkunar telst upphitun húsa, orkunotkun í verksmiðjum, framleiðsla raforku í varmaorkuverum o. s. frv. Á einmitt þessum sviðum er að leita möguleikanna á því að nota innlenda orkugjafa í stað þeirra innfluttu. Árið 1951 var áætlað, að innflutt eldsneyti til staðbundinnar notkunar hafi numið jafngildi 160 þús. lesta af olíu. Fyrir árið 1959 vantar tölur, er sundurliði þetta, en ætla má, að þá hafi samsvarandi tala verið töluvert hærri. Við getum aldrei náð því marki að láta innlenda orkugjafa koma algerlega í stað hinna innfluttu í hinni staðbundnu notkun, en eigi að síður er hægt að komast alllangt á þeirri braut. Það er tæknilegur möguleiki t. d. að hita öll hús á landinu með innlendri orku. Annað mál er það, hve langt er hægt að ganga í þeim efnum af fjárhagslegum ástæðum. Ef öll hús landsmanna hefðu verið hituð á þennan hátt árið 1951 og 1959, hefði hlutdeild hinna innlendu orkugjafa í orkubúskap Íslendinga nálgazt, en ekki náð því að nema 60% af heildarorkunotkuninni. Um þetta bil virðast vera hin efri mörk, miðað við aðstæðurnar umrædd tvö ár, og hafa þær lítið breytzt síðan. Þessi mynd getur að sjálfsögðu breytzt verulega hinum innlendu orkulindum í hag með tilkomu nýrra og orkufrekra iðngreina. En þó að því séu takmörk sett, eins og nú hefur verið lýst, að hve miklu leyti Íslendingar geta sparað sér innflutning eldsneytis með aukinni notkun innlendra orkulinda, hlýtur það að vera þjóðinni keppikefli að ná sem lengst í þessu efni.

Ég vil nú leyfa mér að gera upphitun húsa að sérstöku umtalsefni, því að einmitt þar eru miklir möguleikar fólgnir.

Láta mun nærri, að nota þurfi um eina lest olíu á ári á hvern íbúa til að hita upp hús hér á landi. Tekið skal fram, að þetta er áætluð tala, og getur því verið eitthvert frávik frá henni á báða vegu. Í dag mun jarðhiti spara um 45 þús. lestir af olíu árlega til híbýlahitunar og rafmagn frá vatnsaflsstöðvum innan við 10 þús. lestir á ári. Ætla má því, að þjóðin þurfi nú að flytja inn nálægt 125 þús. lestir af olíu á ári til húsahitunar. Verðmæti þessa innflutnings mundi þá nema nálægt 150 millj. kr., miðað við cif-verð.

Hvaða möguleikar eru á því að beizla innlendar orkulindir til að komast hjá þessum stórkostlega eldsneytisinnflutningi? Hér kemur fyrst og fremst til greina notkun jarðhita og í annarri röð notkun rafmagns, sem framleitt er með vatnsorku eða jarðgufu. Svarðar- og brúnkolalög þau, sem í landinu finnast, munu hér sennilega skipta litlu máli. Vitað er um jarðhita á um 260 stöðum á Íslandi, en mjög er dreifing hans óregluleg, og bæði hitastig og vinnanleg hitaorka er mjög mismunandi frá einum stað til annars. Yfirgnæfandi hluta hitaorkunnar er að finna í 12 þekktum jarðgufusvæðum. Það er að sjálfsögðu miklum vandkvæðum bundið að áætla orkumagn jarðhitasvæðanna. En þeir, sem gerst þekkja til, hafa nefnt eftirfarandi heildartölur, sem má ekki af skiljanlegum ástæðum taka sem annað en grófa ábendingu um stærðarhlutföll. Samanlagt stöðugt hitaútstreymi frá jarðgufusvæðunum í landinu er talið samsvara hitagildi 2 millj. smálesta af olíu á ári hverju. Og varmaforði í undirstöðuberginu, sem vinnanlegur ætti að vera með borunum til viðbótar fyrrgreindu hitaútstreymi, er talinn samsvara hitagildi 130 millj. lesta af olíu. Af þessu má hverjum vera ljóst, að af miklu er að taka. Því miður eru mörg jarðgufusvæðanna, þ. á m. nokkur hinna öflugustu í óbyggðum miðhálendisins, óaðgengileg til nytja í náinni framtíð. Hins vegar eru nokkur þeirra í námunda við byggð, eins og Námaskarð, Krafla, Þeistareykir á Norðurlandi og Reykjanes, Krýsuvík og Hengissvæðið á Suðvesturlandi. Af jarðgufusvæðunum munu hin þrjú síðastnefndu fá alveg sérstaka þýðingu á næstu áratugum sökum heppilegrar legu í grennd við langþéttbýlasta hluta landsins.

En það eru ekki jarðgufusvæðin ein, sem þýð-

ingu hafa. Lághitasvæðin við Reyki í Mosfellssveit og undir eystri hluta Reykjavíkurbæjar standa undir rekstri núverandi hitaveitu í Reykjavík og verulegri stækkun hennar frá því, sem nú er. Hitaveiturnar í Ólafsfirði, á Sauðárkróki, Selfossi og að nokkru í Hveragerði grundvallast einnig af notkun lághitasvæða, þ. e. svæða með 100 gráðu hita eða lægri. Mörg slík svæði önnur eru í takmarkaðri notkun í byggðum Suðurlandsundirlendisins, Borgarfjarðar, Skagafjarðar og víðar. Og loks eru allmörg lághitasvæði, sem enn hafa ekki verið tekin í notkun.

Það er ekki ófróðlegt að reyna að gera sér grein fyrir því í þessu sambandi, hve margir af íbúum landsins gætu haft möguleika á jarðhitanotkun, miðað við núverandi fólksfjölda og dreifingu byggða í landinu. Lausleg athugun á þessu bendir til þess, að eftirfarandi byggðir komi til greina, en með hliðsjón af manntalinu 1960 mætti ætla, að sá íbúafjöldi, sem tilgreindur er, gæti átt kost á aðgangi að jarðhita að verulegu leyti eða öllu. Reykjavík með 72300 manns, Kópavogur með 6200 manns, Hafnarfjörður með 7100, Keflavík með 4700, kauptún og þéttbýlishverfi í Gullbringu- og Kjósarsýslu á að gizka 5000, Selfoss, Hveragerði og byggðahverfi á Suðurlandi á að gizka 3000, Húsavík 1500, Akureyri allt að 8800, Ólafsfjörður 900, Sauðárkrókur 1200 manns og Akranes ef til vill 3800 manns. Samkv. þessari upptalningu, sem að sjálfsögðu er ekki nákvæm, mætti ætla, að allt að 115 þús. manns eða 65% landsmanna búi nú á svæðum, sem tæknilega séð væri hugsanlegt að gætu fengið afnot af jarðhita til híbýlahitunar. Þau liðlega 50 þús. manna, sem hér eru ekki talin með, skiptast trúlega sem næst til helminga að tölu til á kaupstaði, kauptún og þéttbyggðahverfi annars vegar og eiginlegt dreifbýli, þ. e. einstaka sveitabæi, hins vegar. Eftirtektarvert er, að svo til allir þeir kaupstaðir, sem fólksfjölgun hefur orðið í undanfarinn áratug, — Vestmannaeyjar og Neskaupstaður eru einu undantekningarnar, — eru innan þeirra marka, sem ætla má að geti fengið afnot af jarðhita. Þetta á auk þess við flestöll sjávarþorpin og nýbyggðahverfin í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Loks er rétt að vekja athygli á því, að víða um land ber á þéttbýlismyndunum umhverfis einstök jarðhitasvæði. Þess er að vænta, að á mörgum þessara staða rísi héraðamiðstöðvar með góðu félagsheimili, íþróttamannvirkjum, viðgerðarstofum, verzlunum o. s. frv.

Niðurstaðan af þessu er þá sú í stórum dráttum, að sterkar líkur eru fyrir því, að verulegur hluti fólksfjölgunarinnar í landinu í næstu framtíð verði einmitt á þeim svæðum, sem líkur hafa fyrir jarðhitaafnotum. Á sama hátt er líklegt, að utan þessara svæða verði fólksfjölgun fremur hægfara og að fólksfjöldi þar verði um nokkurt árabil innan við 60 þús. manna.

Nú kann einhver að spyrja: Kemur híbýlahitun með rafmagni ekki til álita einnig á þeim svæðum, sem aðgang geta haft að jarðhita? Ég tel, að svo sé yfirleitt ekki, og ræður það úrslitum, að öflun jarðhita er stórum ódýrari en öflun rafmagns til hitunar, svo sem nú skal sýnt. Í dag er talið, að stofnkostnaður vegna öflunar og dreifingar jarðhita í hitaveitum og í þéttbýli fari naumast yfir 10 þús. kr. á hvern íbúa. Í þessu sambandi má geta þess, að nýbygging hitaveitu í Reykjavík, sem nú stendur fyrir dyrum fyrir allt að 30 þús. manna, er talin munu kosta um 8000 kr. á hvern íbúa, sem hana fær. Byggingarkostnaður vatnsaflsstöðva er nú talinn vera á bilinu frá tæpum 10 þús. kr. á uppsett kw. í ódýrustu stórvirkjunum og allt að því 15 þús. kr. á kw. í miðlungsstórum og smærri vatnsvirkjunum. Kostnaður við upphitun húss með rafmagni fer mjög eftir því, hve vel húsin eru einangruð. Ef gengið er út frá því, að hús sé ⅓ betur einangrað en nú tíðkast almennt, má ætla, að reikna þurfi með hámarksálagi, er næmi 1.3 kw. á hvern íbúa, sem rafmagnshitun notar, til hennar einnar. Við þessar aðstæður verður byggingarkostnaður í orkuverinu einn saman 13—20 þús. kr. á hvern íbúa. Þar við bætist kostnaður við byggingu dreifingarkerfis, sem hæglega gæti numið 2500—3000 á mann. Og loks er ótalinn aukakostnaðurinn, sem leiðir af bættri einangrun húsa. Af þessu er ljóst, að stofnkostnaður vegna rafmagnshitunar í stórum stíl getur hæglega orðið allt að tvisvar sinnum hærri en stofnkostnaður hitaveitna á jarðhitasvæðum, miðað við hvern íbúa.

En hvernig er þá samanburðurinn milli rafmagns og jarðhita hvað snertir framleiðslukostnað hitans? Samkv. þeirri reynslu, sem fyrir liggur m. a. hjá Hitaveitu Reykjavíkur, er framleiðslu- og dreifingarkostnaður á hitamagni, sem við húsahitun jafngildir 1 lest af olíu, nálægt 1050 kr. Framleiðslukostnaður á raforku í stórvirkjunum hér á landi verður naumast lægri en 13 aurar á kwst. Hér er átt við stórvirkjanir um og yfir 100 þús. kw. Og í minni virkjunum mundi hann sennilega vera nálægt 25 aurum á kwst. Þegar tekið er tillit til dreifingarkostnaðar raforkunnar, er útlit fyrir, að sú raforka, sem jafngildir einni olíulest í húsahitun, mundi kosta nálægt 1500 kr. frá stórvirkjunum og allt að 2300 kr. frá meðalstórum og smærri virkjunum. Niðurstaðan er því sú, að framleiðslu- og dreifingarkostnaður raforku til upphitunar mundi verða 50—120% hærri, miðað við hús notandans, en kostnaðarverð jarðhita er nú frá Hitaveitu Reykjavíkur. Hér er rétt að geta þess, að með róttækum endurbótum við einangrun húsa frá því, sem nú tíðkast, er hægt að ná mun hagstæðari útkomu fyrir rafmagnsupphitun en hér hefur verið reiknað með. Og vafalaust yrðu sett mjög ströng skilyrði í þessum efnum, ef rafmagnsupphitun yrði tekin hér upp í stórum mæli. En þetta breytir hins vegar engu hvað snertir samanburð við jarðhitann, því að þeim megin er einnig hægt að fá að sama skapi hagstæðari niðurstöðu, ef reiknað væri með betri einangrun húsa en nú tíðkast almennt.

Áður en ég skil við þessar almennu hugleiðingar um orkubúskap og viðhorf til notkunar innlendrar orku til húsahitunar, er ekki úr vegi að gera lauslega grein fyrir því, hvað það mundi kosta, miðað við núverandi fólksfjölda, að koma upp þeim mannvirkjum, sem með þarf til þess að hita öll hús hér á landi með jarðhita eða raforku. Niðurstöðutölurnar má að sjálfsögðu ekki

taka of bókstaflega. Þær eru fyrsta nálgun, gerð í því skyni að bregða nokkru ljósi á stærð viðfangsefnisins.

Ef gengið er út frá því, sem fyrr hefur verið sagt, þarf að virkja jarðhita fyrir um 70 þús. manns og vatnsafl fyrir rúmlega 50 þús. manns, til þess að þessu marki verði náð. Lauslega áætlað má ætla, að stofnkostnaður jarðhitamannvirkjanna væri 700 millj. kr., en vatnsorkuveranna ásamt dreifingarkerfum þeirra 1200—1500 millj. kr., eða samtals kringum 2 milljarða kr. Sparnaður sá í innflutningi eldsneytis, sem fæst með notkun innlendra orkugjafa, er að sjálfsögðu eins mikils virði fyrir afkomu þjóðarinnar og tilsvarandi aukning á framleiðsluvörum til útflutnings. Í þessu sambandi er þó rétt að undirstrika það, að hitaveitur og vatnsorkuver nota tiltölulega mjög lítið af innfluttum rekstrarvörum og vinnuaflsnotkun við framleiðslu orkunnar er hverfandi í samanburði við verðmætin, sem sköpuð eru. Þegar byggingartíma þeirra er lokið, keppa þau því að mjög litlu leyti um vinnuafl við aðra atvinnuvegi. Að sjálfsögðu er uppbygging þessara fyrirtækja mjög fjárfrek. En þau hafa reynzt ákaflega traust fjárhagslega, þannig að stofnfjár til þeirra ætti að jafnaði að vera hægt að afla með lánsfé að verulegu leyti. Loks er rétt að vekja sérstaka athygli á því, að þegar hitaveitur og orkuver hafa verið greidd niður, halda þau áfram að vera mikilvægar fjármagnsuppsprettur, ef rétt er á haldið, og er þess ekki lítil þörf í okkar fjármagnssnauða þjóðfélagi.

Herra forseti. Að loknum þessum almennu skýringum skal ég nú víkja orðum mínum að efnishlið þáltill., sem fyrir liggur, í þrengri skilningi.

Á svæðinu frá Reykjavík til Hafnarfjarðar, að báðum þessum kaupstöðum meðtöldum, búa nú nær 90 þús. manns eða um helmingur þjóðarinnar. Á undanförnum áratugum hefur fólksfjölgun á þessu svæði verið svipuð og nettófjölgun landsmanna í heild. Ekkert bendir til annars en þróunin fari í svipaða átt í fyrirsjáanlegri framtíð. Þéttleiki byggðarinnar í sveitarfélögum þessum er nú þegar orðinn svo mikill, að tæknilega virðist fyllilega koma til greina að byggja hitaveitu í kaupstöðunum Kópavogi og Hafnarfirði, og sama er að segja um þéttbýlustu hluta Garðahrepps og Seltjarnarness. Innan fárra áratuga er þess vænzt, að meira og minna samfelld byggð verði orðin á öllu þessu svæði og alllangt í austur frá núverandi byggð. Þjóðhagslega séð er til mikils að vinna að koma upp hitaveitum á þessu svæði. Í dag hafa um 40% íbúanna afnot Hitaveitu Reykjavíkur, og fyrir dyrum stendur að auka hana, þannig að hún þjóni allt að 70 þús. manns. Þegar þeim áfanga er náð, skortir þó enn á, að um 20 þús. af núverandi íbúum svæðisins hafi aðgang að hitaveitu auk allra þeirra, sem við bætast. Hér má geta þess, að tillögur um framtíðarskipulag Reykjavíkur og nágrennis, sem nýlega hafa verið birtar, gera ráð fyrir því, að um árið 1980 verði íbúar þarna orðnir um 160 þús. Fyrirsjáanlegt er, að innan fárra ára verður að sækja jarðhita til aukningar á Hitaveitu Reykjavíkur mun lengri leið en nauðsynlegt hefur verið til þessa. Koma þá fyrst og fremst til greina jarðhitasvæðin við Krýsuvík og í Hengli. Af þessum jarðhitasvæðum virðist Krýsuvíkursvæðið liggja mun betur við í fyrstu áföngum, þar sem það er stórum nær byggðum þessum en Hengilssvæðið. Þess má vænta að öðru jöfnu, að kostnaður við byggingu og rekstur jarðhitamannvirkja verði þeim mun lægri á hverja framleidda hitaeiningu, þeim mun stærri sem virkjunarskrefin eru.

Af því, sem nú hefur verið sagt, er ljóst, að stefna ber að samstarfi milli allra bæjar- og sveitarfélaga á svæðinu um virkjun meiri háttar jarðhitasvæða, eins og Krýsuvíkur og Hengils, þegar þau þarf að taka í notkun. Þetta yrði öllum aðilum til gagns og að sjálfsögðu ekki síst hinum minni og fátækari bæjar- og sveitarfélögum, sem naumast mundu ráða við slíkar stórframkvæmdir á eigin spýtur. Samstarfinu mætti t. d. haga þannig í stórum dráttum, að bæjar- og sveitarfélögin stofnuðu sérstakt fyrirtæki, e. t. v. með þátttöku ríkisins, er framkvæmdi boranir á jarðhitasvæðinu og virkjun hitans og byggði og ræki hin sameiginlegu aðveitumannvirki, en seldi hitaorkuna í heildsölu til hitaveitukerfa hinna einstöku sveitarfélaga. Væri þá hafður líkur háttur á og nú á sér stað í Sogsvirkjuninni og hefur gefizt vel.

Þjóðhagslega þýðingu þess að byggja hitaveitur um allt þéttbýlið í þessum landshluta, eins og það er í dag, má marka af því, að þessar nýju hitaveitur mundu spara innflutning á eldsneyti, sem að cif-verði mundi kosta nálægt 60—65 millj. kr. á ári. Hins vegar má ætla, að kostnaður við byggingu þessara mannvirkja mundi vera í námunda við 500 millj. kr. að meðtalinni þeirri stækkun, sem nú stendur fyrir dyrum á Hitaveitu Reykjavíkur. Hitaveitur þessar mundu geta lækkað hitunarkostnað íbúanna verulega frá því, sem nú er, ef marka má reynslu af rekstri hitaveitna annars staðar, en hitunarkostnaðurinn er tilfinnanlegur útgjaldaliður hjá hverri fjölskyldu. Loks má ekki gleyma þeim stórauknu þægindum og bættu hollustuháttum, sem hitaveitur hafa í för með sér. Hér er því um að ræða eitt af mestu framfara- og hagsmunamálum þessara byggðarlaga, en þau byggir nú þegar helmingur þjóðarinnar.

En hér er á fleira að líta, eins og þáltill. ber með sér. Þegar jarðgufusvæðin við Krýsuvík og Hengil verða tekin til virkjunar, skapast möguleikar til þess að veita gufu með þrýstingi til iðnaðarnotenda á umræddum hitaveitusvæðum. Hér er um nýmæli að ræða, sem ætla má að muni geta fengið stórkostlega þýðingu fyrir margs konar framleiðslustarfsemi, því að ódýr hitaorka hefur í mörgum greinum eins mikla og oft meiri þýðingu en ódýr raforka. Boranir þær, sem framkvæmdar hafa verið á jarðgufusvæðum hér á landi á undanförnum árum, hafa sannað, að á þennan hátt er hægt að framleiða ódýrari hitaorku til iðnaðar en völ er á, svo að nú sé vitað um, nokkurs staðar í Vestur-Evrópu. Nú eru t. d. uppi fyrirætlanir um að leiða jarðgas frá Sahara og jafnvel einnig frá olíulindasvæðum við Svartahaf til Evrópulanda. Þess er vænzt, að á þennan hátt geti iðnaður þar fengið

hitaorku á ódýrari hátt en áður hefur verið kostur á. Samkvæmt þeim heimildum, sem handbærar eru, er þess vænzt, að á þennan hátt fáist hitaverð, er samsvarar því, að jafngildi 1 lestar af steinkolum kosti um 400 ísl. kr. Lausleg athugun, sem gerð hefur verið, bendir til þess, að samsvarandi hitaverð gufu úr gufuveitu frá Krýsuvík til Reykjavíkur geti orðið um 250 kr. við aðalæð eða aðeins 60% af lægsta hitaverði, sem væntanlegt er á meginlandi Evrópu á næstu árum. Hér má skakka miklu, ef jarðhitinn og þá einkum jarðgufan á ekki eftir að hafa mikið aðdráttarafl fyrir margs konar framleiðslustarfsemi, sem á þarf að halda miklu af ódýrri hitaorku. Þegar við þetta bætist það, að á svæðinu frá Hafnarfirði til Reykjavíkur er stærsti vinnuaflsmarkaður landsins, beztu hafnirnar, möguleikar á að afla sérlega góðs vatns og að hér má vænta ódýrrar raforku, auk þess sem mikið landrými er fyrir hendi, þá dylst engum, að hér eru óvenjuleg skilyrði til margvíslegs iðnrekstrar, þannig að lítil ástæða virðist til þess að kvíða verkefnaskorti fyrir þá starfskrafta, sem við bætast á hverju ári, í framtíðinni. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm., hvort hann eigi enn miklu ólokið af ræðu sinni?) Tvær mínútur. (**Forseti:** Tvær mínútur. Þá skulum við halda áfram.)

Á miklu veltur, að hér sé búið skynsamlega í haginn fyrir uppbyggingu þessara svæða í framtíðinni. Það veltur ekki minnst á því, að viturlega sé unnið að skipulagsmálum og við það starf tekið fyllsta tillit til sjálfsagðra mannvirkja, eins og hitaveitna og hugsanlegra gufuveitna, sem hér hafa verið gerðar að umræðuefni. Í því sambandi skal enn fremur bent á það, hve mikilsvert er, að skipulögð séu sérstök samfelld iðnaðarhverfi fyrir þær atvinnugreinar, sem gætu orðið kaupendur að slíkri iðnaðargufu. Í þessum efnum hefur það úrslitaþýðingu, að sem nánast samstarf sé á milli hinna sex sjálfstæðu bæjar- og sveitarfélaga, sem á svæðinu eru. Undirbúningur virkjunarframkvæmda sem þeirra, er hér hafa verið ræddar, tekur óhjákvæmilega nokkur ár. Þetta rekur á eftir, að undirbúningsathuganir séu hafnar sem fyrst, og þess vegna er þáltill. borin fram. Sökum þess, hve margir aðilar eiga hér hlut að máli, og ekki síst vegna þeirrar þjóðhagslegu þýðingar, sem þetta mál hefur að dómi flm. till., hafa þeir talið eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. hafi frumkvæði í málinu, en í fullri samvinnu við forráðamenn viðkomandi sveitarfélaga.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að umr. um þáltill. þessa verði frestað og till. þá vísað til hv. fjvn. til athugunar.

Umr. frestað.

Á 19. fundi í Sþ., 6. des., var fram haldið einni umr. um till.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, fjallar um, að hv. Alþingi skori á ríkisstj. að láta fara fram athuganir á möguleikum til nýtingar jarðgufu í Krýsuvík til hitaveitu og iðnaðarþarfa fyrir byggðarlögin hér í grenndinni. Um þörfina á því, að nýttur sé jarðhiti, eru að sjálfsögðu allir á einu máli, svo sem einnig er minnzt á í upphafi grg. þáltill. En til þess að frómar óskir rætist, þarf að beita vinnuafli, þekkingu, tækjum og fjármagni. Alls þessa þarf með, til þess að þáltill. þessi verði meira en orðin ein, jafnvel þótt á bak við hana komi vonandi til með að standa samþykki þingheims alls. Til þess að tryggja framgang allra þeirra óska, sem lengi hafa verið fyrir hendi um nýtingu jarðhita, voru á síðasta þingi samþykkt lög um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins, þótt sjóðnum væru að vísu ekki tryggðar tekjur umfram það, sem veitt er á fjárlögum hverju sinni og heimilað er með lántökum. Í þeim lögum er heimilað að veita fé úr jarðhitasjóði til þeirra athugana, sem þáltill. fjallar um. Upphaf 2. gr. laganna hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Úr jarðhitasjóði má verja fé til vísindalegra rannsókna á eðli og uppruna jarðhita, til leitar að jarðhita með jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum aðferðum, til rannsókna og tilrauna við vinnslu hita o. fl.“

Það liggur nærri að ætla, að hæstv. ríkisstj. beri að láta framkvæma a. m. k. hluta þeirra athugana, sem farið er fram á í þessari þáltill., þótt samþykkt hennar kæmi ekki til, því að 3. gr. laganna hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. lætur framkvæma jarðboranir eftir heitu vatni og gufu í rannsóknarskyni og til vinnslu víðs vegar um landið með hagnýtingu jarðhitans í hitaveitum, til almenningsþarfa og til ræktunar, raforkuvinnslu og iðnaðar. Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum frá jarðhitadeild raforkumálastjórnar, hvar borað er, en jafnan skal láta sitja í fyrirrúmi borun á þeim stöðum, þar sem vænta má, að verðmæti jarðhitans verði mest og komi fyrst að notum.“

Ætla mætti, að verðmæti jarðhitans komi að mestum notum þar, sem þéttbýlið er fyrir í næsta nágrenni, og ætti jarðhiti í Krýsuvík að vera þar í fremstu röð. En hvernig hefur verið unnið að því að uppfylla þær óskir um nýtingu jarðhitans, sem menn eru svo sammála um? Jafnvel þótt menn séu sammála um þörfina á nýtingu jarðhitans, hefur ekki verið fullt samkomulag um þær fjárhæðir, sem á fjárlögum eru veittar til raunhæfra framkvæmda. En hvað sem því líður, ætti þó naumast að vera ágreiningur um að nota til fulls og sem fyrst þær fjárveitingar, sem samþykktar eru, þau tæki, sem aflað hefur verið, og þá sérþekkingu, sem fyrir hendi er.

Það, sem segja má, að við höfum haft úr að spila í þessu efni varðandi nýtingu jarðhitans t. d. í Krýsuvík, er: Stórvirki borinn, sem keyptur var hingað til lands fyrir nokkrum árum, það starfslið, sem hafði orðið þekkingu og æfingu til að nota hann, þekking íslenzkra vísindamanna, sem vitnað er til í grg. þáltill., og svo fjárveiting á fjárlögum. Raunhæfar framkvæmdir hafa því miður ekki verið í samræmi við hinar frómu óskir. Það, sem við höfum haft yfir að ráða, hefur engan veginn verið nýtt sem skyldi. Stórvirki jarðborinn hefur ekki verið hreyfður síðan um s. l. áramót. Þeim starfsmönnum, sem við hann unnu, var sagt upp störfum hinn 7. jan. s. l. Hinn 16. marz s. l. kom

til umr. í hv. Nd. stöðvun á framkvæmdum með stórvirka jarðbornum, þegar hv. 2. landsk. þm. (EðS) vakti athygli á því atriði í umr. um frv. til laga um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins. Lýsti hann ótta sínum um, að þeir menn, sem þekkingu hefðu fengið á starfrækslu borsins. fengjust ekki aftur til starfa, þegar hafizt yrði handa að nýju, og þar með tapaðist sú kennsla, sem veitt var af erlendum sérfræðingum, sem störfuðu við borinn, fyrst eftir að hann kom, sumir jafnvel í rúmt ár. Hv. þm. spurði hæstv. raforkumrh., hvort þær ráðstafanir, sem í lögunum væru gerðar, væru nægilegar til þess að tryggja starfrækslu borsins. Hæstv. ráðh. svaraði því til, að raforkumálastjóri hefði samið frv., og yrði því að ætla, eins og hæstv. ráðh. sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, „að það sé sniðið við þarfir og við það, að borarnir“ — þ. e. a. s. stóri borinn og Norðurlandsborinn — „geti verið að starfi meginhluta ársins eða þann tíma, sem þeir þurfa ekki að vera í viðgerð.“ Nokkrar deilur urðu um orsakirnar, sem voru fyrir því, að borinn hafði verið tekinn úr notkun, en hann hafði verið starfslaus í 2½ mánuð, þegar umr. fóru fram. Hv. 2. landsk. þm. taldi, að viðgerðir eða athuganir væru ekki meginorsök þess, að borunum hefði verið hætt, heldur lægju fjárhagslegar ástæður að baki. Hæstv. ráðh. taldi ekki óeðlilegt, að sá tími gæti komið, að það þætti heppilegt að stöðva boranir. Fleira gæti valdið en fjárskortur, t. d. það, að sérfræðingar raforkumálaskrifstofunnar hafi ekki tilbúnar tillögur um það, hvar heppilegast sé að bora. Þá benti hæstv. ráðh. á, að á fjárlögum þessa árs væru 6 millj. kr. til þessara framkvæmda, sem væri ekki farið að snerta, og auk þess ætti Reykjavíkurbær að greiða hluta af kostnaðinum. Enn fremur lýsti hæstv. ráðh. yfir því, að samkvæmt viðtali við raforkumálastjóra væri nokkuð tryggt, að hinir sérfróðu starfsmenn við borinn störfuðu við hann áfram.

Í síðustu ræðu sinni dró hæstv. ráðh. að lokum saman þær ástæður, sem gætu legið til stöðvunar borsins: í fyrsta lagi viðgerðir og eftirlit; í öðru lagi: sérfræðingar væru ekki búnir að ákveða, hvar ætti að bora næst, og sagði að síðustu, með leyfi hæstv. forseta: „Þriðja ástæðan getur tæplega verið fjárskortur, úr því að ekki er farið að snerta fjárveitinguna, auk þess sem með frv. er verið að gera ráðstafanir til þess að rekstur þeirra, þ. e. a. s. jarðboranna, verði tryggður.“

Hinn 16. marz s. l. voru því hv. þm. látnir standa í þeirri trú, að stöðvun á starfrækslu stórvirka jarðborsins yrði ekki langæ. Ekki væri ástæða til að óttast, að boranir með honum væru lagðar niður á þessu ári. Frá því að þetta var látið koma fram, er liðinn 8½ mánuður, borinn verið starfslaus allt árið. Bezti tíminn er um garð genginn, en enn hefur stórvirki jarðborinn ekki verið hreyfður til framkvæmda og ekki verið séð til þess, að starfræksla hans flýti því, að rætist óskir manna um rannsóknir og nýtingu jarðhitans, og ekki einu sinni notuð þau fjárframlög, sem fengust þó veitt á fjárlögum. Nú, þegar enn koma til umr. frómar óskir manna um nýtingu jarðhitans, þá væri ástæða til þess, að hæstv. raforkumrh. upplýsti þingheim um hinar raunhæfu framkvæmdir í þessum efnum á því ári, sem nú er senn lokið.

Ég hef hér rætt nokkuð um fjárframlög til jarðhitarannsókna og notkun þeirra og nýtingu þeirra tækja, sem störfin byggjast á, svo og nýtingu á sérþekkingu þeirra manna, sem við þau hafa starfað, en hætta er á, að kynnu að tapast. Er þá komið að enn einum þætti þessara mála og ekki hinum veigaminnsta: störfum þeirra íslenzku vísindamanna, sem farið hafa með stjórn jarðhitarannsókna og annazt öll vísindaleg störf í sambandi við þær. Í aths. um 2. gr. frv. til l. um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„En gæta þarf þess hins vegar að vanrækja ekki hina vísindalegu hlið þessara mála. Hér á landi eru öll skilyrði fyrir hendi til þess, að íslenzkir vísindamenn séu brautryðjendur á sviði jarðhitarannsókna. Hafa alþjóðastofnanir þegar nokkrum sinnum leitað aðstoðar íslenzkra vísindamanna á þessu sviði. Aukin vísindaleg þekking á jarðhitanum mun án efa spara töluvert í borunar- og vinnslukostnaði í framtíðinni.“

Á þetta geta allir fallizt. En hvers vegna stendur nú í grg. eða aths.: „Gæta þarf þess hins vegar að vanrækja ekki hina vísindalegu hlið“ o. s. frv.? Vegna þess, að fyrr í aths. um 2. gr. frv. er þess sérstaklega getið, að kostnaður af vísindalegum rannsóknum á jarðhita, annar en borunarkostnaður, hafi til þessa verið hverfandi lítill á móti því fé, sem til sjálfra jarðborananna hafi farið. Svo muni og verða framvegis. En hins vegar megi sem sagt ekki þess vegna vanrækja hina vísindalegu hlið þessara mála. Hvernig er þessum málum nú komið? Samkvæmt blaðafregnum mun sá sérfræðingur, sem mest hefur haft þessi mál með höndum, dr. Gunnar Böðvarsson, sem einmitt er vitnað til í grg. með þáltill. þessari, hafa sagt upp starfi hjá raforkumálastjórninni, að því er ætla má vegna ágreinings um launakjör, á sama hátt og úr þjónustu ríkisins eru að tínast flestir verkfræðimenntaðir menn. Hæstv. raforkumrh. gat þess hinn 16. marz s. l. hér á hv. Alþingi, eins og ég hef áður rakið, að ein ástæðan til þess, að stöðvazt gætu framkvæmdir með stórvirka jarðbornum, þrátt fyrir nægilega fjárveitingu, væri sú, að sérfræðingar raforkumálaskrifstofunnar hafi ekki tilbúnar tillögur um það, hvar heppilegast sé að bora, og af raunhæfum framkvæmdum verði því ekki. Þetta virðist einmitt hafa gerzt í sumar. Nauðsynleg undirbúningsstörf eru ekki fyrir hendi vegna kaupdeilna. Finnst nú hæstv. ráðh., að sú þróun, sem nú á sér stað um störf vísindalega menntaðra manna í þessu efni, stuðli að því, að raunhæfar framkvæmdir verði með þeim hætti, sem óskir flestra eða allra standa til? Eða þykir honum þessi þróun ískyggileg? Og hvað hefur verið gert til þess að sporna við henni?

Ég ætla ekki að fara að ræða þessi mál almennt varðandi verkfræðimenntaða menn í þjónustu ríkisins, heldur aðeins vekja athygli á því, hvað er að gerast varðandi raunhæfar framkvæmdir til nýtingar jarðhitans. Rekstur stórvirka jarðborsins taldi hæstv. ráðh. s. l. vor að mundi

kosta um 20 millj. kr. á ári, þó sjálfsagt meira. En jafnvel í grg. með frv. til l. um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins, sem m. a. var ætlað að tryggja rekstur borsins, er það tekið sérstaklega fram, að kostnaður vegna vísindalegra rannsókna, annar en borunarkostnaður, sé hverfandi, þó að hann sé vitaskuld ein aðalundirstaðan undir því, að boranir geti farið fram eða beri jákvæðan árangur. Í grg. er þess einnig getið, að hina vísindalegu hlið megi ekki vanrækja og hér á Íslandi séu jafnvel öll skilyrði fyrir hendi til þess, að íslenzkir vísindamenn séu brautryðjendur á sviði jarðhitarannsókna. Það virðist sem ekki hafi að ástæðulausu verið minnt á mikilvægi starfa vísindamannanna og til frekari tryggingar bent sérstaklega á, að kostnaður við störf þeirra sé hverfandi, miðað við annað. Það virðist ekki að ástæðulausu hafa verið varað við að vanrækja hina vísindalegu hlið þessara mála, og ég vildi með þessum orðum ítreka þessa áminningu úr grg. með því frv., sem hæstv. raforkumrh. hefur upplýst að raforkumálastjóri hafi samið, og fara þess á leit, að hæstv. ráðh. geri þingheimi grein fyrir því, hvað er að gerast í þessu efni. Það hlýtur að vera krafa allra þeirra, sem hafa áhuga á, að nýttur sé jarðhiti á Íslandi, að ekki sé beitt nokkurri þröngsýni gagnvart þeim vísindamönnum, sem að þessum málum hafa unnið og við erum svo heppnir að eiga, — mönnum, sem leggja fram þá undirbúningsvinnu, sem allar raunhæfar framkvæmdir byggjast á. Sé svo, að nokkur hætta sé á því, að við missum starfskrafta þessara vísindamanna, þá held ég, að brýn þörf væri á, að hv. Alþingi fæli hæstv. ríkisstj. að tryggja viðunanlega lausn í því máli, til þess að um raunhæfar framkvæmdir geti verið að ræða, ekki síður en að við látum enn einu sinni vita um óskir okkar um nýtingu á jarðhita til almenningsþarfa, svo nauðsynlegt sem það að sjálfsögðu er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Sþ., 13. des., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 21. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 110, n. 419).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Þessi till. var rædd í fjvn. og send til umsagnar jarðhitadeildar raforkumálaskrifstofunnar, sem telur, að hún sé tímabær, og mælir með samþykkt hennar. Raforkumálastjóri telur í bréfi sínu, að líkur séu til, að jarðhitinn í Reykjavík og næsta nágrenni verði fullvirkjaður og nýttur innan tíu ára og muni þá þurfa að leita lengra til fanga. En slík mannvirki þurfa nákvæma athugun og undirbúning, og veitir því ekki af að byrja þegar á honum. Við höfum nú þegar svo mikla og góða reynslu af notkun jarðhitans, að eðlilegt er að leita ráða til að notfæra sér þessa auðlind enn betur en gert hefur verið til þessa. Jarðhitaorkuverin eru einhver beztu fyrirtæki, sem við eigum. Þau selja orkuna mun ódýrara en erlendir orkugjafar, kol eða olía, kosta, spara stórfé í erlendum gjaldeyri og hafa samt góða afkomu. Enn hefur aðeins nærtækasta jarðhitaorkan verið nýtt, en þegar farið verður að nýta þær orkulindir, sem fjær eru, er sennilegt, að hagkvæmastar verði allstórar virkjanir, og þess vegna rétt að hafa í huga að nota nokkuð af orkunni til iðnaðarþarfa, en ekki fyrst og fremst til húsahitunar og gróðurhúsa, eins og hingað til hefur verið. Þær athuganir, sem gerðar hafa verið í þá átt, benda til þess, að hægt sé að fá jarðhitaorkuna mun ódýrari en orku frá kolum eða olíu, en hafa ekki enn leitt til framkvæmda. Orkan frá kjarnorkuverum er enn þá nokkru dýrari en frá orkuverum, sem nota kol eða olíu eða vatnsafl, nema við sérstakar aðstæður, t. d. í heimskautalöndunum. Bilið hefur þó minnkað mikið á fáum árum og ekki víst, að langt líði, þar til verð orku frá kjarnorkuverum lækkar enn. Það er því brýn nauðsyn fyrir okkur Íslendinga að fresta því ekki að nýta þær auðlindir, sem við eigum í fossunum og jarðhitasvæðunum, sem enn þá eru ódýrustu orkulindirnar, sem þekkjast. Nefndin leggur því einróma til, að þessi till. verði samþykkt.

Sveinn S. Einarsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. þessarar þáltill. þakka hv. fjvn. og frsm. hennar fyrir þann einhuga stuðning, sem nefndin hefur sýnt þessu máli, og ég vil leyfa mér að vænta þess, að svipaða afstöðu muni hið háa Alþingi taka um þetta.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 449).

9. Viðurkenning Þýzkalands á fiskveiðilögsögu við Ísland.

Á deildafundum 31. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi um viðurkenningu Sambandslýðveldisins Þýzkalands á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland [52. mál] (A. 68).

Á 11. fundi í Sþ., 1. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 13. og 15. fundi í Sþ., 8. og 15. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 22. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Í s. l. marzmánuði gerðu ríkisstj.

Íslands og Bretlands með sér samkomulag um lausn fiskveiðideilu þeirrar, sem staðið hafði á milli ríkjanna frá því í septemberbyrjun 1958. Segja má, að efni þessa samkomulags hafi verið tvíþætt. Annars vegar gerðu Bretar hvort tveggja í senn að viðurkenna rétt Íslendinga til stórfelldrar útfærslu á fiskveiðilögsögu við Ísland frá því, sem ákveðið var 1958, með því að fallast á, að Íslendingar hefðu heimild til að fækka stórlega grunnlínupunktum, og auk þess viðurkenndu Bretar í prinsipinu 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland frá þeim grunnlínum, sem ákveðið var. En öðrum þræði var samkomulagið þess efnis, að ríkisstj. Íslands féllst á, að brezk fiskveiðiskip mættu stunda fiskveiðar innan hinnar nýju útfærðu fiskveiðilögsögu á takmörkuðum svæðum og takmörkuðum tímum úr ári næstu 3 árin.

Sú hugsun, sem lá til grundvallar þessu samkomulagi, var fyrst og fremst þess eðlis, að af Íslendinga hálfu var lagt mikið upp úr því að geta eytt deilunni við Breta og fengið þá jafnframt til þess að viðurkenna ekki aðeins 12 mílna grundvallarregluna fyrir fiskveiðilögsögu við Ísland, heldur einnig stórfellda og þýðingarmikla útfærslu á fiskveiðilögsögunni frá því, sem hún var ákveðin með reglugerðinni frá því sumarið 1958. Auk þess lá sú hugsun til grundvallar þessu samkomulagi, að ekki væri óeðlilegt, að Bretar fengju nokkurn umþóftunartíma til að hverfa burt úr íslenzkri fiskveiðilögsögu, og það ekki sízt vegna þess, að ríkisstj. var að undirbúa og framkvæmdi frekari útfærslu á fiskveiðilögsögunni en áður hafði verið.

Skömmu eftir að þetta samkomulag við Breta var gert, leitaði ríkisstj. Vestur-Þýzkalands eftir viðræðum við ríkisstj. Íslands um aðstöðu þýzkra skipa til veiða á Íslandsmiðum. Þannig hagar til um fiskveiðar þýzkra skipa á Íslandsmiðum, að mikill fjöldi þeirra hefur stundað hér veiðar um áratugi. Vestur-Þjóðverjar koma næst á eftir Bretum um fiskveiðar á Íslandsmiðum, bæði hvað varðar fjölda fiskiskipa, lengd veiðitíma á ári, fjölda þeirra ára, sem skipin hafa stundað hér veiðar, og aflamagn, og kemst engin þjóð önnur neitt til samjafnaðar þar við Breta og Vestur-Þjóðverja. Þegar fiskveiðilögsagan var færð út 1958, voru Vestur-Þjóðverjar einir þeirra, sem mótmæltu lögmæti þeirrar útfærslu að alþjóðarétti. Ríkisstj. taldi mikið upp úr því leggjandi, að hægt væri að fá Vestur-Þjóðverja til þess að viðurkenna bæði 12 mílna grundvallarregluna um fiskveiðilögsögu við Ísland og hina nýju útfærslu, sem framkvæmd var í marzmánuði s. l. með fjölgun grunnlínupunkta, og taldi því ríkisstj. rétt að taka upp viðræður við ríkisstj. Vestur-Þýzkalands um þetta mál. Í þeim viðræðum kom í ljós, að ríkisstj. Vestur-Þýzkalands var fús til að fallast á fiskveiðilögsöguna við Ísland, eins og hún var ákveðin í s. l. marzmánuði, á sama hátt og Bretar höfðu á hana fallizt, enda fengju þeir sambærilega aðstöðu við það, sem Bretum var veitt með því samkomulagi, sem við þá hafði verið gert. Ríkisstj. taldi rétt að gera slíkt samkomulag við ríkisstj. Vestur-Þýzkalands, en þó aðeins þannig, að þriggja ára fresturinn skyldi renna út á sama tíma gagnvart Vestur-Þjóðverjum og hann rennur út gagnvart Bretum, enda þótt samkomulagið við Vestur-Þjóðverja væri gert nokkru síðar.

Áður en gengið var frá málinu, var það borið undir utanrmn. Meiri hl. n. lýsti sig samþykkan því, að fallizt yrði á það samkomulag, sem ríkisstj. gat komizt að við ríkisstj. Vestur-Þýzkalands og mælt með að yrði gert, en minni hl. var slíku samkomulagi andvígur. Eftir þetta gekk ríkisstj. frá samkomulagi um málið við ríkisstj. Vestur-Þýzkalands, sem að efni til var nákvæmlega samhljóða samkomulaginu við ríkisstjórn Bretlands. Þetta samkomulag kom til framkvæmda, um leið og það var gert, en með þeim fyrirvara þó af Íslands hálfu, að það væri háð samþykki Alþingis, og mundi falla úr gildi, ef það fengist ekki staðfest þar. Þetta samkomulag er nú hér með lagt fyrir hv. Alþingi til meðferðar og afgreiðslu, og leyfi ég mér að leggja til, að umr. um málið verði frestað og því verði vísað til utanrmn. til athugunar og meðferðar, áður en meðferð þess lýkur hér við umræðuna.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Þessi till., sem hér liggur fyrir og heitir till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi um viðurkenningu Sambandslýðveldisins Þýzkalands á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland, er að sjálfsögðu beint framhald af því, sem hér gerðist á þingi í fyrravetur, þegar landhelgi okkar var með samningi við Breta og síðar með samþykkt Alþingis opnuð að nokkru fyrir brezkum togurum. Efnislega höfum við Alþýðubandalagsmenn þegar lýst yfir, að við værum andvígir allri skerðingu á íslenzku landhelginni, og mótmælt því, að útlendingum væru þar leyfðar veiðar. Þessi mótmæli leyfi ég mér hér með að endurtaka, allt eins hvort í hlut eiga þýzk veiðiskip, eins og fjallað er um í þessari till., eða brezk veiðiskip, eins og fjallað var um hér á Alþingi í fyrravetur. Um þessa till., sem heitir því virðulega nafni, að hún sé um staðfestingu á samkomulagi um viðurkenningu Sambandslýðveldisins Þýzkalands á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland, má geta þess, að hér er um algert yfirskin að ræða. Efnislega er till. að sjálfsögðu um hitt, að þýzkum veiðiskipum sé gefinn réttur til að veiða eftir ákveðnum reglum í íslenzkri landhelgi. Sambandslýðveldið Þýzkaland viðurkennir ekki samkvæmt þessu samkomulagi fremur en Bretar íslenzku 12 mílna landhelgina, heldur segir í þessum samningi, alveg eins og í samningnum við Breta, sem gerður var í fyrra, að Sambandslýðveldið Þýzkaland falli frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland. Sambandslýðveldið Þýzkaland hafði í rauninni ekki mótmælt íslenzku 12 mílna landhelginni nema að forminu einu. Það land hafði ekki stundað veiðar í þessari landhelgi, og þar með höfðu þeir í raun fallið frá því að gera mótmæli sín virk á nokkurn hátt. Það, sem Íslendingar hljóta því með þessari samningsgerð, er að sjálfsögðu ekki neitt, en hitt, sem Þjóðverjar hljóta, er hreint ekki svo lítið.

Svo ýtarlega sem þessi mál voru rædd hér á Alþingi í fyrravetur, er máske ekki ástæða til þess að fara efnislega í það af mikilli nákvæmni, hvað hér er um að ræða, en í stærstum dráttum er það þó það, að Bretar fengu í fyrra leyfi til fiskveiða innan íslenzku landhelginnar á milli 12 og 6 mílna markanna á þeim stöðum og á þeim tímum, sem Bretar höfðu sjálfir kosið. Samningurinn jafngilti því að færa okkar 12 mílna landhelgi í það að vera 6 mílna landhelgi. Þetta er hér enn gert og nú gagnvart Þjóðverjum.

Við samningsgerðina við Breta, var það ákveðið sagt af hálfu okkar Alþýðubandalagsmanna og raunar fleiri aðila hér á þingi, að hér hlyti að verða dreginn dilkur á eftir, það væri næstum óhugsandi, að hér mundu ekki aðrar þjóðir sigla í kjölfar Breta, og er það nú á daginn komið.

Í ræðum og ritum ýmissa ríkisstjórnarmanna á Íslandi nú, einkanlega ráðherra, má stundum sjá það, að með samningnum við Breta hafi ekki verið gert neitt það, sem skerði íslenzka hagsmuni í einu eða neinu. Aflasæld er jafnvel af slíkum aðilum stundum talin vera hér öllu betri eftir þessa samningsgerð en hún var áður og aðstaða Íslendinga sé öll hin bezta eftir samningsgerðina. En þó kemur stundum fyrir, og það veit ég að þeir hv. alþm. kannast við, sem lesa dagblöð þjóðarinnar að staðaldri eða hlýða á fréttir útvarpsins, að alltaf öðru hverju er þess þó getið í fréttum, að íslenzk veiðiskip séu illa komin við veiðar sínar vegna ágangs einmitt þeirrar þjóðar, sem fékk réttindi í íslenzku landhelginni með samningnum, sem gerður var við Breta í fyrravetur. Að vísu skal það játað, að þessar fréttir í blöðum ríkisstj. eru ekki nærri eins áberandi og sumar aðrar fréttir. Það kemur t. d. stundum fyrir, að í því virðulega aðalmálgagni ríkisstj., Morgunblaðinu, reynist ekki vera til neitt fyrirsagnarletur, þegar slíkar fréttir koma. Daginn, sem þetta mál var fyrst tekið á dagskrá til umr. í Alþingi, — það var hinn 8. nóv., að því er ég ætla, — þá leit ég t. d. yfir Morgunblaðið og fann þá dálitla frétt þar. Hún var nú ekki mjög stór, ég klippti hana hér út, en hún sést þó með berum augum. Þar segir:

„Norðfirði, 7. nóvember.

Í fyrrinótt urðu línubátar hér fyrir miklu veiðarfæratjóni af völdum erlendra togara, og misstu þrír bátar línu sína.“

Það reyndist ekki vera til neitt fyrirsagnarletur hjá Morgunblaðinu yfir þessa frétt. Það er þess vegna ekki alveg ólíkt komið með ríkisstj. Íslands og karlinum, sem sagði: „Ég heyri það, sem ég vil heyra, en hitt miklu verr.“ En þetta er ekkert einstök frétt. Alltaf af og til heyrum við fréttir af því, að einmitt vegna þess samnings, sem gerður var í fyrravetur og heimilaði útlendingum veiðar í íslenzku landhelginni, kemur það á daginn, að íslenzk veiðiskip eru aðkreppt á sínum eðlilegu veiðislóðum, og um þessar mundir nú að haustinu mun það vera hvað mest áberandi úti fyrir Austurlandi. En strax á vordögum í vor var ljóst, að t. d. sunnan við Vestmannaeyjar kreppti mjög að fiskibátaflotanum þar, og er engum blöðum um það að fletta, að sá, sem vill heyra og sjá, hvað er að gerast í kringum hann, fær þess ekki dulizt, að hér hefur verið gengið á rétt þann, sem íslenzkum veiðiskipum hafði skapazt.

Það má segja, að sú till., sem hér er lögð fyrir, sé máske rökrétt afleiðing af því, sem gerðist hér í fyrravetur. Engu að síður leyfi ég mér að undirstrika það, að opnun landhelginnar fyrir útlendingum er mál núv. stjórnarflokka. Alþb. er henni andvígt og einnig opnun landhelginnar fyrir Þjóðverjum. Þetta vildi ég láta koma greinilega fram við þessa umr.

En í framhaldi af þessu þykir mér einnig ástæða til að rifja upp þá staðreynd, að eftir að samningurinn var gerður við Breta á s. l vetri, kom í ljós, að brezkir togarar höfðu meiri réttindi til veiða á íslenzkum fiskimiðum en togarar Íslendinga sjálfra sums staðar. Í framhaldi af því var reglugerðinni um það, hvar íslenzkir togarar mættu veiða, breytt þannig, að þeir fengu réttindi til jafns við Breta. Nú hefur það flogið fyrir, að íslenzk stjórnarvöld hafi í athugun að breyta enn reglunum um réttindi íslenzkra togara til veiða. Í því tilefni vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj. sérstaklega: Eru væntanlegar á næstunni breytingar á reglunum um veiðirétt íslenzkra togara, og ef svo er, hvaða tryggingar eru þá fyrir því settar, að sá réttur verði ekki einnig yfirfærður til erlendra togara? Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að svara þessum spurningum mínum: annars vegar um það, hvort í ráði séu breytingar á reglunum um rétt íslenzku togaranna til veiða í landhelginni, og ef svo er, hverjar tryggingar séu þá fyrir því, að sá réttur verði réttur Íslendinga einna og ekki annarra.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil í tilefni af þessari till. segja fáein orð.

Þegar Íslendingar færðu út fiskveiðilandhelgina 1. sept. 1958, sigldu aðfaranótt þess dags togarar allra þjóða út úr landhelginni nema brezku togararnir. Þetta þýddi, eins og raunar kom enn greinilegar fram fljótlega, að í verki viðurkenndu allar þjóðir útfærsluna nema Bretar, og þar á meðal voru Vestur-Þjóðverjar, og eiga þeir miklar þakkir fyrir það eins og aðrar þjóðir, sem þetta gerðu.

Ég hef alltaf haldið því fram, að þegar þetta gerðist, hafi sigur unnizt í útfærslumálinu, vegna þess að einni þjóð yrði aldrei stætt á því að taka sig út úr og fiska með ofbeldi í fiskveiðilandhelginni. En þetta gerðu Bretar eða reyndu að gera, eins og kunnugt er, en með afar lélegum árangri, og hættu því svo, þegar frá leið. Þá var 12 mílna landhelgin eða friðun hennar í raun og veru orðin staðreynd. En þrátt fyrir þetta samdi ríkisstj. við Breta um landhelgismálið, þvert ofan í eldri yfirlýsingar, og samningurinn var í raun og veru um að færa fiskveiðilandhelgina inn í 3 ár, færa hana inn viðs vegar við strendur landsins, eins og Bretum kom bezt. Og það sem verra er, að ég vantreysti því, — og ég veit, að það gerir mikill hluti þjóðarinnar, — ég vantreysti því, að þessi innfærsla verði aðeins til 3 ára, ef núv. stjórnarflokkar fá að ráða hér einir. Menn geta alveg

eins búizt við því, að þetta yrði framlengt, ef þeim byði svo við að horfa, og þyrfti ekki mikið til að mínu viti.

En þetta var annað atriðið í samningnum. Hitt atriðið var, að Íslendingar skuldbundu sig til þess að hafa samráð við Breta um frekari útfærslu og að Bretar gætu skotið fyrirhugaðri útfærslu síðar til Haagdómsins, ef þeim sýndist. Með þessu móti afsöluðu Íslendingar sér í samningi við Breta einhliða útfærslurétti, sem þeir óumdeilanlega höfðu haft. Hér var um að ræða afar þýðingarmikið framsal á landsréttindum, einmitt þess konar framsal, sem Jón Sigurðsson taldi að Íslendingar mættu aldrei gera, því að hans stefna var sú í sjálfsstjórnarmálinu, að þó að menn gætu ekki komið sjálfsstjórninni á til fulls og ekki nema áleiðis, þá væri alltaf aðalatriðið að afsala sér aldrei neinum rétti. En landsréttindum var afsalað með samningnum við Breta. Það, sem í móti kom frá Bretum eða talað var um að kæmi í móti, var svo, að þeir hættu hernaðinum í fiskveiðilandhelginni, sem að mínu viti var óhugsandi fyrir þá að halda áfram, og viðurkenning á breytingu grunnlína, sem Íslendingar höfðu tvímælalaust rétt til að breyta einhliða og þurftu því ekki að semja um. Við þurftum ekki að færa inn landhelgina á stórum svæðum, til þess að hægt væri að lagfæra grunnlínurnar. Þessi samningur var því þannig, að ég var honum algerlega mótfallinn fyrir mitt leyti og Framsfl., eins og kunnugt er.

Enda þótt framkoma Vestur-Þjóðverja í þessu máli sé mjög ólík framkomu Breta, þá breytir það þó ekki því, að þegar ég var kvaddur í sumar á utanríkismálanefndarfund til þess að taka afstöðu til þess, hvort gera ætti hliðstæðan samning við Vestur-Þjóðverja og gerður hafði verið við Breta, þá tók ég afstöðu á móti því, að slíkur samningur væri gerður við Vestur-Þjóðverja. Það var byggt á þeirri hugsun, að því fleiri samningar sem gerðir væru af þessu tagi, því verr væri farið, það væri meira en nóg komið og Íslendingar ættu alls ekki að binda sig gagnvart fleiri þjóðum á þá lund, sem þeir hefðu bundið sig með landhelgissamningnum gagnvart Bretum.

Þessa grg. fyrir afstöðu minni vildi ég láta koma fram nú strax, áður en þetta mál fer til nefndar, sem ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir að það fari.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Þeir tveir hv. alþm., sem tekið hafa til máls í þessu máli, hafa báðir hagað málflutningi sínum á þann hátt, að ekki gefur tilefni til, að af minni hálfu a. m. k. verði opnaðar almennar umr. um málið á þessu stigi. Ég hefði því svo til alveg getað sparað mér að taka aftur til máls, ef hv. þm. Karl Guðjónsson hefði ekki borið hér fram fyrirspurn, sem ég tel rétt að sé ekki látið ósvarað.

Hv. þm. spurðist fyrir um það, hvort væntanlegar væru á næstunni breytingar á reglunum um rétt íslenzkra togara til veiða innan 12 mílna, og ef svo er, hvaða trygging sé þá fyrir því, að erlendir togarar fái ekki að fara þar á eftir. Það hefði að sjálfsögðu verið annaðhvort hæstv. sjútvmrh. eða hæstv. dómsmrh. að svara þessari fsp., en hvorugur þeirra er hér viðstaddur. Mér þykir því rétt í tilefni fsp. að skýra frá því, að ríkisstj. hefur til almennrar athugunar, hvaða ráð séu tiltæk til þess að reyna að bæta hag og afkomu togaraútvegsins á Íslandi. Allar þessar athuganir eru á byrjunarstigi, og því fer víðs fjarri, að nokkrar ákvarðanir hafi verið teknar í þeim efnum um, hvað gera skuli. Málið er mjög alvarlegt og mjög yfirgripsmikið, og það er til athugunar, bæði í einstökum atriðum og í heild, en engar ákvarðanir liggja fyrir um, hvað gera skuli, né heldur eru uppi innan ríkisstj. sjálfrar þegar ákveðnar tillögur um þessi mál.

Svar mitt við þessari fsp. af hálfu hv. þm. er því algerlega neitandi, eins og málið liggur nú fyrir.

Ég vil aðeins, að gefnu tilefni frá báðum þeim hv. þm., sem tóku hér til máls, minna á, að sú viðurkenning, sem fékkst af hálfu Breta á s. l. vori og eins Þjóðverja nú í sumar fyrir íslenzkri fiskveiðilögsögu, var ekki einvörðungu bundin við fiskveiðilögsöguna, eins og hún var ákveðin 1958 með reglugerðinni, sem þá var gefin út, heldur féllust þessar þjóðir báðar á mjög víðtæka frekari útfærslu fiskveiðilögsögunnar með því að viðurkenna rétt okkar til þess að fækka grunnlínupunktum á hinum þýðingarmestu stöðum. Það má að sjálfsögðu deila um, hvers virði þetta sé. Ég heyri, að þessir tveir hv. þm. vilja gera lítið úr þessu, eins og málinu í heild. En ég ætla, að íslenzku sjómennirnir og þeir, sem eiga við þetta að búa, leggi allt annað og miklu meira upp úr þeim breytingum, sem þarna voru gerðar.

Að því er varðar þau ummæli hv. 1. þm. Austf., að við með því að fallast á, að ágreiningur um framtíðarútfærslu skyldi borinn undir alþjóðadómstól, höfum verið að afsala okkur rétti til einhliða útfærslu, vil ég segja, að þetta er alls ekki rétt. Það breytir engu um okkar aðstöðu til einhliða útfærslu, það samkomulag, sem varð um alþjóðadóm. Við getum gefið út reglugerð eins og áður, og hún kemur til framkvæmda eins og áður. Við verðum aðeins að láta þessar tvær þjóðir, Breta og Vestur-Þjóðverja, um þetta vita, en í stað þess, að þarna verði beitt ofbeldi, og þá m. a. í stað þess, að Bretar komi hingað með herskip til þess með ofbeldi að varna okkur frekari útfærslu, þá heyrir málið undir alþjóðadómstól til afgreiðslu.

Eysteinn Jónsson: Það var út af tveimur atriðum.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði m. a. komið fram í því, sem ég sagði, að ég legði lítið upp úr breytingunni á grunnlínupunktunum. Ég ræddi það atriði ekkert, en ég sagði og vil endurtaka það, vegna þess að hæstv. ráðh. sneri út úr, að við þurftum ekki að kaupa þessa breytingu af Bretum með einu eða neinu. Við höfðum rétt til þess að breyta þessum grunnlínupunktum sjálfir, og við þurftum ekki að færa landhelgina inn á stórum svæðum til þess að gera þessa breytingu. Þetta er aðalatriðið.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé alger misskilningur, að Íslendingar hafi afsalað sér nokkrum

rétti til einhliða útfærslu landhelginnar framvegis, þótt þeir hafi samið um það við Breta að hafa samráð við þá um frekari útfærslu, ef hún komi til mála, og líka samið um, að málið skuli ganga til Haagdómsins til endanlegs úrskurðar, ef Bretar krefjist þess. Þannig er þetta núna. Hæstv. ráðh. segir, að þrátt fyrir þetta höfum við enn fullan rétt til einhliða útfærslu. Þetta tel ég ósæmilegan orðaleik með jafnþýðingarmikið mál, því að það sér hvert barn, að með þessu móti hefur útfærslan framvegis verið sett í vald Breta eða alþjóðadómstólsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 19. fundi í Sþ., 6. des., var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 68, n. 162 og 166).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og alþjóð er kunnugt, hafði árum saman staðið deila við Breta um rétt til fiskveiða við strendur Íslands upp að 3 sjómílum, eftir að Íslendingar færðu út fisveiðilögsöguna við landið, fyrst í 4 mílur og síðan í 12 mílur. Á meðan þessar deilur voru enn óleystar, beittu Bretar hvoru tveggja í senn, löndunarbanni á íslenzkum fiski í Bretlandi og yfirtroðslum togara við veiðar undir herskipavernd innan hinna nýju landhelgistakmarka. Skapaði þetta ástand á milli þjóða, sem um aldir höfðu átt vinsamleg viðskipti, margvíslega örðugleika í viðskiptum, lamaði stórkostlega efnahagsafkomu útvegsins, ekki aðeins með því að banna löndun á fiski á brezkum markaði, heldur og með því að sópa oft og tíðum í burtu veiðarfærum báta, sem voru að veiðum á hinu friðlýsta svæði innan hinnar nýju fiskveiðilögsögu, fiskimönnum og útgerð oft til ómetanlegs tjóns, jafnframt því sem bæði brezkir og íslenzkir sjómenn voru hvað eftir annað settir í hinn mesta háska, þegar árekstrar út af deilunni urðu á sjálfum veiðisvæðunum, svo sem oft varð og fór vaxandi, eftir því sem deilurnar hörðnuðu.

Þegar þessi deila var loks leyst með samningum við Breta hinn 11. marz s. l., var ekki einasta fengin óafturkallanleg viðurkenning á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland ásamt verulegri stækkun landgrunnsins á allra þýðingarmestu svæðum umhverfis landið frá þeirri þjóðinni, sem harðasta andstöðu hafði veitt og mestra hagsmuna hafði að gæta í málinu af þeim erlendu þjóðum, sem sóttu veiðar á Íslandsmið, heldur var og með þessum samningi bægt frá voða, sem þúsundir manna innanlands og utan óttuðust að leiða mundi fyrr eða síðar til mikils harmleiks, ef ekkert yrði aðhafzt til þess að sættast á málin. Í samningi þessum voru á ný tryggð hin gömlu, vinsamlegu viðskipti við brezku þjóðina, löndunarbanninu aflétt, áhættu af veiðarfæratjóni af völdum togara á friðlýsta svæðinu bægt frá og það tryggt íslenzkum sjómönnum til veiða. Hefur reynslan þegar sýnt, hversu ómetanlegt þetta er fyrir bátaflotann, sem beinlínis hefur fyrir þessar aðgerðir bætt afkomu sína stórlega.

Það skal viðurkennt hér, að það var síður en svo óeðlilegt, að Íslendingar létu mörg orð og stór falla í garð Breta, meðan á deilunni stóð. Yfirgangur þegna hins voldugasta veldis heims með aðstoð herskipa og fallbyssna gegn varnarlítilli þjóð, sem barðist hugdjörf fyrir rétti sínum til þess ein að mega njóta þeirra lífsgæða, sem henni var lífsnauðsynlegt að eigi væru frá henni tekin eða fyrir henni rýrð, gaf til þess fulla ástæðu. En því meir ber að meta þá afstöðu, sem Íslendingar tóku, er þeir réttu fram bróðurhönd til samninga um svo alvarlegt mál, einmitt á þeirri stundu, sem hitinn var hvað mestur á báða bóga og alveg ósýnt um, til hvers hefði leitt, ef þjóðunum hefði ekki tekizt að sættast á málin.

Afstaða Íslendinga í baráttu þeirra við Breta átti frá upphafi vaxandi samúð og fylgi að fagna frá flestum þjóðum heims. En samúðaraldan með þeim reis þó tvímælalaust hæst, þegar ljóst var, að Íslendingar höfðu með sætt og samlyndi gengið með sigur af hólmi í þessu mikilsverða máli. Hverju svo sem einstakir menn nú reyna að halda fram, þá viðurkennir þjóðin nú, að lausn þessa vandamáls var nauðsynleg og svo farsæl, að enginn vildi nú hverfa aftur til þess ástands, sem hér ríkti, meðan á deilunni stóð, og leyst var með samningnum frá 11. marz s. l.

Það kom engum á óvart, hvorki utan þings né innan, að þegar samþykkt hafði verið að leysa landhelgisdeiluna við Breta, mundi koma um það ósk frá Sambandslýðveldinu Þýzkalandi að mega einnig gerast aðili að þessum samningum, njóta þar sömu réttinda fyrir þegna sína gegn því að inna af hendi sömu skyldur. Var í umr. um málið á Alþingi beinlínis gert ráð fyrir þessu af öllum aðilum. Þjóðverjar höfðu um langan aldur sent togara sína til veiða á Íslandsmið og jafnframt leyft Íslendingum að landa fiski á þýzkum markaði, og þótt þeir mótmæltu á sínum tíma útfærslu landhelginnar hér, þá gerðu þeir þó hvorki að sýna yfirtroðslu á hinu nýja svæði við strendur Íslands né að banna löndun á íslenzkum fiski á þýzkum markaði. Það væru því engin frambærileg rök fyrir því að neita þeim um aðild að þeim samningi, sem gerður var á milli Breta og Íslendinga um veiðar við strendur Íslands.

Samkomulag það, sem lagt er til í þáltill. að staðfest verði og birt er sem fskj. á þskj. 68, er sams konar samkomulag og gert var við Breta 11. marz s. l., skilyrði öll hin sömu á báða bóga, einnig það, að réttindi til veiða á vissum svæðum á milli 6 og 12 mílna falla úr gildi hinn 10. marz 1964 eða á sama tíma og umsamið var við Breta. Ríkisstj. bar málið undir utanrmn., áður en samkomulagið var undirritað í júlí s. l., og klofnaði nefndin þá um afgreiðslu þess. Lagði meiri hl. n. þá til, eins og nú, þeir Gísli Jónsson, Emil Jónsson og Jóhann Hafstein, að ríkisstj. væri heimilt að undirrita samkomulagið, en minni hlutinn, Eysteinn Jónsson, sem mætti þar fyrir Hermann Jónasson, og Finnbogi R.

Valdimarsson, lagðist gegn því, að heimildin yrði veitt, og taldi rétt, að Alþingi yrði þegar kvatt saman til að taka ákvörðun um afgreiðslu málsins. Tveir nm., þeir Birgir Kjaran og Þórarinn Þórarinsson, voru fjarstaddir, þegar málið var tekið fyrir á þeim fundi, svo og varamenn þeirra.

Þótt málið hafi þannig verið til umræðu og afgreiðslu í utanrmn. í júlí s. l., þótti rétt að vísa þáltill. til nefndarinnar aftur nú, er málið er tekið til umræðu hér á Alþingi. Hefur nefndin enn klofnað um málið. Vill minni hl., þeir Hermann Jónasson, Þórarinn Þórarinsson og Finnbogi R. Valdimarsson, láta fella tillöguna. Sýnast þeir ekkert hafa lært og engu gleymt þrátt fyrir þá farsælu reynslu, sem fengizt hefur af lausn deilunnar með þeim samningi, sem gerður var 11. marz s. l. Meiri hlutinn, Gísli Jónsson, Emil Jónsson, Jóhann Hafstein og Birgir Kjaran, lagði hins vegar til, að þáltill. yrði samþykkt, og væntir þess, að meiri hluti hæstv. Alþingis fallist á það og samþykki þáltill. óbreytta.

Ég sé ekki ástæðu til, nema sérstakt tilefni gefist til þess síðar við þessar umræður, að ræða um hinar einstöku greinar samkomulagsins nánar. Það er, eins og áður er tekið fram, um sams konar ákvæði að ræða og í samkomulagi við Breta frá 11. marz s. l., sem öllum hv. þm. er kunnugt um og rætt hefur verið hér á Alþingi dögum saman. Ég legg því til f. h. meiri hl. utanrmn., að þáltill. á þskj. 68 verði samþykkt óbreytt.

Umr. frestað.

Á 33. og 35. fundi í Sþ., 7. og 14. des., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 21. febr., var enn fram haldið einni umr. um till.

Frsm. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Eins og nál., sem hér liggja fyrir, bera með sér, hefur utanrmn. klofnað um þessa till. Meiri hl. leggur til, að hún verði samþykkt, minni hl. leggur hins vegar til, að hún verði felld.

Það mál, sem þessi till. er raunverulega hluti af, var mjög ýtarlega rætt hér á Alþingi í fyrra, og þess vegna sé ég ekki ástæðu til við þessa umr. að stikla nema á örfáum atriðum.

Ég tel þá rétt að minnast fyrst á þann árangur, sem hlotizt hefur af útfærslu fiskveiðilandhelginnar 1. sept. 1958. Ég held, að það sé sammæli sjómanna og fiskimanna í verstöðvum um allt land, að árangur þessarar útfærslu hafi verið hinn mikilvægasti og að þessari útfærslu megi það þakka fyrst og fremst, hve vel útgerðin hefur gengið víða um land og hve nú er blómleg afkoma í mörgum verstöðvum landsins. Þetta hefur átt sér stað þrátt fyrir þá vaxtapólitík, sem hæstv. ríkisstj. hefur rekið og mundi hafa verkað eins og móðuharðindi fyrir útgerðina, ef árangurinn af útfærslu fiskveiðilandhelginnar 1958 hefði ekki komið til sögunnar. Þessi árangur er svo mikill og glæsilegur, að það er ekki hægt að láta þessa umr. fara svo fram, að ekki sé sérstaklega á hann minnzt. Og það er enn fremur ástæða til að minnast á þann árangur, þegar þess er gætt, að gegn útfærslu fiskveiðilandhelginnar 1958 átti sér stað hin mesta mótstaða. Sú mótstaða var ekki eingöngu sprottin frá erlendum aðilum, sem beittu sér eftir megni gegn því, að Íslendingar réðust í þessa framkvæmd, heldur átti hún sína öflugu mótstöðumenn hér innanlands, því að það er mönnum áreiðanlega minnistæðara en frá þurfi að segja, að sú stjórnarandstaða, sem þá var í landinu, beitti sér gegn þessari framkvæmd á allan hátt. Eigi að síður var ráðizt í þessa framkvæmd þrátt fyrir öfluga erlenda mótspyrnu og mótspyrnu innanlands, með þeim árangri, sem ég hef nú vikið að. Ég hygg, að þegar tímar líða fram, verði þessi framkvæmd talin ein af þeim merkustu í sjálfstæðis- og atvinnumálasögu þjóðarinnar og þeirrar ríkisstj., sem að þessari framkvæmd stóð, verði lengi minnzt að ágætum fyrir þetta verk hennar. Þetta finnst mér alveg sérstök ástæða til að minnast á í sambandi við þessa umr.

Annað atriði, sem ég tel rétt að gera einnig nokkra grein fyrir, er það, að þegar brezki landhelgissamningurinn var gerður í fyrra, þá stóð málið þannig, að fullur sigur var þá þegar unninn í landhelgisbaráttumálinu, þ. e. a. s. í baráttunni fyrir 12 mílna landhelginni. Fullur sigur í því máli var raunverulega strax unninn 1. sept. 1958, þegar allar þjóðir aðrar en Bretar virtu þá útfærslu, sem þá hafði átt sér stað. Bretar reyndu að þráast á móti með því að beita herskipavernd innan fiskveiðilandhelginnar, en án nokkurs teljandi árangurs, enda féllu þeir frá því strax veturinn 1960 að beita slíkum aðferðum. Fullur sigur var þannig unninn í landhelgismálinu, — fullur sigur fyrir 12 mílna landhelginni var þá þegar unninn. Þess vegna gerðist ekkert annað en það, þegar teknir voru upp samningar við Breta sumarið 1960, en verið var að hverfa frá þeim sigri, sem búið var að vinna. Það var verið að hefja eitt hið ömurlegasta undanhald, sem um getur í allri sjálfstæðissögu hinnar íslenzku þjóðar. Niðurstaða þessa undanhalds varð svo landhelgissamningurinn, sem gerður var við Breta á s. l. ári, en hann var, eins og ég nú hef lýst, algerlega óþarfur, af þeim ástæðum, að það var þegar búinn að vinnast fullur sigur í þessu máli og þurfti þess vegna ekki á neinum samningum um það við Breta að halda. Þetta atriði er svo mikilvægt, að menn mega ekki láta það sér úr minni ganga, að það var búið að vinna fullan sigur í þessu máli, áður en undanhaldið var hafið, sem leiddi til brezka landhelgissamningsins.

Mér finnst svo rétt að minnast á það í þriðja lagi, sem allmikið bar á góma í umr. á seinasta þingi, þegar þetta mál var til umr. Þá var á það bent, að þeir flokkar, sem að því undanhaldi stóðu, sem þá átti sér stað, hefðu vorið 1959 staðið að samþykkt hér á Alþingi, þar sem lýst var yfir fullum stuðningi við undanþágulausa 12 mílna fiskveiðilandhelgi. Þessir sömu flokkar höfðu endurtekið þetta loforð sitt hvað eftir annað í tvennum alþingiskosningum, sem fóru fram sumarið 1959. Þrátt fyrir þessar skýlausu

yfirlýsingar, bæði hér á Alþingi og í tvennum alþingiskosningum, að hvergi skyldi hvika frá undanþágulausri 12 mílna landhelgi, gerðu þessir flokkar það nokkru eftir kosningarnar að hefja samninga við Breta með þeim árangri, að Bretar fengu verulegar undanþágur — um þriggja ára skeið til að byrja með — innan fiskveiðilandhelgi Íslands og þar að auki stöðvunarrétt hvað snertir frekari útfærslu landhelginnar í komandi framtíð. Þetta var algert brot á þeim yfirlýsingum og loforðum, sem viðkomandi flokkar höfðu gefið, og því var spáð hér á Alþingi, þegar rætt var um brezka landhelgissamninginn á seinasta ári, að þetta yrði ekki nema upphaf að öðru og meira undanhaldi, sem koma mundi á eftir. Sá samningur, sem hér liggur fyrir, er staðfesting á því, að þeir, sem þessu spáðu, höfðu rétt fyrir sér, því að hér liggur fyrir samningur, sem felur í sér nýtt undanhald. Það má segja, og ég skal viðurkenna það, að eftir að búið var að hleypa brezku togurunum inn í fiskveiðilandhelgina, var erfitt að sporna gegn því, að aðrir erlendir togarar færu þar inn á eftir, vegna þess að þótt ekki sé tekið upp nema það eitt sjónarmið, þá er að sjálfsögðu alveg óframkvæmanlegt fyrir íslenzku varðskipin að ætla að flokka erlenda togara þannig í sundur, að þegar brezkir togarar eru að veiða fyrir innan línuna, þá sé hægt að vinza aðra útlenda togara þar frá. Það leiddi því af sjálfu sér, að þýzku togararnir og aðrir erlendir togarar mundu nokkurn veginn njóta af sjálfu sér sömu réttinda og brezku togararnir voru búnir að fá með brezka landhelgissamningnum.

En þó að þetta hefði átt sér stað, þurfti aldrei að stíga það spor að gera nýjan samning, annan samning við Þjóðverja um það, að þeir öðluðust nákvæmlega sama stöðvunarréttinn gagnvart frekari útfærslu á fiskveiðilandhelginni og Bretar fengu samkvæmt samningnum í fyrra. Það var fullkomlega óþarft. Og það sýnir ekkert annað en nýtt undanhald í þessum málum, að til viðbótar því að afhenda Bretum þennan stöðvunarrétt skuli Þjóðverjum einnig vera látinn hann af hendi. Mín skoðun er líka sú, að svo varhugavert sem það er að láta þennan rétt í hendur Breta eða brezku stjórnarinnar, þá sé enn íhugunarverðara og varhugaverðara að láta þennan rétt í hendur Þjóðverja, því að það hefur sagan sýnt okkur margsinnis, að þótt erfitt hafi verið fyrir smáþjóðir að sækja rétt sinn í hendur brezku þjóðarinnar, þá hefur oftast verið enn örðugra að fá Þjóðverja til undanláts í þeim efnum, því að þeir láta það yfirleitt ekki af hendi, sem þeir hafa klófest einu sinni. Af þeim ástæðum álít ég, að þessi samningur, þýzki landhelgissamningurinn, sé varhugaverðari hvað framtíðina snertir en þó brezki samningurinn nokkru sinni var.

En við höfum nýtt dæmi fyrir augunum einnig um það, að núv. stjórnarflokkar eða núv. ríkisstj. getur hugsað sér enn frekara undanhald í þessum málum en það að gera þýzka landhelgissamninginn. Því er yfir lýst af ýmsum hæstv. ráðh., var hér á þingi fyrir áramótin og hefur, að ég hygg, verið endurtekið síðan, að ríkisstj. hafi haft það mjög til athugunar að hleypa íslenzkum togurum enn frekar inn í fiskveiðilandhelgina en þegar hefur átt sér stað. Og það liggur nokkurn veginn ljóst fyrir, að ef ekki verður af því, að íslenzkum togurum verði veitt enn þá meiri veiðiréttindi innan fiskveiðilandhelginnar en þegar er orðið, þá er það ekki vegna þess, að hæstv. ríkisstj. hafi staðið á móti því, heldur vegna þeirrar andspyrnu, sem hefur risið gegn þessu í verstöðvunum úti um allt land, síðan af þessu fréttist.

Við höfum þannig þrjú ljós dæmi fyrir augunum um það, að hæstv. ríkisstj. og þeir flokkar, sem að henni standa, eru hvenær sem er reiðubúnir til undanhalds í þessum efnum. Brezki landhelgissamningurinn er fyrsta dæmið, þýzki landhelgissamningurinn annað dæmið, og þriðja dæmið eru þær ráðagerðir, sem hafa verið uppi um það að hleypa íslenzkum togurum enn meira inn í fiskveiðilandhelgina en þegar hefur átt sér stað. Þetta undanhald hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokka í þessum málum mætti vissulega verða þjóðinni til hinnar mestu umhugsunar. Við vitum, að fyrr en seinna mun að því koma, að við þurfum að hefja einhverja samninga við Efnahagsbandalag Evrópu um viðskipta- og tollamál, og við vitum það jafnframt, að í sambandi við þá samninga mun mjög verða reynt af hálfu þeirra aðila að fá það fram, sem þeir hafa verið að reyna að fá fram í sambandi við samninga við okkur að undanförnu. Ef þeir komast ekki inn í íslenzka landhelgi með beinum aðferðum eða hreinum aðferðum, eins og átt hefur sér stað með þeim samningum, sem ég hef nú minnzt á, þá verður áreiðanlega reynt að komast þá leið bakdyramegin. Þess vegna þarf þjóðin að gera sér þessi mál vel ljós, gera sér mjög góða grein fyrir þeirri undanhaldsstefnu, sem hæstv. ríkisstj. og hennar flokkar hafa fylgt í þessum málum og hægt er að sýna fram á með ljósum dæmum, eins og ég hef hér gert, því að það er víst, að ef á að halda á málum í þessum efnum eins og gert hefur verið í sambandi við brezka landhelgissamninginn og í sambandi við þýzka landhelgissamninginn, þá er voði fyrir dyrum, þegar nýir, viðtækir samningar þurfa að hefjast við Efnahagsbandalag Evrópu um þessi mál.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni. Þau atriði, sem ég hef bent hér á, tel ég skipta höfuðmáli, sérstaklega í sambandi við framtíðina, og þau séu líka þannig vaxin, að það sé rétt og sjálfsagt af Alþingi að fella þá tillögu, sem hér liggur fyrir.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þingmenn eru að vísu ýmsu vanir, en þó hygg ég, að menn hafi sjaldan heyrt meiri öfugmælaræðu en hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 7. þm. Reykv., og má hann að vísu e. t. v. nokkuð vel við una að komast lengst í öfuguggahætti, vegna þess að ekki hafði hann möguleika til þess að komast framarlega þar, sem fram er sótt, þegar rétt er við haft.

Hann hóf mál sitt með því að segja, að þáv. stjórnarandstæðingar hefðu 1958 mjög lagzt á móti stækkun landhelginnar út í 12 mílur. Þetta

eru alger ósannindi, og ég leyfi mér að fullyrða, að þetta eru alger, vísvitandi ósannindi hjá hv. þm. Það er að vísu rétt, að það var mikill ágreiningur um landhelgismálið á árinu 1958. Sá ágreiningur hófst innan þáv. hæstv. ríkisstj. Mun í fyrstu hafa verið þannig, að hver þeirra flokka, sem í ríkisstj. voru, hafði nokkuð sitt sérsjónarmið, og þó einnig töluverður ágreiningur innan þeirra flestra eða allra sín á milli. Litlu mátti muna, að ríkisstj. klofnaði út af málinu. Það er þó rétt að geta þess, að sá ágreiningur var ekki um það, hvort sækja ætti eftir því að öðlast 12 mílna fiskveiðilögsögu, heldur með hvaða hætti ætti að sækja það mál. Og niðurstaðan í stjórninni varð sú, að þó að hún að nafninu til væri sammála, þá hélzt mjög verulegur ágreiningur innan hennar um málið alla þá tíð, sem hún stóð eftir þetta. Það var verulegur ágreiningur á milli hæstv. þáv. sjútvmrh. og hæstv. þáv. utanrrh. um það, hvernig á málinu ætti að halda, eins og raunar kom þá þegar nokkuð í ljós, en hefur orðið enn þá augljósara síðan.

Við sjálfstæðismenn töldum, að það væri mjög illa farið, að þannig væri á þessu máli haldið, að jafnvel ríkisstj. sjálf gæti ekki verið sammála í slíku höfuðmáli, og það er ekkert launungarmál heldur, að við töldum, að þannig væri í fyrstu og lengi vel haldið á málinu af hálfu nokkurs hluta ríkisstj., að jafnframt því, sem við efuðumst ekki um, að tilgangurinn væri sá að ná 12 mílna fiskveiðilögsögu, væri jafnframt og ekki síður annar tilgangur því samfara, og hann væri sá að efna til sem mests ófriðar um málið, halda þannig á því, að ef verða mætti, þá yrði það til þess að sprengja Íslendinga frá eðlilegum bandamönnum þeirra í alþjóðamálum. Þetta veit allur landslýður, að er rétt og satt, og þarf ekki um þetta að efast. Við töldum, að unnt mundi vera að ná fullum sigri í þessu máli án þess að viðhafa þær aðferðir, sem til slíks leiddu. Og reynslan hefur einnig sýnt, að eftir að okkar áhrifa fór að gæta í málinu, hefur þetta tekizt.

En það er einnig algerlega rangt, og ég vil segja það sama og ég sagði áðan, að það er einnig algerlega vísvitandi rangt með farið hjá hv. síðasta ræðumanni, þegar hann leyfir sér að halda því fram, að við höfum verið búnir að vinna fullan sigur í þessu máli á árinu 1958. Ég vil segja, að því fer svo fjarri, að þetta sé rétt, að sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar, eðlilegu sambandi hennar við nágrannaþjóðir og lífi íslenzkra sjómanna, bæði fiskimanna og varðskipsmanna, hafi aldrei verið teflt í meiri tvísýnu að óþörfu en með þeim aðförum, sem við voru hafðar á sumrinu 1958. Þetta vissu hv. framsóknarmenn þá þegar. Þess vegna var það, að þeirra ríkisstjórnarfulltrúar, þáv. hæstv. forsrh. og að því er ég hygg einnig þáv. hæstv. fjmrh., þeir voru því samþykkir að bjóða fram á sumrinu 1958 samsvarandi og sízt hagkvæmari undanþágur til handa Bretum en síðan hafa verið samþykktar. Þeir vissu, að málinu öllu — og meira en sjálfu þessu einstaka máli, var stefnt í ófyrirsjáanlega hættu, ef ekki var að gert. Þeir voru hins vegar þá ekki reiðubúnir til þess að halda á málinu af þeirri lipurð og stjórnvizku, sem þeim er stundum gefin, vegna þess að þeir sáu fyrir, að ef þeir færu eftir því, sem sannfæring þeirra sagði í málinu, þá mundi vinstri stjórnin endanlega klofna, þá mundi kommúnistaflokkurinn hverfa úr ríkisstj. En Framsfl. var þá enn á sumrinu 1958 reiðubúinn til þess að leggja allt í sölurnar til þess að halda vinstri stjórninni við, vegna þess að þá var það Framsfl. æðsta stolt, sem kom fram hjá hæstv. þáv. forsrh. á fundi í Hólmavík, þegar hann sagði, að eitt hefði þó áunnizt með vinstri stjórninni, þótt margt hefði mistekizt, og það væri að setja „íhaldið“ til hliðar í þjóðfélaginu. Það var árangurinn af tveggja ára stjórnarstarfi vinstri stjórnarinnar að geta þó hælzt um það, að búið væri að setja nær helming þjóðarinnar til hliðar í þjóðfélaginu. Þetta var sá andi, sem réð hinni ógæfusamlegu meðferð málsins 1958 og leiddi til þess, að því fór fjarri, að það tækist þá að vinna fullnaðarsigur í málinu sjálfu, og miklu meira var stefnt í hættu og algerlega óþarfa hættu. Málinu var ekki lengra komið en svo, jafnvel á sumrinu 1960, að þá var það á fundi í hv. utanrmn., fundi, sem var haldinn hér í suðurstofu Alþ., að hv. þm., fyrrv. forsrh., Hermann Jónasson, stakk upp á því, að við leituðum eftir íhlutun Bandaríkjanna samkvæmt herverndarsamningnum til þess að hrekja Breta héðan á brott, vegna þess að hann taldi, að málið hefði aldrei ískyggilegar staðið en einmitt þá. Svo leyfir þessi hv. þm. sér að koma og halda því fram, að fullur sigur hafi verið unninn í þessu máli strax 1958. Það má að vísu segja, að það sé óþarft að svara slíkum fjarstæðum með mörgum orðum, en það er einnig rangt að láta slík öfugmæli standa ómótmælt í Alþingistíðindum.

Þá hélt hv. þm. því fram, að við hefðum gert samning, sem hefði í bráð veitt Bretum rétt til þriggja ára fiskveiða innan okkar fiskveiðilögsögu. Það voru annaðhvort þessi orð: „í bráð“, eða eitthvað því samsvarandi, sem hann notaði, orð, sem áttu að gefa til kynna, að Bretar ættu von á einhverjum meiri veiðiheimildum en þessi 3 ár. Nú get ég ekki sagt um þetta eins og ég sagði um þau atriði, sem ég áður drap á, að hv. þm. færi þarna vísvitandi rangt með, vegna þess að af þeim atriðum hafði hv. þm. sjálfur náin kynni, og fer því ekki á milli mála, að hann leyfir sér að koma hér og skrökva framan í augsýn alls þingheims á Alþingi Íslendinga. Það getur verið, að hann skrökvi án þess að vita, að hann fari með rangt mál, þegar hann gefur hitt til kynna, að það eigi sér stað eða hafi orðið einhverjir leynisamningar milli ríkisstj., sem veittu Bretum vonir um meiri veiðiréttindi en eru fólgin í sjálfum samningnum. Hv. þm. var þó margfullvissaður um það í fyrra, að svo væri ekki. Hann var fullvissaður um það af réttum aðilum á Alþingi, og slíkt kom einnig berlega í ljós í umr. í Bretlandi um málið, svo að þarna má hv. þm. vita betur en hann lætur. Og það er alveg áreiðanlegt, að því fer fjarri, að Bretum hafi verið gefið nokkuð slíkt undir fótinn, heldur hefur þvert á móti margsinnis verið tekið fram við þá, að þeir gætu ekki átt von á neinni framlengingu þessara veiðiréttinda. Hitt kynni að vera, að það egni þá til frekari

kröfugerðar og vandræða gegn okkur Íslendingum, þegar málsvari annars stærsta flokksins á Íslandi kemur hér fram á Alþingi og lætur svo sem þarna sé gatan greiðfær, ekki þurfi annað en að þrýsta á, þá mundi verða undan þeim látið. Hvað er frekar líklegt til þess að egna ofstopamenn í Bretlandi til áframhaldandi illinda og vandræða gegn okkur Íslendingum heldur en slíkur málflutningur af hálfu hv. þm., talsmanns annars stærsta stjórnmálaflokks landsins? Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að hv. þm. mundi vilja ljá slíku fylgi, en hann á þá ekki heldur að gera sig að slíkum ódreng að gefa í skyn, að við hinir viljum gera það og höfum þarna einhverju að leyna, þvert ofan í það, sem við höfum marglýst yfir, og þvert ofan í það, sem viðsemjendur okkar og allir aðilar í Bretlandi hafa einnig lýst yfir af sinni hálfu. Erfiðleikar eru nógir, þó að menn séu ekki að búa til tyllisakir og halda þeim uppi æ ofan í æ, þó að margoft sé búið að sýna fram á, að þær fái ekki staðizt.

Enn fremur hélt hv. þm. því fram, að það hefði verið samið við Breta um, að þeir hefðu stöðvunarvald á útfærslu landhelginnar. Mörg eru nú öfugmælin í því, sem ég er búinn að hrekja af ummælum hv. þm., en þó er þetta mesta öfugmælið. Sannleikurinn er sá, að vinstri stjórnin með atbeina okkar hinna, við vorum reiðubúnir til þess strax 1958 og við vorum enn reiðubúnir til þess 1960 að gera samning og skuldbindingar, ef við hefðum náð því á Genfarráðstefnunum, um 12 mílna fiskveiðilögsögu til allrar frambúðar. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Það var að vísu þar opnuð leið til vissrar undanþágu, ákaflega óviss og hæpin leið, en við vorum með í því að gera það að alþjóðalögum með okkar atkvæði, að slíkt yrði ákveðið, 12 mílna fiskveiðilögsagan. Þeir samningar tókust ekki. Við þurfum ekki að fara að rekja það, af hverju þeir tókust ekki.

Í samningunum við Breta tökum við það berum orðum fram, að við ætlum að sækja eftir öllu landgrunninu, og áskiljum okkur að nota alþjóðalög hverju sinni, eins og þau verði, sem veiti heimild til slíks, og komum okkur saman um og tryggjum, að eitt af mestu herveldum heimsins skuldbindur sig til þess fyrir fram að láta þá ekki aflið eða valdið skera úr, heldur bera þetta undir alþjóðadómstól, þá réttarstofnun, sem er helzta vernd smáríkjanna í heiminum.

Svo leyfir þessi hv. þm. sér að koma hingað og halda því fram, að þarna hafi Bretum verið veittur stöðvunarréttur. Hvaða stofnun var það, sem opnaði Íslendingum leið til sóknarinnar í landhelgismálinu frá 1951 og fram á þennan dag? Hvaða stofnun var það, sem opnaði dyrnar? Það var alþjóðadómstóllinn í Haag með dómi sínum í máli Norðmanna og Breta. Þar setti hann fram glögglega þær meginreglur, sem við síðan höfum byggt okkar mál á. Þar gerðist dómstóllinn túlkandi þróunarinnar í alþjóðarétti gegn hagsmunum stórveldisins brezka og annarra mikilla sjóvelda í heiminum, en til hags og verndar þeim fátæku og lítilsmegandi þjóðum og fólki, sem á afkomu sína undir fiski við strendur sinna eigin landa. Og það er þessi sama stofnun, sem þarna opnaði leiðina og hefur búið til rökin, sem við síðan æ og æ höfum hamrað á, — það er þessi stofnun, sem við höfum tryggt að á að skera úr hugsanlegum ágreiningi milli okkar og Breta um þetta efni. Betri og meiri tryggingu gátum við Íslendingar ekki öðlazt í þessu máli.

Það er heldur ekkert nýtt, að við Íslendingar sækjumst eftir því, að alþjóðadómstóllinn sé æðsti úrskurðaraðili í þessum efnum. Strax og deilan við Breta kom upp 1951, vitnuðum við Íslendingar í það, að það væri eðlilegt, að við biðum eftir dómi alþjóðadómstólsins í deilumálinu milli Norðmanna og Breta. Þegar við vorum í undirbúningi með okkar mál, þá voru framsóknarmenn, sem voru í ríkisstjórn undir forustu Steingríms Steinþórssonar, ekki síður eindregnir stuðningsmenn þess, að þessi aðferð væri viðhöfð, að bíða eftir leiðsögn alþjóðadómstólsins, heldur en við Sjálfstæðisflokksmenn og Alþýðuflokksmenn, sem þá voru raunar í stjórnarandstöðu. Þá voru það hinir virðulegu eða ekki virðulegu kommúnistar einir, sem snerust þarna á móti. Og ég vildi ráðleggja hv. þm. að lesa nú nokkrar af þeim skeleggu greinum, sem hann þá skrifaði í Tímann um hugarfar þeirra manna, sem vildu þannig snúast á móti höfuðverndara smáþjóðanna, alþjóðadómstólnum, og ekki lúta forustu hans í slíku máli. En það var ekki einungis, að hv. þm. skrifaði þá skeleggar greinar í Tímann þessu til styrktar, heldur eftir að við vorum búnir að færa landhelgina út og deilan við Breta var komin á erfiðara stig, þá var það ríkisstj. Steingríms Steinþórssonar, sem ég var utanrrh. í, sem að vísu fyrir forustu mína, en með samþykki okkar allra bauð fram, að úr ágreiningnum yrði skorið af alþjóðadómstólnum gegn vissum tryggingum um, að við yrðum ekki beittir ofbeldi á meðan, þangað til dómurinn fengist.

Þetta mál var í fyrstu tekið upp undir leiðsögn alþjóðadómstólsins. Allir sigrar, sem unnizt hafa í málinu, hafa unnizt samkvæmt þeirri leiðsögn, sem alþjóðadómstóllinn gaf, og bezta tryggingin fyrir okkar fámennu, máttvana þjóð í framtíðinni er að byggja á alþjóðalögum, túlkuðum af þeirri alþjóðastofnun, sem ætlað er að hafi úrskurðarvaldið í því efni. Með því er ekki verið að stöðva framsókn málsins, heldur verið að tryggja, að Íslendingar geti áreitnislaust og án hættu um ofbeldi notið allrar framþróunar í alþjóðarétti, sem verða kann í þessum efnum. Þetta er hiklaust einn mesti stjórnmálasigur, sem íslenzka þjóðin hefur unnið fyrr og síðar.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Till. þeirri, sem hér er til umr. á þskj. 68, var útbýtt hér á Alþingi þann 31. okt. og síðan ákveðin um hana ein umr. þann 1. nóv. Til utanrmn. er till. vísað þann 29. nóv., og eins og getið er um í nál. á þskj. 162, klofnaði n. Meiri hl. gaf út nál. 1. des. og minni hl. nál. 5. des. Síðan hefur málið ekki verið tekið á dagskrá nema einu sinni og þá hafði meiri hl. framsögu í málinu, en annars hefur málinu verið frestað þar til í dag. Ég verð nú að segja, án þess að ég vilji á nokkurn hátt beina ásökun til hæstv.

forseta um að hafa dregið mál þetta svo lengi, að það hefði verið eðlilegt, að þetta mál hefði fengið skjótari afgreiðslu en raun ber vitni um. Ástæðan til þessa er sú, eftir því sem mér er tjáð, að hv. 7. þm. Reykv., sem er frsm. minni hl., hefur ekki setið hér á Alþingi, hefur þó haft hér mann til þess að gegna sínum störfum og hefði þar af leiðandi getað sett hann inn í þetta mál, og auk þess voru tveir aðrir hv. þm., sem undirrituðu nál., hv. 2. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Reykn., og hefðu sjálfsagt verið færir um að hlaupa hér í skarðið. En máske er aðalástæðan sú, að þessum mönnum flökrar meira við að halda fram öðrum eins fjarstæðum og hér hefur verið haldið fram af hv. frsm. og ekki annar fengizt en hann til þess að bera fram hér á Alþingi slík rök. Óðruvísi verður varla skýrður sá dráttur, sem hér hefur verið hafður á og þá sjálfsagt að ósk Framsfl.

Ég vil leyfa mér að geta þess hér, að raunverulega hefði ekki þurft að ræða hér um annað í sambandi við þetta mál en það, hvort samþykkja ætti að leyfa hina sömu samninga við Þjóðverja og leyfðir voru við Breta. Um það fjallar þáltill. og ekki neitt annað. En það er allt annað en að hér sé verið að ræða það mál út af fyrir sig, þó að hv. frsm. kæmi að því á einum stað, sem ég skal síðar koma að, heldur er aðalræða hans hreinar eldhúsumr. á hæstv. ríkisstj. í sambandi við afgreiðslu máls, sem var afgreitt hér á s. l. þingi og kemur út af fyrir sig sáralítið þessu máli við, nema að tyggja upp aftur öll þau sömu ummæli, sem Framsfl. skipulagði hér að láta hvern einasta þm. sinn bera fram, þegar málið var afgreitt hér á Alþingi á s. l. ári. Að þetta er nú tekið upp þannig, er skýrasta sönnun þess, að Framsfl. sér, að hann hefur ekki sigrað í þessum málum meðal þjóðarinnar, eins og hann ætlaði sér þó að gera. Hann hefur tapað þar á öllum vígstöðvum og er nú að reyna að vekja upp aftur þennan draug til þess að setja svolítinn plástur á þessi sár. En hann þarf áreiðanlega miklu sanngjarnari og meira sannleikselskandi mann til þess að fá þjóðina til að hlusta á þau rök heldur en hv. frsm. minni hl., eftir því sem hann hefur rætt hér.

Ég get stytt mikið mál mitt, þar sem hæstv. dómsmrh. hefur hrakið mest af því, sem hv. frsm. sagði hér um meðferð málsins fyrr á árum, og skal ég ekki endurtaka það. En ég skal aðeins benda á, að sigurinn í þessu máli, sem hv. frsm. minni hl. leggur áherzlu á að hafi verið unninn 1. sept., var þá ekki unninn betur en svo, að ég er alveg viss um það, að ef ætti að ganga til þjóðaratkvæðis í dag um það mál, hvort við vildum aftur sama ástand í þessum málum og við höfðum, þar til samningarnir voru gerðir, þá mundu sárafáir Íslendingar vilja greiða atkvæði með því, og jafnvel ekki einu sinni hv. frsm. minni hl., þegar hann væri einn í þeim kjörklefa, svo að sigurinn hefur nú ekki verið alveg eins stór og hv. frsm. hélt fram.

Það eina atriði, sem hv. frsm. kom að, sem snertir þessa till., eru þau ummæli hans, að það hafi verið óþarfi að semja við Þjóðverja um afhendingu þessara veiðisvæða, enda þetta enn varhugaverðara en að láta af hendi þessi friðindi við Breta. Þetta er afstaða út af fyrir sig og snertir að sjálfsögðu mjög það mál, sem hér er til umr. Ég veit ekki, hve margir Íslendingar kunna að vera sammála hv. frsm. minni hl. um þetta atriði. En einkennilegt er það, ef þeir menn, sem kunnugir eru þessum málum öllum, telja það vera ósanngjarnara og hættulegra að gefa hér Þjóðverjum sömu réttindi og viðurkennd eru til Breta á fiskveiðasvæði Íslendinga, mönnunum, sem í fyrsta lagi höfðu þó sýnt okkur fulla viðurkenningu fyrir því, sem við höfðum gert, án samninga og viðurkennt þær aðgerðir fullkomlega, ekki beitt okkur neinum rangindum eða neinum þvingunum í löndun á okkar afla, og það var okkur mjög mikils virði, kannske eins mikils virði að halda þeim mörkuðum og að opna brezka markaðinn á ný. Þeir menn þekkja sáralítið inn í viðskipti milli þjóða, sem halda því fram, að það sé yfirleitt hægt að koma þannig fram í almennum viðskiptum. Ég hygg, að það séu mjög fáir Íslendingar, sem hefðu látið sér koma til hugar að neita um þessa samninga við Þjóðverja, eftir að búið var að gera þá við Breta, enda kom það fullkomlega fram í umr. á Alþingi á s. l. ári um þessi mál, þegar samningurinn var endanlega lögfestur, að Íslendingar yrðu að vera við því búnir og væru við því búnir, að aðrar þjóðir óskuðu eftir að njóta sömu réttinda og beygja sig þá einnig undir sömu skyldur. Og með samningnum við Þjóðverja er þó ekki það einasta eitt, að þeim sé hleypt inn á sömu svæði með þeim samningi, heldur er það og skilyrði, að þeir gefa þar um leið fulla viðurkenningu fyrir rétti okkar til þess að hafa breytt fiskveiðilöggjöfinni, sem þeir höfðu þó ekki gert opinberlega, þó að þeir viðurkenndu okkar aðgerðir, en því leggur sjálfsagt hv. frsm. minni hl. ekkert upp úr.

Hv. frsm. gat þess, að það hefði verið til umr. í hæstv. ríkisstj. að hleypa íslenzkum togurum inn fyrir núv. fiskveiðitakmörk. Hann fullyrti, að það hafi ekki verið fyrir skilning á því máli hjá hæstv. ríkisstj., að þeirri hættu hafi verið vikið frá, heldur væru það aðrar raddir, sem hefðu verið svo þungar hér á vogarskálunum, að ríkisstj. hefði orðið að beygja sig fyrir því valdi, og var þá helzt að skilja, að það væri Framsfl., sem hefði haldið uppi þeirri baráttu. Mér er fullkunnugt um það, að þetta er byggt á álíka miklum rökum og ýmislegt annað, sem hann hefur sagt hér. Íslenzka ríkisstj. hefur aldrei hugsað sér að bera fram neinar tillögur um þetta hér á Alþingi. Það sat í þessu nefnd, sem frá sjónarmiði útgerðarmanna benti á þetta atriði, og hæstv. ríkisstj. hefur ekki tekið undir, svo að það er alveg óþarfi fyrir hv. frsm. að vera að ásaka hæstv. ríkisstj. fyrir þetta atriði sérstaklega.

Þá vil ég einnig benda á það, sem hv. frsm. leyndi fullkomlega, að í þeim samningum, sem gerðir voru við Breta í þessum málum, voru fengin aftur — gegn því að færa inn á einstökum stöðum og á ákveðnum tímabilum — í landhelgi stórkostleg svæði, sem friðuð voru og viðurkennd og voru færð út til hagsbóta fyrir allan almenning í landinu. Og það er enginn efi

á því, að þegar menn höfðu tíma til þess að komast út úr því moldviðri, sem Framsfl. þyrlaði upp í sambandi við þetta mál, og gátu farið að hugsa rökrétt um málin, þá viðurkenndu þeir menn, sem hér áttu hagsmuna að gæta, og ekki hvað sízt minnstu bátarnir, að þeirra hagur hefði verið miklu betri, eftir að þeir samningar voru gerðir, heldur en áður.

Vegna þess að hv. þm. gat þess, að sýnilega yrði hæstv. ríkisstj. og hennar flokkar að láta undan síga í landhelgismálinu, ef til þess kæmi, að ræða þyrfti um inngöngu í Efnahagsbandalag Evrópu, vil ég í sambandi við það leyfa mér að geta þess, að ég átti sem fulltrúi Sjálfstfl. sæti á NATO-fundi í París í nóvember í haust, þar sem það mál bar á góma, hvernig þátttaka Norðurlanda almennt gæti orðið í bandalaginu. Þar var þetta mál sérstaklega rætt, vegna þess að þingmenn litu svo á, að nauðsynlegt væri, að Evrópulönd, sem vilja hafa vestræna samvinnu, sameinuðu sig um inngöngu í bandalagið. Ég átti sæti í efnahagsmálanefndinni, þar sem þetta mál var til umr., og ég lýsti því þar yfir, að Íslendingar mundu aldrei treysta sér til þess að taka þátt í þeirri samvinnu, nema eftirfarandi þremur atriðum yrði fullnægt: Í fyrsta lagi, að fjárflutningur frá öðrum stærri þjóðum til Íslands yrði ekki ótakmarkaður, því að með því móti væri hægt að brjóta niður hagkerfi Íslendinga á skömmum tíma, ef ótakmarkað fjármagn yrði flutt frá stórum, fjársterkum þjóðum til svo lítillar þjóðar. Í öðru lagi, að Íslendingar gætu aldrei tekið þátt í slíkri samvinnu nema hafa sérstöðu um það atriði, að innflutningur á fólki frá stærri þjóðum yrði einnig takmarkaður. Það væri ekki hægt fyrir þjóð, sem hefur aðeins 170 þús. íbúa, að hafa ótakmarkaðan innflutning á fólki frá stærri þjóðum. Það mundi þurrka þjóðerni hennar út á skömmum tíma, og það mundu Íslendingar aldrei beygja sig undir. Og í þriðja lagi, að Íslendingar mundu aldrei sætta sig við undir neinum kringumstæðum að gefa nokkuð eftir af þeirri landhelgi, sem þeir hafa þegar unnið með viðurkenningu annarra þjóða. Formaður efnahagsmálanefndarinnar, senator Javits, sem er mjög áhrifarikur maður í þessum málum í Bandaríkjunum, viðurkenndi, ekki aðeins í ræðu, heldur einnig við mig persónulega á eftir, að að sjálfsögðu yrði að taka fullt tillit til sérstöðu slíkra þjóða og það yrði gert, — ef vestræn samvinna ætti að haldast og hana ætti að gera sterka, þá yrði að sjálfsögðu að finna leiðir, þar sem þjóðum, sem hefðu slíka sérstöðu, væru sköpuð sérstök skilyrði. Það er því alveg óþarft fyrir hv. frsm. minni hl. að vera að núa okkur því um nasir, sem styðjum hæstv. ríkisstj., að við viljum ganga í eitt eða annað bandalag og fórna okkar réttindum til slíks. M. a. var fulltrúi frá Framsfl. áheyrandi á þessum fundi og vissi vel um þessa yfirlýsingu og hvaða orð um hana fóru á eftir.

Ég skal svo að síðustu aðeins benda á, að hefði það verið heppilegasta lausnin í þessu máli og hefði okkar þjóð verið sammála um það atriði að taka upp og fylgja fram tillögu Framsfl. í utanrmn. á s. l. sumri, þegar rætt var um það, hvort ætti að taka upp viðræður við Breta eða ekki um málið, þá bar hv. 2. þm. Vestf., formaður Framsfl., fram tvær tillögur, aðra þess efnis að kalla til ameríska setuliðið hér til þess að gæta landhelgi okkar, þ. e. a. s. að afhenda landhelgina amerískum herverði til gæzlu. Það þótti langt gengið á sínum tíma, þegar við afhentum landhelgisgæzluna til sambandsþjóðar vorrar, Dana. En hvað mundi þjóðin segja í dag, ef Alþingi hefði fallizt á þá tillögu að samþykkja að afhenda landhelgisgæzlu Íslands ameríska sjóhernum? En það var tillaga Hermanns Jónassonar, og hv. frsm. minni hl. féllst á þessa tillögu og gerði enga aths. við hana. Hv. 5. þm. Reykn., Finnbogi R. Valdimarsson, tók þessu með opnum örmum og var mjög ánægður yfir þessari till. frá Hermanni Jónassyni. Varatill. Hermanns Jónassonar var svo sú, að ef þetta yrði fellt, þá yrði fyrirskipað að reka herinn úr landi. Hefði íslenzka þjóðin verið ánægðari með slíka afgreiðslu á þessu máli, og hefði það leitt til betri árangurs en þess, sem náðist af samstarfi ríkisstjórnarflokkanna í þessum málum, að vísu gegn fullkomnum fjandskap stjórnarandstöðunnar? Ég þekki nógu vel íslenzka þjóðarsál til þess að vita það, að slíkri tillögu hefði ekki verið tekið vel meðal þjóðarinnar, eins og ég líka veit, að hv. 2. þm. Vestf. bar síður en svo þessa till. fram af heilum hug. Hann bar hana aðeins fram til þess að fá hana fellda í nefndinni. En það var ekki honum að þakka eða þeim mönnum, sem studdu tillöguna. Það var hinum að þakka, sem höfðu vit fyrir þeim að vilja ekki samþykkja till. Ég held því, að það hefði verið mesti heiðurinn fyrir hv. minni hl., að þetta mál hefði nú farið í gegn, á meðan hv. frsm. minni hl. var fjarverandi, og hafa engar umr. um það og sízt af öllu þær, sem hann hefur haft hér í dag um þetta mál.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Þegar till. um samninginn við Breta til lausnar á landhelgisdeilunni var til umr. á seinasta Alþingi, þá hygg ég, að nær allir stjórnarandstæðingar hafi tekið til máls og flutt langar og ýtarlegar ræður, sumir þeirra töluðu oftar en einu sinni. Á þeirri ræðu, sem hv. frsm. minni hl. flutti hér áðan, mátti glöggt heyra, að nú er vindurinn úr þeirri andstöðu, sem var við lausn málsins í upphafi. Hv. þm. minntist aðeins á tvö atriði, sem eftir standa, að því er varðar samkomulagsúrlausn á landhelgismálinu. Hann hélt því fram, þessi hv. þm., í fyrsta lagi, að það hefði verið með öllu ástæðulaust og óþarfi að semja við Breta, vegna þess að fullur sigur hafi verið unninn í deilunni og Bretar hafi verið búnir að gefast upp. Hann hélt því að öðru leyti fram, að illa hefði verið samið og að við hefðum samið af okkur. Þetta eru þau tvö atriði, sem þeir, sem enn andmæla samningunum, byggja andmæli sín á. En það þarf ekki nema rifja upp með fáum orðum það, sem áður hafði gerzt í þessu máli, til að sýna, að ummæli sem þessi eru algerlega í mótsögn við allt það, sem Framsfl. hefur áður sagt um málið, og allt, sem hann hefur áður í því gert. Þessi skoðun og þessi afstaða er til orðin, eftir að málið leystist, en þeir voru á gagnstæðri skoðun, áður en málið var

leyst. Mér þykir rétt, til yfirlits, nú þegar umr. um þetta mál er að ljúka, að draga þessar staðreyndir fram aðeins í örfáum orðum.

Ég ætla fyrst að víkja að þeirri fullyrðingu, að við höfum verið búnir að vinna sigur í landhelgisdeilunni 1960, Bretar hafi verið uppgefnir og þess vegna hafi verið óþarfi að leysa málið með samkomulagi. Það var einmitt um sumarið 1960, rétt áður en til viðræðnanna við Breta var gengið, að fulltrúi Framsóknarflokksins sneri sér til ríkisstj. og óskaði eftir sérstökum fundi í utanrmn. til þess að ræða um ástandið í landhelgismálinu. Á þessum fundi lýsti Framsfl. því yfir, að ástandið hefði aldrei verið jafnalvarlegt í málinu og það væri nú og ekki væri sjáanlegt annað en við værum gersamlega að missa málið út úr höndum okkar. Eina leiðin, sem Framsfl. sá til lausnar á þessu, var sú að snúa sér til Bandaríkjanna og biðja þau um að senda sinn flota hingað til þess að vernda okkar landhelgi fyrir Bretum. M. ö. o.: nokkrum dögum áður en gengið er til viðræðna við Breta, lýsir Framsfl. yfir, að ástandið sé alvarlegra og verra en nokkru sinni áður, flokkurinn sjái ekki annað en við séum að tapa málinu, og eina leiðin, sem hann sér okkur til verndar, er sú að biðja eitthvert stærsta herveldi heims um vernd. Svo kemur Framsfl. nú, þegar allt er leyst, og segir: Það var alveg óþarfi að semja, við vorum búnir að leysa málið. — Það væri fróðlegt, ef hv. frsm. minni hl. vildi reyna að samræma þessar tvær afstöður síns eigin flokks.

Því er haldið fram, að illa hafi verið samið, við höfum samið af okkur. Á meðan Framsfl. sat í ríkisstj., frá því að fiskveiðilögsagan var færð út 1. sept. 1958 og þangað til hann hvarf úr ríkisstj. undir árslok 1958, voru með atbeina Framsfl. gerðar ýtarlegar tilraunir til að leysa málið við Breta, og það er rétt að rifja það upp í örfáum orðum, hvernig Framsfl. vildi láta semja til lausnar á málinu og hvernig var samið. Framsfl. stóð að því og hafði reyndar forustuna um það, að Bretum var boðið, að þeir mættu í næstu fimm árin veiða innan 12 mílnanna, ef þeir vildu viðurkenna 12 mílna fiskveiðilögsögu þar frá. Það var samið ekki um fimm ár, heldur um þrjú ár. Framsfl. hafði forustuna í því að bjóða, að Bretar mættu fiska á öllum 6 mílunum kringum allt landið allt árið um kring í þessi fimm ár. Það var samið um, að þeir skyldu fá að veiða á mjög takmörkuðum svæðum á mjög takmörkuðum tíma úr hverju ári af þessum þremur árum. Framsfl. vildi fá nokkrar grunnlínubreytingar. Það var samið um miklu víðtækari grunnlínubreytingar en Framsfl. vildi ganga að, þ. á m. alla þá breytingu, sem varð á Selvogsbanka, og breytinguna, sem varð út af Faxaflóa. Meðan reglurnar um fiskveiðilögsögu og landhelgi voru til umr. á alþjóðaráðstefnunum í Genf 1958 og 1960, stóð Framsfl. að því í bæði skiptin að fylgja tillögum um það, að fiskveiðilögsaga yrði ákveðin 12 mílur og að ekki yrði um útfærslu þar fyrir utan að ræða, án þess að þeir, sem teldu á sig hallað, gætu borið það undir alþjóðadóm. Um það var samið við Breta, að þeir í framtíðinni skyldu ekki beita ofbeldi við Íslendinga, ef þeir flyttu út sína fiskveiðilögsögu, heldur sætta sig við niðurstöður alþjóðadóms. Þannig er samkomulagið, sem gert var við Breta til lausnar fiskveiðideilunni, í hverju einasta atriði miklu hagstæðara fyrir Íslendinga en það, sem Framsfl. átti sjálfur aðild að því að bjóða á sínum tíma.

Þeim tveim atriðum, sem frsm. minni hl. hefur borið hér fram, að óþarfi hafi verið að semja og að illa hafi verið samið, hefur verið svarað af Framsfl. sjálfum, með hans framkomu, með hans tillögum í málinu. Ég verð að segja, að mér hefði fundizt það miklu karlmannlegra hjá Framsfl., þegar hann sá, hvaða lausn var hægt að fá á þessu máli, að fagna henni, eins og flestir Íslendingar vissulega gerðu, í stað þess að taka upp það ráð, eftir að lausnin er fengin, að fordæma allt það, sem hægt er að fá, sem er þó betra en Framsfl. hafði farið fram á, gegn því að láta minna en það, sem Framsfl. hafði boðið.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að lofað hefði verið í kosningunum 1959 af stjórnarflokkunum að hverfa í engu frá 12 mílna fiskveiðilandhelginni og að þetta loforð hefði verið svikið. Það er alrangt hjá þessum ræðumanni, að nokkuð af því, sem stjórnarflokkarnir sögðu í kosningunum, hafi verið svikið. Þvert á móti, það hefur verið staðið við það allt og meira til. Stjórnarflokkarnir lýstu því báðir yfir, að þeir mundu berjast fyrir viðurkenningu 12 mílna fiskveiðilögsögunnar og ekki hverfa frá henni. Hvað hafa þeir gert? Viðurkenningin liggur þegar fyrir, ekki aðeins á 12 mílna fiskveiðilögsögunni, heldur stórkostleg og mjög þýðingarmikil útfærsla frá því, sem var ákveðið 1958. Og Bretar veiða núna á þrengri og færri svæðum og styttri tíma úr ári en þeir gerðu, þegar núv. ríkisstj. var mynduð. Og því til viðbótar kemur, að þegar núv. ríkisstj. var mynduð, var ekki séð fram á, að Bretar mundu víkja um ófyrirsjáanlega framtíð. Nú er tryggt, að þeir víkja eftir tvö ár. Ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa þannig ekki aðeins staðið við það, sem þeir lofuðu í kosningunum 1959, heldur gert miklu meira.

Frsm. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það hefur verið sagt, að þegar rætt væri um mál af sanngirni og hófsemi, þá færi það einna mest í taugarnar á andstæðingunum, ef þeir hefðu slæman málstað. Og ég held, að það hafi sannazt mjög áþreifanlega á þessum fundi. Í framsöguræðu minni ræddi ég um þetta mál mjög hógværlega og drap aðeins á nokkur atriði, vegna þess að ég taldi ekki ástæðu til að fara að þrautræða þetta mál að þessu sinni, vegna þess að það var gert svo rækilega á seinasta þingi. Viðbrögðin hafa hins vegar orðið þau, að hér hafa risið upp tveir ráðherrar með miklum stóryrðum og meira að segja gengið fram fyrir hv. frsm. meiri hl., sem er þó yfirleitt maður til þess að svara fyrir sig. En það hefur samt komið fram á þessum fundi, að hæstv. dómsmrh. hefur ekki treyst fullkomlega á frsm. meiri hl. og notar því ráðherraaðstöðu sína til að tala á undan honum. En eftir að hafa hlustað á ræður þeirra beggja, þá verð ég að segja það, að þó að ég hafi sitt af hverju við málflutning hv. frsm. meiri hl. að athuga, þá fannst mér hann nú

miklu prúðmannlegri en sá, sem hæstv. dómsmrh. hafði í frammi.

Ég ætla þá að víkja fyrst að því, sem hæstv. dómsmrh. sagði.

Hæstv. dómsmrh. byrjaði með því að leggja áherzlu á, að það væru alger ósannindi, að stjórnarandstaðan á árinu 1958 hefði beitt sér nokkuð á móti útfærslu fiskveiðilandhelginnar þá. Þetta sannaði mér það, að annaðhvort er hæstv. dómsmrh. maður mjög gleyminn eða hann vill gleyma því, sem þá gerðist, því að ef hæstv. dómsmrh. vill afla gagna um þetta mál, — gagna, sem mundu sanna það, sem ég sagði um þetta efni, þá þyrfti hann ekkert annað en að lesa þær greinar, sem hann sem ritstjóri Morgunblaðsins skrifaði í það blað sumarið 1958. Þau skrif, sem þá birtust í Morgunblaðinu, gengu öll í þá átt að reyna að spilla fyrir framkvæmd þessa máls og vekja andstöðu gegn því, ekki aðeins innanlands, heldur líka út á við. Og það var t. d. róið mjög skarplega í Morgunblaðinu með þeirri röksemd, sem kom reyndar fram hjá hæstv. dómsmrh. í því, sem hann hér sagði, að það mundi verða til þess að sprengja okkur frá samstarfi við aðrar þjóðir í Atlantshafsbandalaginu, ef við réðumst í þessa framkvæmd. Hver var reynslan í þessum efnum? Varð hún til þess að sprengja okkur frá samstarfi við aðrar þjóðir í Atlantshafsbandalaginu? Síður en svo. Þetta reyndust fullkomnir falsspádómar, sem hæstv. dómsmrh. hafði alið á mánuðum saman í sínu blaði. Það reyndist fullkomlega rangt. En með slíkum falsrökum og falsspádómum reyndi þessi hæstv. ráðh. að gera það, sem hann gat, til að koma í veg fyrir, að ráðizt yrði í útfærslu fiskveiðilandhelginnar 1. sept. 1958. Ég trúi því ekki, að hæstv. dómsmrh. sé svo gleyminn, að hann muni það ekki lengur, heldur hafi það komið fyrir hann, vegna þess að hann finnur, að hann hefur ekki góða aðstöðu í þessu máli, að neita sínum fyrri verkum, að vilja ekki kannast við þau. En það gerir hæstv. ráðh. vissulega, ef hann er að reyna að halda því fram, að hann hafi ekki beitt sér og sínu málgagni gegn útfærslu fiskveiðilandhelginnar sumarið 1958. Til að sanna það þarf ekki annað en að fletta upp í Morgunblaðinu, og það er hægt að gera, ef hæstv. ráðh. heldur þessum umr. áfram.

Þá hefur komið hér fram hjá hæstv. ráðherrum vefenging á því, að það hafi raunverulega verið búið að vinna fullan sigur í þessu máli, þegar hafizt var handa af hálfu ríkisstj. um samningana við Breta sumarið 1960. Ég held, að öllum, sem líta hlutdrægnislaust á þetta mál, sé þó ljóst, að þetta er rétt. Í fyrsta lagi gerðist það í þessum efnum, að allar þjóðir aðrar en Bretar virtu strax útfærsluna þann 1. sept. 1958. Bretar reyndu að hamla gegn henni með herskipavernd, en sá árangur varð svo lítill og slæmur, að þeir gáfust strax upp við þetta veturinn 1960 og tóku ekki herskipaverndina upp aftur. Hins vegar mun það hafa verið sumarið 1960, að þeir voru með einhverjar ögranir við hæstv. ríkisstj. um það, að þeir kynnu að grípa til herskipaverndarinnar aftur, ef hún vildi ekki gera þetta og þetta fyrir þá. Og það var í tilefni af því, sem hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, imprаði á þeirri tillögu í utanrmn., að ef til þess kæmi, að Bretar færu að beita okkur herskipavernd að nýju, þá kæmi til athugunar að spyrja varnarliðið um það, hvort það vildi ekki afstýra því, að Íslendingar væru beittir slíku ofbeldi. En það var ekki vegna þess, að Bretar væru á þeim tíma byrjaðir á því að vernda veiðar togaranna innan fiskveiðilandhelginnar með herskipum, heldur virtu þeir einmitt fiskveiðilandhelgina á þeim tíma. En þetta tvennt, að allar aðrar þjóðir en Bretar virtu útfærsluna strax og að Bretar höfðu gefizt upp við herskipaverndina í fiskveiðilandhelginni, var sönnun þess, að fullur sigur var unninn í málinu, og hvaða ögranir sem Bretar kunna að hafa haft í frammi í þessu sambandi við hæstv. ríkisstj. til að hræða hana, þá má telja alveg víst, að þeir hefðu aldrei ráðizt í það óráð að hefja herskipavernd með ólöglegum togveiðum í landhelgi Íslands aftur. Þeir voru búnir að fá slíka fordæmingu fyrir það um allan heim, að þeir voru allt of hyggnir til þess, að þeir hefðu að nýju byrjað á þeim leik. Þess vegna var alveg óhætt að láta þær hótanir þeirra eins og vind um eyrun þjóta og láta málið standa eins og það var, þeir hefðu aldrei þorað að grípa til þeirra aðgerða. Þess vegna er það líka ómótmælanlegt, að það var búið að vinna fullan sigur í þessu máli. Það var búið að tryggja 12 mílna fiskveiðilandhelgina fullkomlega, þegar ríkisstj. hné að því óhapparáði að láta undan Bretum og byrja við þá samninga, sem leiddu til landhelgissamningsins, sem afgreiddur var hér í fyrra.

Þá hafa þeir verið að halda því hér fram, hæstv. ráðherrar, að raunverulega hafi Framsfl. áður verið búinn að fallast á þá afstöðu, sem felst í landhelgissamningunum við Breta og Þjóðverja. Þetta er algerlega rangt. Í þeim viðræðum, sem fóru fram við brezk stjórnarvöld sumarið 1958. áður en til útfærslu kom, var aldrei léð máls á því að gefa Bretum slíka stöðvunaraðstöðu sem þeir hafa nú fengið og er raunar aðalatriðið í brezka landhelgissamningnum. Það var aldrei léð máls á því að veita þeim slíkan stöðvunarrétt. Og það er líka algerlega rangt, sem hér hefur komið fram hjá báðum hæstv. ráðh., að með afstöðunni á Genfarráðstefnunni 1958 og 1960 hafi Íslendingar bundið hendur sínar við það að óska ekki eftir stærri landhelgi en 12 mílum eða bundið afstöðu sína þannig, að þeir gætu ekki krafizt víðtækari fiskveiðilandhelgi en það. Það er rétt, að á báðum þessum ráðstefnum greiddi Ísland atkv. með 12 mílna fiskveiðilandhelgi, vegna þess að það var sýnilegt, að ekki væri hægt að fá samkomulag um víðtækari fiskveiðilandhelgi almennt. En sú atkvgr. batt ekki hendur Íslands neitt. Hæstv. ráðh., bæði dómsmrh., sem hefur verið utanrrh. áður, og hæstv. núv. utanrrh., þeir vita, að slíkar atkvgr. um væntanlega alþjóðasamninga á alþjóðaráðstefnum binda ekki neitt hendur viðkomandi ríkis gagnvart því, hvort það fallist endanlega á samninginn eða ekki. Slíkir samningar öðlast ekki bindandi gildi af hálfu við-

komandi ríkis, nema því aðeins að þeir í fyrsta lagi fái tilskilinn meiri hluta á viðkomandi alþjóðaráðstefnu og verði svo staðfestir af þingi og ríkisstj. viðkomandi ríkis. Og það felst engin skuldbinding í því á alþjóðaráðstefnu, að ríkið þurfi að gerast aðili að þeim samningi, þó að það greiði atkv. með vissum atriðum, sem í þessum samningi kunna að felast. Ég tel þess vegna víst, að ef til þess hefði komið, að slíkur samningur hefði verið lagður fyrir Alþingi Íslendinga, þá mundum við ekki hafa gerzt aðilar að honum og undirskrifað hann, nema því aðeins að það fylgdi sá fyrirvari, að við áskildum okkur rétt til að krefjast landgrunnsins að fullu. Ég trúi því ekki, að neinn af þeim flokkum, sem nú eiga sæti á Alþingi, hefði gerzt aðili að slíkum samningi nema með slíkum fyrirvara.

Til frekari sönnunar um það, að þessi er málsmeðferð um alþjóðasamninga á alþjóðlegum vettvangi, finnst mér rétt að geta þess, að á ráðstefnunni 1958 var gengið frá fjórum alþjóðasamningum, sem hlutu þar tilskilið samþykki. Síðan eru liðin fjögur ár. Enginn af þessum samningum hefur enn verið lagður fyrir Alþingi til fullgildingar. Og það er alls ekki víst, þó að þessir samningar væru lagðir hér fyrir til fullgildingar, að Alþingi mundi fallast á þá. Alþingi hefur þess vegna fullkomlega óbundnar hendur gagnvart þessum samningum, þó að fulltrúar Íslands á viðkomandi alþjóðaráðstefnu greiddu atkv. með samningunum. Og nákvæmlega hefði það verið á sama hátt, ef till. um 12 mílna fiskveiðilandhelgina hefði náð gildi. Við hefðum ekki verið bundnir af þeim ákvæðum fyrir það, þó að okkar fulltrúar hefðu greitt atkv. með þeim á Genfarráðstefnunni, vegna þess að eftir var að leggja samninginn fyrir Alþingi til fullnaðardóms um, hvort það vildi á slíkan samning fallast. En niðurstaðan gagnvart öðrum samningum er sem sagt þessi, að á ráðstefnunni var gengið frá fjórum alþjóðlegum samningum, sem fengu þar tilskilinn meiri hluta. Enginn þeirra, þó að fjögur ár séu liðin, hefur enn þá verið lagður fyrir Alþingi til fullgildingar, og ég held, að ég megi fullyrða, að enginn af þessum samningum hefur enn þá fengið fullgildingu, vegna þess að það þarf tilskilda tölu þjóða eða ríkja til að gerast aðilar að slíkum samningi, áður en hann gengur í gildi. Þess vegna er það fullyrðing alveg út í loftið hjá hæstv. ráðh., þegar þeir eru að halda því fram, þó að við hefðum greitt atkv. með 12 mílna fiskveiðilandhelgi á Genfarráðstefnunni 1958, að þar hefðum við nokkuð verið að binda hendur okkar endanlega um það fyrir framtíðina, að við mundum ekki krefjast stærri fiskveiðilandhelgi. Ég held því hiklaust fram, að þó að við hefðum fengið slíkan samning samþykktan þar, þá mundi Alþingi hafa hugsað sig um tvisvar, áður en það gerðist aðili að slíkum samningi án þess að hafa þá vissan fyrirvara gagnvart landgrunninu. Það má líka vitna til þess í þessu sambandi, að mörg þau ríki, sem greiddu atkv. um þessa skipan, sum Ameríkuríki, sem greiddu atkv. með 12 mílna fiskveiðilandhelginni á ráðstefnunni í Genf, hafa stærri fiskveiðilandhelgi, og lýstu þau að sjálfsögðu yfir, að þó að þau greiddu atkv. með 12 mílunum á ráðstefnunni, mundu þau ekki neitt víkja frá þeirri fiskveiðilandhelgi, sem þau væru búin að ákveða.

Það er þess vegna alveg rangt, að í þessari afstöðu okkar á Genfarráðstefnunni hafi falizt nokkur endanleg binding af Íslands hálfu, heldur aðeins fylgdum við því á ráðstefnunni, sem hægt var að komast lengst, þó að það væri ekki eins langt og við vildum ganga í þeim efnum. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort þeir álíta, að við höfum bundið okkur endanlega í þessum efnum með atkvgr. og séum háðir slíkum samningi, án þess að hann hafi verið endanlega borinn undir Alþingi til samþykktar. Erum við t. d. bundnir af þeim fjórum samningum, sem var gengið frá á ráðstefnunni og fulltrúar Íslands greiddu atkv. með, vegna þess að þeir greiddu atkv. með þeim? Nei, við erum ekki bundnir af þessum samningum, vegna þess að þeir hafa enn ekki verið lagðir fyrir Alþingi og Alþingi ekki tekið neina endanlega afstöðu til þess, hvort það vill, að við gerumst aðilar að þeim eða ekki. Þess vegna fólst í okkar afstöðu á ráðstefnunni 1958 ekki nein endanleg afstaða um það, að við værum að binda okkur um aldur og ævi við 12 mílur, heldur það, að við vildum stuðla að því, að þessi regla fengist viðurkennd sem lágmark, en hefðum svo óbundnar hendur í framtíðinni gagnvart frekari útfærslu, vegna þess að við þyrftum ekki að gerast aðilar að þessu samkomulagi frekar en við vildum. Þess vegna er það alveg rangt hjá hæstv. ráðherrum og getur verið hættulegt gagnvart framtíðinni að segja, að við höfum ætlað að binda hendur okkar um aldur og ævi við 12 mílur með atkvgr. á Genfarráðstefnunni. Því var síður en svo varið. Og ég endurtek það, að ég held, að ef slíkur samningur hefði verið borinn undir Alþingi til endanlegrar samþykktar, þá mundu allir flokkar hafa hikað við að gera það, nema þá með þeim fyrirvara, að þeir vildu tryggja Íslendingum rétt til landgrunnsins. Allir flokkar hafa lýst því yfir sem stefnumarki Íslands, að þeir vildu láta fiskveiðilandhelgina ná til alls landgrunnsins, og það er að sjálfsögðu ekki hægt að gera, ef við bindum okkur við alþjóðlega samninga um það efni. (**Forseti**: Má ég vekja athygli ræðumanns á því, að venjulegum fundartíma er nú lokið, og ef hv. þm. á eitthvað meira eða minna eftir af ræðunni —) Já, ég á talsvert eftir. (— þá væri æskilegt, að það biði til næsta fundar.) — [Frh.]

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 7. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

Frsm. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson) [frh.]: Herra forseti. Það eru nú þrjár vikur síðan þetta mál var hér seinast til umr., og þess vegna finnst mér rétt að rifja upp í örstuttu máli þau atriði, sem komu fram í fyrstu ræðu minni og urðu þess valdandi, að hér urðu allmiklar umr. um málið á eftir.

Það, sem ég vakti sérstaklega athygli á, var þrennt:

Það var í fyrsta lagi, að það hefði orðið mjög glæsilegur árangur af útfærslu fiskveiðilandhelginnar 1958 og sú ríkisstj., sem að þeirri framkvæmd hefði staðið, hefði því unnið merkilegt verk og þýðingarmikið, — eitt hið þýðingarmesta, sem hefur verið unnið í allri sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, og það beri ekki sízt að virða vegna þess, að þar hefði verið að mæta ekki aðeins mjög einbeittri erlendri mótspyrnu, heldur líka mótspyrnu innanlands.

Í öðru lagi benti ég á það, að þegar hafizt var handa um landhelgissamninginn við Breta síðari hluta árs 1960 og svo þegar sá samningur var gerður 1961, snemma árs, þá hefði raunverulega verið búið að vinna sigur í landhelgismálinu og þess vegna hefði þessi samningsgerð verið með öllu óþörf.

Í þriðja lagi benti ég svo á það, að með brezka landhelgissamningnum hefði verið brotið gegn yfirlýsingu Alþingis og gefnum loforðum þeirra stjórnmálaflokka í kosningabaráttu, sem að samningunum hefðu staðið. Það hefði þess vegna verið um mjög stórvægilegt undanhald að ræða og sá samningur, sem hér lægi fyrir til staðfestingar, þýzki landhelgissamningurinn, væri sönnun þess, að enn væri ekki lát á þessu undanhaldi.

Í tilefni af þessu komu fram allmiklar athugasemdir af hálfu tveggja ráðherra og hv. frsm. meiri hl. utanrmn., sem mér finnst rétt að gera nokkrar athugasemdir við.

Ég vil þá víkja fyrst að því, sem var haldið fram af hæstv. dómsmrh., en það var það, að útfærslan 1958 hefði ekki mætt neinni andstöðu hér innanlands og það hefði þess vegna verið rangt, sem ég hefði haft um það atriði að segja. Ég minnti hæstv. ráðh. á það, að hann þyrfti ekki annað en að lesa sín eigin skrif og skrif Morgunblaðsins á sumrinu 1958 til að sannfærast um, að þar hefði verið um mjög mikla og hættulega mótspyrnu að ræða, því að segja má, að skrif Morgunblaðsins allt sumarið 1958 hafi beinzt að því að gera aðstöðu Íslands sem óhagstæðasta í þessu sambandi. Eftir að búið var að ákveða útfærsluna í maímánuði 1958 og þangað til hún gekk í gildi 1. sept. 1958 var það að sjálfsögðu hin mesta nauðsyn, að þjóðin stæði sem bezt saman og að útlendingar hefðu það ekki á tilfinningunni, að þar gæti verið um tilslökun að ræða af hálfu Íslendinga. En því var síður en svo að fagna, að af hálfu Íslendinga allra væri þannig haldið á þessu máli. Í aðalblaði stjórnarandstöðunnar og útbreiddasta blaði landsins var þá haldið þannig á málum, að útlendingar gátu hæglega fengið þá skoðun, að Íslendingar stæðu ekki saman um þetta mál, heldur væri þar um verulegan klofning að ræða, sem hinir erlendu aðilar ættu og gætu notfært sér. Mér finnst rétt í þessu sambandi, til þess að gefa nokkurt yfirlit yfir það, hvernig málflutningur Morgunblaðsins var sumarið 1958, að lesa upp stutta umsögn um þennan málflutning, sem birtist í Alþýðublaðinu á þeim tíma, eða í ágústmánuði 1958. Sú umsögn hljóðaði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„En fyrst Morgunblaðið er með þennan sífellda hráskinnaleik í landhelgismálinu, er rétt að spyrja blaðið, hver sé stefna þess í málinu. Hver er stefna stærsta stjórnmálaflokksins í landinu í þessu höfuðmáli þjóðarinnar? Af Morgunblaðinu verður ekkert ráðið í þessum efnum. Það er svo önnum kafið við pólitískan loddaraskap og neikvæðan hráskinnaleik, að það virðist alveg gleyma því hlutverki að hafa einhverja skoðun sjálft. Miklu rúmi er á hverjum degi eytt í æsifregnir utan úr löndum, helzt þær, sem eru fjandsamlegar Íslendingum, og eins og aðrar fregnir um þetta mál eru þær yfirleitt birtar athugasemda- og andúðarlaust. Sama verður upp á teningnum með umr. á íslenzkum vettvangi. Þar virðist Morgunblaðið helzt gegna því hlutverki að kljúfa, spilla milli flokka og vekja sem mesta tortryggni í málinu. Hvað á svona háttalag að þýða? Hefur yfirstjórn Sjálfstfl. lagt svo fyrir við Morgunblaðið, að það hafi þessa neikvæðu, hæpnu og vandræðasömu afstöðu í höfuðsjálfstæðismáli þjóðarinnar?“

Ég held, að það sé áreiðanlega ekki ofsagt, sem þarna kemur fram í Alþýðublaðinu, að afstaða Morgunblaðsins allt sumarið 1958 eða á þessum örlagatímum í sjálfstæðismálum þjóðarinnar hafi verið neikvæð, hæpin og vandræðasöm. Og hver var svo meginuppistaðan í málflutningi Morgunblaðsins og sjálfstæðismanna á þessum tíma? Ég held, að hann verði bezt dreginn fram með því að rifja upp frásögn í Morgunblaðinu af fundi, sem sjálfstæðismenn héldu að Egilsstöðum 3. ágúst sumarið 1958. Þar flutti formaður flokksins, hæstv. núv. forsrh., ræðu, og Morgunblaðið sagði frá efni hennar á þessa leið:

„Allir landsmenn vonuðu af heilum huga, að Íslendingar sigruðu í þessu máli. En verði sá sigur ekki heill, þá er það fyrst og fremst því að kenna, að Lúðvík Jósefsson setti það ofar öðru að kveikja ófriðareld milli Íslendinga og vestrænna vina þeirra og framsóknarmenn voru eins og bundnir fangar aftan í stríðsvagni kommúnista.“

Þetta var í stuttu máli sú mynd, sem Sjálfstfl. brá upp fyrir augum útlendinga sumarið 1958, þegar stóðu yfir mestu örlagatímar í þessu máli. Sem sagt það, að því væri síður en svo þannig varið, að þjóðin stæði saman og einhuga í þessu máli, heldur væru það kommúnistar, sem hefðu haft hér forgöngu um 12 mílurnar eingöngu vegna fjandskapar síns við vestrænar þjóðir og þeir hefðu notað sér stjórnaraðstöðuna til þess að fá hina flokkana til liðs við sig í þessum efnum, sem væru þó í raun og veru tregir við að standa við þessa stefnu. Og það var óspart gefið í skyn, að Sjálfstfl. væri hér alls ekki á sama máli, enda tekið fram í sérstökum bréfum, sem Sjálfstfl. sendi ríkisstj., þegar leið að 1. sept. 1958, að hann væri ósammála þeim aðferðum, sem hér hefðu verið viðhafðar. Hvaða áhrif halda menn, að það hafi haft á þessum tíma, þegar það skipti höfuðmáli, að útlendingar hefðu þá skoðun, að Íslendingar stæðu saman um þetta mál, að þá skyldu þessar myndir sífellt vera dregnar upp í Morgunblaðinu af svo gersamlega klofinni og sundraðri þjóð í sambandi við framkvæmd þessa máls? Ég tel það meira en vafasamt, ef þessi afstaða hefði ekki

verið höfð í Morgunblaðinu sumarið 1958 og ef útlendingar hefðu í staðinn haft það þá fyrir augunum, sem styrkti þá trú þeirra, að þjóðin stæði saman, að Bretar hefðu nokkurn tíma gripið til þess óyndisúrræðis, sem þeir gerðu 1. sept. 1958, þegar þeir beittu herskipum innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi til að aðstoða þar við veiðiþjófnað. Nei, það er alveg víst, að þessi andstaða, sem Sjálfstfl. hélt hér uppi á þessum tíma, var eins skaðleg fyrir málið og hugsazt gat, og þess vegna þurfti hér að berjast ekki eingöngu gegn andstöðu út á við, andstöðu ýmissa erlendra þjóða, heldur líka við sterka andstöðu innanlands, sem hefur sennilega haft hin örlagaríkustu áhrif á framkvæmd málsins og hvatt Breta til að grípa til þeirra ofbeldisaðgerða, sem þeir svo síðar gerðu sig seka um. Þess vegna var það, að vinstri stjórnin réðst í framkvæmd þessa mikla sjálfstæðismáls bæði gegn erlendri andstöðu og gegn andstöðu hér innanlands, og þess vegna verður það verk aldrei ofmetið, að henni skyldi takast að koma þessu heilu í höfn og fá 12 mílurnar framkvæmdar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta atriði, því að ég hygg, að það liggi alveg ljóst fyrir af því, sem ég hef nú rakið, að það var um að ræða bæði mikla andstöðu erlendis og inn á við, þegar verið var að koma 12 mílunum fram sumarið 1958.

En þá kem ég að því atriði, sem skiptir ekki minna máli í þessu sambandi, og það er það, hvort það hafi raunverulega verið búið að vinna fullan sigur í sjálfstæðismálinu 1960, þegar núv. hæstv. ríkisstj. ákvað að taka upp samninga við Breta með þeim afleiðingum, að þeir voru síðar gerðir. Ég benti á nokkur atriði til sönnunar um þetta í þeim umr., sem fóru hér fram fyrir þremur vikum. Ég nefndi það í fyrsta lagi, að allar þjóðir nema Bretar hefðu strax viðurkennt útfærsluna í verki 1958. Ég benti í öðru lagi á þá staðreynd, að veiðar Breta undir herskipavernd innan landhelgislínunnar hefðu reynzt svo að segja gagnslausar og þeir hefðu þess vegna verið horfnir frá þeim, þegar samningar voru teknir upp við þá sumarið 1960. Í þriðja lagi benti ég svo á það, að eftir Genfarráðstefnuna 1960 var það talið nokkurn veginn öruggt, að 12 mílna línan væri búin að sigra almennt í heiminum.

Ég get bætt við fjórða atriðinu með því að leiða hæstv. núv. dómsmrh. sjálfan til vitnis um það, að þannig hefur verið ástatt, þegar samningarnir voru hafnir við Breta sumarið 1960, að Íslendingar höfðu raunverulega verið búnir að sigra í landhelgismálinu.

Hér í hv. Ed. urðu allmiklar umr. um landhelgismálið haustið 1960 í tilefni af því, að þá var lagt fram í deildinni frv. um að lögfesta 12 mílna landhelgina, og meðal þeirra, sem þar tóku til máls, var hæstv. núv. dómsmrh. Því var haldið fram þar af þeim mönnum, sem stóðu að frv., að raunverulega væri búið að sigra í 12 mílna landhelgismálinu og þess vegna væri þetta lagafrv. í raun og veru ekki annað en staðfesting á því, sem þegar væri orðið, jafnframt því sem það mundi einnig styrkja okkur út á við að setja um þetta lög, í staðinn fyrir að láta þetta ákvæði um 12 mílurnar vera í reglugerð. Meðal þeirra, sem tóku til máls í þessum umr., var hæstv. núv. dómsmrh., og honum fórust svo orð í þingræðu, sem hann hélt 27. okt. 1960:

„Það hefur verið sagt: Landhelgismálið er leyst, 12 mílurnar hafa sigrað. — Það er rétt.“

Nú kunna einhverjir að halda, að ráðh. hafi e. t. v. orðið mismæli þarna og hann ekki fullkomlega meint það, sem þarna kemur fram. En sá ræðumaður, sem talaði næstur á eftir honum, var hv. 5. þm. Reykn., og hann endurtók þessi ummæli ráðh. og sagði, að hann hefði viðurkennt það sem staðreynd, að 12 mílurnar væru búnar að sigra. Og þegar hæstv. ráðh. talaði svo aftur 7. nóv. 1960 í hv. Ed., fórust honum orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo sem fram hefur komið fyrr í þessum umr., verður ekki lengur um það deilt, að 12 mílna fiskveiðilögsagan er sú, sem í framtíðinni mun hafa allsherjargildi.“

Ráðh. segir enn fremur:

„Við erum þess vegna búnir að sigra í meginmálinu, því að frá 12 mílna fiskveiðilögsögu verður aldrei horfið framar við Ísland. Sú orrusta, sem mátti virðast nokkuð vafasöm um skeið, er þess vegna þegar unnin.“

Þetta sagði hæstv. dómsmrh. 7. nóv. Þetta er staðfesting á því, sem ég hélt hér fram í umr. fyrir þremur vikum, að Íslendingar hefðu verið búnir að sigra í landhelgisdeilunni, þegar hæstv. núv. ríkisstj. hófst handa um það að semja við Breta og gerði landhelgissamninginn, sem var afgreiddur hér á seinasta ári.

Og ráðh. sagði meira en þetta í þessari sömu ræðu. Hann sagði enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Við skulum minnast þess, að í þessari deilu erum við þegar búnir að sigra að meginstefnu til.“

Hæstv. ráðh. segir það þess vegna ekki einu sinni í Ed. haustið 1960, að við séum búnir að sigra þá í landhelgisdeilunni, þ. e. í raun og veru búnir að fá 12 mílurnar staðfestar, heldur segir hann þetta mörgum sinnum. Og þetta sannar ekki annað en það, sem ég hef verið að halda hér fram og hæstv. ráðh. var að reyna að mótmæla hér síðast, að við vorum raunverulega búnir að sigra í landhelgismálinu sumarið 1960, þegar hæstv. ríkisstj. hófst handa um að gera landhelgissamninginn við Breta. Þess vegna var hann algerlega óþarfur, og átti aldrei á þeim samningum að byrja, því að það var þarflaust. Ég held, að það þurfi ekki frekari vitna við en hæstv. dómsmrh. sjálfan um það, að Íslendingar voru búnir að sigra í málinu sumarið 1960 og þurftu þess vegna ekki á neinum samningum við Breta að halda til þess að fá 12 mílurnar viðurkenndar.

Ég læt þá útrætt um þetta atriði, en kem að því, sem allmikið var rætt um af hálfu hæstvirtra ráðh. hér í umr. seinast, sem var um það, að með landhelgissamningnum við Breta, sem gerður var í fyrra, hafi ekkert undanhald átt sér stað af hálfu stjórnarflokkanna og þeir staðið við þau fyrirheit, sem þeir höfðu gefið kjósendum um þetta mál. Ég þarf í þessu sambandi ekki annað en að vísa til þeirrar ályktunar, sem

gerð var um þetta í Alþingi í maímánuði 1959, því að þeir, sem lesa þá ályktun, eins og reyndar hefur oft verið gert hér í hæstv. Alþingi, gera sér strax fulla grein fyrir því, að með landhelgissamningnum, sem gerður var við Breta á seinasta ári, er fullkomlega brotið gegn þeirri samþykkt, og sama gildir að sjálfsögðu um þau loforð, sem stjórnarflokkarnir gáfu fyrir kosningarnar, sem fram fóru á því ári, og voru í samræmi við þessa yfirlýsingu Alþingis, enda gerðu hæstv. ráðh. ekki mikið til þess að reyna að hnekkja þessu, heldur reyndu aðallega að bera það sér til afsökunar, að Framsfl. hefði raunverulega verið búinn að marka með sínum aðgerðum þá stefnu, er fólst í landhelgissamningnum, sem gerður var við Breta 1961, í fyrsta lagi með því að bjóða upp á, að því er þeir töldu, svipaðar undanþágur um veiðar í 3 ár innan fiskveiðilandhelginnar og felast í þessum samningi og svo í öðru lagi með því að vera því fylgjandi á Genfarráðstefnunni 1960, að Ísland hefði ekki nema 12 mílna fiskveiðilandhelgi. Bæði þessi atriði eru röng hjá hæstv. ráðherrum. Í fyrsta lagi var aldrei af hálfu íslenzkra stjórnarvalda, svo að ég viti til, gert neitt ákveðið tilboð um það vorið eða sumarið 1958, að við mundum veita undanþágur innan fiskveiðilandhelginnar. Það eina, sem var gert og liggur skjallega fyrir, var það, að boðizt var til þess, að ef þær tillögur kæmu frá Vestur-Evrópuþjóðunum, að þær viðurkenndu 12 mílurnar, þá skyldi það tekið til athugunar, hvort undanþágur yrðu veittar að einhverju leyti innan fiskveiðilandhelginnar næstu þrjú árin eða ekki. En það var ekkert fyrirheit gefið um þetta og engar beinar tillögur bornar fram um þetta, heldur eingöngu sagt, að ef slíkar tillögur kæmu fram frá öðrum þjóðum, þá skyldu þær verða teknar til athugunar af hálfu Íslendinga, en ekkert meira sagt, enda gat sú ríkisstj., sem þá sat, ekki meira gert, vegna þess að hún hafði ekki borið neitt um þetta efni undir t. d. hv. Alþingi. Hins vegar var það eðlilegt, að ef slíkar tillögur kæmu fram eða tillögur frá öðrum þjóðum, þá yrðu þær bornar undir þingið og þá leitt í ljós, hver afstaðan til þeirra væri. Hins vegar get ég alveg hiklaust lýst yfir því sem minni skoðun, að ef á þessum tíma, sumrinu 1958, áður en útfærslan tók gildi, hefði komið tillaga frá öðrum þjóðum, t. d. Bretum og öðrum Vestur-Evrópuþjóðum, um, að þær skyldu viðurkenna 12 mílna fiskveiðilandhelgina gegn því að fá vissar undanþágur innan fiskveiðimarkanna næstu 3 árin, þá hefði ég ekki talið það ósanngjarnt, eins og á stóð þá. En frá mínu sjónarmiði var það jafnmikil fjarstæða að gangast inn á slíkar undanþágur, eftir að Bretar voru búnir að beita okkur ofbeldi í landhelgismálinu og eftir að það lá fyrir, sem lá fyrir sumarið 1960 og er staðfest í þeim ummælum hæstv. dómsmrh., sem ég las hér upp áðan, að við vorum búnir að vinna fullan sigur í landhelgismálinu og þurftum þess vegna ekki á neinum samningum við Breta að halda. Undir þessum kringumstæðum voru þessar undanþágur, sem felast í brezka landhelgissamningnum, vitanlega hrein fjarstæða og áttu engan rétt á sér. Málið stóð svo allt öðruvísi sumarið 1960 en það stóð áður en við ákváðum útfærslu fiskveiðilandhelginnar vorið 1958, að það er alls ekki hægt að bera þetta tvennt saman.

En svo er það ekki heldur aðalatriðið, sem felst í landhelgissamningnum, þessar undanþágur, það er alls ekki aðalatriði landhelgissamningsins, sem gerður var við Breta á s. l. ári. Aðalatriði landhelgissamningsins er það, sem brezki fiskveiðimálaráðh. Soames hélt fram á s. l. ári, að það þýðir í reynd a. m. k. það, að Íslendingar geti ekki fært út fiskveiðilandhelgi sína næstu 25 árin, en á þennan hátt túlkaði brezki fiskveiðimálaráðherrann Soames landhelgissamninginn í viðræðum við brezka sjómenn og togaraskipstjóra á s. l. vori, þ. e. að í raun og veru fælist það í því bindingarákvæði, sem er í þessum samningi, að Englendingar gætu örugglega treyst því, að Íslendingar mundu ekki geta fært út fiskveiðilandhelgi sína næstu 25 árin — og kannske lengri tíma, það er enginn kominn til með að segja um það. Af hálfu Framsfl. hefur aldrei verið léð nokkurn tíma máls á því, að slíkt bindingarákvæði yrði viðurkennt, og það er algerlega rangt, sem þessir ráðh. eru að halda fram, að það hafi verið léð máls á nokkru slíku á Genfarráðstefnunni 1958, þegar Framsfl. átti þátt í því að móta þá stefnu, sem þar var fylgt. Og ég er alveg hissa, að tveir hæstv. ráðh., sem eiga að fylgjast jafnvel með þessum málum og þekkja vel til þeirra eins og hæstv. utanrrh. og hæstv. dómsmrh., skuli leyfa sér að halda því fram, að það hafi verið stefna Íslands á Genfarráðstefnunni 1958 að einskorða sig við 12 mílur. Það er fjarri öllum sanni. Og því til sönnunar skal ég lesa hér upp stuttan kafla úr skýrslu um Genfarráðstefnuna 1958, sem þrír nefndarmenn Íslands, sem þar voru, Hans Andersen, Davíð Ólafsson og Jón Jónsson, hafa undirritað. Í þessari skýrslu þeirra segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslenzka nefndin vildi aldrei flytja sjálf eða ásamt öðrum tillögu um 12 mílur til þess að vera ekki bundin við þá fjarlægð."

Hér stendur sem sagt í skýrslu nefndarmannanna: „Íslenzka nefndin vildi aldrei flytja sjálf eða ásamt öðrum tillögu um 12 mílur til þess að vera ekki bundin við þá fjarlægð." Þetta var stefna Íslands þá, að binda sig ekki við þessa fjarlægð. Svo koma hér fram tveir hæstv. ráðherrar og halda því fram, að það hafi einmitt verið stefna Íslands. Hvernig stendur á því, að tveir hæstv. ráðherrar skuli leyfa sér slíkan málflutning eins og þennan? Svo segir enn fremur í skýrslu nefndarmannanna frá Genf:

„Hún (þ. e. nefndin) studdi 12 mílna regluna sem almenna reglu. Hins vegar bar hún fram tillögu þess efnis, að þar sem þjóð byggði afkomu sína að langmestu leyti á fiskveiðum meðfram ströndum og nauðsynlegt reynist að takmarka hámarksafla á hafinu utan fiskveiðilögsögu hlutaðeigandi ríkis, beri þeirri þjóð forgangsréttur til hagnýtingar fiskstofnanna á því svæði, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til þess að fullnægja þörfum þeirrar þjóðar. — Jafnframt var lagt til, að ágreiningur í slíkum málum skyldi lagður fyrir gerðardóm."

Hver leyfir sér að bera saman það, sem hér er lagt til, við það bindingarákvæði, sem felst í landhelgissamningnum við Breta og bindur okkur alveg við 12 mílur? Í þeirri till., sem Ísland bar fram, fólst það, að 12 mílurnar skyldu vera hin almenna regla, en strandríki, sem byggi afkomu sína sérstaklega á fiskveiðum, hafi forgangsrétt til friðunar, ef nauðsynlegt teljist, utan við 12 mílurnar, og um það ætti að vísu gerðardómur að fjalla. En í þessu tilfelli á gerðardómurinn að fjalla um reglur, sem tryggja Íslandi forgangsrétt utan við 12 mílurnar. Ekkert slíkt ákvæði er að finna í landhelgissamningnum við Breta, svo að það er fjarri öllu lagi að ætla að bera þetta tvennt saman, gersamlega fjarri öllu lagi, og ég verð að lýsa fullkominni undrun minni yfir því, að jafnglöggir og fróðir menn í þessum efnum og þessir tveir hæstv. ráðh. eiga að vera, dómsmrh. og utanrrh., skuli leyfa sér þann málflutning, að Ísland hafi á Genfarráðstefnunni 1958 fylgt þeirri stefnu að einskorða sig eingöngu við 12 mílna regluna. Af hverju eru þessir hæstv. ráðherrar með slíkan málflutning eins og þennan? Hver getur verið skýringin á því að grípa til slíkra fullyrðinga eins og þessara? Vitanlega stafar það ekki af neinu öðru en því, hve hæpinn sá málstaður er, sem þessir glöggu menn þurfa að verja, og þess vegna verða þeir að grípa til jafnmikilla undanbragða og þessara. En það mega þeir vera vissir um, að þeir bæta ekki málstað sinn með því að beita slíkum fullyrðingum eins og þessum.

Nú kann að vera, að hæstv. ráðherrar ætli að nota það sem undanbrögð, að vegna þess að þannig háttaði til á Genfarráðstefnunni, að búið var að fella sértillögu Íslands, áður en 12 mílna reglan kom til atkvæða, og vegna þess, að Ísland fylgdi þá 12 mílna reglunni, þá hafi það með þeirri atkvgr. bundið sig, einskorðað sig við 12 mílur. Þetta vita hæstv. ráðherrar að er fullkomlega rangt, því að það er oft á slíkum ráðstefnum sem þessum, að menn af taktískum ástæðum telja rétt að greiða atkvæði með ýmsum tillögum, sem þeir binda sig þó ekki endanlega við, vegna þess að atkvæðagreiðslur á slíkum ráðstefnum eins og Genfarráðstefnunum báðum eru ekki bindandi fyrir viðkomandi þjóð, og þeir samningar, sem þar eru gerðir, eru ekki bindandi fyrir viðkomandi þjóðir, nema þær á eftir staðfesti þessa samninga sérstaklega á löggjafarþingum sínum. Þess vegna haga menn iðulega atkvgr. á slíkum ráðstefnum á allt annan veg en þann, sem þær ætla að binda sig við til frambúðar, heldur á þann veg að reyna að fá það fram, sem hægt er að komast lengst í hverju einstöku tilfelli, en það verða svo löggjafarþingin sjálf að segja til um á eftir, hvort þau binda sig við þá niðurstöðu eða ekki. En endanlega binda menn sig ekki með atkvgr. á þessum ráðstefnum, eins og sést ljósast á því, að á Genfarráðstefnunni 1958 var gengið frá fjórum alþjóðasamningum með tilskildu atkvæðamagni, en enginn þessara samninga, að því er ég bezt veit, er kominn til framkvæmda enn þá, vegna þess að enginn þeirra hefur verið staðfestur á nægilega mörgum löggjafarþingum til þess að ná gildi sem alþjóðasamningur. Og að sjálfsögðu nær samningur ekki heldur gildi gagnvart þeim ríkjum, sem gerast ekki beinir og endanlegir aðilar að honum. Það eru sem sagt 4 ár síðan þessir samningar voru gerðir á ráðstefnu, 1958, og þó að Íslendingar greiddu þá atkv. með þeim á ráðstefnunni, hafa þeir t. d. enn ekki verið lagðir fram hér á Alþingi til staðfestingar, og bólar ekki neitt á því, að það sé ráðgert. Ég verð þess vegna að telja það meira en furðulegt, að ef svo skyldi hafa farið, að það hefði verið samþykktur þar samningur, sem einskorðaðist alveg við 12 mílurnar, þá hefðu t. d. hæstv. viðkomandi ráðh. rokið upp til handa og fóta og lagt þann samning einan af fjórum samningum, sem samþykktir voru á Genfarráðstefnunni 1958, fyrir Alþingi til samþykktar. Ég verð að segja það líka, að ég hef það álit á þessum hæstv. ráðh. og trúi svo mikið á það, þegar þeir segjast í raun og veru vera fylgjandi því, að Ísland tryggi sér landgrunnið í framtíðinni, að þá mundu þeir ekki hafa lagt það til, að Ísland gerðist aðili að slíkum samningi, og þess vegna telji þeir ekki, að þessi umrædda atkvgr. okkar á Genfarráðstefnunni hafi bundið okkur neitt til frambúðar, þó að við af taktískum ástæðum teldum rétt að greiða atkv. á umræddan veg. Ég trúi því ekki, að hæstv. ráðh. mundu hafa lagt það til, að ef slíkur samningur hefði verið gerður þar, að við hefðum bundið okkur við hann frekar en þá hina samningana, sem gerðir voru á sömu ráðstefnu og þeir hafa enn ekki lagt fyrir til samþykktar.

Nei, það er alveg þýðingarlaust fyrir hæstv. ráðh. að halda því fram, að Framsfl. hafi verið búinn að gera eitthvað það, sem hafi skapað fordæmi fyrir því, að ríkisstj. gæti gert brezka landhelgissamninginn, bæði hvað snertir undanþágurnar og þó alveg sérstaklega hvað snertir bindingarákvæðið. Það liggur ekki neitt fyrir af hálfu Framsfl., að hann hafi nokkurn tíma staðið að því að skapa neitt slíkt fordæmi, og þess vegna geta þessir hv. þm. ekki varið sig með því. Það er svo fjarstæður málflutningur, að ég er alveg undrandi yfir því, að jafnglöggir menn og hæstv. ráðh. eru skuli leyfa sér að hafa hann í frammi, því að þeir sjá áreiðanlega, hversu mikil rangindi eru þar í frammi höfð.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara öllu fleiri orðum um þetta atriði. Ég held, að ég hafi sýnt alveg nægilega ljóst, að **það er fullkomin fjarstæða**, sem hæstv. ráðherrar halda fram, að Framsfl. hafi gefið nokkurt fordæmi til að gera brezka landhelgissamninginn 1961. Það stendur jafnóhrakið líka, að brezki landhelgissamningurinn er í fullkominni mótsögn við það, sem þessir flokkar stóðu að því að samþ. á Alþingi vorið 1959, og í fullkominni andstöðu við það, sem þessir flokkar lofuðu í kosningabaráttunni 1959, sem var að halda fast við undanþágulausa 12 mílna fiskveiðilandhelgi og vinna að því, að Íslendingar næðu yfirráðum yfir öllu landgrunninu, en ekkert er náttúrlega fjær lagi í þeim efnum en að gera slíkan bindingarsamning og brezki landhelgissamningurinn er. Sá samning-

ur var þess vegna fullkomið undanhald frá því, sem þessir flokkar höfðu lýst yfir. Og sá samningur, sem hér liggur fyrir, þýzki landhelgissamningurinn, er enn þá meira undanhald eða áframhald á þessu undanhaldi, sem átti sér stað í fyrra. Ég viðurkenni, að það var erfitt fyrir hæstv. ríkisstj. að ætla að verja þýzkum togurum aðgöngu að fiskveiðilandhelginni, á meðan brezku togararnir njóta undanþága þar. En þó að Þjóðverjar væru látnir hafa slíkar undanþágur, sem voru óhjákvæmilegar, vegna þess að það var ekki hægt að framkvæma gæzluna öðruvísi, þá var gersamlega ástæðulaust að láta þá einnig fá sömu bindingaraðstöðuna og Bretar fengu á síðasta ári, og það getur átt eftir að reynast okkur hættulegt í framtíðinni, því þó að Þjóðverjar tækju liðlega á máli okkar í sambandi við 12 mílurnar, þá er ekki víst, að þeir geri það, þegar við þurfum á því að halda og ætlum að færa fiskveiðilandhelgina lengra út. Þá gæti ég vel trúað því, að andstaða Þjóðverja yrði okkur ekki síður hættuleg en jafnvel andstaða Breta, vegna þess að þýzku togararnir hafa fram að þessu aðallega veitt utan 12 mílnanna frá því fyrsta. Þeir líta þess vegna á svæðið þar fyrir utan sem það svæði, sem þeir hafi sérstaklega tileinkað sér, og þess vegna má búast við, að þegar við förum í næstu útfærslu, getum við jafnvel mætt meiri andspyrnu frá þeim en frá Bretum. Þess vegna er það nýtt og hættulegt undanhald að láta þá fá þá stöðvunaraðstöðu, sem þeim er veitt í þeim samningi, sem hér liggur fyrir til umr.

Ég skal svo ekki hafa þetta mál mitt að sinni öllu lengra. Ég tel mig hafa rætt þau meginatriði, sem fram komu hjá hæstv. ráðh. og ástæða var til að svara. En það, sem ég legg svo áherzlu á að seinustu, er það, að með landhelgissamningnum, sem gerður var í fyrra, brugðust hæstv. stjórnarflokkar í þessu máli. Með þeim samningi, sem hér liggur fyrir, bregðast þeir enn. Þeim er þess vegna ekki hægt að treysta í þessum málum. Þjóðin verður að tryggja sér aðra og öruggari forustu, ef ekki á enn meira og hættulegra undanhald að eiga sér stað, því að það er víst, að aðrar þjóðir halda áfram að leita á í þessum efnum. Það verður vafalaust í sambandi við þá samninga, sem fyrr en síðar koma til greina við Efnahagsbandalag Evrópu, reynt að fara einhverjar krókaleiðir til að komast inn í fiskveiðilandhelgina. Ég tel og legg áherzlu á það, að þjóðin hafi fengið þá reynslu af hv. stjórnarflokkum í sambandi við brezka landhelgissamninginn og í sambandi við þýzka landhelgissamninginn, að hún þurfi að tryggja sér öflugri varðstöðu í þeim efnum, ef ekki á enn verr að fara, heldur en hv. stjórnarflokka.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það mál, sem hér liggur fyrir, ber það fallega nafn að heita samkomulag um viðurkenningu Sambandslýðveldisins Þýzkalands á 12 mílna fiskveiðilögsögu við Ísland. Eftir að svo hafði staðið, að Sambandslýðveldið Þýzkaland hafði fullkomlega í reynd viðurkennt 12 mílna fiskveiðilandhelgi við Ísland, þannig að það hafði bægt öllum sínum skipum út fyrir 12 mílna mörkin og ekkert veiðiskip frá því landi hafði gert sig á neinn hátt sekt varðandi þær reglur, sem giltu frá Alþingi Íslendinga um fiskfriðunarmál okkar, — eftir að svo hafði staðið nokkuð á þriðja ár og þeir þannig í reynd viðurkennt 12 mílna landhelgina, þá gerast þau undur, að það á að viðurkenna 12 mílna landhelgina af þessu landi með nokkuð öðrum hætti, og hátturinn er sá, að það á að hleypa þeim inn fyrir 12 mílna mörkin og leyfa þeim að veiða upp að 6 mílum. Og enn fremur er svo það, að það á að ákveða í óuppsegjanlegum samningi, að við skulum eftirleiðis ekki hafa rétt til að breyta okkar landhelgismörkum nema leita samráðs við fulltrúa þessa lands og einnig gefa þeim rétt til þess að skjóta ágreiningsefnum, sem upp kunna að koma, til alþjóðadómstóls, sem á að skera úr um það, hvort um frekari útfærslu af okkar hálfu getur orðið að ræða eða ekki.

Ég hygg, að það muni vera fleiri en ég, sem líta svo á, að þetta sé viðurkenning með nokkuð einkennilegum hætti, miðað við öll málsatvik. Nei, hið sanna er auðvitað það, að það, sem hér er um að ræða, er, að nú leitar hæstv. ríkisstj. eftir heimild til þess að mega víkja frá 12 mílna landhelginni, sem hér var í gildi, og heimila togurum frá Vestur-Þýzkalandi að veiða inn að 6 mílna mörkunum á mörgum stöðum við landið um þriggja ára tímabil. Um það er sú till., sem hér liggur fyrir. Það er verið að leita eftir heimild til þess að mega víkja frá 12 mílna fiskfriðunarmörkunum og heimila togurum frá tilteknu landi að veiða fyrir innan þau á tilteknu tímabili. Um það er till., og hún hefði vitanlega átt að bera nafn í samræmi við þennan megintilgang. En það er nú svo, að þeim, sem að till. standa, þykir hitt hentara að gefa henni þetta fallega nafn, að segja, að till. sé um viðurkenningu á 12 mílna landhelginni við Ísland, þótt hún sé um þetta atriði, sem ég hef sagt.

Þegar samningurinn við Breta var gerður veturinn 1961, um að heimila þeim um þriggja ára skeið að veiða innan 12 mílna markanna, þá sögðum við hér á Alþingi, sem vorum á móti þeim samningi, að það væri nokkurn veginn gefið mál, að á eftir mundu fylgja hliðstæðir samningar við aðrar þær þjóðir, sem togveiðar stunda hér við land. Og reyndin hefur líka orðið þessi. Það var ekki aðeins verið að hleypa brezkum togurum inn fyrir mörkin, það var um leið verið að opna fyrir það að hleypa öllum þeim togaraflota inn fyrir mörkin, sem veiðar stundar hér við land, og samkvæmt þessari till. á sem sagt vestur-þýzku togurunum að vera veitt þessi heimild.

Ég tók eftir því, að fyrr í þessum umr. komst hv. frsm. meiri hl. utanrmn. þannig að orði, að hann teldi, að slíkur ávinningur hefði okkur orðið að samningunum við Breta í landhelgismálinu, að nú mundi enginn Íslendingur óska eftir því að hverfa til þess tímabils, sem þar hefði verið á undan, allir væru raunverulega ánægðir með þennan samning, því að við hefðum haft hagnaðinn einan saman af. Þetta gefur mér tilefni til þess að minnast á það með

örfáum orðum, hvað raunverulega hefur gerzt í þessum efnum. En mér sýnist, að þessi orð bendi til þess, að a. m. k. 1. þm. Vestf. viti harla lítið um það, hvað hefur verið að gerast á fiskimiðunum við landið, síðan þessi samningur við Breta var gerður. Það vildi að vísu svo til, að síðasta vetrarvertíð, vertíðin veturinn 1960—61, var að verulegu leyti um garð gengin, þegar Bretar höfðu aðstöðu til að notfæra sér hinn nýja samning til veiða innan 12 mílna markanna hér við Ísland. Samningurinn var ekki gerður fyrr en um miðjan marzmánuð eða svo, og um það leyti stóð yfir verkfall hjá enskum togurum, og það fór því svo, að ensku togararnir gátu ekki notfært sér af þessum ástæðum hinar nýju veiðiheimildir innan landhelginnar hér við Ísland á síðustu vetrarvertíð. Menn urðu því tiltölulega lítið varir við brezku togarana hér á aðalvetrarvertíðarsvæðinu á síðustu vertíð. Það er sú vertíð, sem nú stendur yfir, sem er raunverulega fyrsta vertíðin, sem nokkuð reynir á hér á vetrarvertíðarsvæðinu, hvernig fer um þessa heimild, hvernig hún reynist í framkvæmd. En það er þó komið nokkuð annað reynslutímabil, en það er þar við landið, þar sem vetrarvertíð er ekki fyrst og fremst stunduð, en þar sem sumarvertíð er stunduð og haustvertíð. Við Austfirðingar, við höfum t. d. þegar fengið talsverða reynslu af því, hvað þessi nýi samningur gildir í reynd, og ég ætla, að það hafi Norðlendingar fundið líka. Auðvitað fór það svo, að brezkir togarar notfærðu sér samninginn, um leið og þeir komu hingað á Íslandsmið, og þeir tóku að veiða innan 12 mílna markanna upp að 6 mílum á fiskimiðum bátanna, t. d. fyrir öllu Austurlandi og Norðurlandi, og það gerðu þeir s. l. vor og sumar og s. l. haust. Afleiðingarnar af þessu urðu þær, að hvað eftir annað kom það fyrir, að smábátar urðu að hrekjast af miðum sínum vegna ágangs brezkra togara. Æði oft var skýrt frá þessu í blöðum landsins, en auðvitað miklu, miklu sjaldnar en efni hefðu staðið til, og ástæðan er eingöngu sú, að menn geta ekki verið að endurtaka það í sífellu, sem gerist orðið svo að segja dag eftir dag. Á s. l. ári komu eitt hundrað brezkir togarar t. d. inn til Neskaupstaðar, leituðu þar hafnar, fengu þar viðgerðir og aðra þjónustu. Áður hafði það hins vegar verið svo, að þeir höfðu ekki sézt þar, á meðan á deilunni við Breta stóð, á meðan 12 mílna landhelgin var í fullri framkvæmd. Eftir að samningurinn við Breta var gerður, þá sem sagt sóttu togararnir hingað á Íslandsmið margfalt meir en þeir höfðu gert áður. Þeir ruddust inn á mið bátanna, sem urðu auðvitað að víkja fyrir þeim í mörgum tilfellum, og þá gátu brezku togararnir notið hér allra hlunninda í íslenzkum höfnum, sem þeir gátu ekki áður. Okkar bátaútgerð varð auðvitað iðulega fyrir línutjóni og öðru tjóni, sem slíkum ágangi fylgir. Og svo koma hér hv. alþm. fram, tala fyrir hönd meiri hl. utanrmn. og halda, að allir Íslendingar séu einkar ánægðir með skiptin, við höfum ekkert haft nema hag af þessu. Ég minnist þess, að það eru aðeins örfáir dagar síðan annað stjórnarblaðið, Alþýðublaðið, birti skýrslur úr enskum blöðum um það, að nú væri aftur farið að sækja í hið betra horfið fyrir brezka togara með afla frá Íslandi, nú væri aflinn orðinn miklu meiri, sem brezkir togarar kæmu með af Íslandsmiðum á markað þar, heldur en áður hefði verið. Hver var ástæðan? Ástæðan var einfaldlega sú, að ágengnin hér á miðin af hálfu Bretanna var stórum miklu meiri en áður og þeir voru búnir að fá ný veiðisvæði undir, sem þeir gátu gengið í. Það var því verið að rýra þá fiskfriðun, sem við stefndum að, það var verið að minnka hana brezkri togaraútgerð til góða. Og svo, eins og ég segi, koma hér fram alþm. og fagna þessu og eru ánægðir yfir og halda, að allir Íslendingar hafi grætt.

Nei, ég er sannfærður um, að það verða ekki aðeins austfirzkir útgerðarmenn og sjómenn, sem þessa sögu hafa að segja, og norðlenzkir. Þeir hér fyrir sunnan eiga eftir að segja sína sögu. Röðin fer að koma að þeim, þótt hins vegar mér sé fullljóst, að samningurinn við Breta var gerður þannig, að þar var látið hallast sérstaklega á Austfirðinga og Norðlendinga. Það var engu líkara en hæstv. ríkisstj. hugsaði málið þannig, að fylgi hennar og aðstaða stæði þannig, að það skipti minna máli, hvað þeir segðu fyrir austan og norðan. En ég er ekki í nokkrum vafa um, að hér eiga árekstrar eftir að verða líka, þegar Bretar fara að notfæra sér þau auknu hlunnindi, sem þeir fengu með þessum samningi, sem við þá var gerður á s. l. vetri.

En auðvitað er aðalatriði þessa máls það, að við höfðum að vísu fengið fullan sigur varðandi 12 mílna landhelgina við Ísland, þegar þessi samningur við Breta var gerður. Við höfðum fengið meiri og betri friðun á okkar fiskimiðum innan 12 mílnanna og í rauninni við Ísland almennt séð en menn höfðu þorað að búast við, þegar fiskveiðilandhelgin var stækkuð 1958. Við höfðum náð þessu öllu saman, og við höfðum fengið mikilvæga viðurkenningu annarra þjóða fyrir hinni nýju landhelgislínu okkar. En þrýstingurinn frá ýmsum erlendum aðilum stóð á íslenzk stjórnarvöld áfram. Það var enn þá leitað ráða til þess að beygja íslenzk stjórnarvöld til hlýðnisafstöðu við erlenda aðila í þessum efnum, og það tókst að fá íslenzk stjórnarvöld til þess að fórna þeim sigri, sem við höfðum unnið, og gera þennan undansláttarsamning, sem gerður var. Það var þessi bilun, sem þarna kom fram, sem var vitanlega það alvarlegasta í málinu. Það var vitað um þessa bilun einmitt í forustuliði þeirra flokka, sem nú fara með völd í landinu, frá því að fyrstu átökin urðu um útfærslu landhelginnar. En bilunin var sem sagt öllum augljós, þegar þessi samningur við Breta var gerður á s. l. vetri. En þessi bilun, sem þá var og var býsna alvarleg, nú er fullvíst um, að hún er enn fyrir hendi. Enn er verið að þrýsta á. Þegar samningurinn við Breta var gerður í marzmánuði 1961, átti hann að heita að nafninu til til þriggja ára. En það er þegar farið að tala um það alveg opinskátt, hvernig megi komast fram hjá þessum þriggja ára mörkum, hvernig sé hægt að framlengja rétt Breta til veiða hér við land. Það hefur alveg greinilega komið fram hjá brezkum útgerðarmönnum

og forustumönnum þeirra að undanförnu, að leiðin í þessum efnum sé hægust sú að nota nú einmitt tækifærið varðandi Efnahagsbandalag Evrópu, með einni eða annarri þátttöku af Íslands hálfu í því bandalagi eigi brezkir útgerðarmenn að fá rétt til fiskveiða innan fiskveiðilandhelginnar við Ísland. Og íslenzkir ráðh. hafa klifað á því að undanförnu, að við Íslendingar ættum ekki annan kost, við værum nauðbeygðir til þess að ganga í Efnahagsbandalagið og þá að sjálfsögðu að afsala rétti okkar til okkar fiskveiðilandhelgi, en það er bein afleiðing af því að ánetjast Efnahagsbandalagi Evrópu. Það er þetta, sem er aðalhættan í málinu. Við vitum um veikleikann hjá núv. ríkisstj. Sá veikleiki hefur komið bert í ljós. Við höfum fengið að súpa seyðið af þessum veikleika. Og hættan vofir yfir okkur enn einu sinni.

Ég vil taka það skýrt fram, að við Alþýðubandalagsmenn erum að sjálfsögðu á móti þeirri till., sem hér liggur fyrir, að veita ríkisstj. heimild til að gera þennan samning við Sambandslýðveldið Þýzkaland. Við lýstum því í raun inni yfir, að við yrðum á móti slíku, þegar samningurinn við Breta var gerður. En við vitum, að þetta samkomulag við Sambandslýðveldið Þýzkaland er í beinu framhaldi af þeim samningi, sem gerður var við Breta. Það er auðvitað illt, sem gerzt hefur í þessum efnum, en hitt er rétt, að menn hafi fyllilega í huga, hvaða hættur fylgja því, sem gerzt hefur, en villist ekki svo gersamlega eins og hér kom fram hjá 1. þm. Vestf., að halda, að það, sem gerzt hefur í þessum efnum, hafi verið okkur Íslendingum eingöngu til vinnings, því að það er mikill misskilningur.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar nú að sinni, en vona, að svo megi til takast, áður en næsta hætta ríður yfir í þessum efnum, að þá verði kominn annar meiri hl. hér á Alþingi en nú er, því að annars er hætt við því, að þriggja ára samningurinn, sem hér er verið að fjalla um, verði framlengdur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 21. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Sþ., 28. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tilgr. samþ. með 31:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BF, BK, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, JKs, GÍG, GunnG, GTh, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, DÓ, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, FS.

nei: BFB, BjörnJ, BP, EðS, MS, EystJ, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, DÁ, HV, IG, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, GGuðbj.

4 þm. (BBen, FRV, GÞG, HermJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31:24 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 527).

10. Verndun fiskstofna við strendur Íslands.

Á 7. fundi í Sþ., 25. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um verndun fiskstofna við strendur Íslands [46. mál] (A. 54).

Á 9. fundi í Sþ., 27. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11. og 13. fundi í Sþ., 1. og 8. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Sþ., 15. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. nr. 54 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um verndun fiskstofna við strendur Íslands. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að taka nú þegar til rækilegrar athugunar í samráði við Fiskifélag Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans, hvort eigi sé nauðsynlegt til verndar fiskstofnum við strendur landsins að banna ýsuveiðar með herpinót á helztu uppeldisstöð þess nytjafisks og sömuleiðis smásíldarveiði á grunnmiðum og inni í fjarðarbotnum.

Skal undinn bráður bugur að athugun þeirri, sem að framan greinir, svo að eigi þurfi að dragast lengi, að reistar verði skorður við þeirri hættu, sem allar líkur benda til að stafað geti af þessum veiðiaðferðum.“

Svo sem fram kemur í till. þessari, er hér sérstaklega vakin athygli á nauðsyn þess, að bannaðar verði ýsuveiðar með herpinót á helztu uppeldisstöðvum þess nytjafisks og sömuleiðis smásíldarveiði á grunnmiðum og inni í fjarðarbotnum. Vegna þeirrar sérstöðu, sem Íslendingum er sköpuð með því, hve þjóðin er fiskveiðunum háð, er þeim öllum öðrum fremur nauðsynlegt að vera vel á verði og fylgjast með því, sem er að gerast á miðunum við strendur landsins. Sízt af öllu mega þeir með fyrirhyggjuleysi flana að því að beita þeim veiðiaðferðum sem skefjalausast tortíma uppfæðingnum á fyrsta aldursskeiði. Tilefni þessarar þáltill. er einmitt slíkur verknaður, sem hér hefur átt sér stað.

Um annan fiskstofninn, smásíldina, hefur þetta viðgengizt um allmörg undanfarin ár. En ýsuveiðar með herpinót hygg ég að hafi fyrst hafizt hér í Faxaflóa snemma á s. l. vori. Varðandi smásíldina má segja, að það sé nokkur afsökun, að lítill hluti af því magni, sem veiðist, hefur verið nýttur til iðnaðar, þ. e. til niðursuðu eða niðurlagningar í dósir. En að það réttlæti, að margir bátar stundi þessa rányrkju árlega, svo sem dæmi eru til, fær hvergi staðizt. Sú nýja tækni, sem nú er fyrir hendi, að unnt er að þýða upp frystar sjávarafurðir með sérstökum tækjum, þannig að fiskurinn verður á ný sem ferskur að bragði til, ætti í þessu sambandi að geta tryggt nægar birgðir af smásíld til iðnaðar, án þess að um leið þurfi að koma til þess, að

smásíldarkræðunni sé ausið upp jafngegndarlaust og verið hefur.

Þá hefur nokkuð verið að því gert að stunda smáufsaveiðar með herpinót inni á höfnum og í öðru landvari, þar sem þessi uppfæðingur leitar skjóls að vetrinum. Eru slíkar veiðar vægast sagt varhugaverðar, og vil ég einnig í þessu sambandi vekja athygli á því máli og tel, að það eigi einnig að reisa hér skorður við. Á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, sem nú stendur yfir, kom mál þetta nokkuð til umræðna, og gerði fundurinn um þetta sérstaka ályktun, sem ég vildi leyfa mér að lesa, með leyfi forseta. Ályktunin hljóðar svo:

„Aðalfundur L.Í.Ú., haldinn í Reykjavík 9.—11. nóv. 1961, skorar á sjútvmrn. að láta nú þegar fram fara ýtarlegar rannsóknir í sambandi við ofveiði á smásíld, smáufsa og smáýsu. Enn fremur fari fram rannsókn á, hvort hætta geti stafað af ofveiði síldar á hrygningartímabilum hennar."

Það er öllum hugsandi mönnum orðið hið mesta áhyggjuefni, hvernig veiðar eru stundaðar hér við strendur landsins með slíkum rányrkjutækjum eins og hér hefur verið vikið að. Till. þessi er flutt með það fyrir augum, að látin verði fram fara nú þegar gagnger athugun á þeim rányrkjuveiðiaðferðum, sem ég hef hér minnzt á, í því skyni, að það ýti undir og flýti fyrir því, að fyrir slíkar veiðar verði tekið.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið að þessu sinni, en legg til, að umr. verði frestað og málinu verði vísað til hv. allshn.

Jónas G. Rafnar: Herra forseti. Í sambandi við mál þetta vil ég leyfa mér að minna á, að á síðasta Alþingi flutti ég ásamt hv. 5. landsk. þm. till. til þál. um rannsókn á magni smásíldar hér við land. En till. hljóðaði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta rannsaka eftir föngum magn smásíldar hér við land og hversu mikið megi af henni veiða án þess að rýra heildarafrakstur íslenzku síldarstofnanna. Jafnframt verði athugað, á hvaða stöðum og hvaða árstímum sé unnt að hagnýta smásíldina til niðursuðu."

Till. var samþykkt og afgreidd sem ályktun Alþingis. Atvmrn. fól síðan með bréfi 10. apríl Fiskifélaginu að gera athuganir á því, hvernig ætti að framkvæma þessa þáltill. Jakob Jakobssyni fiskifræðingi mun hafa verið falið að gera þessa athugun, og hann skilaði allýtarlegri grg. til atvmrn. Í niðurstöðu athugunar hans kemur eftirfarandi fram:

Smásíldarmagnið verði kannað með bergmálsmælingum og veiðitilraunum með herpinót og nótum, ef þurfa þykir. Jafnframt verði gerðar undirstöðuathuganir á lífsskilyrðum síldarinnar, t. d. hita- og átumælingar. Tekin verði sýnishorn til rannsókna á aldri, stærð, fitu o. fl. Framkvæmdar verði smásíldarmerkingar til athugunar á síldargöngum.

Af framansögðu er ljóst, að til rannsókna þessara þarf bát útbúinn góðum fiskileitartækjum og smásíldarnót ásamt öðrum rannsóknartækjum, er fiskideild hefur til umráða. Mun leiga slíks báts með öllum kostnaði varlega áætluð um 300 þús. kr. í sex vikur, auk nótakostnaðar, og er nauðsynlegt að athuga, hvort ekki er hagkvæmt að kaupa eða láta gera hentuga smásíldarnót, sem unnt yrði svo að nota til slíkra rannsókna á komandi ári. — Í áliti Jakobs Jakobssonar eru gerðar ýtarlegar tillögur um það, hvernig þessi athugun eigi fram að fara.

Þessi till. var samþ., eftir að fjárlög voru afgreidd, svo að fé var ekki fyrir hendi til þess að láta athugunina fara fram. Ég vil nú eindregið vænta þess, að við afgreiðslu næsta árs fjárlaga verði tekin upp rífleg fjárveiting, ekki innan við 300 þús. kr., sem tryggi það þá, að þessi þýðingarmikla athugun á smásíldarstofninum geti farið fram nú þegar á næsta sumri.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 17. fundi í Sþ., 22. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 48. fundi í Sþ., 4. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 54, n. 576).

Frsm. (Davíð Ólafsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér liggur fyrir á þskj. 54, hefur verið til athugunar í allshn. Hún fjallar um verndun fiskstofna við strendur Íslands og um nauðsyn þess, að athugað sé, hvort ekki muni vera tímabært að gera vissar ráðstafanir til þess að vernda fiskstofnana fyrir veiðum á ungfiski.

Verndun fiskstofna hefur lengi verið ofarlega á baugi hér á landi, enda má segja, að það sé mikið í húfi. Allar okkar aðgerðir í meira en á annan tug ára í landhelgismálinu hafa stefnt að því að auka friðun fiskimiðanna, allt frá því að fyrst voru gerðar ráðstafanir við Norðurland 1950 og síðan kringum allt landið 1952, en með þeim ráðstöfunum var meginhluti uppeldisstöðva ungfisksins kominn innan fiskveiðitakmarkanna. Loks eru í viðbót þær ráðstafanir, sem gerðar voru 1958, og svo loks 1961 með útfærslu grunnlinanna, en þá komu innan hinna nýju takmarka m. a. ein þýðingarmestu hrygningarsvæðin við Suðvesturlandið.

Með þessum aðgerðum öllum eru okkur þó lagðar á herðar vissar skyldur. Það er í fyrsta lagi að gera ráðstafanir til þess, að ekki sé gengið of nærri þeim fiskstofni, sem vex upp á grunnsævinu við Ísland, og í öðru lagi að haga okkar veiðum þannig, að skynsamleg hagnýting fiskstofnanna sé tryggð.

Ráðstafanir til verndar fiskstofnum hafa auk þess, sem við höfum gert hér við okkar strendur með okkar eigin ráðstöfunum, einnig verið framkvæmdar með alþjóðlegum samningum. Frá 1946 er í gildi samningur, sem gerður var fyrir svæðið á norðaustanverðu Atlantshafi, þ. e. a. s. Íslandssvæðið og þar fyrir austan og sunnan. Sá samningur fjallar um möskvastærð á netum, sem dregin eru, þ. e. a. s. um botnvörpu og dragnætur, og lágmarksstærð á vissum tegundum fisks, sem mikla þýðingu hafa. Þó er þar

aðallega um að ræða þorskfiskana þorsk, ýsu svo og flatfiskana skarkola og þykkvalúru, auk ýmissa annarra tegunda, sem minni þýðingu hafa, en síld er þar ekki með.

Nýr samningur var gerður 1959, en hefur ekki komið til framkvæmda enn þá og fjallar m. a. um hið sama og hinn eldri samningur, en er þó miklu víðtækari og kemur væntanlega til framkvæmda, áður en langt um líður.

Þessar ráðstafanir, sem ákveðnar eru með slíkum alþjóðasamningum, miðast við það að hindra, að þar, sem annars er stunduð veiði aðallega á fullvöxnum fiski eða fullþroska fiski, verði forðazt sem mest að veiða þann smáfisk, sem kynni að vera á sömu svæðum. Af vísindalegum rannsóknum, sem gerðar hafa verið, er talið, að möskvastærðin hafi einhver mest áhrif til verndunar, ef hún er ákveðin rétt. Það mál hefur mikið verið rætt á alþjóðavettvangi, og hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um það, hvað möskvinn ætti að vera, en það virðist vera að færast meira og meira í þá átt, að samkomulag náist um nokkra aukningu á möskvastærðinni frá því, sem verið hefur. Það hefur þegar verið ákveðið á austasta hluta þessa svæðis, sem ég gat um áðan, og er til umr. víðar á svæðinu.

Það er svo annað vandamál, þar sem er veiði á smáfiski eingöngu, svo sem síld og ufsa, eða þar sem notuð eru veiðarfæri, svo sem smáriðin herpinót, við veiðarnar, sem geta tekið smæsta fisk. En það er einmitt þetta vandamál, sem till. fjallar um, sem hér liggur fyrir. Það er ekkert nýtt í sjálfu sér, að stunduð sé veiði á smáfiski. Smáufsaveiði hefur verið stunduð hér um langa hríð á fjörðum inni og oft í allmiklu magni og miklu meira magni en nú á seinni árum. Smásíldarveiði hefur einnig verið stunduð. Og þannig má segja, að þetta vandamál hafi verið til áður. Smásíldarveiðin hefur undanfarin ár að langmestu leyti eða nær eingöngu verið stunduð í Eyjafirði. Meginhluti þess, sem þar hefur veiðzt, hefur farið til bræðslu, nokkur hluti til beitufrystingar og nokkur hluti hefur farið til vinnslu í niðursuðuverksmiðjur. Smáufsaveiðar eru stundaðar hér af og til óreglulega, og allur sá ufsi, er þannig veiðist, fer til vinnslu í fiskimjölsverksmiðjur. Um aðra smáfiskveiði sem slíka hefur ekki verið að ræða, nema það sem veiðzt hefur með öðrum fiski, t. d. ýsa, sem komið hefur fyrir í sambandi við herpinótaveiði á ýsu nú undanfarið, að vísu ekki í stórum stíl, en eitthvað mun það hafa verið.

Það eru skiptar skoðanir um það meðal vísindamanna, hvaða þýðingu slík smáfiskveiði hafi fyrir stofninn, og hefur verið deilt um það. T. d. er skýrt frá því hér í umsögn fiskideildar atvinnudeildar háskólans um þessa till., hvernig smásíldarveiði Norðmanna sé hagað, og ég vildi, með leyfi forseta, lesa hér upp stuttan kafla úr þessari umsögn, sem varpar nokkru ljósi á þetta, en þar segir svo:

„Nokkur undanfarin ár hefur verið dálítið veitt af smásíld, þ. e. síld á fyrsta og öðru ári, til bræðslu og niðursuðu norðanlands. Hefur síldin svo til eingöngu verið brædd í Krossanesi, og nam bræðslan árið 1961 um 5 þús. tonnum, en um 4 þús. tonnum árið 1960. Til samanburðar má geta þess, að árið 1960 var heildarsíldveiðin um 136 þús. tonn og árið 1961 nam hún um 320 þús. tonnum. Árið 1961 var því smásíldarveiðin um 1.5% heildaraflans. Séu þessar tölur bornar saman við síldveiði Norðmanna, kemur í ljós, að fyrstu 11 mánuði ársins 1959 nam smásíldarveiðin þar við land rúmlega 20% af heildarsíldveiði þeirra og rúml. 30% á sama tíma árið 1960. Þess má geta, að norskir fiskifræðingar halda því fram, að smásíldarveiði þessi sé ekki hættuleg stofninum, en um það eru rússneskir starfsbræður þeirra ekki sammála."

Þannig eru skiptar skoðanir um þetta meðal vísindamanna, og má þó vel vera, að þar blandist nokkuð inn í þeir hagsmunir, sem bundnir eru við þessar veiðar, annars vegar í Noregi, þar sem smásíldarveiðin hefur verulega þýðingu fyrir fiskiðnaðinn og fyrir fiskiflotann, og hins vegar í Sovétríkjunum, þar sem þeir sækja í þennan sama stofn, þegar hann er fullvaxinn úti fyrir Noregsströndum, og þess vegna ekki óeðlilegt, að þeir líti það óhýru auga, að síldin sé veidd, meðan hún er enn þá smá, áður en hún gengur út á djúpmiðin.

Till. var send til umsagnar Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans á sínum tíma, og bárust umsagnir frá þeim báðum aðilum, sem í meginatriðum eru sammála að leggja til eða telja æskilegt, að gerðar verði ráðstafanir, ef þörf krefur, til þess að koma í veg fyrir, að fiskstofnarnir bíði tjón af smáfiskveiði eða veiði á ungfiski. T. d. segir í áliti eða umsögn fiskideildar, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilliti til þeirrar þróunar verður frekari aukning smásíldarveiðinnar að teljast óæskileg. Smásíldarveiði til bræðslu getur ekki talizt mikilvæg fyrir þjóðarbúskapinn, og er því eðlilegt, að veiðinni sé sett ákveðið hámark, frekar en að tefla eldri hluta stofnsins í hættu."

Niðurstaðan af þessu hjá allshn. hefur svo orðið sú að leggja til, að breytingar verði gerðar á tillögunni, þó ekki efnislega, heldur verði aðeins um breytt orðalag að ræða, þannig að till. er nú meira almennt orðuð en var í upphafi, og hljóðar nú þannig, eins og hún er á þskj. 576, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að taka hið fyrsta til athugunar í samráði við Fiskifélag Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans, hvaða ráðstafanir séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir tjón á fiskstofnum við landið vegna veiða á ungfiski."

Ég held, að það sé svo ekki ástæða til að fara um þetta fleiri orðum, málið skýrir sig í raun-inni að mestu sjálft.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég vildi aðeins með nokkrum orðum þakka allshn. fyrir þá afgreiðslu, sem þetta mál hefur fengið hjá henni. Það, sem hér er um að ræða, er, að málið er afgreitt á enn breiðari grundvelli en þáltill. felur í sér. Að vísu vitnaði ég til þess í grg. með þáltill., að ég teldi, að þörf væri á því að athuga hvað ungfiskinn snerti fleiri fisktegundir. T. d. segir í niðurlagi grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Er till. þessi flutt með það fyrir augum, að

látin verði fram fara nú þegar gagnger athugun á þessum rányrkjuveiðiaðferðum í því skyni, að það ýti undir og flýti fyrir því, að fyrir slíkar veiðar verði tekið. Þá er nokkuð gert að því að stunda smáufsaveiðar inni á höfnum og öðru landvari, þar sem þessi uppfæðingur leitar skjóls að vetrinum. Eru slíkar veiðar vægast sagt varhugaverðar. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því máli hér, þó að ákvæði um það séu ekki beinlínis tekin upp í meginmál tillögunnar."

Það kemur fram í niðurlagi álits forstjóra fiskideildarinnar, Jóns Jónssonar fiskifræðings, eftir að hann hefur rætt um þau áhrif, sem smásíldveiðin kunni að hafa á fiskstofninn, að með þeirri þróun, sem nú á sér stað, og siaukinni veiði á síldarstofninum megi telja, að frekari aukning smásíldveiðinnar sé óæskileg. Smásíldveiði til bræðslu getur ekki talizt mikilvæg fyrir þjóðarbúskapinn, og er því eðlilegt, að veiðunum sé sett ákveðið hámark frekar en að stofna stofninum í hættu. Fiskideildin getur því fallizt á, að henni verði falið að gera till. um hámarksafla, er taka megi af smásíld árlega, og að stöðva megi algerlega veiðar þessar, ef vísindalegar rannsóknir telja það æskilegt. Vitanlega er það í sambandi við veiðar á smásíld til iðnaðar, eins og átt hefur sér stað á Akureyri. Ef það er gert í því hófi, að veiðarnar séu miðaðar við iðnaðinn sjálfan, getur aldrei verið um að ræða að stofna þessum fiskstofni í neina hættu. En þegar farið er að ganga lengra og með stórvirkum tækjum að ausa upp kræðunni og smásíldinni til þess að flytja hana síðan í bræðslustöðvar, sem hefur þjóðhagslega ákaflega lítið að segja að því leyti til, að það gefur litlar tekjur, þá álít ég, að það sé stefnt í öfuga átt.

Það er rætt um, að það sé fyrst og fremst fyrir Norðurlandi, sem þessi veiði hefur átt sér stað. En nú á síðari árum, eftir að farið var að stunda síldveiðarnar hér við Suðvesturlandið með hinni nýju tækni, með herpinótinni, hefur það orðið nú á seinustu árunum, að það hafa komið tímar á vertíðinni, sem stórir bátar hafa tekið fullfermi af þessari smásíld og komið með í bræðslu, og það segir sig sjálft, að ef slíku heldur áfram, þá muni það segja til sín og hafa áhrif á stofninn.

Ég tel svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en vænti þess, að þessi till. allshn. hljóti stuðning þm. og verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 576 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 625).

11. Samstarfssamningur Norðurlanda.

Á deildafundum 5. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda samstarfssamning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar [221. mál] (A. 637).

Á 50. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 51. fundi í Sþ., 7. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., er um heimild handa ríkisstj. til að fullgilda samning, sem undirritaður var 23. marz s. l. í Helsingfors, um samstarf Norðurlandaþjóða á ýmsum sviðum.

Eins og alkunna er, hefur um langt skeið þróazt víðtæk samvinna með þjóðum Norðurlanda. Samstarf þetta hefur aðeins að nokkru leyti stuðzt við samninga milli ríkjanna, í stað þess hefur því oft verið komið á með einhliða ráðstöfunum af hverju ríki um sig.

Það þarf ekki að rökstyðja með mörgum orðum gildi norrænnar samvinnu. Íslendingar hafa jafnan tekið þátt í henni eftir föngum, bæði í Norðurlandaráði og á öðrum vettvangi.

S. l. sumar, þegar sýnt var, að sum ríki Norðurlanda mundu æskja tengsla við Efnahagsbandalag Evrópu, sem hafa mundi víðtæk áhrif á mörgum sviðum, kom fram sú hugmynd að staðfesta með sérstökum samningi núv. samstarf norrænna þjóða og leitast jafnframt við að tryggja á þann hátt framhald og eflingu þess.

Till. um slíkan samstarfssamning Norðurlandaþjóðanna kom fyrst fram á fundi efnahagsmálanefndar Norðurlandaráðs, sem var haldinn að Voksenåsen í Noregi í ágústmánuði 1961. Í öndverðu voru nokkuð skiptar skoðanir um hugmynd þessa, en á sameiginlegum fundi forsætisráðherra Norðurlanda og forseta Norðurlandaráðs í Hangö í Finnlandi, sem haldinn var 11. og 12. nóv. 1961, lágu fyrir drög að samningi, sem tekin höfðu verið saman á vegum Norðurlandaráðs. Að tilmælum forseta Norðurlandaráðs lýstu forsætisráðherrarnir yfir því, að þeir mundu láta semja samningsfrumvarp, sem styddist við þau drög, sem fram voru komin, og hafa um það samráð við ritara ráðsins. Síðan unnu embættismenn að frumvarpsgerðinni á vegum ríkisstjórnanna. Þeir áttu fund með sér í Stokkhólmi 15. des. 1961 og í Helsingfors 9. jan. og loks í Kaupmannahöfn 24. jan. s. l. Á Kaupmannahafnarfundinum var lögð síðasta hönd á frv., sem ríkisstjórnirnar urðu síðan sammála um að bera undir Norðurlandaráð.

Á þingi Norðurlandaráðs í Helsingfors 17.—23. marz s. l. var frv. rætt og samþ. með nokkrum minni háttar breytingum, sem m. a. voru í því fólgnar að leggja meiri áherzlu á beina aðild ráðsins að samstarfinu á hverjum tíma. Ríkisstj. féllust fyrir sitt leyti á samningsfrumvarpið svo breytt, og var samningurinn síðan undirritaður af fulltrúum þeirra í Helsingfors 23. marz s. l. Af hálfu ríkisstj. Íslands sótti dr. Bjarni Benediktsson dóms- og kirkjumrh. þingið og undirritaði samninginn fyrir Íslands hönd.

Í samningi þessum, sem prentaður er sem fskj. með þáltill., er ekki um að ræða nýjar lagalegar skuldbindingar, heldur yfirlýsingu um vilja til að varðveita og efla hina margþættu samvinnu Norðurlandaþjóða, sem þegar á sér stað.

Að loknum inngangsákvæðum skiptist samningurinn í nokkra meginkafla, sem fjalla hver um sitt samstarfssvið: réttarsamstarf, samstarf í menningarmálum, samstarf í félagsmálum, samstarf í efnahagsmálum, samstarf í samgöngumálum og loks annað samstarf. Þá eru einnig ákvæði um tilhögun norræns samstarfs og síðan lokaákvæði.

Eins og að framan er rakið, er það meginmarkmið samnings þessa að tryggja og treysta samstarf Norðurlandaþjóða, svo sem unnt er, þótt svo kunni að fara, að leiðir skilji að nokkru í sambandi við ný viðhorf í efnahagsmálum Evrópu og af öðrum ástæðum. Íslendingum er eigi síður en frændþjóðunum á Norðurlöndum umhugað um, að þessu markmiði verði náð.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð og vænti, að einhugur ríki um málið hér á Alþingi, og leyfi mér, herra forseti, að mælast til, að umr. þessari verði frestað og málinu vísað til hv. utanrmn.

ATKVGR.
Till. vísað til utanrmn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 52. fundi í Sþ., 11. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 637, n. 683).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hafa Íslendingar um aldir haft náið samstarf við Norðurlöndin. Þeir hafa þangað sótt menntun í aldaraðir, einkum hina æðri menntun. Þeir hafa á síðari tímum einnig sótt þangað menntun í vísindum og tæknilegum atriðum. Þeir hafa haft viðskiptasambönd við þessi lönd einnig í aldaraðir og alls konar tengsl verið bundin við löndin í menningarmálum og efnahagsmálum.

Þótt Íslendingar hnikuðu sér nokkuð til annarra þjóða, á meðan tvær síðustu styrjaldir gengu yfir heiminn, þá slitnuðu þessi sambönd að sjálfsögðu aldrei. Þeir hafa jafnan tekið mjög drjúgan þátt í norrænu samstarfi, enda mjög skyldir þeim þjóðum, sem þar búa.

Til Norðurlandanna hafa flutzt fleiri Íslendingar og tekið þar bólfestu en til nokkurra annarra ríkja, að undanteknu Kanada, svo að það er sýnilegt, að þessi lönd hafa áhuga fyrir samstarfi á mörgum sviðum. Því var það, að þegar Norðurlandaráð var sett á stofn fyrir 10 árum, gerðust Íslendingar meðlimir að þeirri stofnun og tóku þátt í því samstarfi og hafa jafnan starfað þar síðan. En það er einmitt Norðurlandaráð, sem hefur undirbúið þann samstarfssamning, sem lagður er hér fyrir hæstv. Alþ. og ætlazt er til að sé staðfestur hér, áður en þingi lýkur.

Forsætisráðherrar allra Norðurlandanna létu undirbúa þennan samning, sem hér um ræðir, að óskum Norðurlandaráðs, og þeir ásamt forsetum Norðurlandaráðs hafa rætt samninginn, fyrst í Svíþjóð 1960 og síðan í Hangö í Finnlandi 1961, og að lokum var gengið frá þessum málum á þingi Norðurlandaráðs í Finnlandi nú í marzmánuði. Örlitlar breytingar voru gerðar á samningnum, og síðan var hann undirritaður þannig af ráðherrum allra Norðurlandaþjóðanna í Helsingfors. Ályktunin á þskj. 637 er um það, að þessi samningur verði staðfestur, eins og hann liggur hér fyrir og er birtur sem fskj. með þáltill.

Utanrmn. hefur tekið málið til meðferðar á fundi sínum 9. apríl. Hún hefur kynnt sér samninginn, og málið hefur verið rætt í nefndinni. Og hún leggur til einróma, að þáltill. verði samþykkt óbreytt, eins og hún liggur fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lýsa hér innihaldi samningsins. Hv. þingmönnum er innihaldið kunnugt, og þar miðar allt að því, eins og ég sagði áðan, að taka upp samstarf á milli þjóðanna í menningar- og viðskiptamálum á sem víðtækustu sviði.

Fyrir hönd nefndarinnar legg ég til, að till. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 734).

12. Verðtrygging lífeyris.

Á deildafundum 20. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um verðtryggingu lífeyris [40. mál] (A. 45).

Á 9. fundi í Sþ., 27. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11. og 13. fundi í Sþ., 1. og 8. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Sþ., 15. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 45 að flytja till. til þál. þess efnis, að framkvæmd verði athugun á því, hversu framkvæma megi verðtryggingu lífeyris, eins og nánari grein er gerð fyrir í grg. minni fyrir þáltill. og ég mun nú rekja nokkru nánar.

Það mun tæplega vera nokkur ágreiningur um það, að skortur á lánsfé til ýmiss konar framkvæmda og atvinnurekstrar er eitthvert erfiðasta efnahagsvandamál okkar Íslendinga. Á undanförnum þingum hefur jafnan komið fram fjöldi tillagna frá ýmsum hv. þingmönnum um aukin lán til einstakra atvinnugreina, og á þessu þingi eru nokkrar tillögur þess efnis þegar komnar fram og munu verða fleiri, áður en þingi lýkur. Það er fjarri mér að ætla, að til-

löguflutningur þessi sé sprottinn af nokkurs konar tilhneigingu til sýndarmennsku. Þvert á móti á hann rót sína að rekja til þrýstings frá umbjóðendum hv. þingmanna, en sá þrýstingur stafar aftur af þörf atvinnuveganna fyrir aukið lánsfé. Það ætti líka að gefa auga leið, að hin eina raunhæfa lausn á fjármagnsskorti atvinnuveganna er aukning þess fjármagns, sem til ráðstöfunar er. Það er augljóst, að þetta á við, þegar litið er á atvinnuvegina sem heild, og jafnvel hvað snertir lánsfjárþörf einstakra atvinnugreina verða því mjög þröng takmörk sett, hversu hana má leysa, ef það á að verða á kostnað annarra atvinnuvega, sem einnig skortir lánsfé.

En hvaða möguleikar eru þá fyrir hendi í þessu efni? Hvaðan kemur það fjármagn, sem til ráðstöfunar er til fullnægingar lánsfjárþörf atvinnuveganna? Jú, það á sér tvær uppsprettur. Önnur er fjármagnsmyndunin innanlands. Hin er erlendar lántökur. Þrátt fyrir það, að við höfum s. l. áratug tekið allmikil erlend lán og sennilega meira en góðu hófi gegnir, hefur þó þáttur hins erlenda fjármagns í þeirri fjárfestingu, sem hér hefur átt sér stað, ávallt verið miklu minni en hinn innlendi þáttur.

Ég tók eftir því, að hv. 1. þm. Austf. (EystJ) upplýsti við 1. umr. fjárlaganna, að hlutdeild erlends fjármagns í fjárfestingunni árin 1956—58 hefði verið 7—12%, en ef miðað væri við allt tímabilið 1950—58, mundi þetta nema 12%, og held ég, að rétt sé með þessar tölur farið hjá mér. Sennilega er þó ekki í þessum tölum tekið tillit til rangskráningar gengisins á þessum tíma. En jafnvel þótt tölurnar væru allt að því tvöfaldaðar með tilliti til þess, er auðsætt, að jafnvel þó að miðað sé við ár, þegar um verulegar erlendar lántökur hefur verið að ræða, er þáttur þeirra í fjárfestingunni langtum minni en hinnar innlendu fjármagnsmyndunar. Það er og vitað, að greiðslubyrðin gagnvart útlöndum, þ. e. sá hluti gjaldeyristeknanna, sem fer til greiðslu vaxta og afborgana af lánum, verður næstu árin meiri hér á landi en í nokkru öðru landi Evrópu, e. t. v. að einu undanskildu, og þessi greiðslubyrði er miklu þyngri en talið hefur verið samrýmanlegt heilbrigðu fjárhagskerfi. Þessar staðreyndir ættu að nægja til þess að sýna, að fjarstæða er að gera ráð fyrir því, að við í næstu framtíð getum gengið lengra í því en hingað til hefur verið gert að afla fjár með erlendum lántökum. Sá kostur er tæpast fyrir hendi, og þótt hann væri það, væri ekki skynsamlegt að fara þá leið. Ef auka á það fjármagn, sem til ráðstöfunar er til fullnægingar hinni miklu lánsfjárþörf, er því ekki nema ein leið fyrir hendi, sú að auka innlenda fjármagnsmyndun eða sparnað, en raunar er þetta tvennt aðeins tvö nöfn á hinu sama.

En hvernig á að auka sparnaðinn? Fólk sparar með tvennu móti, annaðhvort þannig, að það leggur fyrir af tekjum sínum af frjálsum vilja, eða það er þvingað til sparnaðar með opinberum ráðstöfunum. Þessar opinberu ráðstafanir geta annaðhvort verið í mynd skattaálagna eða þeirri, að lögleiddur er skyldusparnaður. Síðari leiðin hefur, sem kunnugt er, verið farin hér að nokkru í fjáröflunarskyni til íbúðabygginga. Sem kunnugt er, hafa vinsældir þeirrar ráðstöfunar verið misjafnar þrátt fyrir þau fríðindi, sem slíkt sparifé nýtur, þar sem það er vísitölutryggt, og hygg ég, að það muni tæpast eiga fylgi að fagna, að sú leið verði farin í ríkara mæli en þegar á sér stað. Það er einnig hægt að fara þá leið að þvinga fólk til sparnaðar með skattaálögum, og afla opinberir aðilar, sem kunnugt er, að meira eða minna leyti fjár til eigin fjárfestingar á þann hátt. Sú leið verður þó aðeins farin að vissu marki, því að þegar skattarnir hafa náð ákveðinni hæð, hverfur áhugi manna fyrir því að afla þeirra tekna, sem skattleggja á. Ég tel, að varla geti verið ágreiningur um það, að hér á landi eru skattar, bæði beinir og óbeinir, svo háir, að sparnaður verður ekki aukinn með því að hækka þá.

Niðurstaðan af því, sem nú hefur verið sagt, verður því sú, að ef auka á fjármagn það, sem til ráðstöfunar verður til fullnægingar lánsfjárþörfinni, er aðeins ein leið fær, sú að auka frjálsan sparnað í landinu.

Það er enginn vafi á því, hver hefur verið mesta hindrunin í veginum fyrir eðlilegri sparifjármyndun í landinu. Það er sú mikla verðbólga, sem hér hefur ríkt frá upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar. Á þessum tíma hefur verðlag a. m. k. tífaldazt, þannig að króna í dag samsvarar í mesta lagi 10 aurum fyrir stríð. Í öðrum lánsviðskiptum en þeim, þegar um peningalán er að ræða, þykir það sjálfsögð regla, að lántakandi skili jafnmiklum verðmætum og hann hefur fengið að láni. Ef bóndi t. d. fær að láni áburð eða fóðurkorn hjá nágranna sínum, er hann skyldur til þess að skila honum jafnmiklu magni af sömu vöru aftur. Ef svo væri ekki, heldur gilti t. d. sú regla, að lántakandi væri ekki skyldur að skila aftur nema helmingi eða þriðjungi þess, sem hann hefur fengið að láni, mundu auðvitað öll slík viðskipti leggjast niður. En þessi regla, sem þætti svo fráleit, þegar um vörulán væri að ræða, hefur í rauninni gilt undanfarið um öll peningalán. Sá, sem endurgreiðir í dag höfuðstól, sem hann fékk að láni í stríðsbyrjun, skilar í rauninni aðeins 1/10 þess verðmætis, sem hann upphaflega fékk að láni.

Þótt sparifjársöfnun sé af framangreindum ástæðum mjög nauðsynleg frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar, þar sem hún er undirstaða allrar uppbyggingar í þágu atvinnulífsins, hefur sparifjáreign verið óskynsamleg fjárráðstöfun frá sjónarmiði einstaklingsins vegna hinnar öru verðrýrnunar peninganna. Sparifjármyndun hefur þó undanfarna tvo áratugi verið meiri en vænta mætti með tilliti til sírýrnandi verðgildis peninga. En ekki er þó vafi á því, að verðbólgan hefur orsakað það, að hún hefur orðið til muna minni en ella. Hefur þetta gert okkur háðari erlendu fjármagni en ella og er í rauninni ein grundvallarorsök þeirra efnahagsvandamála, sem við hefur verið að etja að undanförnu og er enn. Tilgangur fólks með því að spara getur verið margvíslegur. Menn geta lagt fyrir í þeim tilgangi að eignast íbúð, bíl, fara í skemmtiferðalag til útlanda o. s. frv. En einhver mikilvægasta

sparnaðarhvöt manna er þó sú að tryggja sér viðunandi lífsviðurværi í ellinni, þegar starfsorkan er þrotin.

Þó að verðbólgan hér á landi hafi að vísu ekki eyðilagt alla sparifjármyndun, hefur hún ótvírætt lamað með öllu hina síðastnefndu sparnaðarhvöt, þá að tryggja sér viðunandi ellilífeyri. Frjálsar lífeyristryggingar á vegum einstaklinga eru hér varla til. Þessar tryggingar eru mjög útbreiddar í nágrannalöndum okkar og eru einkum í tvenns konar mynd, annaðhvort þeirri, að menn tryggja sér ákveðna lífrentu eða árlega fjárhæð, þegar ákveðnum aldri er náð, eða þá í þeirri mynd, að menn fá, þegar þeir fylla þennan aldur, útborgaða tiltekna peningaupphæð. En þar sem svo langur tími líður að jafnaði, frá því að tryggingin er til, þar til hún kemur til greiðslu, hugsa menn auðvitað sem svo með tilliti til reynslu síðustu áratuga, að þegar slíkar greiðslur komi til útborgunar, verði þær orðnar einskis virði, og því mun tryggingastarfsemi af þessu tagi varla vera til hér á landi, ef hún yfirleitt þekkist. Hér á landi hefur þó einnig á seinni árum myndazt vísir að frjálsum lífeyristryggingum í annarri mynd, þeirri, að verkalýðsfélög og önnur launþegasamtök hafa myndað lífeyrissjóði og náð samningum við atvinnurekendur um greiðslu af þeirra hálfu til sjóðanna. Munu framlög til flestra þessara sjóða sniðin eftir reglum lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna, þannig að lífeyrir er 60% af launum, en hinir tryggðu greiða 4% af launum sínum til sjóðsins og atvinnurekendur 6%. Eftir því sem ég bezt veit, mun þessi regla algengust, þó að vera megi, að einhver meiri eða minni frávik séu frá því. Miðað við það, að verðlag héldist sæmilega stöðugt, væri hér auðvitað um mjög aukið öryggi fyrir launþega að ræða. En því hefur, sem kunnugt er, ekki verið að heilsa, og hafa því bæði færri samtök en ella komið slíkum sjóðum á fót, og þar sem þeim hefur verið komið á fót, hefur víða aðeins lítill hluti félagsmanna gerzt aðilar að þeim. Er í rauninni mjög skiljanlegt, að slíkir sjóðir eigi erfitt uppdráttar, þar sem víst er, að verði verðbólguþróun næstu ára jafnör og undanfarið, verða þeir, sem aðilar eru að slíkum sjóðum, engu betur settir, þegar þeir öðlast rétt til ellistyrks, en styrkþegar úr hinum almenna lífeyrissjóði, en hins vegar mundu þeir hafa lagt miklu meira af mörkum til sjóðsins. Þróun slíkrar tryggingastarfsemi hlýtur því að stöðvast, nema sérstakar ráðstafanir verði gerðar.

En einhverjir kunna að segja sem svo, að eigi að auka tryggingastarfsemi hér á landi, beri að gera það með eflingu almannatrygginganna, en ekki á annan hátt. Hér sést þó yfir það, að verðbólgan er í rauninni jafnmikil hindrun í vegi fyrir tryggingum á vegum hins opinbera eins og öðrum tryggingum. Ef hinn almenni lífeyrissjóður væri rekinn á tryggingagrundvelli einvörðungu, þ. e. að iðgjaldagreiðslur til sjóðsins ásamt vaxtatekjum ættu að standa undir lífeyrisgreiðslunum, þá væru þær ekki nema brot af því, sem nú er, jafnvel þótt þessar greiðslur hafi á sínum tíma verið miðaðar við sæmilegan ellilífeyri. Sama máli gegnir í raun-

inni um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. En það, sem forðað hefur því, að umræddir sjóðir yrðu að nær engu, er það, að ríkið hefur bætt upp eftirlaun og ellistyrki og aflað til þess fjár með almennum skattaálögum. Að því leyti, sem það á sér stað, er í rauninni ekki lengur um tryggingastarfsemi að ræða, heldur tekjutilfærslu gegnum skattakerfið. Nú vil ég síður en svo lasta það, að til þessa ráðs hefur verið gripið, þegar önnur úrræði voru ekki fyrir hendi. Hitt er nauðsynlegt að gera sér ljóst, að vexti almannatrygginganna hljóti að verða mjög þröng takmörk sett, ef hann á að byggjast á líku, svo þung sem skattabyrðin þegar er og svo óvinsælar sem nýjar skattaálögur eru, í hvaða mynd sem er. Elli- og örorkustyrkir hafa að vísu verið hækkaðir talsvert fyrir tilstilli hæstv. núv. ríkisstj., en enn vantar þó talsvert á, að þeir nægi til framfæris þeim, sem þeirra njóta, ef þeir hafa ekki annað fyrir sig að leggja. Samkvæmt almannatryggingalögunum frá 1936 eða elztu heildarlögum um almannatryggingar, sem sett voru hér á landi, var gert var fyrir því, að mánaðarlegur ellistyrkur væri 100 kr. á mánuði, og iðgjöld til hins almenna lífeyrissjóðs við það miðuð, að þann lífeyri væri hægt að greiða. Á s. l. vetri nam ellistyrkur 1200 kr. á einstakling á fyrsta verðlagssvæði, en hitt er vitað, að að kaupmætti munu 100 kr. 1936 sízt hafa verið minni en 1200 kr. voru s. l. vetur, þannig að þrátt fyrir þá verulegu hækkun, sem varð á ellilífeyrinum í ársbyrjun 1960, hefur þó enn þá varla verið náð því marki í þessum efnum, sem sett var árið 1936, á fátæktar- og kreppuárunum, sem þá voru. Ég er þeirrar skoðunar, að þótt markið í þessum efnum sé ekki sett hærra en það að tryggja gamalmennum þurftarlaun, þá verði því marki ekki náð í fyrirsjáanlegri framtíð, ef treysta á í því efni eingöngu á tekjutilflutning með skattaálögum. Slíkt verður ekki gert að mínu áliti nema með eflingu frjálsra lífeyristrygginga. En meðan sama verðlagsþróun heldur áfram og að undanförnu, er enginn grundvöllur fyrir frjálsa tryggingastarfsemi af þessu tagi, eins og ég tel mig þegar hafa sýnt fram á.

Nú kynni að vera sagt sem svo, að leiðin til þess að skapa slíkum tryggingum grundvöll sé sú að stöðva verðbólguna, því að takist það, séu verðtryggingarráðstafanir óþarfar. Það er út af fyrir sig rétt, að ráðstafanir til verðtryggingar eru krókaleið til þess að ná sama marki og tilgangurinn er með stöðvun verðlagsins. En með tilliti til fenginnar reynslu er það að mínu áliti meiri bjartsýni en skynsamlegt getur talizt að gera ráð fyrir skjótum sigri í viðureign við verðbólguna. Mér telst svo til, að frá því á seinni heimsstyrjaldarárunum séu búnar að vera við völd hér á landi ekki færri en 12 ríkisstj., en svo sundurleitar sem þessar ríkisstj. hafa að öðru leyti verið, hefur þó eitt verið sameiginlegt stefnuskráratriði þeirra allra, nefnilega það að stöðva verðbólguna. Ég dreg og ekki í efa, að hvað sem segja má um hverja einstaka þessara ríkisstj. að öðru leyti, hafi þær allar haft skilning á því, hver háski efnahagskerfinu var búinn vegna sírýrnandi verðgildis peninga. Allar

hafa líka sýnt viðleitni í þá átt og beitt sér fyrir ráðstöfunum til þess að stöðva áframhaldandi verðbólguþróun, og þótt þær ráðstafanir hafi að vísu verið misjafnlega líklegar til árangurs, hafa þær þó að jafnaði verið spor í áttina. En alltaf hefur sama sagan endurtekið sig, nefnilega sú, að öfl hafa verið að verki í þjóðfélaginu, sem talið hafa það henta pólitískum eða fjárhagslegum sérhagsmunum sínum að vinna gegn því, að þessar ráðstafanir næðu tilgangi sínum, og þessi öfl hafa alltaf reynzt nægilega sterk til þess að sporna við því, að þessar ráðstafanir næðu tilgangi sínum Það er þó fjarri mér að halda því fram, að gefa beri upp alla von um það, að takast megi að stöðva verðbólguna, en hinu má ekki loka augunum fyrir, að vantraust manna á verðgildi peninganna er þegar orðið svo rótgróið, að það mundi undir öllum kringumstæðum taka langan tíma að endurvekja slíkt traust. Það skiptir þó meira máli í þessu sambandi, að sérhver ráðstöfun, sem gerð er til þess að efla sparnaðarhvötina, verður beinlínis til þess að draga úr verðhækkunum, og verður því stuðningur við allar aðrar ráðstafanir til þess að draga úr verðhækkunum, þannig að meiri líkur verða þá fyrir árangri af slíkum ráðstöfunum.

Ég skal þá næst víkja að því nokkrum orðum, hve víðtæk ég hef hugsað mér að sú verðtrygging yrði, sem till. þessi fjallar um, og hvað í henni felst. Henni er í fyrsta lagi ætlað að ná til lífeyrissjóða, sem stéttarfélög og starfsfólk einstakra stofnana hefur komið á fót af frjálsum vilja. Í öðru lagi er tryggingunni ætlað að ná til fjármuna, sem einstaklingar ráðstafa til kaupa á lífeyri. En þá væri eftir atvikum rétt að ákveða hámarksupphæð fyrir hvern einstakling, því að hér er auðvitað ekki um neina almenna verðtryggingu sparifjár að ræða. Að gera nánari tillögur um framkvæmdina yrði svo auðvitað viðfangsefni þeirrar athugunar, sem hér er lagt til að verði framkvæmd.

Verðtrygging er í rauninni ekki nein nýjung hér á landi, þar sem verðtryggð skuldabréf hafa bæði verið gefin út af húsnæðismálastofnuninni og af rafveitum ríkisins, auk þess sem gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að vísitölutryggja sparifé barna að vissu marki. Er auðvitað sjálfsagt að hafa til hliðsjónar þá reynslu, sem þannig er þegar fengin í þessu efni, þótt verðtrygging sú, sem hér um ræðir, geti varla orðið í sams konar formi og sú verðtrygging, sem hingað til hefur tíðkazt.

Ég tel, að verðtrygging sú, sem hér er lagt til að verði undirbúin, þjóni í senn mikilvægu hlutverki á sviði félagsmála og gæti orðið öflugt vopn í baráttunni fyrir heilbrigðu efnahagslífi. Um mótbárur gegn því að gera slíkar ráðstafanir sé ég ekki ástæðu til að ræða, nema tilefni gefist til þess við þessa umræðu. En þó tel ég rétt að leiðrétta þegar misskilning, sem ég hef orðið var við að gætir, þegar um verðtryggingu er rætt. Það er sagt sem svo, að verðtryggingarhugmyndin geti verið góð út af fyrir sig, en atvinnuvegir landsmanna geti ekki borið þá áhættu, sem því fylgi að taka verðtryggð lán, og sé því óraunhæft að tala um slíkt. Í fyrsta lagi er það við þetta að athuga, að væri þessi skoðun rétt, þá má með alveg sama rétti halda því fram, að allar ráðstafanir til þess að stöðva verðbólguna séu atvinnuvegunum til tjóns. Hvort heldur tekin er upp verðtrygging eða komið á stöðugu verðlagi, þá er sama kvöð í báðum dæmum lögð á þá, sem taka peningalán, nefnilega sú, að þeim er gert að skila sama verðmæti og þeir fengu að láni. Öll heilbrigð fjárfesting eða fjárfesting, sem skilar þjóðarbúinu raunverulegum arði, getur staðið undir slíkri skuldbindingu. Hins vegar kemur verðtrygging auðvitað í veg fyrir verðbólgugróða, á sama hátt og slíkur gróði væri úr sögunni, ef tækist að stöðva verðlagið, sem allir eru þó, a. m. k. í orði kveðnu, sammála um að sé æskilegt. En öll fjárfesting, sem grundvölluð er á von um verðbólguhagnað, er óheilbrigð og á því ekki rétt á sér, svo að að mínu áliti er síður en svo skaði skeður, þó að hún sé hindruð. Þess má og geta, að ekki er ástæða til þess, að verðtryggð lán séu með jafnháum vöxtum og önnur lán, og vegur það auðvitað gegn þeirri áhættu, sem slíkum lánum fylgir. Eins og ég sagði, er hér ekki um neina almenna verðtryggingu sparifjár að ræða, þannig að gera má ráð fyrir því, að þetta snerti aðeins lítinn hluta lánanna. Það væri því á misskilningi byggt, ef því væri haldið fram, að ráðstöfun þessi legði byrðar á einn eða neinn. Hún mundi auka framboðið af fjármagni, skapa nýtt fjármagn, sem annars yrði ekki til. Enginn þyrfti að taka slík lán, nema hann teldi sér í því hag, og víst er um það, að margvísleg fjárfesting er til, bæði á vegum opinberra aðila og einkaaðila, sem í senn vantar fjármagn til og er nægilega arðbær til þess að geta staðið undir verðtryggingu.

Ég hef því miður ekki nema mjög takmarkað getað leitað álits samtaka, sem þessi till. snertir, um efni hennar, en ég hef þó orðið var við góðan skilning ýmissa forustumanna þessara samtaka á þessu máli. Því til áréttingar vil ég, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa upp bréf, sem mér hefur borizt frá stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, en það félag mun eiga stærsta lífeyrissjóðinn af þessu tagi, sem starfandi er, en bréfið hljóðar þannig:

„Vér höfum aflað oss þingskjals nr. 45, till. til þál. um verðtryggingu lífeyris, sem þér eruð flm. að á yfirstandandi löggjafarþingi. Vér teljum, að með tillögu þessari sé hreyft við mjög þýðingarmiklu hagsmunamáli þeirra launþega, sem njóta frjálsra lífeyristrygginga, svo sem m. a. á sér stað hjá verzlunar- og skrifstofufólki, og vonumst vér fastlega til, að umrædd tillaga verði samþykkt af Alþingi, svo að umrædd athugun geti farið fram hið fyrsta.

Virðingarfyllst,

f. h. Verzlunarmannafélags Reykjavíkur,
Guðmundur H. Garðarsson,
formaður.“

Að lokum vil ég leyfa mér að leggja til, að þessari umr. verði frestað, og þar sem það er bæði þannig, að einhver kostnaður kann að vera

við að framkvæma þessa athugun, þótt hann ætti að vísu að vera lítilfjörlegur, og í öðru lagi er hér um fjárhagsmálefni að ræða, en í Sþ. er ekki starfandi nein fjhn., eins og kunnugt er, — með tilliti til þessa tel ég eðlilegt að leggja til, að till. verði vísað til hv. fjvn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég tel þá till., sem hér liggur fyrir til umr., allrar athygli verða, og ég tel það mjög tímabært, að sú athugun fari fram, sem þar er lagt til að gerð sé, þ. e. a. s. að fram fari athugun á því, með hverjum hætti verði verðtryggðir lífeyrissjóðir.

Það er alkunna og þarf ekki að eyða að því mörgum orðum hér, hversu sívaxandi verðbólga og siendurteknar gengislækkanir hafa farið illa með sparifjáreigendur, og alveg sérstaklega hefur þetta bitnað á lífeyrissjóðum. Nú hygg ég það hins vegar vera álit flestra, að það sé æskilegt að ýta undir stofnun lífeyrissjóða og ýta undir lífeyristryggingu, bæði vegna þess, að með þeim hætti tryggja menn sig á ellidögunum, og eins hitt, að með þeim hætti getur fram farið nokkur sjóðasöfnun, sem getur verið æskileg og nauðsynleg. Og að mínum dómi er það svo, að starfsemi lífeyristrygginga þyrfti hér, ef vel væri, að færast í aukana. Það ætti í raun og veru að vera svo, að á væri komið lífeyristryggingu, ekki aðeins fyrir þá launþega, sem nú njóta þess, heldur og alla landsmenn. Það getur að sjálfsögðu verið álitamál, hvernig þeirri lífeyristryggingu ætti að vera fyrir komið, hvort þar ætti að vera um að ræða skyldutryggingu eða frjálsa tryggingu, hvort sú trygging ætti að vera í sambandi við þær almannatryggingar, sem nú eru, eða hvort það ætti að setja upp sérstaka stofnun í því skyni. En hvað sem menn álíta um það atriði, reka menn sig alls staðar á það, að erfitt er að koma á slíkum lífeyristryggingum, svo að að gagni megi verða, nema verðgildi trygginganna sé með einhverjum hætti tryggt. Og ég verð að taka undir það með hv. flm. þessarar till., að ég tel, að þó að það hafi ekki verið um annað að gera, eins og hann tók fram, varðandi almannatryggingarnar, en að breyta til frá því, sem upphaflega var þar ráð fyrir gert, í hinum upphaflegu lögum frá 1936, að byggja tryggingarnar á sjóðasöfnun og hverfa í þess stað að niðurjöfnun, þá tel ég, að það væri æskilegra, að hægt væri aftur að hverfa meir að sjóðasöfnun í því sambandi. Ég tel þess vegna eðlilegt, að það fari fram athugun á þessu atriði, og fagna því út af fyrir sig, að þessi till. skuli vera fram komin.

En ég get ekki látið hjá líða að minna á það í þessu sambandi, að ég hef hér tvisvar sinnum áður á Alþingi borið fram tillögu um verðtryggingu sparifjár. Sú tillaga hefur að vísu að formi til verið um verðtryggingu sparifjár almennt, en bæði í greinargerð með þeim tillögum og eins í framsöguræðu um þær tillögur hefur verið tekið fram, að það væri einmitt alveg sérstakt vandamál í því sambandi, hvernig farið væri með lífeyrissjóðina, og bent á það, að athugun á verðgildi sparifjár gæti vitaskuld takmarkazt við einstaka þætti sparifjár og þá alveg sérstaklega lífeyrissjóðina. Þessari till. hefur, ef ég man rétt, í bæði skiptin verið vísað til þeirrar hv. þingnefndar, sem hv. flm. lagði til að þessari till. yrði til vísað, sem sé fjvn. Í bæði skiptin hefur þessi till. dagað uppi í fjvn. og ekki verið um hana áliti skilað. Það gleður mig, ef í þessu efni eru nú orðin sinnaskipti og þessi hugmynd, sem hér er hreyft, á vaxandi fylgi að fagna.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 11. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 45, n. 624).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Fjvn. leggur til, að þáltill. verði samþ. með þeirri breytingu, sem fram kemur í nál. N. ræddi málið og sendi það til umsagnar Tryggingastofnunar ríkisins. Ég vil leyfa mér að lesa hér efni umsagnar Tryggingastofnunarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Mál það, sem hér um ræðir, er tvíþætt. Annars vegar er um það að ræða, hvernig bezt megi tryggja hagsmuni aldraðs fólks, en hins vegar, hvernig örva megi þá sparnaðarhvöt, sem í fyrirhyggjunni fyrir ellinni felst. Fyrra sjónarmiðið er m. a. ein ástæðan til þess, að endurskoðunarnefnd almannatryggingalaga, sem nú starfar, hefur tekið til athugunar, hvort ekki sé rétt að láta almannatryggingar ná til allra landsmanna og gera lífeyrissjóðina þar með alla að viðbótartryggingu við þær. Niðurstaða þessa máls getur haft áhrif á, hve víðtæk sú verðtrygging frjálsra lífeyristrygginga, sem til greina þætti koma, þyrfti að vera.

Á undanförnum árum hefur verðrýrnun bitnað mjög á lífeyrissjóðum. Áhrif hennar á hag sjóðsfélaga eru þó með sérstökum hætti, þar eð sjóðmyndunin hefur að miklu leyti verið jafnóðum notuð til lána til sjóðsfélaga sjálfra. Hjá sjóðum, þar sem enginn aðili tekur ábyrgð á lífeyrisgreiðslum, skapast að sjálfsögðu við þetta misrétti fyrir þá sjóðsfélaga, sem ekki hafa tekið lán, en fá síðar skertan lífeyri vegna verðrýrnunar.

Sennilegt er, að lánsfjárformið hafi engu minni áhrif haft en fyrirhyggja fyrir ellinni á fjölgun lífeyrissjóða undanfarin ár, enda hefur sú fjölgun verið mikil. Sökum verðrýrnunarinnar hefur hins vegar verið mjög lítið um lífeyristryggingar hjá tryggingafélögum, en hvarvetna í nágrannalöndum okkar er sparifjármyndun með þeim hætti mikilvægur þáttur efnahagslífsins. Telja má víst, að sjóðmyndun lífeyrissjóða verði það mikil á næstu áratugum, að verðtrygging þeirra hljóti að hafa víðtækar efnahagslegar afleiðingar.

Tryggingastofnunin telur sjálfsagt, að mál þetta verði tekið til rækilegrar athugunar, en er á þeirri skoðun, að slík athugun sé tímafrekari en svo, að henni sé lokið á fáum árum.“

Eins og ég sagði í upphafi, leggur n. einróma til, að þáltill. verði samþ.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hv. fjvn. og frsm. hennar fyrir jákvæða afstöðu, sem hún hefur tekið til þessarar till. Mér er ljóst, að tímatakmörk þau, er ákveðin voru í till., þegar hún var lögð fram hér á s. l. hausti, eru óraunhæf, og tel því eðlilegt, að brtt. hv. fjvn. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 624 samþ. með 31 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 735).

13. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn.

Á deildafundum 23. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn [43. mál] (A. 50).

Á 9. fundi í Sþ., 27. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11. og 13. fundi í Sþ., 1. og 8. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Sþ., 15. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Allir þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra og landskjörnir þingmenn úr því kjördæmi hafa leyft sér að flytja á þskj. 50 till. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Mál þetta hefur töluvert verið rætt og reifað opinberlega, þannig að ég skal reyna að stytta mál mitt í því efni og aðeins minnast á meginatriði málsins.

Það hefur verið á döfinni um allmörg ár athugun á því, hvort ekki mundi hagkvæmt að vinna kísilgúr úr Mývatni, og hafa ýmsir innlendir og erlendir sérfræðingar að þessu unnið, og gerðar hafa verið um þetta ýmsar áætlanir, sem eftir því sem tíminn hefur liðið hafa verið endurskoðaðar og leitað til ýmissa sérfræðinga um yfirskoðun á þeim áætlunum, og málið virðist vera komið á það stig nú, að það sé orðið tímabært að ljúka þessum athugunum og fá úr því skorið, svo að óyggjandi sé, hvort hér sé um hagkvæma framleiðslu að ræða eða ekki.

Af hálfu ríkisins hefur verið á undanförnum árum veitt nokkurt fé til athugunar á aðstæðum öllum við Mývatn og þá sérstaklega verið um það að ræða að rannsaka gæði kísilgúrsins. Þar er um að ræða efnafræðilegar athuganir, sem ég skal ekki hér út í fara. Þarna er um mjög sérhæfða framleiðslu að ræða, og kemur til greina að vinna þetta efni bæði sem fullunna fyrsta flokks vöru og einnig hinar, ef svo má segja, ófinni tegundir af kísilgúr, og niðurstöðuathuganir virðast benda til þess, að það muni hagkvæmast að leggja áherzlu á, að sá kísilgúr, sem þarna verður unninn, verði í fyrsta gæðaflokki.

Málið stendur þannig í dag, að í raun og veru er ekki, hvað hina efnafræðilegu hlið málsins snertir, annað eftir en að fullreyna það, hvort kísilgúrinn skilar þeim gæðum, sem vonir standa til að hann geri.

Eftir að þessi þáltill. var hér flutt, hefur verið hafin söfnun kísilgúrs í Mývatni með það í huga að senda hann til athugunar og fullnaðarvinnslu í erlendum verksmiðjum og til athugunar í erlendum efnafræðistofum, og er hér um að ræða fullnaðarathugun og endanlega athugun á því, hvort hér reynist um svo hagkvæman iðnað að ræða, sem athuganir, sem hingað til hafa verið gerðar, benda til. Og það má gera ráð fyrir, að niðurstöður í þessu efni liggi fyrir nú í vetur eða næsta vor. Eftir öllum undanfarandi athugunum að dæma virðast vera svo miklar vonir um, að hér reynist vera um hagkvæma vinnslu að ræða, að það sýnist vera full ástæða til þess, ekki aðeins til að ljúka þessum athugunum, sem ég hef að vikið, heldur einnig að hefjast nú þegar handa um að kanna, hvaða úrræði séu líkleg til þess að koma upp verksmiðju til vinnslu á þessum kísilgúr við Mývatn. Það hefur verið gerð áætlun. Það er með hana eins og allar áætlanir, að svo sem allar verðbreytingar eru, þá er það margt breytingum háð í henni, en í síðustu áætlun, sem um þetta hefur verið gerð, er gert ráð fyrir því, að stofnkostnaður verksmiðju sem þeirrar, sem talið er hagkvæmast að byggja, en það er verksmiðja, sem mundi vinna 10 þús. tonn af kísilgúr, sú verksmiðja mundi kosta um 120 millj. kr., og það er gert ráð fyrir því, að gjaldeyristekjur af slíkri framleiðslu mundu verða nettó um 30 millj. kr. á ári.

Svo sem ljóst er af þessum tölum, er hér í rauninni ekki um mjög mikið fyrirtæki að ræða. Það er ekki hægt í rauninni að flokka það undir stóriðju, sem oft er talað um, en þó er þetta fyrirtæki allverulegt á íslenzkan mælikvarða. Það er talið, að í slíkri verksmiðju mundi vera um 70 manna starfslið við rekstur hennar. Þessi verksmiðja mundi nota gufuorku, og mundi því ekki aukast að neinu verulegu ráði raforkuálag í sambandi við starfrækslu hennar. Þó að það væri töluvert rafmagn að vísu, sem til hennar þyrfti, mundi ekki þykja þurfa sérstaka virkjun af þeim sökum.

Nú er þannig háttað, þó að ég ætli ekki að fara hér út í almennar hugleiðingar um nýtingu náttúruauðlinda og nýjar atvinnugreinar yfirleitt, en þá er vert að gera sér grein fyrir því, að það er eitt veigamikið atriði, að þau fyrirtæki, sem sett eru á stofn, taki ekki mikinn mannafla. Ef allt atvinnulíf er hér í fullum gangi, svo sem nú er, sýnir það sig, að fólksskortur er mikill, og því má fara varlega í það að setja upp atvinnufyrirtæki, sem taka mjög mikið vinnuafl frá þeim atvinnugreinum, sem fyrir eru. Þessi verksmiðja hefur hins vegar þann kost, að það er fátt starfslið, sem hún þarf, og miðað við hennar framleiðsluafköst sýn-

ist það vera svo, að þar sé um mjög hagkvæmt, þjóðhagslegt fyrirtæki að ræða að þessu leyti. Spurningin rís þá upp þessi: Hvernig á að koma þessari verksmiðju upp? Og það er auðvitað með þetta eins og öll fyrirtæki hér, sem nokkru máli skipta, að þar verður við fjárskort að stríða. Ég held, að það sé engum vafa undirorpið, að það sé veigamikið atriði í sambandi við þessa verksmiðju, að erlendir aðilar komi þar til. Ekki eingöngu er það fjármagnsins vegna, vegna þess að það má út af fyrir sig segja, að þetta sé ekkert óskaplegt fyrirtæki, sem kosti um 120 millj. kr. En það ber þó samt engu að síður að líta á þá hlið málsins. Nógu erfitt reynist okkur að afla fjár til fyrirtækja, þó að minni séu. En ég álít, að það séu þó tvö önnur atriði, sem hafi enn veigameiri þýðingu í sambandi við rekstur þessarar verksmiðju. Og það er annars vegar þekkingin, sem við þurfum á að halda. Við höfum enga reynslu í þeirri vinnslu, sem hér er um að ræða. Þetta er mjög sérhæfð vinnsla, og mjög veltur á, að með fyllstu nákvæmni sé að framleiðslunni unnið, og það eru tiltölulega ekki mjög margir aðilar, sem hafa þá þekkingu, sem hér þarf að koma til. Ég hygg því, að það sé mjög veigamikið atriði einmitt að tengja við þetta fyrirtæki aðila, sem hafa þegar reynslu varðandi framleiðslu þess efnis, sem hér er um að ræða. Og hitt atriðið, sem er ekki veigaminna, er, að það er lífsnauðsyn fyrir þetta fyrirtæki að tryggja því markað. Það eru tiltölulega fáir aðilar, sem ráða yfir öllum markaði á þessum efnivörum, og það veltur að sjálfsögðu á öllu varðandi framtíð og afkomu fyrirtækisins, að það takist að tryggja sölu á framleiðsluvörum þess. Og ég hygg, að það muni reynast mjög erfitt, og það er skoðun, held ég, allra þeirra, sem að þessu máli hafa unnið, að það muni vera grundvallaratriði í sambandi við það, hvort þessa verksmiðju eigi að reisa eða ekki, að það sé hægt að komast í það samband við þá aðila, sem yfir markaðinum ráða, að það sé hægt að tryggja markaðinn. Það sýnist því vera svo, ekki aðeins frá því sjónarmiði að tryggja fjármagn til fyrirtækisins, heldur einnig vegna hinnar tæknilegu hliðar, sérhæfingar, sem hér er um að ræða, og markaðsaðstöðu, að þá sé það mikilvægt atriði að fá erlenda aðila til samvinnu á þessum vettvangi.

Það er skoðun okkar flm., enda þótt ekki sé bent á ákveðnar leiðir í þessu efni, að það beri brýna nauðsyn til þess einmitt að kanna til hlítar, hvaða úrræði séu tiltækilegust til þess að tryggja fjárhagslegan grundvöll þessa fyrirtækis: í fyrsta lagi fé til að koma verksmiðjunni upp og í annan stað að sjálfsögðu að tryggja framtíðarrekstur þess, og þá koma þessi atriði til álita. Að sjálfsögðu er ekki auðið að leggja neinar ákveðnar línur í því efni. Ég hef aðeins vikið að þeim sjónarmiðum, sem fram hafa komið í sambandi við umræður og athuganir málsins hjá þeim sérfræðilegu aðilum, sem að því hafa unnið. Af hálfu okkar flm. er engu föstu slegið í þessu efni, annað en óska eftir því, að ríkisstj. láti athuga það rækilega, hvaða úrræði séu tiltækilegust til að hrinda málinu í framkvæmd, ef sú lokaathugun, sem nú stendur yfir og fer fram á næstunni, leiðir í ljós, að hér sé um fyrirtæki að ræða, sem þjóðfélagslega sé æskilegt að koma upp.

Svo sem ég áðan gat um, hefur þessu máli þokað allverulega áleiðis. Og það kann að vísu að mega segja sem svo, að það hafi e. t. v. ekki verið þörf á því að flytja þessa þáltill., vegna þess að málið sé í fullum gangi og í fullri athugun hjá hæstv. ríkisstj. Hins vegar teljum við flm., að málið sé þess eðlis, að það sé brýn nauðsyn, að á því verði engin töf, og að þess vegna sé mjög æskilegt, að hæstv. ríkisstj. hafi fulla vissu fyrir því, að Alþingi vilji styðja að því, að þessu máli sé hrundið í framkvæmd. Það kann vel að vera, að athuganir leiði í ljós, að það sé nauðsyn sérstakrar löggjafar í sambandi við verksmiðjustofnun þessa. Það er hins vegar atriði, sem er ákaflega erfitt fyrir okkur, sem að þessari tillögu stöndum, að slá föstu um, vegna þess að atriði þeirrar löggjafar geta að sjálfsögðu oltið nokkuð á því, hver niðurstaða yrði um fjárhagsgrundvöll og hverjir yrðu aðilar að þessu fyrirtæki. Því hefur okkur þótt rétt að vekja málið hér í þinginu í þessu formi.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, nema sérstakt tilefni gefist til, að orðlengja frekar um þetta mál, en vil leyfa mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. verði vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 52. fundi í Sþ., 11. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 50, n. 653).

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Fjvn. hefur rætt þessa till. á nokkrum fundum sínum og orðið sammála um að leggja til, að till. verði samþ.

Þessi till. var flutt í upphafi þings af öllum þm. Norðurlandskjördæmis eystra og þeim þm., sem þar eiga búsetu, og var fyrsti flm. hennar Magnús Jónsson. Þessi till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta nú þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fá úr því skorið, hvort ekki sé arðvænlegt að koma upp verksmiðju til vinnslu kísilgúrs úr Mývatni, og kanna þá jafnframt, hverjar leiðir séu heppilegastar til að tryggja fjárhagsgrundvöll þeirrar verksmiðju.“

Till. fjallar þannig um það að gera lokaathugun á því, hvort arðvænlegt sé að koma upp þeirri kísilgúrverksmiðju, sem unnið hefur verið að á undanförnum árum, og eins og fram hefur komið hér, bæði í umr. áður um þessa till. og eins í nál. okkar, þá hefur verið unnið að þessu máli á vegum rannsóknaráðs og raforkumálaskrifstofunnar, og þær efnafræðilegu rannsóknir, sem gerðar hafa verið á leirnum í Mývatni, benda ótvírætt í þá átt, að það sé hagkvæmt að vinna úr honum þetta efni, þennan kísilgúr, sem getur orðið mjög mikilvæg framleiðslu- og útflutningsvara.

Ég vil geta þess, að á Norðurlandi er mjög

mikill áhugi á þessu máli, áhugi, sem nær út í raðir alls almennings, og hefur það líka komið fram á almennum fundum á Norðurlandi og í áskorunum, sem gerðar hafa verið á stjórnvöld og Alþ. um það að fylgja þessu máli eftir. Og ég vil sérstaklega geta þess, að því yrði mjög fagnað á Norðurlandi, ef þessi till. yrði nú samþ.

Fjvn. leggur því eindregið til, að till. fái afgreiðslu.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 736).

14. Verndun hrygningarsvæða.

Á deildafundum 30. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins [50. mál] (A. 61).

Á 11. fundi í Sþ., 1. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 13. fundi í Sþ., 8. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Sþ., 15. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 61 till. til þál. um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Fiskifélagi Íslands og fiskideild atvinnudeildar Háskóla Íslands að gera tillögur um tímabundna friðun ákveðinna hrygningarsvæða við strendur landsins."

Ég tel rétt að fylgja till. úr hlaði með nokkrum orðum.

Þegar svo er komið, eins og nú er, að athafnasvæði vélbátaflotans hefur aukizt til stórra muna við útfærslu grunnlínanna og útfærslu fiskveiðitakmarkanna í 12 mílur frá þeim, getur það ekki talizt nema eðlilegt og sjálfsagt, að Íslendingar fari að gera sér grein fyrir, á hvern hátt landgrunnið út að 12 mílna mörkunum verði bezt nýtt, ekki aðeins með stundarhagsmuni fyrir augum, heldur ber fyrst og fremst að hafa í huga, á hvern hátt veiðisvæðin innan 12 mílna markanna verði gerð sem arðbærust í framtíðinni.

Vitað er, að innan fiskveiðitakmarkanna eru allmörg og sum nokkuð stór hrygningarsvæði aðalfiskistofns okkar, þorsksins. Sækir fiskurinn nokkuð árvisst á þessi svæði, og fer þá að sjálfsögðu fram aðalveiði vélbátaflotans að vetrum til á og við þær hrygningarstöðvar, sem fiskurinn leitar til. Þegar þess nú er gætt, að vélbátafloti landsmanna hefur stóraukizt á síðustu árum, bæði að stærð og tölu til, jafnframt því sem afkastageta hans hefur margfaldazt vegna fisknari veiðarfæra, svo sem nælonneta, svo og vegna aukinnar tækni við veiðarnar, er ekki nema eðlilegt, að gerð sé á því athugun og haft vakandi auga með, hvort ekki sé gengið of nærri fiskistofninum um hrygningartímann og hvort ekki geti verið um ofveiði eða beina rányrkju að ræða. Ég tel, að við verðum að gera okkur ljóst, að veiðarnar eru nú a. m. k. að vetrum til stundaðar á allt annan og árangursríkari hátt en áður var. Það er ekki lengur svo, eins og áður var, að veiðarfærin séu lögð í sjó af handahófi þar, sem menn héldu eða töldu sig hafa reynslu fyrir, að fisks væri von. Og þá var forðazt að leggja veiðarfærin, hvort heldur var um línu eða net að ræða, á hraun, sem fiskurinn helzt heldur sig á um hrygningartímann. Á þessu hefur orðið gerbreyting. Nú er fiskurinn beinlínis eltur uppi með mælitækjum bátanna og fisksjám þeirra og veiðarfæri vart lengur lögð nema þar, sem fyrir fram er vitað, að fisks er von, og það alveg án tillits til botnlags, og fiskinum því engin grið gefin, hvorki á hrygningarsvæðunum né utan þeirra.

Við skulum hafa í huga, hvað veiðar vélbátaflotans eru orðnar stórtækar. Á veiðisvæðunum frá Vestmannaeyjum að Reykjanesi munu um eða yfir 150 stórir vélbátar, vel útbúnir, stunda veiðar að vetrinum til. Innan fiskveiðimarkanna á þessu svæði munu vera einhverjar stærstu hrygningarstöðvar þorsksins. Alls mun þessi bátafloti daglega leggja í sjó um eða yfir 1000 netatrossur, eða um 15 þús. net, og af eðlilegum ástæðum sækjast bátarnir helzt eftir að leggja veiðarfæri sín þar, sem þeir telja helzt von fisks, en það er einmitt á hrygningarsvæðunum, sem þar eru. Ég tel, að veiðarnar á þessu svæði a. m. k. séu komnar á það stig, að fyllilega sé tímabært, að leitað sé álits þeirra, sem sérþekkingu hafa á þessu sviði, jafnt og þeirra, sem áratugareynslu hafa öðlazt við fiskveiðarnar, um það, hvort hér geti ekki verið of langt gengið, hvort geti ekki verið um ofveiði að ræða eða hvort fiskistofninum geti ekki stafað hætta af því ónæði, sem hann verður fyrir á hrygningarstöðvunum af völdum hins gífurlega fjölda veiðarfæra, sem þar eru lögð.

Ég vil í þessu sambandi skírskota til ályktunar skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi í Vestmannaeyjum, sem skírskotað er til í grg. minni með þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir. Þeir aðilar, sem þar áttu hlut að máli, höfðu að baki sér áratugareynslu við veiðar í þorskanet. En þeir hikuðu ekki við að leggja til, að friðuð yrðu tímabundið veiðisvæðin, sem þeir einir fram að því höfðu stundað. Tel ég vissulega gott, að slík ályktun skuli einmitt koma fram frá þessum aðilum, og ber hún vott um þegnskap þeirra og fyrirhyggju.

Íslendingar verða að hafa það hugfast, að fiskistofninn við strendur landsins er sú auðlind, sem við byggjum gjaldeyrisöflun okkar á að langmestu leyti, og fiskveiðarnar og fiskvinnslan er sú atvinnugrein, sem þjóðinni gefur

mestar tekjur. Það væri því skammsýni mikil og sjálfskaparvíti af verstu tegund, ef við létum það ólán henda okkur, að við yggðum ekki að okkur í tíma, en gereyddum hinn þýðingarmesta fiskistofn okkar með ofveiði eða rányrkju. Alþingi verður að vera á verði á þessu sviði ekki síður en á öðrum sviðum, sem snerta afkomu þjóðarheildarinnar.

Veiðar í þorskanet hefur oft borið á góma, bæði hér í sölum Alþingis og utan þess. Hafa í því sambandi heyrzt raddir um, að banna ætti þorskanetaveiðar með öllu. Einnig var hér á síðasta þingi rædd og samþykkt áskorun á hæstv. ríkisstj. að láta athuga möguleika fyrir takmörkun netaveiðifæra. Ég tel hvoruga þessa ábendingu vera þá lausn, sem eðlilegust er. Við getum gert okkur það alveg ljóst, að ef netaveiðarnar væru bannaðar með öllu, væri rekstrargrundvellinum kippt undan stórum hluta vélbátaflotans, a. m. k. hér við Suður- og Suðvesturland, enda alveg ástæðulaust, þar sem víða hagar svo til á þessu veiðisvæði, að hægt er að veiða í net, án þess að það valdi nokkru tjóni. Rétt er að hafa í huga í þessu sambandi, að þann tíma, sem netaveiðarnar standa yfir, veiðist fiskur yfirleitt ekki á línu, og um önnur veiðarfæri er vart að ræða um þennan tíma, eins og aðstöðu vélbátaflotans er nú háttað til veiða á vetrarvertíð. Af þessum ástæðum höfum við hvorki aðstöðu til né efni á að banna það veiðarfæri, þorskanetin, sem óvefengjanlega gefa bátaflotanum mest aflamagn og eru undirstaðan undir rekstri hans, þó að ég hins vegar viðurkenni, að stunda beri þessar veiðar með eins mikilli gætni og varúð og frekast verður við komið.

Í sambandi við þá þáltill., sem ég minntist hér á um takmörkun á notkun veiðarfæra, vil ég geta þess, að mér er fyllilega ljós sú óheillaþróun, sem því miður víða hefur átt sér stað, með þeim gegndarlausa austri veiðarfæra, sem viðhafður hefur verið og sífellt færist í aukana nú hin síðustu ár. Ég tel þá þróun engum til góðs, nema síður sé. En það, sem ég tel óraunhæft við þessa hugmynd, er, að ég tel útilokað, að nokkru eftirliti verði komið við til að framfylgja lögum eða reglugerðarákvæðum um þetta atriði. Ég tel, að einasta raunhæfa aðgerðin í þessu sambandi sé veruleg verðfelling á þeim fiski, sem fluttur er skemmdur í land, hvort heldur er af völdum ofnotkunar veiðarfæra eða af öðrum ástæðum.

Í framhaldi af þeirri fullyrðingu minni, að ekki verði komið við eftirliti með takmörkun netaveiðarfæra, er ekki óeðlilegt, að ég sé um það spurður, hvernig sé um framkvæmd þeirrar tillögu, sem ég hér hef flutt, ef hún verður samþykkt. Mér finnst það mjög eðlilegt og sanngjarnt. Mér er vel ljóst, að á þessu kunna að verða einhverjir erfiðleikar, a. m. k. í byrjun, en þó ekki meiri en svo, að ég tel þá vel yfirstíganlega og mun minni en ég hygg, að menn almennt ætli. Hin friðuðu svæði yrði að setja inn á sjókort bátanna, og þau yrði að afmarka með ljósbaujum. Hvort tveggja þetta er vel framkvæmanlegt og reynsla fengin fyrir, að slíkt kemur að haldi. Vil ég í þessu sambandi skírskota til þeirrar reynslu, sem fyrir hendi er, frá því að allstórt netasvæði var á sínum tíma afmarkað suðvestur af Vestmannaeyjum utan landhelgislínunnar, eins og hún þá var. Brezkir togarar, sem mest veiddu á þessu svæði, fengu þetta svæði merkt inn á sjókort sín, og Vestmanneyingar afmörkuðu það með ljósbaujum. Má segja, að algerlega hafi orðið árekstralaust um veiðar á þessu svæði. Hinir brezku togarar héldu sig algerlega utan þess, þar til hin nýju fiskveiðitakmörk voru sett eða tóku gildi 1. sept. 1958, er þeir hófu veiðar hvar sem var inn að 4 mílunum. Í annan stað ber þess að gæta, að landhelgisgæzlan hefur einmitt á þeim tíma, sem hér um ræðir, eftirlit í öryggisskyni með bátaflotanum hér við Suður- og Suðvesturland ekki síður en annars staðar. Væri hún því ávallt til staðar til eftirlits með hinum friðuðu svæðum, eftir því sem með þyrfti. En ég hygg þó, að reynslan eigi eftir að sýna, ef til friðunar kemur, að eftirlit sjómanna sjálfra á bátaflotanum verði það, sem haldbezt reynist í þessum efnum. Það mun sýna sig, að hvorki skipstjórar né áhöfn fiskibátanna muni þola það, að einn skapi sér betri aðstöðu en annar með því að leggja veiðarfæri sín inn á hin friðuðu svæði í von um betri afla. Ég byggi þetta á þeirri reynslu, sem fengin er af framkvæmd þeirra fiskveiðisamþykkta, sem fyrir hendi munu vera í flestum hinum stærri verstöðvum landsins. Framkvæmd þessara samþykkta, sem innihalda bein sektarákvæði, gengur þannig fyrir sig, a. m. k. er það svo, þar sem ég þekki til, að bæjarstjórn kýs árlega hóp valinna starfandi skipstjóra eftir tilnefningu skipstjórafélags til þess að hafa eftirlit með fiskveiðisamþykktinni, sem tekur til bæði róðrartíma, merkingar veiðarfæra og margs fleira. Öllum mun ljóst, að mjög auðvelt er að brjóta þessa samþykkt og raunar áhættulítið fjárhagslega. En það heyrir undantekningum til, ef það er gert. Byggist þetta á því, að skipstjórarnir vita allir, að hópur þeirra eigin félaga hefur vakandi auga á, að ákvæðum samþykktarinnar sé framfylgt, og reynslan hefur sýnt, að svo sterkt almenningsálit hefur skapazt í þessu sambandi, að mönnum finnst það beinlínis niðurlægjandi að vera staðnir að því að brjóta ákvæði samþykktanna, þó að það sé áhættulítið og fjárhagslega séð vafalaust oft freistandi. Ég held, að nákvæmlega eins mundi fara um eftirlit með hinum friðuðu svæðum, sem þáltill. þessi gerir ráð fyrir, og þurfi því ekkert að óttast um framkvæmd hennar, ef til kemur.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. um málið verði frestað og till. verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 17. fundi í Sþ., 22. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 11. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 61, n. 614).

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Allshn. hefur haft mál þetta til meðferðar. Hún leitaði umsagnar hjá Fiskifélagi Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans, og við höfum leyft okkur að prenta umsagnir þeirra með nál. okkar.

Það hefur komið fram í þessum umr., að enn skortir mikið á, að þær rannsóknir hafi verið framkvæmdar, sem þyrftu að vera undanfari þess, að ákveðin veiðisvæði væru friðuð, og það hefur orðið samkomulag í n. um að breyta tillögugreininni í það, eins og segir í nál., að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að gera hið fyrsta nauðsynlegar ráðstafanir til, að framkvæmdar verði rannsóknir á hrygningarsvæðum nytjafiska við landið. Allir nm. eru sammála þessari meðferð málsins. Við erum allir í n. á því líka, að hér hafi verið hreyft mjög mikilsverðu máli, og gerum í heild, allshn., till. um, að þessi till. verði samþ. með þeirri breytingu, sem segir í nál. okkar.

ATKVGR.
Brtt. 614 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 737).

15. Jarðboranir að Leirá og jarðhitarannsóknir í Skútudal.

Á 11. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um jarðboranir að Leirá í Borgarfirði [55. mál] (A. 71).

Á 13. fundi í Sþ., 8. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17. fundi í Sþ., 22. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) að flytja till. til þál. á þskj. 71 um jarðboranir að Leirá í Borgarfirði, en till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fram fara borun eftir heitu vatni að Leirá í Borgarfirði, svo fljótt sem auðið er, í þeim tilgangi, að orkulindir þær, sem þar kunna að vera, verði hagnýttar til hitaveitu fyrir Akranes."

Í fornum sögum og landlýsingum er frá því skýrt, að heitar vatnsuppsprettur hafi verið að Leirá í Borgarfirði. Yfirborðsvatnsmagn er þarna ekki mikið um að ræða, en rennslið, sem er um ⅝ sekúndulítrar, hefur verið jafnt og stöðugt og hitastigið um 60 gráður. Þessar heitu vatnsuppsprettur að Leirá eru þær einu, sem vitað er um að séu í nágrenni Akraness. Það er því eðlilegt, að vaknað hefur áhugi fyrir því, að umrætt jarðhitasvæði verði athugað nánar. Haustið 1957 fengu landeigendur í samvinnu við Akraneskaupstað herra Gunnar Böðvarsson verkfræðing til þess að athuga svæðið. Var það álit verkfræðingsins, að öll einkenni bentu til þess, að auka mætti vatnsmagnið með því að bora. Tveim árum síðar eða um haustið 1959 er svo hafizt handa um nokkra borun. Það var jarðborunardeild raforkumálaskrifstofunnar, sem hafði framkvæmdina með höndum. Borun þessi gekk ágætlega, og varð borholan 133 m á dýpt. Vatnsmagnið úr holunni er 7—8 sekúndulítrar af 80 gráðu heitu vatni, og hefur hvort tveggja haldizt síðan. Er þetta talinn góður árangur og þó sérstaklega með tilliti til þess, að hér var notazt við lítinn og ófullkominn bor.

Með þessari borun hefur tekizt að tryggja nægilegt vatn fyrir heimavistarbarnaskólann, sem nú er verið að hefja byggingarframkvæmdir á við Leirá, ásamt félagsheimili og fleiri byggingar þar í grennd. Þessi þáltill., ef samþ. verður, ætti að tryggja næsta þátt í þessari nauðsynlegu framkvæmd, en það er að fá úr því skorið, hvort hér er um nægilegt vatnsmagn að ræða, til þess að grundvöllurinn fyrir væntanlegri hitaveitu fyrir Akraneskaupstað sé örugglega tryggður. Það er álit sérfróðra manna, að vatnsmagnið þurfi að auka upp í 55 sekúndulítra, svo að það geti talizt fullnægjandi fyrir Akraneskaupstað og umrætt skólahverfi að Leirá.

Um fjárhagslegan grundvöll fyrir rekstrinum er talið, að hann sé fyrir hendi, þegar íbúatala Akraness hefur náð 5000. En nú er íbúatalan sem næst 4000. Akranes er einn af þeim bæjum, sem á undanförnum árum hafa vaxið hvað örast, og á vafalaust fyrir sér mikla framtíðarmöguleika, bæði til lands og sjávar. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er óþarft að fjölyrða um gildi hitaveitna, enda hafa þær, hvar sem til þeirra hefur verið stofnað, reynzt hin öruggustu fyrirtæki, en auk þess sem þær skapa margvísleg lífsþægindi fyrir íbúana, sparast þjóðinni mikill erlendur gjaldeyrir.

Slíkar framkvæmdir sem hér um ræðir eru mjög kostnaðarsamar. Það leiðir því af sjálfu sér, að nauðsynlegt er, að ríkið komi hér til aðstoðar við byrjunarframkvæmdir, enda hefur það nú þegar á að skipa tveimur stórvirkum jarðborum.

Svo að ég víki aftur að þeim gjaldeyrissparnaði, sem leiðir af aukinni virkjun jarðhitans til upphitunar húsa, þá er þegar um allverulegar upphæðir að ræða. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér, mun láta nærri, að þær hitaveitur, sem nú eru starfræktar, spari þjóðinni sem næst 30 millj. kr. á ári. Innflutt eldsneyti til upphitunar, sem aðallega er olía, nemur hins vegar eitthvað á milli 90 og 100 millj. kr. árlega.

Íslendingar ráða yfir óvenjumiklum verðmætum, sem búa í fallvötnum og í jarðhitasvæðum, sem eru víðs vegar um landið. Þessi verðmæti bíða þess, að hugvit og hönd beizli aflið til hagsældar fyrir land og þjóð.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið að sinni. Ég vil leyfa mér, herra forseti,

að óska þess, að umr. verði frestað og málinu verði vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 11. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 71, n. 634, 289).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér um ræðir, er um að heimila ríkisstj. að láta fara fram borun eftir heitu vatni að Leirá í Borgarfirði. Er það með það fyrir augum, að þær orkulindir, er þar kunna að vera, verði hagnýttar fyrir hitaveitu til Akraness.

Á þessum umrædda stað hefur nú þegar farið fram nokkur forrannsókn. 1960 var gerð ein borhola, sem er 133 m á dýpt. Úr þeirri borholu koma nú stöðugt 7—8 sekúndulítrar af 80 stiga heitu vatni. Þessi árangur er talinn mjög góður, þegar tillit er tekið til þess, að borinn, sem notaður var í sambandi við framkvæmdina, er bæði lítill og ófullkominn. Þá hefur farið fram athugun á því, að alls muni vatnsmagnið þurfa að verða um 55 sekúndulítrar, svo að nægilegt sé, til þess að fjárhagslegur grundvöllur sé fyrir hendi, og að það vatnsmagn muni nægja til þess að fullnægja Akraneskaupstað, miðað við það, að íbúatalan sé 5000 íbúar. Sem kunnugt er, er íbúatala Akraness nú um 4 þús.

Á þskj. 289 var flutt brtt. við þessa þáltill. um að hefja borun jafnframt í Skútudal í Siglufirði.

Fjvn. ræddi þessar till. báðar og sendi þær til raforkumálastjóra eða jarðborunardeildar ríkisins til umsagnar. Í bréfi frá raforkumálastjóra segir, að jarðhitadeildin skýri frá því, að rannsóknarborun hafi farið fram að Leirá með góðum árangri, og telji líkur fyrir frekari árangri, ef borun yrði haldið áfram. Hins vegar er það álit jarðhitadeildarinnar, að óráðlegt sé að svo stöddu að leggja út í kostnaðarsamar boranir í Skútudal. Telur jarðhitadeildin, að áður en út í það sé ráðizt, þurfi að fara fram ýtarlegri forrannsókn á Skútudalssvæðinu með jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum aðferðum, og telur rétt að verja til þess fé úr jarðhitasjóði.

Fjvn. var sammála um að mæla með afgreiðslu þáltill. með þeirri breytingu varðandi Skútudalsframkvæmdina að láta framkvæma sem fyrst ýtarlegar forrannsóknir á Skútudalssvæðinu í Siglufirði með jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum aðferðum með það fyrir augum, að úr því fáist skorið, hvort líkur bendi til þess, að þar sé að vænta árangurs með borun eftir heitu vatni til hitaveitu fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Raforkumálastjóri segir, að þær athuganir, sem til þessa hafi verið gerðar á jarðhitasvæðinu í Skútudal, bendi ekki til þess, að líkur séu fyrir miklum árangri af borunum þar. Þó telur hann rétt að gera ýtarlegri forrannsóknir, eins og um getur í till. fjvn., og er það það, sem við leggjum til.

Ég tel svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið. Ég vænti þess, að það fái samþykki þingsins, eins og fjvn. hefur lagt til.

ATKVGR.

Brtt. 634,1 samþ. með 33 shlj. atkv.

— 289 kom ekki til atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 634,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 738), með fyrirsögninni:

Þál. um jarðboranir að Leirá í Borgarfirði og rannsóknir á jarðhitasvæðinu í Skútudal í Siglufirði.

16. Læknisvitjanasjóðir.

Á 13. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun laga um læknisvitjanasjóði [65. mál] (A. 82).

Á 15. fundi í Sþ., 15. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17. fundi í Sþ., 22. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Fyrir 20 árum voru fyrst sett lög um læknisvitjanasjóði, en lög þau, sem nú gilda um þetta efni, eru nr. 59 frá 1942. Samkv. þeim lögum hafa verið stofnaðir nokkrir sjóðir í ýmsum læknishéruðum. Samkvæmt lögunum er það tilgangur sjóðanna að styrkja til læknisvitjana héraðsbúa, sem eiga erfiða læknissókn, eða létta þeim læknissóknina á annan hátt.

Tekjur læknisvitjanasjóðanna eru framlag ríkissjóðs gegn þriðjungsframlagi annars staðar að, og í framkvæmdinni munu það vera sveitarsjóðir á því svæði, þar sem læknisvitjanasjóðirnir starfa, sem leggja fram ⅓ teknanna. Þetta framlag ríkissjóðs má þó ekki samkv. lögunum fara fram úr 2 kr. á hvern héraðsbúa, er heima á utan þess kaupstaðar eða kauptúns, þar sem læknir situr. Þetta lága framlag er miðað við verðgildi peninga og kostnað við læknisvitjanir, eins og það var fyrir stríð, og á þessi lágu framlög var ekki greidd verðlagsuppbót.

Í 3. gr. laganna er það tekið fram, að þegar læknisvitjanasjóður hefur verið stofnaður í læknishéraði, renni til hans auk framlags þess, er um getur í 1. gr., læknisvitjanastyrkir þeir, sem veittir eru eða veittir kunna að verða á fjárlögum til sérstakra hreppa læknishéraðsins. Og ef hreppur er sér um eignarhlutdeild í sjóðnum, þá rennur læknisvitjanastyrkur hans til séreignarinnar. Þetta ákvæði var á sínum

tíma sett inn í lögin vegna þess, að um það leyti, sem þau voru úr garði gerð, var veitt á fjárlögum hverju sinni nokkur fjárhæð til ýmissa sveitarfélaga í landinu, sem áttu sérstaklega erfiða læknissókn, og hélzt það nokkur ár, eftir að lögin um læknisvitjanasjóði komu til framkvæmda. En síðar hefur þessi fjárveiting verið felld niður, og við það hafa tekjur sumra þessara sjóða rýrnað umfram það, sem stofnað var til í öndverðu.

Nú hafa orðið miklar verðlagsbreytingar á s. l. 20 árum, og enn er þróunin í þá átt, að kostnaður vex vegna læknisvitjana eins og á öðrum sviðum í þjóðfélaginu. Af þessu leiðir, að þeir sjóðir, sem stofnaðir hafa verið samkvæmt lögunum, sem hér um ræðir, eru algerlega óhæfir til að gegna því hlutverki, sem þeim var ætlað, vegna fjárskorts. Tryggingastofnun ríkisins hefur að sönnu hlaupið hér undir bagga með því að nota þá heimild, sem henni er veitt til þess að skipta á milli læknisvitjanasjóðanna nokkurri fúlgu, sem hún hefur til ráðstöfunar í því skyni. En þrátt fyrir það eru tekjur sjóðanna alls kostar ófullnægjandi til þess að sinna því verkefni, sem þeim er ætlað. Í þessu efni þarf því að mínum dómi að gera annað hvort, að auka tekjur læknisvitjanasjóðanna í samræmi við þarfir þeirra og verðgildi peninga, þannig að þeir geti innt af hendi þær greiðslur, sem þeir eiga að gera samkvæmt hlutverki sínu, eða að fela sjúkrasamlögum og Tryggingastofnun ríkisins að láta í té þann stuðning, sem læknisvitjanasjóðum hefur verið ætlað að veita, og að þeim stofnunum, sjúkrasamlögum og Tryggingastofnuninni, verði þá séð fyrir fé til ráðstöfunar í þessu skyni. Við flm. þessarar till. teljum því eðlilegast, að ríkisstj. hlutist til um, að lögin um læknisvitjanasjóði, nr. 59 frá 1942, verði endurskoðuð og að endurskoðun laganna verði lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að umr. um till. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 19. fundi í Sþ., 6. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 52. fundi í Sþ., 11. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 85, n. 684).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Efni þessarar till., sem fyrir liggur á þskj. 85, er að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða lög um læknisvitjanasjóði, enda verði þeirri endurskoðun lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Lögin um læknisvitjanasjóði voru sett fyrir 20 árum eða því sem næst, og var markmið þeirra að greiða fyrir læknissókn í héruðum, þar sem erfitt er að ná til læknis. Tekjur þessara sjóða áttu að koma úr héraði og ríkissjóði allt að þriðjungi, en þó skyldi framlag ríkissjóðs ekki fara fram úr 2 kr. á hvern héraðsbúa, sem heima á utan þess kaupstaðar eða kauptúns, þar sem læknir situr. Miðað við núverandi verðgildi peninga er hér um mjög lágar upphæðir að ræða.

Í grg. till. segja flm., að nú þurfi annað hvort að gera, að auka tekjur læknisvitjanasjóðanna í samræmi við þarfir þeirra og verðgildi peninga eða fela sjúkrasamlögum og Tryggingastofnun ríkisins að láta í té þann stuðning, er læknisvitjanasjóðum hefur verið ætlað að veita, enda væri þá tryggt, að þessar stofnanir hefðu fé til ráðstöfunar í þessu skyni. Allshn. hefur haft till. til athugunar, en hún var flutt á öndverðu þingi, og fengið um hana umsögn landlæknis og Læknafélags Íslands.

Að athuguðu máli telur n., að þörf sé á að endurskoða lögin með hliðsjón af ýmsum öðrum lagaákvæðum, sem sett hafa verið í svipuðum tilgangi, og þá m. a. með það fyrir augum, að þau ákvæði verði samræmd eða sameinuð, ef rétt þykir. Með tilvísun til þessa leggur n. til, að till. verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 16. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 802).

17. Kvikmyndun íslenzkra starfshátta.

Á deildafundum 20. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um kvikmyndun íslenzkra starfshátta [87. mál] (A. 119).

Á 17. fundi í Sþ., 22. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Sþ., 6. des., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 3. þm. Reykv. (EOl), hv. 2. þm. Norðurl. e. (JR) og hv. 5. þm. Vestf. (HH) leyft mér að flytja á þskj. 119 till. til þál. um kvikmyndun íslenzkra starfshátta, þess efnis að fela ríkisstj. að hlutast til um það í samráði við þjóðminjavörð, að fræðslumyndasafn ríkisins og menntamálaráð Íslands skipuleggi og beiti sér fyrir kvikmyndun íslenzkra starfshátta, sem hætta er á að falli í gleymsku að öðrum kosti.

Ég veit ekki, hvort þörf er á að fara mörgum orðum um þetta mál, svo auðskilið sem það er. En ég held, að það megi segja, að okkur, sem

komin erum á efri ár, a. m. k. sumum hverjum, finnist, þegar við lítum yfir farinn veg, að við höfum í raun og veru eins og Örvar-Oddur lifað í 300 vetur eða kannske 1000 ár. Svo mjög er nú margt orðið breytt hér í landi á síðustu 50—60 árum, líf manna, lífskjör og starf.

Í sambandi við þetta mál er sérstaklega ástæða til að benda á þá miklu breytingu, sem orðið hefur á starfsháttum þjóðarinnar á þessum tíma, því að sú breyting er vissulega ævintýraleg, þegar á það er litið, hve mikil hún er og hvað hún hefur gerzt á skömmum tíma. Nú er sumpart horfinn og sumpart að hverfa úr sögunni fjöldi þeirra starfshátta, sem tíðkuðust á fyrstu tveim til þrem tugum þessarar aldar, ýmist horfinn eða sýnilega í þann veginn að hverfa úr sögunni, starfshættir og vinnubrögð eins og það að slá og raka með orfi og hrífu, að binda votaband á engjum, rista torf á hey og eldivið, stinga það til eldiviðar, taka upp svörð og flytja út í krókum til þerris, innanhússtörf eins og að gera skó úr sauðskinni og leðri og jafnvel bæta skó og ganga í skinnleistum, að skinnklæddir menn rói til fiskjar með árum, að þurrka fisk á stakkstæðum, að skipa vörum út og upp í bát, að sjómennirnir vaði með aflann í land í höfn eða lendingu, þar sem engin bryggja var, að fara lestaferðir í kaupstað, að þvo ull í hlóðum undir berum himni og skola hana í læk, að berja hlass á túni með kláru eða vinna það í taðkvörn, sem á sínum tíma þótti mikil framför, að hlaða veggi úr torfi, matargerð ýmiss konar, og þannig má halda áfram að telja svo að segja endalaust starfshætti og vinnubrögð, sem voru almenn hér í landinu í byrjun þessarar aldar og reyndar nokkuð fram á öldina, en eru nú, eins og ég sagði áðan, ýmist horfin úr sögunni eða eru í þann veginn að hverfa og hverfa sýnilega á næstu árum eða áratugum. Enn má þó segja um flest þessi vinnubrögð, sem hér er um að ræða, að ýmist séu þau enn einhvers staðar enn til staðar eða a. m. k. fólk, sem kann þau og hefur unnið störf á þann hátt, sem hér er um að ræða. En nú styttist óðum sá tími, að þetta verði til staðar, þessi vinnubrögð og fólk, sem kann til þeirra. Ef við geymum að taka kvikmyndir, eins og hér er gert ráð fyrir, af þessum vinnubrögðum, — ef við geymum það lengi enn, þá má búast við, að ekki verði hægt að gera það á sama hátt. Þá verður að fara eftir sögusögnum eða minni, og þá verður að leika það, sem nú er raunverulega gert.

Það er þess vegna, sem ýmsir menn hafa nú í seinni tíð tekið sér fyrir hendur að gera kvikmyndir af þessum gömlu starfsháttum, og er það mjög virðingarvert framtak, sem þar kemur fram. En á þann hátt verða þessar sögulegu minjar naumast varðveittar á þann hátt, sem æskilegt er, til þess þarf skipulagt starf. Þó að störfin séu mörg, sem unnin voru, þá voru aðferðirnar við að vinna þau, hvert starf, einnig mjög margar. Líklega má segja, að ekki hafi verið unnið að sama starfi nákvæmlega á sama hátt neins staðar í tveim héruðum landsins, — nákvæmlega alveg eins og á sama hátt, — og ef á að geyma þessar minjar, þá þarf að taka slíkar myndir, sem hér er um að ræða, mjög víða um landið. Það þarf að gera sér grein fyrir því fyrir fram, hvernig það starf skuli skipulagt.

Snemma í fyrravetur, eitthvað um þetta leyti, að ég ætla, barst erindi til menntmn. beggja deilda Alþingis frá nokkrum kunnum mönnum varðandi þetta mál. Fjórir menn undirrituðu þetta erindi: Þórarinn Haraldsson bóndi í Laufási í Kelduhverfi, Þóroddur Guðmundsson rithöfundur, Árni Óla rithöfundur og Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri. Í þessu erindi var farið fram á það við menntmn., að þær beittu sér fyrir því, að af hálfu hins opinbera yrði hafizt handa um þetta mál, skipulögð taka kvikmynda af hinum fornu starfsháttum þjóðarinnar. Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp kafla úr erindi þessara fjögurra merku manna, sem ég nú hef nefnt. Þeir segja hér m. a.: „Í hvert sinn sem gengið er fram hjá eyðibýli eða staðið við bæjarrúst, grípur mann sú löngun að geta séð fólkið, sem þarna bjó, horft á kjör þess og venjur. En oftast eru fáar sagnir til af þessu fólki og því erfitt að gera sér ljósa hugmynd um ævi þess og athafnir. Á þeim tíma, sem af er þessari öld, hefur orðið bylting í lifnaðarháttum þjóðarinnar. Flest það gamla er horfið, en nýtt er komið í staðinn. Okkur, sem höfum séð gömul vinnubrögð og venjur þoka fyrir nýjungum, ber skylda til að kvikmynda allt, sem hægt er af starfsháttasögu þjóðarinnar, svo langt aftur í tímann sem tök eru á, og gefa framtíðinni þannig kost á að kynnast lífi og störfum fólksins, áður en byltingin hófst. Með því yrði framtíðinni tryggður lifandi fróðleikur um þann tíma, sem eldri kynslóðinni er enn ferskur í minni."

Og enn segja þeir í þessu bréfi til menntmn., með leyfi hæstv. forseta:

„Byggðasöfnin, sem komið hefur verið á fót víðs vegar um landið, eru ómetanlegar heimildir, arfur til framtíðarinnar. En þegar fram líða stundir, skilur fólk ekki, hvernig unnið var með áhöldum, sem þar eru. Þess vegna verður að fá kunnáttumenn til að vinna með þeim og kvikmynda verkið. Án lifandi mynda getur t. d. enginn gert sér glögga grein fyrir gömlum heyskapar- og sjósóknaraðferðum, taðvinnu, ullarþvotti eða matargerð, eins og hún var fyrrum, þjónustubrögðum, tóskap eða kvöldvökum á sveitabæ. Myndataka þessi er menningarnauðsyn, sem þolir enga bið, því að með hverjum degi, sem líður, er eitthvað að glatast, sem framtíðin má ekki missa."

Þeir segja enn fremur:

„Hér verður ekki treyst á framtakssemi einstakra manna eða félaga. Hér verður ríkið sjálft að koma til skjalanna. Ekki þarf að vinna aftur það, sem þegar hefur verið unnið, en athuga þarf nú þegar, hvað það er og hvað eftir er að gera. Virðist sjálfsagt, að það verði falið þjóðminjaverði og síðan verði hafizt handa um skipulega kvikmyndun undir hans forsjá. Okkur er ljóst, að þetta kostar ærið fé og fyrirhöfn, en í hvorugt má horfa. Við erum líka vissir um, að allir, sem þjóðarmenningu unna, munu fúsir til að veita þessu máli lið."

Ég veit ekki, hvort þetta mál hefur verið tekið til meðferðar í hv. menntmn. Nd. á síðasta

þingi, en mér er kunnugt, að hv. menntmn. Ed. ræddi það sérstaklega í sambandi við frv., sem lá fyrir þinginu um fræðslumyndasafn ríkisins, sem hún hafði til meðferðar. Nefndinni virtist, að samkvæmt því frv. væri það einmitt á verksviði þessa fyrirhugaða fræðslumyndasafns að sinna þessu máli, svo að segja mætti, að lögin eða frv. gerðu ráð fyrir því. Þegar gerð var grein fyrir áliti nefndarinnar, þ. e. a. s. menntmn. Ed., um þetta frv. um fræðslumyndasafn ríkisins, tók frsm. n., sem ég ætla að hafi verið hv. 2. þm. Reykv. (AuA), það sérstaklega fram fyrir hönd n., að hún teldi æskilegt, að stjórn fræðslumyndasafnsins tæki þetta mál til íhugunar, og skýrði þá jafnframt frá því erindi, sem ég nú hef nefnt og lesið kafla úr.

Samkvæmt lögunum um fræðslumyndasafn ríkisins er gert ráð fyrir því, að með stjórn þess fari fimm menn, og mun hafa átt að skipa fjóra þeirra samkvæmt tilnefningu, en einn átti að vera skipaður af hæstv. menntmrh. Ég hygg, að tilnefningar séu komnar fyrir nokkru um þessa fjóra stjórnarmenn, sem sérstakir aðilar áttu að tilnefna, en mér er ekki kunnugt um, að formaður safnstjórnarinnar, sem skipaður skyldi af menntmrh., hafi enn verið skipaður. Þó getur verið, að það hafi gerzt nú nýlega. En af þessum orsökum hefur þessi stjórn safnsins, sem lögin gerðu ráð fyrir, ekki enn getað tekið þetta mál til meðferðar. Hins vegar hefur hér, áður en þessi lög voru sett, verið starfandi vísir að slíku safni, sem ég ætla að hafi verið á vegum fræðslumálaskrifstofunnar og starfsmaður á fræðslumálaskrifstofunni, að ég ætla, hefur veitt því forstöðu. Mér er kunnugt um, að sá maður hefur haft mikinn áhuga á þessu máli og rætt það við ýmsa. Mér er einnig kunnugt um, að hann hefur fyrir nokkru á vegum þessa safns sent umsókn til hv. fjvn. um það, að veitt verði á fjárlögum næsta árs nokkur fjárhæð í þessu skyni. Og vegna þess að fjvn. þess vegna hefur mál þetta í raun og veru til meðferðar, þó að það sé á þennan hátt þangað komið í umsóknarformi, þá þykir mér hlýða, að sú hin sama nefnd fái einnig þessa till. til meðferðar, þannig að hún geti skoðað í senn till., sem við höfum hér leyft okkur að bera fram, og þá umsókn, sem fyrir liggur um fjárveitingu til þessarar starfsemi.

Ég leyfi mér því að leggja til, að þessari umræðu verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Sþ., 13. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 11. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 119, n. 604).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til athugunar till. til þál., sem þannig hljóðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um það í samráði við þjóðminjavörð, að fræðslumyndasafn ríkisins og menntamálaráð Íslands skipuleggi og beiti sér fyrir kvikmyndun íslenzkra starfshátta, sem hætta er á að falli í gleymsku að öðrum kosti.“

Í rökstuðningi fyrir þessari till. er á það bent, að örar breytingar á lifnaðar- og starfsháttum þjóðarinnar muni valda því, að gömul vinnubrögð gleymist, ef ekki verður notað tækifærið til að kvikmynda þau, á meðan sú kynslóð er á lífi, sem kann til slíkra vinnubragða. Að vísu hefur verið safnað ýmsum munum og áhöldum á byggðasöfn víðs vegar um landið, en komandi kynslóðir munu varla skilja, hvernig tæki þessi voru notuð, nema kunnáttumenn verði fengnir til þess að sýna á kvikmynd, hvernig á að beita þeim.

N. fékk umsögn um þetta mál frá þjóðminjaverði. Þar kom fram, að slík kvikmyndun, sem um er að ræða, hefur átt sér stað á vegum félaga og einstaklinga, en það starf hefur verið ókerfisbundið og misjafnlega vel af hendi leyst. Telur þjóðminjavörður, að hlutverk ríkisins eigi að vera það að stuðla að skipulegu starfi á þessu sviði og verði byrjað á því að gera yfirlit yfir allt, sem nýtilegt getur talizt af þeim kvikmyndum, sem til eru, og fá leyfi eigendanna til að safna því saman á einn stað. Enn fremur kemur fram í umsögn þjóðminjavarðar, að hann telur fræðslumyndasafnið og menntamálaráð rétta aðila til að hafa forgöngu í þessu máli í samráði við þjóðminjavörð.

Fjvn. hefur fyrir sitt leyti fallizt á þessi rök fyrir till. og á ábendingar þjóðminjavarðar og mælir með samþykkt till. Það er að vísu ljóst, að þegar til framkvæmda kemur, mun þurfa fjárveitingu til þessa, en á fjárlögun þessa árs er engin slík fjárveiting. Hins vegar geta umræddir aðilar hafið það skipulagsstarf, sem þjóðminjavörður bendir á, án verulegs kostnaðar, og með því að mæla með samþykkt till. vill fjvn. bæði stuðla að þeirri byrjun og jafnframt gefa fyrirheit um áframhaldandi stuðning við málefnið á síðara stigi.

Gísli Guðmundsson: Forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. þessarar till. leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 16. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 803).

18. Samgöngubætur á eyðisöndum Skaftafellssýslu.

Á deildafundum 11. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um rannsókn á skilyrðum til samgöngubóta á eyðisöndum Skaftafellssýslu [109. mál] (A. 176).

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 33., 35. og 40. fundi í Sþ., 7. og 14. febr., 7. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Á þskj. 176 flyt ég ásamt samþingismönnum mínum í Austurlandskjördæmi till. til þál. um rannsókn á skilyrðum til samgöngubóta á eyðisöndum Skaftafellssýslu.

Góðar samgöngur eru lífæð hverrar byggðar. Atvinnulífið og aðstaða manna í lífsbaráttunni er háð samgöngum á hverjum stað. Góðar samgöngur auka enn fremur kynningu þjóðarinnar á landinu og þekkingu á hinu fjölbreytta náttúrufari þess. Þjóðin í heild vill njóta góðra samgangna, enda er árlega varið verulegum fjárhæðum af hálfu ríkisins, sýslna og hreppa til að bæta samgöngur á landi, sjó og í lofti. Kostað er kapps um að gera akvegina sem bezt úr garði, brúa vatnsföll og spenna vegakerfið um landið. Auðvelt er að átta sig á þróun samgöngumála með því að bera saman það, sem var fyrir alllöngum tíma, svo sem aldarfjórðungi, og það, sem nú er, og gera sér grein fyrir þeim framförum, sem orðið hafa. Þá er auðsætt við slíkan samanburð, hve þróunin er ör á þessu sviði. Þó að verkefni við vega- og brúargerðir séu víða brýn og aðkallandi og mörgum finnist of hægt ganga að leysa þau, þá miðar samt í áttina, þannig að vegakerfið lengist og batnar ár frá ári, og nú eru unnin verk við brúargerðir og fyrirhleðslur vatna, sem alls kostar ókleift hefði verið að leysa af hendi fyrir einum eða tveimur áratugum. Valda því einkum hin stórvirku tæki, sem nú eru notuð við verklegar framkvæmdir og margfalda orku mannshandarinnar.

Ekki þarf að ætla, að þróunin á sviði tækni og verklegra framkvæmda stöðvist. Þvert á móti verður að gera ráð fyrir því, að framtíðin muni bera í skauti sér enn þá örari þróun á þessu sviði en verið hefur til þessa, þannig að eftir tiltölulega stuttan tíma verði kleift að fullkomna vegakerfið og bæta mikið frá því, sem nú er, og að skilyrði skapist til að sigrast á torfærum, sem nú virðast óviðráðanlegar, og verður að skoða viðfangsefnin með tilliti til þess.

Eftir því sem fleiri ár eru brúaðar, því auðveldara á að vera að taka föstum tökum þau stóru verkefni, sem óleyst eru við brúargerðir. Á s. l. sumri var brú á Hornafjarðarfljótum fullgerð. Þá tengdist akvegurinn í Austur-Skaftafellssýslu vestur að Jökulsá á Breiðamerkursandi. Er þá svo komið, að öruggur og sæmilega greiðfær akvegur liggur umhverfis landið, nema um Breiðamerkursand og Skeiðarársand. Á Breiðamerkursandi eru skilyrði til þess að ryðja hindruninni úr vegi með brúargerð. Fyrirhugað er, að Fjallsá verði brúuð á þessu ári. Þá verður Jökulsá eini farartálminn, sem hindrar algerlega ferðir bifreiða yfir Breiðamerkursand. Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á brúarstæði þar, en þær athuganir eru ekki fullnægjandi, og þarf að halda þeim áfram.

Á fulltrúafundi bænda í Austur-Skaftafellssýslu, sem haldinn var dagana 26. og 27. nóv. s. l., var samþykkt einróma ályktun þess efnis, að fundurinn teldi tímabært, að rannsakað yrði til hlítar brúarstæði á Jökulsá á Breiðamerkursandi. 1. liður þessarar tillögu er því borinn fram í beinu framhaldi af ályktun bændafundarins og vegna áskorana Austur-Skaftfellinga. Aðstaða við Jökulsá er þannig, að s. l. 30 ár hefur þróunin verið sú og sú þróun fremur ör, að jökullinn eyðist. Við þá breytingu, sem þannig verður á jökultanganum, hefur Jökulsá skorizt niður í einn farveg, og það er alveg öruggt, að úr þeim farvegi fer hún ekki, nema jökullinn fari að ganga fram að nýju og gangi langt fram frá því, sem takmörk hans eru nú, og jafnvel þó að breyting yrði í þá átt, þá mun hún varla gerast á skemmri tíma en áratugum að því marki, að farvegur árinnar raskist. Skeiðarársandur er hins vegar þröskuldur, sem erfitt er yfir að stíga, á þjóðveginum umhverfis landið, en það er svo í samgöngumálum, að verklegar framkvæmdir nægðu ekki til framfara á sviði samgöngumála, ef gerð samgöngutækjanna stæði í stað.

Það hefur valdið miklu um framfarir í samgöngumálum, að ný samgöngutæki og fullkomnari en hin eldri ryðja sér sífellt til rúms, og það er nauðsynlegur þáttur til að ná góðum árangri við lausn erfiðra viðfangsefna í samgöngumálum að athuga sem bezt nýjungar í gerð tækja og hagnýta þá reynslu, sem þannig fæst.

Efni það, sem felst í 2. tölulið þessarar tillögu, er ekki nýtt mál í mínum huga né ýmissa annarra Skaftfellinga. Nú eru orðin fimm ár síðan ég bar fram tillögu hér á hv. Alþingi um tilraunir með ný samgöngutæki á eyðisöndum Skaftafellssýslu. Þeirri tillögu var þá vísað til fjvn., og hlaut hún þar mjög góðar undirtektir og afgreiðslu frá n. allri sameiginlega, og tillagan var síðan samþykkt óbreytt á hv. Alþ. 20. marz 1957, og er sú ályktun svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta í samráði við vegamálastjóra athuga nýjar tegundir samgöngutækja til samgangna um torfærur á landi með hliðsjón af reynslu, sem fengin er af slíkum tækjum erlendis. Síðan skal gera tilraunir með ný samgöngutæki á eyðisöndum Skaftafellssýslu, ef ætla má að athugun lokinni, að þau muni reynast hæf til samgöngubóta þar. Kostnaður, sem leiðir af athugun þessari og tilraunum með ný samgöngutæki, greiðist úr ríkissjóði."

Þó að nú séu að verða fimm ár síðan þessi ályktun var gerð, þá hefur hún ekki enn þá komið til framkvæmda. Í því sambandi vil ég ekki áfellast neinn, hvorki ráðherra né vegamálastjóra. Ég hef fylgzt með þessu máli og veit, að það tæki, sem sérstaklega var haft í huga, þegar um þessa tillögu var fjallað hér, hefur ekki fengizt, en þar með er vitanlega ekki sagt, að þessi leið sé lokuð og að ekki séu fáanleg einhver tæki, sem kunna að geta leyst þá örðugleika, sem þarna er við að fást. Okkur flm. finnst því eðlilegt að fá endurnýjaða viljayfirlýsingu Alþingis **í þessu efni.**

Þess vil ég enn fremur geta, að framtakssamir menn af skaftfellsku bergi brotnir fóru s. l. sumar austur á Skeiðarársand í leit að gömlu skipsflaki og verðmætum í því sambandi, eins og frá hefur verið skýrt í blöðum. Þeir fóru á vélknúnu tæki yfir Núpsvötnin í vatnavöxtum og ferðuðust dögum saman fram og aftur um Skeiðarársand á þessu tæki nærri ströndinni og komust heilu og höldnu af sandinum aftur og lögðu út í Skaftá, svona til þess að sýna mönnum, hvað hægt væri að gera. Þetta rifjar upp það mál, sem hér var afgreitt fyrir tæpum fimm árum, og bendir til þess, að hægt muni vera að leita nýrra úrræða um samgöngubætur á Skeiðarársandi. Ég hef ekki þekkingu til að dæma um það, hvort þau tæki, sem þessir menn höfðu og ég hef minnzt á, eru hæf til farþegaflutninga. Ég skal engan dóm fella um það, það er verkfræðilegt atriði. En hinu vil ég leyfa mér að halda fram, að það séu miklar líkur til þess, að vélknúin tæki séu fáanleg eða verði smíðuð innan skamms, sem hæf séu til þess að sigrast þarna á erfiðleikum, og ég tel fullkomna ástæðu til, að haft sé vakandi auga á því af hálfu ríkisvaldsins í sambandi við ferðir yfir Skeiðarársand.

3. liður þessarar tillögu er um það að skora á ríkisstj. að láta fylgjast sem bezt með tæknilegum nýjungum við brúargerðir, er kynnu að gera kleift að brúa jökulvötnin á Skeiðarársandi. Það verður að viðurkenna, að eins og þeirri tækni er háttað nú, sem við Íslendingar höfum yfir að ráða og beitt er við brúargerðir, þá virðist það vera mjög torvelt viðfangsefni eða jafnvel ókleift að brúa vötnin á Skeiðarársandi, einkum vegna jökulhlaupanna, sem brjótast fram, venjulega á fimm til tíu ára fresti, og raska farvegum og bera fram jaka. En í því sambandi vil ég leggja áherzlu á það, að á síðustu árum hefur verið unnið mikið að því af hálfu fræðimanna að reyna að rannsaka Vatnajökul, orsakir hlaupanna, eðli þeirra og áhrif. Um þetta eru skrifaðar heilar bækur og ritgerðir, bæði á erlendum málum og á íslenzku. Ég hef nú þetta ekki við höndina, enda tel ég óþarft að fara svo ýtarlega út í þetta mál, en það er staðreynd, að sú breyting hefur orðið á í sambandi við jökulhlaupin á Skeiðarársandi nú s. l. 20—30 ár, að þau brjótast ekki fram á eins skömmum tíma og með eins miklum hraða og þau áður gerðu. Það var algengt áður, á síðastliðinni öld og fyrstu áratugum þessarar aldar, að þetta geysilega vatnsflóð brauzt fram á kannske tveim sólarhringum, tveim eða þremur sólarhringum, og þá var vatnsflaumurinn svo mikill, að hann braut verulega skörð í jökuljaðarinn, bylti þessum stóru jökum með sér fram á sandinn. En síðan 1934 hefur ekki komið þarna hlaup, sem hefur hagað sér á þennan hátt, heldur tekur vatnsrennslið miklu lengri tíma, allt upp í hálfan mánuð til þrjár vikur, sem vatnið rennur fram og Skeiðará er í óeðlilegum vexti. Þetta veldur því, að þó að kannske eins mikið vatnsmagn renni fram, þá eru hlaupin ekki nærri eins æðisgengin, þegar rennslið dreifist á lengri tíma, og þetta veldur því, að þau brjóta miklu minna úr jökuljaðrinum nú í seinni tíð en þau áður gerðu.

Þegar þetta er haft í huga annars vegar og hins vegar sú öra tækniþróun, sem á sér stað í heiminum, sem kemur fram í æ fullkomnari mannvirkjum, bæði brúargerðum og öðru, þá virðist það fullkomlega tímabært, að á því sé haft vakandi auga af hálfu ríkisvaldsins að fylgjast sem bezt með tæknilegum nýjungum að þessu leyti, með það í huga, að síðar kynni að verða kleift að brúa vatnsföllin á Skeiðarársandi. Og ég er sannfærður um, að það vaknar fyrir því áhugi á meðal þjóðarinnar. Það verður ekki eingöngu og kannske ekki fyrst og fremst vegna þeirra tiltölulega fáu íbúa, sem eru búsettir þarna í grennd, því að þegar vegakerfi okkar er orðið öruggt og nokkurn veginn fullkomið allt umhverfis landið og eftir verður einungis einn 30 km kafli til þess að tengja það saman að fullu hringinn í kringum landið, þá er það trúa mín, að það skapist á því áhugi að fylla þetta skarð, smíða þann hlekk, sem á vantar, til þess að keðja vegakerfisins verði tengd saman.

Ég vænti þess, að þessari tillögu okkar þm. verði mætt með skilningi hér á hv. Alþ. Ég legg til, að henni verði vísað til hv. fjvn. til athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 21. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 16. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 176, n. 777).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Nefndin hefur rætt þessa þáltill. og enn fremur rætt hana við vegamálastjóra, og n. hefur samþykkt samhljóða að mæla með samþykkt till. Það eru miklar tækniframfarir undanfarið. Það er ekki mjög langt síðan það var talið ófært að brúa Hornafjarðarfljót og kæmi ekki til mála. Nú er búið að brúa það, og það, sem er skemmtilegast við þá brúargerð, var, að það tókst meira að segja að brúa það á verðhækkunartímum fyrir minna verð en áætlað var að brúin kostaði, þegar áætlun var upphaflega gerð. Það er þess vegna von, að mönnum detti í hug að leita þess, hvort ekki séu að verða með nú-

tímatækni tök á því að brúa þær torfærur, sem þarna eru á leiðinni, og fjvn. samþykkti sem sagt að mæla með því, að þessi athugun færi fram.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 804).

19. Útflutningur á dilkakjöti.

Á 21. fundi í Sþ., 12. des., var útbýtt:
Till. til þál. um útflutning á dilkakjöti [113. mál] (A. 194).

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 33. fundi í Sþ., 7. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Sþ., 14. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Dilkakjöt og aðrar afurðir sauðfjár hafa lengi verið verulegur liður í útflutningi Íslendinga. Ef maður fer svo langt aftur sem á meðan fráfærur voru fastur liður í búskap, þá var einkum um að ræða kjöt af veturgömlu og fullorðnu og þá einkum sauðum. Fyrir og um síðustu aldamót voru sauðir seldir lifandi til Englands, en er fráfærur lögðust niður, hvarf sauðaeignin að mestu, og þá var farið að slátra dilkunum. Kjötið af þeim var saltað og flutt út saltað til Noregs. Á árunum milli 1920 og 1930 var svo farið að kæla og síðan frysta kjötið, og þannig hefur það verið flutt út frá þeim tíma. En nú allra síðustu árin hefur aftur verið flutt út nokkurt magn af saltkjöti og þá til Noregs. Á stríðsárunum, þegar mikill erlendur her dvaldist hér á landi, var það dilkakjöt, sem Íslendingar neyttu ekki sjálfir, að mestu eða öllu keypt upp af hernum. Og nokkru eftir stríðið, þegar fjárpestir og útrýming þeirra með niðurskurði hafði fækkað sauðfjárstofninum í landinu stórkostlega, var ekki um teljandi útflutning að ræða. Þá var dilkakjötsframleiðslan ekki meiri en svo, að hún fullnægði innanlandsþörfinni. En eftir að sigrazt hafði verið á fjárpestunum að mestu, fjölgaði sauðfénu jafnt og þétt og dilkakjötsframleiðslan fór vaxandi, og hún er allmiklu mest nú á s. l. hausti. Af þessu hefur leitt, að útflutningur hefur verið vaxandi, og er talið, að hann muni nema um 3 þús. tonnum af framleiðslu ársins 1961, eða yfir 200 þús. skrokkum, þ. e. á milli ¼ og ⅓ af dilkakjötsframleiðslunni í heild.

Þróun síðustu ára hefur leitt í ljós, að hér er a. m. k. nú um skeið að ræða um búvöru, sem skiptir verulegu máli í útflutningsverzluninni. Þess vegna er rík ástæða til að gefa því gaum, hvernig til tekst með þennan útflutning. Samband ísl. samvinnufélaga hefur haft þennan útflutning með höndum, þar sem meginmagn kjötsins hefur verið á þess hendi. Ég gat um það áðan, að nú um 30—40 ára skeið hefur kjötið verið flutt út frosið í heilum skrokkum og að langmestu leyti til Bretlands. Nokkurt magn hefur þó farið til annarra landa, m. a. til Bandaríkjanna. Menn rekur e. t. v. minni til þess, að fyrir nokkrum árum var sala þangað talin mjög hagstæð, gaf þá hærra verð en kjötið innanlands. En sú dýrð stóð þó stutt. Til Noregs er einnig selt nokkuð af saltkjöti núna allra síðustu árin og fyrir mjög hagstætt verð. Fryst kjöt hefur enn fremur nokkuð verið selt til Danmerkur og Svíþjóðar og yfirleitt fyrir betra verð en á Bretlandsmarkaði. En þeir markaðir hafa reynzt svo takmarkaðir, að jafnan hefur mest magnið farið til Englands, enda þótt þar hafi venjulega, a. m. k. nú síðustu árin, verið um einna lægsta eða lélegasta verðið að ræða.

Nú um skeið eða nánar sagt um nokkur ár hafa verið uppi raddir um það, að reyna þyrfti nýjar leiðir við sölu á kjötinu. Breyting hefur orðið mjög mikil á því, í hvaða formi matvælin væru seld til neytendanna. Öllum er kunn sú mikla breyting, sem orðin er á sölu fiskafurðanna, og mörgum bændum hefur orðið hugsað til þess, hvort ekki væri unnt að vinna betri markaði fyrir kjötið, þar sem stuðzt væri við þá reynslu, sem þróun fisksölumálanna hefur leitt í ljós.

Eins og drepið er á í grg. till., hafa nokkrar tilraunir verið gerðar af hálfu SÍS, sem framleiðsluráð landbúnaðarins hefur einnig haft skipti af eða fylgzt með, með breytt form á kjötsölunni, þ. e. að selja dilkakjötið sundurhlutað, en þær tilraunir hafa ekki þótt bera tilætlaðan árangur. En öll slík mál krefjast mikillar þrautseigju og stöðugs starfs, og allir þeir, sem bera velferð sauðfjárræktarinnar fyrir brjósti, eiga erfitt með að sætta sig við það eða trúa því, að ekki sé hægt að hagnýta til hækkaðs verðs á hinu ágæta dilkakjöti nýja sölutækni, nýjar neyzluvenjur og nýja velmegun í ýmsum markaðslöndum okkar. Um þetta ber gleggstan vott sú tillaga, sem síðasta búnaðarþing samþykkti um þetta mál einróma, og sú till. er birt í grg. okkar.

Ég hef t. d. rætt við mjög marga menn, sem hafa ferðazt eða dvalist í nágrannalöndum okkar eða Ameríku og meira og minna telja sig hafa orðið vara við áhuga fólks þar fyrir íslenzku lambakjöti í ýmsu formi og m. a. reyktu. Og þar hefur verið kvartað um að geta ekki náð í þessa vöru. Það má e. t. v. segja, að lítið sé á slíkum dæmum að byggja. En allt slíkt vekur vonir um, að eitthvað sé unnt að vinna. Það, sem mér er sagt að einkum sé í vegi, að unnt sé að fara slóð fisksölunnar með kjötið, er í stuttu máli þetta: Kjöt er yfirleitt ekki selt fryst beint til neytendanna, heldur þarf að þíða það upp, áður en það kemur í búðirnar, því sé naumast um að ræða möguleika á að selja kjötið fryst í pökkum. Mikið af því kjöti eða mest, sem er á markaði t. d. í Bandaríkjunum, er af

nýslátruðu, þar eð dýrin eru felld jafnóðum og þörf er á kjöti á markaðinn. Kjöt af sauðfé sé í heild minna metið á markaði en t. d. af nautgripum og svínum og af því sé yfirleitt minna magn á markaðinum. Við þyrftum að hafa eigin búðir ytra, þar sem ná mætti verulegu valdi á markaðinum, en til þess þarf mikið fé og einnig mikið magn af kjöti. En til þessa hefur magnið verið fremur lítið, a. m. k. á heimsmælikvarða, og naumast nógu öruggt frá ári til árs. Allt eru þetta vafalaust rök í málinu, en sýna þó fyrst og fremst nauðsyn þess að vinna að þessum markaðsmálum stöðugt og af fullri festu.

Það mætti virðast, að bændum væri ekki sérstakt áhugamál með þessi útflutningsmál, þar sem þeir hafa útflutningstryggingu á framleiðslu sinni í framleiðsluráðslögunum, þeir hafi því ekki beinan hag af góðri sölu á kjöti erlendis. En ég vil taka það skýrt fram, að auðvitað skiptir það þá máli eins og aðra þjóðfélagsborgara, að ríkissjóður hafi ekki eða sem minnst útgjöld af tryggingarákvæðinu. Og ég vil sérstaklega undirstrika það, að mér eru þessi útgjöld eitur í beinum einmitt bændanna vegna, af því að það er því miður svo ástatt í augum fjölda fólks úr öðrum starfshópum eða starfsröðum þjóðfélagsins, að landbúnaðurinn sé annars flokks starfsgrein, sem sé á ýmsan hátt til byrði öðrum þegnum. Þessi skoðun er ákaflega hættuleg að mínu viti og auðvitað byggð á fullkomnum misskilningi. En það má segja, að útflutningsuppbæturnar á landbúnaðarafurðir, ef þær þurfa að vera í verulegum mæli, þá kitli þær þessa skoðun.

Það er skoðun mín og okkar flm., að betur sé hægt að vinna að kjötsölunni erlendis, og það hefur áreiðanlega verið skoðun fulltrúanna á búnaðarþingi einnig.

Ég vil ekkert fullyrða um árangur, þó að þessi þáltill. yrði samþykkt, sem ég vona að verði. En ég tel nauðsynlegt að sinna þessu máli. Till. búnaðarþings var á þá leið að skora á Samband ísl. samvinnufélaga og framleiðsluráð að beita sér fyrir markaðsleit á ný og landbrh. að leggja fram fé. Okkur sýnist eðlilegra að beina málinu beint til ríkisstj., sem þá væntanlega kemur fyrst og fremst í hlut landbrh. Hans og ríkisstjórnarinnar er að ákveða, hvernig á verður tekið og til hvaða aðila verður leitað um framkvæmdir í þessu efni. En ég vil í þessu sambandi minna á álit manns, sem ég ætla ekki hér að nafngreina, en er mjög kunnugur sölumálum og framleiðslumálum landbúnaðarins. Það er á allra vitorði, að nú er svokallað Markaðsbandalag Evrópu mjög á dagskrá, og það liggur fyrir að gera sér ýtarlega grein fyrir því, hvernig aðstaða Íslendinga verður með sín framleiðslumál, ef til einhverrar þátttöku í meira eða minna mæli í því bandalagi kemur. En ég vil geta þess hér, að það var hans álit, að eins og málið virtist liggja fyrir í dag, mundi einhver aðild að Markaðsbandalagi Evrópu þýða hækkun á sauðfjárafurðum Íslendinga a. m. k. um 30%.

Ég tel rétt, að þetta komi einnig hér fram, vegna þess að þetta er vitanlega liður í því, hvernig hægt er að fá hærra verð, afla betri markaða fyrir þessa ágætu framleiðsluvöru okkar, sem að mínu viti, eins og bent er á í grg. fyrir till., er eðlilegasta framleiðslugreinin í búskap okkar. Þá vil ég enn fremur minna á það, að sauðfjárræktin er fyrst og fremst mál strjálbýlisins. Það er hin strjála byggð í landinu, sem byggist fyrst og fremst á sauðfjárrækt. Ég veit, að það eru misjafnar skoðanir á því, hversu hagkvæmt sé fyrir okkur að halda við strjálbýlinu og standa á móti samdrætti byggðarinnar. Það er bjargföst skoðun mín, að það sé okkur á allan hátt fyrir beztu, og það er eitt höfuðatriði til stuðnings hinni strjálu byggð, að það sé sem bezt haldið á markaðsmálum sauðfjárframleiðslunnar.

Ég held, að það sé á allra vitorði, að íslenzkt dilkakjöt sé viðurkennt fyrir gæði og yfirleitt að allra þeirra dómi, sem þess hafa neytt, í samanburði t. d. við dilkakjöt annars staðar að, bezta dilkakjöt í heimi. Það má e. t. v. segja, að þessara kosta hafi það að einhverju leyti notið alla tíð, en ég held, að það þurfi að reyna betur og meir að hagnýta þessa kosti kjötsins. Það eru sem sagt ákaflega mörg rök, sem hníga að flutningi og samþykkt þessarar till., enda vona ég, að hún eigi greiðan gang í gegnum hv. Alþingi.

Við bendum á í okkar till. fyrst og fremst nýjar aðferðir við söluna, nýja pökkun o. s. frv., en vitanlega geta einnig komið til greina fleiri hliðar, svo sem það, að sums staðar er um háa innflutningstolla eða hömlur að ræða, sem fyrst og fremst standa í vegi fyrir því, að við getum selt okkar kjöt. Má t. d. benda á það, að eftir því sem ég veit bezt, mun tollur á innfluttu dilkakjöti til Svíþjóðar nú vera 12—13 kr. á kg. Þrátt fyrir það hefur það litla magn, sem þangað hefur fengizt selt, gefið betra verð en t. d. Bretlandsmarkaðurinn hefur gefið. Þarna er því einnig um leiðir að ræða, sem þurfa athugunar við.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þessa till. Ég hef í þessari stuttu framsögu drepið á helztu rökin, sem í huga okkar flm. eru ásamt því, sem segir í grg. Ég tel eðlilegt, að þn. fái að fjalla um þessa till., enda þótt ég telji hana raunar mjög einfalda, en þá vildi ég gera það að till. minni, að henni yrði vísað til hv. fjvn. til fyrirgreiðslu.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er vitaskuld eitt af stærstu málum landbúnaðarins, að hægt sé að framleiða landbúnaðarafurðir til útflutnings. Vitaskuld á landbúnaður verulega framtíð við að framleiða landbúnaðarvörur til neyzlu í landinu sjálfu. En því aðeins verður landbúnaðurinn stórfelldur atvinnuvegur framvegis, að hægt sé að framleiða landbúnaðarafurðir til útflutnings. Þá verður það kjötið og þær afurðir, sem framleiddar eru í tengslum við það, sem vekja mestar vonir. Það er þess vegna ekki nema ánægjulegt, að menn hafi áhuga fyrir þessum þætti, þ. e. a. s. að sölu landbúnaðarafurða, kjötvara, úr landinu sé fylgt eftir eins vel og mögulegt er og allt gert, sem hægt er, til að koma kjötvörum og landbúnaðarafurðum yfirleitt í sem allra bezt verð.

Í þessari þáltill., sem hér liggur fyrir, er vikið að þessu máli og stungið upp á, að Alþingi álykti að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því,

að tilraunir verði gerðar með útflutning á dilkakjöti, þar sem reyndar verði nýjar aðferðir með pökkun og verkun á kjötinu og verði kannaðir til þrautar hugsanlegir markaðsmöguleikar fyrir dilkakjötið í hverju því formi, sem gefur hagstæðast verð. Það er gert ráð fyrir þessari áskorun til ríkisstj.

Ég sakna þess í þáltill. og einnig í því, sem hv. frsm. sagði, að nánar sé að því vikið, hvað hæstv. ríkisstj. er ætlað að gera í þessu. Og þá vek ég alveg sérstaka athygli á því, að um þessa þáltill. hefur verið ákveðin ein umr., sem er eingöngu um þær þáltill., sem eiga ekki að hafa nein útgjöld í för með sér. En um þær þáltill., sem eiga að hafa útgjöld í för með sér, eiga að vera tvær umr. Það sýnist því vera skilningurinn, að þessi þáltill. eigi ekki eða megi ekki hafa nein útgjöld í för með sér.

Ef svo er, fer auðvitað að verða vandséð strax, hvaða gagn geti að því orðið að samþykkja slíka till., þótt segja megi, að það geti aldrei orðið að tjóni að skora á yfirvöldin að beita sér fyrir athugun á málum eins og þessu. Mér finnst það þurfi að hugsa þetta skýrar en fram kom hjá hv. 1. flm. og fram kemur í till. og gera sér grein fyrir, hvað það er, sem ætlazt er til, að hæstv. ríkisstj. geri, og hvað hún getur gert. Er það t. d. ætlunin, að hæstv. ríkisstj. setji upp fyrirtæki, sem taki á móti kjötvörum til pökkunar með nýtízku hætti og standi fyrir útflutningi á þeim afurðum, þeim kjötvörum, sem þar eru pakkaðar, og láti þannig reyna á sínum vegum nýjar leiðir? Þetta þarf að koma greinilega fram. Það verður að kryfja til mergjar, hvað ætlunin er að gera málinu til framdráttar og gagns. Er það sem sagt hugsunin hjá hv. flm., að ríkisstj. hafi á sínum vegum slíka tilraunastarfsemi, taki á móti kjöti og kjötvörum og pakki þeim með nýjum hætti í tilraunaskyni og setji upp sölukerfi fyrir kjötvörur á þann hátt?

Ef þetta er ekki ætlun hv. flm., þá kemur spurningin, hvort þeir ætlast þá til þess, að hæstv. ríkisstj. styðji einhverja aðila til að gera átak í þessu skyni, t. d. hvort það vakir fyrir hv. flm., að ríkisstj. verji fé til þess að styðja einhverja aðila til að leggja í tilraunastarfsemi, sem oft getur verið kostnaðarsöm. En ef það er ætlun hv. flm., að þannig verði á málinu haldið, að veitt verði fé einhverjum aðilum, sem ríkisstj. hefði traust á, til að starfa að þessu máli, þarf að vera heimild til þess að verja fjármunum í því skyni, og sjálfsagt þyrfti það þá að koma fram í sjálfri till., að það væri heimilað að verja fé til stuðnings þessu máli.

Ef nú vekti fyrir hv. flm. eitthvað í þessa átt, að verja almannafé til að greiða verulega fyrir þessu máli, væri líka fróðlegt að vita, ef þeir hefðu gert sér grein fyrir því, hvaða aðila þeir hefðu hugsað sér að ríkisstj. styddi í þessu tilliti, hvort það væri þá t. d. félagsskapur bændanna, samvinnufélögin, sem þeir hugsuðu sér að styðja. En sá félagsskapur hefur haft kjötsöluna með höndum, ekki fyrir það, að það hafi verið einokun á kjötverzluninni eða hún hafi verið skikkuð þessum félagsskap með löggjöf eða hömlum, heldur beinlínis vegna þess, að félagsskapur bændanna, þ. e. samvinnufélögin og Samband ísl. samvinnufélaga, er eini aðilinn í landinu, sem hefur tekið sér fyrir hendur að flytja út kjöt, og eini verzlunaraðilinn í landinu, sem nokkurn minnsta áhuga hefur sýnt fyrir því að flytja út þessar afurðir.

Ef það sem sagt vakir fyrir hv. flm., að hér komi til greina fjárhagsstuðningur við þetta merkilega mál að útbreiða íslenzka dilkakjötið erlendis, þá væri æskilegt, að það væri athugað, hvort það væri þá ætlunin og eðlilegt að styðja þennan félagsskap bændanna til að hafa með höndum og efla tilraunastarfsemi í þessum efnum eða hvort það væri þá hugsun flm. að styðja einhverja aðra aðila, sem áður hafa ekkert komið nálægt þessum málum og engan áhuga á þeim sýnt. Það er talað um í þessu sambandi nýja krafta, sem þurfi að koma til, og má vera, að það vaki þá fyrir flm. og það sé hugsunin, að það verði þá einhverjir studdir, sem engan áhuga hafa haft áður, til þess að sinna þessu máli. Sem sagt, ef ætlunin er, að af opinberri hálfu verði gert hér átak til að greiða fyrir þessu, væri mjög æskilegt, að það yrði rætt og athugað hér í hv. Alþ. og kæmi fram af hálfu flm., hvaða aðila þeir teldu þá rétt að styðja til aukinnar starfsemi í þessari grein.

Ég hlýt að gera ráð fyrir því, að hv. flm. hafi hugleitt þessi atriði, sem ég hef vakið athygli á, og að þeir muni koma inn á það eitthvað í þessum umr., sem um þetta verða, og að þessi atriði verði líka athuguð í nefnd, sem málið fer til. Geri ég einnig ráð fyrir því að sjálfsögðu, að þetta mál verði sent til umsagnar framleiðsluráði landbúnaðarins, sem er aðili beinlínis í þessu máli, þó að það hafi ekki verzlun með höndum, og svo félagsskap bændanna, samvinnufélögunum, Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem hefur eitt látið sig þetta mál nokkru varða á undanförnum áratugum. A. m. k. rekur mig ekki minni til, að aðrir hafi haft með höndum útflutning á kjöti, en er fús til að leiðrétta, ef það er misminni.

Ef það er á hinn bóginn ætlun hv. flm. einvörðungu með þessari till. að vekja athygli hæstv. landbrh. á málinu, án þess að gera í raun og veru ráð fyrir nokkrum framkvæmdum eða gera mögulegt, að nokkuð verði aðhafzt af opinberri hálfu, þá er ekki um neitt nýtt skref í þessu máli að ræða á nokkurn hátt umfram þau, sem áður hafa verið stigin. Eins og hv. 1. flm. réttilega drap á, hafa ýmsir fundir, sem haldnir hafa verið, bændafundir t. d. og m. a. búnaðarþing, minnt á þetta mál af og til og haldið því vakandi, sent áskoranir til framleiðsluráðs og til Sambandsins um, að þessir aðilar leggi sem allra mesta áherzlu á að leysa þetta mál með sem beztum hætti og að þessir aðilar leggi sig alla fram. Það er vitanlega ekki nema gott um það að segja, að málum eins og þessum sé á þann veg haldið vakandi og þeir, sem hafa þau með höndum, sífellt minntir á, að ætið þarf að vera í sókn í þessum efnum.

Þetta er um till. sjálfa og það, sem ég vildi sagt hafa um hana. Hún fer til nefndar og verður þar sjálfsagt athuguð gaumgæfilega. En áreiðanlega þarf að breyta till. mikið, ef hún

ætti að geta orðið öflugur stuðningur við aukna tilraunastarfsemi í þessari grein, um bæði verkun og sölu. Eins og till. er, getur hún ekki haft, að því er ég bezt fæ séð, neina þýðingu umfram almenna fundarsamþykkt. Ef þetta ætti að koma að gagni, yrði að fara nánar í málið og gera sér grein fyrir, hvað það er, sem raunverulega ætti að aðhafast, og veita þá fjármagn til þess, ef það er ætlunin að auka stuðning við tilraunir í þessu skyni og nýjar verkunar- og söluaðferðir á kjöti.

En til viðbótar þessum fáu orðum um efni till. sjálfrar vil ég taka fram, að ýmislegt, sem komið hefur fram, bæði í sambandi við þessa þáltill. og um svipað leyti og hún var í smíðum, bendir til þess, að þótt hér kunni að vera með í ferðinni áhugi fyrir því að koma á endurbótum í þessum málum, sé það fleira, sem hér kemur til.

Ýmislegt, sem komið hefur fram í sambandi við málið og um þær mundir, sem það var að fæðast, ber þess glöggan vott, að reynt hefur verið að koma af stað ófrægingarherferð á hendur Sambandi ísl. samvinnufélaga fyrir störf þess að kjötsölumálum, og fer þetta ekkert á milli mála. Og það er þrennt, sem hefur komið fram í þessu sambandi og vafalaust hangir allt á sömu spýtunni. Í fyrsta lagi, að aðalmálgagn stjórnarflokkanna var sent út af örkinni til að flytja óhróður um kjötverzlun Sambands ísl. samvinnufélaga, þar sem m. a. var komizt svo smekklega að orði, að SÍS hafi verið aðalútflytjandinn og ekkert gert til þess að gera vöruna vel úr garði, þ. e. a. s. íslenzka dilkakjötið, heldur hafi skrokkarnir verið sendir óhrjálegir til útlanda. Þetta var vitnisburðurinn, sem aðalmálgagn stj. hafði um þessa starfsemi þessa félagsskapar bændanna, sem er eini félagsskapurinn, sem sýnt hefur nokkurn áhuga á því að selja þessa þýðingarmiklu vöru úr landi.

Jafnframt steig hæstv. fjmrh. fram hér á Alþ. í sambandi við fjárlagaumr. og flutti pistil um, í hvílíku ófremdarástandi kjötútflutningurinn væri frá landinu. Allir vita, að hæstv. fjmrh. er þeim málum gersamlega ókunnugur og hefur ekkert hirt um að kynna sér neitt, sem að því lýtur, á einn eða annan hátt. Og tónninn var þessi: að úreltar aðferðir væru hafðar við sölu kjötsins, það hlyti að vera hægt að selja kjötið miklu hærra verði en hingað til.

Loks kemur svo þessi þáltill., sem hér liggur fyrir, og er, eins og ég sagði áðan, auðvitað ekkert nema gott um það að segja, að allt væri gert, sem hægt er, til þess að greiða fyrir því, að hægt væri að gera enn meira en gert hefur verið til að finna nýjar leiðir í sölu á kjötvörum. En í grg. þessarar þáltill. kemur fram að nokkru, en þó vægara, sami andinn og hafði áður komið fram úr þessum sömu herbúðum frá aðalmálgagni stjórnarflokkanna og hæstv. fjmrh. og ég var að greina hér frá. Það er allþung undiralda í því, sem sagt er í grg. um það, að kjötsölumálin séu í miklu ófremdarástandi. Hv. frsm. orðaði þetta mjög vægt áðan, en það var sami tónninn: menn ættu erfitt með að sætta sig við þetta, eins og það væri. Nú er það vitanlegt, að þegar um jafnþýðingarmikið og flókið mál er að ræða og sölu á kjötvörum úr landi, þar sem leita þarf færis að selja í mörgum löndum, er náttúrlega erfitt fyrir okkur, sem störfum ekki daglega að þessum málum, að fella nokkra dóma í þessu sambandi. Það veit ég, að hv. flm. eru mér alveg sammála um inni á sér. Hitt vitum við líka, að það þarf vitanlega sífellt að leita að nýjum leiðum og reyna að gera betur en gert hefur verið. Og frá því sjónarmiði séð eiga menn vitanlega aldrei að sætta sig við það, sem er í sölumálum og framleiðslumálum eða neinu, sem hliðstætt er því. En samt sem áður er í þessu öllu ljótur tónn og ófrægingartónn, — í því, sem aðalmálgagn aðalstjórnarflokksins hefur flutt, og í því, sem hæstv. fjmrh. hefur komið fram með. Og þó að allt sé vægar farið í sakirnar hjá hv. flm. þessa máls, er þó andað í sömu áttina. Þess vegna vildi ég nota þetta tækifæri til að mótmæla þessum órökstuddu fullyrðingum, sem fram hafa komið um þetta, og láta í ljós þá skoðun mína, að þær séu með öllu ósæmilegar. Og þá á ég fyrst og fremst við ummæli blaðsins og hæstv. fjmrh., því að eins og ég sagði, hafa flm. farið vægara í þessu tilliti. Þó að andinn sé sami, þá er þar allt miklu vægar að orði kveðið.

Út af þessum ásökunum vil ég leyfa mér að gefa hv. alþm. nokkrar upplýsingar um þessi mál, sem ég byggi nær eingöngu á aths., sem komið hefur fyrir almenningssjónir um þetta mál frá Helga Péturssyni framkvæmdastjóra hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem um langa hríð hefur haft með höndum einmitt þessi mál hjá Sambandinu, þ. e. a. s. útflutning á kjötvörum. Í því, sem hann segir um þetta, koma fram nokkrar staðreyndir, sem er mjög nauðsynlegt fyrir hv. alþm. að vita og ég vil eiga þátt í, að komist inn í þingtíðindin, út af því, sem um þetta mál hefur verið sagt á hv. Alþingi.

Þá er það fyrst, að ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér úr grein Helga Péturssonar dálitinn þátt, sem fjallar um söluna á íslenzku kjöti og samkeppni þess við annað kjöt. Og um það segir Helgi Pétursson, með leyfi hæstv. forseta:

„Dilkakjötið er selt á beztu mörkuðum heims, í Bretlandi, Bandaríkjunum og á Norðurlöndum, í samkeppni við sambærilega vöru, sem er frosna lambakjötið frá Nýja-Sjálandi, Ástralíu og Argentínu. Í upphafi var aðstaða okkar erfið, þar sem við urðum að keppa við vöru, sem áratugum saman hafði unnið sér hefð á mörkuðunum. Þeir, sem fengust til að kaupa íslenzka kjötið, komust þó fljótlega að raun um bragðgæði þess, og svo hafa vinsældir þess vaxið með árunum upp á síðkastið, einkum vegna þess, að það er ekki eins feitt og annað lambakjöt. Nú er svo komið þrátt fyrir vissa annmarka á líkamsbyggingu íslenzku dilkanna, að þeir seljast í Bretlandi (ég bið hv. þm. að taka vel eftir þessu), að þeir seljast í Bretlandi fyrir sama verð og Nýja-Sjálandslömbin, sem þar hafa þó hingað til þótt taka öllu öðru fram, og alls staðar annars staðar seljast okkar dilkar fyrir hærra verð en annað dilkakjöt."

Þetta eru staðreyndir. Helgi Pétursson fer ekki með annað en staðreyndir. Það vita allir, sem hann þekkja. Bendir þetta til þess, að það

hafi verið aðaleinkennið á kjötverzlun Sambandsins, að það hafi flutt úr landi óhrjálega dilkskrokka og ekkert skeytt um vöruvöndun, svo að vitnað sé til þeirra smekklegu vitnisburða, sem um þessi efni komu í aðalmálgagni stjórnarinnar og hæstv. fjmrh. tók undir?

Þá er það varðandi það atriði, að of lítið hafi verið sett í neytendapakkningar og of einhæfur hafi verið útflutningurinn, og það er í raun og veru aðalatriði þessarar þáltill. að vekja athygli á þessu atriði. En um þetta atriði segir Helgi Pétursson, með leyfi hæstv. forseta:

„Sambandið hefur gert ýmsar tilraunir á þessu sviði, en á því eru ýmsir annmarkar, sem ekki verða raktir hér, og enn sem komið er hefur ekki tekizt að ná þannig hærra meðalsöluverði, en um það hlýtur þó allt að snúast, hver sem umbjóðandinn er. Það er líka mála sannast, að langmestur hluti milliríkjasölu á frosnu lambakjöti fer fram í heilum skrokkum. Og þegar út af bregður, mun tilgangurinn fremur vera að losna við offramleiðslu en að ná hærra verði. Liggur það ekki í augum uppi, að Ástralíumenn og Nýsjálendingar ættu að vera hættir að flytja „óhrjálega skrokka“ þriggja vikna sjóleið á markað með miklu meiri flutningskostnaði en við búum við, ef önnur úrræði reyndust betur? Með þessu er þó engu spáð um framtíðina. Að sjálfsögðu þarf stöðugt að fylgjast með þróuninni á þessum sviðum sem öðrum.“

Þetta segir Helgi Pétursson um þetta atriði, og fram hjá þessum vitnisburði hans verður ekki gengið, og er því bezt að spara sér allar dylgjur og svigurmæli í þessu sambandi og annað verra, en vinna bara þess í stað að því að vekja athygli á þessu, sem Helgi Pétursson segir síðast: „Að sjálfsögðu þarf stöðugt að fylgjast með þróuninni á þessu sviði sem öðrum.“ Sem sagt, aðalatriðið í þessu máli er ekki að koma áleiðis órökstuddum dylgjum um þá, sem hafa haft þessi mál með höndum, og jafnvel rógi, heldur hitt að reyna að taka jákvætt á málinu. Og það ætla ég, að hefði verið bezt fyrir hv. flm. að gera að öllu leyti. En eins og ég sagði, geri ég mikinn mun á því, sem þeir hafa sagt um þetta og aðrir, sem ég hef hér rætt um.

Þá er hjá hv. flm. mjög eindregið gefið í skyn, að verð það, sem fæst fyrir kjöt okkar, muni vera lakara en tíðkast um annað kjöt, sem selt væri á sömu mörkuðum. Það er sem sagt gefið í skyn, og ekki veit ég hvers vegna, að þetta muni vera þannig. Það er gert í hálfkveðnum vísum, t. d. eins og því, að það geti varla verið með felldu, að verðið sé ekki hærra. Enn fremur, að kjötið muni yfirleitt selt á mun hærra verði til neyzlu í nágrannalöndunum en hér, og nokkuð fleira, sem sagt er í þessa átt og gefa á þennan blæ. En um þetta segir Helgi Pétursson, sem ég efast ekkert um, eins og ég sagði áðan, að greinir nákvæmlega rétt frá, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er ekki úr vegi að gera nokkra grein fyrir söluverði dilkakjötsins ytra og reyna að fá einhvern samanburð við verð sambærilegrar vöru þar. En hér er erfiðara um vik. Ég hef ekki handbær gögn til að gera slíkan samanburð hvað árgangana 1959 og 1960 áhrærir og verð í þess stað að takmarka mig við útflutninginn af haustframleiðslunni 1961. Af henni er búið að flytja út og selja 1838 tonn frosið dilkakjöt, og enn fremur eru seld 307 tonn saltað, sem nú er á förum úr landi. Á tímabilinu frá októberbyrjun til janúarloka hafa því verið seld til útflutnings 2145 tonn dilkakjöt og meðalsöluverð þess er 20.45 kr. kílóið frítt um borð, en það jafngildir 22.70 kr. cif. í London. Til að fá réttan samanburð við heildsöluverð á Smithfieldmarkaði þarf að bæta við cif-verðið uppskipun, flutningi frá skipi til markaðarins, geymslukostnaði og heildsöluálagningu, og nemur sá kostnaður um 10% af cif-verði. Fyrir þennan útflutning fá því Íslendingar verð, sem svarar til 24.97 kr. heildsöluverðs á Smithfieldmarkaði. En meðalheildsöluverð á sambærilegri vöru á umræddu tímabili er fundið með því að fara mitt á milli hæsta og lægsta söluverðs samkv. vikulegum verðlistum markaðarins og er sem hér segir: Nýja-Sjálandslömb 21.35 kr. pr. kg, Ástralíulömb 19.41 kr. pr. kg og Argentínulömb 16.49 kr. pr. kg. Ekki ætlast ég til, að þetta verði tekið sem algildur samanburður, en hann mun þó fara nálægt því rétta, og samkvæmt honum hefur Sambandinu á áðurnefndu tímabili tekizt að ná um 17%, 29% og 51% hærra verði fyrir íslenzka dilkakjötið en Nýsjálendingar, Ástralíumenn og Argentínumenn í sömu röð hafa fengið fyrir sitt lambakjöt á heimsmarkaði. Ég hygg, að þetta ásamt því, sem áður var sagt um útflutningsbætur og niðurgreiðslur, sýni ljóslega“ o. s. frv., „að ummæli fjmrh.“, því að hann er að svara þeim, „voru bæði ógætileg og ómakleg, að ekki sé meira sagt.“ En það sýnir hógværð Helga Péturssonar, að hann skuli viðhafa þessi ummæli um það, sem hæstv. fjmrh. sagði. En ég vil segja, að ef hægt væri að segja eitthvað hliðstætt þessu um verðlag á íslenzkum útflutningsvörum í öðrum greinum, að það fengist svo gott verð fyrir þær, samanborið við hliðstæðar vörur annars staðar frá, þá finnst manni, að allvel mætti við una og að þessi niðurstaða gefi sízt ástæðu til árása eða til þess, að reynt sé að koma inn tortryggni í garð þeirra, sem hér hafa unnið að. (**Forseti**: Má ég spyrja hv. þm., hvort hann á mikið eftir?) Ég er alveg að verða búinn, hæstv. forseti, ég á eftir svo sem 2 mínútur.

Að lokum vildi ég svo aðeins greina frá því, að Helgi Pétursson minnist á eitt atriði í grg. hv. flm. Þeir segja, að kjöt muni yfirleitt selt á mun hærra verði til neyzlu í nágrannalöndunum en hér. En þetta segir Helgi Pétursson að sé byggt á „algerum misskilningi“, eins og sá hógværi maður orðar það í sinni grein. Og eftir að hann hefur farið nokkru nánar út í þetta, segir hann: „og er þá sýnt fram á, að upphaf þessarar málsgr.“, þ. e. a. s. þessi fullyrðing flm., „er hvort tveggja ósatt og villandi.“ En einmitt sú setning mun hafa átt að vera til að gefa í skyn, að mjög slælega hafi verið að þessum málum unnið á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga.

Ég skal nú láta þessum athugasemdum lokið. En ég vil aðeins að lokum minna á það, sem ég

sagði í upphafi, að hvað sem þessu líður, þessum þrætum fram og aftur um það, sem gert hefur verið, þá skiptir mestu máli, að kröftuglega sé á þessum málum haldið að öllu leyti, og ekkert nema gott um að segja, að minnt sé á, að það er rík nauðsyn á að sækja fram í þessu eins og öðru. En ef á að verða eitthvert gagn af þessari þáltill., þarf að kryfja þetta mál miklu betur til mergjar en fram kom hjá hv. 1. flm., og vísa ég til þess, sem ég sagði um það í upphafi.

Umr. frestað.

Á 37., 40., 44. og 46. fundi í Sþ., 21. febr., 7., 21. og 28. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 4. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þessari till. á þskj. 194 er útbýtt hér á Alþ. 12. des. Hún er til umræðu 15. febr., en umr. þá frestað og hefur ekki komið til umr. síðan fyrr en nú í dag.

Áður en málið fer í nefnd, vil ég leyfa mér að segja nokkuð um þetta merka mál. Ég tel, að þetta sé eitt af merkustu málum landbúnaðarins sem stendur, hvort hægt sé að ná öruggum markaði fyrir landbúnaðarafurðirnar og hækka verðið frá því, sem nú er. En í umr. um till. á þskj. 194, sem fram fóru hér, eins og ég sagði áðan, lét hv. 1. þm. Austf. (EystJ) þau orð falla, að með því að ákveðin hefði verið aðeins ein umr. um þáltill., væri sýnilegt, að þessi till. mætti ekki og ætti ekki að ná fram að ganga, þar sem gert væri ráð fyrir, að hún hefði engin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóðinn, því að um þær till., sem eiga að hafa útgjöld í för með sér, séu hafðar og eigi að hafa tvær umr., og því sé vandséð, hvaða gagn verði að því að samþykkja till. Öll ræða hv. þm. byggðist síðan á þessum meginatriðum, að till. væri óþörf. Samband ísl. samvinnufélaga, sem með þessi mál fer, hafi jafnan leyst þann vanda svo vel af hendi, að engin ástæða sé til gagnrýni eða nokkurra aðgerða af hálfu þings og stjórnar, enda hafi Sambandinu tekizt að ná miklu hærra verði fyrir íslenzkt kjöt á erlendum markaði en öðrum, sem kjöt fluttu út á sömu markaði frá öðrum löndum. Deildi hv. þm. hart á þá aðila alla, sem látið höfðu í ljós aðrar skoðanir, og taldi, að hér væri verið að hefja skipulagðan áróður á samvinnufélögin í landinu, og spurði þó jafnframt, hvort nú stæði til að taka þessi viðskipti af Sambandinu. Las hann þessu til sönnunar upp kafla úr skýrslu þess forstjóra, sem þessi mál heyra undir hjá Sambandinu, er öll átti að sanna, hversu tilefnislaust það væri að flytja slíka till. á Alþ. eða yfirleitt að leyfa sér að gagnrýna á einn eða annan hátt verk þessara ádeildu fulltrúa bændanna, sem að þeirra eigin óskum færu með þessi mál á þann hátt, sem þeir sjálfir væru fullkomlega ánægðir með. Í þessu sambandi spurði hv. þm., hvort það vekti fyrir tillögumönnum, að veittur yrði styrkur af almannafé til stuðnings tilraunastarfsemi varðandi kjötsölu og kjötverkun, og ef svo væri, þá væri fróðlegt að vita, hvaða aðila þeir hefðu hugsað sér, að ríkisstj. styddi í þessu tilfelli, hvort það væri t. d. félagsskapur bændanna sjálfra, samvinnufélögin, sem hefðu nú kjötsöluna með höndum og ekki fyrir það, að þessum félagsskap hafi verið tryggt með hömlum eða löggjöf að vinna einum að þessum verkefnum, heldur væri þetta eini aðilinn í landinu, sem hefði nokkurn minnsta áhuga fyrir að flytja út þessar afurðir bændanna, svo að ég fari rétt með ummæli hv. þm. um þetta mál.

Út af þessum orðum hv. þm. þykir mér rétt að segja nokkur orð um þetta mjög svo merka mál, sem gera mátti ráð fyrir að maður, sem telur sig í hvívetna bera hag bændanna fyrir brjósti, hefði tekið nokkru betur en raun ber vitni um, er hann ræddi það hér á Alþ. við 1. umr.

Sú ástæða að samþykkja ekki till. fyrir það eitt, að ekki hefði verið ákveðin nema ein umr. um hana, er út af fyrir sig ekki frambærileg og eiginlega furðulegt, að jafnþaulæfður þm. og hv. 1. þm. Austf. er skuli færa fram slík rök gegn málinu. Ekki einasta eru fjölmargar þáltill. samþ., sem útgjöld hafa í för með sér fyrir ríkissjóð, þótt um þær hafi verið aðeins ákveðin ein umr., svo að hér er ekki um neitt einsdæmi að ræða, en auk þess og einmitt vegna þess hefur verið tekin upp sú venja hér á Alþ., þótt aðeins sé ákveðin af hæstv. forseta ein umr. um þáltill., að fresta umr., senda málið í nefnd, og á þann hátt fara raunverulega fram tvær umr. um málið.

Hv. 1. flm. till. lagði og til í lok framsöguræðu sinnar, að till. yrði vísað til hv. fjvn. Sú n. hefur þó allar aðstæður til að rannsaka, að hve miklu leyti till. kynni að hafa útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð, eins og hún hefur óbundnar hendur til að breyta till. Og þótt till. þannig breytt með fullum stuðningi hv. fjvn. kynni að hafa í för með sér einhver útgjöld, sem nefndin þá setti hámark á, annaðhvort með beinu orðalagi í tillgr. sjálfri, í nál. um till. eða í framsöguræðu, og till. þannig samþykkt af meiri hl. Alþ., væri hér um fullkomna þinglega meðferð að ræða á málinu, er kæmi því að notum. Þau rök hv. þm., að þýðingarlaust sé að samþ. till., þar sem eigi hafi verið höfð um hana nema ein umr., eru aðeins veik tilraun til þess að draga úr gildi till. og fá engan veginn staðizt og eru honum ekki heldur til neins sóma.

Skal þá nokkuð vikið að því atriði, hvort þessi þjónusta, sem Samband ísl. samvinnufélaga hefur veitt bændum um langt tímabil, er með svo miklum ágætum, að þess vegna sé till. óþörf og engra umbóta sé þörf á því sviði. Mikill hluti ræðu hv. 1. þm. Austf. og allur skýrslulestur hans úr greinum forstjórans, Helga Péturssonar, átti einmitt að sanna þetta, sanna það, að hér væri engra umbóta þörf, hér væri allt í bezta lagi, hér væri ekki hægt að gera neitt betur og því væri till. óþörf. Ég skal ekki leggja neinn dóm á gerðir Sambandsins í þessu máli. Ég geri þvert á móti ráð fyrir því, að það, eins og hver annar aðili, sem tekur að sér slíka þjónustu, leysi hana af hendi eftir beztu getu á hverjum tíma, þannig að eigi verði almennt átalið, og e. t. v. enn betur. Það raskar þó ekki þeirri staðreynd, að ekkert verk er svo vel af hendi leyst, að ekki megi

hugsa sér, að hægt sé að koma þar við einhverjum umbótum, eins og það er einnig ljóst, að hver aðili, sem fær slíka einkaaðstöðu um sölu á útflutningsvöru sem Sambandið hefur fengið hér á landbúnaðarafurðum, er ekki jafnháður þeim reglum, sem almennt gilda um sölu, sem er frjáls hverjum sem er, þ. e. að verða að tryggja sem beztan markað og hæst verð, ef hann sjálfur á að geta haldið umboðinu til sölu á vörunni fyrir hinn aðilann eða fyrir aðra. Ég skal ekki heldur leggja á það dóm, hvort þetta fyrirkomulag hefur almennt gefið bændum hæsta verð. Hitt fullyrði ég, að fleiri en einn erlendur aðili hefur kvartað mjög undan því, að síðan þetta kerfi var tekið upp, hafi verið mjög miklum mun erfiðara fyrir þá, sem höfðu hug á því að kaupa vöruna, að hefja umr. um þau viðskipti við forráðamenn Sambandsins en áður var, á meðan útflutningur var í höndum fleiri aðila, eins og ég veit líka með vissu, að þau svör hafa jafnan verið gefin af Sambandinu, þegar menn hafa boðið hærra verð fyrir ákveðið magn afurða, sem óseldar lágu erlendis, en Sambandið þó gat fengið, að það þyrfti ekki að sinna neinum tilboðum frá milliliðum, því að þeir væru sjálfir einfærir um að selja vöru sína. Í þessum upplýsingum mínum liggur þó engin ásökun á Sambandið sérstaklega. Þetta er hin fasta regla, sem allir slíkir íslenzkir söluaðilar hafa sett sér, ekkert frekar Samband ísl. samvinnufélaga en bæði Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband ísl. fiskframleiðenda og líklega allir, sem í slíka einkaaðstöðu komast í sambandi við sölu afurða. Hins vegar sannar það ekkert, nema síður sé, að ekki hefði verið unnt að ná betra söluverði með því að sinna meira en gert hefur verið fyrirspurnum og tilboðum frá aðilum, sem höfðu aðstöðu til að koma fram með betri tilboð á vörunum, en var neitað um samstarf. Þetta, sem ég hef sagt hér, eru staðreyndir, sem verður ekki haggað.

Þótt ég líti svo á, að þetta, sem ég hef sagt hér, sé eitt af því, sem beri að breyta og umbæta, þá er síður en svo, að það sé það eina, sem umbóta þarf við í sambandi við sölu íslenzkra landbúnaðarafurða á erlendum markaði. Það eru nú um 25 ár síðan ég skrifaði ýtarlega grein um útflutning á íslenzku lambakjöti í sérstökum umbúðum. Við höfðum þá um langt skeið flutt út saltkjöt, venjulega stórhöggvið, í tunnum. Innanlands var þó og er enn selt spaðsaltað kjöt, sem kallað er. Þá var í flestum löndum að koma fram á markaðnum frosið kjöt í smábitum, pakkað í loftþéttar umbúðir, sem nefnast „Cryovac". Ég benti þá á, hversu okkur væri nauðsynlegt að taka upp þessa aðferð og senda okkar kjöt út þannig. Með því móti mundi ör uggt að fá mjög hækkað verð fyrir kjötið, í stað þess að senda það á erlendan markað fryst í heilum skrokkum. Það hefði verið til of mikils ætlazt af Sambandinu að hverfa inn á þá braut, bara vegna þess að ég, sem ekki hafði gert að neinu ævistarfi að selja kjöt, hefði ritað um málið í blaðagrein. En það hefði þó verið hægt að vænta þess, að aðili, sem tekið hafði að sér þann vanda að selja landbúnaðarafurðir fyrir hæsta verð og var þess utan gefin sú aðstaða að vera einn um þá þjónustu, fylgdist fullkomlega með því, í hvaða umbúðum slík vara seldist bezt, hvernig bezt er að fá markað fyrir hana erlendis og hvernig einnig væri bezt að búa um hana. En fyrir því sýnist Sambandið hafa haft lokuð augu allt til þessa tíma. Síðan þetta var hefur á hverju ári farið sívaxandi að selja kjöt, sem inn er flutt, og jafnvel einnig innanlandsframleiðslu í hverju landi, í „Cryovac"-umbúðum, og í mörgum löndum og einkum þeim, sem lengst eru komin í meðferð matvæla, þykir það nú hreinasti skrælingjaháttur að bjóða neytendum kjötvöru í öðrum umbúðum. Það haggar þó ekki þeirri staðreynd, að þúsundir smálesta af frystu kjöti eru fluttar inn í heilum skrokkum í ýmsum löndum, sumpart í hinum gömlu léreftsumbúðum og sumpart í vaxandi mæli í loftþéttum „Cryovac"-umbúðum. Og getur hver sá, sem vill leggja það á sig að reika um kjötmarkað í borgum annarra landa, fullvissað sig um, að þetta er staðreynd. Hitt er svo jafnmikil staðreynd, að slíkt kjöt er venjulega selt hinum fátækustu mönnum í landinu, en ekki þeim, sem vilja borga hæsta verð.

Samkv. till. er lagt til, að Alþingi skori á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að tilraunir verði gerðar með útflutning á dilkakjöti, þar sem reyndar verði nýjar aðferðir með pökkun og verkun á kjötinu. Aðferðir þessar hefði raunverulega átt að vera búið að taka upp fyrir 25 árum. Einnig er lagt til, að kannaðir verði til þrautar hugsanlegir markaðsmöguleikar fyrir dilkakjöt í hverju því formi, sem gefur hagstæðast verð. Þetta verður ekki skilið á annan veg en þann, að verði till. samþ. óbreytt, ber ríkisstj. að beita sér fyrir því, að gerðar verði tilraunir til þess að flytja út dilkakjöt í öðrum umbúðum en nú er gert, þ. e. að útflytjendur taki upp nýjustu og hagkvæmustu pakkningu og umbúðir til þess á þann hátt að mæta kröfum og óskum beztu kaupendanna, eða m. ö. o. að taka upp aðferðir, sem hefði átt að vera byrjað á fyrir 25 árum og hefur skaðað bændur um milljónir á þessu tímabili, að ekki hafa verið teknar upp. Vitað er, að fiskútflytjendur hafa um langan tíma sent út vöru sína í smápökkum í stað þess að senda fiskinn heilfrosinn á markaðinn. Hafa þeir aflað sér þannig nýrra markaða og hækkað verðið og fylgzt þannig með breyttum viðhorfum á fiskmarkaðinum og lagað sig eftir því. Ríkissjóður hefur ekki stutt þessar tilraunir með beinum fjárframlögum. Það hefur þótt sjálfsögð þróun í sölutækni hjá aðila, sem hefur tekið að sér þann vanda að selja vöruna. Og hér hefur Sambandið einnig fylgzt með í þeim umbótum, á sama tíma sem það vanrækti hina hliðina, e. t. v. vegna þess, að það hefur haft einokunaraðstöðuna. En hér hefur það líka haft samkeppnina við að glíma gagnstætt því, sem á sér stað um útflutning og sölu landbúnaðarafurða. Og ég hygg, að það sé ekkert óeðlilegt að álykta, að einmitt það, að salan er í einokunaraðstöðu, þar sem engin samkeppni kemst að, eigi ekki svo lítinn þátt í því, að söluaðferðir og sölutækni á íslenzku kjöti erlendis hefur staðnað meira en æskilegt er. Úr þessu verður að bæta.

Síðan Iðnaðarmálastofnun Íslands tók til

starfa, hefur það verið eitt af meginverkefnum hennar að vekja áhuga Íslendinga á sölutækni. Samband ísl. samvinnufélaga á þar aðild að stjórn. Ég tel, að það sé ekkert óhugsandi, að sú stofnun geti veitt Sambandinu stuðning í þessu mikla vandamáli. Ýmsar þjóðir, sem við höfum viðskipti við, og ekki hvað sízt Bandaríkin hafa veitt Iðnaðarmálastofnun margvíslegan stuðning. Ég tel, að þau muni verða fús til þess að veita henni einnig stuðning í þessu máli. Þær tilraunir, sem hér þarf að gera, þurfa á engan hátt að vera svo fjárfrekar, að það eitt út af fyrir sig þurfi að standa málinu fyrir þrifum. Sú tilraun er að langmestu leyti fólgin í því að kynna sér, hvaða óskir kaupendur hafa um verkun og umbúðir til þess að vilja gefa sem mest fyrir vöruna, og síðan uppfylla þær, en hverfa frá hinu, að reyna að troða upp á kaupendur vöru í úreltum og óheppilegum umbúðum, sem aldrei er hægt að fá hæsta verð fyrir, en aðeins fátækustu mennirnir eru kaupendur að.

Síðan tekinn var upp sá háttur að tryggja bændum fullkomið framleiðsluverð fyrir afurðirnar, hvort heldur þær eru seldar innanlands eða utan og á hvaða verði sem þær eru seldar, og láta ríkissjóðinn greiða mismuninn, þá er þetta ekki lengur einkamál bændanna, kaupfélaganna eða Sambandsins. Þá er það engu síður mál ríkissjóðs og þjóðarinnar í heild. Það er því alveg ástæðulaust og enda líka tilgangslaust fyrir hv. 1. þm. Austf., sem öðrum fremur telur sig vera fulltrúa bændanna og Sambandsins hér á Alþ., að vera að hlaupa upp á nef sér fyrir það og hafa allt á hornum sér, þegar borin er fram till. um að ná sem beztum markaði og hæstu verði fyrir framleiðslu þeirra aðila, sem hann þykist bera svo mikla umhyggju fyrir.

Hér hefur að vísu svo til tekizt, að það eru andstæðingar hv. þm. í stjórnmálum, sem eru flm. þessarar till., og kann það að vera einhver orsök fyrir afstöðu hv. þm. til till., en slíkt er hvorki viturlegt né sæmilegt, að ganga í berhögg við hagsmuni umbjóðenda sinna af þeim ástæðum einum. Hitt er miklu farsælla og drengilegra, að taka saman höndum við andstæðinga til fylgdar svo góðu máli sem hér er á ferðinni, og er þess að vænta, að þegar svo þaulæfður þm. sem hv. 1. þm. Austf. er áttar sig betur á nauðsyn þessa máls, þá skilji hann, að það er honum fyrir beztu að sýna þessu fulla vinsemd og ljá málinu fullt lið bæði utan þings og innan.

Ég skal þá fara nokkrum orðum um þá staðhæfingu hv. þm., að útflutningur og sala íslenzkra landbúnaðarafurða sé ekki komin á hendur Sambandsins fyrir þess ósk eða fyrir neinar hömlur á þeim viðskiptum né fyrir aðgerðir Alþ., heldur beinlínis fyrir það eitt, að engir aðrir aðilar hafi haft minnsta áhuga fyrir þessum málum, eins og hann lét orð falla um hér í þinginu við 1. umr. Hér veit hv. 1. þm. Austf., að hann fer með vísvitandi rangar staðhæfingar. Þessi mál eru beinlínis komin í þennan farveg fyrir aðgerðir löggjafans og áróður kaupfélagsmannanna, en ekki fyrir það, að engir aðrir aðilar hafi haft áhuga á málunum. Öllum öðrum en kaupfélögum var, gagnstætt fullyrðingum hv. þm., skipulega og ört bægt frá þessum viðskiptum með lögum, eins og ég skal nú sýna fram á. Það kemur ekki þessu máli við, hvort það þótti nauðsyn á þeim tíma og þykir enn að hafa þann hátt á. Hitt er staðreynd, að þannig hefur þetta verið, og má ekki láta slíkum fullyrðingum mikils metins hv. þm. ómótmælt, ekki hvað sízt þegar því er haldið fram, að þessu kerfi hafi verið þvingað upp á kaupfélögin og Sambandið af því, að enginn annar aðili hafi fengizt til þess að sýna þessari þjónustu hinn minnsta áhuga, og það nú notað sem afsökun fyrir því, að ekki hefur tekizt svo vel sem skyldi um meðferð þessara mála.

Árið 1935, en það ár er Framsfl. við stjórn í landinu, eins og kunnugt er, voru sett lög á Alþingi, nr. 2 9. jan., um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum sláturafurða og ákveða verðlag þeirra. Bæði fyrr og síðar hefur Framsfl. talið, að þessi löggjöf hafi beinlínis bjargað afkomu íslenzkra bænda, og hælt sér mjög af því, að hann hafi einn átt þátt í þeirri björgunarstarfsemi. Það atriði skal ég ekkert ræða hér í dag, en í 3. gr. þessara laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Enginn má slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis kjötverðlagsnefndar. Heimilt skal þó sauðfjáreigendum, er reykja kjöt á heimilum sínum, að selja það beint til neytenda, enda greiði þeir af því verðjöfnunargjald, um leið og afhending fer fram. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn. Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum, sem nú eru starfandi, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæðum félaga, sem hætta störfum, án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annarra félaga.“

Svo segir enn fremur: „Heimilt er að veita slátrunarleyfi félögum neytenda á þeim stöðum, þar sem ekki eru sláturhús, en aðeins fyrir það fé, sem þau kynnu að kaupa til neyzlu meðal meðlima sinna. Enn fremur getur nefndin veitt leyfi samvinnufélögum bænda, er stofnuð kunna að verða, eftir að lög þessi öðlast gildi, á svæði, þar sem ekki eru starfandi samvinnufélög fyrir og ekki falla undir ákvæði 3. málsl. þessarar greinar.“

Ég veit ekki, hvernig hægt væri að skilja þessi ákvæði á annan veg en þann, að löggjafinn er hér beinlínis að bægja öllum öðrum en kaupfélögum og Sambandinu frá þessum viðskiptum. Að vísu stendur hér enn: „Sömuleiðis þeim verzlunum öðrum, sem árið 1933 áttu eða starfræktu sláturhús, sem fullnægði ákvæðum laga um kjötmat o. fl. frá 19 júní 1933.“ En það er aðeins heimilt þeim mönnum, sem áttu sláturhús 1933. M. ö. o., þessi lög fyrirbjóða alveg nýjum einstaklingum að fara inn á þetta svið. Þeim er gersamlega ýtt út úr þessari þjónustu, alveg gagnstætt því, sem hv. 1. þm. Austf. fullyrti hér um daginn.

Þann 9. ágúst árið áður hafði ríkisstj. gefið út brbl. nr. 42 um þetta efni, og eru þau staðfest á næsta þingi svo að segja breytingalaust, en það ár stjórnaði einnig Framsfl. hér á þessu landi.

Ég held, að það blandist engum hugur um það, sem kynnir sér þessa grein, að með henni er mörkuð af löggjafanum sú stefna, sem þá var tekin upp og síðan haldið, og þess gætt í vaxandi mæli, að af henni yrði ekki vikið um hársbreidd. Hitt er bæði mér og öllum þeim, sem komið hafa í snertingu við þessi mál, kunnugt um, að þeir aðilar, sem falin var framkvæmd l., sýndu sannarlega enga linkind gagnvart þeim, sem áhuga höfðu á því að fá sláturleyfi og hefja kjötvinnslu innanlands og utan, en þeir menn voru ekki ráðandi menn í Sjálfstfl., enda er þá unnið að því á mjög skipulegan hátt af framsóknarmönnum að bola í burt úr þeirri þjónustu öllum nýjum aðilum, sem vildu ekki gangast undir jarðarmen Framsfl. í öllum atriðum. Og svo leyfir hv. þm. sér að segja, að það hafi ekki fyrir aðgerðir Alþingis verið farið inn á þessa braut.

En þetta var ekki eina aðstoðin, sem löggjafinn veitti til þess að sveigja málið inn á þessa braut. Með lögum nr. 52 23. júní 1932 er ríkisstj. heimilað að ábyrgjast allt að 400 þús. kr. til þess að koma upp frystihúsum á kjötútflutningshöfnum og ábyrgjast allt að ⅔ hluta kostnaðar af byggingu slíkra húsa. Og með lögum nr. 79 19. júní 1933, sbr. 5. gr. þeirra laga, er ríkisstj. heimilað að greiða allt að ¼ stofnkostnaðar við að reisa frystihús samvinnufélaga eða sýslufélaga, — aðeins sett upp á punt, því að vissulega vissi löggjafinn þá, að sýslufélögin væru ekki að reisa slík hús, og þá sett það til málamynda, svo að gr. fengi ekki í augum almennings algerðan framsóknarblæ, enda sé aðalhlutverk þeirra að frysta kjöt til útflutnings.

Ég hygg, að þessar tilvitnanir séu nægilegar til þess að sýna, að ummæli hv. 1. þm. Austf. um það, að þessi þjónusta hafi verið falin Sambandinu vegna þess, að engir aðrir hafi haft áhuga á því að sinna henni, er algerlega röng og að hann, sem þá átti sæti í ríkisstj. sem fjmrh., og flokkur hans fór á því tímabili með landbúnaðarmálin, geti ekki verið óvitandi um þennan gang málanna, og ber hann því ummæli fram um þetta atriði á Alþ. gegn betri vitund. Þykir mér það leitt um jafnmerkan mann og hv. 1. þm. Austf. er, að hann skyldi henda þetta slys.

Ég hef þó hvorki dregið þessi gögn fram til þess að ófrægja hv. 1. þm. Austf. né til eingöngu að hrekja ummæli hans, þótt ávallt sé rétt að hafa það, sem sannast reynist, heldur miklu frekar til að sýna fram á, að vegna þessarar afstöðu löggjafans hefur Sambandið tvöfaldar skyldur gagnvart framleiðendum og þjóðinni í heild til þess að gera sitt ýtrasta í því að afla markaða og ná hæsta fáanlegu verði fyrir afurðir, sem því hefur þannig einu verið falið og styrkt á margvíslegan hátt að rækja svo sem bezt verði á kosið.

Ég geri ráð fyrir, að löggjafinn hafi einnig ætlazt til þess, að það kæmi fram í framkvæmdunum, að það yrði gert þannig, að það væri ekki hægt að gera það á neinn annan hátt betur og að hér mundi ekki þurfa að tala um vanrækslu á neinum sviðum í þessu máli.

Það kemur því úr hörðustu átt, að hv. 1. þm. Austf., sem vitað er að hefur víðtæk áhrif á starfshætti Sambandsins, skuli ganga hér fram fyrir skjöldu og fullyrða, að till. sú, sem hér er til umr., sé til einskis nýt og óþörf, því að allt sé í svo góðu lagi sem á verði kosið í sölutækni íslenzkra landbúnaðarafurða á erlendum markaði. Ég held, að honum væri meiri sæmd að því að styðja svo sem frekast mætti verða framgang till. og umbætur þær, sem till. miðar að, að gerðar verði á þessu mikla hagsmunamáli íslenzkra bænda. Ég vænti þess, að hann sjái mestan sóma sinn í því að stuðla að því og allir þm. Framsfl. fylgi þessari till. og síðan taki Sambandið fúslega upp samvinnu við þá aðila, hverjir sem þeir kunna að verða, sem falið verður að framkvæma till., eins og hún kann að verða orðuð hér, áður en hún verður samþ. í þinginu. Hitt er svo vitanlegt, að þetta er eitt af þeim málum, sem ekki má daga hér uppi, og ég vænti þess, að henni verði komið hér fljótt til nefndar og að hv. fjvn., sem hugsað er að afgreiði málið, láti hana koma til afgreiðslu, áður en þessu þingi er lokið.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Það er nú orðið alllangt síðan þetta mál var hér til umræðu síðast, og hafði ég þá kvatt mér hljóðs, vegna þess að það voru nokkur atriði í ræðu hv. 1. þm. Austf., sem ég vildi fara fáeinum orðum um.

Hann mælti með till., en var þó á móti henni. Þetta er fremur óvenjulegt um þennan hv. þm., sem jafnan er óskiptur, þar sem hann tekur afstöðu til mála. Þrisvar sinnum lét hann í ljós ánægju sína yfir því, að hreyft væri við þessu máli, sem hann teldi mikilsvert, og ég gat ekki betur skilið en hann teldi umbóta þörf á meðferð og frágangi dilkakjöts í hendur vandlátra kaupenda frá því, sem verið hefur og nú er. Einnig sagði hann, að orðalag till. og grg. og framsöguræða hv. 3. þm. Austf. væri allt fremur hæversklega fram sett og áreitnislaust, eða þannig skildi ég hans orð, en aftan, framan og allt um kring og inni á milli var hann að tala um ófrægingarherferð á hendur Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem hangi á sömu spýtu og þessi ályktunartill. Ég held, að þetta snjalla líkingamál sé alveg orðrétt eftir honum haft.

Á hinum síðustu og verstu tímum einkennast sum blaðaskrif um of af ímyndun. Þau fjalla um árásir og ofsóknir og höfundar þeirra þykjast sjá flygsur líða um loftin, sem engar eru þó til. Ekki hélt ég, að hv. 1. þm. Austf. væri myrkfælinn á borð við Tímann, sem sífellt er að klifa á þessum ofsóknarótta, og svo þegar það góða blað fer að segja frá þessari ræðu þingmannsins daginn eftir, stendur skrifað mjög myndarlegu letri sem fyrirsögn: Rógurinn um kjötútflutning SÍS. — Af þeirri túlkun, sem fylgdi, hlaut frómur lesandi, t. d. norður í landi eða austur, að álykta sem svo, að flm. þessarar till. væru að hefja ofsóknir á hendur Sambandi ísl. samvinnufélaga.

Það er annars mikill siður hér á Alþ. að hengja tvo hluti á sömu spýtuna, þar sem aðeins einn ætti að hanga, svo að ég viðhafi skáldskaparmál hv. 1. þm. Austf. Hann telur málið sjálft í sjálfu sér nauðsynlegt og stuðnings vert, en teng-

ir við það um leið tilbúinn hlut eða ímyndaðan, svo að hann geti verið á móti því. En svo að ég haldi áfram að tala um útflutning á dilkakjöti og þessa till., hið réttara er, að í henni fyrirfinnst ekki stafkrókur, ekki heldur í grg. og ekki í framsöguræðu, sem bendi á árásir á einn eða nokkurn, að maður ekki tali um ofsóknir.

Hv. þm. hefur það við till. helzt að athuga, að ekki sé rakið nógu ýtarlega, hvað tillögumenn vilja að gert sé, hvaða breytingar eigi að gera á meðferð kjötsins, svo að það hækki í verði á erlendum mörkuðum, hvernig nýjar umbúðir eigi að vera, hvort frysta eigi kjötið eða sjóða niður, reykja það eða hraðfrysta í pökkum, hvar eigi fyrir sér að leita um nýja markaði, hvaða mönnum eigi að fela athugun um nýjar leiðir í þessu efni, félögum eða stofnunum og þar fram eftir götunum. Ef þetta lægi allt ljóst fyrir, þyrfti enga athugun, enga rannsókn á því, sem hér um ræðir, og ég tel það fyrir utan landamerki umræðunnar að bollaleggja um það, hvort ríkisstj. eigi heldur að velja þennan manninn eða hinn til þess að fara með þessi mál, ef till. verður samþ. Þetta allt eru framkvæmdaratriði, en ekki málsatriði, og annaðhvort vill Alþingi, að ríkisstj. skipti sér af þessu máli ellegar hún skipti sér ekki af því. Til hennar einnar getur það snúið sér. Í öðru lagi er eðlilegt, að það hafi afskipti af málinu, vegna þess að ríkissjóður er ábyrgur gagnvart framleiðendum fyrir framleiðslukostnaðarverði fyrir það kjöt, sem er flutt úr landi. Í þriðja lagi er svo það, að ríkisvaldið hefur betri aðstöðu en allir aðrir til áhrifa með sínum afskiptum, beint eða óbeint.

Búnaðarþing sneri sér í fyrra til framleiðsluráðs landbúnaðarins, Sambands ísl. samvinnufélaga og ríkisstj. um það afl til þessara hluta, sem mest verkar, það eru fjárframlög. Þessi till. gengur raunar í mjög svipaða átt og till. sú, sem samþykkt var á búnaðarþingi í fyrra, sem sé að kanna nýjar leiðir í þessu efni, því að bændur sem aðrir finna til þess, að hér hefur orðið of mikil stöðnun á. Gegn þeirri viðbáru, að það eigi að vera vantraust og óvirðing, helzt rógur á SÍS, að Alþ. snúi sér til ríkisstj., en ekki þess, sem hefur haft með allan kjötútflutning að gera, vil ég leggja fram spurningar, sem ættu að vera nægileg svör: Er það óvirðing eða vantraust á útflytjendur sjávarafurða, að áskoranir hafa komið fram á Alþingi, að ríkið hlutaðist til um markaðsleitir fyrir þær hvað eftir annað? Er það óvirðingarmerki við útvegsmenn, að áskoranir hafa verið fluttar og samþykktar, að ríkið láti leita að nýjum fiskimiðum? Er það rógburður við sömu aðila, að margar tillögur hafa komið fram um betri hagnýtingu sjávarafla og í öðru lagi um bætta meðferð á honum? Svona mætti lengi telja hliðstæð dæmi, en þessar tillögur ganga allar út á það sama, að fá auknar tekjur, aukið verð fyrir framleiðsluna með einhverju móti, og það, sem nú gefur auknar líkur fyrir því, að þetta megi lánast að því er íslenzkt dilkakjöt varðar, er það, að lambakjötið hefur fengið það orð á sig mjög víða, að það sé jafnvel bezta lambakjöt, sem á markað kemur. Einnig hitt, að útflutningur okkar er svo lítill, að hann er aðeins dropi í hafi, þegar út fyrir pollinn kemur, og munar því engu um hann á erlendum mörkuðum.

Sem dæmi um breytta verkun má nefna léttreykta kjötið, sem nú hefur allmikið verið umtalað hina síðustu tíma og virðist líklegt til þess að geta unnið markaði. Um leið og þessi vara er að ná vaxandi áliti, dettur manni í hug til samanburðar tímabilið milli 1930 og 1940, þegar blóð og tímarit kölluðu dilkakjöt okkar óæti og hundamat og bændur iðjóta, sem þreyttu maraþonhlaup við ær og hrúta um öll foldarból. Kindaull sögðu sömu blóð að væri nothæf aðeins í fótaþurrkur og stéttin, sem að þessu ynni, væri ómagi á þjóðinni. Þá fékk bóndinn 8—14 kr. fyrir dilkinn, enda allir bændur þá að flosna upp, unz Ingólfur Jónsson bjargaði verðlaginu mjög við 1942 eða 1943. Þessa tíð muna bændur enn og vita vel, hvað verðlag á vörum þeirra gildir.

Núverandi útflutningstrygging er ekki ákjósanleg fyrir neinn, þó að hún sé nauðsynleg eins og sakir standa. Að brottfalli útflutningsuppbóta vilja allir stefna, og að því á þessi þáltill. að miða meðal annars. Þær falla niður af sjálfu sér að því er kjötið snertir, ef unnt skyldi reynast að ná kostnaðarverði fyrir það, sem út þarf að flytja, eða jafnvel hærra verði en kostnaðarverði. Eitthvað var hv. 1. þm. Austf. að tala um, að ósatt væri það, að kjötverð til neytenda væri hærra í nágrannalöndunum en hér á Íslandi. Ég hef það beint frá manni, sem ég þekki og hefur keypt kjöt í Svíþjóð, að þar fæst ekkert kjöt í verzlunum fyrir minna en 60 kr. kg og upp í 160 kr., 60 kr. íslenzkar lélegasta kjöt og svo dýrara.

Ég ætla, að þetta sé ekki einstakt með Svíþjóð meðal nágrannalandanna, en ég þori ekki að fullyrða um annað en það, sem ég veit fyrir víst, enda skiptir það ekki út af fyrir sig verulegu máli í þessu sambandi. Aðalatriðið er það, hvort unnt er að gera lambakjöt að verzlunarvöru, sem verði eftirsótt og skili í hendur framleiðenda fullu kostnaðarverði eða meira, því að það ástand, sem er, að flytja út lambakjöt fyrir miklu lægra verð en kostar að framleiða það, er vitanlega ekkert framtíðarfyrirkomulag.

Ég vil svo vænta þess, að hv. 1. þm. Austf. sem aðrir þm. vilji styðja að því, að þessi till. verði samþ. Það getur engan skaðað a. m. k., en það getur vel verið, að eitthvað verulegt vinnist við það. Og það er engin ástæða til að vera að deila, vekja deilur um keisarans skegg í sambandi við þessa till. og útfæra hana almennt yfir í deilur um landsmál og stefnur. Þetta er sérstakt mál, og ég get ekki fundið, að í því felist nein árás á Samband ísl. samvinnufélaga, þó að á það sé bent og leitað sé leiða um það að fá betri útkomu og betri sölu og hærra verð á þessa vöru en enn hefur tekizt. Í grg. okkar tillögumanna er meira að segja að því vikið, að Sambandið hafi eitthvað gert í þá átt að fá betri markaði en enn hefur tekizt, en það hafi ekki enn tekizt. Og þó að leitað sé til ríkisstj. um að stuðla að því, að þessar betri niðurstöður fáist, þá er það algerlega hliðstætt við margs konar aðrar tillögur að því snertir okkar framleiðslu, sem hafa verið fluttar og samþ. hér á Alþingi.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 6. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Ég hefði ekki séð ástæðu til að kveðja mér hljóðs aftur út af þessu máli eða út af því, sem fram hefur komið, síðan ég talaði, ef hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) hefði ekki beint að mér nokkrum ásökunum í sambandi við þetta mál, sem ég vil ekki láta ósvarað. En áður en ég kem að því að svara því fáeinum orðum, vil ég þó láta í ljós undrun mína yfir því, að hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) og hv. 10. landsk. þm., sem hér talaði og er einn af flm. till., virtist mjög umhugað um að halda því fram, að ég hefði snúizt með ofsa á móti till.

Þetta er í meira lagi furðulegt, vegna þess að ég mælti ekkert í gegn till., ekki með einu einasta orði. Ég benti á hinn bóginn á, að það væri mjög óljóst, hvað fyrir hv. flm. vekti með till., og afar illt að átta sig á því, hvað heimilt væri fyrir hæstv. ríkisstj. að aðhafast, ef till. væri samþ. Og ég fór fram á, að hv. flm. gerðu grein fyrir því, hvað það væri, sem þeir ætluðust til að hæstv. ríkisstj. hefðist að í málinu. En ég er alveg jafnnær um þetta eftir þá ræðu, sem hv. flm. Bjartmar Guðmundsson flutti hér um málið, sem átti að vera, að því er mér skildist, einhvers konar svarræða út af mínum orðum. Ég er alveg jafnnær um það, hvað fyrir hv. flm. vakir með till., og ég veit, að það er alveg eins ástatt um aðra hv. þm., því að hann bætti þar engu við til skýringar á því, hvað það væri, sem raunverulega ætti að gera.

Hv. þm. kvartaði yfir því, að ég hefði rætt hér um þann róg, sem hefði verið uppi hafður í garð Sambandsins í sambandi við umr. um þessi kjötsölumál, og taldi, að það hefði verið ófyrirsynju að blanda umr. um hann nokkuð inn í umr. um þessa till. En ég vil aftur á móti halda því fram, að það hafi verið full ástæða til þess að svara þeim rógi einmitt í sambandi við þessa till., vegna þess að það þarf ekki glöggskyggnan mann til að sjá, að þar hangir allt á sömu spýtu, eins og ég orðaði það, þau rógsummæli, sem fram komu í þessa átt hjá hæstv. fjmrh. og hjá Morgunblaðinu, og svo aftur ummæli hv. þingmanna, flutningsmanna, í grg. fyrir þáltill., þó að þeir fari þar miklu vægar í sakirnar og séu að öllu leyti hógværari, eins og ég margsinnis tók fram í þeim aths., sem ég lét falla hér á dögunum, þegar umr. hófst um málið. Tel ég því, að ég hafi í engu gengið lengra í að hrekja þennan róg en brýna nauðsyn bar til og gert var aðallega með því að skýra þingheimi frá þeirri greinagóðu skýrslu, sem framkvæmdastjóri Sambandsins í þessum málum, Helgi Pétursson, hafði samið og birt var í Morgunblaðinu.

Læt ég þetta alveg nægja um það, sem hv. flm. sagði, Bjartmar Guðmundsson, og út af hans ræðu.

Eins og ég sagði í upphafi, var ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, eingöngu það, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, og þótti mér leiðinlegt, að sá mæti maður skyldi viðhafa þau orð, er hann hafði í því sambandi. Hann sagði, hv. þm., að ég hefði sagt vísvitandi ósatt, — ég heyrði ekki betur en hann segði það, — um mjög þýðingarmikið atriði í þessu máli. En þetta kannast ég með engu móti við, eins og ég nú skal skýra.

Ég sagði, að eftir því sem ég bezt vissi, hefði enginn nema Samband ísl. samvinnufélaga staðið fyrir útflutningi á kjöti, sem hægt væri að nefna því nafni. Sambandið væri eini aðilinn, sem nokkra framkvæmd hefði haft með höndum í þessu efni og nokkurt frumkvæði hefði í því sýnt, og þessu væri svona varið, þó að Sambandið hefði alls enga einokun á kjötverzluninni.

Ég lagði áherzlu á, að það væru ýmsir aðrir aðilar, sem hefðu haft kjötverzlun með höndum, án þess að gera nokkuð í því að flytja út kjöt eða reyna að ryðja því braut með nýjum aðferðum á erlendum markaði, og hefðu þeir þó ekki aðeins haft möguleika til þess margir, heldur einnig í raun og veru skyldu að sjálfsögðu til þess að reyna slíkt ekkert síður en Sambandið, fyrst þeir lögðu það fyrir sig að verzla með kjötvörur.

En hv. 1. þm. Vestf. sagði, að í þessu efni hefði ég sagt vísvitandi ósatt, vegna þess að ég hefði dregið það undan, að Samband ísl. samvinnufélaga hefði í raun og veru með stuðningi löggjafar einokun á kjötverzluninni. Aðrir hefðu ekki haft aðstöðu til þess að spreyta sig. Ég skil ekkert í því, að jafnmætur maður og hv. 1. þm. Vestf. skuli segja þetta, þegar þeirrar staðreyndar er gætt, sem ég rifja upp, að margir kaupmenn og ýmis félög utan Sambands ísl. samvinnufélaga hafa sláturleyfi og hafa haft áratugum saman og hafa enn og þar með móttöku á kjöti og kjötverzlun. Því fer þess vegna alls fjarri, að Sambandið eða samvinnufélög innan Sambandsins hafi hér einokunaraðstöðu.

Mér þykir mjög leiðinlegt, að hv. þm. skyldi segja þetta, og ég veit, að hann hlýtur að hafa eitthvað misskilið þetta mál. Hann mundi alls ekki hafa viðhaft þessi orð, ef hann hefði athugað þetta ofan í kjölinn. Ég vil því álíta, að hér hljóti að hafa verið um einhvern misgáning að ræða eða þá þessi orð hafi fallið ófyrirsynju hjá hv. þm., því að um þetta er ekkert að efast. En sem sagt, ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst til að benda á þetta og vildi ekki láta þessa aðdróttun standa óleiðrétta í þingtíðindunum.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þessi till. er búin að vera oft á dagskrá hér í sameinuðu þingi, og hafa þegar orðið um hana töluverðar umr. Tveir af flm. till. hafa talað um málið og a. m. k. einn flokksbróðir þeirra að auki.

Hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ), sem flutti ræðu um málið í fyrradag, sagði í lok ræðu sinnar, að þessa till. mætti ekki daga uppi og þyrfti að komast sem fyrst til n. En ég held, að ræða hans sjálfs hafi ekki verið vel til þess fallin að greiða fyrir því, að málið komist sem fyrst til n. Hún var ekki þannig að efni til. Hann lét þar ýmis ummæli falla, sem tæplega verður komizt hjá að gera aths. við, eins og þegar hefur verið gert að nokkru leyti af hv. 1. þm. Austf. (EystJ).

Í umr. um þetta mál, útflutning á kjöti, hef-

ur því verið haldið fram af hæstv. fjmrh. á fundi í desember í vetur hér í Sþ., að svo virtist sem allt hafi staðið í stað nú líklega helming aldar eða jafnvel síðan á nítjándu öld um útflutning á kjöti, og hv. 1. þm. Vestf. hafði miður falleg orð um þetta í ræðu sinni hér í fyrradag. Hann talaði um skrælingjaháttt í sambandi við útflutning á kjöti og allt hefði staðið í stað í langan tíma o. s. frv. Þessi ummæli gefa tilefni til þess að fara nokkrum orðum um þetta mál og rifja upp, hvernig háttað hefur verið útflutningi á kjöti frá landinu.

Útflutningur sauðfjár frá Íslandi var veigamikill þáttur í viðskiptum þjóðarinnar á síðasta fjórðungi nítjándu aldarinnar. Á árunum 1880—1890 munu hafa verið fluttir út frá landinu um 18 þús. sauðir að meðaltali á ári. Á síðasta áratug aldarinnar var þessi útflutningur töluvert meiri. Þá voru fluttir út að meðaltali rúmlega 32 þús. sauðir á ári. Útflutningur lifandi fjár var töluverður fyrst eftir aldamótin, en fór ört minnkandi og var að mestu lokið í upphafi fyrri heimsstyrjaldarinnar. Þegar kom fram yfir aldamótin, var mönnum ljóst, að til annarra ráða varð að grípa til þess að koma sauðfénu í verð, og þá voru það bændur landsins, sem mynduðu félög, sem höfðu það að markmiði m. a. að koma upp sláturhúsum til þess að geta flutt út saltað kindakjöt. Það voru þessi samvinnufélög bændanna, sem höfðu forgöngu um þetta mál á fyrsta tug aldarinnar. Það voru kaupfélög bændanna á Norðurlandi, Austur- og Vesturlandi og á sumum stöðum sérstök sláturfélög, sem komu upp sláturhúsum. Hér á Suðurlandi var Sláturfélag Suðurlands stofnað á fyrsta tug aldarinnar. Þessi félög tóku að flytja út saltkjöt og unnu að bættri meðferð á þeirri vöru. Kjötið var aðallega flutt til Noregs og líkaði þar vel. En mönnum varð það ljóst, þegar kom fram yfir fyrri heimsstyrjöldina, að ekki var gott að treysta á saltkjötsútflutninginn eingöngu, heldur varð að reyna nýjar leiðir.

Samband ísl. samvinnufélaga hóf tilraunir með útflutning á kældu kjöti árið 1922 og hélt þeim áfram næstu árin. Á aðalfundi Sambandsins vorið 1923 var þetta mál til umr. Þar var samþ. ályktun, þar sem fundurinn lýsti því yfir, að það væri vilji hans, að stjórn Sambandsins ynni að því af fremsta megni, að komið yrði upp sem fyrst hæfilegu flutningaskipi með kæliútbúnaði til að flytja út nýjar afurðir landsmanna. Það var ekki einskorðað við kjötútflutning í þessari ályktun. Snemma árs 1924 skrifaði Jón Árnason, þáv. framkvæmdastjóri útflutningsdeildar hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga, grein í Tímann um þetta mál og benti þar á nauðsyn þess að rýmka kjötmarkaðinn með því að flytja kjötið út frosið, en til þess þurfti kæliskip. Skorar hann á Alþingi að láta mál þetta til sín taka. Mál þetta var tekið upp hér á Alþ. í fjvn. Nd. þetta ár, 1924. Þá voru fjárl. afgreidd í deildum þingsins, en ekki í Sþ., og því voru fjvn. í báðum þd. Tryggvi Þórhallsson, síðar forsrh., átti sæti í fjvn. Nd. á þessu þingi. Hann sat þá í fyrsta sinn á Alþingi. Eftir uppástungu hans bar n. fram till. um að skora á ríkisstj. að skipa fimm manna n. til að rannsaka verkefni fyrir kæliskip. Till. fjvn. var samþ. í þinginu. Samkv. þeirri till. skyldi skipa 5 manna n., og verkefni hennar átti að vera: 1) að rannsaka verkefni fyrir kæliskip og skilyrði fyrir því, að það gæti borið sig fjárhagslega, 2) að beita sér fyrir fjárútvegun til kaupa á skipi, ef rannsóknin leiddi til viðunandi niðurstöðu, 3) að láta undirbúa fyrir næsta þing áætlun um stærð skipsins, byggingarkostnað, rekstrarkostnað og annað, er máli skipti í því efni.

Þetta var efni þeirrar till., sem samþ. var hér á þingi 1924. Þá um vorið var endurtekin ályktun um þetta mál á aðalfundi Sambands ísl. samvinnufélaga. Þá var stjórn Sambandsins falið að halda áfram tilraunum og látin í ljós von um, að ríkisstj. og Eimskipafélag Íslands hefjist handa um útvegun kæliskips.

Kæliskipsnefndin starfaði á þessu ári, sú sem skipuð var samkvæmt ályktun Alþingis. Hún var skipuð 5 mönnum. Í henni áttu sæti m. a. Jón Árnason, framkvæmdastjóri útflutningsdeildar Sambandsins, og Tryggvi Þórhallsson alþm., síðar forsrh., auk þeirra þrír aðrir menn, kaupsýslumenn. En nm. urðu ekki sammála. Tveir þeirra höfðu verið skipaðir, annar eftir tilnefningu Verzlunarráðsins og hinn eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands og sá þriðji skipaður formaður af atvmrh. Þessir þrír menn mynduðu meiri hl. og töldu tormerki á því að gera nokkuð í málinu að sinni a. m. k. Kæliskipið yrði dýrt og ekki annað með það að gera en flytja frosið kjöt í tvo mánuði, sögðu þeir í sínu áliti, þar eð vér höfum einmitt hina tíu mánuðina nægilegan skipakost. Þessum nm. kom ekki til hugar á því ári, að það yrðu flutt út fryst matvæli önnur en kjöt. Þeir höfðu ekki komið auga á, að það gæti verið þörf fyrir slíkt skip til að flytja út frosinn fisk.

En minni hl. n., Tryggvi Þórhallsson, sem skipaður hafði verið í n. eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, og Jón Árnason, sem tók þar sæti eftir tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga, þeir tveir menn skiluðu ýtarlegu áliti um málið og lögðu til, að þegar yrði hafizt handa um framkvæmdir. Minni hl., Jón Árnason og Tryggvi Þórhallsson, samdi frv. um lánveitingar til frystihúsabyggingar á útflutningshöfnum og annað um kaup eða smíði á fullkomnu kæliskipi í sambandi við Eimskipafélag Íslands, ef samkomulag næðist. Og málið kom fyrir Alþ. árið 1925. Á heimildagrein fjárl. var sett heimild handa ríkisstj. til að lána úr viðlagasjóði allt að 100 þús. kr. til þess að reisa íshús á kjötútflutningshöfnum með ákveðnum skilyrðum. Á því ári, 1925, var byrjað á byggingu kjötfrystihúsa hjá kaupfélögunum. Fyrsta kjötfrystihúsið, sem byggt var í því skyni að frysta kjöt til útflutnings, var reist á því ári hjá Kaupfélagi Vestur-Húnvetninga á Hvammstanga, og næstu árin risu upp fleiri kjötfrystihús hjá kaupfélögum á Norður- og Austurlandi. Árin 1925 og 1926 leigði Samband ísl. samvinnufélaga útlend kæliskip til þess að flytja frosið kjöt til útlanda, vegna þess að Íslendingar áttu þá ekki slíkt skip.

Mál þetta var enn til athugunar á Alþingi 1926. Þá bar landbn. Nd. fram till. um framlag til kæli-

skipskaupa. Samkv. því frv. var ríkisstj. heimilað að veita Eimskipafélagi Íslands allt að 350 þús. kr. styrk til byggingar á nýju millilandaskipi gegn því, að skipið hafi fullkominn kæliútbúnað. Einnig var stjórninni veitt heimild til að ábyrgjast lán í sama skyni. Frv. þetta var samþ. á þinginu 1926. Brúarfoss kom 1927, en hann hafði frystivélar og var útbúinn til að flytja frosin matvæli.

Það, sem ég hef hér nefnt, sýnir, að það voru samvinnufélögin, sem höfðu alla forgöngu í þessu máli. Það voru bændurnir, sem komu upp sláturhúsunum á fyrsta tug aldarinnar, tóku að flytja saltkjöt á erlendan markað. Þeir stofnuðu sín félög í því skyni, og það voru félög þeirra, sem höfðu forgöngu um að koma upp kjötfrystihúsum og flytja frosið kjöt á erlendan markað á þriðja tug þessarar aldar. Þessi félög bændanna byrjuðu á því að flytja út frosið kjöt a. m. k. einum áratug áður en hv. 1. þm. Vestf. skrifaði grein sína um útflutning á lambakjöti, sem hann var að segja okkur í ræðunni í fyrradag, að hann hefði ritað fyrir um það bil aldarfjórðungi, og kaupfélögin hófu útflutning á frosnu kjöti um það bil áratug áður en farið var að flytja út frosinn fisk að nokkru ráði. Landbúnaðurinn var þannig heilum áratug á undan sjávarútveginum í þessu efni, undan sjávarútveginum í því að flytja út frosin matvæli til sölu á erlendum markaði. Útflutningur á frystum fiski hófst ekki að neinu ráði, fyrr en fiskimálanefndin var sett á stofn samkv. lögum frá 1934, en það voru Framsfl. og Alþfl., sem stóðu að þeirri lagasetningu. Eitt af fyrstu verkefnum fiskimálanefndar var að hefja tilraunir með hraðfrystingu á fiski og sölu á honum erlendis. Að vísu hafði verið flutt út örlítið af frystum fiski áður. 1930 mun hafa verið fluttur út frystur fiskur fyrir tæplega 200 þús. kr., og á árunum 1931—1934 var þessi útflutningur innan við 100 þús. kr. hvert árið fyrir sig. Það hafa verið fluttar út svona tilraunasendingar, má segja, á þessum árum. En eftir að fiskimálanefndin hóf sitt starf að þessu, fór útflutningur á frystum fiski jafnt og þétt vaxandi, og eins og við vitum nú, er það langstærsti liðurinn í útflutningi okkar.

Samband ísl. samvinnufélaga hefur haft með höndum fyrir kaupfélögin útflutning á frystu kjöti. En það hefur aldrei haft neina einkasölu á kjöti, hefur aldrei haft neinn einkarétt til þess og mun aldrei hafa sótzt eftir slíku. Ummæli hv. 1. þm. Vestf. um einkaaðstöðu í þessu efni hafa því ekki við rök að styðjast. Það sést glöggt, þegar það er athugað, að sláturleyfishafar samkv. afurðasölulöggjöfinni, aðrir en kaupfélög innan Sambands ísl. samvinnufélaga, munu nú vera fast að því 30 í öllum landsfjórðungum. Það er vitanlega meginhlutinn af slátruninni hjá kaupfélögunum og sérstökum sláturfélögum bændanna, vegna þess að bændur hafa talið sér hentugast að hafa þessi mál í sínum eigin höndum, í sínum félagsskap, en hitt er eigi að síður staðreynd, að þarna er ekki um neina einkaaðstöðu að ræða. Framleiðsluráð landbúnaðarins, sem veitir sláturleyfi, hefur haldið frjálslega á þeim málum. T. d. er það kunnugt, að nýlega stofnuð viðskiptafyrirtæki hafa fengið sláturleyfi, og þeir, sem höfðu fengizt við slík viðskipti, þegar afurðasölulögin voru upphaflega sett 1934, hafa haldið þeim. Og hafi þeir aðilar selt fyrirtæki sín, hefur náttúrlega rétturinn til þess að taka fé til slátrunar og verzla með afurðir af því fylgt þar með. Eins og ég sagði áðan, munu þeir vera fast að því þrjátíu sláturleyfishafarnir, aðrir en kaupfélög innan Sambands ísl. samvinnufélaga.

Ég skal taka dæmi hér af Suðurlandi. Þar er þessi starfsemi að langmestu leyti hjá Sláturfélagi Suðurlands. Á svæðinu frá og með Kjósarsýslu og austur í Vestur-Skaftafellssýslu, að þeim báðum meðtöldum, er ekkert Sambandskaupfélag, sem hefur sláturleyfi. En hins vegar munu vera a. m. k. 6 einkafyrirtæki á þessu svæði, sem hafa sláturleyfi og verzla með kjöt, auk Sláturfélags Suðurlands, sem hefur náttúrlega langmest af þessum viðskiptum á því svæði.

Það er því alveg rangt, sem hv. 1. þm. Vestf. hélt fram, að hér hefði engin samkeppni komizt að. Hitt er annað mál, að þessir einkaaðilar virðast hafa haft takmarkaðan áhuga á því margir að leggja mikið í kostnað við þessa starfsemi. Nokkrir þeirra hafa að vísu frystihús og geta fryst kjöt, en yfirleitt munu þau frystihús hafa verið reist fyrst og fremst í þeim tilgangi að frysta þar fisk. En mjög margir af þeim hafa engin frystihús, þó að þeir hafi sláturhús. Þeir virðast því yfirleitt ekki hafa verið framtakssamir í þessum efnum þrátt fyrir það, þó að hv. 1. þm. Vestf. skrifaði blaðagrein fyrir 25 árum og benti þar á, að hér þyrfti að vinna sem bezt á þessu sviði.

Kaupfélögin í landinu hafa hins vegar varið miklum fjármunum til þess að koma upp nýjum sláturhúsum og frystihúsum, til þess að bæta kjötverkunina og til þess að geta tekið á móti ört vaxandi framleiðslu. Þau hafa, eins og ég hef bent á, algerlega haft frumkvæðið í þessum efnum.

Á síðasta þingi var sett löggjöf um stofnlánadeild sjávarútvegsins, og m. a. var þar ákveðið, að fyrirtæki, sem hafa komið upp fiskvinnslustöðvum, — fiskfrystihúsum og öðrum fiskvinnslustöðvum, — skyldu fá lán hjá stofnlánadeildinni, ef þau hefðu ekki á undanförnum árum fengið nægilega mikið fé að láni til þessara framkvæmda til langs tíma. Þá var gerð tilraun til þess að láta fyrirtæki landbúnaðarins, sem hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, njóta slíkrar fyrirgreiðslu einnig. Því var hafnað. Málið var tekið upp aftur í vetur á þingi í sambandi við stjórnarfrv. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Þá var því sanngirnismáli hreyft, að félög bændanna og önnur fyrirtæki, sem hefðu komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, t. d. kjötfrystihúsum, og lagt í það milljónatugi á undanförnum árum, gætu fengið lán til lengri tíma út á þessar stöðvar, eins og útgerðarfyrirtækin eða fiskvinnslufyrirtækin hafa fengið. En stjórnarflokkarnir hér á þingi, þm. þeirra, vildu ekki láta landbúnaðinn og fyrirtæki hans njóta hér jafnréttis við sjávarútveginn. Þeir

gengu allir á móti þessum sanngjörnu tillögum og hæstv. landbrh. þar fremstur í flokki. Ég kalla þetta ömurlega framkomu hjá þeim. Virðist það benda til þess, að þeir kunni lítt að meta það starf, sem unnið hefur verið á þessu sviði á liðnum áratugum, þó að þeir telji sig nú mikla áhugamenn um það að bæta kjötverzlunina.

Framkvæmdastjóri búvörudeildar hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga, Helgi Pétursson, birti í blöðum í vetur grein um þessi mál. Tilefni þess, að hann birti þessa grein, voru ummæli Morgunblaðsins 6. des. í vetur og einnig ummæli hæstv. fjmrh. í þingræðu 12. des. svo og sú till., sem hér liggur fyrir, og grg., sem henni fylgir. Í þessari grein framkvæmdastjórans var brugðið upp mynd af því, hvernig Sambandi ísl. samvinnufélaga hefur tekizt að vinna markað fyrir íslenzkt dilkakjöt í öðrum löndum. Þar voru einnig gefnar upplýsingar um útflutningsuppbætur á dilkakjöt, samanborið við niðurgreiðslur á þeirri vöru á innanlandsmarkaði. Og í greininni var einnig birtur athyglisverður verðsamanburður. Þar kom það fram m. a., að á mörkuðum utan Englands hefur tekizt að fá hærra verð fyrir íslenzkt freðkjöt en aðrar þjóðir fá þar fyrir frosið lambakjöt, og einnig, að samanborið við verð á öðru kjöti á Englandsmarkaði hefur fengizt þar gott verð fyrir íslenzka kjötið.

Með skýrslu sinni kvað Helgi Pétursson niður hin óhrjálegu ummæli Morgunblaðsins um þetta mál.

Tillögumenn þeir, er standa að þessari þáltill., sem hér liggur fyrir, segjast vilja láta reyna nýjar aðferðir við pökkun og verkun á kjöti. Í því efni hefur það tafið fyrir og valdið erfiðleikum, að bæjaryfirvöldin hér í höfuðstaðnum hafa verið að velta því fyrir sér síðustu áratugina, hvar ætti að koma fyrir kjötsölu og kjötiðnaðarstöð í bænum. En slík stöð þarf vitanlega að komast upp hér, þar sem innanlandssalan er langmest. Og enn hafa þeir ráðamenn Reykjavíkur ekki komizt að niðurstöðu um þetta. Þó birtist frásögn í blaði hér í borginni í vetur, sem bendir til þess, að þeir muni nú e. t. v. reyna innan skamms að komast að niðurstöðu í þessu máli, og munu margir mæla, að það hefði þurft að gerast löngu fyrr.

Í sambandi við ummæli hæstv. núv. fjmrh. í þingræðu 12. des. í vetur, þar sem hann deildi á kjötsöluaðila og hélt því fram, að þeir hefðu ekki tekið upp nýjar aðferðir við frágang og vinnslu á kjöti, er ástæða til að minna á, að hann var lengi borgarstjóri í Reykjavík, án þess að koma því í framkvæmd að ákveða stað fyrir slíka starfsemi, svo að unnt væri að fá leyfi til að setja upp nýjar og fullkomnari vinnslustöðvar.

Eins og ég sagði áðan, gefa nýlegar fregnir af þessu máli von um, að nokkur skriður sé að komast á það, og er þess fastlega að vænta, að forráðamenn höfuðborgarinnar láti ekki lengur dragast að ákveða stað í bænum fyrir þessa þýðingarmiklu starfsemi.

Hv. 1. þm. Vestf. sagði m. a. í ræðu sinni í fyrradag, að með lögum hefði verið veitt heimild til að ábyrgjast lán til þess að koma upp kjötfrystihúsum. Þetta mun rétt vera. Mér finnst þetta ekkert óeðlilegt, því að það hefur þá jafnframt verið veitt heimild til þess, að ríkið ábyrgðist lán fyrir þá, sem hafa komið upp fiskfrystihúsum. En mér er ekki kunnugt um það, að ríkið hafi nokkurn tíma tapað á ábyrgðum, sem það hefur gengið í fyrir lánum til kaupfélaganna til þess að koma upp kjötfrystihúsum. Og ég hygg, að hv. 1. þm. Vestf. geti ekki bent á dæmi um það.

Ég hef sýnt fram á það í þessum orðum, sem ég hef látið hér falla, að það er ekki rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði hér á þingi 12. des. í vetur, að allt hefði staðið í stað í helming aldar eða jafnvel síðan á 19. öld um útflutning á kjöti. Hæstv. ráðh. hefði aldrei átt að láta sér þessi orð um munn fara, því að þau eru ekki sannleikanum samkvæm. Hitt er gott að heyra, að hæstv. ráðh. hefur látið í ljós áhuga um það að vinna sem bezt að þessum málum í framtíðinni og reyna að finna nýja markaði erlendis fyrir íslenzkt kjöt. Hann ritaði grein um þetta í blað hér í borginni nú í febrúar og segir þar m. a., að hér sé mikið verk að vinna og mikið í húfi fyrir íslenzku þjóðina, og hann segir einnig, að ríkisstj. sé reiðubúin til þess að leggja fram fé til tilrauna og fyrirgreiðslu í þessu efni.

Í tillgr. segja hv. flm., að þeir vilji láta Alþ. skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að tilraunir verði gerðar um útflutning á dilkakjöti, þar sem reyndar væru nýjar aðferðir með pökkun og verkun á kjötinu og verði kannaðir til þrautar hugsanlegir markaðsmöguleikar fyrir kjötið. En það er ekki vel ljóst og kemur ekki fram í grg. með till., svo að ljóst sé, hvernig þeir vilja láta vinna að þessu. Þeir segja að vísu í grg., að þeim virðist, að nýja krafta þurfi að kalla fram í þessu máli. Er það e. t. v. stefna flm. og flokksbræðra þeirra, að ríkið eigi að fara að annast útflutning og sölu á kjöti, það eigi að setja upp kjötverzlun ríkisins? Ég veit það ekki. Það hefur ekki komið glöggt fram, hver stefna þeirra er í þessu. En ég hefði talið, að öðrum væri betur treystandi en ríkisstj. til að annast þessi viðskipti og þá fyrst og fremst þeim, sem mesta reynslu og þekkingu hafa í þessum efnum.

Hv. flm. segja einnig í grg., að erlendis hafi fengizt óviðunandi verð fyrir fryst kjöt í heilum skrokkum þrátt fyrir rétta gengisskráningu. Ég veit ekki, hvernig ber að skilja þessi ummæli. Það má e. t. v. segja, að bændur þyrftu að fá hærra verð fyrir kjötið en þeir hafa fengið, til þess að mæta framleiðslukostnaði. En það er líka hægt að lesa út úr þessum ummælum í grg. það, að hér sé verið að ásaka þá, sem hafa unnið að þessum útflutningi og sölu á kjöti erlendis, fyrir það, að þeir hafi unnið slælega að þeim málum og því fengið óviðunandi verð fyrir kjötið erlendis. En það hygg ég, að öllum, sem fara að kynna sér þessi mál, m. a. með því að lesa þá skýrslu, sem Helgi Pétursson framkvæmdastjóri birti í blöðum í vetur, verði ljóst, að verðið, sem fengizt hefur fyrir íslenzka dilkakjötið erlendis, er fyllilega sambærilegt við það verð, sem fengizt hefur fyrir bezta

dilkakjöt framleitt í öðrum löndum. Því verður því ekki haldið fram með neinni sanngirni eða neinum rökum, að illa hafi verið að þessum málum unnið eða að íslenzka dilkakjötið hafi verið óhrjálegt, eins og kom fram í Morgunblaðsgreininni í vetur, því að þá hefði ekki tekizt að skipa því sæti á mörkuðum erlendis við hliðina á því bezta, sem framleitt er annars staðar á hnettinum af slíkri vöru.

Eins og ég hef þegar sagt, er ekki og hefur ekki verið nein einokun á þessu sviði. Enginn sérstakur aðili hefur einkarétt til þess að vinna að kjötsölu og hefur ekki haft. En áhuginn hefur verið fram að þessu mjög takmarkaður hjá öðrum en samvinnufélögum bændanna sjálfra.

Tillögumenn munu hafa lagt til, að till. færi til nefndar, og hún fer þangað sjálfsagt til athugunar. Ég tel æskilegt, að við framhaldsmeðferð málsins komi það glöggt fram, hvað flm. ætlast fyrir í þessum efnum, hvort þeir vilja, að ríkið komi upp kjötverzlun, eða hvort þeir vilja styðja markaðsleitir annarra fyrir kjötið. Og ef ályktun verður gerð um málið hér á þinginu, þá tel ég, að hún ætti að vera fyrst og fremst um það að skora á hæstv. ríkisstj. og veita henni heimild til að styðja með framlagi frá ríkinu markaðsleitir fyrir þessa vöru. Og eðlilegt verður það að teljast, að um þetta mál verði haft samráð við þá, sem mest hafa að þessum málum unnið undanfarið, og einnig framleiðsluráð landbúnaðarins, sem samkv. lögum fer með þessi mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Sþ., 7. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 16. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 194, n. 740).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Fjvn. hefur haft þessa till. til athugunar og orðið á einu máli um það að mæla með því, að till. verði samþ. eins og hún liggur fyrir.

Við vitum það allir, sem hér erum, svo sem aðrir landsmenn, að dilkakjöt okkar er einhver dýrmætasta framleiðsluvara þjóðarinnar, og framleiðsla dilkakjöts hefur á undanförnum árum alltaf verið vaxandi. Það er þess vegna þýðingarmikið mál, að það sé allt gert, sem tiltækilegt er, til þess að koma þessari ágætu vöru okkar í sem bezt verð, að svo miklu leyti sem hún er seld til annarra landa. Ég vil því vænta þess, að hv. alþm. líti á þetta mál sömu augum og fjvn. og samþykki þessa till., eins og hún liggur fyrir.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 805).

20. Landþurrkun á Fljótsdalshéraði.

Á deildafundum 26. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til. þál. um landþurrkun á Fljótsdalshéraði [200. mál] (A. 468).

Á 46. og 48. fundi í Sþ., 28. marz og 4. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Hæstv. forseti. Eins og mörgum er kunnugt, er Fljótsdalshérað eitt stærsta samfellda láglendissvæðið á Íslandi. Þar er mikið votlendi enn þá óþurrkað, þó að mikið hafi verið þurrkað.

Það er almennt viðurkennt, að þurrkun landsins hefur áhrif til hækkunar á meðalhita, ef nægilega stór svæði eru þurrkuð. Þannig getur framræsla á landi ein saman orðið til þess að stórauka notagildi landsins til beitar og ræktunar beinlínis og orðið til að gerbreyta skilyrðum til framleiðslu í heilum byggðarlögum. En fram að þessu hefur ekki fengizt í þessu efni reynsla hér á landi, þó að þetta sé reynslan annars staðar, því að enn þá er ekki þannig komið, að nokkurt stórt landssvæði hafi þannig verið þurrkað til hlítar.

Stunduð hefur verið kornrækt á Fljótsdalshéraði síðustu árin og fer vaxandi, og reynslan bendir til, að kornræktarskilyrði muni vera þar með þeim beztu, sem gerast á landinu. Þar eru einnig beztu skilyrði til skógargróðurs, að því er virðist. En það fer vel á því, að kornrækt og skógrækt fari saman og skógur sé hafður til skjóls.

Það er efni þessarar þáltill., sem við stöndum allir að, þm. fyrir Austfirðinga, að það verði rannsakað, hvað mundi kosta að ræsa fram allt ræktanlegt votlendi á Fljótsdalshéraði, og gerð verði áætlun um þá framkvæmd. Það þarf talsverða undirbúningsvinnu í þessu skyni, og fjallar ályktunin um að heimila hæstv. ríkisstj. að láta slíka athugun fara fram og fela henni að gangast fyrir henni.

Það þarf að mæla landið og gera áætlanir um kostnað við þurrkun þess, miðað við beztu vinnuaðferðir og hagfelldustu vinnubrögð. Þegar lægi fyrir, hversu mikið átak þetta væri, kæmi til athugunar fjármála- og framkvæmdahlið málsins.

Málum þarf að koma þannig, að allt þurrkanlegt land á Íslandi verði þurrkað, áður en langt líður, og er það von okkar flm., að ef í þetta væri gengið á þennan hátt varðandi Fljótsdalshérað, þá yrði það upphaf þess, að gerð yrði áætlun um þurrkun alls votlendis á Íslandi á eins stuttum tíma og framkvæmanlegt þætti.

Það er okkar till., að það verði riðið á vaðið með því að láta slíka heildarathugun fara fram á Fljótsdalshéraði.

Þó að hér sé um stórfellt mál að ræða og mikil ástæða væri til að fylgja því úr hlaði með ýtarlegri framsögu, mun ég vegna tímaskorts á fundum í hv. Sþ. og til að tefja ekki fyrir öðrum, sem þurfa að koma sínum málum að, ekki hafa þessi framsöguorð fleiri, en legg til, að málinu verði vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Sþ., 16. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 468, n. 745).

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjvn. hefur rætt þetta mál og leggur einróma til, að þáltill. verði samþykkt, eins og hún er á þskj. 468.

Fjvn. telur, að hér sé hreyft mjög merkilegu máli, sem æskilegt sé að veita allan mögulegan stuðning og sinna sem fyrst á þann hátt, sem lagt er til í þáltill. Ég veit, að óþarft er að fjölyrða um þetta mál, því að bæði er í grg., sem fylgir till., og eins var í framsögu fyrsta flm. gert að fullu ljóst, að hverju við flm. stefnum og hvað fyrir okkur vakir, og skal ég því ekki endurtaka það. Allir viðurkenna nauðsyn þess að bæta og nýta land okkar betur en verið hefur. Nokkuð hefur þegar áunnizt í því efni, en ótal verkefni eru fram undan, og ber þar að nefna aukna verndun gróðurlands fyrir uppblæstri. Þá sýna tilraunir, að hægt er til mikilla muna að auka gæði afréttarlanda, en þau eru, eins og kunnugt er, ein af meginundirstöðum arðsamrar kvikfjárræktar hér á landi. Þá er einnig staðreynd, að hið örfoka land og eyðisandar bíða eftir því, að mannshöndin breyti þeim í verðmætar gróðurlendur. Og svo bætist það við, sem við austfirzku þingmennirnir leggjum til með þessari till. okkar, að stefnt verði að því í næstu framtíð, að með landþurrkun séu gerð nytjalönd, og þar með staðfestumöguleikar í framtíðinni fyrir fjölda fólks, þar sem nú eru svo að segja nytjalausir mýraflákar, votlendi, sem meira og minna er drepið í dróma vatnsagans og sumt aldrei verið til teljandi nytja, en annað nú þýðingarlítið, síðan hætt var að mestu að afla heyja á útengi. Við flm. viljum, að hið opinbera hafi sérstaka forgöngu um, að vandlega sé athugað, hvernig þessum löndum verði í stórum stíl breytt í nytjalönd til mikilla hagsbóta fyrir nútíð og framtíð, og að baki slíkra framkvæmda vakir sú von, að með því og nokkuð almennt aukinni skógrækt verði hægt að bæta til muna veðráttu margra byggðarlaga landsins og þar með landið í heild gert betra og enn byggilegra en nú er.

Ég vil svo að lokum, um leið og ég endurtek fylgi fjvn. við till., leyfa mér að undirstrika það, sem fram kemur í grg., að við flm. væntum þess fastlega, að ef till. verður samþykkt, þá láti hæstv. ríkisstj. þá rannsókn fara fram á næsta sumri, sem till. fjallar um. Í þeirri ósk felst ekki annað en það, sem unnt ætti að vera að verða við.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 807).

---

21. Úthlutun listamannalauna.

Á 48. fundi í Sþ., 4. apríl, var útbýtt:
Till. til þál. um úthlutun listamannalauna [218. mál] (A. 600).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 49. fundi í Sþ., 5. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Alþingi veitir árlega fé til listamannalauna. Um langt skeið undanfarið hefur fé þessu verið úthlutað af þingkjörinni nefnd. Ýmsar till. hafa verið uppi um að breyta því fyrirkomulagi, og hafa mörg frv. verið flutt um það efni á undanförnum þingum. Ekkert þeirra hefur þó náð fram að ganga. Meðan ekki eru til lög um, hvernig skipta skuli því fé, sem Alþingi veitir hverju sinni til listamannalauna, þykir ríkisstj. eðlilegt að halda þeim hætti, sem hafður hefur verið undanfarin ár, og kjósa sérstaka nefnd til að úthluta fénu, og felst það í þeirri ályktun, sem hér liggur fyrir.

Ég legg til, herra forseti, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 16. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 600, n. 794).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Allshn. mælir einróma með samþykkt tillögunnar.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 808).

---

22. Raforkumál á Snæfellsnesi.

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um raforkumál á Snæfellsnesi og í Dalasýslu [99. mál] (A. 155).

Á 19. fundi í Sþ., 6. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 33. fundi í Sþ., 7. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Sþ., 14. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Hv. þm. þekkja vel, hversu raforkan er þjóðinni nauðsynleg og hvað fólkið fagnar því að njóta ljóss og yls ásamt margvíslegum öðrum þægindum, sem sigla í kjölfar þessa aflgjafa. Engan mun því undra, þótt fram komi tillaga í þessum efnum hér á hv. Alþingi, eins og till. sú, sem er á þskj. 155, ber með sér.

Á sýslufundi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sem haldinn var í Stykkishólmi dagana 25.—28. maí s. l., var samþykkt eftirfarandi till., með leyfi forseta:

„Sýslufundur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 1961 samþykkir að hefja nýja sókn í raforkumálum héraðsins. Fundurinn skorar á raforkuráð að láta leggja raforkulínu frá dísilstöðinni í Stykkishólmi til nágrannasveita og verði sú lína tengd vestur í Eyrarsveit háspennulínunni frá Fossá. Þá leggur fundurinn áherzlu á það, að strax á næsta ári verði lögð háspennulína frá Fossá suður í Breiðuvík og áfram suður um hreppana sunnan fjalls. Jafnframt leggur fundurinn ríka áherzlu á, að hafin verði virkjun við Hraunsfjarðarvatn, er fullnægi orkuþörfum héraðsins. Að öðrum kosti verði lögð háspennulína frá Andakílsárvirkjun inn í héraðið.

Fundurinn skorar á þingmenn kjördæmisins að fylgja þessum óskum fundarins eftir við raforkuráð og á Alþingi, og um leið felur fundurinn raforkunefnd sinni að fara til Reykjavíkur og ræða þetta mál við raforkumálastjóra og fylgja þeim tillögum, sem samþykktar hafa verið, eftir við þá aðila."

Sýslufundur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu kaus nefnd til að vinna í þessum málum. Formaður þeirrar nefndar er Gunnar Guðbjartsson bóndi að Hjarðarfelli.

Eftir að nefndin hafði rætt þessi mál heima fyrir, boðaði formaður hennar til fundar að Vegamótum í Snæfellsnessýslu 11. nóv. s. l. Fundinn sóttu þingmenn kjördæmisins, raforkumálastjóri, formaður raforkuráðs og hlutaðeigandi hreppsnefndir auk sýslumanns Snæfellinga og nefndarmanna þeirra, sem eiga sæti í raforkunefnd Snæfellinga. Raforkumálastjóri veitti á þessum fundi ýmsar fróðlegar upplýsingar um rafmagnsmálin almennt og ekki sízt á Snæfellsnesi. Grg. þessarar till. ber með sér, hverjar leiðir raforkumálastjóri telur koma til greina fyrir viðkomandi svæði, og læt ég nægja að vísa til þess, er í grg. stendur. En sérstaka áherzlu leggjum við flm. till. á það að tengja saman aðalorkuverin og á þann hátt veita varanlega raforku í framtíðinni, og er það í samræmi við álit fundarins, sem haldinn var að Vegamótum. Rafmagnið nær þá til mun fleiri aðila á leiðinni frá Andakílsárvirkjun til Snæfellsness, bæði á sunnanverðu Snæfellsnesi og einnig í Mýrasýslu.

Það þarf ekki að fjölyrða um það, að með *sívaxandi fólksfjölda og þá ekki sízt* við sjávarsíðuna á Snæfellsnesi er nauðsynlegt að hraða þessum framkvæmdum, svo að rafmagnsskortur hamli engan veginn nýtingu á þeim sjávarafla, sem þarna eykst með hverju árinu, sem líður, enda eru þarna einhver beztu fiskimið umhverfis landið og aflaverðmæti þess fisks, sem barst á land í fjórum sjávarkauptúnum á Snæfellsnesi árið 1960, nam að útflutningsverðmæti 120 millj. kr., svo að það er auðséð, að um mikil verðmæti er að ræða til sjávarins, og munu þau verða miklu meiri, þegar tækifæri gefst til að bæta aðstöðu og möguleika þessa fólks frá því, sem nú er. Þá eru á Snæfellsnesi og í Dalasýslu mjög blómleg landbúnaðarhéruð, sem eru óðum að komast í það horf að veita meiri björg í bú en áður var. Verði hér á landi hugsað um að efla og auka íslenzka landbúnaðinn og byggja og rækta sveitir landsins, munu þeir, sem byggja þennan landshluta, ekki láta sitt eftir liggja í þessum efnum.

Eins og grg. till. ber með sér, er það í 10 ára áætlun um rafvæðingu landsins að tengja rafmagn á þéttbýlustu svæði í Dalasýslu, enda hafa margar áskoranir borizt um þessi efni, bæði frá sýslufundum, búnaðarsambandsfundum og ýmsum fleiri aðilum um, að hraðað verði sem mest framkvæmdum á þessu sviði. Á s. l. ári var lagt rafmagn frá Þverárvirkjun í Steingrímsfirði *yfir Tunguheiði til Króksfjarðarness* og Reykhólasveitar, en örstutt er úr Geiradalnum yfir Gilsfjörðinn í Saurbæ í Dalasýslu, en þar er byggðin þétt og mundu allir að undanteknum fjórum heimilum þar í sveit fá rafmagn, þegar það kemur yfir Gilsfjörðinn, því að vegalengdir eru þarna mjög stuttar á milli bæja. Ég vænti þess líka, að það verði haldið áfram með þessa raflínu, eftir að hún kemur í Saurbæinn, suður um Dali til Búðardals og á hinn bóginn haldið áfram með raflínu frá Stykkishólmi um Helgafellssveit, Skógarströnd og Suðurdali til Búðardals.

Á þennan hátt mun heppilegast að tengja saman aðalorkuver landsins, jafnframt því sem rafmagnið nær þá til fleiri en ella væri. Dísilvélar til raforkuvinnslu skoða ég sem bráðabirgðaúrræði, þar til varanleg raforka fæst.

Till. okkar flm. hljóðar þannig, eins og hv. þm. sjá á þskj. 155:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að hraðað verði tengingu raforkuvirkjana á Snæfellsnesi við aðalraforkukerfi landsins, og skal því lokið eigi síðar en árið 1966. Enn fremur skal hraða tengingu rafveitna Dalasýslu við aðalorkuveitur landsins."

Ég vænti þess, að þessari till. verði vel tekið hér á hv. Alþingi, og síðan, að hún megi hið skjótasta koma til framkvæmda. Ég legg því til, þegar þessari umr. er lokið, að málinu verði frestað og vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 16 apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 155, n. 782).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 155 er till. til þál. um rafmagnsmál á Snæfellsnesi og í Dalasýslu. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að hraðað verði tengingu raforkuvirkjana á Snæfellsnesi við aðalraforkukerfi landsins, og skal því lokið eigi síðar en árið 1966. Enn fremur skal hraða tengingu rafveitna í Dalasýslu við aðalorkuveitur landsins."

Till. þessi er flutt af öllum þm. Vesturlandskjördæmis og fram komin, eins og segir í grg. fyrir till., vegna þess, hve brýn nauðsyn er að sjá þeim, sem þegar hafa fengið rafmagn, fyrir nægilegri orku, og ekki síður til þess, að fleiri njóti raforkunnar en nú á sér stað.

Svo sem alkunnugt er, er á Snæfellsnesi mjög mikið atvinnulíf, fiskimið góð og ræktunarlönd víðáttumikil. Þar hefur fólki fjölgað ört, enda mjög mikil og sívaxandi framleiðsla til sjós og lands.

Fjvn. leitaði umsagnar raforkumálastjóra um þetta mál og fékk svar við því, þar sem hann gerir ráð fyrir, að þessum málum muni verða komið áfram á svipuðu tímabili og till. felur í sér, og nú nýlega hefur okkur verið skýrt frá, að samþykkt hafi verið að tengja suðursveitirnar við orkuveituna frá Ólafsvík, Fossárvirkjunina, og er það vissulega mikill áfangi, sem næst af því, sem hér er um að ræða.

Þessi þáltill. nær einnig til Búðardals. Þar er engin vatnsaflsstöð enn sem komið er og aðeins um dísilrafstöð að ræða í Búðardal, sem nær aftur til þess að sjá sveitunum þar í kring fyrir rafmagni. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að tengd verði býli í norðurhluta sýslunnar við virkjunina í Steingrímsfirði, og er það allt samkv. 10 ára áætluninni.

Fjvn. er á einu máli um að mæla með þessari till., og vænti ég, að þm. verði henni sammála.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 811).

23. Jarðboranir að Lýsuhóli.

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um jarðboranir að Lýsuhóli á Snæfellsnesi [100. mál] (A. 156).

Á 19. og 33. fundi í Sþ., 6. des. og 7. febr., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Sþ., 14. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 156 höfum við allir þm. Vesturlandskjördæmis flutt till. til þál. um jarðboranir að Lýsuhóli á Snæfellsnesi.

Á síðasta Alþingi voru sett lög um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins. Í 3. gr. þeirra laga er gert ráð fyrir því, að ríkið láti á vegum jarðhitasjóðsins framkvæma jarðboranir eftir heitu vatni og gufu í rannsóknarskyni og til vinnslu víðs vegar um landið til að hagnýta jarðhitann með hitaveitu til almenningsþarfa og til ræktunar, raforkuveitu og iðnaðar. Í 4. gr. þessara laga er einnig gert ráð fyrir því, að ríkið geti látið framkvæma slíkar jarðboranir og samið um það við sveitarfélög eða einstaklinga, að greiðsla komi til, þegar farið er að hagnýta þann jarðhita, sem fæst með jarðborunum.

Till. okkar gerir ráð fyrir því, að fram fari á vegum jarðhitasjóðs borun eftir heitu vatni að Lýsuhóli á Snæfellsnesi. Á Lýsuhóli er kunnugt um, að nokkurt heitt vatn er í jörðu, en ekki er vitað, hversu mikið það er. Fyrir allmörgum árum fór þar fram borun eftir heitu vatni, en þá voru jarðboranir mjög á frumstigi hér og tæki þau, sem notuð voru við jarðborunina, voru lítt nothæf, og reyndist framkvæmdin því að litlu gagni. Þó er vitað, að þarna er nokkurt vatnsmagn um 40—50 gráðu heitt. Það er mikill áhugi fyrir því vestra að fá úr því skorið, hvort þarna er um verulegt vatnsmagn að ræða af heitu vatni í jörðu eða eigi, og að hagnýta það, ef svo reynist vera sem menn dreymir um. Hins vegar er vitanlegt, að það sveitarfélag, sem þarna á hlut að máli, getur ekki staðið undir þeim kostnaði, sem þarf til að fá úr því skorið. Þar sem lítið er um jarðhita á Snæfellsnesi, þykir okkur réttmætt, að jarðhitasjóður komi til og láti framkvæma þessa borun, sem hér er um að ræða. Ef hins vegar heita vatnið reynist svo sem vonir standa til, mun hagnýting á því verða slík, að endurgreiðsla gæti komið til.

Það er von okkar, að hv. alþm. vilji standa að því að láta gera þessa tilraun á vegum jarðhitasjóðsins og afgreiði þess vegna þessa till. okkar á þessu þingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði vísað til fjvn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Sþ., 16. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 156, n. 783).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Till. þessi á þskj. 156 um jarðboranir á Lýsuhóli á Snæfellsnesi hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að fram fari á vegum jarðhitasjóðs borun eftir heitu vatni að Lýsuhóli í Staðarsveit á Snæfellsnesi.“

Á Snæfellsnesi er, eins og kunnugt er, mjög lítið af heitu vatni. Það eru fáir staðir og ekki um mikið magn að ræða. Ekki síður þess vegna er mikill áhugi þar í sveitum til að fá úr því skorið, hve miklar þær orkulindir eru, sem þegar er vitað um.

Einn af þeim stöðum, sem um ræðir, er Lýsuhóll á Snæfellsnesi. Það hefur farið fram nokkur athugun á því, hve kostnaðarsöm þessi framkvæmd mundi vera. Var gert í upphafi ráð fyrir, að þarna mundi vera um að ræða framkvæmd, sem mundi kosta allt að hálfri millj., en við athugun, sem nú hefur farið fram, segir jarðhitadeildin, að það muni ekki kosta nema 200—300 þús. kr. í mesta lagi, að þessi athugun fari fram.

Það er svo með jörðina Lýsuhól, að það er ríkissjóður, sem á jörðina, og er því í alla staði eðlilegt, að framkvæmd þessi fari fram á vegum jarðhitasjóðs og henni verði hraðað svo sem auðið er, til þess að úr því fái skorizt, um hve mikla orku er þarna að ræða.

Fjvn. er sammála um að mæla með því, að þessi till. verði samþykkt, og vænti ég þess, að alþm. séu henni sammála.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 812).

Þingsályktunartillögur felldar.

1. Vantraust á ríkisstjórnina.

Á 1. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um vantraust á ríkisstjórnina [18. mál] (A. 18).

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Sþ., 25. okt., var till. tekin til einnar umr. (útvarpsumr.).

Forseti (FS): Gengið er til dagskrár og tekið fyrir eina málið, sem er á dagskrá, vantraust á ríkisstjórnina, þáltill., 18. mál í Sþ., þskj. 18, ein umræða, útvarpsumræða. Hver þingflokkur fær 50 mínútna ræðutíma, sem skiptist í tvær umferðir, hin fyrri 25—30 mín. og hin síðari 20—25 mín., þannig að samtals verði það 50 mín. Mælist ég til, að hv. þm. virði þessar reglur um lengd ræðutíma. Röð flokkanna verður þessi: Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur, Alþýðubandalag, Alþýðuflokkur. Umræðan hefst þá með því, að fyrri flm. vantrauststill., hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, tekur til máls.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Um fátt er meira rætt og ritað hér á landi en lýðræði, hvað það sé gamalt og okkur í blóð borið, aldrei sé of mikið lagt í sölurnar til að vernda það. Ég vil ekki draga úr þessu. En við skulum líka minnast þess, að lýðræðið lifir ekki af fagurgala, heldur af því, að það sé í heiðri haft í framkvæmd. Lýðræði er það, að stjórnað sé að vilja meiri hluta landslýðsins, þjóðarinnar, og til þess að tryggja það er leitað eftir vilja kjósendanna a. m. k. á fjögurra ára fresti með almennum kosningum til Alþingis. Í kosningum eiga frambjóðendur og flokkar að lýsa því fyrir kjósendum, hvernig þeir ætli að stjórna, ef þeir fái völd til þess. Kjósendur greiða að jafnaði þeim frambjóðendum atkvæði, er þeir álíta, að bezt vinni á Alþingi, m. a. samkvæmt þeim yfirlýsingum og loforðum, sem frambjóðendur hafa gefið. Með þessum hætti er leitað eftir meirihlutaáliti þjóðarinnar á því, hvernig skuli stjórnað, þangað til næst verður kosið. Eftir að frambjóðandi er kosinn, ber honum því í öllum höfuðatriðum að vinna á Alþ. í samræmi við það, sem hann lofaði og var kosinn til. Þetta er eitt grundvallaratriði lýðræðisins. Ef þingmenn og stjórn taka upp á því að stjórna í ósamræmi við það eða jafnvel gagnstætt því, sem þeir lýstu yfir og lofuðu kjósendum sínum fyrir kosningar, eru þær orðnar markleysa og lýðræðið innantómt orð. Í stað meirihlutavilja þjóðarinnar, í stað lýðræðis væri þá stjórnað gagnstætt þeim þjóðarvilja, sem fram kom í kosningunum, og þar með væru kosningarnar orðnar markleysa.

Við skulum nú í þessu ljósi athuga, um hvað var kosið haustið 1959, hvaða loforð voru gefin, og verður þá fyrst fyrir að athuga málin, sem eru og verða í sögunni sígild dæmi um ólýðræðisleg vinnubrögð. Landhelgismálið bar einna hæst í síðustu kosningum, vegna þess að um það virtist alger þjóðareining. Hver einasti frambjóðandi lýsti því yfir, hvar og hvenær sem færi gafst, að ekki kæmi til mála að hvika fyrir Bretum. Allir voru á einu máli um það, að sigur væri unninn í málinu. Margir lýstu því yfir, að næsta takmarkið væri landgrunnið allt. Nú vil ég spyrja: Hvaða kjósandi kaus þingmann til að hopa í málinu, til að minnka landhelgina, til að ganga á endurteknar yfirlýsingar, sem Íslendingar höfðu gefið frammi fyrir öllum heimi í þessu máli? Hvers vegna mátti ekki fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla? Af því að stjórnarflokkarnir vissu um fyrri loforð sín, vissu, að þeir yrðu minntir á þau, vissu um vilja þjóðarinnar, vissu, að þeir voru að kúga fram mál gagnstætt lýðræðislegum leikreglum, taka sér vald, sem kjósendur höfðu ekki veitt. Ætli það verði ekki héðan af nokkuð erfitt að fá menn til að treysta því, að þessir flokkar reki Breta úr landhelginni eftir 3 ár?

Engum blöðum er um það að fletta, að stjórnarflokkarnir voru kosnir út á loforðin að bæta lífskjörin. Þessi loforð voru gefin í ræðu og riti og til viðbótar letruð á stóra borða, sem strengdir voru yfir fjölförnustu göturnar í Reykjavík á kosningadaginn. Og hvað hafa kjósendur fengið fyrir atkvæðin út á loforðin? Stórfellda kjaraskerðingu, sem hefur aukizt með vaxandi hraða dag hvern, sem yfir hefur gengið síðan loforðsgefendurnir komust til valda. Það er erfitt vegna þingskapa að gefa svona vinnubrögðum rétt nafn, og ég læt hlustendur um það.

Þá er það þriðja stórloforðið, sem þjóðin verður aldrei of oft minnt á til viðvörunar. Það er loforð Alþfl. í haustkosningunum 1959 um stöðvun dýrtíðarinnar. Sjaldan mun loforð hafa verið gefið hátíðlegar, jafnoft endurtekið eða með jafnáberandi tilburðum. Flestir eða allir framámenn Alþfl. létu birta af sér stórar myndir í Alþýðublaðinu, og voru loforðin síðan prentuð eins og umgjörð eða geislabaugur um þær. Þeir lofuðu að hafa ekki samstarf um ríkisstj. við neinn nema þann, sem gengist undir þetta heit Alþfl. við þjóðina. Og til þess að leggja enn ríkari áherzlu á, hve trúir þeir væru þessu heiti, gáfu þeir út bráðabirgðalögin frægu um, að landbúnaðarvörur mættu ekki hækka í verði svo sem lög stóðu til. En sumarið 1959, sömu dagana sem þessi loforð voru endurtekin, voru trúnaðarmenn Alþfl. og Sjálfstfl. að ganga frá tillögum um viðreisnina, sem fólu í sér að leiða yfir þjóðina dýrtíð, sem á vörum hennar hefur hlotið nafnið óðaverðbólga. Þjóðin kaus stöðvun dýrtíðarinnar, fékk óðaverðbólgu.

Ég fullyrði, að ef Alþfl. og Sjálfstfl. hefðu sagt þjóðinni satt um fyrirætlanir sínar, þótt ekki hefði verið nema í þessum þremur málum, hefðu þeir ekki fengið meiri hluta. Þjóðin hefði ekki kosið yfir sig með opnum augum minnkandi landhelgi, óðaverðbólgu og stórfellda kjaraskerðingu. Hér skal til viðbótar minnzt á nokkur loforð, sumpart gefin fyrir, sumpart eftir kosningar, og virðist gilda sama regla um þau.

Eftirminnilegt er það loforð ríkisstj. að hætta skuldasöfnun við útlönd. Almenningur hefði lifað um efni fram. Hér skyldi staðar numið, sögðu stjórnarflokkarnir. Ríkisstj. hafði naumast fyrr gefið þetta loforð en hún aflaði sér rúmlega 800 millj. lánsheimildar erlendis, sem hún hefur notað óspart, en ekki til stórframkvæmda, heldur til eyðslu, og í árslok 1960, eftir eitt viðreisnarár, stóðu málin þannig, að greiðsluhallinn við útlönd var 704 millj. á árinu, reiknaður með sama hætti og greiðsluhalli undanfarinna ára í grg. viðreisnarinnar. Skrum ríkisstj. um gjaldeyrisafkomu bankanna er að hálfu leyti blekking, því að einkaaðilum hefur verið leyft að taka stór gjaldeyrislán erlendis í stuttan tíma, sem léttir af bönkunum í bráðina. Svipaða sögu er að segja um sparifjársöfnunina, sem ríkisstjórnin gumar af og reiknar eina grein innlánsaukningar, sparifé, en ekki innlánsaukninguna í heild, sem ein gefur rétta mynd af ástandinu, enda svo fram talið í opinberum skýrslum. Hið sanna er, að innlánsfé í viðskiptabönkum og sparisjóðum, þ. e. að meðtöldum sparisjóðs-, ávísunar- og hlaupareikningum, jókst árið 1958 um 15.8%, 1959 um 13.8% og árið 1960 um 12% og þó raunverulega ekki nema um 9%, þegar tekið er tillit til vaxtahækkunar af innlánsfé, sem lagt er við innstæðurnar um hver áramót og reiknað sem aukning.

Núv. ríkisstj. lofaði því í viðreisnarboðskapnum að koma framleiðslunni á traustan grundvöll, þannig að staðið gæti án afskipta ríkisvaldsins. Hið gamla og spillta uppbótakerfi skyldi algerlega afnumið. Bent var á, að mikið yrði á sig að leggja til þess að losna við þetta kerfi, og margir trúðu einu sinni enn.

Uppbótakerfi getur verið með tvennu móti: Í fyrsta lagi beinar uppbætur til framleiðenda í ofanálag á markaðsverð. Í annan stað niðurgreiðsla á neyzluvörum, til þess að hægt sé að halda kaupinu og þar með framleiðslukostnaði niðri, til þess að framleiðslan komist af með lægra verð. Ef niðurgreiðslur hyrfu, þyrfti framleiðslan hærra verð sem því svarar og yrði að fá beinar uppbætur. Í fjárl. fyrir árið 1962 eru niðurgreiðslur áætlaðar rúmlega 300 millj., sem þó er talið of lágt. Þessar niðurgreiðslur eru því uppbótakerfi í öðru formi. Þær eru önnur hlið á sama hlutnum. Ríkisstj. hagar sér í þessu efni eins og karlinn, sem hélt föstuna með því að kalla kjötið, sem hann át, klauflax. Þannig hefur ríkisstj. haldið þetta loforð. Eftir að viðreisnarkerfið hafði staðið árið 1960, varð reynslan af því sú, að einn útgerðarmaður úr Sjálfstfl. sagði á landsfundi útgerðarmanna, að enn hefði ekki verið upp fundið skordýraeitur, sem væri jafnhraðvirkt á skordýr og viðreisnin á útgerðina. Annar framámaður Sjálfstfl. kvað viðreisnina hafa verkað eins og lömun á þjóðarlíkamann. Afleiðingarnar í útgerðinni blasa við og sanna þessi ummæli. En það þori ég að fullyrða, að flestir bændur eru á einu máli um það, að landbúnaðurinn hafi orðið enn verr úti. Uppbygging og framfarir í þessum tveimur atvinnugreinum hafa að miklu leyti stöðvazt, því að fáir hafa lengur efni á að kaupa skip og enn færri möguleika til að stofna til búskapar. Þannig hefur ríkisstj. efnt það loforð sitt, sem er aðalatriði viðreisnarinnar, að koma framleiðslunni á traustan grundvöll.

Um fátt höfðu sjálfstæðismenn talað meira en of há fjárlög og um þær drápsklyfjar, sem lagðar voru á þjóðina. Þessu átti nú heldur en ekki að breyta. Við þetta loforð sitt hefur ríkisstj. staðið á þann hátt, sem fram kom í útvarpsumr. fyrir fáum dögum, að stjórnarflokkarnir hafa nærri tvöfaldað álögurnar á þremur árum og hafa þó gefizt upp við að koma saman hallalausum fjárlögum fyrir 1962, nema með óheyrilegum reikningsbrellum, svo að vægasta orðalag sé um það athæfi notað. Þannig hefur ríkisstj. staðið við loforð sín í þessu máli. Og þannig hafa öll loforð og áform ríkisstj. farið í sömu gröfina, jafnt þau, sem hún kann að hafa meint, og hin sígildu, vegna þess að stjórnarstefnan var vanhugsuð frá upphafi.

Ríkisstj. lýsti því yfir, að hún ætlaði ekki að skipta sér af verkföllum. Þegar trausti grundvöllurinn undir framleiðsluna hefði verið lagður með viðreisninni, ætti allt að ganga af sjálfu sér. Atvinnurekendur ættu sjálfir að semja um kaupið, ríkisstj. að sitja í sínum stólum afskiptalaus. Þetta er að vísu gagnstætt því, sem tíðkast í lýðræðislöndum, þar sem hlutaðeigandi ráðherrar leggja sig fram þegar í byrjun vinnudeilna, oft með góðum árangri, til þess að koma í veg fyrir, að deilan leiði til illvígra verkfalla. Ekki dettur mér það í hug að gera þá kröfu til núv. ríkisstj., að á hennar

valdi sé frekar en annarra ríkisstjórna að koma í veg fyrir öll verkföll eða hún hafi átt að ganga að öllum kröfum sérfróðra manna eða annarra launþega, sem oftast eru líka settar fram sem hámarkskröfur, án þess að þeir búist við að fá þeim framgengt að fullu. En hitt fullyrði ég, að núv. ríkisstj. hefur yfirleitt tekið svo ólánlega á vinnudeilum, að til stórtjóns er fyrir þjóðina og afleiðingar ófyrirsjáanlegar. Ríkisstj. hefur í hverri deilu þrjózkazt við, spillt samningum bak við tjöldin, en þegar allt var komið í mesta öngþveiti og stórverðmæti glötuð, ýmist guggnað eða sett brbl.

Með samningum er oft hægt, áður en gagnkvæm stifni kemst í málið, að ná betri lausn. Það er t. d. almæli, að áður en brbl. voru sett um flugmennina, hefði verið hægt að ná engu óhagstæðari samningum en nýlega náðust, ef ríkisstj. hefði látið málið afskiptalaust. Það er skoðun margra, að ef gengið hefði verið með dugnaði og lagni til samninga við lækna, hefðu náðst hagkvæmari samningar en eftir að brbl. voru sett, í því andrúmslofti, sem þau hafa skapað. En þó er framkoman í kaupdeilu lægra launaðra stétta enn furðulegri. Stöðvun hófst í Vestmannaeyjum í byrjun þessa árs vegna verkfalls atvinnurekenda, er stafaði af ósamkomulagi um fiskverð, þar sem ríkisstj. mistókst að miðla málum. Síðan tók verkfallið við. Þegar heyrðust þær raddir úr stjórnarherbúðunum, að nú skyldi fyrsta verkfallið kæft í fæðingunni, hvað sem það kostaði. Bak við tjöldin neitaði ríkisstj. atvinnurekendum um að semja, þangað til mikið af vertíðinni var tapað. Þá var samið um kauphækkun. Ríkisstj. sat uppi með óvirðingu fyrir afskiptin, þjóðin, útgerðarmenn og verkamenn með margra milljóna tap. Áður en þetta gerðist, hafði Alþýðusamband Íslands leitað eftir samningum við ríkisstj. um kauphækkun og boðizt til að reikna sérhverja lækkun á framfærslukostnaði sem kauphækkun. Ríkisstj. dró öll samtöl á langinn, svaraði loks því, að engin kauphækkun til verkamanna eða bænda kæmi til greina.

Í þessu sambandi vil ég minna á það, að haustið 1958 bar Framsfl. fram, fyrst í vinstri stjórninni, síðar á Alþýðusambandsþingi, tillögur í efnahagsmálum. Samkv. þeim tillögum voru lífskjör vinnustéttanna 15—20% betri en þau voru orðin s. l. sumar. Þá, haustið 1958, eggjuðu sjálfstæðismenn ásamt Alþýðuflokksmönnum og kommúnistum, allir sem einn, verkamenn á að hafna þessu boði, sem þeir og gerðu. Á þessum forsendum rufu ráðandi pólitískir verkalýðsleiðtogar það samstarf við Framsfl., sem auðvelt var að halda áfram á grundvelli þessara tillagna. Hér má skjóta því inn í, að sú saga, að Framsfl. hafi gefizt upp við að stjórna, er því sannarlega hreint öfugmæli, margendurtekið, í von um, að menn viti ekki betur, því að hvort tveggja lá fyrir, að flokkurinn var reiðubúinn til að bera ábyrgð á stjórn landsins og hafði gert grein fyrir þeirri leið, sem hann vildi fara. En í sumar, eftir að lífskjör verkamanna höfðu, eins og fyrr segir, versnað síðan 1958 um 15—20%, sögðu ýmsir helztu sprengiforkólfarnir frá 1958, að lífskjörin mættu nú umfram allt ekki batna. Er nokkur furða, þótt svona vinnubrögð geri vinnustéttirnar tortryggnar og þær telji, að ekki hafi borgað sig að fella vinstri stjórnina?

Eftir langt samningaþóf tilkynnti ríkisstj., að reiknað hefði verið út, að fjárhagskerfið þyldi 3% kauphækkun, en ekki eyri meira, eftir enn lengra þóf urðu þetta 6% og loks eftir langt verkfall 6% plús 4% eftir eitt ár. Þetta tilboð felldu flest verkalýðsfélög og atvinnurekendur. Þegar hér var komið, var auðsætt, að verkföllin voru að komast á enn verra stig en í Vestmannaeyjum. Ýmsir töldu, að jafnvel væri að draga til allsherjarverkfalls. Ríkisstj. sat ráðalaus og hafðist ekkert að. Yfirvofandi var m. a., að síldarvertíðin fyrir Norðurlandi glataðist þjóðinni að meira eða minna leyti og þar með litt bætanleg verðmæti. Þá var það, að samvinnufélögin tóku af skarið, björguðu málinu með samningum um kauphækkun, sem ekki var meiri en ríkisstj. hafði látið semja um í Vestmannaeyjum og ekki meiri en svo, að vinnustéttirnar náðu naumast eða ekki þeim lífskjörum, sem þeim stóðu til boða 1958 og ýmsir mektarmenn kváðu allt of lág þá. Og í samningunum er tekið fram, að þeir skuli gilda, þótt vísitalan hækki allt að 5 stigum. En þá loks leyfði ríkisstj., að samið yrði við verkalýðsfélögin og víða um hærra kaup en samvinnufélögin höfðu samið um. En í stað þess að nota sér hina hagkvæmu samnninga, sem samvinnufélögin höfðu lagt grundvöllinn að, til að hverfa frá samdráttar- og lömunarstefnunni og taka upp framfara- og framleiðslustefnuna, leysa framleiðsluna úr fjötrum vaxtaokurs og lánsfjárkreppu, leggja áherzlu á aukna framleiðni, sem Framsfl. hefur margsinnis fært rök að, að væri eina leiðin út úr ógöngunum, tekur ríkisstj. sig til, heldur enn lengra út í foraðið, gefur út hin alræmdu brbl. um nýja gengisfellingu og tekur þar með allar kauphækkanir af vinnustéttunum og vel það, áður en blekið er þornað af samningunum, sem hún hafði leyft atvinnurekendum að gera. Það þarf naumast að skýra það fyrir þjóðinni, hve skynsamleg og drengileg þau eru, þessi vinnubrögð, og hvaða afleiðingar þau kunna að hafa í för með sér. Það er máske engin furða, þótt stjórnarflokkarnir, sem staðnir eru að vinnubrögðum þeim, sem ég hef lýst, kæri sig ekki um reikningsskil í kosningum.

Vinnubrögð núverandi stjórnar minna um margt á stjórnarfarið 1942, þegar Sjálfstfl. tók við stjórnarforustunni og lofaði stöðvun dýrtíðarinnar, en leiddi yfir þjóðina slíka verðbólguskriðu, að vísitalan hækkaði á fáum mánuðum um 89 stig. Þá voru sögð þessi eftirminnilegu orð, að með einu pennastriki mætti stöðva dýrtíðarskriðuna, þegar þörf þætti. Þessi vinnubrögð voru upphaf glundroðans í efnahagsmálakerfi þjóðarinnar, sem engin ríkisstj. hefur að fullu ráðið við síðan. En ef viðreisnin á að vera pennastrikið, er ljóst orðið, að í stað þess, að það pennastrik stöðvi og lækni, hefur það enn aukið hraða dýrtíðarskriðunnar og sýkt efnahagskerfið enn meir, svo að ekki minnir á annað fremur en upphafið sjálft, dýrtíðardrauginn, sem var vakinn upp 1942.

Nú er svo fyrirskipað í stjórnarráðinu, að fyrir öllu verði að ganga að semja nýja loforðaskrá, sem kölluð er fimm ára áætlun. Þessa loforðaskrá á að birta þjóðinni með öllum þeim hávaða og auglýsingaskrumi, sem tiltæk eru, nægilega snemma fyrir næstu kosningar. Í þessum hávaða á að reyna að láta kjósendur gleyma því, að þeim var fyrir síðustu kosningar lofað bættum lífskjörum, en fengu síversnandi lífskjör, að þeim var lofað stærri landhelgi, en fengu minnkaða landhelgi, að þeim var lofað stöðvun dýrtíðarinnar, en fengu í staðinn óðaverðbólgu, og annað eftir því, svo sem ég hef fært rök að. En nýju loforðin verða eins meint og eins haldin og gömlu loforðin fyrir síðustu kosningar, því að mennirnir, sem loforðin gefa, eru sömu mennirnir og áður, staðráðnir í því að nota að nýju sömu aðferðina og þeir telja, að áður hafi reynzt vel við kjósendur, því að íhalds- og samdráttarstefna breytir ekki um eðli við að láta skrá og dreifa út um landið nýjum kosningaloforðum.

En ef það reynist sigursælt með þjóðinni að gefa hvers konar loforð fyrir kosningar og vinna síðan alveg gagnstætt því á Alþingi og í ríkisstj., þá eru kosningar orðnar næsta þýðingarlitlar og vald kjósendanna hverfandi. Einræðið á þá skammt ófarið í hásætið. Kjósendur einir hafa vald til þess að afstýra þessu, og það geta þeir með því að refsa í kosningum þeim flokkum, sem halda uppi slíkum vinnubrögðum, sem ég hef lýst, því að þegar flokkar tapa í kosningum á þessum vinnubrögðum og fyrst þá munu þeir leggja þau til hliðar. Kjósendur hafa þá endurheimt vald sitt, og lýðræðið verður styrkara.

Á s. l. sumri, þegar ríkisstj. hótaði nýrri gengisfellingu og dýrtíðaröldu, krafðist Framsfl. þess með bréfi til forsrh., að hann léti kosningar fara fram, áður en til slíks yrði gripið, svo að þjóðin fengi tækifæri til að segja vilja sinn um það, hvort lengra skyldi haldið á braut samdráttarstefnunnar eða tekin upp ný stefna. Þessu bréfi hefur enn ekki verið svarað, nema ef vera skyldi á þann hátt að grípa til hinna alkunnu ráðstafana gegn vinnustéttunum, sem stefna fjárhagskerfinu og þjóðinni út í enn verri ófæru en áður. Vantraustið er borið fram til þess að reyna á það, hvort hægt er að koma því til vegar, þótt seint sé, að þjóðin fái tækifæri til að láta í ljós vilja sinn.

Ég tel mig hafa fært að því skýlaus rök, að þannig hefur verið stefnt og stjórnað tvö síðustu árin, að þjóðin á fullan rétt á því að fá þetta vald í sínar hendur. Og ég vil skora á alþm. að veita kjósendum þennan rétt, sem þeir eiga, með því að greiða vantrauststillögunni atkvæði.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Þetta er í annað skipti á þessu ári, sem vantrauststill. á ríkisstj. er flutt á Alþingi. Sá er munur á þessari till. og þeirri, er flutt var í fyrravetur, að þá gengu framsóknarmenn og Alþýðubandalagsmenn saman í einni fylkingu til atlögunnar. Í Þjóðviljanum hefur orðið vart greinilegra vonbrigða yfir því, að flokksmenn hans skyldu nú ekki fá að vera með í tillögugerðinni. Þau vonbrigði hafa orðið til þess, að Þjóðviljinn hefur að undanförnu skeytt skapi sínu á hv. þm. Eysteini Jónssyni. Hann var veikur, þegar hv. þm. Hermann og Karl skrifuðu upp á blaðið með hv. Hannibal og Lúðvík í fyrra.

Þjóðviljanum þykir nú einsætt, að vinstra samstarfi verði ekki komið á með Eysteini Jónssyni. Hann verði þess vegna að fjarlægja úr valdastóli Framsóknar, áður en dýrðardagar nýrrar vinstri samvinnu renni upp. En það mun alger misskilningur, að það sé sérstaklega verk Eysteins Jónssonar, að Framsókn hefur að þessu sinni viljað gera sem minnst úr samneyti sínu við Alþýðubandalagsmenn. Ástæðan til þess er fyrst og fremst sú, að vaxandi óánægju hefur gætt í hópi framsóknarmanna um allt land yfir þjónustusemi flokks þeirra að undanförnu við kommúnista. Hermann Jónasson varð að *játa í ræðu í sumar*, að úr hópi ungra manna innan flokksins hefði hann heyrt undrun yfir, að hann eftir fengna reynslu hygði enn á vinstra samstarf. Það var og sízt að ófyrirsynju, að Hermann gaf þessa játningu, því að skömmu áður hafði álitlegur hópur ungra framsóknarmanna gengið til samstarfs við aðra lýðræðissinna til eflingar vestrænni samvinnu. Það er því óttinn við almenningsálitið innan þeirra eigin flokks, sem nú hefur knúið foringja Framsóknar til þess að reyna að hreinsa kommúnista af sér.

Þá hefur Þjóðviljinn látið uppi kvíða yfir, að með flutningi vantrauststillögu sinnar nú séu framsóknarmenn í raun og veru að reyna að nálgast ríkisstj. og gefa til kynna, að þeir vilji semja um vandamálin á þeim grundvelli, sem núv. stjórnarflokkar hafa lagt, að því áskildu, að Framsókn fái að taka þátt í ríkisstj. Þessu til stuðnings er vitnað í hegðun Framsóknar 1950. Þá fékk hún fyrst samþykkt vantraust á *þáv. ríkisstj. sjálfstæðismanna*, en gekk fáum dögum síðar til samstarfs við okkur um myndun ríkisstj. og lögfestingu frv. til laga um gengisskráningu o. fl., er ríkisstj. hafði áður borið fram og var raunar aðaltilefni vantraustsins.

Eðlilegt er, að mönnum komi þetta fordæmi í huga, einkum þegar þeir rifja upp eitt aðalákvæði frv. þess, sem 1950 varð fyrst ásteytingarsteinn Framsóknar, en síðan undirstaða stjórnarmyndunar hennar og Sjálfstfl. Í 2. gr. frv., sem flokkarnir sömdu þá um, sagði svo:

„Eftir gildistöku laga þessara er ríkisstj. á ráðherrafundi rétt, að fengnum tillögum bankaráðs og bankastjóra Landsbanka Íslands, að ákveða gengi íslenzkrar krónu. Gengisskráning skal miða að því að koma á og viðhalda jafnvegisgengi, þ. e. að sem mestur jöfnuður sé í greiðslum við útlönd án gjaldeyrishafta.

Landsbanka Íslands er skylt að taka sérstaklega til athugunar gengisskráningu íslenzkrar krónu, þegar almenn breyting verður á kaupgjaldi, önnur en sú, sem kveðið er á um í þessum lögum. Skal bankinn, svo fljótt sem kostur er, gera ríkisstj. grein fyrir niðurstöðum sínum.“

Þetta ákvæði, sem flokkarnir höfðu samið um sín á milli, var að vísu tekið út úr frv. í síðari deild eftir óskum þáv. Alþýðusambandsstjórnar, sem skipuð var lýðræðissinnum. En ákvæðið sýndi engu að síður, hvernig Framsfl. og sjálfstæðismenn töldu þá, að gengisskráningu væri bezt fyrir komið. Skoðun þeirra var sú, að hún ætti ekki að vera hjá Alþ., heldur hjá Landsbanka Íslands og ríkisstj., þ. e. a. s. mjög svipað fyrirkomulag og lögfest var með brbl. frá því í ágúst í sumar. Flokkarnir sömdu meira að segja berum orðum um, að Landsbanka Íslands væri skylt að taka sérstaklega til athugunar gengisskráningu íslenzku krónunnar, þegar almenn breyting yrði á kaupgjaldi. Alþýðusambandsstjórninni þótti þetta ákvæði of fortakslaust og benti á, að ýmis fleiri atriði kæmu hér til álita. Vegna þess að sýnt var, að Alþýðusambandið mundi eira ráðstöfunum þessum að öðru leyti, ef gengisskráningarákvæðið væri fellt niður, var það gert. En ekki er um það að villast, að þarna lýsti sér skilningur framsóknar- og sjálfstæðismanna á samhengi gengisskráningar og almenns kaupgjalds í landinu. Framsókn þyrfti þess vegna ekki annað en vitna til, að hún væri að framkvæma gamalt stefnumál sitt, ef hún féllist á brbl. frá í sumar, eftir að hún væri komin í ríkisstj.

En mundi Framsókn ekki gersamlega brjóta á móti þeim kenningum, sem hún nú heldur fram um rétta lýðræðishætti og vald Alþingis, ef hún eftir að vera komin í stjórn samþykkti, að slík stórmæli hefði mátt lögfesta með brbl., sem hún hefur fordæmt harkalega að undanförnu? Þeirri spurningu er einnig bezt svarað með því að minnast þess, sem áður hefur gerzt. Af fáu hafa hv. flytjendur þessarar vantraustst ill., Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson, hælt sér meir en því, að þeir á fyrsta stjórnarári sínu 1934 gerbreyttu löggjöfinni um afurðasölu bænda. Á sínum tíma var sú löggjöf hið mesta deilumál, ekki minna en gengisskráningin er nú. Þeir leituðu þó ekki fyrir fram samþykkis Alþ. til þessarar gerbreytingar. Hinn 9. ágúst 1934 gáfu þeir út brbl. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum um sláturafurðir og ákveða verðlag á þeim og hinn 10. sept. s. á. um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

En lá þá ekki svo mikið á lögfestingu þessarar gerbreytingar, að ómögulegt hefði verið að bíða atbeina Alþingis? Því fer fjarri, vegna þess að mjólkurlögin frá 10. sept. 1934 áttu ekki að meginefni að taka gildi fyrr en löngu eftir að Alþ. skyldi saman komið.

Frá því að þetta gerðist eru liðin 27 ár. Margt breytist á skemmri tíma, og kynni einhver að segja, að slík beiting bráðabirgðalöggjafarvaldsins hafi einungis verið bernskubrek þáv. hæstv. ráðh., Hermanns Jónassonar og Eysteins Jónssonar. Nú séu þeir orðnir þroskaðri og mundu þess vegna alls ekki grípa til slíkra ráða, ef þeir væru við völd. Sú tilgáta fær þó ekki staðizt, því að síðast þegar þeir sátu í ráðherrastólum var það eitt af fyrstu verkum þeirra eftir myndun vinstri stjórnarinnar 1956 að gefa út brbl. hinn 28. ágúst 1956 um festingu kaupgjalds og verðlags, en með þeirri lagasetningu voru launþegar sviptir kjarabótum, sem ná átti með verkföllunum miklu 1955, og þegar brbl. þóttu ekki hrökkva til, var hagur launþega enn skertur með lagasetningu Alþ., fyrst með jólagjöfinni 1956 og síðan með bjargráðunum 1958.

Þegar öll þessi dæmi eru höfð í huga, verður ljóst, að hv. flm. vantraustst ill., Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson, hafa sízt á móti útgáfu brbl., ef þeir sjálfir eiga kost á því að gefa þau út.

Þegar litið er á sjálft efni málsins, verður hið sama upp á teningnum. Hv. tillögumenn halda því fram, að kauphækkanir í sumar hafi verið sáralitlar og sízt lagaðar til þess að trufla efnahag þjóðarinnar eða íþyngja útflutningnum, svo að nokkru næmi. Stjórnarandstæðingar vitna einkum til þess, að aukinn síldarafli og hækkað verðlag á útflutningsvörum á þessu ári hafi nú gert kauphækkanir mögulegar. En sjálfir héldu þeir því fram fyrir síðustu áramót, að þá væri sjávarútvegurinn svo illa staddur, að gera yrði sérstakar ráðstafanir til hækkunar á fiskverði, til þess að hann gæti haldið áfram, enda hafði þá orðið verðfall á ýmsum afurðum. Og allir landsmenn muna eftir fullyrðingunni um „móðuharðindi“ af mannavöldum, sem 1960 var viðhöfð af einum greindasta og orðvarasta þingmanni Framsóknar. Að dómi hv. stjórnarandstæðinga var ástand atvinnuveganna þess vegna þá síður en svo gott. Þegar borið er saman verðlag sjávarafurða í ár, miðað við það, sem áður var, kemur í ljós, að meðalverð þorsk-, karfa- og síldarafurða í ágústmánuði 1961 er 3.8% lægra en í árslok 1959. Þrátt fyrir sæmilegan síldarafla í sumar og betra verð til bátaflotans er heildarframleiðsla sjávarafurða reiknuð á föstu verði 3.2% lægri 1961 en 1959, en við aflamagn og verðlag þess árs var miðað í undirbúningi viðreisnarlöggjafarinnar 1960.

Þessar einföldu tölur sanna, að í sumar var því miður enginn grundvöllur til svo gífurlegrar kauphækkunar sem varð. Einn reyndasti og hreinskilnasti athafnamaður í hópi stjórnarandstæðinga, Jakob Frímannsson, forstjóri á Akureyri og formaður SÍS, lýsti yfir því í vor, að gengislækkun mundi verða afleiðing almennra kauphækkana nú. Skömmu eftir þessa ótvíræðu yfirlýsingu sömdu fyrirtæki SÍS um þvílíkar kauphækkanir. Það tjáir þess vegna ekki að halda því fram, að þeir, sem ábyrgðina bera á þeirri samningsgerð, hafi ekki gert sér ljóst, hver afleiðingin mundi verða.

Svo vill einnig til, að fyrir hendi eru yfirlýsingar og athafnir hv. þm. Eysteins Jónssonar, þegar svipuð almenn kauphækkun varð á árinu 1955 og hann var sjálfur í ríkisstj. Kauphækkanirnar þá voru svipaðar og nú. Áhrifum þeirra lýsti hv. þm. Eysteinn Jónsson svo hinn 18. okt. 1955, að þær hefðu valdið „nýju upplausnarástandi í efnahagsmálunum.“ Það sagði Eysteinn þá. Sams konar upplausnarástand hefði skapazt nú, ef ekki hefði tafarlaust verið gripið til gagnráðstafana. Hv. þm. Eysteinn Jónsson lét ekki sitja við orðin ein 1955, heldur greip til gagnráðstafana, raunar harla einkennilegra,

en býsna afdrifaríkra. Þá höfðu sjálfstæðismenn og framsóknarmenn verið saman í ríkisstj. frá því snemma árs 1950. Hv. þm. Eysteini Jónssyni ægði svo „upplausnarástandið“ 1955, að hann tók saman höndum við hv. meðflm. sinn að þessari till., Hermann Jónasson, sem allt frá 1953 vildi þáverandi stjórnarsamstarf feigt. Á flokksþingi Framsóknar snemma árs 1956 beittu þeir sér í sameiningu fyrir, að ákvörðun var tekin um að slíta samstarfinu við sjálfstæðismenn, með þeim rökstuðningi, að þessir tveir flokkar réðu ekki við vanda efnahagsmálanna. Þar yrði atbeini verkalýðsins í mynd Alþfl. að koma til. Kauphækkanirnar árið 1955 voru sem sagt svo afdrifaríkar í huga hv. þm. Eysteinn Jónssonar þá, að þær réttlættu algera stefnubreytingu Framsóknar í þjóðmálum. Annað mál er, að öll sú viðleitni, sem, eins og Hermann Jónasson hélt fram á Hólmavíkurfundi haustið 1958, stefndi að því að setja sjálfstæðismenn, nær helming þjóðarinnar, til hliðar, leiddi áður en yfir lauk til þeirrar einangrunar Framsóknar, sem hún nú er í og þessi vantrauststill. ber vitni um, að hún unir ákaflega illa. Enda sagði Hermann Jónasson nú í kvöld, þvert ofan í yfirlýsinguna frægu 4. des. 1958, þegar hann kom hingað á Alþingi og tilkynnti uppgjöf sína, hina hraklegustu í sögu þjóðarinnar, — þvert ofan í þá yfirlýsingu sagði Hermann nú, að Framsókn væri síður en svo uppgefin á því að stjórna.

Þegar allt þetta er skoðað, er von, að Þjóðviljanum og raunar ýmsum fleiri komi til hugar, að flutningur vantrauststill. nú sé eins konar ábending frá Framsókn um, að hún sé nú reiðubúin að breyta um og taka upp þveröfuga stefnu við þá, sem hún hefur fylgt um hríð, einungis ef hún fái að komast í ríkisstjórn. Slíkar bollaleggingar hafa styrkzt við það, að Framsókn hefur enn sýnt ábyrgðartilfinningu í umræðunum um hugsanlega aðild Íslands að Efnahagsbandalagi Evrópu. Þar er um að ræða eitt mesta vandamál, sem úrlausnar bíður. Svo sem kunnugt er, hafa hin svonefndu sexveldi komið á þessu bandalagi og með því mjög styrkt aðstöðu sína. Vegna hins stóra markaðar, sem myndazt hefur, og með sameiginlegum átökum hafa framfarir í þessum löndum aukizt ótrúlega og almenn velmegun skapazt. Af þeim sökum sækja önnur lönd Vestur-Evrópu mjög á um að gerast aðilar bandalagsins með einum eða öðrum hætti. Ef þau mörg eða flest gerast aðilar, verður bandalagið enn sterkara og staða hinna, sem utan standa, því örðugri og hættusamari. Ef litið er á efnahaginn einan og skilyrði fyrir almennri velmegun, er líklegt, að Íslendingar gætu með engu móti styrkt aðstöðu sína betur en með aðild að bandalaginu. Hér eru þó miklir annmarkar á. Í stofnskrá bandalagsins, Rómarsamningnum, eru ýmis ákvæði, sem eru eðlileg fyrir þær þjóðir, er búa í þéttbýlum, fullnýttum löndum, en eiga ekki við fyrir fámenna þjóð, sem lifir í stóru, lítt nýttu landi eins og við Íslendingar. Skilyrðislaus aðild okkar getur þess vegna ekki komið til greina. Ef öll þau lönd, sem nú eru horfur á að gerist aðilar, ganga í bandalagið, eru hins vegar innan þess þeir markaðir, sem með eðlilegum hætti taka við meiri hluta útflutnings okkar. Ef við verðum utangátta og missum þá markaði, er voðinn vís, auk þess sem við mundum þá ekki öðlast þau hlunnindi, sem samfara eru aðild að bandalaginu.

Hér ríður þess vegna mjög á, að rétt sé á haldið. Afla verður skilnings á sérstöðu okkar, þannig að við komumst í eitthvert það samstarf eða samband við þetta bandalag, að hagsmunir okkar verði ekki fyrir borð bornir. Við verðum að kanna rækilega, með hverjum hætti við getum tryggt hag okkar, fylgjast náið með athugunum og samningum annarra og meta eftir framvindu þeirra, hvenær tímabært sé að kanna til úrslita, hvort við getum fengið aðgengileg kjör. Ég hygg, að um þetta geti enginn ágreiningur verið á milli þeirra, sem ekki vilja einangra þjóð okkar frá þeim, sem okkur eru skyldastir og eðlilegast er að við höfum náin viðskipti við. Hitt er skiljanlegt, að hinir, sem umfram allt vilja hrekja okkur í faðm einræðisherra austan járntjalds og gera okkur þeim háða í einu og öllu, ærist út af hugsanlegri aðild okkar að Efnahagsbandalaginu. Ánægjulegt er, að Framsfl. vill, að minnsta kosti þessa stundina, ekki skipa sér í þá sveit. Meðan svo er, mun ríkisstj. að sjálfsögðu hafa við hann heilshugar samstarf um þetta mikla vandamál.

Horfur í heimsmálum eru nú svo ískyggilegar, að einn þeirra, sem gerst mega vita, sagði fyrir skömmu, að ástandið hefði aldrei verið alvarlegra en nú. Síðan hefur það enn versnað, nú síðast með ógnarsprengjum Sovétstjórnarinnar yfir og í Norðurhöfum. Af hálfu íslenzku stjórnarinnar hafði þeim ósköpum þegar verið mótmælt á þingi Sameinuðu þjóðanna. Ítreka ég þau mótmæli nú og vænti þess, að mótmælatill., er útbýtt var á Alþ. nú í upphafi fundar, fái stuðning allra góðra Íslendinga. Samhugur um varnir landsins og styrkari tengsl okkar við þær þjóðir, sem halda uppi friði og frelsi, ætti að vera hafinn yfir allan flokkaríg og deilur um dægurmál.

En af því leiðir engan veginn, að æskilegt sé, að Framsfl. komi nú í ríkisstjórn. Á sínum tíma höfðu Sjálfstfl. og Framsfl. fullkomið samstarf við Alþfl. um undirbúning og gerð varnarsamningsins við Bandaríkin 1951, og var Alþfl. þó í harðri stjórnarandstöðu. Með sama hætti á að vera unnt að hafa samstarf við Framsókn um undirbúning og athugun á aðild okkar að Efnahagsbandalaginu, þó að hún haldi áfram að vera utan ríkisstjórnar. Segja má, að Framsókn lendi vegna stjórnarandstöðu sinnar ef til vill í meiri freistingu en ella um að hlaupa útundan sér og slást í för með kommúnistum. Við, sem höfum verið með Framsókn í ríkisstj., vitum, að engu minni hætta er á, að hún falli í þá freistni, þótt hún sé innan stjórnar. Nægir í því efni að minna á hinar furðulegu ákvarðanir hennar í varnarmálunum veturinn 1956, þegar kjörorðið var, að betra væri að vanta brauð en hafa her í landi. Þau orð mælti Hermann Jónasson klökkum rómi í eyru alþjóðar rétt fyrir kosningar 1956. Allir kannast

við efndirnar á því heitorði, og er það eftir öðru, að þessi hv. þm. skyldi gera vanefndir loforða að aðalumræðuefni sínu í kvöld.

Munur á samstarfi núv. stjórnarflokka og samstarfi við Framsókn er sá, að Framsókn hefur aldrei tamið sér að sitja á friðstóli með samstarfsmönnum sínum. Hún virðist ætíð þurfa að standa í illindum og telur stjórnarsamstarf til þess valið að reyna að grafa undan samstarfsmönnum sínum. Sjálfstfl. og Alþfl. eru auðvitað ósammála um margt, en enn hefur þeim tekizt að vinna af fullum heilindum saman að lausn þeirra vandamála, sem þeir hafa samið um. Á meðan svo fer fram, er þess vegna einsætt, að þeim ber samkvæmt því umboði kjósenda, er þeir hlutu við síðustu almennar kosningar, að halda stjórnarsamstarfi sínu áfram einir og leggja síðan gerðir sínar undir dóm þjóðarinnar við reglulegar alþingiskosningar.

Í Framsfl. er margt mætra manna. Þeir eiga nú um þá kosti að velja að yfirgefa flokk sinn eða reyna að koma þar á þeirri hugarfarsbreytingu, að flokkurinn verði samstarfshæfur. Líklegast til árangurs er, að þeim gefist nokkurra ára tóm til að vinna að slíkum mannbótum.

Löglega kjörið Alþ., sem styðst við meiri hluta þjóðarinnar, á að hafa úrslitavald í málum þjóðarinnar. Misbeiting almannasamtaka til þess að gera að engu ákvarðanir Alþ. er í senn hættuleg fyrir það fólk, er forustumenn í samtökum þess misbeita svo umboði sínu, og fyrir allt þjóðfélagið. Hér er svo mikið í húfi, að snúast verður við áframhaldandi skemmdarverkum með fullri festu. Í þeirri baráttu er ekki einungis um að ræða skilyrði fyrir bættum lífskjörum á næstu árum, heldur alla framtíðarheill íslenzku þjóðarinnar.

Ekki þarf að eyða orðum að því, að þessi ríkisstj., eins og raunar allir alþm., vill, að lífskjör verði sem bezt og framfarir mestar. Ágreiningsefnið er, hvernig þessum markmiðum verði náð. Ríkisstj. er sannfærð um, að þar sé viðreisnin, sem hófst með ráðstöfunum hennar snemma á síðasta ári, grundvallarskilyrði. En hún gerir sér grein fyrir, að það þarf ýmislegt fleira til að koma.

Þá atvinnuvegi, sem þegar eru fyrir hendi, ber að efla og tryggja og aðra nýja þarf að hefja. Sá undirbúningur fiskræktar, sem nú er hafinn fyrir forgöngu stj., er einn vísir þessa. Svipuðu máli gegnir um undirbúning vinnslu kísilgúrs úr Mývatni. Athugun á möguleikum til stóriðju, sem nú á sér stað, stefnir í sömu átt. Með virkjun hinna stærri fallvatna skapast slíkir möguleikar, samfara því að ódýrari orka fæst til heimilisnotkunar og margs konar smáiðnaðar. Í þessu sambandi kemur til athugunar, hvort og með hverjum hætti rétt sé að veita erlendu fjármagni inn í landið. Auðvitað kemur ekki til mála, að það verði gert, nema tryggilega sé um búið. Í þeim efnum eins og ýmsum fleirum er fordæmi frænda okkar, Norðmanna, mjög til leiðbeiningar. Við styðjumst nú þegar mjög við reynslu þeirra við samningu 5 ára áætlunarinnar, sem nú er verið að vinna að.

Eins og kunnugt er, hefur lengi legið í landi, að við höfum keppzt við að gera allt í senn og ráðizt í að framkvæma meira en unnt var að hrinda áleiðis samtímis. Vegna þessa hefur öllu seinkað og leitt til fjármunasóunar og skorts á erlendum gjaldeyri. 5 ára áætluninni er ætlað að ráða bót á þessu. Efni hennar má skipta í 3 meginþætti. Í fyrsta lagi verði samið almennt yfirlit eða heildarmynd af þjóðarbúskapnum og væntanlegri og æskilegri þróun hans næstu 5 árin. Af þessu heildaryfirliti á að sjást, hvaða fjármunum þjóðin muni væntanlega ráða yfir til þess að fullnægja þörfum sínum og óskum, bæði um neyzlu og framkvæmdir. Á þeim grundvelli verður hægt að ákveða, hve mikið megi ráðast í án þess að bera getu þjóðarinnar ofurliði. Í öðru lagi verða samdar rækilegar og heilsteyptar áætlanir um opinberar framkvæmdir, svo að þær geti orðið sem mestar og hagkvæmastar. Er þar um að ræða raforkuframkvæmdir, vegagerð, hafnarmannvirki, skólabyggingar, heilsuhæli o. fl. Í þriðja lagi verða gerðar áætlanir um þróun atvinnuveganna. Þar ráða einstaklingar og félög mestu um framkvæmdir. Getur sú áætlun þess vegna ekki orðið annað en almennur rammi, sem mundi hafa þá meginþýðingu að skapa grundvöll fyrir stefnu ríkisstj. og opinberra aðila varðandi þróun atvinnuveganna. Með þessari framkvæmdaáætlun er ekki stefnt að því að skipuleggja allt og alla eða hneppa menn í fjötra áætlunarbúskapar. Tilgangur hennar er tvíþættur: Annars vegar að koma fastri skipun á framkvæmdir ríkisins og annarra opinberra aðila og marka stefnu ríkisins í atvinnumálum. Hins vegar að sýna einstaklingum og samtökum landsmanna, hverju þjóðin getur áorkað, ef hún sameinar krafta sína til skipulegrar, en frjálslegrar uppbyggingar á efnahagskerfi landsins.

Enginn efi er á því, að ef vel tekst til um þessa áætlun, getur hún orðið að ómetanlegu gagni. En er þar ekki um að ræða framtíðarhillingar, sem eiga að sætta menn við bág kjör í dag? Það er það, sem Hermann Jónasson reyndi að gefa í skyn áðan. Svarið við því er, að lífskjarabætur fást ekki með neinum kraftaverkum. Þar verður að byggja á staðreyndum. Hagur þjóðarheildarinnar og þar með allra hinna meiri háttar starfsstétta verður einungis bættur með vaxandi arði atvinnuveganna, einkum framleiðsluaukningu. Sjálfsagt er að leita allra ráða, sem geta nú þegar orðið til raunhæfra kjarabóta fyrir almenning. Í nafni ríkisstj. lýsi ég yfir því, að hún er reiðubúin til samstarfs við hvern sem er um það.

Launþegar og vinnuveitendur þurfa að setjast á rökstóla til þess að finna ráð, er tryggi hagkvæmara vinnufyrirkomulag, framleiðsluaukningu og vaxandi arð atvinnuveganna og að almenningur njóti þeirra kjarabóta, sem við þetta verða mögulegar. Samstarfsnefndir beggja aðila mundu geta unnið ómetanlegt gagn í þessum efnum, ef þær gengju til starfsins með góðum hug og glöggum skilningi á því, sem við liggur. Þá er höfuðnauðsyn að koma sér saman um óhlutdrægan aðila, er hafi aðstöðu og vald til að kynna sér, hver greiðslugeta vinnuveitenda í

raun og veru er, og gefi síðan um það hlutlausa skýrslu og leiðbeiningar. Ef slíku sambandi tækist að koma á, mundi þar með vera lagður grundvöllur að friðsamri lausn þeirra deilumála, sem hrjáð hafa þjóðfélag okkar að undanförnu, öllum til ills öðrum en þeim, er vilja upplausn og öngþveiti.

Látum ekki óheillaöfl ráða, heldur sameinumst um það, sem bezt tryggir hagsæld allra. Minnumst þess, að með lögum skal land byggja, en ólögum eyða. Höfum í huga orð skáldsins, er sagði:

„Litla þjóð, sem átt í vök að verjast,
vertu ei við sjálfa þig að berjast."

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Rétt tvö ár eru liðin síðan núv. ríkisstj. tók við völdum í landinu. Við valdatökuna gaf stjórnin út langan og mikinn loforðalista. Mest bar þar á tveimur fyrirheitum. Annað var það, að ríkisstj. ætlaði að taka upp nýja efnahagsmálastefnu, sem tryggði, að framleiðsluatvinnuvegir þjóðarinnar yrðu reknir eins og þar sagði: á heilbrigðum og traustum grundvelli án uppbóta eða styrkja. En hitt var, að stjórnin mundi þegar í stað stöðva frekari skuldasöfnum þjóðarinnar við útlönd, þar sem hún væri þegar sokkin í botnlausar skuldir erlendis.

Ríkisstj. gaf hinni nýju efnahagsmálastefnu sinni strax nafn og nefndi hana „viðreisn". Nú hefur viðreisnin verið reynd í tvö ár, svo að telja verður, að hún hafi fengið fullan reynslutíma. Hvernig hafa fyrirheit viðreisnarinnar reynzt? Eru framleiðsluatvinnuvegir þjóðarinnar komnir á heilbrigðan og traustan grundvöll, án styrkja og uppbóta? Og hefur skuldasöfnun við útlönd stöðvazt?

Rifjum upp nokkrar staðreyndir frá síðustu áramótum, frá lokum fyrsta viðreisnarársins. Þá lýstu útgerðarmenn yfir því, að þeir teldu engan grundvöll vera fyrir útgerð í landinu að óbreyttu ástandi. Samtök þeirra undir forustu sjálfstæðismanna samþykktu m. a. eftirfarandi kröfur: Að ríkisstj. létti af 2½% útflutningsgjaldi, sem viðreisnarlöggjöfin hafði ákveðið. Að lækka vexti niður í það, sem þeir voru fyrir viðreisnina. Að lækka flutningsgjöld. Að ríkisstj. hlutaðist til um að greiða vátryggingariðgjöld fiskiskipaflotans. Að veita útgerðinni almenn skuldaskilalán. Og að veita útgerðinni greiðslufrest á afborgunum stofnlána.

Í lok fyrsta viðreisnarársins neyddist ríkisstj. til þess að samþykkja flestar þessar kröfur útgerðarinnar. Þrátt fyrir þetta voru útgerðarmenn, þar á meðal Sjálfstæðisflokksmenn, allir svo reiðir út í viðreisnina, að þeir héldu uppi róðrarbanni allan janúarmánuð í flestum verstöðvum landsins og í stærstu verstöð landsins í janúar og febrúarmánuði s. l. vetur. Þannig hafði þá reynslan eftir eins árs viðreisn orðið á fyrirheitinu um heilbrigðan og traustan rekstur framleiðslunnar án styrkja og uppbóta.

Og hvernig fór um fyrirheitið að stöðva skuldasöfnun við útlönd á fyrsta viðreisnarárinu? Jú, niðurstaðan varð sú, að umsamdar skuldir þjóðarinnar við útlönd hækkuðu um 331 millj. á árinu, en gjaldeyrisstaðan versnaði raunverulega um 510.8 millj. kr., ef tillit er tekið til aukinna vörukaupalána og minnkandi birgða af útflutningsvörum í landinu.

Fulltrúar ríkisstj. hafa mjög reynt að villa um fyrir mönnum um það, hver raunveruleg útkoma hafi orðið árið 1960 í gjaldeyrismálum þjóðarinnar. Þeir hafa í sífellu klifað á því, að gjaldeyrisstaða bankanna hafi batnað um 240 millj. kr. á árinu. Ætlun þeirra hefur síðan verið, að þetta yrði skilið svo, að gjaldeyrisstaða þjóðarinnar hafi batnað um þessa fjárhæð. En því er nú ekki að heilsa. Það veit ríkisstj. bezt sjálf. Gjaldeyrisstaða bankanna segir ekki nema hálfa sögu í þessum efnum. Það var einmitt eitt af ráðum viðreisnarinnar að heimila innflytjendum að flytja inn almennar vörur án þess, að þær væru greiddar strax af bönkum landsins. Þessi stuttu vörukaupalán verður því að taka með í reikninginn, ef gera á upp gjaldeyrisstöðu þjóðarinnar. Þessi vörukaupalán námu í árslok 1960 214.7 millj. kr. samkv. áliti bankanna. Og auk þessa verður svo að taka tillit til þess, að á árinu 1960 minnkuðu birgðir útflutningsvöru í landinu um 204.6 millj. kr., þ. e. a. s. á árinu 1960 voru fluttar út meiri vörur en framleiddar voru á því ári. Slík minnkun á birgðum jafngildir minnkun á gjaldeyriseign. Séu gjaldeyrisviðskipti þjóðarinnar sem heild gerð rétt upp á árinu 1960, kemur í ljós, að gjaldeyrisstaða þjóðarinnar versnaði um 510.8 millj. kr. Þannig hafa grundvallarloforð viðreisnarinnar orðið sér til skammar.

Þegar viðreisnarstjórnin hafði setið að völdum í eitt og hálft ár, eða í maímánuði í sumar, áður en hin almennu verkföll skullu á, var þó allt ástand efnahagsmálanna orðið hálfu verra en það var um s. l. áramót. Þá var svo komið fyrir ríkissjóði, að hann lifði í rauninni á daglegri framfærslu Seðlabankans. Skuldir ríkissjóðs höfðu aldrei áður orðið svo háar við bankann. Orsökin var sú, að „viðreisnarstefnan" hafði stórdregið úr innflutningi og þar með brugðust tekjur ríkissjóðs. Þá — í maímánuði — lá það skýrt og ótvírætt fyrir, að þjóðarframleiðslan fór minnkandi, vegna langvarandi stöðvana á vetrarvertíðinni. Þá var svo komið verðlagi, að enginn reyndi lengur að festa kaup á nýjum bát eða nýjum framleiðslutækjum. Þá var svo komið verðlaginu í landinu, að vörur og þjónusta höfðu hækkað samkv. útreikningum Hagstofunnar um 18% í tíð viðreisnarinnar. Hiti og rafmagn hafði hækkað um 26%, fatnaður og álnavara um 25%, mjólvara um 52% og nýlenduvörur um 26%, allt samkv. útreikningi Hagstofunnar. Alla þessa gífurlegu verðhækkun höfðu launþegar orðið að bera bótalaust. Þannig var málum komið í maímánuði í sumar. Og svo segja talsmenn ríkisstj. nú, að þegar verkföllin skullu á s. l. vor, hafi greinilega verið um batamerki að ræða í ýmsum greinum efnahagslífsins.

Nú vil ég spyrja þessa málsvara „viðreisnarinnar": Var skuldasöfnun ríkissjóðs hjá Seðlabankanum batamerki? Var það að þeirra dómi batamerki í efnahagsmálum landsins, að framleiðslan hafði stórminnkað? Þýðingarmesti útflutningsiðnaður landsmanna, hraðfrysting á

fiski dróst saman um 12.8% fyrsta ár „viðreisnarinnar“, 1960, en þó miklu meir á yfirstandandi ári. Þann 1. ágúst s. l. var heildarframleiðsla á hraðfrystum fiski hjá öllum frystihúsum innan Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna aðeins 22.8 þús. tonn, á móti 36.4 þús. tonnum á sama tíma í fyrra, eða hafði enn minnkað um 36%. Er slíkur stórkostlegur samdráttur í þýðingarmestu útflutningsgrein þjóðarinnar batamerki í efnahagsmálum landsins að dómi ríkisstj.? Nei, auðvitað er minnkandi framleiðsla og minnkandi fiskiðnaður ekki batamerki í efnahagsmálum landsins. Slík staðreynd er alvarleg aðvörun um, að stefnan í efnahagsmálum sé röng og hættuleg afkomu landsmanna allra. Sú efnahagsmálastefna leiðir af sér framleiðslustöðvanir, verkföll og minnkandi framleiðslu, minnkandi þjóðartekjur og endurteknar gengislækkanir. Hún er röng. Slík stefna á ekki rétt á sér. Það var þetta, sem hafði kveðið upp dauðadóminn yfir „viðreisninni“, áður en til verkfallanna kom s. l. vor. Sú kauphækkun, sem samið var um í lok verkfallanna í sumar, 10—12%, nam aðeins hluta þeirrar kjararýrnunar, sem viðreisnarpólitíkin hafði valdið launþegum í landinu. En samt þoldi ríkisstj. ekki þá leiðréttingu. Þann 4. ágúst greip hún í örvæntingu sinni, sjáandi, hvert viðreisnarstefnan hafði leitt, til nýrrar gengislækkunar. Það virtist engin áhrif hafa á ríkisstj. í þessum efnum, að sumarsíldveiðarnar höfðu heppnazt með ágætum. Sumaraflinn varð helmingi meiri en hann hafði orðið um 18 ára tímabil. Verðmæti sumarsíldaraflans mun vera um 600 millj. kr. Þjóðarbúið mun því fá um 300 millj. kr. meiri gjaldeyrisverðmæti úr síldaraflanum en venjulega hefur verið. Slík höpp höfðu engin minnstu áhrif á ríkisstj. 13% hækkun á erlendum gjaldeyri varð að koma þrátt fyrir það. En hver hefði gengislækkunin orðið, ef aðeins meðalárferði hefði verið á síldveiðum? Síldveiðarnar í sumar voru annars sérstök áminning fyrir viðreisnarpostulana. Þegar viðreisnin var fyrst boðuð, var það ein aðalfullyrðing viðreisnarsérfræðinganna, að á árunum 1957, 1958 og 1959 hefði þjóðin lifað um efni fram með því að kaupa þá óvenjumikið af nýjum fiskiskipum, reisa verksmiðjur og annað þess háttar. Síldarverksmiðjurnar á Austurlandi, sem reistar voru í tíð vinstri stjórnarinnar, voru einmitt taldar sérstakt dæmi um verðbólgu- og kjördæmapólitík. Sú stefna vinstri stj. að greiða fyrir kaupum á nýjum og stærri fiskibátum, á nýtízku veiðarfærum og fiskileitartækjum leiddi auðvitað til nokkurrar skuldasöfnunar erlendis og til þess, að gjaldeyrisstaðan varð nokkru knappari í bili. Slík stefna var talin þjóðhættuleg af hagfræðiráðunautum viðreisnarinnar og flokkuð undir verðbólgupólitík. En hvað var það, sem gerðist á síldveiðunum í sumar? Verðbólgubátarnir, verðbólgunælonnæturnar, verðbólgufiskileitartækin og verðbólguverksmiðjurnar á Austurlandi, allt þetta, sem olli viðreisnarpostulunum sem mestu hugarangri, varð nú uppistaðan í því, að 600 millj. kr. gjaldeyrisverðmæti voru dregin á land á tveimur mánuðum í sumar. Hefðu síldarverksmiðjurnar á Austurlandi ekki verið byggðar, mundi helmingur þeirrar síldar, sem veiddist í sumar, enn synda í sjónum.

Efnahagsstefna ríkisstj. hefur beðið algert skipbrot. Kenningar hagfræðinganna og ráðherranna hafa reynzt rangar. Útreikningarnir hafa ekki staðizt. Afleiðingarnar hafa orðið framleiðslustöðvanir, verkföll, minnkandi þjóðarframleiðsla og endurteknar gengislækkanir.

En þó að ríkisstj. hafi ekki tekizt að ná þeim árangri í efnahagsmálum, sem hún lofaði, hefur hún þó komið fram ýmsum öðrum áhugamálum sínum. Foringjar Sjálfstfl. hældust um yfir því á nýafstöðnum landsfundi sínum, að þeim væri að takast að koma fram hugsjónum flokksins í verzlunar- og skattamálum. Hin nýja stefna í verzlunarmálum heitir því fagra nafni frjáls verzlun, og stefnan í skattamálum heitir líka fallegu nafni: lækkun skatta. Skattalækkunin kemur fram í því, að tiltölulega lágir beinir skattar eru lækkaðir, en jafnframt eru óbeinir skattar eins og söluskattur hækkaðir um miklu hærri upphæð. Beinir skattar eru hér miklum mun lægri en í nágrannalöndum okkar. Þeir nema hér um 5% af heildartekjum ríkisins, en í Noregi, Finnlandi og Danmörku um 25—30% af heildartekjunum þar. Samanlögð skattheimta viðreisnarstjórnarinnar hefur hækkað um nokkur hundruð millj. kr. þrátt fyrir alla skattalækkunarstefnuna.

Og hvernig er svo verzlunarfrelsið? Útflutningsverzlunin er bundnari en nokkru sinni fyrr. Frelsið í innflutningsverzluninni lýsir sér bezt í því, að innflutningurinn dregst saman. Verzlunarfrelsi Sjálfstfl. hefur alltaf einkennzt af því að veita kaupmönnum frelsi til álagningar og heildsölum aðstöðu til þess að ráðstafa gjaldeyri þjóðarinnar eftirlitslítið eða eftirlitslaust. Þetta verzlunarfrelsi er nú verið að framkvæma. Verðlagseftirlit er verið að leggja niður í áföngum. Nýlega var þannig samþykkt að gefa álagningu frjálsa á mörgum vörutegundum og þ. á m. á ýmsum almennum nauðsynjavörum. Þannig er nú álagningin orðin frjáls á flestum tegundum af ytri fatnaði, og þar með töldum vinnufatnaði. Vinnufatnaður hafði þó hækkað í verði frá því að viðreisnin hófst og þar til nú um 50%, beint vegna efnahagsstefnu stjórnarinnar. Slík hækkun var ekki nægileg, heldur var öllum álagningarhömlum létt af þessari vöru. Þá hefur einnig nýlega verið samþykkt að stórhækka álagningarreglurnar á ýmsum vörutegundum. Hækkunin nemur 12—33%. Í þessum efnum er nú verið að framkvæma nákvæmlega sömu stefnuna og Sjálfstfl. reyndi að koma hér á eftir gengislækkunina 1950. Stefnan þá hét líka verzlunarfrelsi. En eitt hefur breytzt frá því, sem var í þessum málum 1951 og 1952 og allar götur fram til 1955. Þá var það einn kunnasti heildsalinn í liði Sjálfstfl., Björn Ólafsson, sem reyndi að koma á hugsjónum Sjálfstfl. í verzlunarmálum, en nú er það Alþýðuflokksmaðurinn Gylfi Þ. Gíslason, viðskmrh., sem látinn er framkvæma hugsjón íhaldsins í þessum málefnum. Árin 1951 og 1952 var það einmitt þessi sami Gylfi Þ. Gíslason, sem mest barðist í ræðum á Alþ. gegn þessari hugsjónastefnu íhaldsins. Þá upplýsti hann hér á Alþ.,

að álagningarfrelsið hefði leitt til þess, að meðalálagning heildsala hækkaði um 180% á vefnaðarvörum og að meðalálagning heildsala og smásala á bátagjaldeyrisvörum hafi hækkað um 128% við frelsið. Þá nefndi Gylfi Þ. Gíslason þetta verzlunarfrelsi siðlaust athæfi, fjárplógsstarfsemi af versta tagi. Þá sagði Gylfi Þ. Gíslason m. a. í ræðu hér á Alþingi, orðrétt:

„Það hefur verið eitt helzta baráttumál Alþfl., frá því að verðlagseftirlit var hér fyrst sett á 1938, að auka það og efla. Alþfl. hefur flutt um það ótal frv., að nauðsynlegt væri að halda hér uppi öflugu verðlagseftirliti."

Þá var þetta skoðun Alþfl., og þá voru ummæli hæstv. núv. viðskmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar, þessi. En hvað gerist nú? Nú er hann látinn framkvæma sjálfur siðleysi íhaldsins í verzlunarmálum, látinn lögleiða á ný það verðlagskerfi, sem leiddi til fjárplógsstarfsemi af versta tagi. Þegar Gylfi viðhafði sín stóru orð um verzlunarfrelsi íhaldsins, voru þó í gildi þær reglur í landinu, að hækkuð álagning og hækkað vöruverð kom fram í hækkandi kaupgjaldsvísitölu, og þannig fengu launþegar nokkra uppbót á laun sín til þess að vega á móti verzlunarokrinu. En nú hefur Alþfl. fallizt á kröfur íhaldsins og afnumið kaupgjaldsvísitöluna. Nú verða allir launþegar að taka á sig hækkandi verzlunarálagningu bótalaust með öllu. Sjá ekki Alþýðuflokksmenn, hvert verið er að leiða þá?

Stefna núv. ríkisstj. er ómenguð íhaldsstefna, eins og Gylfi nefndi íhaldsstefnuna, sem hér ríkti 1950—1955. Kórónuna á þessa afturhaldsstefnu á svo að setja með því að koma Íslandi inn í Efnahagsbandalag Evrópu. Þannig á að leiða erlent fjármagn, erlenda auðmenn til vegs og valda í íslenzku þjóðlífi. Að undanförnu hafa hagfræðiráðunautar ríkisstj. og ráðherrarnir notað hvert tækifæri til þess að halda uppi áróðri fyrir því, að Ísland verði að ganga í Efnahagsbandalag Evrópu. Í landsfundarræðu sinni sagði Bjarni Benediktsson forsrh., að efalaust tryggðu Íslendingar sér bezt lífskjör og mest öryggi með því að ganga í bandalagið. Þó játaði hann, að á því væru nokkrir meinbugir að ganga inn skilmálalaust. En hver eru grundvallarstefnumál Efnahagsbandalags Evrópu? Þau eru þessi: 1) Stefnt er að því berum orðum að stofna nýtt ríki, nýtt stórveldi. 2) Framkvæmdastjórn bandalagsins tekur í sínar hendur í ýmsum greinum vald þjóðþinganna og ríkisstjórnanna. 3) Hreyfingar fjármagns innan bandalagsins skulu vera frjálsar. 4) Hreyfing vinnuafls innan bandalagsins skal vera frjáls. 5) Aðstaða til atvinnurekstrar innan bandalagsins skal vera frjáls. 6) Ein og sama stefna skal ríkja innan bandalagsins í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum og í verzlunarmálum. Þetta eru grundvallaratriðin, sem gera bandalagið, eins og forustumenn þess játa, að pólitískri samsteypu.

Í norskum blöðum hefur allmikið verið rætt um það að undanförnu, hvort tiltækilegt væri fyrir Noreg að ganga í Efnahagsbandalag Evrópu. Það hefur komið skýrt fram, að gangi Noregur í bandalagið, sé landhelgismál þeirra raunverulega úr sögunni, nema aðeins gagnvart þeim, sem standa utan bandalagsins. Það hefur einnig komið fram mikil andstaða við þá hugsun, að brezkir og þýzkir útgerðarmenn fái fiskveiði- og atvinnurekstrarað stöðu í Noregi. En hvernig færi t. d. í sjávarútvegsmálum okkar, ef við gerðumst aðilar þessa bandalags? Samkvæmt grundvallarreglum bandalagsins ættu sjómenn og útgerðarmenn í öðrum löndum bandalagsins sömu réttindi til fiskveiði í íslenzkri landhelgi og Íslendingar sjálfir. Mér er ljóst, að talsmenn þess hér á landi, að við göngum í Efnahagsbandalagið, munu a. m. k. í fyrstu lotu segja, að frá þessu ákvæði verðum við að fá undanþágu. En slíka undanþágu fengjum við aldrei, nema til bráðabirgða, á meðan verið væri að lokka okkur inn í bandalagið, því að hér er um eitt af grundvallarstefnumálum bandalagsins að ræða.

Hinn 11. júlí í sumar hélt Gylfi Þ. Gíslason viðskmrh. ræðu á fundi Verzlunarráðs Íslands og vék þá að þessum málum. Hann taldi auðvitað nauðsynlegt, að við sæktum um undanþágu vegna veiðanna, en um aðstöðu útlendinga að öðru leyti sagði ráðherrann orðrétt: „Hins vegar kæmumst við ekki hjá að athuga stefnu okkar varðandi réttindi útlendinga til löndunar á fiski og rekstrar fiskiðjuvera, ef til aðildar okkar ætti að koma," — eða m. ö. o.: strax á fyrsta stigi málsins, á meðan áróðurssvipurinn er þó á öllu, sem sagt er af hálfu ríkisstj. um bandalagið, gloprast það upp úr viðskmrh., að annað komi ekki til mála en að útlendingar fái að landa hér fiski úr sínum skipum og að þeir fái að eiga hér og reka fiskiðnaðarfyrirtæki. Hvað mundi slíkt þýða í framkvæmd? Stóru auðhringarnir í Bretlandi og Vestur-Þýzkalandi, eins og t. d. Unileverhringurinn, sem á marga tugi togara, gætu þá gert út togara sína frá Íslandi og lagt hér upp afla sinn. Unilever mundi þá ekki aðeins eiga frystihús og verkunarstöðvar í Hull og Grimsby og fiskdreifingarkerfi og fisksölustöðvar um allt Bretland. Þetta mikla risafyrirtæki gæti auðveldlega eignazt hér útgerðarstaði, eins og t. d. Sandgerði, Vestmannaeyjar og Keflavík, svo að nokkrir staðir séu nefndir. Slíkur auðhringur mundi fljótlega verða hér allsráðandi í okkar fiskiðnaði. Það yrði þá heldur lítið úr þeim metnaði okkar að búa um fiskafurðir okkar í íslenzkum umbúðum og stjórna sjálfir sölu á framleiðsluvöru okkar á erlendum mörkuðum.

Það er fljótséð, hvað yrði um íslenzkan sjávarútveg og íslenzkan fiskiðnað, ef svo færi. Hvað segja íslenzkir sjómenn um það, ef greiða á þannig fyrir veiðum útlendinga við Ísland, að þeir geti landað hér afla sínum að vild og þannig verið hér helmingi eða þrisvar sinnum lengri tíma á miðunum í kringum landið en þeir geta nú, og hvað segja þeir og íslenzkir sjávarútvegsmenn, ef útlendir auðhringar í fiskkaupum eiga að fá slíka aðstöðu í landi okkar? Það má vel vera, að félag stórkaupmanna, Verzlunarráð Íslands og félag smákaupmanna geti samþykkt aðild Íslands að Efnahagsbandalagi Evrópu upp á slík býti, en geta aðrir Íslendingar gert það, þegar þeir íhuga málið?

Stefna núv. ríkisstj. einkennist af vantrú á íslenzka atvinnuvegi og Íslendinga. Ráðunautar

ríkisstj. sjá verðbólgu í nýjum fiskibátum og nýjum verksmiðjum. Þeir tala því í sífellu um nýjar atvinnugreinar, stóriðju, erlent fjármagn og erlenda atvinnurekendur til þess að leysa vandamál okkar. Það er einmitt slíkur áróður, sem hefur orðið til þess, að nýlega skrifar landsþekktur útgerðarmaður og sjálfstæðismaður, Finnbogi frá Gerðum, aðvörunar- og áminningarorð til ríkisstj. Finnbogi segir í Morgunblaðinu 21. þ. m.: „Háttsettur hagfræðingur, sem miklu hefur ráðið í okkar efnahagsmálum, hefur látið þau orð falla í mín eyru, að nauðsynlegt væri að koma öllum aflakóngum á land.“ Þannig er mikill afli aflakónganna þyrnir í augum ráðunauta ríkisstj.

Finnbogi segir enn fremur í Morgunblaðsgrein sinni til þess að leiða athyglina að stefnu ríkisstj. gagnvart sjávarútvegi, — orðrétt segir hann: „Þótt athafnafrelsi eigi að heita í landinu, eru möguleikar á innflutningi fiskiskipa og búnaði þeirra takmarkaðir harkalega.“ Og enn segir Finnbogi: „Innflutningur bifreiða er frjáls, en bankakerfið setur miklar hömlur á innflutning skipa.“ Þannig er trúleysið á íslenzkum sjávarútvegi ríkjandi í flestum stjórnarathöfnum viðreisnarstjórnarinnar og ráðunauta hennar.

Góðir hlustendur. Sú vantrauststill. á ríkisstj., sem hér liggur fyrir, verður, ef að líkum lætur, felld hér á Alþ. af meiri hl. þeim, sem ríkisstj. hér ræður yfir, en það líður óðum að þeim tíma, að önnur vantrauststill. á ríkisstj. verði til afgreiðslu. Um þá till. greiða fleiri atkvæði en þeir menn, sem nú eiga sæti á Alþingi. Um þá till. greiðir þjóðin öll atkvæði í almennum kosningum. Þá till. verður að samþ. En til þess að því tækifæri verði ekki sleppt, þurfa allir raunverulegir íhaldsandstæðingar, allir þeir, sem eru andstæðir þeirri afturhaldsstefnu, sem nú er rekin, að hafa með sér samstöðu og vera ákveðnir í því að standa saman um framkvæmd á nýrri stefnu, á raunverulegri vinstri stefnu.

Í dag blasir við sú staðreynd, að núv. ríkisstj. ætlar sér að koma hér á nýjum þjóðfélagsháttum. Hér á lögmál peninganna að ráða. Hér eiga hagsmunir þeirra ríku að sitja í fyrirrúmi. Réttindi verkalýðsfélaganna á að skerða með nýrri vinnulöggjöf. Stöðu samvinnufélaganna á að veikja. Kaup launþega og bænda er raunverulega lækkað og bundið með lögum. Milliliðirnir eiga að fá frjálsar hendur í verðlagsmálunum. Skattar hlutafélaga og hátekjumanna eiga að lækka, en söluskattar á nauðsynjavörum að hækka. Erlendir auðhringar eiga að fá aðstöðu í atvinnulífi landsins. Landhelgismálið á að gera að engu með því að hleypa útlendingum enn í auknum mæli inn á fiskimið landsmanna. Stefnt er að því, að Ísland gangi í Efnahagsbandalag Evrópu og afsali sér þar með sjálfstæði sínu í mikilvægum atriðum.

Vinstri menn í landinu geta ekki staðið sundraðir, á meðan þessu fer fram. Við Alþýðubandalagsmenn leggjum áherzlu á, að samstarf megi takast með öllum andstæðingum núv. afturhaldsstjórnar. Vinstri menn mega ekki óttast hrópyrði íhaldsins. Þeir verða að sýna, að þeim er alvara að fella íhaldsstjórnina frá völdum og standa síðan ábyrgir fyrir nýrri, frjálslyndari stjórnarstefnu.

Við Alþýðubandalagsmenn bendum á eftirfarandi atriði meðal annarra sem sjálfsögð stefnumál slíkrar stjórnar:

1) Að láta allan erlendan her tafarlaust víkja úr landinu og lýsa yfir hlutleysi þess í átökum stórvelda.

2) Að lýsa yfir því, að haft skuli vinsamlegt samstarf við launastéttirnar í landinu um lausn efnahagsmála, og koma þannig í veg fyrir eilífa árekstra og framleiðslustöðvanir.

3) Að uppbygging atvinnulífsins í landinu skuli fyrst og fremst grundvölluð á aðalatvinnuvegum landsins: sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði, og með það fyrir augum, að landsmenn einir eigi og reki atvinnutæki þjóðarinnar.

4) Ný stórfyrirtæki í landinu verði í opinberri eigu eða eign almannasamtaka.

5) Að standa gegn inngöngu Íslands í Efnahagsbandalag Evrópu og gegn öllu afsali á íslenzkum réttindum í hendur erlendra aðila.

6) Að endurheimta landhelgina fyrir Íslendinga eina.

7) Að lýst verði yfir því, að kaup vinnustéttanna verði hækkað og hagur framleiðslunnar bættur frá því, sem nú er, m. a. með eftirfarandi ráðstöfunum: Með almennri vaxtalækkun og mikilli lækkun vaxta á framleiðslulánum. Með gerbreyttu fyrirkomulagi á afurðasölu landsins framleiðslunni til hagsbóta. Með nýju ríkisvátryggingakerfi, sem stórlækki vátryggingarkostnað framleiðslunnar. Með lækkun flutningsgjalda. Með nýju skipulagi á sölu og dreifingu á olíu. Með lækkun verðlags á kostnað milliliða. Með hagstæðari viðskiptastefnu fyrir útflutninginn en nú á sér stað. Með öflugu verðlagseftirliti.

Hér hafa verið nefnd nokkur atriði, sem íhaldsandstæðingar ættu að sameinast um. Við skulum gera okkur ljóst, að núv. íhaldsríkisstjórn lifir á því einu, að andstæðingar hennar, sem eru tvímælalaust í meiri hluta með þjóðinni, standi sundraðir. Samstarf vinstri manna er því orðið aðkallandi. Það samstarf þarf að undirbúa strax og undanbragðalaust. Sé það gert, er sigur vinstri manna í næstu kosningum vís.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. „Langtímum saman hafa Íslendingar búið við hið mesta öngþveiti í fjárhags- og viðskiptamálum. Menn hafa fengið að kynnast vöruskorti og svarta markaðnum, sem honum fylgir sem skugginn. Sífelldar kaupþækkanir, ýmist útmældar eftir vísitölu framfærslukostnaðar eða knúðar fram með framleiðslustöðvunum, hafa a. m. k. upp á síðkastið ekki megnað að bæta kjör launþega, þar sem þjóðartekjurnar hafa farið minnkandi. Við slíkar aðstæður er álíka líklegt, að almennar kauphækkanir bæti kjör manna, og að takast mætti að auka næringarefni mjólkur með því að hella í hana vatni. .. Menn eru fyrir löngu orðnir dauðþreyttir á þessu ástandi og öllu því fargani þanna og þýðingarlítils eftirlits, sem af því hefur leitt. .. Undanfarið hefur margt

orðið til þess að koma málefnum landsmanna í óvænt efni, mikill halli á ríkisbúskapnum, óeðlileg útlánastefna bankanna, of ör fjárfesting og óheppileg og röng stefna í launa- og kaupgjaldsmálum, þar sem almennar kauphækkanir hafa verið framkvæmdar án þess, að þær hafi verið teknar af gróða af atvinnurekstri eða byggzt á framleiðsluaukningu. Menn verða að gera sér það ljóst, að út úr þessum ógöngum er ekki nema ein leið: sú að koma á auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum, sem beztu samræmi á milli þess peningamagns, sem í umferð er, og framleiðsluverðmætisins. .. Fyrsta skrefið, sem stigið hefur verið til aukins jafnvægis og aukinnar framleiðslu, var gengislækkunin. Án hennar var engin viðreisn hugsanleg, eins og komið var, þar sem þjóðinni var að blæða út fjárhagslega vegna ósamræmis, sem orðið var á milli verðlags hér og annars staðar og á milli framleiðslukostnaðar og afurðaverðs. Eina úrræðið, sem gat komið til greina í staðinn fyrir gengislækkun, var allsherjarniðurfærsla eða öllu heldur niðurskurður, en allir, sem það mál athuguðu ofan í kjölinn, töldu hann enn erfiðari í framkvæmd en gengislækkun og raunar óframkvæmanlegan."

Ekki veit ég, hversu margir hlustendur, innan þings eða utan, hafa gert sér ljóst, að þessi ummæli, sem ég hóf mál mitt með, eru ekki samin af mér og ekki sögð til varnar þeirri stefnu í efnahagsmálum, sem núv. ríkisstj. hefur fylgt og nú hefur verið borið á hana vantraust fyrir. Allir hafa þó eflaust gert sér grein fyrir, að höfundur þeirra er að mæla bót gengislækkun, sem framkvæmd hefur verið til þess að koma í stað uppbótakerfis. Hann er að mæla gegn halla í þjóðarbúskapnum út á við og inn á við. Hann er að vara við kauphækkunum, sem séu umfram framleiðsluaukningu þjóðarinnar. Hann telur nauðsynlegt að hafa jafnvægi í þjóðarbúskapnum, það sé hinn eini trausti grundvöllur framleiðsluaukningar og framfara og þar með bættra lífskjara.

En hver skyldi hann vera sá ágæti maður, sem svo skýrt og rökfast mælir gegn uppbótakerfi og vill gengisbreytingu, til þess að unnt sé að afnema það, varar við óeðlilegri útlánaþenslu banka og örri fjárfestingu, undirstrikar skaðsemi þeirra kauphækkana, sem byggjast ekki á aukinni framleiðslu, segir, að aukið jafnvægi sé forsenda þess, að viðreisn sé hugsanleg? Svarið er að finna á bls. 1446 í Alþingistíðindum frá þinginu 1950—51, en þar er prentuð ræða, sem formaður þingflokks Framsfl., Eysteinn Jónsson, flutti í eldhúsumræðum. Þær umræður snerust fyrst og fremst um stefnu þáv. ríkisstj. í efnahagsmálum, en forsrh. þeirrar stjórnar var Steingrímur Steinþórsson og fjmrh. hennar Eysteinn Jónsson. Sú stjórn hafði, skömmu eftir að hún tók við völdum, lækkað gengi krónunnar til þess að afnema uppbótakerfi, boðað nauðsyn þess að halda fjárfestingu landsmanna innan takmarka innlends sparnaðar og erlends lánsfjár, taldi það stefnu sína að halda útlánum bankanna í skefjum og lagði sérstaka áherzlu á, að kauphækkanir mættu ekki vera meiri en svaraði til framleiðsluaukningar þjóðarbúsins. Þessi stefna og framkvæmd hennar var til umr. í eldhúsumræðunum á þinginu 1950—51. Eysteinn Jónsson varði hana af mælsku og kappi, enda hafði hann áður sagt, að „uppbótaleiðin hefði veitt mönnum a. m. k. jafnþungar búsifjar og gengisbreytingin, en gert allt fjárhagskerfið rotnara og rotnara með hverjum mánuðinum sem leið." Þá var Eysteinn Jónsson fylgjandi réttri gengisskráningu, en andvígur uppbótakerfi. Þá var hann andvígur óeðlilegri útlánaþenslu bankanna. Þá var hann andvígur of örri fjárfestingu. Og þá lagði hann hvað mestan þunga í orð sín, er hann ræddi um skaðsemi óraunhæfra kauphækkana. En þá var flokkur Eysteins Jónssonar í ríkisstj. og hann sjálfur fjmrh.

En nú hefur Framsfl. tekið afstöðu gegn réttri gengisskráningu, gegn því, að hafður sé hemill á óeðlilegri útlánaþenslu bankanna, gegn því, að fjárfestingu sé haldið innan eðlilegra marka, og beinlínis barizt fyrir kauphækkunum, sem allir ábyrgir Íslendingar sjá að hafa verið umfram greiðslugetu útflutningsatvinnuveganna og hlutu þess vegna að leiða verðbólgu yfir þjóðina, ef ekki væri að gert.

Annars átti sú stjórn og sú stjórnarstefna, sem form. þingflokks Framsfl., Eysteinn Jónsson, var að verja með þeim orðum, sem ég las í upphafi máls míns, sér athyglisverðan uppruna. Af því að hér fara nú fram umr. um vantraust á ríkisstj., sem flutt er af Framsfl., er ekki úr vegi að minna á, að fyrir rúmum tíu árum flutti Framsfl. einnig vantraust á ríkisstj., og varð það upphaf stjórnarmyndunar og þeirrar efnahagsmálastefnu, sem Eysteinn Jónsson varði svo fimlega með þeim ummælum, sem ég rakti áðan. Það er ekki úr vegi að rifja upp þessa sögu í fáum orðum.

Stjórnarsamstarf það, sem lýðræðisflokkarnir þrír höfðu haft með sér á árunum 1947—49, rofnaði vegna ágreinings um efnahagsmál. Sú ríkisstj. hafði reynt að leysa vanda efnahagsmálanna eftir styrjöldina með því að lækka bæði verðlag og kaupgjald og beita víðtæku hafta- og uppbótakerfi til stuðnings þeirri stefnu. Hún bar því miður ekki þann árangur sem skyldi, ekki hvað síst vegna þess, að stjórn bankamálanna og fjármála ríkisins var ábótavant. Eftir að stjórnarsamstarfið rofnaði, myndaði Sjálfstfl. minnihlutastjórn og undirbjó tillögur um algera stefnubreytingu í efnahagsmálum. Flutti minnihlutastjórn Sjálfstfl. víðtækt stjórnarfrv. um hina nýju stefnu, og fylgdi því ýtarleg hagfræðileg grg. Höfuðatriði hinnar nýju stefnu skyldu vera þessi: Gengi krónunnar skyldi rétt skráð, en útflutningsbætur afnumdar, losa skyldi um höft á innflutningsverzluninni, verðlagseftirlit skyldi afnumið, útlánum bankanna haldið innan hóflegra marka og fjárfesting takmörkuð, grunnkaupshækkanir skyldu í raun og veru óheimilar, en kaupgjald hækka í samræmi við hækkun vísitölu framfærslukostnaðar.

Skömmu eftir að minnihlutastjórn Sjálfstfl. hafði lagt fram þessar till. sínar, flutti Framsfl. vantraust á þá stjórn. Það vantraust var samþ. En þegar eftir samþykkt vantraustsins settust

forustumenn Framsfl. að samningaborði með forustumönnum Sjálfstfl., og náðist mjög fljótlega samkomulag um myndun samsteypustjórnar þessara tveggja flokka. Aðalniðurstaða samninganna, auk skiptingar ráðherraembætta milli flokkanna, var mótun nýrrar stefnu í efnahagsmálum. Sú stefna var nákvæmlega eins og sú, sem fram kom í frv. minnihlutastjórnar Sjálfstfl. Frv. var samþ. óbreytt í öllum aðalatriðum með atkv. Framsfl. og Sjálfstfl. Það var þetta frv. og framkvæmd þess, sem formaður þingflokks Framsfl. og þáv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, var að verja í ræðunni, sem ég las úr áðan.

En nú væri ekki nema von, að menn spyrðu: Var þá sú stefna í efnahagsmálum, sem samstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. mótaði vorið 1950, nákvæmlega eins og sú stefna, sem samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. mótaði í febrúar 1960, eða 10 árum síðar? Í nokkrum grundvallaratriðum var stefnan hin sama. Báðar þessar ríkisstj. hófu starf sitt með því að breyta gengisskráningunni til þess að losna við uppbótakerfið. Báðar þessar ríkisstj. vildu koma á frjálsari viðskiptum við útlönd. Báðar þessar ríkisstjórnir undirstrikuðu nauðsyn þess að koma á jafnvægi innanlands og út á við. Báðar þessar ríkisstjórnir töldu nauðsynlegt að takmarka fjárfestingu við innlendan sparnað og erlent lánsfé, hafa hemil á bankaútlánum og koma í veg fyrir halla á ríkisbúskapnum. Eftir að formaður þingflokks Framsfl., Eysteinn Jónsson, var orðinn fjmrh. aftur vorið 1950, þreyttist hann aldrei á að undirstrika, hversu rétt slík stefna væri, þótt hann hafi nú s. l. 2 ár, eftir að hann hætti að vera fjmrh., aldrei sagt eitt orð um réttmæti slíkrar stefnu í efnahagsmálum.

En þótt ýmislegt hafi verið sameiginlegt í efnahagsmálastefnu þessara tveggja ríkisstjórna, ber þó einnig ýmislegt á milli, og nú skal ég geta þess, hvað það var og er fyrst og fremst.

Ríkisstj. Framsfl. og Sjálfstfl. bannaði í raun og veru grunnkaupshækkanir, en fyrirskipaði hækkun kaupgjalds samkv. vísitölu framfærslukostnaðar. Vísitalan hækkaði miklu meira en gert hafði verið ráð fyrir. Kaupgjald hækkaði þess vegna fljótlega mun meira en búizt hafði verið við, og olli það m. a. því, að gengislækkunin reyndist útflutningsatvinnuvegunum ónóg, svo að koma varð á uppbótakerfi á nýjan leik ári síðar. Núv. ríkisstj. afnam hins vegar tengsl milli kaupgjalds og vísitölu, en skerti ekki frelsi launþegasamtaka og atvinnurekenda til þess að semja um kaup og kjör sín í milli. Ríkisstj. Framsfl. og Sjálfstfl. afnam verðlagsákvæði samtímis því, sem losað var um höft á innflutningi, með þeim afleiðingum, að álagning hækkaði mjög verulega. Núv. ríkisstj. afnam höft á innflutningi að öðru leyti en því, sem nauðsynlegt var vegna viðskiptanna við Austur-Evrópu. Hins vegar hefur núv. ríkisstj. haldið verðlagsákvæðum að langmestu leyti til þess að reyna að hafa hemil á því, að verðhækkanir verði ekki meiri en algerlega óhjákvæmilegt er. Ríkisstj. Framsfl. og Sjálfstfl. boðaði, að nauðsynlegt væri að hafa hemil á útlánum bankanna, en gerði engar ráðstafanir í þá átt, þannig að þau jukust verulega, og torveldaði það viðleitni stjórnarinnar til þess að halda verðlaginu í skefjum. Núv. ríkisstj. hefur ekki aðeins sagt, að bankaútlán verði að takmarkast við innlög í bankana, heldur einnig fylgt því eftir, að svo yrði. Ríkisstj. Framsóknar og Sjálfstfl. lét vextina haldast óbreytta, en gerði ráð fyrir smávægilegum bótum til sparifjáreigenda vegna verðfalls krónunnar. Núv. ríkisstj. beitti sér hins vegar fyrir hækkun innláns- og útlánsvaxta, annars vegar til þess að rétta hlut sparifjáreigenda, sem fengið hafa stórauknar vaxtatekjur, síðan ríkisstj. tók við völdum, og hins vegar til þess að vinna gegn verðbólguhugsunarhætti hjá þeim, sem nota lánsfé þjóðarinnar, og stuðla að því, að það sé notað á sem hagkvæmastan hátt.

Þetta lýtur að því, sem þessar ríkisstj. gerðu báðar, en gerðu sitt með hvorum hætti. En munur þeirra er samt ekki fyrst og fremst fólginn í því, heldur í hinu, sem samstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. gerði ekki, en núv. ríkisstj. hefur gert.

Þrátt fyrir þau miklu félagslegu áhrif, sem gengisbreyting eins og sú, sem samstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. beitti sér fyrir vorið 1950, hlýtur jafnan að hafa, gerði sú stjórn engar meiri háttar ráðstafanir til aukins tekjujafnaðar samhliða gengisbreytingunni. Í velferðarríki eins og því, sem við höfum komið á fót hér á landi, eru almannatryggingarnar helzta tækið til þess að auka jöfnuð í skiptingu þjóðarteknanna og hlynna að þeim, sem höllustum fæti standa í lífsbaráttunni. Samstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. beitti sér ekki fyrir neinni aukningu á bótum almannatrygginganna samhliða gengisbreytingunni 1950. Núv. ríkisstj. beitti sér hins vegar fyrir stórkostlegri aukningu á bótum trygginganna, um leið og sú gengisbreyting, sem hún beitti sér fyrir, var ákveðin. Hafa bætur almannatrygginganna verið meira en tvöfaldaðar á valdatíma núv. ríkisstj., og hefur aukningin einkum verið á fjölskyldubótum og ellilífeyri.

Ríkisstj. Framsfl. og Sjálfstfl. beitti sér ekki heldur fyrir neinum ráðstöfunum til þess að takmarka hækkun verðlags. Núv. ríkisstj. taldi hins vegar nauðsynlegt að auka nokkuð niðurgreiðslu tiltekinna nauðsynjavörutegunda til þess að hamla á móti þeim verðhækkunum, sem óhjákvæmilegt var, að sigldu í kjölfar gengislækkunarinnar.

Ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. gerði engar ráðstafanir til endurbóta í skattamálum, en ranglæti tekjuskattsheimtunnar var þá fyrir löngu orðið slíkt, að skattar á framtaldar tekjur reyndust fyrst og fremst skattar á þá, sem njóta fastra launa. Núv. ríkisstj. beitti sér fyrir afnámi tekjuskatts á venjulegar launatekjur og lækkun útsvara.

Nú væri sannarlega ekki ástæðulaust, að menn spyrðu: Hvað veldur því, að Framsfl., sem var svo harðánægður með stefnu þá í efnahagsmálum, sem mótuð var vorið 1950, er nú eindregið andsnúinn stefnunni, sem mótuð var í febrúar 1960? Ekki getur það verið það, að gengið var lækkað. Það var gert í bæði skiptin. Ekki getur það verið það, að uppbótakerfið var afnumið. Það var gert í bæði skiptin. Getur ástæðan verið sú, að nú hefur því verið fylgt fast

eftir, að bankaútlán ykjust ekki umfram bankainnlög? Varla, því að þetta var líka þáttur stefnunnar frá 1950, þó að ekki yrði úr framkvæmdum. Getur ástæðan verið sú, að fjárfesting miðast nú í meginatriðum við innlendan sparnað og erlent lánsfé? Tæplega, því að nauðsyn þessa var sterklega undirstrikuð í stefnunni frá 1950. Getur ástæðan verið, að núv. ríkisstj. rauf tengslin milli kaupgjalds og vísitölu? Nei, alls ekki, því að Framsfl. hafði einmitt lagt þetta til í ríkisstj. Hermanns Jónassonar. Getur orsökin verið sú, að núv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir hinni miklu aukningu almannatrygginganna? Ekki trúi ég því, enda hefur Framsfl. ekki ráðizt á stjórnarflokkana fyrir þá ráðstöfun. Getur ástæðan verið sú, að ríkisstj. jók niðurgreiðslur á nokkrum nauðsynjavörum? Varla, því að Framsfl. hefur ekki gagnrýnt ríkisstj. sérstaklega fyrir það. Getur ástæðan verið sú, að ríkisstj. hefur beitt sér fyrir lækkun tekjuskatts og lækkun útsvara, þótt það hafi haft í för með sér, að innheimta hefur þurft almennan söluskatt í staðinn? Ekki hefur farið mikið fyrir aðfinnslum Framsfl. í þessu efni. Og þá er í rauninni aðeins eitt atriði eftir, sem á milli hefur borið, en það er vaxtahækkunin. Getur það verið, að andstaða Framsfl. gegn því að hækka innláns- og útlánsvexti hafi verið og sé svo mikil, að hann telji alla stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum forkastanlega vegna þessa atriðis eins? Þess hefur ekki orðið vart, að Framsfl. telji sparifjáreigendur hafa fengið of mikið vegna vaxtahækkunarinnar. En hvaðan áttu þeir að geta fengið auknar vaxtatekjur sem nauðsynlega umbun fyrir þjóðhollan skerf sinn til aukinna framfara í landinu og nauðsynlega hvatningu til þess að auka hann annars staðar en frá þeim, sem nota sparifé og eru reiðubúnir til þess að greiða þá vexti, sem upp hafa verið settir? Þótt Framsfl. hafi eflaust aðra skoðun á þýðingu vaxta fyrir almenna stjórn efnahagsmálanna en stjórnarflokkarnir, þá læt ég mér ekki detta í hug, að ágreiningur um þetta atriði eitt hafi getað valdið því, að hann telji nauðsynlegt að fordæma stefnu núv. ríkisstj. í efnahagsmálum.

En hvað er það þá, sem veldur hinni hatrömu andstöðu Framsfl. gegn núv. ríkisstj.? Hvað er það, sem veldur því, að flokkurinn flytur nú vantraust á ríkisstj.? Er hann að flytja vantraust á ríkisstj. fyrir það að hafa komið því til leiðar, að íslenzka krónan er nú rétt skráð? Er hann að flytja vantraust á ríkisstj. fyrir það að hafa afnumið uppbótakerfið og alla spillinguna, sem því fylgdi? Er hann að flytja vantraust á ríkisstj. fyrir það að hafa komið á meira frelsi í utanríkisviðskiptum þjóðarinnar en dæmi eru um áður um 30 ára skeið? Er hann að flytja vantraust á ríkisstj. fyrir það að hafa með endurskipulagningunni á innflutnings- og gjaldeyrismálunum sparað hinu opinbera milljónir króna árlega? Eða er hann kannske að flytja vantraust á ríkisstj. vegna hins aukna og bætta vöruúrvals, sem hvarvetna blasir við í verzlunum vegna endurskipulagningar innflutningsmálanna? Eða kannske hann sé að flytja vantraust á ríkisstj. fyrir það að tvöfalda bætur almannatrygginganna eða fyrir það að lækka tekjuskatt og útsvör? Eða er hann í raun og veru að flytja vantraust á ríkisstj. fyrir það að hafa ekki látið útflutningsatvinnuvegina stöðvast nú í haust, vegna þess að kaupgjaldið hækkaði í sumar meir en nokkur von var til, að þeir gætu borið? Vildi Framsfl. láta þá tekjuaukningu, sem hinir nýju kaupgjaldssamningar höfðu í för með sér, hleypa nýju verðbólguflóði yfir þjóðina? Vildi Framsfl. láta þann gjaldeyrisforða, sem tekizt hefur að safna á s. l. hálfu öðru ári, hverfa eins og dögg fyrir sólu í nýrri, hömlulausri dýrtíð? Trúa leiðtogar Framsfl. því í raun og veru, að þegar meðalverðlag útflutningsafurða þjóðarinnar er lægra en það var í árslok 1959, svo sem nú á sér stað, þá geti stórhækkun á krónutölu kaups haft í för með sér tilsvarandi raunverulegar kjarabætur? Er það raunveruleg skoðun leiðtoga Framsfl., að samtímis því sem framleiðsluverðmæti sjávarútvegsins verður í ár mun lægra en það var árið 1959, þá sé traustur grundvöllur undir almennum kauphækkunum? Flytur Framsfl. vantraust sitt af því, að ríkisstj. tókst að koma í veg fyrir, að kauphækkunaraldan í sumar yrði að taumlausri verðbólguöldu? Flytur hann vantraust sitt af því, að það hefur tekizt að koma í veg fyrir framleiðslustöðvun og atvinnuleysi?

Nei, ég held, að Framsfl. flytji ekki vantraust sitt af neinni þessara ástæðna. Ég held, að Framsfl. flytji vantraust sitt alls ekki af því, að hann sé í raun og veru ósammála grundvallaratriðunum í stefnu núv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Mér dettur ekki í hug, að leiðtogum Framsfl. sé ekki nákvæmlega jafnljóst og forustumönnum stjórnarflokkanna, að gengið á að vera skráð rétt, að það þarf að keppa að jafnvægi í efnahagsmálum inn á við og út á við, að frelsi í utanríkisviðskiptum er heppilegra en höft, að kaupgjaldshækkanir verða að vera í samræmi við framleiðsluaukningu, að verðbólga er ekki aðeins hættuleg heilbrigðri framleiðslu og framförum, heldur einnig svarnasti óvinur neytandans.

Nei, Framsfl. flytur vantraust sitt nú af nákvæmlega sömu ástæðu og hann flutti vantraust sitt fyrir réttum 10 árum. Þá sannaðist það innan fárra vikna, að hann hafði ekki flutt vantraustið vegna þess, að hann væri andvígur stefnu þeirrar stjórnar, sem hann flutti vantraustið á. Hann gekk þegar eftir samþykkt vantraustsins til stjórnarsamstarfs við flokkinn, sem hann hafði komið frá völdum, og framkvæmdi með honum þá stefnu, sem hann hafði fellt ríkisstj. hans fyrir að boða. Þá var það minnihlutastjórn, sem vantraustið var flutt á. Þess vegna tókst að koma henni frá völdum. Nú er vantraustið flutt á meirihlutastjórn. Þess vegna verður vantraustið auðvitað ekki samþykkt. Ríkisstj. mun ekki fara frá völdum, nema kjósendur svipti hana í næstu kosningum þeim meiri hluta, sem þeir fólu þeim flokkum, sem að ríkisstj. standa, í síðustu kosningum.

En hvers vegna er þá Framsfl. að þessu? Hvaða leikaraskapur er hér á ferð? Um þessar mundir er verið að sýna í Þjóðleikhúsinu nýjan sjónleik eftir víðfrægasta rithöfund Íslendinga, Halldór Kiljan Laxness. Hann kveður leikinn

gamanleik, en þó er hann öðrum þræði allt annað en gamanleikur. Hann er hvöss ádeila á alvarlegar veilur í nútímaþjóðfélagi, bæði hér á landi og annars staðar. Skáldið deilir hart á sýndarmennsku og blekkingu. Hann deilir hvasst á það, að menn telji sjálfum sér og öðrum trú um annað en það, sem sé, menn segi annað en þeir meini, menn látist vera annað en þeir séu, menn þori ekki að horfa framan í veruleikann, hafi ekki kjark til þess að játa það, sem sé, heldur gefi sig á vald sjálfsblekkingu, séu óheilir, ósannir, þangað til þeir hverfi, ýmist út í buskann eða upp um strompinn.

Vantraustsflutningur Framsfl. 1950 var óheill, óekta. Framsfl. lét þá ásannast, að hann var óheill, óekta, með því að taka höndum saman við þann, sem vantraustið hafði verið flutt á. Þetta var „strompleikur". Þessi vantrauststill., sem hér er nú til umr., er líka óheil, óekta. Hún er líka „strompleikur". Hún er ekki flutt af því, að Framsfl. sé í grundvallaratriðum ósammála stefnu núv. ríkisstj., frekar en till. 1950 var flutt vegna þess, að flokkurinn væri þá í grundvallaratriðum ósammála stefnu þáv. ríkisstj. Báðar vantrauststill. eru fluttar af einni og sömu ástæðu. Þær eru fluttar af því, að Framsfl. er ekki í ríkisstj. Þetta er óheilt, þetta er óekta. Þetta er einn þáttur þess „strompleiks" í íslenzku þjóðfélagi, sem sannarlega er mál að ljúki. Er ekki mál til komið, að menn hætti að skipta algerlega um skoðun eftir því, hvort þeir eru í ríkisstj. eða utan ríkisstj.? Er ekki mál til komið, að menn hætti að segja það svart, þegar menn eru í stjórnarandstöðu, sem menn sögðu hvítt, þegar þeir sátu í ráðherrastóli? Er ekki mál til komið, að íslenzkir stjórnmálamenn láti einnig ráðstafanir andstæðinga sinna njóta sannmælis, að þeir geri sér það undantekningarlaust að reglu að segja þjóð sinni satt og telji það mest um vert að gera rétt. Þá færi svo, að rithöfundar okkar hittu a. m. k. ekki stjórnmálamennina og stjórnmálalífið, þegar þeir deila á það, sem er ósatt, óheilt, óekta.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þið hafið hlustað á tvo hæstv. viðreisnarráðherra og heyrt sönginn um björgunarstarfið hjá hæstv. ríkisstj. og hennar liði. Þessir menn halda, að þeir séu að tala til minnissljórra kjósenda, sem séu búnir að gleyma öllum fögru fyrirheitunum frá haustkosningunum 1959, en hv. þm. Hermann Jónasson minnti mjög réttilega á þessi loforð, sem þeir gáfu, í ræðu sinni áðan, og læt ég það nægja.

Síðan núverandi valdasamsteypa hófst, hefur réttur hinna smáu smækkað, en réttur hinna stóru stækkað. Þannig er réttlæti flokks alþýðunnar, sem hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, var að lýsa hér áðan í ræðu sinni, og þannig er réttlæti flokks allra stétta, Sjálfstfl., sem hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson, lýsti einnig í ræðu sinni áðan.

Ég mun takmarka mál mitt við landbúnaðinn og sýna fram á það, hvernig þar er umhorfs eftir tveggja ára starf hæstv. ríkisstj.

Sú kynslóð, sem nú er að hefja lífsstarf sitt í þessu landi, er vel menntuð og gjörvileg og líkleg til stórra átaka, landi og þjóð til heilla. En hún á erfitt með að sætta sig við það að sjá vonir og drauma æskuáranna verða að engu í flóði dýrtíðar og óstjórnar. Flestir hugsa sig um, áður en þeir leggja út í það að hefja búskap í sveit, því að svo er þar nú að mönnum þrengt.

Ómissandi eign hvers bónda er dráttarvél, en hún kostar nú af dísil-Ferguson gerð 101500 kr., en kostaði áður en viðreisnin hófst 52768 kr., hefur því hækkað um hvorki meira né minna en 92.5%, eða 48732 kr., og eftir þessu fer margt annað. Ofan á þetta bætist svo það, að af 415 dráttarvélum, sem fluttar voru inn á þessu ári, eru 322 gamlar, sem bændur annarra þjóða telja sér ekki hagfellt að nota, en sakir fjárskorts eru íslenzkir bændur tilneyddir að kaupa þessar vélar. Það er ekki að undra, þótt hæstv. landbrh., Ingólfur Jónsson, ráðlegði kjósendum sínum 1958 að bíða með vélakaupin, þangað til áhrifa hans færi að gæta meira á sviði stjórnmálanna en þá var um skeið.

Sement hefur hækkað um 76% og timbur um 59%, svo að ekki blæs byrlega fyrir þeim, sem þurfa að byggja. Þótt lánaaðar séu 90 þús. kr. úr byggingarsjóði, nægir það ekki fyrir þeirri hækkun, sem orðið hefur á efniskaupum í tíð viðreisnarinnar. M. ö. o., sá bóndi, sem byggir nú, stendur lakar að vígi en hinn, sem byggði 1959, þótt hann hefði þá ekki fengið neitt að láni. Lánið fer allt í hækkanir, sem orðið hafa síðan 1958. Samhliða því að draga inn í Seðlabankann hluta af innstæðum landsmanna og skerða á þann hátt möguleika á því, að fjármagnið komi þeim til góða, sem þess afla, hækkar hæstv. ríkisstj. vexti hjá byggingarsjóði úr 3.5% upp í 6%. Lánstíma hjá ræktunarsjóði styttir hún úr 25 árum niður í 15 ár og vexti hans hækkar hún úr 4% upp í 6.5%. Lán út á afurðir landbúnaðarins frá seðlabankanum hafa lækkað frá 1958 úr 67% niður í ca. 50%, jafnframt því sem almennir viðskiptavextir hafa stórhækkað. Þannig er umhorfs í lánamálum landbúnaðarins nú samanborið við það, sem var áður en viðreisnin hófst.

Jafnframt þessu hefur framfærslukostnaður stórhækkað og getan til að standa straum af vöxtum og afborgunum lána því stórminnkað. Síðan kemur hæstv. ríkisstj. með brbl. í sumar um nýjan lánaflokk hjá veðdeild Búnaðarbankans, um það, að út skuli gefin skuldabréf, sem bændur eiga að nota til greiðslu lausaskulda sinna, en geta það þó því aðeins, að skuldareigandi hafi ráð á að taka þau gild sem greiðslur. Af bréfum þessum eiga bændur að borga 8% í vexti eða jafnháa vexti og borgað var hæst af löglegum víxlum, áður en núv. stjórn kom til valda. Þetta er fyrirheitið um hagstæðu lánin, sem hv. þm. Jónas Pétursson lýsti í útvarpsræðu sinni á s. l. vetri. Þessi hv. þm. sagði þá, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leita eftir því við banka og sparisjóði, að hluta af víxilskuldum bænda verði breytt í föst lán til langs tíma með hagstæðum vaxtakjörum."

Þá vitið þið það, bændur góðir, hvað íhaldið kallar hagstæð lán. Það eru lán með 8% vöxtum, ekki af peningalánum, heldur af verðbréfum,

sem sárafáir bændur hafa aðstöðu til að nota sér. Það minnsta, sem hægt er að sætta sig við í þessum efnum, er, að landbúnaðurinn njóti eigi lakari kjara en sjávarútvegurinn fær með stofnlánadeild sinni. Þar eru vextirnir 6½% og skuldabréfin tekin á nafnverði upp í margvísleg bankaviðskipti. Auk þess njóta vinnslustöðvar sjávarútvegsins sömu hlunninda, en fyrirtæki landbúnaðarins, svo sem frystihús, sláturhús o. fl., eru útilokuð frá lánum þessum. Hér er því greinilega gert upp á milli tveggja höfuðatvinnuvega þjóðarinnar. Yfirleitt eru útgerðarmenn ekki ofsælir af þessum kjörum, og þótt bændur nytu hliðstæðra lánakjara, eins og við framsóknarmenn lögðum til á s. l. vetri, verða þeir sízt of vel settir.

Síðan kemur hæstv. landbrh., Ingólfur Jónsson, á landsfund sjálfstæðismanna og segir þar, með leyfi forseta: „að batnandi hagur bænda og viðreisnin fari saman," — að batnandi hagur bænda og viðreisnin fari saman.

Já, íhaldsmenn hafa löngum gert sér tíðrætt um það, að breyta þurfi núgildandi landbúnaðarlöggjöf, vegna þess að of mikið beri þar á fangamörkum okkar framsóknarmanna. Nú eru þessir menn að setja sitt stimpilmerki á löggjöf landbúnaðarins. En sá stimpill mun ekki verða þeim til heiðurs né bændastéttinni til góðs.

Landbúnaður okkar Íslendinga færist meir og meir í það horf að verða ræktunar- og tæknibúskapur, og hefur verið farsæl þróun þessara mála þar til nú, að skipt er um hér sem víðar. Árið 1958 voru 48 skurðgröfur starfandi og grófu rúmlega 4 millj. rúmmetra. En hver rúmmetri kostaði kr. 3.97. Í sumar eru 29 gröfur að verki og talið, að þær grafi 2.6 millj. rúmmetra, er kosta ca. 5 kr. hver rúmmetri. En 19 skurðgröfur eru vinnulausar. Þetta eru of dýr og stórvirk tæki til að vera aðgerðalaus, en ástæðan er stórhækkun vinnslukostnaðar og skortur á rekstrarfé. Þó er þetta sú framkvæmd, sem hæst framlag fæst til af hálfu ríkisins.

Þá hefur nýrækt minnkað um 18.7% árið 1960 frá árinu áður. Vitað er, að samdráttur í þessum framkvæmdum hefur orðið tilfinnanlegri á þessu ári, enda erfiðara um útvegun lánsfjár, jafnframt því sem framlag ríkisins fer lækkandi, miðað við kostnað. Langt er síðan rekstrarafkoma landbúnaðarins hefur verið jafnerfið og nú. Kröfur bænda í verðlagsmálum þeirra hafa alltaf verið hófsamar, enda hafa þeir orðið að leggja mjög hart að sér og sínum í lífsbaráttunni, samhliða því sem þeir meta réttilega kröfur annarra stétta. Bændur búa einir allra stétta við gerðardóm í kjaramálum sínum. Það er því ekki lítill vandi, sem hvílir á herðum þeirra manna, sem með vald þetta fara, ef réttlætið á að sitja í öndvegi. En bændum dylst ekki, að allmikið skortir á, að svo sé nú, eins og framleiðsluráð landbúnaðarins lýsir réttilega í áliti sínu á úrskurði meiri hluta yfirnefndarinnar. Það einkennilega er, að verðlagsgrundvöllurinn hækkar aðeins um 13.8%, þegar óvefengjanlegar tölur lágu fyrir um það, að hækkunin þyrfti að vera 33% til þess að rísa undir auknum rekstrarkostnaði og þeim launum bænda, sem lögin um verðlagsgrundvöllinn gera ráð fyrir. Aðferðin var sú að auka afurðamagn búanna á pappírnum og gera bændum upp aukatekjur af öðru en búrekstri og strika út fyrningar af útihúsum og lækka stofnkostnað búanna ásamt vöxtum þeirra niður í 3.5%. Það kann ekki góðri lukku að stýra, ef bændum er gert ókleift að halda búskap sínum í því horfi, sem nauðsyn krefur, og mun ekki heldur verða öðrum stéttum til góðs, þegar til lengdar lætur. Eftir þennan úrskurð í verðlagsmálum landbúnaðarins munu þeir bændur vera margir, sem hugleiða það, á hvern hátt betur megi tryggja afkomu sína en nú er og skapa meira jafnrétti á milli þegna þjóðfélagsins en nú stefnir að með þeirri geysilegu dýrtíð, sem núv. ríkisstj. hefur valdið og engan veginn getur tekizt að mæta með hinum nýúrskurðaða verðlagsgrundvelli. Á sama tíma og „bændabýlin þekku" eru vanmetin til eignar, er lítill lóðarblettur í höfuðborg landsins seldur á 10 millj. kr. Geta menn búizt við því, að hin dugmikla æska festi rætur í sveitum landsins, þegar svona mikill munur er gerður á verðmætum landsins gagns og gæða?

Fyrir framsýna forustu og fastmótaða félagshyggju í landbúnaðarmálum hefur árvekni og dugnaður bændanna notið sín og framleiðsluaukningin orðið jöfn og stígandi með hverju ári, sem hefur liðið. Nú skortir þjóðina ekki þá neyzluvöruframleiðslu, sem landbúnaðurinn getur veitt, en hefði hins vegar núverandi samdráttarstefna ríkt í landsmálum síðasta áratuginn, þyrfti nú að flytja inn landbúnaðarafurðir fyrir rúmlega 300 millj. kr. á ári. En í þess stað borga útfluttar landbúnaðarafurðir því sem næst allar innfluttar rekstrarvörur til landbúnaðarins. En það er augljóst mál, að ef íslenzkur landbúnaður á að gegna hlutverki sínu framvegis, mega umbæturnar ekki stöðvast. Miðað við sömu neyzlu og hlutfallslega sömu fólksfjölgun og undanfarin ár, þarf að tvöfalda landbúnaðarframleiðsluna fyrir næstu aldamót. En ef sú samdráttarstefna á að ríkja, sem nú einkennir forustu landsmálanna, er útilokað að ná því takmarki.

Ég hef fært hér rök fyrir tillögu þeirri, sem hér um ræðir. Ég treysti því, að þið, hlustendur góðir, liggið ekki á liði ykkar og stuðlið þar með að því á sviði stjórnmálanna að skapa komandi kynslóðum farsælli framtíð en nú virðist vera í vændum. — Góða nótt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Eitt síðasta og alvarlegasta óhappaverk núv. ríkisstj. er hin gerræðisfulla og ástæðulausa gengisstýfing s. l. sumar. Mun ég gera það mál sérstaklega að umræðuefni.

Útgáfa brbl. um gengið var ekki aðeins óforsvaranleg, eins og á stóð, heldur og í raun réttri andstæð stjskr. Samkv. 28. gr. stjskr. er það meginskilyrði fyrir útgáfu brbl., að til hennar beri hverju sinni brýna nauðsyn. Það er sú efnisástæða, sem vera þarf fyrir hendi, til þess að grípa megi til bráðabirgðalaga. Þessu skilyrði var ekki fullnægt, er brbl. frá 1. ágúst s. l. voru gefin út, en með þeim brbl. var gengisskráningarvaldið tekið úr höndum Alþingis og

flutt yfir til Seðlabankans, svo sem alkunnugt er. Ef brýna nauðsyn bar til gengisfellingar, sem alls ekki verður fallizt á og síðar verður nokkuð að vikið, þá átti auðvitað að breyta genginu beinlínis með sjálfum brbl. Sá háttur hefði sennilega ekki verið talinn andstæður stjórnarskránni, því að skilyrði þetta um brýna nauðsyn er óneitanlega matskennt og teygjanlegt, og er skylt að játa, að hér á landi hafa því miður ekki verið gerðar strangar kröfur í því efni. En gengið var alls ekki fellt með sjálfum brbl., heldur fluttu þau aðeins gengisákvörðunarvaldið til, afsöluðu löggjafanum því valdi og fengu það í hendur Seðlabankanum, sem ómögulegt var fyrir fram að fullyrða um með öruggri vissu, hvort liti sömu augum og ríkisstj. á verðgildi krónunnar. Það var því fyrir fram engan veginn sjálfgefið, a. m. k. ekki fræðilega, að Seðlabankinn mundi telja óhjákvæmilega þá gengisstýfingu, sem ríkisstjórnin taldi nauðsynlega. Það er gersamlega útilokað að ætla að halda því fram, að brýna og óhjákvæmilega nauðsyn hafi borið til að taka ákvörðunarvaldið úr höndum löggjafans og þar með úr höndum bráðabirgðalöggjafans sjálfs og fá það í hendur annarri stofnun, sem að lögum var algerlega óskuldbundin til að taka nokkra ákvörðun um gengisbreytingu. Eins og efni brbl. er, skortir því á, að það skilyrði stjskr., að brýna nauðsyn beri til lagasetningarinnar, sé fyrir hendi. Það getur enginn sýnt fram á það með nokkrum rökum, að svo brýna nauðsyn hafi borið til að flytja gengisskráningarvaldið úr höndum Alþingis yfir til Seðlabankans, að ekki mætti bíða ákvörðunar Alþingis sjálfs. Það geta vissulega verið skiptar skoðanir um það, hvort heppilegra og affarasælla sé, að gengisskráningarvaldið sé í höndum Alþingis eða þjóðbankans, og auðvitað eru þess mörg dæmi, að hlutaðeigandi þjóðbankar fari með það vald. En hvert sem viðhorf manna kann að vera til þess, þá haggar það eigi því, að hér átti ekki og mátti ekki gera breytingu nema með atbeina Alþingis sjálfs.

Í þessum brbl. felst furðuleg lítilsvirðing á Alþingi. Bráðabirgðalöggjafinn, sem á ekki að vera annað en varaskeifa, ræðst í það einsdæmi að taka af Alþingi og afsala því mikilvægu og viðkvæmu valdi, sem þingið hingað til hefur óumdeilt farið með. Það er álíka og ef einhver af skrifstofustjórum stjórnarráðsins skrifaði í ráðherranafni bréf, þar sem hann afsalaði ákvörðunarvaldi ráðherra um eitthvert mikilvægt málefni í hendur einhverri sérstakri ríkisstofnun. Þessi ákvörðun brbl. verður þó enn óskammfeilnari í Alþingis garð og verður enn augljósara stjórnarskrárbrot, þegar þess er gætt, að síðasta Alþingi fjallaði um og setti ný heildarlög um Seðlabanka Íslands. Það stjórnarfrv. sögðu stjórnarstuðningsmenn alveg óvenjulega vel og vandlega undirbúið. Hvorki í þessu frv., grg. þess né umr. um það var að því vikið, að nauðsynlegt væri að fela Seðlabankanum ákvörðunarvald um gengi krónunnar. Þvert á móti var það rækilega undirstrikað, að í þeim efnum skyldi einmitt óbreytt skipun haldast, þ. e., að gengi krónunnar skyldi áfram ákveðið með lögum. Með seðlabankalögunum, sem sett voru síðla vetrar, staðfesti Alþ. þann vilja sinn, að ákvörðunarvald um gengi gjaldmiðilsins skyldi framvegis sem hingað til vera í þess höndum. Fáeinum mánuðum síðar kemur svo sú sama ríkisstj., sem stóð að setningu seðlabankalaganna, og hrifsar gengisskráningarvaldið af Alþingi með brbl. og fær það Seðlabankanum. Ég ætla, að það sé þó óumdeilt, að sýnu ríkari ástæðu en ella þurfi til bráðabirgðalaga, sem þverbrjóta ákvörðun, sem Alþingi hefur nýlega tekið.

Þegar öll þau atriði, sem hér hafa verið rakin, eru athuguð, hlýtur niðurstaðan að verða sú, að skilyrðum stjórnarskrár til útgáfu bráðabirgðalaga hafi ekki verið fullnægt við hér um rædda lagasetningu. Það held ég, að allir, sem um málið hugsa hleypidómalaust, hljóti að skilja og viðurkenna, enda þótt þeir leggi svo misjafnlega mikið upp úr því, að fyrirmæli stjskr. séu í heiðri haldin.

Mér er að sjálfsögðu ljóst, að ég verð nú ekki talinn hlutlaus dómari um þetta, en ég ætla að spá því, að í framtíðinni verði þessi brbl. jafnan nefnd sem dæmi um brbl., sem sett hafa verið, án þess að skilyrðum stjórnarskrár hafi verið fullnægt.

Það er eðlilegt, að sú spurning vakni, hvers vegna sú krókaleið var farin að flytja gengisskráningarvaldið frá Alþingi til Seðlabankans og láta síðan stjórn hans verðfella krónuna, í stað þess að ákvarða gengið beint með brbl. Skýringin er nærtæk. Ástæðan er ugglaust sú, að sumir þm. stjórnarliðsins hafa ekki viljað eða hafa blátt áfram ekki þorað að greiða atkv. beint um krónulækkunina, en það hefðu þeir orðið að gera síðar, ef gengisstýfingin hefði verið beinlínis ákvörðuð með bráðabirgðalögunum. Nú setja þeir hinir sömu þm. upp sakleysissvip og berja sér á brjóst og segja við kjósendur: Við ákváðum ekki gengisfellinguna, við höfðum engin skilyrði til að meta það, hvað gengislækkun ætti að vera mikil. Það voru seðlabankastjórarnir, sem sögðu, að krónuna þyrfti að lækka svona mikið. Það voru þeir harðstjórar, sem ákváðu gengisfellinguna. — Þessi framkoma er kannske skiljanleg, þegar höfð eru í huga sum fyrri ummæli hv. Alþýðuflokksþm., en stórmannleg er þessi framkoma ekki.

Það eru að vísu ærin afglöp að setja brbl. í blóra við stjskr. og þætti sjálfsagt sums staðar nægileg afsagnarástæða fyrir ríkisstj. og þá ekki hvað sízt stjórn, sem hvað eftir annað hefur gripið til gerræðisfullra og vafasamra brbl., svo sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur gert. Hitt er þó sjálfsagt í margra augum enn þá alvarlegra og ámælisverðara, að sjálf gengislækkunin, sem framkvæmd var á þeim óstjórnskipulega grundvelli, sem ég hef lýst, var algerlega ástæðulaus, eins og á stóð.

Þó að ástand í efnahagsmálum geti vissulega verið slíkt, að gengisbreyting sé óumflýjanleg, hljóta menn almennt að játa, að gengislækkun er jafnan neyðarúrræði, sem ekki má grípa til, nema hennar sé óhjákvæmileg nauðsyn, og alveg sérstaklega á það við, ef stórfelld gengisfelling er nýlega um garð gengin, svo sem hér var.

Þeim, sem að gengisfellingu standa, er því skylt að sýna fram á óumflýjanlega nauðsyn hennar. Því fer að mínum dómi víðs fjarri, að ríkisstj. hafi getað rökstutt þær harkalegu aðgerðir gegn öllum almenningi í þessu landi, sem felast í eða leiðir af gengislækkuninni s. l. sumar. Þvert á móti hafa stjórnarandstæðingar sýnt fram á, að gengislækkunin var gersamlega óþörf og óforsvaranleg, eins og á stóð. Þeirri hlið málsins verða gerð fyllri og rækilegri skil af öðrum en mér í þessum umr. Ég mun þó aðeins drepa á örfá atriði, staðhæfingu minni til styrktar og sönnunar.

Því skal að sjálfsögðu ekki neitað, að kjarasamningarnir s. l. sumar hefðu að óbreyttum aðstæðum haft í för með sér nokkurn kaupgetuauka hjá almenningi og nokkra útgjaldahækkun hjá atvinnurekendum og því opinbera. En þetta virðist mér vera þau tvö atriði, sem gengislækkunin er sérstaklega rökstudd með. Útgjaldaaukning vegna kauphækkananna mundi þó í fæstum tilfellum hafa orðið atvinnurekstrinum ofviða, ef jafnframt hefðu verið gerðar ráðstafanir til að draga úr öðrum tilkostnaði, svo sem með því að lækka verulega vexti og tryggingarkostnað ýmiss konar. Það bil, sem brúa þurfti, var ekki kauphækkunin öll, heldur mismunur þeirrar kauphækkunar, sem atvinnurekendur treystu sér til þess að greiða, og þeirrar kauphækkunar, sem endanlega var samið um. Enginn trúir því, að atvinnurekendur hafi hætt sér of langt. Í utanþingsumr. um þessi mál hefur verið sýnt fram á það með órækum tölum, að þetta bil var ekki breiðara en svo, að það var auðvelt að brúa án nokkurrar gengisfellingar. Þar að auki er þess að gæta, að af gengisfellingu leiðir verulega útgjaldaaukningu fyrir atvinnurekstrinn, svo sem ljóst hefur orðið í sambandi við verðlagsákvarðanir að undanförnu. Gengisfelling er þess vegna engan veginn það bjargráð atvinnuvegunum, sem sumir vilja vera láta. Afkoma atvinnugreinanna hér á landi er einnig og verður svo misjöfn og breytileg, að erfitt mun að komast hjá einhverjum miðlunarúrræðum, a. m. k. öðru hvoru. Þannig verður t. d. sjálfsagt ekki hjá því komizt nú að gera sérstakar ráðstafanir togaraútgerðinni til styrktar, alveg jafnt þótt gengislækkunin hefði átt sér stað og alveg án tillits til þess, hvort kauphækkanirnar hefðu átt sér stað eða ekki.

Hvað hinni aðalröksemd krónulækkunarmanna viðvíkur, er það algerlega órökstudd staðhæfing, að hin aukna kaupgeta hefði leitt til svo mikillar gjaldeyriseftirspurnar, að til gjaldeyrisvandræða hefði komið. Þegar krónulækkunin var ráðin á s. l. sumri, voru aflabrögð á síldarvertíð alveg óvenjulega góð, framleiðsla í ýmsum greinum heldur vaxandi þrátt fyrir allt, verðlag á sumum útflutningsafurðum hækkandi og gjaldeyrishorfurnar tiltölulega góðar og gáfu alls ekki tilefni til sérstaks ótta. Þegar þannig stóð á, var óverjandi að grípa þegar í stað til gengisfellingar. Það átti að bíða átekta og sjá, hverju fram yndi, þangað til þing kæmi saman, og hefði þá mátt kveðja það saman eitthvað fyrr en gert var, ef ástæða hefði þótt til. En þá var það Alþingis að meta, hvort ástandið væri slíkt, að tilefni væri til sérstakra ráðstafana og þá hverra. Hjá hinum kjörnu trúnaðarmönnum fólksins var gengisskráningarvaldið, og það átti ekki án þeirra samþykkis að taka af þeim með brbl. Vegna gjaldeyrisstöðunnar var engin ástæða til, eftir því sem séð varð í sumar, að taka af launamönnum aftur þær kjarabætur, sem þeir fengu með hinum nýju vinnusamningum. Og víst er um það, að verkamönnum og öðrum láglaunamönnum hefði sannarlega ekki veitt af að fá þær kjarabætur og fá að halda þeim óskertum, og ef nú niðurstaðan skyldi verða sú, að við bættum verulega gjaldeyrisstöðu okkar á árinu, sem auðvitað er ekki nema gott eitt um að segja, þá væri það óneitanlega nokkur sönnun þess, að gengisfellingar hefði ekki verið þörf vegna gjaldeyrisástandsins.

Það fer svo ekki á milli mála og verður ekki um deilt, að með gengislækkuninni s. l. sumar hafa stórkostlegar nýjar, óbeinar álögur verið lagðar á landsmenn. Hafa fróðir menn reiknað út, að verðhækkunaráhrif gengisbreytingarinnar muni nema yfir 500 millj. kr. Með gengislækkuninni eru þær kjarabætur, sem launamenn fengu í sumar, að engu gerðar.. Með gengisfellingunni er nýju dýrtíðarflóði steypt yfir þjóðina og var þó sannarlega ekki á bætandi viðreisnaráhrifin. Nefna mætti margar tölur til sönnunar hinni sívaxandi verðbólgu nú. En um þetta þarf ekki að fjölyrða. Hinn magnaða dýrtíðareld finnur hver og einn á sjálfs sín baki brenna. Allur almenningur veit blátt áfram ekki, hvernig hann á að komast af, hvernig hann á að hafa í sig og á. Þess vegna eru áreiðanlega margir af stuðningsmönnum stjórnarinnar stjórnarherrunum sárreiðir fyrir hinar gerræðisfullu tiltektir þeirra á síðastliðnu sumri. Með aðgerðum sínum hefur ríkisstj. sett af stað nýja dýrtíðarskriðu og beinlínis espað til nýrra vinnudeilna og verkfalla í stað varanlegs vinnufriðar, sem tryggja mátti á grundvelli kjarasamninganna frá í sumar. ef rétt var á haldið. Sannleikurinn er sá, þó að ótrúlega hljómi, að gengislækkunarfrumhlaupið verður ekki skýrt á annan veg en sem hefndarráðstöfun reiðra manna, sem töldu sig hafa orðið undir í vinnudeilunum s. l. sumar og þoldu ekki ósigurinn. Slík vinnubrögð henta ekki landsstjórnarmönnum á Íslandi. Ef hæstv. ríkisstj. fengist til að skjóta málum sínum undir þjóðardóm, mundi hún komast að raun um það. — Góða nótt.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Varla verður hjá því komizt að hugleiða, hvað núverandi ríkisstj. hefur gert á sínu æviskeiði, sem er hálft kjörtímabil, þegar vantrauststill. þessi er til umr. og afgreiðslu, — og um leið að spyrja: hvað hefur stjórnarandstaðan lagt til mála og hvers er af henni að vænta, fái hún völd í hendur?

1956 rauf Framsfl. stjórnarsamstarf við Sjálfstfl. og gerði bandalög til vinstri handar. Ég harmaði það þá og harma það enn, þó að ég geti ekki farið út í það mál að þessu sinni. Vinstri stjórnin svokallaða ætlaði að gera mikið. Ekki væni ég hana um viljaleysi í því efni. En eftir tvö ár sprakk hún, kom sér ekki saman í vanda-

málum, réð ekki við þau, sá var hennar máttur. Næst kom minnihlutastjórn Emils Jónssonar með óbeinum stuðningi Sjálfstfl. til bráðabirgða. Þegar kjördæmamálið var til afgreiðslu 1959, hafði Framsfl. því skákað sjálfum sér til hliðar frá öllum áhrifum í því máli og öðrum, fyrst 1956 með samstarfsslitum við Sjálfstfl. og aftur 1958 með uppgjöf Hermanns Jónassonar, þáv. hæstv. forsrh. Þetta varð honum mjög erfið raun og orsakaði ákaflega miklar öfgar í málflutningi í sambandi við kjördæmamálið, sem honum hefur ekki enn tekizt að losa sig við og náði hámarki í slagorðinu: „Kjördæmabreytingarmenn ætla að leggja allt Ísland í eyði, nema Reykjavík og Suðurnes.“

Haustið 1959 varð verðlagsnefnd landbúnaðarafurða óstarfhæf vegna ágreinings. Við upplausn lá og stórvandræðum. Friðjón Skarphéðinsson, þáv. hæstv. landbrh., bjargaði málinu við í bili með brbl. Sjálfstfl. lofaði að leysa málið á viðunandi hátt fyrir bændur þá um haustið fyrir kosningar, eftir því sem hans vald næði til að kosningum afloknum. Málflutningur framsóknarmanna í sambandi við afurðaverð haustið 1959 var með þeim hætti, að orðbragðið er ekki eftir hafandi. Svo var vanstillingin mikil og getsakirnar. Ríkisstj. og framleiðsluráð landbúnaðarins leystu málið betur en lofað var. Bændur þögnuðu, Tímann setti hljóðan og gat ekkert sagt annað en þetta: „Þessu komum við til leiðar með því að hræða íhaldið og kratana.“

Þriðja stórmálið, sem stjórnarandstaðan, — og á ég þá einkum við Framsfl., því að til hans tala ég hér, vegna þess að hann ber fram vantraustið, — smækkaði sig mjög á með hóflausum æsingum, er landhelgismálið. Stóryrði og ljótyrði um það viðkvæma mál eru bezt geymd undir grænni torfu.

Alþjóð fagnaði lausn kjördæmamálsins, sem var hagfelldari Íslandi en bjartsýnustu menn höfðu látið sig dreyma um.

Um viðbrögð stjórnarandstæðinga gagnvart efnahagslögunum 1959 og 1960 er sömu sögu að segja. Eðlilegt var og er, að sú löggjöf sé gagnrýnd. En gagnrýni verður að vera við hóf og ekki svo neikvæð, að hún brjóti allan odd af sjálfri sér.

Þegar horft er til baka á hina sögufrægu yfirlýsingu forsrh. í desember 1958 um, að algert hrun í fjármálum væri fram undan, nema róttækar aðgerðir komi til þá þegar, er furðulegt að horfa á og hlusta, þegar skoðanabræður hans berja höfðum við steina staðreyndanna og segja, að engra aðgerða hafi verið þörf 1959 og 1960. Þannig málafylgja er ekki sannfærandi.

Enn er ótímabært að dæma árangur og afleiðingar efnahagslaganna. Ég bendi þó á fjórar staðreyndir, sem segja talsvert út af fyrir sig um það, sem á hefur unnizt. Þótt margt sé þar óljóst enn, hvernig ræðst, mun mest vera undir því komið, hvort þjóðin vill sjálf leiða yfir sig velmegun eða óvelmegun, sóma út á við eða varanlegan ósóma, kann að stilla krófum í hóf eða beina þeim út í hófleysu. En staðreyndirnar eru þessar:

1) Uppbótakerfið á útfluttar sjávarafurðir er úr sögunni, sem æxlaðist stig af stigi um mörg ár sem bráðabirgðaúrræði til að halda útgerð landsmanna gangandi. Allir fagna því.

2) Vísitöluskrúfan á kaupgjaldi og verðlagi er einnig úr sögunni, en hún verkaði sem svikamylla til víxlhækkana á kaupgjald og vöruverð um langan tíma.

3) Gjaldeyrisaðstaða gagnvart útlöndum hefur batnað svo, að segja má, að þar rofi fyrir nýjum degi og traust þjóðarinnar út á við sé að endurvinnast.

4) Sparifé fer vaxandi.

Þrátt fyrir þetta er þó enn við erfiðleika að etja, en þeir eru yfirstíganlegir.

Hvað svo um hinar ógurlegu afleiðingar efnahagsráðstafana fyrir landsins börn, sem stjórnarandstaðan hefur líkt við sjálf móðuharðindin 1783—1784? Atvinna hefur verið næg um allt land, nema þá tíma, sem andstaðan hefur fengið fólkið til að sitja auðum höndum vegna verkfalla. Eftirvinna, næturvinna, tekjur hærri en áður í krónutölu, en dýrtíð að vísu meiri. Spáð var og fullyrt, að allar framkvæmdir hlytu að stöðvast strax á árinu 1960, a. m. k. í sveitum. Ógerlegt væri að stofna nýbýli og ungu fólki væri fyrirmunað að koma sér upp heimilum. Búnaðarbankinn lánaði til bygginga og jarðræktar í sveitum 67 millj. á árinu 1960, hærri upphæð en nokkurn tíma áður. Ekki sannar það kenninguna um algera stöðvun. Nýbýli voru stofnuð lítið eitt færri en 1959 og 1958, og enginn hefur orðið annars var en ungt fólk dragi sig saman og stofni heimili, rétt eins og ekkert hefði í skorizt. Í Reykjavík hækkuðu nettótekjur um 20% á árinu 1960. Í sjávarþorpum og kaupstöðum norðanlands og vestan var afkoma manna mjög góð. Í sveitahreppum, þar sem ég þekki til, hækkuðu nettótekjur um 20—25%, aðallega vegna hækkunar á almannatryggingum og betra verðs fyrir mjólk vegna breytingar á framleiðsluráðslögunum í byrjun ársins. Síðastliðið vor gekk bændum heldur betur að leysa út áburð á tún sín en vorið 1959. Á móti þessu kom svo auðvitað hækkun á nauðsynjum.

Í heildinni er efnahagur almennings, eftir þessu að dæma, ekki líkt því eins afleitur og spámenn Framsfl. hafa staðhæft, miðað við daglega framfærslu. Hitt er svo annað mál, að þyngzt hefur fyrir fæti bóndans sem annarra þjóðfélagsþegna um að ráðast í framkvæmdir og kaup á dýrum verkfærum og vélum. En það er ekkert annað en það, sem allir vissu að koma hlaut og allir höfðu um langan tíma verið að reyna að undirbúa sig að mæta.

Ég fer ekki hér út í lánamál landbúnaðarins, sem eru aðkallandi mál að leysa og eru í athugun, því að ég hef ekki tíma til þess.

Í örstuttu ágripi hef ég rakið fáeina þætti þjóðmálanna um hálft kjörtímabil. Þar hafa óvenjulega stór og afdrifarík mál komið við sögu og sum a. m. k. fengið lokaafgreiðslu á mjög æskilegan hátt. Til samanburðar vil ég spyrja: Eru afrek vinstri stjórnarinnar sálugu þau, að fýsilegt sé að afhenda slíkri stjórnartauma að nýju? Hafa viðbrögð andstöðunnar verið svo jákvæð og traustvekjandi um næstliðin tvö ár gagnvart vandasömum stórmálum,

að nokkur maður treysti, að þar sé úrræði að finna? Ég held varla. Vinstri stjórnin flúði frá óleysanlegum vanda að eigin dómi 1958. Ríkisstj. sú, er nú situr, hefur frá engum vanda flúið. Hún hefur tekizt á við hvern vanda, sem að höndum hefur borið, og mun halda þeim upptekna hætti út kjörtímabilið, standa eða falla með sínum verkum. Ég fullyrði ekki, að allir hlutir hafi vel tekizt, en margir hlutir ágætavel.

Sá, sem flýr undan vanda, fær ævinlega vantraust áhorfandans. Sá, sem tekst á við erfiðleikana, vinnur sér traust. Framsfl. hefur sjálfur kallað yfir sig mikið vantraust með því að flýja frá erfiðu verkefni 1958, en þó meira tiltrúarleysi með mjög furðulegri afstöðu til nær allra stórmála, sem varð að leysa nú hin síðustu ár, og málflutningi, sem er honum ósamboðinn. Hann þarf að bæta ráð sitt verulega að þessu leyti, ef tiltök eiga að vera að afhenda honum stjórnartauma að nýju, gerast jákvæður í tillögum og viðhafa virðulegri vinnubrögð en s. l. 2 ár. Ég ætla, að honum veiti tæpast af árinu í ár til þeirra hluta, næsta ári og hálfu árinu 1963.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Þegar flutt er vantraust á ríkisstj. í lýðræðisríki, er nauðsynlegt að svara tveimur spurningum, áður en menn taka afstöðu til vantraustsins. Hefur ríkisstj. brugðizt skyldu sinni við þjóðina? Hvaða leiðir eru hugsanlegar til þess að tryggja þjóðinni betri ríkisstj.?

Flm. þeirrar vantrauststillögu, sem nú er rædd, eru aðalforingjar stærri stjórnarandstöðuflokksins, Framsfl. Báðir hafa þessir menn setið flestum lengur í ráðherrastóli, og skæðar tungur hafa jafnvel stundum imprað á því, að þeir muni ekki treysta öðrum betur til þess að halda um stjórnvölinn. Hvað sem um það er, verður vantraust þeirra nú naumast skilið á annan veg en þann, að Alþingi eigi að fela þeim að hafa forustu um stjórn landsins, því að varla hugsa þeir sér að hafa landið stjórnlaust.

Ég ætla ekki að eyða þessum fáu mínútum til þess að verja starf og stefnu hæstv. ríkisstj. Það verður ekki sagt með neinum rétti, að ríkisstj. hafi farið í felur með verk sín eða reynt að dulbúa þau, svo sem stundum hefur verið tíðkað. Stjórnarstefnan er því öllum þeim skiljanleg, sem á annað borð hafa áhuga á að sjá hlutina í réttu ljósi. Hæstv. ráðh., sem hér hafa talað við þessar umr., þurfa heldur enga aðstoð til þess að rökstyðja réttmæti sinna gerða. Hins vegar langar mig til, að við reynum að gera okkur grein fyrir því, hvort flm. þessarar till. eru verðir þess trausts, að þing og þjóð ljái vantrausti þeirra eyra.

Síðari flm. till., hv. 1. þm. Austf., ræddi við nýafstaðna fjárlagaumr. af mikilli eftirsjá framfarir og heillavænlega fjárhagsþróun á árunum fyrstu eftir 1950, meðan gætti áhrifa efnahagsráðstafana þeirra, sem ríkisstj. sjálfstæðismanna undirbjó veturinn 1949—1950. Víst væri margt á annan veg nú, ef sú stefna hefði ekki verið eyðilögð. Þá var samstjórn sjálfstæðismanna og framsóknarmanna. Það stjórnarsamstarf rufu þeir menn, sem nú biðja um traust. Til þess að eyðileggja það jafnvægi, sem þá hafði náðst í efnahagsmálum þjóðarinnar, voru sett á svið víðtæk verkföll, sem fyrri flm. þessarar vantrauststill. studdi leynt og ljóst og einnig aðalmálgagn flokksins, er hlaut að skemmdarverkinu fullnuðu sérstakar þakkir Þjóðviljans. Að vísu fordæmdi þá Eysteinn Jónsson verkfallið með orðum, sem átakanlega vel hæfa sem lýsing á verkum hans eigin flokks í nýafstöðnu verkfalli. En því miður brast þennan ágæta mann skjótt þrek til þess að standa gegn ásókn hv. 2. þm. Vestf. eftir að mynda þá samstjórn með kommúnistum, er hann hafði lagt grundvöll að með vinsamlegri afstöðu til verkfallsins 1955. Hv. 1 þm. Austf. varð þá að ganga undir það jarðarmen, sem mun hafa verið honum þung raun, að gleypa sínar fyrri kenningar og stefnu með húð og hári og gerast fremsti talsmaður stjórnarstefnu, er hann sízt vildi.

Tíminn sagði eitt sinn á síðustu samstjórnarárum Sjálfstfl. og Framsfl., að óþolandi væri, að Sjálfstfl. hefði öll lyklavöld um afgreiðslu mála. Þessi orð eru e. t. v. bezta skýringin á vinstristjórnarævintýri Hermanns Jónassonar. Framsfl. gat ekki unað því að vera í samstarfi við sér stærri flokk. Valdalöngun flokksins mundi verða betur fullnægt í samvinnu við minni flokka. Miklar áætlanir voru gerðar, er leiða skyldu til gerbyltingar stjórnmálaþróunar í landinu. Hræðslubandalagið svokallaða var stofnsett á grundvelli einstæðrar misnotkunar úreltrar kjördæmaskipunar, og það var næsta kaldhæðnislegt að heyra aðalhöfund þeirra bellibragða ræða hér í kvöld um misnotkun stjórnarskrárákvæða. Það vita allir í dag, að ætlun framsóknarforingjanna var, að þetta bandalag skyldi leiða til innlimunar Alþfl. og bróðurlegs samstarfs við þá Valdimarssyni í Alþb., sem treyst var á, að næðu yfirstjórn þess liðs. Þetta voru hinar stóru hugsjónir, er lágu að baki myndunar vinstri stjórnarinnar. Þessi nýja samfylking átti að tryggja það, að Sjálfstfl. hefði ekki lengur lyklavöld í þjóðfélaginu. En um úrlausn vandamálanna gleymdist að semja, og því fór sem fór. Hin fræga yfirlýsing Hermanns Jónassonar, er hann baðst að lokum lausnar, gat verið einkunnarorð alls stjórnarferils vinstri stjórnarinnar. Það var aldrei samstaða um neitt.

Enginn flokkur hefur talið sig eiga aðrar eins birgðir af ábyrgðartilfinningu og Framsfl. Þessi ábyrgðarþungi hefur valdið því, að foringjar Framsfl. fá miklar áhyggjur um velferð þjóðarinnar, ef þeirra forsjá nýtur ekki við. Þá er allt í voða og móðuharðindi á næstu grösum. Framsóknarmenn halda því gjarnan fram, að ábyrgðarlaus framkoma sjálfstæðismanna í verkalýðshreyfingunni hafi orðið banabiti vinstri stjórnarinnar. Það er nú út af fyrir sig ömurlegur dómur um starf vinstri stj. í þágu alþýðu landsins, er átti þó að verða hennar haldreipi, að eftir tveggja ára vinstri stjórn skyldi Sjálfstfl. ráða stefnu verkalýðsfélaganna, þegar þess er minnzt, að aðalrökin fyrir að rjúfa stjórnarsamvinnuna við Sjálfstfl. voru þau, að hann réði engu í verkalýðsfélögunum. En sleppum því. Sannleikurinn er sá,

að draumar formanns Framsfl. um ævarandi veldi Framsóknar í skjóli samfylkingar verkalýðs og bænda voru hillingar einar. Alþfl. gerðist svo djarfur að neita að láta innlima sig í Framsókn, og Kanossaganga forsrh. vinstri stjórnarinnar inn á Alþýðusambandsþing er sú mesta niðurlæging, sem íslenzkur forsrh. hefur orðið fyrir, og voru það þó ekki sjálfstæðismenn, sem því þingi stýrðu.

Þegar íhuguð er ábyrgð flutningsmanna vantrauststillögu þessarar á þeirri stjórnmálaþróun, er leiddi til myndunar og síðar falls vinstri stjórnarinnar, sýnir það mikla dirfsku að heimta það, að Alþingi lýsi vantrausti á þá menn, er fengu það óvinsæla og erfiða hlutverk að reyna að forða þjóðinni úr þeim ógöngum, er vinstri stjórnin hafði með úrræðaleysi sínu leitt hana í.

En hefur þá ekki ábyrg stjórnarandstaða Framsfl. sannað það, að þeim geti nú verið treystandi til forustu? Við skulum láta verk þeirra sjálfra og málflutning tala. Framsfl. snerist gegn öllum þáttum viðreisnarlöggjafarinnar og taldi gengisbreytinguna fordæmanlega, enda þótt upplýst hafi verið, að framsóknarmenn hafi í vinstri stj. talið beina gengislækkun eðlilegustu lausn efnahagsvandamálanna og hafi staðið að öllum fyrri gengisbreytingum. Aftur voru teknar upp kröfurnar um brottför varnarliðsins og margir kunnir framsóknarmenn undirrituðu kröfur um úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu, þótt ekkert væri við varnarliðinu hreyft í valdatíð vinstri stjórnarinnar. Hina happasælu lausn landhelgismálsins hafa framsóknarmenn reynt að afflytja, og snúizt hefur verið gegn öllum tillögum ríkisstj. í fjármálum og efnahagsmálum yfirleitt. Enginn hefur skýrar en Eysteinn Jónsson lýst, hvílíkt hættuspil það er fyrir þjóðina að veita kommúnistum valdaaðstöðu í verkalýðssamtökunum. Allt fram á daga vinstri stjórnarinnar var það líka svo, að lýðræðisflokkarnir þrír höfðu samstöðu í verkalýðsfélögunum, hverjir þeirra sem voru í stjórn landsins. Nú hefur hin ríka ábyrgðartilfinning framsóknarforingjanna leitt þá til þess að skipa — og það oft með harðri hendi — öllum liðsmönnum sínum í launþegasamtökunum að fylkja sér undir merki kommúnista og tryggja þeim hvarvetna valdaaðstöðu, ef þeir gætu því ráðið. Það er algerlega á ábyrgð flm. þessarar vantrauststill., að verkalýðssamtökin eru nú undir kommúnískri stjórn. Fyrir það biðja þeir um traust.

Það gæti verið gaman til dægrastyttingar að fara gegnum skrif Tímans, frá því að vinstri stjórnin lét af völdum, og reyna að búa til mynd af því efnahagskerfi, sem hér mundi vera nú, ef farið hefði verið eftir öllum röksemdafærslum blaðsins. Þá væri ekki amalegt að lifa hér á Íslandi. Engin gengislækkun, engin dýrtíð, síhækkandi kaup, nóg lánsfé, hækkað verð á landbúnaðarafurðum, auknir framleiðslustyrkir án nýrra skatta og sennilega engir vextir, nógur innflutningur og ekkert verðlagseftirlit. Það eina smávægilega, er láðst hefur að sjá fyrir í þessu dýrðarríki, er, hvar eigi að fá gjaldeyri til þess að fullnægja öllum þörfum framleiðslu- og framfarastefnunnar, sem er sögð vera leiðarljós Framsfl. Það eru svo auðvitað smámunir, þótt við værum í stríði við Breta um landhelgina og komnir úr NATO og jafnvel Sameinuðu þjóðunum, af því að Bandaríkin hefðu ekki viljað beita hervaldi gegn Bretum fyrir að dirfast að bjóðast til að viðurkenna stærri landhelgi en við sjálfir höfðum tekið okkur. Auðvitað dettur mér ekki í hug að halda því fram, að foringjar Framsfl. hafi reynt að stjórna málum þjóðarinnar á þennan hátt, en því miður er þetta harla rétt mynd af hinum fjarstæðukennda áróðri þeirra í stjórnarandstöðunni. Fyrir þetta vilja þeir nú fá traust.

Ef taka ætti mark á áróðri framsóknarforingjanna og blaða þeirra, væru ráðherrarnir og raunar allir þm. stjórnarflokkanna hreinir misindismenn. Öll þeirra stjórnarstörf eiga að miða markvisst að því að gera þjóðinni illt og það að vel yfirlögðu ráði. Með kjördæmabreytingunni átti að leggja heil héruð í rúst, og grasið átti jafnvel að hætta að gróa. Skipulega hafi verið að því unnið að hefta þróun atvinnuveganna og búa alþýðu manna sem verst kjör. Launakjörin sé reynt að skerða eftir mætti til þess að gefa erlendum auðfélögum tækifæri til að arðræna þjóðina. Loks á síðasta gengisbreyting að hafa verið framkvæmd af þeirri ástæðu, að ríkisstj hafi viljað hefna sín á þjóðinni.

Það er auðvitað ekki að undra, þótt hinum ábyrgu foringjum Framsóknar hrjósi hugur við að vita slíka misindismenn sitja í þeim sætum, hvaðan þeir sjálfir áður jusu velgerðum yfir þjóðina. En þeim hefur láðst að gera nokkra grein fyrir því, hvernig það geti orðið ríkisstj. í lýðræðisríki til framdráttar að einbeita kröftum sínum til illverka. Hingað til hefur það þó verið talið líklegra til áhrifa og fylgisaukningar að geta fært þjóðinni hagsbætur.

En það er eftirtektarvert, að ríkisstj. virðist hafa mistekizt að framkvæma sinn illa ásetning. Framleiðsla í landinu hefur aldrei verið rekin með meiri krafti en í dag og atvinna almennings og tekjur aldrei verið meiri. Jafnvel Tíminn flytur flesta daga fregnir af því, að víðs vegar um landið, þar sem við atvinnuleysi var að stríða, meðan vinir strjálbýlisins voru í stjórn, sé svo mikil atvinna og velmegun, að fólk sé tekið að flytja aftur heim á æskustöðvarnar. Ýmsar óarðbærar framkvæmdir hafa að vísu minnkað, en vinnuaflið færist í ríkara mæli að framleiðslustörfum. Einstæðast mun þó það vera, að sjálfur prédikari móðuharðindanna lýsti slíku trausti á ríkisstj., að hann taldi árangur efnahagsstefnu hennar svo mikinn eftir rúmt ár, að hún gerði atvinnuvegunum bótalaust kleift að hækka kaupgjald meira en áður hefur þekkzt í einum áfanga. Við stöndum því nú andspænis því kynlega fyrirbæri, að stjórnarandstaðan telur stefnu ríkisstj. hafa bætt afkomu þjóðarinnar miklu meira en ríkisstj. fæst til að trúa sjálf. Líklega eru þetta ein rökin fyrir vantraustinu. Ég skal játa það, að ég hef ekki enn getað skilið, hvernig auðið var á fáum mánuðum að færa efnahag þjóðarinnar úr móðuharðindaástandi til slíkrar

velmegunar atvinnuveganna. Vonandi á Tíminn eftir að skýra það.

Ég ætla ekki að óska þingeyskum samvinnumönnum til hamingju með það, að samtök þeirra hafa af pólitískum forkólfum í höfuðborginni verið valin til þess að koma af stað nýrri verðbólguskriðu í landinu. Ég efast mjög um, að frumherjar samvinnuhreyfingarinnar í Þingeyjarsýslu hafi ætlað henni það hlutskipti. Ég ætti e. t. v. að óska hv. 1. þm. Norðurl. e. til hamingju með verkalýðsforingjahlutverk sitt, en ég læt það bíða. Ég get hins vegar ekki stillt mig um að lofa hv. 1. þm. Austf. fyrir það reikningsafrek að sanna, að 14—20% kauphækkun auki tilkostnað um 1%. Það verður sannarlega ekki erfitt um kauphækkanir í landinu, þegar sú regla er orðin ráðandi. Þjóðinni er sagt, að 5% kauphækkun á dánarári vinstri stjórnarinnar hafi orðið hennar banabiti. Nú er þjóðinni sagt, að eftir alla viðleitni núv. ríkisstj. til að eyðileggja afkomu atvinnuveganna sé auðvelt að láta þá taka á sig 13—20% kauphækkun, aðeins með því að færa vexti til þess sama, er gilti í tíð vinstri stjórnarinnar. Ef þessi staðhæfing framsóknarforingjanna er rétt, sýnist mér þeir sjálfir færa sterkustu rökin gegn vantrauststill. sinni.

Það mun svo væntanlega sanna þjóðinni hugvitssemi flm., að þeir telja það nú úrlausn allra efnahagsvandræða atvinnuveganna að lækka vexti og ausa út sem mestu lánsfé úr bönkum, án hliðsjónar af sparifjármyndun. Ég býst naumast við, að nokkur vilji verða til þess að taka af þeim heiðurinn af að verða upphafsmenn og sennilega einu boðberar slíkrar fjármálakenningar.

Herra forseti. Vafalaust er ýmislegt aðfinnsluvert í starfi og stefnu núv. ríkisstj. En um það verður ekki deilt, að hún fylgi fastmótaðri stefnu. Framsóknarmenn sanna hins vegar ótvírætt, að stefna Framsfl. markast af vindáttinni dag hvern, og það eitt stefnuskráratriði virðist fast mótað, að þjóðinni sé það lífsnauðsyn, að flm. þessarar vantrauststill. stjórni málum hennar. Flutningur vantrauststill. er skemmtilegur. Flm. hennar er vel kunnugt um það, að stjórnarflokkarnir eru einhuga um að fylgja fram þeirri efnahagsmálastefnu, sem þeir hafa markað. Ef Framsfl. telur sér það vegsauka að ljá sitt lið til þess að aðstoða kommúnista við að reyna að koma í veg fyrir, að íslenzka þjóðin geti lagt traustan grundvöll að hröðum framförum í landi sínu, svo sem er í öðrum vestrænum ríkjum, þá er það þeirra mál. En það er mikil bjartsýni og sýnir mikið vantraust á dómgreind þjóðarinnar að ímynda sér, að fyrir þann verknað hljóti þeir traust.

Framsóknarmenn hafa lýst fullri andstöðu við viðreisnarstefnu ríkisstj., og því eiga þeir enga samleið með stjórnarflokkunum. Með vantrausti sínu hafa þeir því ekki annað að boða þjóðinni en stjórn Framsóknar og kommúnista. Skyldu margir Íslendingar í dag vilja fela talsmönnum helsprengjustefnunnar forustu sinna mála, þótt Lúðvík Jósefsson hafi látið sig dreyma um slíka stjórn hér í kvöld?

Herra forseti. Allir vita, að verkföllin í sumar voru sett á svið, af því að stjórnarandstaðan sá, að barátta stjórnarflokkanna fyrir jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar var að takast. Svar framsækinnar þjóðar er það eitt að reisa nýja varnargarða gegn uppreisnaröflunum. Með skipulögðum framkvæmdum í landinu til eflingar framleiðslu og framförum mun grundvöllur lagður að betra og fullkomnara þjóðfélagi. Ríkisstj. og flokkar hennar munu í næstu kosningum hlíta dómi þjóðarinnar um verk sín, en láta nú sem vind um eyru þjóta vandlætingarorð og hrópyrði þeirra manna, sem skildu þjóðarfleyið eftir stjórnlaust í brimgarðinum. Þeir menn eru sízt trausts verðir.

Björn Jónsson: Herra forseti. Heiðruðu tilheyrendur. Nú eru nær þrjú ár liðin frá því að núv. stjórnarflokkar tóku höndum saman um stjórn landsins og tvö ár frá valdatöku núv. ríkisstj. Þessum flokkum hefur því gefizt ærinn tími til þess að sanna með verkum sínum vilja sinn og getu til þess að ráða fram úr vandamálum íslenzks efnahagslífs með þeim stóru fyrirheitum um stöðvun verðbólgu og bætt lífskjör að leiðarljósi. Um það verður ekki deilt, að þeir hafa haft valdið, tímann og tækifærin. Spurningin er sú ein, hvernig þeir hafa notað vald sitt og hver árangurinn hefur orðið.

Þegar litið er yfir valdatímabil stjórnarflokkanna, blasir við ein staðreynd öllum öðrum augljósari, sú, að hver athöfn þeirra, sem nokkru verulegu máli hefur skipt, hefur leitt af sér versnandi lífskjör, að sá reginmunur til hins verra, sem orðinn er á launakjörum, verðlagi og tekjuskiptingu fyrir launastéttirnar, verður í einu og öllu rakinn beint til athafna og aðgerða stjórnarflokkanna. Önnur er sú, að enn í dag halda lífskjör almennings áfram að versna hröðum skrefum, að hver verkamaður, hver launamaður finnur með hverjum degi sem líður óðaverðhækkanir leggjast æ þyngra á herðar sér, á afkomu sína og á vonir sínar um bærilegt líf.

Fyrsta skref stjórnarflokkanna í efnahagsmálum voru hin svokölluðu niðurfærslulög í ársbyrjun 1959. Með þeim var allt kaupgjald fært niður um 13.4% að krónutölu þvert ofan í gildandi samninga verkalýðsfélaga og atvinnurekenda og kaupmáttur samkvæmt mati stjórnarvaldanna sjálfra rýrður um 5.6%. Næst kom sjálf viðreisnin, þ. e. a. s. gengisfelling, sem hækkaði verð gjaldeyris um allt að 79%, jafnhliða lögbanni við greiðslu verðlagsbóta í nokkru formi á laun, nýrri riftingu allra kjarasamninga verkalýðsfélaganna og að auki umbyltingu á öllum skatta- og útsvarslögum, sem færði allan þunga skattheimtunnar af bökum gróðafélaga og hátekjumanna yfir á almenna neyzlu, nauðþurftir jafnt sem miður þarfa eyðslu. Í kjölfar viðreisnarinnar og skattabyltingarinnar fylgdu síðan ofsalegri skattahækkanir en sagan kann frá að greina, og hafa samanlagðir skattar og tollar hækkað um full 100% á valdatíma stjórnarflokkanna, þremur árum.

Viðreisnin var fyrsta aðgerð Sjálfstfl. til efnda á því fyrirheiti sínu í kosningunum 1959 að leiða þjóðina inn á braut bættra lífskjara.

Hæstv. forsrh. og ríkisstj. kváðu nú að vísu þá braut ekki jafnbeina og slétta sem þeir höfðu útmálað fyrir kosningar. Nokkrar lítilfjörlegar byrðar yrði að leggja á almenning í bili. En yrði aðgerðunum eirt um stundarsakir, í nokkra mánuði, hálft ár, í hæsta lagi eitt ár, og verkalýðshreyfingin sýndi aðgerðunum biðlund og hefðist ekki að um beinar kauphækkanir skamma hríð, þá mundi örugglega sannast, að aðgerðirnar færu innan tíðar að skila árangri, eins og til væri stofnað, þ. e. a. s. bættum lífskjörum og traustari efnahag þjóðarheildarinnar. Biðlundin var sýnd og fullur reynslutími veittur. Viðreisnin hafði staðið í eitt og hálft ár, þegar verkalýðshreyfingin lét til skarar skríða um aðgerðir til almennra launahækkana láglaunafólks. Og hvernig stóðu reikningarnir þá? Þeir stóðu þannig, að kaupgjaldið hefði þurft að hækka um 18% með óbreyttu verðlagi, til þess að kaupmáttur þess gagnvart verðlagi, vörum og þjónustu yrði hinn sami og hann var við upphaf viðreisnarinnar, og um 24%, til þess að raunveruleg launakjör væru óbreytt frá upphafi valdaskeiðs stjórnarflokkanna. Þetta eru ekki ágizkunartölur mínar eða annarra stjórnarandstæðinga. Þær eru tölur Hagstofu Íslands um þróunina mótaða í þeim útreikningslistum, sem sjálf ríkisstj. hefur ákveðið að beitt skuli til að sýna sem mildilegasta niðurstöðu.

Þannig voru viðhorfin í kjaramálum launastéttanna á s. l. vori. Brautin til bættra lífskjara hafði verið troðin aftur á bak. Fjórða hlutanum af kaupgetu launamanns, sem vann sinn fulla vinnudag, hafði verið rænt. Þrátt fyrir þessa reynslu af viðreisn stjórnarflokkanna, þessa einu reynslu, sem launastéttirnar höfðu af henni haft, gerðu alþýðusamtökin bókstaflega allt, sem hugsanlegt var að gera til þess að firra vandræðum. Í fulla 7 mánuði hafði bæði A.S.Í. og verkamannafélögin reynt að koma á alvarlegum viðræðum við atvinnurekendur og ríkisstj. um kjarabætur í formi lækkunar á vöruverði, m. a. með afnámi svonefnds bráðabirgðasöluskatts í tolli, með afléttingu vaxtaokurs, með ráðstöfunum til lækkunar almennra útsvara eða hverjum öðrum leiðum til lækkunar almennra útgjalda, sem tiltækilegar þættu, og loks með því að afnema lagabann við greiðslu verðlagsbóta á laun og skapa þannig stjórnarvöldum á ný aðhald varðandi taumlausar verðhækkanir og láglaunafólki nokkra tryggingu gagnvart frekara þótalausu kjararáni. En allt kom fyrir ekki. Öllum kröfum og tilmælum, ábendingum og rökum alþýðusamtakanna var mætt með fullkomnu tillitsleysi og þvermóðsku. Hvað sem í skærist, skyldi kaupránið standa sem óumbreytanlegt lögmál. Þannig var vísvitandi og af ráðnum hug efnt til stórstyrjaldar gegn verkalýðshreyfingunni, þar sem sameinuðum styrk ríkisvalds og stóratvinnurekenda skyldi beitt án nokkurrar miskunnar í þeim tilgangi að knésetja hana varanlega, brjóta niður samtakaþrótt verkamanna og sanna, að ríkisvaldið hefði öll þeirra ráð í hendi sér. Með niðurfærslulögum Alþfl. og enn frekar með sjálfri viðreisninni hafði ríkisstj. í reynd hrifsað úrskurðarvaldið yfir sjálfu kaupgjaldinu og launastéttirnar þannig verið sviptar þeim grundvallarréttindum að mega búa við svipað réttaröryggi um lögmæta samninga við atvinnurekendur eins og aðrir þeir aðilar í þjóðfélaginu, sem semja sín í milli um efnahagsleg samskipti. Með friðsamlegum samningum um kjarabætur, samningum, sem ríkisvaldið hefði stuðlað að, hefðu þessi réttindi verið viðurkennd á ný. Ekki getur vafi leikið á, að ein höfuðástæðan fyrir því, að ríkisstj. vildi enga friðsamlega samninga og hélt þúsundum manna í verkfalli vikum saman, til stórtjóns fyrir þjóðina, var sú, að hún vildi með engu móti þola, að verkalýðshreyfingin endurheimti þessi grundvallarréttindi sín. Hvað sem það kostaði, skyldi valdboðið eitt gilda, ef ekki bókstafur þess, þá innihald þess, og þannig nást sami árangur eins og ef verkalýðsfélögin hefðu verið bönnuð að sið nazista og nýlendukúgara.

Með engu öðru taldi hún, að efnahagsstefna hennar fengi staðizt. Það er þungur dómur, kveðinn upp af henni sjálfri. Nú eftir verkfallið er deilt um það innan stjórnarliðsins, hvort réttara hefði verið að beita lögbindingu á hinu skráða kaupgjaldi en gengisfellingu. Annað en eitt af þessu tvennu kom ekki til greina af þess hálfu, ekki sú leið að láta atvinnurekendur vera ábyrga samningsaðila og láta þrautsannast með reynslunni, hvort atvinnuvegirnir gætu borið þau launakjör, sem þeir höfðu gengizt inn á, og ekki sú leið að vernda gildi samninganna með því að lagfæra verstu agnúa efnahagskerfisins fyrir þá þætti atvinnulífsins, sem höllustum fæti stóðu, og beina heildargetu þjóðfélagsins þangað. Var slíkt mögulegt? Voru samningarnir, sem verkalýðssamtökin knúðu fram, svo óhóflegir, ósanngjarnir og óbærilegir atvinnulífinu, að þeir hefðu orsakað hrun, atvinnuleysi og ríkisgjaldþrot, eins og fullyrt er nú af stjórnarliðinu, að þeir hefðu gert, ef ekki hefði verið gripið til hinnar nýju gengisfellingar?

Með samningum s. l. vor náðu verkamenn aftur réttum helmingi þeirrar kjaraskerðingar, sem þeir höfðu orðið að þola í valdatíð stjórnarflokkanna. Kaupmáttur tímakaups óx úr 84 stigum, miðað við kaup árið 1945, í tæp 92 stig. Þetta þýðir, að a. m. k. annað eins átak þurfi til þess, að laun þeirra yrðu sambærileg við það, sem þau voru fyrir hálfum öðrum áratug. Þetta þýðir, að óskert laun eftir samningana voru lægri en atvinnuvegirnir hafa borið síðasta hálfan annan áratuginn, þ. e. a. s. það tímabil, sem þeir hafa verið að byggja sig upp á nútímamælikvarða og þjóðin í heild hefur verið að efnast gífurlega í formi margfaldrar fjárfestingar og gróða auðmannastéttarinnar, miðað við það, sem áður hefur þekkzt. Það er viðurkennt af stjórnarliðinu, að 3% árleg kauphækkun sé eðlileg og bærileg sómasamlega reknu atvinnulífi. Staðreyndir sanna líka, að víða um heim er þróunin miklu örari í þessum efnum. Samkvæmt því ættu launin nú að vera 60—70% hærri en þau voru 1945. Staðreyndin er hins vegar sú, að þau eru um 16% lægri. Lífskjör alþýðumanna hafa í engu notið tilkomu aukinnar tækni, aukins gróða, aukinnar fjárfestingar og stórfelldrar

aukningar þjóðarframleiðslunnar. Þótt hún hafi vaxið um 4—5% á ári á mann, hafa launin staðið í stað eða lækkað. Þrátt fyrir þessar staðreyndir sýndi verkalýðshreyfingin slíkt langlundargeð og hófsemi að bjóða fram með samningum í sumar tveggja ára samfelldan vinnufrið, þ. e. a. s. út lengsta hugsanlega valdatíma núv. hæstv. ríkisstj., á þeim grundvelli að fá þegar réttan helming endurheimtan af kauplækkun síðustu þriggja ára og síðan á ári 4% hækkun. Þannig hefði það tekið full þrjú ár að ná aftur sömu kjörum og hér giltu við valdatöku stjórnarflokkanna. Því marki hefði ekki verið náð við lok kjörtímabilsins. Ég spyr: Er unnt að fella þyngri dóm yfir stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum en hún sjálf hefur dæmt með því að hafna slíku boði og keppast við að útmála getuleysi sitt og efnahagskerfis síns til þess að standa undir slíkum skilmálum? Sízt skal því andmælt, að efnahagskerfi núv. ríkisstj. þurfi gerbreytingar við, til þess að atvinnulíf og lífskjör geti þróazt með eðlilegum og æskilegum hætti. En hitt er þó enn augljósara, að hin nýja gengisfelling magnar enn alla verstu eiginleika þess, en leysir engan vanda. Enn fráleitara er þó að reyna að halda því fram, að kaupsamningarnir hafi gert gengisfellinguna óhjákvæmilega, en sú fullyrðing, studd engum rökum, er það hálmstrá, sem stjórnarliðið heldur nú dauðahaldi í.

Þegar litið er til einstakra atvinnugreina, verður ljóst, að sú atvinnugreinin, sem einna flesta launamenn hefur í þjónustu sinni, iðnaðurinn, var fyllilega fær um að standa undir umsömdu kaupgjaldi. Þetta hefur verið viðurkennt af ríkisstj. með því, að hún kveðst ekki hafa leyft þessari atvinnugrein neinar verðhækkanir vegna hækkaðra launa, heldur aðeins vegna gengisfellingarinnar. Hækkuð laun hlutu alltaf að koma fram í verðlagi landbúnaðarvara samkvæmt gildandi löggjöf og bændastéttin þannig að fá sín kjör samræmd kaupgetu verkafólks. Til þess þurfti enga gengisfellingu. Verzlunin skaðaðist síður en svo á kauphækkununum. Aukin kaupgeta og vaxandi viðskipti bættu fyllilega upp aukinn tilkostnað þeirra vegna. Bátasjómenn höfðu áður fengið sín kjör lagfærð nokkuð, og var því ekki um að ræða neinn teljandi aukinn tilkostnað bátaflotans, en togarasjómenn hafa enn engar kauphækkanir fengið, svo að ekki verða vandamál togaraútgerðarinnar til kauphækkana rakin.

Fiskiðnaðurinn hefur á þessu ári átt við verulegar hagsbætur að búa vegna verðhækkana á erlendum mörkuðum, sem nema varla minna en 10% til jafnaðar. Þó hafa frystihúsin verið nefnd sem dæmi þess, hve kauphækkanirnar væru óbærilegar. Óyggjandi sannanir eru þó fyrir hendi um það, að þau gátu auðveldlega staðið undir hækkununum án gengisfellingar. Þær sannanir liggja skjalfestar fyrir í reikningum frystihúsa, sem allir eiga auðveldan aðgang að. Hér skal tilfært eitt dæmi af mörgum. Frystihús greiðir árið 1960 5.8 millj. kr. í öll vinnulaun. Ríflega áætluð kauphækkun á ári verður hjá þessu fyrirtæki um 800 þús. kr. Útflutningsverðmæti á ári eru um 37 millj. kr. Kauphækkunin öll jafngildir því 2.1% hækkun á útflutningsverðmæti, eða miklu minni upphæð en hækkununum, sem orðið hafa á markaðsverði. Þetta sama frystihús skilaði 1960 gróða og afskriftum upp á 2.7 millj. kr., en greiddi í vexti 2.1 millj. Þetta fyrirtæki gat því ekki aðeins haldið öllum hagnaði sínum, heldur aukið hann verulega, ef vextir hefðu verið lækkaðir um þriðjung eða í sama og þeir voru fyrir viðreisnina.

Þannig standast allar fullyrðingar stjórnarliðsins um nauðsyn gengisfellingarinnar dóm staðreyndanna. Talsmenn ríkisstj. fullyrða, að engin leið sé til þess finnanleg eða fær að framkvæma þá tekjutilfærslu í þjóðfélaginu, sem launahækkanirnar leggja því á herðar. En sjálf hefur hún staðið fyrir tekjutilfærslu, sem er mörgum sinnum meiri, en aðeins til andstæðrar áttar, og hún hyggst nú auka þá tilfærslu frá vinnustéttunum til auðmannastéttarinnar stórlega frá því, sem þegar er orðið. Þannig fær verzlunarstéttin nú ekki einasta að leggja fulla álagningu á gengismismuninn nýja og allar tolla- og aðflutningsgjaldahækkanir, sem af gengisbreytingunni leiðir, enda þótt það þýði samkvæmt útreikningum verðlagsyfirvalda a. m. k. 3% hækkun umfram það, sem aukinn tilkostnaður gefur tilefni til, heldur er álagningin stórhækkuð í ofanálag. Á sama tíma er boðuð stórfelld skattalækkun á gróðafélögum og því haldið fram sem þjóðarnauðsyn, að miklu stærri hluti af hagnaði þeirra verði verndaður fyrir ásókn frá hendi hins opinbera, en neyzluskattar, sem þegar eru orðnir gildasti hluti skattheimtunnar, verði hins vegar hækkaðir að sama skapi. Þá er boðað að leyfa stórfellda hækkun á skattfrjálsum afskriftum hlutafélaga. Þetta eru greinileg dæmi þess, hvers ríkisstj. væntir í kjölfar síðustu aðgerða hennar: stórfelldari auðsöfnunar en nokkru sinni fyrr og margfalds arðráns af þeim, sem verðmætin skapa.

Á þessum degi er svo komið, að síðasta gengisfellingin hefur rænt aftur af launastéttum hverjum eyri af þeirri leiðréttingu, sem þær sömdu um á s. l. sumri. Í byrjun þessa mánaðar var hin löggilda vísitala framfærslukostnaðar 114 stig á móti 104 í upphafi vinnudeilnanna, þ. e. hefur hækkað nákvæmlega jafnt og bein hækkun verkamannalauna. Kaupmáttur tímakaupsins hefur aftur hrapað í 84 stig miðað við 1945, eða í nákvæmlega hið sama og hann var 1. júní s. l. En því fer þó víðs fjarri, að hér séu öll kurl til grafar komin. Um eða upp úr næstu áramótum, þegar allar verðhækkanir af völdum gengislækkunarinnar eru komnar fram, verður framfærsluvísitalan orðin 120 stig, eða 16 stigum hærri en 1. júní s. l. Fyrirhuguð lækkun á niðurgreiðslum á vöruverði um 70 millj. kr. samkvæmt því, sem fjárlagafrv. ríkisstj. boðar, mun valda 2—3 stiga hækkun og fer vísitalan þá í 122—123 stig, eða verður 18—19 stigum hærri en 1. júní.

Þessar staðreyndir um verðlagsþróunina þýða einfaldlega, að í taumlausu verðhækkunaræði sínu hefur ríkisstj. gengið svo langt að láta ekki staðar numið við að ræna aftur öllum

kauphækkununum, sem um var samið, heldur hefur hrifsað a. m. k. 8—9% af launanum, eins og þau voru eftir viðreisnina, en fyrir kauphækkanirnar.

Eftir að verkföllin voru skollin á, sagði ríkisstj., að 3% kauphækkun væri framkvæmanleg og eðlileg. Þegar verkalýðssamtökin höfðu sýnt samheldni sína í fárra daga verkfalli, bauð hún 6% raunhæfa kjarabót. Eftir gengisfellinguna fóru ráðherrarnir, eins og t. d. Emil Jónsson, um landið og fullyrtu, að ríkisstj. mundi tryggja, að gengisfellingin skildi eftir 6% raunverulega kauphækkun. En nú á að skammta laun, sem verða 8—9% lægri en þau áður voru og um þriðjungi lægri en þau voru fyrir þremur árum.

Þetta eru óhugnanlegar staðreyndir, jafnt um heilindi og orðheldni stjórnarherranna sem um allan ávöxtinn af stjórnarstefnu þeirra. Í hvers manns hug krefst sú spurning svars, hvernig við þessum staðreyndum og reyndar mörgum öðrum, sem þær snerta, skuli bregðast á örlagastund. Og engum efa er bundið, að mikill meiri hl. þjóðarinnar hefur þegar gert upp við sig svörin í meginatriðum. Það, sem koma verður, er annars vegar órjúfandi samstaða innan verkalýðshreyfingarinnar um verndun lífskjaranna, — samstaða, sem þvert í gegnum allar stjórnmálaskoðanir og flokkaskipun setur sér þau markmið að endurheimta þau launakjör, sem verkalýðshreyfingin hafði með lögmætum hætti samið um við stétt atvinnurekenda, — samstaða, sem slær skjaldborg um grundvallarréttindi alþýðusamtakanna og er reiðubúin að verja samtakafrelsið með öllu sínu afli fyrir hverri árás, sem enn kann á það að verða gerð. Þessi samstaða er nú að skapast, og er ráðstefna Alþýðusambands Íslands, sem haldin var um s. l. mánaðamót, þar gleggst vitni. Þar voru allir fulltrúar verkalýðsfélaganna sammála um, að svo fremi sem ekki fengist fram friðsamleg leiðrétting á launakjörunum, sem svaraði til þess, að raunveruleg laun yrðu hin sömu og um var samið s. l. sumar, væri óhjákvæmilegt að beita afli samtakanna til þess að knýja slíka leiðréttingu fram. Þarna gerðust þau sögulegu og góðu tíðindi, að þessi afstaða var samþykkt jafnt af stjórnarandstæðingum sem þeim mönnum, sem taldir eru fyrirsvarsmenn stjórnarflokkanna innan verkalýðshreyfingarinnar. Er það glöggt tímanna tákn, að hæstv. forsrh. eyddi nokkru af tíma sínum í ræðustóli á landsfundi flokks síns til þess að hirta sína menn innan verkalýðshreyfingarinnar fyrir afstöðu þeirra á ráðstefnunni. Í þeirri hirtingarræðu gægðist fram ótti stjórnarliðsins við dóm verkalýðshreyfingarinnar og þó kannske enn fremur í hótunum þessa sama ráðherra, bæði nú í kvöld og áður, um skerðingu á samtakafrelsinu með svonefndri endurskoðun vinnulöggjafarinnar.

Samhliða verkalýðshreyfingunni, sem nú býst í næstu framtíð til nýrrar varnarbaráttu, verða öll frjálslynd öfl að fylkja sér til sóknar fyrir nýrri stjórnarstefnu í þjóðfélaginu, fyrir endurreisn lýðræðislegra og þingræðislegra stjórnarhátta, sem fótum hafa verið troðnir af viðreisnarstjórninni, fyrir vernd íslenzks sjálfsákvörðunarréttar efnahagslega og félagslega, sem nú er ógnað frekar en nokkru sinni fyrr, fyrir framfarastefnu í stað kyrrstöðustefnu og samdráttar, fyrir brottvikningu herstöðva af íslenzku landi og fyrir eflingu íslenzkra atvinnuvega undir íslenzkri stjórn, og síðast, en ekki síst fyrir sáttum ríkisvaldsins og hagsmunasamtaka almennings. Með heilbrigðu stjórnarfari gætu þær sættir auðveldlega tekizt og í kjölfar þeirra fullkomið samstarf, sem hefði sibatnandi lífskjör og menningarskilyrði alþýðu að markmiði. En þá fyrst eru þær sættir hugsanlegar, þegar ríkisvaldinu er beitt almenningi til styrktar í lífsbaráttunni og sú tíð er liðin, að hver hræring alþýðusamtakanna til þess að rétta hlut vinnustéttanna er jafnharðan stimpluð sem árás á ríkjandi stjórn, eins og nú er gert, heldur mætt með sanngirni og velvilja.

Ríkisstj. mun nú geta látið þinglið sitt fella þá till. um vantraust, sem hér er flutt, og hún mun enn um sinn geta reyrt sig við ráðherrastólana í krafti þess bókstafs stjórnskipunarlaga, að ekki er skylt að láta fara fram almennar þingkosningar fyrr en á árinu 1963, enda þótt henni hafi fyrir löngu borið siðferðisleg og lýðræðisleg skylda til að skjóta verkum sínum undir þjóðardóm í nýjum kosningum, eftir að hafa í öllum atriðum bæði brugðizt loforðum þeim, sem hún var kosin upp á, og trausti þess nauma meiri hl., sem flokkar hennar hlutu 1959 og ekki meiri en svo, að völd hennar hanga á einu atkvæði í annarri d. Alþingis. En hverjum getur komið til hugar, að ríkisstj. mundi ekki fús að efna til nýrra kosninga nú þegar, ef hún hefði vísa von um, að svo tækist til, að völd hennar yrðu með því framlengd í fjögur ár? En sá tími kemur örugglega, hvort sem það verður árinu fyrr eða síðar, að þessi minnst virta ríkisstj. og óþokkasælasta, sem ráðið hefur fyrir landi á þessari öld, verður að víkja. Sú skylda hvílir á ykkur, góðir tilheyrendur, og þó fyrst og fremst á öllum vinstri mönnum á Íslandi að vera þá viðbúnir að taka til höndum við að byggja upp það, sem nú hefur verið lagt í rústir, gefa alþýðunni og allri þjóðinni nýja trú á framtíðina og láta þá trú rætast í verki.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Einu sinni var maður, sem var haldinn sterkri löngun til þess að komast í lögregluna. Hann sótti hvað eftir annað um upptöku í lögregluliðið, en fékk ávallt synjun, þar sem hann var ekki talinn hæfur til starfsins. Af þessu reiddist maðurinn og fylltist hatri í garð lögreglunnar. En hann lét ekki þar við sitja. Á laun fór nú maðurinn að fremja ýmis afbrot og illvirki til þess eins að ná sér niðri á lögreglunni. Síðan talaði hann manna hæst um það, að lögreglan væri ekki starfi sínu vaxin og einskis trausts verð, þar sem hún væri ekki fær um að koma í veg fyrir þessi óhæfuverk.

Það er líkt á komið með Framsfl. og manni þessum. Flokkurinn sækir það fast að komast í ríkisstj., en hefur ekki fengið áheyrn. Af þeirri ástæðu er sprottin sjúkleg heift Framsfl. í

garð núv. ríkisstj., og lætur hann einskis ófreistað til þess að gera henni allt til miska og unnir henni aldrei sannmælis.

Á s. l. sumri tókst svo framsóknarmönnum með hjálp kommúnista að vinna skemmdarverk á efnahagskerfinu og steypa nýrri verðbólguöldu yfir þjóðina. Nú lýsa framsóknarmenn yfir vantrausti á ríkisstj. reistu á þeim rökum, að stjórninni hefði ekki tekizt að koma í veg fyrir þeirra eigin skemmdarstarfsemi. Sá einn getur borið fram vantraust, sem sjálfur er trausts verður. Till. þeirri um vantraust á ríkisstj., sem hér er til umr., á því að vísa heim til föðurhúsanna.

Frumatriðið í viðreisnarstefnu núv. ríkisstj. var að mínum dómi það að afnema uppbótakerfið með allri þeirri spillingu og misrétti, sem því var samfara, skrá rétt gengi og gera öllum útflutningsatvinnuvegunum jafnhátt undir höfði. Þessi stefna hefur þegar borið árangur í aukinni vöruvöndun og vaxandi fjölbreytni útflutningsvarnings. Hin rétta gengisskráning hefur t. d. gert okkur fært að flytja út ýmiss konar iðnaðarvarning á erlenda markaði, sem áður var ekki samkeppnishæfur. Nú verða útflytjendur að spjara sig og eyða orku sinni í það eitt að framleiða sem bezta og verðmætasta vöru. Nú þýðir ekkert fyrir þá að dveljast langdvölum á biðstofum ráðherranna í Reykjavík og heimta útflutningsuppbætur. Nú hefur Austfjarðaýsan og Vestfjarðasteinbíturinn engan forgangsrétt fram yfir síld, hval, þorsk, ullarteppi, húsgögn eða aðrar vörur, sem við flytjum út. Hin rétta gengisskráning hefur einnig leitt til þess, að nú opnast stórfelldir möguleikar til þess að gera Ísland að ferðamannalandi og skapa þar með nýjan atvinnuveg, sem veitt getur þúsundum manna góða atvinnu og stóraukið gjaldeyristekjur þjóðarinnar.

Í viðreisninni fólst enn fremur sú stefnubreyting, að þjóðin varð að hætta að safna sífauknum gjaldeyrisskuldum og lifa af því, sem hún aflaði sjálf. Af þessu leiddi vitanlega kjaraskerðingu hjá öllum landsmönnum, en sú kjaraskerðing var ekki sök viðreisnarinnar. Skerðing lífskjaranna var óhjákvæmileg, hvaða stefna sem upp hefði verið tekin, nema með því einu móti að halda skuldasöfnuninni áfram. En jafnvel sú leið var óframkvæmanleg, þótt einhver hefði viljað fara hana, af þeirri einföldu ástæðu, að lánstraustið erlendis var þrotið. Að þessu leyti hefur viðreisnin einnig borið mikinn árangur. Gjaldeyrisstaðan hefur batnað, og lánstraustið hefur verið endurreist. Jafnvel stjórnarandstæðingar viðurkenna þetta og segja batnandi gjaldeyrisstöðu skapa grundvöll fyrir miklum kjarabótum, þótt þeir að vísu segi í hinu orðinu, að gjaldeyrisstaðan hafi versnað og það sýni, hvað ríkisstj. sé slæm. Það er því auðsæ blekking hjá andstæðingum ríkisstj., þegar þeir halda því fram, að viðreisnin hafi mistekizt, af því að lífskjörin hafi ekki batnað aftur í eins ríkum mæli og æskilegt væri. Þvert á móti hefur það, sem hver einstaklingur hefur orðið að fórna, bætt hag þjóðarinnar. Bóndi, sem orðið hefur að draga úr útgjöldum og neyzlu á heimili sínu, meðan hann er að borga niður skuldir sínar, hefur vissulega bætt hag sinn.

Þegar grundvallaratriðum viðreisnarstefnunnar var hrundið í framkvæmd á fyrstu mánuðum ársins 1960, var því miður við því búizt, að kommúnistar og framsóknarmenn mundu innan tíðar misnota aðstöðu sína í verkalýðshreyfingunni til þess að hefja verkfallsbaráttu gegn viðreisnarstefnunni. Til að byrja með voru kommúnistar og framsóknarmenn hinir hreyknustu og sögðu, að af stefnu ríkisstj. mundi leiða geigvænlegt atvinnuleysi og samdrátt, atvinnuvegirnir kæmust á heljarþröm og viðreisnin mundi kollsteypast af sjálfu sér. Bergmál af þessu tali mátti heyra í ræðu Lúðvíks Jósefssonar hér í kvöld, er hann hélt því fram, að minni fiskframleiðsla vegna aflabrests stafaði af samdráttarstefnu ríkisstj. Stjórnarandstæðingar töldu sig því ekki einu sinni þurfa að hafa fyrir því að magna verkfallsöldu til þess að koma viðreisninni á kné, þeir gætu bara beðið rólegir. Svo leið tíminn, og hrakspárnar rættust ekki. Þá varð framsóknarmönnum og kommúnistum ekki um sel. Við svo búið mátti ekki standa. Þá fóru þeir að undirbúa verkfallsbaráttuna, sem háð var á s. l. vori. Það létti þeim svo undirbúning þessarar baráttu, að sá kjarabótagrundvöllur, sem reiknað hafði verið með að mundi skapast, var veikari en ella, vegna þess að aflabrögð voru óvenjuléleg á árinu 1960, og mikið verðfall varð þá á ýmsum útflutningsafurðum okkar. Þessar staðreyndir vildu kommúnistar og framsóknarmenn ekki hlusta á. Virtist þá sem þeir hefðu skyndilega fengið oftrú á viðreisninni og teldu hana óháða aflabrögðum og verðlagi á erlendum mörkuðum. Viðreisnarstefnan væri svo mikið snjallræði, að unnt væri að veita miklar kjarabætur, hvað sem áðurgreindum staðreyndum liði.

Á s. l. vetri var það almenn og réttmæt skoðun landsmanna, að sá tími nálgaðist óðum, að unnt væri að veita takmarkaðar kjarabætur. Væri því sanngjarnast, að þær bætur fengju eingöngu verkamenn og láglaunafólk, en aðrar stéttir yrðu að bíða nokkuð enn, unz þjóðarframleiðslan gerði það kleift, að þær fengju einnig úrlausn. Á þessum grundvelli átti að vera auðvelt að leysa kjaradeilurnar án verkfalla, ef haldið hefði verið á málum af skynsemi og fyrirhyggju af hálfu verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda. En þessu var því miður ekki til að dreifa. Framsóknarmenn og kommúnistar notfærðu sér þá samúð, sem launabarátta verkamanna naut með þjóðinni, til þess að setja fram miklu hærri kjarabótakröfu en þjóðfélagið gat staðið undir. Var tilgangurinn með þessu sá að granda viðreisnarstefnunni, sprengja efnahagskerfið og skapa nýja verðbólguöldu, er bæri ríkisstj. ofurliði, svo að hún yrði að hrökklast frá völdum við svipaðan orðstír og vinstri stjórnin. Raunhæfar kjarabætur verkamönnum til handa létu þessir herrar sér hins vegar í léttu rúmi liggja, enda höguðu þeir vinnubrögðum sínum innan Alþýðusambandsins á þann veg, að í komandi kjarabaráttu mundu verkamenn fórna mestu og uppskera minnst. Kom það og allt fram síðar.

Kommúnistum og framsóknarmönnum tókst betur en ella að koma þessum fyrirætlunum í framkvæmd vegna þröngsýni atvinnurekenda. Því miður eru það margir úr hópi atvinnurekenda, sem leggja meiri áherzlu á verðbólgugróða en heilbrigðan atvinnurekstur, er geti smátt og smátt hækkað raunverulegt kaup starfsmanna sinna. Þessi hluti atvinnurekenda átti þannig samleið með kommúnistum og framsóknarmönnum í baráttunni fyrir nýrri verðbólgu. Allan þann tíma, sem samningsviðræður stóðu yfir á milli verkamanna og vinnuveitenda, léðu atvinnurekendur aldrei máls á neinum kjarabótum, og er Vinnumálasamband samvinnufélaganna þar ekki undanskilið. Það var loksins daginn áður en verkfall skyldi hefjast, sem vinnuveitendur buðu 3% hækkun, en það boð var hvort tveggja í senn of lágt og of seint fram komið, til þess að það gæti afstýrt vinnustöðvun. Tilgangur atvinnurekenda með því að hafast ekkert að til að afstýra verkfalli var sá að þvinga ríkisstj. til að ganga inn á kröfur þeirra um hækkun á framleiðsluvörum þeirra og þjónustu til að bæta sér að fullu upp aukin útgjöld vegna væntanlegra kauphækkana. Hin þröngu eiginhagsmunasjónarmið vinnuveitenda mörkuðu þá stefnu þeirra að vilja heldur ganga inn á 10—20% kauphækkun, ef þeim væri tryggt, að þeir fengju að velta þeim hækkunum að fullu yfir á verðlagið, fremur en að samþykkja 5—10% kauphækkun, sem þeir yrðu flestir að borga sjálfir og greiða úr eigin vasa. Söknuðu atvinnurekendur þess nú sárt, að vinir þeirra, Hermann og Lúðvík, voru orðnir valdalausir, en á valdatíma vinstri stjórnarinnar lofuðu þeir atvinnurekendum fyrir fram að mega velta öllum kauphækkunum af sér yfir á almenning í landinu með verðhækkunum.

Öllum er ljóst, hvernig kjaradeilunum í vor lyktaði, og þarf naumast að rifja það upp. Afstaða Alþfl. var skýr og ótvíræð í þeim málum. Flokkurinn vildi láta samþ. sáttatillöguna um 6% kauphækkun og 4% til viðbótar að ári, þar sem hann taldi þetta vera hámark raunhæfra kjarabóta, sem grundvöllur væri fyrir, án þess að verðlag þyrfti að hækka. Fór það líka svo, að í þeim verkalýðsfélögum, þar sem Alþýðuflokksmenn hafa mest áhrif, var till. samþ. Í meiri hluta félaganna var till. hins vegar felld með tilstyrk kommúnista og framsóknarmanna, og var þá alveg ljóst, að ekki var lengur um kjarabaráttu að ræða, heldur um pólitíska baráttu gegn ríkisstj.

Nokkrum dögum eftir að sáttatillagan var felld, gerist svo það, að KEA á Akureyri og Vinnumálasamband samvinnufélaganna semja um kjarabætur, sem nema 13%, þegar hækkun á orlofi og sérstök hækkun á eftirvinnu eru meðreiknaðar. Þessa hækkun hefur Tíminn kallað hina hóflegu og sanngjörnu lausn samvinnumanna. Væri þá fróðlegt að vita, hvað framsóknarmenn vildu kalla 3% kauphækkunina, sem Vinnumálasambandið hafði boðið aðeins viku áður. Sannleikurinn var sá, að það voru forustumenn Framsfl., sem skipuðu Vinnumálasambandinu að semja um 13% kauphækkun. Jarðvegurinn var undirbúinn með því að láta postula móðuharðindanna, Karl Kristjánsson, éta ofan í sig móðuharðindatalið með því að bjóða Húsvíkingum hæsta kaup á landinu. Hafa það áreiðanlega verið Karli þung spor, því að hann er þekktur að afturhaldssemi í kjaramálum. En hann hlýddi.

Eins og áður segir, hafa framsóknarmenn talið 13% kauphækkunina hóflega og sanngjarna, og væri það vandalaust fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar að standa undir þessari kjarabót án þess að fá nokkuð á móti. Vinnumálasamband samvinnufélaganna hefur sjálft hnekkt þessum staðhæfingum. Að samningunum loknum gaf stjórn Vinnumálasambandsins út yfirlýsingu, þar sem segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ljóst, að miðað við óbreyttar aðstæður er atvinnurekstur almennt illa fær um að taka á sig aukin útgjöld. En hins vegar er viðurkennt, að löng verkföll lama fjárhagsafkomuna og geta beinlínis leitt til stórvandræða fyrir þjóðfélagið í heild. Það er staðreynd, að langvarandi stöðvun er mjög alvarlegt áfall fyrir rekstur atvinnuveganna, ekki síður en afkomu launþega.“

Síðar í þessari sömu yfirlýsingu Vinnumálasambandsins segir svo enn fremur orðrétt:

„Vinnumálasambandið álítur, að tekizt hafi að ná samkomulagi til lausnar þessari deilu, sem ekki er óhagstæðara en ætla mætti, að tekizt hefði að fá eftir langvarandi verkföll.“

Yfirlýsing þessi var birt í Tímanum undir fyrirsögn, er náði yfir þvera blaðsíðuna og hljóðaði þannig: „Lengra verkfall hefði litlu eða engu breytt, en valdið auknu tjóni.“

Í framangreindri yfirlýsingu Vinnumálasambands samvinnufélaganna kemur alveg skýrt fram, að sambandið telur atvinnurekstur illa færan um að taka á sig 13% kauphækkun. Sambandið semur þó upp á þessi býti, af því að það telur, að samningar um minni kauphækkun muni ekki fást, og þá sé betra að semja sem fyrst til þess að losna við tjón af langri vinnustöðvun.

Ég man ekki eftir öðru en að Framsfl. hafi ávallt talið óhjákvæmilegt að mæta launahækkunum með verðhækkunum, þegar hann hefur verið í ríkisstj. Man ég í því sambandi sérstaklega vel eftir vinnudeilunum í marz og apríl 1955. Áður er þó rétt að rifja upp, hver sé óruggasti mælikvarðinn á það, hvort grundvöllur sé fyrir kjarabótum eða ekki. Hygg ég flesta sammála um það, að verðmætisaukning þjóðarframleiðslunnar sé þar bezti mælikvarði. Á undanförnum árum hefur aukning eða skerðing á framleiðsluverðmætunum verið sem hér segir: Árið 1950 minnkaði framleiðslan um 1.8%. Árið 1951 minnkaði framleiðslan um 2.4%. Árið 1952 minnkaði framleiðslan um 2.8%. Árið 1953 óx framleiðslan um 16.2%. Árið 1954 óx framleiðslan um 8.5%. Árið 1955 óx framleiðslan um 9.2%. Árið 1956 óx hún um 4.8%. Árið 1957 óx framleiðslan um 3.5%. Og árið 1958 óx framleiðslan um 4%. Í þessum tölum er ekki tekið tillit til fólksfjölgunarinnar.

Það eftirtektarverðasta við þessar tölur er það, hve miklar sveiflurnar eru frá ári til árs, sem á rót sína að rekja til þess, að við byggjum afkomu okkar svo mjög á einum atvinnuvegi,

sjávarútveginum, sem getur brugðizt til beggja vona. Framleiðsluaukningin er langmest á árunum 1953, 1954 og 1955, sem stafaði að allmiklu leyti af batnandi viðskiptakjörum eftir lok Kóreustyrjaldarinnar og af mikilli varnarliðsvinnu. Á árunum 1953 og 1954 urðu hér engar kjarabreytingar, og maður skyldi því ætla, að þegar kom fram á árið 1955, væri fyrir hendi traustari grundvöllur til kauphækkana og kjarabóta en nokkru sinni fyrr, þegar hin mikla framleiðsluaukning var höfð í huga. En hvað skeði þá? Kom Vinnumálasamband samvinnufélaganna með faðminn útbreiddan á móti verkalýðnum og bauð 13% kjarabætur? Nei, það var nú eitthvað annað. Verkalýðurinn varð að heyja harðvítuga verkfallsbaráttu í 6 vikur til þess að fá kjarabætur, sem námu 12—14%. Í kjölfar þeirra kjarabóta fylgdu svo miklar verðhækkanir og nýjar álögur á þjóðina. Þessu halda framsóknarmenn, að þjóðin hafi nú með öllu gleymt, enda státaði formaður flokksins af því í ræðu í sumar, að það væri vísindalega sannað, að fólk gleymdi yfirleitt því, sem stjórnmálaflokkar aðhefðust, á einu til tveimur árum. Hygg ég, að Framsfl. verði hált á því að treysta um of á gleymsku þjóðarinnar.

Tölur yfir framleiðsluaukningu áranna 1959 og 1960 eru ekki enn fyrir hendi. En þess er naumast að vænta, að um aukningu hafi verið að ræða á þeim árum vegna aflabrests og verðfalls svo og vegna minnkandi tekna af varnarliðinu, sem út af fyrir sig ber ekki að harma.

Framsfl. og Alþfl. eru þeir tveir stjórnmálaflokkar hér á landi, sem lent hafa í sambærilegri aðstöðu, og því nokkuð auðvelt að bera saman, hvað þessir flokkar hafa látið af sér leiða. Á ég þar við það, að hvor þessara flokka um sig hefur um skeið verið í stjórnarsamstarfi með Sjálfstfl. einum, Framsókn á árunum 1950—1956, eða tæp 7 ár, en Alþfl. frá því haustið 1959 og fram á þennan dag, eða í 2 ár. Samanburður á þessum tveimur stjórnartímabilum, sem bæði hófust með gengislækkun, er því um leið samanburður á Framsfl. og Alþfl. Lítum fyrst á, hvernig gert var við sparifjáreigendur. Eftir gengislækkunina 1950 fengu þeir verðbætur á sparifé, sem námu alls 10 millj. kr. En þeir urðu að bíða í 4 ár eftir verðbótunum. Eftir gengislækkunina 1960 fengu sparifjáreigendur strax vaxtahækkun, sem nú þegar hefur skilað þeim yfir 100 millj. kr. í auknum vaxtatekjum.

Lítum næst á hagsmunamál kvenþjóðarinnar. Á árunum 1950—56 minntust framsóknarmenn aldrei á það einu orði, að konur þyrftu að ná launajafnrétti við karla. Nú hefur Alþfl. aftur á móti tryggt það með löggjöf, að launajafnrétti verði komið á í áföngum á næstu sex árum. En þegar lög þessi voru sett á s. l. vetri fyrir forgöngu Alþfl., áttu framsóknarmenn ekki nógu sterk orð til að lýsa því, hve þetta málefni hefði alltaf verið þeim hjartfólgið.

Lítum í þriðja lagi á hagsmunamál skattborgaranna. Ekki beittu framsóknarmenn sér fyrir neinum breytingum á beinum sköttum á valdatíma sínum, sem nokkru máli skiptu. Nú hefur tekjuskattur af almennum launatekjum á hinn bóginn verið felldur niður og lækkaður verulega á hærri tekjum. Hefur þannig verið bætt úr því herfilega misrétti, sem launamenn áttu við að búa, er þeir urðu ekki aðeins að borga skatta fyrir sjálfa sig, heldur einnig fyrir þá, sem aðstöðu höfðu til að draga undan skatti.

Á báðum þessum stjórnartímabilum hefur verið lagður á söluskattur. Á framsóknartímabilinu var þessi skattur keðjuverkandi og því í mörgum tilfellum mjög ranglátur. Nú er söluskatturinn hins vegar eingöngu lagður á lokastig viðskipta.

Lítum í fjórða lagi á hagsmunamál neytendanna. Eftir gengislækkunina 1950 var dregið mjög úr verðlagseftirliti og verðlagið gefið að miklu leyti frjálst. Eftir gengislækkunina 1960 var öðruvísi farið að. Eigi var slakað neitt á verðlagseftirlitinu, heldur þvert á móti, og strangari verðlagsákvæði sett en nokkru sinni fyrr. Að vísu hefur í sumar verið slakað nokkuð á verðlagsákvæðunum aftur, m. a. fyrir háværar kröfur frá SÍS og KRON, sem gengu jafnvel svo langt að hefja sölustöðvun og stóðu alveg við hlið kaupmanna í því máli. Sú tilslökun er þó á engan hátt sambærileg við álagningarfrelsið á árunum 1950—1956.

Lítum svo síðast, en ekki síst á hagsmuni gamla fólksins, öryrkjanna og barnmargra fjölskyldna. Á 7 ára stjórnartímabili Framsóknar og sjálfstæðismanna stóðu þessar bætur að mestu í stað og hækkuðu treglega í samræmi við hækkandi verðlag. Nú hafa bætur þessar fyrir forgöngu Alþfl. verið stórkostlega auknar og skerðingarákvæði afnumin. Á 7 árum, 1950—56 að báðum meðtöldum, námu heildarbætur almannatrygginganna 915 millj., en á 2 árum, 1960—61, nema þessar bætur aftur á móti 985 millj. Meðalbæturnar á samstjórnartíma Framsfl. og Sjálfstfl. voru á ári 131 millj. kr., en á þeim tveimur árum, sem Alþfl. og Sjálfstfl. hafa stjórnað saman, nema meðalbæturnar yfir árið 492 millj. Þótt tekið sé fullt tillit til fólksfjölgunar og hækkandi verðlags, er samt auðsætt, hve gífurlegur munur er hér á.

Framangreindur samanburður sýnir í heild, hve mörgum góðum málefnum Alþfl. hefur tekizt að koma fram á tveim árum í samvinnu við Sjálfstfl., sem Framsfl. tókst ekki á 7 árum. Ástæðan fyrir þessu er ekki sú, að Framsfl. hafi verið svo áhrifalítill í stjórnarsamstarfinu, heldur hin, að flokkurinn var áhugalítill um þessi málefni.

Það eitt er ekki nóg að bera fram vantraust á ríkisstj., heldur verður sá flokkur, sem það gerir, að benda á betri stjórnarstefnu sjálfur. Á þetta hefur mjög skort hjá Framsfl. Flokkurinn segist að vísu vilja taka upp byggðastefnu, leiða framleiðsluna til öndvegis og halda uppi framfarasókn. Framsóknarmönnum virðist alveg sjást yfir það, að þjóðin vill stefnu, en ekki fagurgala. Þó þykist ég vita með vissu um þrjú atriði, sem framsóknarmenn vildu hrinda í framkvæmd, ef þeir mættu ráða. Hið fyrsta er að lækka vextina, annað að bæta úr lánsfjárskorti og hið þriðja að rifta samningnum við Breta um landhelgismálið. Vaxtalækkun mundi, eins og nú standa sakir, draga úr sparifjárinnlögum og þar með auka lánsfjárskortinn, en ekki

minnka hann. Háir vextir eru auk þess nauðsynlegir til þess að draga úr verðþenslunni og beina fjármagninu að þeim atvinnugreinum, sem arðvænlegastar eru. Verðbólgualdan, sem stjórnarandstæðingar mögnuðu í sumar, hlýtur að valda verulegri frestun á því, að unnt sé að lækka vextina. Vissulega væri það gott að geta bætt úr lánsfjárskortinum, en framsóknarmönnum láist alltaf að geta þess, hvernig á að fara að því. Líklega hafa þeir helzt í huga að gefa út fleiri seðla eða taka ný lán, en hvort tveggja mundi koma okkur í koll síðar. Riftun landhelgissamningsins mundi auk þess gera okkur að athlægi á alþjóðavettvangi og hafa þær afleiðingar, að landhelgisdeilan blossaði upp á ný. Landanir íslenzkra togara stöðvuðust í Bretlandi og við misstum hin stóru hafsvæði, sem grunnlínubreytingarnar tryggðu okkur. Ég fæ ekki séð, að á þeim örfáu sviðum, þar sem Framsfl. hefur ákveðna stefnu, sé sú stefna trausts verð.

Í okkar þjóðfélagi hefur það fyrirkomulag lengi verið við lýði, að þegar verkamenn fá kjarabætur, fylgja allar stéttir þjóðfélagsins í kjölfarið og fá laun sín hækkuð, en af þessu leiðir svo jafnan almennar verðhækkanir. Þetta fyrirkomulag hefur það vitanlega í för með sér, að það verður örðugra en ella fyrir verkamenn að fá kjör sín bætt. Undirstaða þessarar meinsemdar er sú, að lögboðin er hækkun á landbúnaðarvörum, ef kaup Dagsbrúnarmannsins hækkar. Þessa meinsemd þarf að skera burt. Forustumenn Dagsbrúnar virðast þó ekki hafa áhuga á þessu. Þvert á móti líkar kommúnistum vel að geta notað Dagsbrún til þess að koma skriðunni á stað og nota félagið til pólitískra óhappaverka andstætt hagsmunum verkamanna. Reynslan frá því í sumar sýnir, að það eru aðrar stéttir en verkamenn, sem hafa öðlazt mestar kjarabætur. Og Þjóðviljinn hefur í hvert sinn fagnað því alveg sérstaklega, þegar hinar betur launuðu stéttir hafa náð meiri kjarabótum en verkamennirnir. Hannibal Valdimarsson sagði líka í þingræðu fyrir tveimur dögum, að læknar væru „galeiðuþrælar" hjá ríkisstj., af því að hún hafði með brbl. skyldað þá til þess að láta sér nægja í bili svipaða kauphækkun og verkamenn. Mun þessi fyrrv. heilbrmrh. ekki hafa séð eftir sjúku fólki að inna af höndum mun hærri greiðslur fyrir læknishjálp en áður.

Verðhækkanirnar, sem leiðir af kjarabótum hinna betur launuðu stétta, hljóta óumflýjanlega að rýra gildi þeirra kauphækkana, sem verkamenn hafa fengið. Af þessum sökum er það alveg óvíst, hvort 13% kauphækkunin í sumar nær því að gefa 6% raunhæfar kjarabætur, og raunar ósennilegt, að svo verði. Allar stéttir þjóðfélagsins verða að skilja, að glundroðinn í kjaramálum leiðir til ófarnaðar. Það, sem ein stéttin krefst, er af annarri tekið. Þjóðinni hættir til að vera svo á vegi stödd sem skipverjar á bát, sem nýkominn er að landi, og vilja skipta á milli sín meiri afla en á land hefur borizt. Í stað þess að standa og deila um hlutaskiptin eiga þeir að fara í nýjan róður, róa dýpra og finna fengsælli mið. Á þeim úrræðum þarf þjóðin að halda öllu fremur.

Á undanförnum árum og einkum nú í sumar hafa heyrzt æ háværari raddir frá háskólagengnum mönnum, sem hafa talið, að launakjör sín væru alls ekki viðunandi. Þegar tillit væri tekið til þeirrar ábyrgðar og menntunar, er krafizt væri við störf þeirra, þegar tillit væri tekið til þess, hversu mörgum árum af starfsævi sinni þeir hafa fórnað við nám, þegar tillit væri tekið til kostnaðarins af náminu, væru kjör þeirra á engan hátt sambærileg við launakjör stéttarbræðra þeirra hjá nágrannaþjóðunum. Vissulega hafa menntamennirnir mikið til síns máls í þessu efni. Hitt verða þeir að skilja, að meðan fórna er krafizt af öllum, er þeirra tími ekki kominn. Þá er réttmætt, að lægst launaða fólkið sitji fyrir þeim takmörkuðu kjarabótum, sem unnt er að veita. Þegar fram líða stundir, er á hinn bóginn ekki hægt að komast hjá því að taka launamál menntamanna til gagngerðrar endurskoðunar, ekki fyrst og fremst þeirra sjálfra vegna, heldur engu síður þjóðarinnar vegna, sem hefur hvorki ráð á að missa af starfskröftum sinna hæfustu manna né heldur að láta þá slíta sér út við alls konar aukastörf, sem draga úr afköstum þeirra á því sviði, þar sem þeir gera þjóðfélaginu mest gagn.

Meginsökina á þeirri verðbólguöldu, sem reið yfir þjóðina í sumar, bera stjórnarandstæðingar, framsóknarmenn og kommúnistar. En ríkisstj. ber einnig nokkra ábyrgð á þessu að mínum dómi. Hún sýndi ekki nægan manndóm til að koma í veg fyrir skemmdarverkin. Sáttatillöguna átti hiklaust að lögfesta, ekki sízt fyrir þá sök, að hún fékk betri undirtektir hjá verkalýðsfélögunum en vinnuveitendunum. Síðan átti að halda verðlaginu í skefjum með harðri hendi. Lögfesting sáttatillögunnar hefði forðað okkur frá eins mánaðar verkföllum og varnað því, að verðbólgualda risi. Ætti þjóðin erfitt með að sætta sig við slíkar aðgerðir, gat hún beðið næstu alþingiskosninga og kosið þá menn til forráða, sem hún áleit að leystu vandamálin á betri veg. En ekki sakar að fást um orðinn hlut. Nú hefur ný atlaga verið boðuð. Nú verður að taka á móti af meiri karlmennsku en áður. Það verður að slá skjaldborg um viðreisnarstefnuna, sem hin austrænu öfl fá ekki rofið. — Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 8. fundi í Sþ., 26. okt., var fram haldið einni umr. um till. (útvarpsumr.).

Forseti (FS): Í kvöld fær hver þingflokkur 45 mínútna ræðutíma, sem skiptist í þrjár umferðir, 20, 15 og 10 mínútur. Röð flokkanna verður þannig: Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur, Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag. Ég mælist til þess, að hv. þm. virði reglurnar um lengd ræðutíma. — Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Á þeim tíma, sem ég hef til umráða, mun ég aðallega svara nokkrum ádeiluatriðum úr ræðu hv. stjórnarandstæðinga í gær-

kvöld og leiðrétta ýmislegt af þeim misskilningi og rangfærslum, sem óðu þar uppi.

Hv. 2. þm. Vestfjarða, Hermann Jónasson, sagði, að stjórnin hefði ekki getað komið saman hallalausum fjárlögum fyrir árið 1962 nema með óheyrilegum reikningsbrellum. Engin tilraun var gerð til að skýra eða rökstyðja þennan dóm. Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, sagði í fjárlagaumr., að sú útkoma ríkisreiknings fyrir árið 1960, að útgjöldin urðu undir áætlun, væri reikningsbrella. Þeir framsóknarfélagar virðast telja, að í ríkisstj. sitji miklir reiknimeistarar, sem alltaf séu að gabba þá félaga. En ég vil segja þeim til hughreystingar, að hér eru engar reikningsbrellur á ferð, heldur einföld og auðskiljanleg reikningsdæmi.

Fullyrðingum um greiðsluhalla í frv. fyrir 1962 hef ég áður svarað í fjárlagaumr., en vil bæta þessu við:

Eitt af því, sem hv. 2. þm. Vestf. mun byggja dóm sinn á, er það, að í áætlun fjárlagafrv. um raforkumál er gert ráð fyrir stórauknum jarðborunum eftir hita og rannsóknum til undirbúnings raforkuframkvæmdum. Skal þetta unnið að nokkru fyrir framlög úr ríkissjóði, en að nokkru með lánsfé. Þetta lánsfé vilja þeir framsóknarmenn telja til greiðsluhalla ríkissjóðs. Vitanlega er þetta fjarstæða ein. Til frekari skýringar vil ég benda á tvennt:

1) Í fjárlögum vinstri stjórnarinnar fyrir árið 1958 voru áætlaðar 5 millj. kr. sem bráðabirgðalán til greiðslu á rekstrarhalla rafmagnsveitna ríkisins. Engum datt í hug að segja, að fjárlögin væru afgreidd með halla, sem þessu næmi.

2) Til rafvæðingar landsins hefur verið varið síðan 1947 688 millj. kr. að frádregnum heimtaugagjöldum. Af þessu hefur ríkissjóður lagt fram 68 millj., en 620 millj. verið teknar að láni. Ég held, að það hafi ekki hvarflað að nokkrum manni að telja þessar lántökur vegna rafvæðingar sem greiðsluhalla ríkissjóðs, allra síst Eysteini Jónssyni, sem var fjmrh. meiri hluta þessa tímabils.

Hv. 2. þm. Vestf. sagði, að stjórnin hefði heitið því að stöðva skuldasöfnun erlendis, en efndirnar verið þær að taka 800 millj. kr. lán erlendis til eyðslu, eins og hann komst að orði. Athugum þetta örlítið nánar.

Til þess að geta rétt úr okkur í því mikla gjaldeyrishallæri, sem þjóðin átti við að búa, til þess að gefa verzlunina frjálsa, til þess að gera viðreisnina mögulega þurfti varasjóð í erlendum gjaldeyri. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Evrópusjóðurinn veittu heimild til 800 millj. kr. yfirdráttar. Hvað höfum við svo gert við þessar 800 millj., sem hv. þm. segir að farið hafi í eyðslu? ⅓ hluti þessarar upphæðar hefur alls ekki verið notaður. Hinir ⅔ hlutar hafa ýmist verið notaðir til að borga upp eldri lausaskuldir erlendis eða til að safna innstæðum í erlendum gjaldeyri. Ekki einn eyrir hefur farið til eyðslu. Þegar frá því er skýrt, að gjaldeyrisstaðan hafi batnað á árinu 1960 um 240 millj. kr. og að gjaldeyrisforði er nú í septemberlok orðinn 251 millj. kr., þá er búið að draga þessa yfirdráttarskuld frá.

Sami hv. þm. sagði, að greiðsluhalli gagnvart útlöndum hefði orðið 704 millj. 1960. Svona er ekki hægt að fara með tölur án skýringa. Þessi tala er fundin með því að telja til útgjalda á árinu allan innflutning skipa og flugvéla, sem nam nærri 600 millj. kr., og á svo mikill innflutningur sér engin dæmi hér áður. Þessi skip voru pöntuð, áður en núverandi stjórn tók við, og þessi innflutningur var að verulegu leyti fyrir lánsfé, eða 304.5 millj. að láni. — Svo kom hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, í stólinn rétt á eftir og þýsnaðist yfir því, að skuld þjóðarinnar við útlönd hefði hækkað um ca. 330 millj. kr., en honum láðist að geta hins, að af þessu eru 282½ millj. kr. lán vegna skipakaupa, sem að nokkru var stofnað til í hans stjórnartíð.

Hv. 2. þm. Vestf. taldi, að stjórnin hefði brugðizt því fyrirheiti að afnema uppbótakerfið, því að hún héldi og hefði aukið við niðurgreiðslur á vöruverði. En niðurgreiðslur, sagði hv. þm., eru uppbótagreiðslur í öðru formi. Þetta er alvarlegur hugtakaruglingur. Það er mikill munur á uppbótum á útflutningsvörur og niðurgreiðslum á neyzluvörum, og þetta tvennt hefur gerólík áhrif á efnahagskerfið. Niðurgreiðslur t. d. á mjólk, kjöti, fiski o. fl. eru félagslegar bætur, fyrst og fremst til hjálpar barnafólki, að sínu leyti eins og fjölskyldubætur. En auðvitað þarf að gæta hófs um niðurgreiðslur, til þess að verðlag í landinu skekkist ekki um of og neyzla einstakra niðurgreiddra vörutegunda aukist ekki úr hófi fram.

Sami hv. þm. sagði, að stjórnin hefði ætlað að stöðva verðbólgu, en í stað þess hafi menn fengið óðaverðbólgu. Hv. þm. virðist vera það heldur óljóst, hvað verðbólga er. Verðhækkanir þurfa ekki að þýða sama og verðbólga. Þegar gengið er lækkað til þess að koma á jafnvægi í efnahagslífinu, þá eru breytingar á verði erlendra vara, sem stafa af gengislækkuninni, ekki endilega verðbólga, og sama gildir um aðrar hækkanir erlendis á innflutningsvöru okkar. Þetta sést á því og skýrist, að þegar verðlag hefur náð samræmi eftir gengisbreytingu, stöðvast verðlagið, það hefur náð jafnvægi, í stað þess að ef verðbólga væri, héldi allt áfram að hækka. Og þetta kom greinilega fram í fyrra. Gengisbreytingin var gerð í febrúar og á miðju ári voru verðhækkanir erlendra vara að langmestu leyti komnar fram og stöðugt verðlag komið á, sem hélzt fram á mitt þetta ár. Eins verður þetta vonandi nú. Þegar verðlagið hefur náð jafnvægi á næstu vikum eða mánuðum, kemst hér á stöðugra verðlag, nema skemmdaröflunum í hópi stjórnarandstæðinga takist að skapa þá ókyrrð í efnahagslífinu og þá ótrú á krónunni, að verðbólguhugsunarhátturinn grípi um sig að nýju, eins og á árunum 1955—59, því að þá er voðinn vís. En vonandi ber þjóðin, þing hennar og stjórn gæfu til að afstýra slíkum voða.

Hv. 2. þm. Vestf. vefengdi, að sparifé hefði aukizt með þjóðinni meira en áður, og taldi stjórnina reikna aðeins eina grein innlána, sparifé, en ekki ávísanabækur, hlaupareikninga og annað, sem kallað er veltuinnlán. Með því að reikna einnig með veltuinnlán telur hv. þm., að innlánin hafi aukizt meira árin 1958 og 1959 heldur

en í fyrra. Þessi hv. þm. hefur í fjölda ára verið bankaráðsformaður og lögfræðingur eins bankans. Hann ætti því að vita, að veltuinnlánin standa ekki í sambandi við sparnað í þjóðfélaginu, heldur lúta allt öðrum lögmálum. Til þess að fá mynd af því undirstöðuatriði fyrir efnahag og uppbyggingu, hve mikið fólkið sparar saman og leggur til hliðar í banka og sparisjóði, má ekki líta á innlánin í heild, heldur sparifjárbækurnar. Og samkvæmt upplýsingum Seðlabankans hefur aukning sparifjár verið sem hér segir: Árið 1958 182 millj., eða 13% aukning frá árinu áður. Árið 1959 250 millj., eða 15.9% aukning. Árið 1960 353 millj., eða 19.3% aukning. Og í ár lítur út fyrir, að hún verði enn meiri, því að 30. sept., eftir þrjá ársfjórðunga, var sparifjáraukningin orðin 319 millj., eða 14.6%.

Hv. 2. þm. Vestf. átaldi ríkisstj. fyrir, að hún hefði vanrækt að miðla málum í flugmannadeilu og í læknadeilu. Mér heyrðist hv. þm. segja, að með lagni mætti yfirleitt leysa deilur. Ég fór því að íhuga og rifja upp vinnufriðinn í vinstristjórnartíðinni, þegar þessi hv. þm. hélt um stjórnvölinn, ef maður mætti eitthvað af því læra, hvernig setja skyldi niður deilur og tryggja vinnufrið. Við þá athugun kom í ljós, að svo vel hafði friðarsókn forsrh. þáv. gengið á stuttum valdatíma, að allur kaupskipafloti Íslendinga hafði aðeins stöðvazt í einar 14 vikur, og ekki höfðu allar stéttir þjóðfélagsins efnt til verkfalla, heldur aðeins sumar þeirra, svo sem rafvirkjar, járniðnaðarmenn, blikksmiðir, bifvélavirkjar, skipasmiðir, undirmenn á farskipum, hásetar, kyndarar o. fl., stýrimenn, vélstjórar og flugmenn.

Hv. 5. þm. Norðurl. e., Björn Jónsson, sagði, að nú ætluðu stjórnarflokkarnir að lækka skatta á gróðafélögum, en hækka neyzluskatta að sama skapi. Hér er mjög málum blandað. Það hefur ekki komið til orða að hækka neyzluskatta á almenningi til þess að lækka skatta á atvinnurekstrinum. En endurbætur í skattamálum atvinnulífsins hafa verið undirbúnar. Og hvers vegna eru þær nauðsynlegar? Því er fljótsvarað. Endurbæturnar eru vegna almennings, en ekki vegna einhverra auðmanna eða auðkýfinga. Þeir skattar, sem atvinnurekstrinn hefur orðið við að búa, eru að dómi allra hlutlausra og sérfróðra manna með þeim hætti, að þeir lama atvinnufyrirtækin, draga úr eðlilegri endurnýjun og aukningu véla, tækja og húsa, minnka afköstin og draga þar með úr þjóðartekjunum. Þess vegna hefur komið minna til skipta milli landsins barna, þess vegna komið minna í hlut. Velmegun almennings veltur ekki sízt á blómlegu atvinnulífi, og umbætur í skattamálum atvinnulífsins eru hagsmunamál og kjarabót fyrir allan almenning. Hóflegir skattar atvinnulífsins eru hagsmunamál fólksins. Sumir verkalýðsleiðtogar virðast slegnir þeirri blindu, að það sé bezt fyrir verkalýðinn að lama atvinnufyrirtæki með sköttum. Vitanlega er hið gagnstæða rétt. Það er hagsmunamál verkalýðs og launþega að örva atvinnulífið, gefa atvinnufyrirtækjum kost á að vaxa, eflast og endurnýjast, til þess að þau séu fær um að veita betri kjör, greiða hærra kaup. Og því blómlegra, fjörlegra og fjölbreyttara sem atvinnulífið er, því meiri eftirspurn er eftir vinnuaflinu, og ætti það að vera launþegum til hags, en ekki ógagns.

Varðandi lagfæringar á skattamálum atvinnulífsins geri ég ekki ráð fyrir, að þær þýði tekjutap fyrir ríkissjóð. Ég vænti þess, að þær lagfæringar muni verka þannig, að atvinnurekstrinn muni telja betur fram til skatts en áður og skattabreytingar muni skapa nýtt blómatímabil í íslenzkum atvinnurekstri, þannig að hann skili meiri arði fyrir þjóðarbúið og þar með tekjum í ríkissjóð.

Hv. 4. þm. Austf., Lúðvik Jósefsson, sagði, að ríkissjóður væri í miklum nauðum staddur, lifði af náð Seðlabankans og skuld ríkissjóðs við bankann hefði aldrei orðið eins há og í ár. Þessu er því til að svara, að viðskiptalánið við Seðlabankann er til þess að mæta árstíðasveiflum í tekjum og gjöldum ríkissjóðs, og stendur það í vissu hlutfalli við útgjöld ríkissjóðs á hverjum tíma. Þótt skuldin yrði há nú á miðju ári, vegna þess að verkföllin stöðvuðu aðaltekjustofn ríkissjóðs, komst skuldin þó aldrei hærra en í 12.8% af heildarútgjöldum ríkissjóðs samkv. fjárlögum. Á stjórnarárum Lúðviks Jósefssonar og annarra vinstristjórnarherra varð skuldin við Seðlabankann hæst, ekki eins og nú tæp 13% af útgjöldum fjárlaga, heldur árið 1957 varð hún 16.3% og 1958 komst hún upp í 19.5% af heildarútgjöldunum. Í dag er þessi viðskiptaskuld við Seðlabankann 56 millj. kr., en það er 55 millj. lægra en sama dag í fyrra.

Sami hv. þm. sagði, að vörur og þjónusta hefðu hækkað vegna efnahagsaðgerðanna fram á s. l. sumar um 18%, og síðan sagði hann orðrétt: „Allar þessar gífurlegu hækkanir höfðu launþegar orðið að þola bótalaust.“ Og hv. 5. þm. Norðurl. e. tók í sama streng, að laun hefðu þurft að hækka um 18%, til þess að kaupmáttur yrði hinn sami og áður. Ógnar fyrirlitningu sýna þessir hv. þm. dómgreind fólksins. Hvert einasta mannsbarn á Íslandi veit, að einmitt til þess að vega upp á móti þessum verðhækkunum í fyrra voru fjölskyldubætur og ellilaun stórhækkuð, tekjuskattur felldur niður á almennum launatekjum og útsvör lækkuð. Eða eru kommúnistar virkilega svo starblindir af ofstæki og gersneyddir áhuga á félagslegum umbótum, að stórfelldustu umbætur á almannatryggingum í sögu þessa lands komi þeim ekkert við?

Þegar kommúnistar tala um 18% kjaraskerðingu, sem hafi hrundið af stað verkföllum í sumar, þá er það ranghermi. Þegar meta skal breytingar á lífskjörum fólksins, er auðvitað rangt að telja aðeins fram hækkanir á vöruverði, en sleppa hækkuðum fjölskyldubótum, tryggingum og skattalækkunum. Hagstofan hefur reiknað þá vísitölu, þá kjaravísitölu, sem tekur til allra þessara atriða, og hún sýndi kjararýrnun um 4%, en ekki 18%, um mánaðamótin maí og júní, þegar verkföllin hófust. En sagan er ekki öll sögð með þessu. Stjórnarandstæðingar hömruðu á því lengi vel, að viðreisnin hefði dregið stórlega úr eftirvinnu, þannig að hún væri jafnvel horfin í ýmsum atvinnugreinum. Minnkun eftirvinnunnar væri stórfelld kjara-

skerðing, sögðu þeir. Heildartekjur verkamanna mundu því verða lægri árið 1960 en árið áður. Og hvernig á fjölskylda að fara að lifa af 48 þús. kr. á ári? hrópuðu verkalýðsvinirnir með ritstjóra Tímans í fararbroddi.

Þegar skattaframtöl um tekjur ársins 1960 lágu fyrir, var gerð athugun á meðaltekjum verkamanna. Þær reyndust ekki 48 þús., heldur 75 þús. og nokkru hærri en árið áður. Hvernig tók Þjóðviljinn þessum upplýsingum? Hann sagði, að þetta sýndi, að fólk hefði þurft að leggja meira að sér, þræla meira, vinna meiri eftirvinnu til að fá þessar tekjur og auðvitað væri slíkur þrældómur alvarleg kjaraskerðing. Þannig lá nú fyrir hin rökfasta marxistiska skýring: Minnkuð eftirvinna er kjaraskerðing, aukin eftirvinna er líka kjaraskerðing.

Í sambandi við allar þær blekkingar, sem stjórnarandstæðingar beittu til að undirbyggja kaupkröfurnar í sumar og æsa menn til verkfalla, er rétt að nefna eitt dæmi enn. Forustumenn sumra stéttarfélaga hafa tekið tímakaup eða mánaðarkaup starfsbræðra í öðrum löndum, breytt því í íslenzkar krónur, og ef það hefur sums staðar reynzt hærra í krónutölu þannig umreiknað en á Íslandi, þurfti ekki frekar vitnanna við um launaþrælkun og bágborin lífskjör á Íslandi.

Launin eru ekki nema einn þáttur lífskjaranna. Verð á nauðsynjavörum, húsnæði, ljósi og hita, tryggingar og fjölskyldubætur, ellilífeyrir, skattar, vinnutími, ákvæðisvinna, atvinnuöryggi, aðbúnaður á vinnustöðvum, aðgangur að barnaheimilum og skólum og ótalmörg atriði önnur hafa áhrif á lífskjör fólksins. Það er ekki minna um vert, kannske meira, að bætt sé aðstaðan um sum þessara mála, heldur en hækkun kaupsins eins. Og þótt kaup sums staðar erlendis sé hærra í sumum greinum en hér umreiknað í íslenzkar krónur með núverandi gengi, er ekki þar með sagt, að lífskjörin séu betri þar.

Dálítill samanburður á Kaupmannahöfn og Reykjavík er næsta fróðlegur. Að sjálfsögðu eru sumar vörur í Kaupmannahöfn með svipuðu verði og hér eða lægri. En við skulum líta á nokkrar helztu nauðsynjar. Einn lítri af nýmjólk kostar í Reykjavík 4.15 kr., í Kaupmannahöfn 5.19 kr., umreiknað í íslenzkt gengi. Eitt kg af kjöti í Reykjavík 27.50 kr., í Kaupmannahöfn 34.89. Eitt kg af þorski kostar í Reykjavík 3.50 kr., í Kaupmannahöfn 13.69 kr. Eitt kg af kaffi kostar í Reykjavík 51.60 kr., í Kaupmannahöfn 101.11 kr. Rafmagn til heimilisnotkunar kostar hver kwst. í Reykjavík 87 aura, í Kaupmannahöfn 1.29 kr. Húsahitun er auðvitað miklu dýrari þar en á hitaveitusvæðinu í Reykjavík. Ef við athugum loks beinu skattana til ríkis og bæjar, borgar kvæntur maður með tvö börn, sem hefur 75 þús. kr. tekjur, í Reykjavík 6265 kr., í Kaupmannahöfn 8324 kr., eða nærri 33% hærra en hér. Til skýringar vil ég taka fram, að þótt smásöluskattur sé hér, en ekki í Danmörku, þá er hann kominn hér inn í vöruverðið og haggar því ekki samanburðinum.

Það er rétt, að þessi dæmi komi fram, enda er ekki æskilegt að vinna að kjarabótum með villandi samanburði við önnur lönd. Það er alkunnugt, að lífskjör almennings á Íslandi, þegar litið er á þau í heild, eru betri en í mörgum löndum öðrum. En þótt svo sé, eru launamenn vissulega ekki ofhaldnir af kaupi sínu. Þvert á móti er æskilegt að bæta kjör þeirra, undireins og hagur þjóðfélagsins leyfir, og háskólagengnir menn og tæknimenntaðir hafa lakari kjör hér en standa til boða í sumum öðrum löndum, enda er launamismunur minni hér en annars staðar. Því ber hiklaust að stefna að því, að lífskjör þjóðarinnar fari batnandi, en það er meginmarkmið viðreisnarstefnu stjórnarflokkanna að skapa grundvöll fyrir varanlegum og raunhæfum kjarabótum.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh., að á árinu 1958 stóðu sjálfstæðismenn mjög fyrir verkföllum og það svo mjög, að aðrir voru þeim ekki fremri. Það er eðlilegt, að hæstv. fjmrh. sé ánægður með sín fjárlög, þau eru ein þau hæstu í sögu þjóðarinnar, mikill raunverulegur greiðsluhalli og tiltölulega lægst framlög til ýmiss konar opinberra framkvæmda. Að öðru leyti mun þessum ráðh. verða svarað hér á eftir.

Það er skammt liðið frá þeim tíma, er Íslendingar fengu í hendur óskorað forræði eigin mála. Baráttan fyrir frelsinu var oft tvísýn og háð við erlent vald og innlend afturhalds- og sundrungaröfl. Þegar henni lauk, var sem þjóðin varpaði af sér álagaham. Áður hafði hún átt við þröngan efnalegan kost að búa, áþjánarvald erlendra og óblíð kjör. Vonina um bjartari daga og betra gengi hafði hún alið í brjósti sér, sjálfstæðisbaráttan hafði stælt hana og hert í hverri raun, uppgjafarhugur vék frá henni, en framfaraþráin færðist í aukana. Búa skyldi að landi sínu, rækta það og bæta á hverja lund, sem unnt væri, og nýta að öðru leyti, sem föng leyfðu, lindir auðs og afls, sem gnóttir voru af. Þannig skyldi stefna í átt frá örbirgð til aukinnar velmegunar. Af fullum krafti var tekið til hendinni í markvissu umbótastarfi og því haldið fram við vaxandi velgengni allt fram til allra síðustu ára. Þjóðin vildi ekki, að slakað væri á. Hún átti líka kröfu til þess, að framfarahugur hennar og starfsorka fengi hæfilegt svigrúm til athafna og nýttist sem bezt. Þessi stefna og framkvæmd hennar var í höndum frjálslyndra umbótamanna til sjávar og sveita, sem öðrum betur skildu, að þetta var leiðin til þjóðarheilla. Til þess að ná fram að markinu, þurfti að sjálfsögðu að ýta til hliðar kyrrstöðu- og afturhaldsöflum. Þau voru keyrð í kút um sinn og náðu ekki að hafa skemmandi áhrif á framvindu mála.

Í rúmlega 30 ár hafði Framsfl. forustu á hendi um þessa framfara- og uppbyggingarstefnu. Var með löggjöf frá Alþingi og margvíslegum fjárhagsstuðningi af opinberri hálfu veitt aðstoð atvinnuvegunum til lands og til sjávar, stofnlánasjóðir þeirra settir á fót, aflað með öllum ráðum fjármagns til þeirra. Ef ekki fékkst lánsfé nægilegt innanlands, var þess aflað erlendis. Slík lán voru ekki hrein eyðslulán, eins

og nú tíðkast, heldur runnu beint til þjóðnytjaframkvæmda. Vaxtakjörum var haldið í skefjum, lánstími hafður svo rúmur sem tök voru á og hvers konar fyrirgreiðsla af öðru tagi viðhöfð. Við þessar aðgerðir fleygði atvinnuvegunum fram. Síldarverksmiðjur og vinnslustöðvar sjávarútvegs voru reistar og skipastóll aukinn, hafnar stórfelldar ræktunarframkvæmdir með aukinni tækni og risaátök í byggingarmálum sveitanna, mjólkur- og kjötvinnslustöðvar byggðar, afurðasölulöggjöf landbúnaðarins sett, raforkuver risu hvert af öðru og dreifing rafmagns haldið uppi af auknum krafti með ári hverju. Þetta mikla uppbyggingarstarf á þessu framfaratímabili hefur engan veginn látið sig án vitnisburðar. Það er sá mikli grunnur, sem efnahagskerfi þjóðarinnar hvílir á. Um þessar stórstígu framfarir hafði Framsfl. meginforustu. Í viðskiptum við aðra flokka hafði Framsfl. málefni atvinnuveganna til lands og sjávar ævinlega í fremstu röð og setti það sem skilyrði um samstjórn, að þeim væri séð sem bezt farborða. Þessi framkvæmdastefna var í fullu samræmi við þær hugsjónir, sem forustumenn sjálfstæðisbaráttunnar áttu í upphafi og hugðust koma fram, þegar landsmenn fengju þorra mála í sínar hendur.

Því hef ég getið þessa svo sem til minnis, að aðgerðir hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar koma þvert á hina fyrri framkvæmda- og uppbyggingarstefnu og hafa haft þegar háskalegar afleiðingar, sem þjóðin getur ekki sætt sig við og vill ekki sætta sig við. Samdráttur og afturför eru megineinkenni efnahags og afkomu íslenzku þjóðarinnar í dag. Þetta nýja tímabil, viðreisnartímabilið, hefst með kjördæmabyltingunni og fær síðan fast svipmót með viðreisnarlöggjöfinni 1960.

Þessari nýju stefnu, viðreisnarstefnunni, en það er að sjálfsögðu öfugmæli að nefna hana svo, hafa stjórnarflokkarnir haldið mjög fast fram með vaxandi krafti og ýmsum ráðum beitt í leiðinni. Svo miklu ástfóstri hefur Sjálfstfl. tekið við þessa nýjung, að hann hefur gert hana á s. l. landsfundi sínum að stefnuskráratriði. Viðreisnin, eins og hún í framkvæmd snýr að þjóðinni, er af hálfu Sjálfstfl. og Alþfl. fullnæging loforða, sem þessir flokkar gáfu þjóðinni í kosningunum 1959, en loforðin voru m. a. bætt lífskjör, stöðvun dýrtíðar, aukinn þróttur atvinnuveganna og yfirleitt vaxandi velmegun. Allt þetta, sögðu stjórnarflokkarnir, mun ég veita þér, ef þú fellur fram. Örlítill meiri hluti þjóðarinnar lét fallast fram. Átti hann sér ekki ills von, vildi að sjálfsögðu eins og aðrir framhald uppbyggingarinnar, sem þjóðin hafði búið við. Talsmenn stjórnarflokkanna kunna vel tök á því, ef þeir vilja við hafa, að velja málafylgju sinni skrautyrði og málefninu skartklæði. Sjaldan mun hrapallegar hafa til tekizt um framkvæmdir á fyrirheitum. Um það vitnar öngþveiti efnahagsmála þjóðarinnar í dag og kjaramál almennings.

Þeir ræðumenn Framsfl., sem talað hafa fyrr í þessum umr., hafa skilmerkilega dregið upp myndir af stjórnmálaástandinu, eins og það horfir við í dag, og rakið ýmsa veigamikla þætti þess og hversu uggvænlega horfir, ef fram heldur sem nú hefur verið stefnt, og hversu tímabært og eðlilegt er, að vantraust á ríkisstj. komi fram.

Ráðh. reyndu ekki í gærkvöld að verja nema að örlitlu leyti stjórnmálaþróunina frá 1959 og afleiðingar hennar. Þeir vita sem er, að hversu sem að er farið, er engan veginn hægt að breiða yfir það, sem flestir þjóðfélagsþegnar hljóta að finna með sjálfum sér. Var þó sannarlega búizt við því, að þeir snerust með oddi og egg til varnar afkvæmi sínu. Hins vegar var kunngert, að í ráði væri að gefa út nýja loforðaskrá, áætlun um, hvað stjórnarflokkarnir hyggjast gera í framtíðinni. Verður það væntanlega myndarleg bók og myndskreytt vel, svo að ekki fari á milli mála, og lítt spöruð fyrirheitin. Þannig á að vega tvisvar í sama knérunn og freista þess að dreifa hug fólks frá staðreyndum og stöðva eftir megni flóttann frá stjórnarflokkunum. Það er vissulega mikil nauðsyn, að þjóðin átti sig í tíma á slíkum endurteknum töfrabrögðum og verði viðbúin, áður en tjaldið er dregið frá og sviðið kemur í ljós.

Bjartmar Guðmundsson vék að landbúnaðarmálunum, taldi þar vel á haldið, bændur mættu vel við una og gerðu það. Hann sagði m. a., að á árinu 1960 hefðu bændur fengið nokkru hærri lán í Búnaðarbanka Íslands en áður hafði verið. Hann gætti þess ekki, sá góði maður, að þessi lán voru veitt út á framkvæmdir, sem áttu sér stað á árunum 1958, 1959 og 1960. En sannast sagna er það, að þó að mörgum málefnum þjóðarinnar sé illa farið í dag, er landbúnaðurinn ekki hvað sízt harkalega leikinn. Á kosningafundum í Suðurlandskjördæmi árið 1959 átti hæstv. landbrh., Ingólfur Jónsson, ekki nógu sterk orð til að lýsa dýrtíðinni, bændur væru að sligast undir álögunum, sem væru bæði ranglátar og ástæðulausar. T. d. taldi hann og var þá mikið í mun, að vélakaup af hálfu bænda væru frágangssök með öllu. Framsóknarsköttunum skyldi aflétt, þegar Sjálfstfl. kæmist til valda. Þessu var trúað af ýmsum.

Hver eru svo örlög landbúnaðarins undir stjórn þessa sama hæstv. ráðh.? Jú, hiklaust má segja, að öll tækni í landbúnaði sé að verða útilokuð af völdum viðreisnaráþjánar. Hvað þýðir það? Einfaldlega, að bændur gefast almennt upp og leita sér staðfestu í annarri atvinnu. Án nauðsynlegra tækja rekur enginn og fæst enginn til að reka búskap. Þetta er að ske, einmitt þegar hvað mest er þörf fyrir að auka ræktun lands og efla landbúnaðarframleiðslu eins og auðið er. Og á því sviði er sannarlega hægt að vinna stórvirki, ef réttilega væri að staðið. Ef eigi hefði komið til frábært góðæri til landsins yfirleitt undanfarin tvö ár, hefði fjöldi bænda staðið uppi örþrota sakir viðreisnaraðgerðanna þrátt fyrir þrautseigju bænda og dugnað. Hefur forsjónin gripið hér í taumana og bjargað úr heljarklóm rangsnúinnar stjórnarstefnu.

Þegar svo er ástatt orðið, að hagkvæmasta árferðið fær ekki markað spor, að segja má, til betri hags, sjá allir, hversu hörmulega er

komið, enda er það mála sannast, að lengra niður efnahagslega verða bændur ekki keyrðir, án þess að þeir og þjóðin öll brenni sig alvarlega. Einróma samþykktir landsfundar sjálfstæðismanna breyta engu um þessa staðreynd.

Í hverju horfi eru annars byggingamál í sveitum og bæjum? Hverjir eru möguleikar unga fólksins og annarra þeirra, sem þurfa að koma sér upp íbúðarhúsnæði og öðrum byggingum? Þetta er stórfelldur þáttur afkomumála. Eftir að viðreisnin hefur farið um þau höndum, eru þessar staðreyndirnar: Byggingarkostnaður hóflegs íbúðarhúsnæðis árið 1959 var 350 þús. talinn, en orðinn 466 þús. í sept. 1961. Hækkun 116 þús. kr. Þar af hefur byggingarefni hækkað um 91 þús., eða 74.4%, og vinna um 25 þús., eða 11%. Í dag eru byggingarlánin um 100 þús. kr. Slíkt lán tekið í dag, ef það fengist, nægir vart til að greiða þá hækkun, sem orðið hefur einungis á byggingarefni. Lánið fer í viðreisnarhækkunina og ekkert til greiðslu á öðrum kostnaði. Þetta bendir okkur strax á þá sjálfsögðu ráðstöfun, að byggingarlánin verði hækkuð upp í að minnsta kosti 200 þús. kr., ef nokkurs samræmis á að gæta, miðað við árið 1958—59. Auk þessarar alvarlegu skekkju kemur svo til stórkostlega aukin greiðslubyrði vegna vaxtahækkunar, hinnar almennu kjaraskerðingar, ásamt lánsfjárhöftum. Þetta gildir að sjálfsögðu einnig um byggingar í sveitum. Samdrátturinn í húsbyggingarmálum, sem hefur skapazt, er hið mesta alvörumál. Í fyrirmyndarríki viðreisnarmanna er auðsætt, að útvaldir auðmenn einir eiga að hafa tökin á því að byggja. Fer það eftir öðru.

Það er ekki aðeins byggingarefnið og landbúnaðarvélar, sem dýrtíðin festi klóm sínum í. Verðlag á öllum nauðsynlegum neyzluvarningi er komið upp úr öllum veðrum, og eigi er að vita, hver hækkunin er á hverjum tíma. Það vefst hratt upp á dýrtíðarspólu stjórnarflokkanna.

Ég get ekki stillt mig í sambandi við verðlagið að minnast á höfuðfarartæki landsmanna, bifreiðina, sem er nauðsynleg, svo sem hestar voru áður fyrr. Í blöðum stjórnarflokkanna sagði fyrir nokkru: „Innflutnings- og gjaldeyrishöft vegna bifreiða leyst upp. Nú geta allir fengið nýjar bifreiðar“. Við þetta er að athuga: Áður þurfti að hefta innflutning, svo margir gátu og vildu kaupa bifreið. Nú þarf þess ekki, fæstir geta keypt sér nýja bifreið. Fátæktin er í þessu efni, sem og svo mörgu öðru, orðin skömmtunarstjóri. Af verðlagsmálunum er ósvikið viðreisnarbragð.

Ég hef aðeins stiklað á örfáum atriðum, sem til athugunar koma, þegar viðreisnarmálin eru til umræðu. Framsóknarmenn hafa frá upphafi barizt gegn viðreisnaráformum stjórnarflokkanna, og þeir sögðu fyrir um það, að þau væru glæfralegt áhættufyrirtæki, sem hlyti að hafa skemmdaáhrif á efnahagsstarfsemina og bryti í bág við framfaraþróun fyrri ára. Þjóðin þyldi ekki verðbólguflóðið. Atvinnuvegirnir til lands og sjávar kæmust á heljarþröm og kjaraskerðingin yrði óbærileg. Flest annað færi sömu leið. Allt hefur þetta komið á daginn. Síðasta gengisfellingin rak smiðshöggið á. Viðreisnin sló striki yfir framfarastefnuna, sem hægt var án erfiðleika að halda uppi með smávægilegum lagfæringum. Í landi mikilla framtíðarmöguleika, þar sem flest er enn ógert og mæta þarf sífellt vaxandi verkefnum og nútímaviðhorfum, getur og má ekki undanfarin tveggja ára öfugþróun eiga sér lengur stað. Þess vegna verður að víkja til hliðar kyrrstöðuöflum og afturfararstefnu núv. stjórnarflokka og hefja sem fyrst aðra sóknarlotu í alhliða framfara- og endurreisnarstarfi, sem hefur að marki aukna hagsmuni og hamingju þjóðarinnar. Þess vegna horfir samþykkt vantrauststill. á þskj. 18 í rétta átt og yrði fyrsta tilraun til að leiðrétta þá alvarlegu meinsemd, sem grafið hefur um sig um hríð í efnahagskerfinu og þjóðin hefur svo ómaklega og harkalega fundið fyrir. — Góða nótt.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Háttvirtu tilheyrendur. Aldrei vill nein ríkisstj. láta illt af sér leiða fyrir þjóð sína, þess er ég fullviss. En góð meining gagnar ekki, ef skakkt er að farið eða þrek vantar. Núv. hæstv. ríkisstj. er glöggt dæmi um þetta.

Allir viðurkenna, að mikil uppbygging hafi átt sér stað á Íslandi á síðustu áratugum. Allar stéttir hafa lyft þar björgum í vegg, en víða er uppbyggingin í miðjum klíðum, enda börfin þrotlaus hjá vaxandi þjóð og alltaf einhverjir að byrja. Frjáls félagssamtök hafa lyft undir björgin, og þjóðfélagið hefur gert það líka.

Einn af höfuðgöllum núv. ríkisstj. er, að hún veldur ekki verkefnum sínum fyrir framfarasókn þjóðarinnar og hefur farið öfugt að flestu í þeim efnum, af því að hún skilur ekki hlutverk sitt. Eftirfarandi ljóðlínur Gríms Thomsens eru eins og til hennar talaðar:

„Gildari virðist, unglingar,
til ofanveltu ykkar kraftur,
en til þess að byggja upp aftur.“

Ríkisstj. kallar efnahagsgerðir sínar viðreisn. En hvernig væri að nota kjarnyrði Gríms og kalla þær ofanveltu? Örfá dæmi skulu nefnd af ótal.

Stjórnin sagðist ætla að bæta gjaldeyrisstöðu bankanna. Samkvæmt skýrslum Hagtíðinda um þróun peningamála voru gjaldeyrisinnstæður bankanna í árslok 1958 nettó 202.2 millj. kr., en í árslok 1960 ekki nema 112.3 millj. Þessu getur hæstv. fjmrh. ekki neitað, þó að hann æfi hráskinnaleik.

Stjórnin sagði, að hætt yrði erlendum lántökum. Þar væru Íslendingar búnir að stofna sér í voða. Samt jók hún skuldirnar við útlönd á síðastliðnu ári um 500 millj.

Stjórnin sagði, eins og satt er, að nauðsynlegt væri að auka sparifjársöfnun. Vegna þeirrar þarfar vildi hún réttlæta að nokkru hina öfgafullu vaxtahækkun sína. Hagtíðindin, sem hæstv. fjmrh. ætti betur að lesa, eftir því sem hann talaði hér áðan, bera með sér, að innstæður í bönkum og sparisjóðum uxu á árinu

1958 um 15.8%, 1959 um 13.8%, en 1960 ekki nema um 12%.

Stjórnin sagði, að spara yrði tilkostnað ríkisins og lækka álögur þess. Sparnaðurinn hefur í heildinni reynzt ráðagerðir einar og öfugmæli. Þegar miðað er við fjárlagafrv., sem liggur fyrir Alþ., hafa fjárl. hækkað um 100% í höndum hennar, og svo aumt er ástandið, eins og bent hefur verið á, að til þess að greiða lögboðin ríkisgjöld er gert ráð fyrir að afhenda skuldabréf.

Stjórnarflokkarnir sögðust ætla að bæta lífskjörin og lækka dýrtíð. Efndirnar eru kjaraskerðing og ofsaleg verðbólga. Samkvæmt Hagtíðindum hefur t. d. mjölvara hækkað frá 1. okt. 1958 um 83.4% og fatnaður um 66.5%. Annars er óþarfi að lýsa dýrtíðinni. Allir þekkja hana heima hjá sér. Hún situr þar við hvers manns borð og étur grædgislega fyrir hönd ríkisstj. Þessi sopi er fyrir Gunnar, þessi biti er fyrir Bjarna, segir hún, o. s. frv.

Viðreisnin hefur í heild verið þeirrar náttúru að draga úr athafnalífi almennings, skapa kyrrstöðu, sem er sama og afturför og gagnstæð lífsþrá og lífsmöguleikum íslenzku þjóðarinnar.

Til eru að vísu staðir í landinu, sem fara sæmilega að stofni og búa við mikla atvinnu og allgóðan stundarhag. Þetta er þrátt fyrir viðreisnina og ofanveltukraft hennar. Það eru staðir, þar sem búið var með hjálp annarrar stjórnarstefnu að byggja upp grundvöll atvinnulífs með atvinnutækjum og útfærslu landhelginnar 1958. Þeir staðir mega þó kenna viðreisninni um, að blómi þeirra er ekki eins og hann hefði getað verið. Á öðrum stöðum, sem engin sérstök höpp hafa hlotið, sverfur hart að.

Um landbúnaðinn má segja umbúðalaust, að honum er misþyrmt og algerlega tekið fyrir eðlilega framþróun hans. Vegna sjávarútvegsins þurfti að efna til sérstakra skuldaskila strax eftir eitt viðreisnarár. Enn er hann þannig settur, að borga verður tryggingariðgjöld fyrir hann á þessu ári. Og svo er togaraútgerðin. Hvernig fer með hana?

Fyrri gengisfelling þessrar ríkisstj. var harkaleg. Seinni gengisfellingin var ósvífni. Búið er að margsanna, að hennar var engin þörf til að vega á móti þeim sanngjörnu kauphækkunum, sem átt höfðu sér stað með nýjum samningum milli verkalýðsfélaga og vinnuveitenda. Þeir samningar höfðu alls ekki tilsvarandi áhrif í skiptum þjóðarinnar við útlönd. Hafi gengisfellingarinnar verið einhver þörf, var það til að stoppa í eldri göt viðreisnarinnar.

Enginn dirfist að mæla á móti því, nema helzt foringjar Alþfl., að verkalýð var lífsnauðsyn á kjarabótum vegna dýrtíðarinnar. Ríkisstj. hafði skotið skollaeyrum við að hafa milligöngu um úrbót. Lengi biðu verkalýðsfélögin. Loks hófust verkföll, og stefndi til allsherjar vinnustöðvunar. Sáttatilraunir fyrir milligöngu hins opinbera báru ekki árangur, þótt tímar liðu. Atvinnulífið var óðum að stöðvast. Þá brutu samvinnumenn fyrir norðan ísinn með því að ganga inn á hóflega samninga. Aðrir vinnuveitendur komu í kjölfarið.

Fyrir vikið völdu blöð stjórnarinnar samvinnumönnum hin verstu hrakyrði og höfðu í hótunum við samvinnufélögin.

Þingeyingar urðu fyrstir manna til að semja og afstýra verkfalli heima hjá sér á Húsavík. Magnús Jónsson sagði í gærkvöld um þetta, að þingeyskir samvinnumenn hefðu látið Reykvíkinga segja sér fyrir verkum. Orð hins hv. þm. sýna, að hann þekkir þingeyska samvinnumenn lítið. Engir eru fjær því, — það sýnir sagan, — að beygja sig fyrir Reykjavíkurvaldi, enda kusu þeir ekki Magnús Jónsson á þing, þó að hann yrði að vísu 6. þm. í Norðurlandskjördæmi eystra. Nei, samningarnir á Húsavík voru miðaðir við sanngirni og ótvíræða þörf atvinnulífsins, og þeir voru gerðir í trássi við Reykjavíkurvald, sem um þær mundir sat, að fyrirmælum ríkisstj., eins og þursi á málinu.

Hvað hefði það kostað þjóðina, ef verkföllin hefðu staðið áfram og magnazt? Hvaða samningar hefðu orðið að lokum? Hvernig hefðu atvinnurekendur og verkafólk fengið vinnustöðvunartjón sitt bætt? Hvernig hefði búskapurinn hjá ríkisstj. sjálfri gengið, ef verk hefðu fallið niður hjá öllum hlutaðeigendum og þorskur og síld ekki veiðzt lengi sumars? Um það hefði ríkisstj. átt að hugsa, áður en hún felldi gengið um 13%. Hún gat lækkað okurvextina og linað lánsfjárkreppuna og stofnað til friðar við hið vinnandi fólk. Án þess friðar getur engin ríkisstj. unnið. Og hvernig eru horfurnar með þann frið nú? Með samningunum var ríkisstj rétt líftaug, en í stað þess að nota hana skar hún með offorsi á hana.

Þótt ekki væri nema þetta eitt til saka, er full ástæða til, að stjórnin sé látin axla skinn sín. Hefur þú, tilheyrandi góður, fyrirhitt marga, sem mæla 13% gengisfellingunni bót? Ég þekki fáa slíka. Fyrr mátti nú líka vera ofanveltan.

Ekki get ég stillt mig um að lýsa ánægju minni yfir því, að í ljós kom í gærkvöld hjá nálega öllum stjórnarliðum, sem töluðu, að þeir mundu vel eftir ársgamalli aðvörun minni til stjórnarliðsins um að stofna ekki til „móðuharðinda af mannavöldum“. Engin varnaðarorð virðast hafa bitið eins á þá og þessi. Enn þá ganga þeir með þau orð eins og hættumerki á nefinu. Ég óska, að svo verði áfram, því að ekki mun þeim af veita.

Hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, minntist í ræðu sinni í gærkvöld á hið nýja leikrit Halldórs Kiljans, Strompleikinn. Ráðherrann sagði réttilega, að leikritið væri ádeila á það, sem er óekta í þjóðlífinu. Ráðherrann taldi, að því er virðist, vantrauststill. þá, sem hér liggur fyrir, óekta, án þess þó að sanna það með sérstakri tilvitnun í leikritið. Hins vegar taldi hann viðreisnarstefnu ríkisstj. ekta. Nú mun ýmsum spurn: Fær ráðherrann þetta út úr leikritinu, þar sem segir: „Kjaftshöggin eru ekta“? Almenningur hefur fundið fyrir því, að í þeim skilningi er viðreisnarstefnan ekta.

Úr því að búið er að draga Strompleikinn inn í þessar umræður, vil ég minnast á eina persónu leiksins: Kúnstner Hansen. Kúnstner Hansen gengur á tréfæti eins og ríkisstj., og hann er sífellt að tálga fót sinn eins og hún.

Hann heldur sig listamann, og stjórnin telur sig kúnstner líka. Annað er það þó, sem gerir líkinguna með þeim fullkomna. Kúnstner Hansen, sem hlotið hefur litla frægð hjá löndum sínum, segir: „Mín upphefð kemur að utan.“ Þetta er einmitt eins og ríkisstj. segi það: „Mín upphefð kemur að utan.“

Ríkisstj. heldur sig svo mikið erlendis, að jafnvel annað aðalmálgagn hennar, Alþýðublaðið, getur stundum ekki stillt sig um að draga dár að henni fyrir það. Hún biður aðra þjóð um hóp erlendra manna til að gera framtíðaráætlun fyrir sig. Hún telur sig hafa hlotið upphefð og vinsældir ytra fyrir eilífðarafsláttinn í landhelgismálinu. Nú kallar að spurningin um það, hvort Íslendingar eigi að ganga í Efnahagsbandalag Evrópu. Það getur verið hættulegt fyrir lítið land að einangrast, en það er líka stórkostlegur vandi að gera samning um inngöngu í bandalag, þar sem aðildarríkin afsala sjálfsforræði í veigamiklum málum til stofnana bandalagsins og samningurinnn er óuppsegjanlegur.

Íslenzka þjóðin er fámenn og á lítið gull. En hún á stórt land mikilla möguleika. Þess auðs þarf hún í ágengum heimi að gæta af mikilli árvekni og festu, ef hún vill ekki fá þjóðahafið yfir sig og hverfa í það haf. Ofanveltu-ríkisstj., sem biðlar til upphefðar að utan, er ekki trúandi fyrir þeirri gæzlu.

Ég tel, að þjóðin eigi nú þegar siðferðilega heimtingu á kosningum til nýs Alþingis, sem myndi nýja stjórn, er sé skylduð til að hefja öflugt uppbyggingarstarf og halda trúan vörð um sjálfstæði landsins.

Sigurður Ingimundarson: Herra forseti. Góðir hlustendur. S. l. vetur báru framsóknarmenn fram vantrauststillögu á hæstv. ríkisstj. ásamt kommúnistum. Var það í fullu samræmi við algera samstöðu þessara flokka yfirstandandi kjörtímabil. Hefur sú samstaða gengið svo langt, að hún hefur jafnvel náð til mikilvægra og viðkvæmra utanríkismála, þar sem framsóknarmenn hafa gegnt hlutverki hinna nytsömu sakleysingja. Hefur þetta hátterni vakið almenna og vaxandi gremju meðal kjósenda Framsóknarfl.

Það, sem fyrst og fremst vekur athygli við þá vantrauststill., sem nú liggur fyrir til umræðu, er það, að nú fá kommúnistar ekki að vera meðflm. Framsóknarmenn flytja hana einir. Varlega skyldi þó treysta því, að hér væri um sinnaskipti að ræða. Ástæðan mun frekar vera annars vegar ótti um fylgishrun, og hins vegar munu þeir telja kommúnista örugga sjálfboðaliða til þessarar niðurrifsstarfsemi. Þeir treysta því, að þeir verði fylgispakari til þeirrar iðju en ábyrgrar stjórnarstefnu á dögum vinstri stjórnarinnar.

Till. sú, sem hér liggur fyrir, verður varla rædd í réttu ljósi, nema rifjuð séu upp nokkur atriði um aðdragandann að núverandi stjórnarstefnu, sem gerði hana nauðsynlega.

Þegar vinstri stjórnin gafst upp haustið 1958 undir forsæti hv. fyrri flm. þessarar vantrauststill., Hermanns Jónassonar, var öllum orðið ljóst, að ekki yrði haldið lengra eftir leiðum uppbótakerfisins. Kerfið byggðist á stöðugum greiðsluhalla við útlönd, og kerfinu fylgdi mikil og vaxandi verðbólga, sem beindi fjárfestingu landsmanna inn á brautir, sem voru óhagkvæmar fyrir þjóðarheildina. Verðbólgan lamaði sparnaðarviðleitni innanlands. Vaxandi greiðsluhalli eyðilagði lánstraust þjóðarinnar út á við. Verst af öllu var þó, að framleiðsla landsmanna óx ekki í neinu hlutfalli við aukna fjárfestingu og tilkostnað og var því ekki einu sinni fær um að standa undir óbreyttum lífskjörum þrátt fyrir skuldasöfnun. Engum var þetta ljósara en Hermanni sjálfum, og sagði hann af sér á þeim forsendum, að hann gæti ekki skapað nauðsynlega samstöðu til þess að ráða bót á vandanum. Fróðlegt væri að fá það upplýst hjá framsóknarmönnum við þessar umræður, hvort þeir reikni með, að stjórnarandstöðusamstaða þeirra og kommúnista mundi endast til ábyrgrar stjórnarstefnu, ef svo færi, að vantrauststill. yrði samþykkt.

Eins og kunnugt er, leysti minnihlutastjórn Emils Jónssonar til bráðabirgða þann vanda, sem þjóðin hafði ratað í undir forsæti hv. 1. flm. þessarar till., og forðaði þjóðinni frá þeirri óðaverðbólgu, sem hann hafði sjálfur lýst yfir að yrði óviðráðanleg, ef ekki yrði að gert í tíma. Stjórn Emils sat að völdum, þar til þjóðinni hafði gefizt kostur á að kveða upp sinn dóm í almennum þingkosningum og hægt var að skapa þann þingmeirihluta og þá samstöðu, sem þurfti til að framkvæma róttækar og nauðsynlegar breytingar á efnahagskerfinu og leiddi til þess, að núv. ríkisstj. var mynduð.

Núv. ríkisstj. gerði sér ljóst, að erfitt hlutverk biði hennar. Hún varð að treysta á það, að þjóðin hefði pólitíska þroska og skilning til þess að hafna ábyrgðarlausu lýðskrumi og veita henni tóm til nauðsynlegra aðgerða. Í fyrsta lagi yrði að færa nokkrar fórnir, til þess að rétta við efnahag þjóðarinnar út á við, forða henni frá gjaldþroti. Í öðru lagi hlaut það að taka nokkurn tíma, að nýtt efnahagskerfi mótaði framleiðsluhætti landsmanna á þann hátt, að það yrði þess umkomið að standa undir góðum og batnandi lífskjörum. Af hálfu stjórnarflokkanna var því engin dul á það dregin, að stefnubreytingin mundi kosta nokkrar fórnir um stundarsakir.

Viðreisnarráðstafanir ríkisstj. eru svo kunnar og ferskar, að óþarfi er að rekja þær hér. Aðeins skal ég geta þess, að ríkisstj. gerði meiri og víðtækari hliðarráðstafanir samfara þessum efnahagsráðstöfunum en nokkur önnur ríkisstj. hafði áður gert, til þess að vernda hagsmuni þeirra, sem erfiðasta lífsbaráttu háðu. Má hér minna á stórkostlega auknar fjölskyldubætur, elli- og örorkulífeyri, afnám tekjuskatts á venjulegar launatekjur, verulega lækkun á útsvörum og nokkra aukningu á niðurgreiðslum. Nema þessar hagsbætur sem svarar 11 vísitölustigum, sem að sjálfsögðu eiga að koma til frádráttar, þegar framfærsluvísitalan er reiknuð út, *enda var framfærsluvísitalan ekki nema 104 stig*, áður en verkföllin hófust s. l. vor, eða sem næst það, sem áætlað hafði verið í upphafi.

Þegar viðreisnartill. ríkisstj. lágu fyrir, stóð ekki á hrakspám stjórnarandstöðunnar, sem taldi, að stjórnarstefnan mundi leiða til samdráttar, atvinnuleysis og hvers konar óáranar og ekki leiða til lausnar á neinum þeim vanda, sem þeim var ætlað að ráða bót á. Ekki er ástæða til að rekja það glórulausa ofstæki, sem fram kom í gagnrýni stjórnarandstöðunnar hér á þinginu mánuð eftir mánuð, frá fyrsta degi til síðasta dags þinghaldsins. Það er óþarfi að minna á ummæli hv. 1. þm. Norðurl. e., Karls Kristjánssonar frá Húsavík, en hann líkti því ástandi, sem efnahagsaðgerðirnar mundu leiða yfir þjóðina, við einhverja verstu óáran, sem yfir þjóðina hefur dunið á umliðnum öldum, móðuharðindin, og skal ég koma að því síðar, eins og hann hefur sjálfur óskað eftir.

Nú liggur fyrir nokkur reynsla af efnahagsaðgerðunum, og væri fróðlegt að bera hana saman við hin spámannlegu orð stjórnarandstöðunnar. Við þann samanburð verður þó að hafa í huga ýmis aðsteðjandi óhöpp, sem eru efnahagsaðgerðunum með öllu óviðkomandi. Má í því sambandi nefna það, að verðfall á fiskmjöli og lýsi var meira og varanlegra en nokkurn óraði fyrir. Þótt mjöl hafi aftur hækkað nokkuð í verði, er það enn 20—25% lægra en það var 1959 og verð á lýsi 30—40% lægra. Nokkur hækkun hefur orðið á sumum öðrum sjávarafurðum, en samkvæmt útreikningum Fiskifélagsins er talið, að verð á sjávarafurðum í heild hafi í ágústmánuði s. l. verið 3.8% lægra en 1959, og var sá samanburður enn þá óhagstæðari á árinu 1960. Þá má öllum vera ljóst, hver áhrif hinn óvenjulegi aflabrestur togaraflotans bæði árin 1960 og 1961 hefur haft og léleg vetrarvertíð bátaflotans s. l. vetur, sem síldarvertíðin nær alls ekki að vega upp á móti, enda var það svo samkvæmt útreikningum Fiskifélagsins, að aflaverðmæti á árinu 1960 og 1961 nær alls ekki aflaverðmætinu eins og það var 1959, þrátt fyrir það þótt nettóaukning bátaflotans hafi verið a. m. k. 50 bátar og togurum einnig fjölgað. Það láist mörgum að hafa í huga þessa miklu aukningu skipastólsins og hinn stóraukna kostnað við tilkomu nælonneta og annan nýjan tæknilegan tilkostnað fiskiflotans og að samt skuli ekki hafa náðst sama aflaverðmæti, og er aflabresturinn því í rauninni meiri en aflaskýrslur benda til. Ofan á þetta bættust svo truflanir af völdum vinnustöðvana árið 1961, sem byrjuðu með vetrarvertíð í Vestmannaeyjum og síðar á Suðurnesjum, breiddust út til Reykjavíkur og Norðurlandsins, er síldarvertíð skyldi hefjast þar. Það hefði því mátt teljast gott, þótt viðreisnin hefði ekki gert betur en standa af sér þær erfiðu aðstæður, sem hér hafa verið raktar.

En þrátt fyrir þessar aðstæður voru jákvæð áhrif efnahagsráðstafananna orðin mjög augljós s. l. vor. Gjaldeyrishallinn, sem á árinu fyrir viðreisnina nam að meðaltali 300—400 millj. kr. á ári, mun samkvæmt bráðabirgðayfirliti að mestu eða öllu leyti hafa horfið á árinu 1960. Gjaldeyrisstaða bankanna batnaði um 240 millj. kr., í stað stöðugs yfirdráttar undanfarin ár var gjaldeyrisforðinn um s. l. áramót 112 millj. kr., þrátt fyrir það þótt innflutningur hafi að mestu verið gefinn frjáls. Samkvæmt ársskýrslu stjórnar Seðlabankans fyrir 1960 höfðu sparifjárinnlán viðskiptabankanna aukizt um 265 millj. kr., en útlán um 254 millj. Taldi Seðlabankinn, að hér hefði mjög mikilvægum árangri verið náð, og það jafnvægi, sem náðist með þessu í peningamálum, leiddi til þess, að unnt reyndist að lækka vextina nokkuð aftur um s. l. áramót. Hjá ríkissjóði varð nokkur tekjuafgangur á árinu 1960 þrátt fyrir stórauknar greiðslur til almannatrygginga, og á þessu ári standa vonir til, að endarnir nái saman þrátt fyrir tekjurýrnun af völdum verkfalla.

Framfærsluvísitalan s. l. vor var 104 stig, eða sem næst því sem ráð hafði verið fyrir gert, og verðlag var orðið stöðugt. Verðbólga og dýrtíðarvöxtur var stöðvaður. Samdráttur og atvinnuleysi hafði hvergi látið á sér bera og atvinnutekjur jafnvel vaxið á árinu 1960, og er þessi þróun öll í algeru ósamræmi við hrakspár stjórnarandstöðunnar.

Nú voru góð ráð dýr hjá stjórnarandstöðunni, mönnum, sem höfðu strandað þjóðarskútunni á svo aumkunarverðan hátt haustið 1958 og lýst því yfir, að engin samstaða væri um úrræði, þegar vandann bar að höndum og ábyrgðin hvíldi á þeim, en sameinast aftur í stjórnarandstöðunni í ofstækisfullri gagnrýni og hrakspám. Viðreisnin hafði staðið af sér erfitt árferði og batamerkin voru mjög augljós. Þeir sáu fram á það, að ef viðreisnin fengi eðlilegan reynslutíma eða bara ef verulega batnaði í ári um afurðaverð og aflabrögð kæmust t. d. í það horf, sem þau voru í þeirra eigin stjórnartíð, mundi viðreisnin verða stórkostlegur pólitískur sigur stjórnarflokkanna og stjarna stjórnarandstöðunnar að sama skapi lækka á lofti. Það var því ekki seinna vænna að láta til skarar skríða með viðreisnarstefnuna, hvað sem hagsmunum þjóðarinnar liði. Nú er það staðreynd, sem að minnsta kosti stjórnmálamönnum og verkalýðsleiðtogum ætti að vera ljós, að jafnvel velheppnaðar kauphækkunaraðgerðir geta beinlínis orðið til tjóns fyrir launþega, ef ekki eru til staðar raunveruleg framleiðsluverðmæti á móti kauphækkuninni. Ef knúðar eru fram kauphækkanir umfram það, sem aðalatvinnuvegir landsmanna geta borið, skeður annað tveggja, að sá atvinnurekstur, sem verst er stæður, stöðvast og atvinnuleysið heldur innreið sína eða að kauphækkanirnar, að svo miklu leyti sem þær eru raunhæfar, brjótast fram í hækkuðu verðlagi með einhverjum hætti.

Undirstaða bættra lífskjara er heilbrigt efnahagslíf, stöðugt verðlag og framleiðsluaukning. Á þessum staðreyndum byggja verkalýðsfélög nágrannalanda okkar stefnu sína. Núgildandi kjarasamningar Svía eru t. d. til tveggja ára og fyrir fram samið um 3½% kauphækkun hvort ár. Er þá við það miðað, að launþegar fái eðlilega hlutdeild í framleiðsluaukningunni, án óheillavænlegra áhrifa á atvinnuöryggi eða verðlag. Á þennan hátt hafa Norðurlandaþjóð-

irnar undir forustu jafnaðarmanna í ríkisstjórn og verkalýðshreyfingu bætt lífskjör sín um 30—50% undanfarinn áratug. Á sama tíma hefur íslenzka þjóðin mátt horfa upp á pólitísk hjaðningavíg í þjóðmálum og verkalýðshreyfingu, sem komið hefur í veg fyrir sérhverja heiðarlega tilraun til þess að treysta efnahagsgrundvöll atvinnulífsins og tryggja framleiðsluaukningu, er byggja mætti á raunhæfar kjarabætur. Hefur sú skemmdarstarfsemi nú náð hámarki í sameinuðum slagkrafti kommúnista og framsóknarmanna. Þeir hafa látið sig hafa það að nota hvert einasta tækifæri í hálft annað ár í ræðu og riti til þess að lýsa neikvæðum áhrifum viðreisnarinnar. Gjaldeyrisástandið á að hafa versnað, sparifé minnkað, atvinnuvegirnir í kalda koli. Síðan snúa þeir allt í einu blaðinu við og bjóða heilbrigðri skynsemi upp á þá fullyrðingu, að þetta sama efnahagskerfi sé á þessu sama hálfu öðru ári búið að gjalda syndir vinstri stjórnarinnar og sé auk þess fært um að veita 80—90% þjóðarinnar 11—20% raunhæfar kjarabætur, án þess að það segi til sín í verðlagi.

Áður en ég vík að þætti stjórnarandstöðunnar í atburðum s. l. sumar, verkföllunum og gengisfellingunni, vil ég víkja nokkrum orðum að frammistöðu þeirra haustið 1958, þegar þeir áttu að heita ábyrgir stjórnarherrar.

Efnahagsaðgerðir vinstri stjórnarinnar vorið 1958 jafngiltu gengisfellingu, og fór verðlag ört hækkandi. Sumarið og haustið 1958 gengu verkalýðsfélögin til kjarasamninga, eftir að hafa veitt vinstri stjórninni tveggja ára vinnufrið, þrátt fyrir sívaxandi verðbólgu og dýrtíð. Iðnaðarmenn sömdu um 6% kauphækkun og Dagsbrún 9%. Samkomulag náðist um kauphækkun verkamanna á fundi hjá sáttasemjara 22. sept. 1958. En fróðlegt er að kynnast því og rifja það upp, með hverjum hætti það samkomulag var gert. Að því samkomulagi stóðu auk atvinnurekenda og Eðvarðs Sigurðssonar, formanns Dagsbrúnar, tveir ráðherrar vinstri stj., þeir Hermann Jónasson og Lúðvík Jósefsson. Svo að ekkert fari á milli mála um þessa atburði, skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp bókun, sem bókuð var í gerðabók sáttasemjara ríkisins:

„Af hálfu atvinnurekenda var því lýst yfir, að þeir gætu ekki samþykkt kauphækkanir þær, sem um var rætt, nema þeir fengju tryggingu fyrir því, að fullt tillit yrði tekið til þeirra við verðlagsákvarðanir. Ræddu þeir þetta sérstaklega við sáttanefndina og sjávarútvegsmálaráðherra (þ. e. Lúðvík Jósefsson). Ráðherra ræddi málið við forsætisráðherra (þ. e. Hermann Jónasson) og gaf síðan svofellda yfirlýsingu, sem atvinnurekendum var tilkynnt:

Sú meginregla skal gilda um verðlagsákvæði eftir gildistöku hins nýja Dagsbrúnarsamnings, að miðað sé við hið umsamda kaup við ákvörðun verðlagningar og nýjar verðreglur ákveðnar sem fyrst, hafi kauphækkunin teljandi áhrif á verðlagsútreikninginn."

Ég held, að öllum hljóti að vera ljóst, að hér er um hrein svikráð að ræða, ekki aðeins gagnvart verkamönnum, heldur einnig gagnvart allri þjóðinni. Enda mun Eðvarð hafa leynt því fyrir verkamönnum, hver forsendan var fyrir kauphækkuninni. Þeir ráðherrarnir Hermann og Lúðvík stóðu hins vegar dyggilega við loforð sín gagnvart atvinnurekendum, eins og hv. þingmenn geta sjálfir kynnt sér í Vinnuveitandanum, félagsriti atvinnurekenda, frá þessum tíma. Þar er m. a. sagt frá því, að eftir þessari yfirlýsingu hafi verið farið um ákvörðun verðlags, þó með þeirri undantekningu, að til erfiðleika hafi dregið um verðlagningu á olíu og benzíni, en síðan er birt bréf, sem Vinnuveitendasambandið skrifaði þáv. forsrh., Hermanni Jónassyni, í októbermánuði, þar sem undan þessu er kvartað. Er þar vitnað í yfirlýsingu þeirra ráðherranna, og síðar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir því sem vér bezt vitum, hefur til þessa gengið greiðlega að fá staðfestingu verðlagsyfirvalda á nýjum verðútreikningum í samræmi við ofangreinda yfirlýsingu. Oss er nú tjáð, að undantekning sé frá þessu í sambandi við verðlagningu á benzíni og olíum."

Er síðan farið fram á það, að þetta verði leiðrétt. — Á öðrum stað í blaðinu er frá því sagt, að leiðréttíng hafi fengizt á þessu nokkru síðar.

Afleiðing þessara vinnubragða lét ekki á sér standa. Strax í nóvembermánuði var sýnilegt, að vísitalan mundi taka mikið heljarstökk. Þá skoraði forseti Alþýðusambandsins, Hannibal Valdimarsson félmrh., opinberlega á launþega að gefa eftir af kaupi sínu og skoraði á bændur að gefa eftir nokkuð af verði landbúnaðarvara og taldi allt annað veginn til glötunar, sem lægi fram af hengiflugi. Hermann forsrh. heimsótti þing Alþýðusambandsins og bað um eftirgjöf af kaupgjaldi, þrátt fyrir það þótt verðhækkanirnar, sem af kauphækkununum leiddi, væru að mestu leyti komnar fram í verðlagi. Báðir ráðherrarnir gengu bónleiðir til búðar. Vísitalan hækkaði um 17 stig 1. des. og óðaverðbólga var skollin á, eins og forsrh. skýrði sjálfur frá við uppgjöf vinstri stjórnarinnar.

Ég rek þessa atburði ekki vegna þess, að ég álíti, að það hafi verið á valdi þessara manna að gera þessar kauphækkanir raunhæfar. Til þess var uppbótakerfið ekki megnugt. En það réttlætir ekki, hvernig að þessum málum var staðið. Ég rek þessa atburði vegna þess, að þeir sýna glögglega, hvernig hlýtur að fara, ef samið er um miklar, almennar kauphækkanir, sem ekki eiga stoð í aukinni framleiðslu. Ég rek þessa atburði vegna þess, að gengisfellingin 1960 var m. a. bein afleiðing þessarar ráðsmennsku, skilgetið afkvæmi þeirrar stjórnarandstöðu, sem að vantraustsstillögunni stendur, og á engan hátt sök þeirrar ríkisstj., sem tókst á hendur það vanþakkláta hlutverk að forða þjóðinni frá gjaldþroti og byggja upp nýtt og heilbrigðara efnahagskerfi.

Ég rifja þessa atburði upp vegna þess, að þeir urðu banabiti vinstri stjórnarinnar, og vegna þess, að hún hafði ekki þrek og samstöðu til að skrá rétt gengi og afnema uppbótakerfið og alla þá spillingu, sem því hafði fylgt. Ég rifja þessa atburði upp vegna þess, að

öllum má nú vera ljóst, að stjórnarandstaðan ætlaði núv. ríkisstj. svipaðan banabita með svikráðum sínum í verkföllunum s. l. vor. Þeir unnu að því að sprengja kjarasamningana upp fyrir það mark, sem hugsanlegt væri að efnahagskerfið þyldi án rekstrarstöðvana eða nýrra aðgerða, og skeyttu engu um afleiðingar fyrir þjóðarheildina. Atvinnurekendur buðu 3% kauphækkun, þótt þeir vissu, að þeir fengju það ekki bætt með verðhækkunum. Lögð var fram sáttatillaga um 6% strax og 4% síðar. Vafalaust hefðu þessar kauphækkanir ekki leitt til gengisfellingar eða annarra efnahagsaðgerða, og vonir stóðu til, að þær gætu að verulegu leyti orðið raunhæfar. En framsóknarmenn treystu því a. m. k. ekki, að þær nægðu til þess að sprengja efnahagskerfið. Skyndilega létti móðuharðindunum yfir heimkynnum Karls Kristjánssonar. Samvinnufélögin á Húsavík og fleiri stöðum gátu allt í einu boðið upp á helmingi hærri kauphækkun þrátt fyrir hið fordæmda efnahagskerfi. Athyglisvert er, að þrátt fyrir það, þó að samningar samvinnufélaganna lægju fyrir, samþykktu ýmis verkalýðsfélög hér syðra sáttatilboð sáttasemjara, þótt fleiri felldu það. Athyglisverðast var þó, hve þátttaka í atkvgr. víðast hvar var sáralítil, og sýndi það vægast sagt tómlæti fyrir lýðskrumi framsóknarmanna.

Í sambandi við þessa niðurstöðu mála er rétt að geta þess, að formaður Dagsbrúnar, Eðvarð Sigurðsson, sem sæti á í sex manna nefndinni, skrifaði sjálfur undir fyrstu verðhækkunina, sem af samningunum leiddi vegna hækkunar á dreifingarkostnaði landbúnaðarvara. Og þá er einnig rétt að geta þess, að samvinnufélögin víða um land létu það verða sitt fyrsta verk eftir samningana að lækka umsamið fiskverð til sjómanna, og sýnir það, svo að ekki verður um villzt, að stjórnarandstaðan viðurkenndi sjálf, að samningarnir hlytu að hafa ýmsar óþægilegar afleiðingar og væri ekki um raunhæfa kjarabót að ræða.

Ætli það fari ekki að verða lýðum ljóst, að gengisfellingin s. l. sumar er runnin undan rifjum framsóknarmanna og að hverri einustu verðhækkun, sem að garði ber hjá alþýðuheimilum, ætti að fylgja kveðja framsóknarmanna og kommúnista?

En stjórnarandstaðan misreiknaði sig í einu. Hún bjóst við því, að ríkisstj. mundi fresta nauðsynlegum aðgerðum fram undir áramót eða þar til verulegur samdráttur væri orðinn í atvinnulífinu og vertíðarflotinn stöðvaðist. Von þeirra var, að ríkisstj. missti þannig úr höndum sér það jafnvægi í gjaldeyris- og peningamálum, sem þegar hafði náðst, og þjóðin yrði á þann hátt látin færa eins og hálfs árs fórn til einskis. Markmið stjórnarandstæðinga var bersýnilega að knýja aftur fram sama öngþveitið í efnahagsmálum og þá algeru stöðvun útflutningsframleiðslunnar, sem við blasti, þegar þeir sjálfir gáfust upp haustið 1958 á brún hengiflugsins.

„Hvað varðar mig um þjóðarhag?“ eru gamalkunn orð eins framámanna íslenzkra kommúnista, þegar flokkshagsmunir þeirra áttu í hlut. Framsóknarmenn standa nú berstripaðir frammi fyrir allri þjóðinni undir sömu sökina seldir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, talaði hér í gærkvöld hjartnæmt um, hve óekta og ljótt það væri að segja eitt, þegar menn eru í stjórnarandstöðu, en gera annað, þegar menn eru í stjórn. Þessi siðgæðispostuli skoraði á íslenzka stjórnmálamenn að leggja niður þennan ljóta „strompleik“. Stingdu hendinni í eigin barm, herra siðgæðispostuli. En mundu, að það er ekki gott að kasta grjóti, þegar menn búa í glerhúsi, herra ráðherra. Hvað sagði þessi hæstv. ráðh. um þá aðgerð, sem nú er harðast deilt um, það að ræna gengisskráningarvaldinu af Alþingi, þegar hann var hagfræðiprófessorinn Gylfi Þ. Gíslason í stjórnarandstöðu 1950? Hann sagði eftirfarandi, orðrétt, í umr. um gengisskráningarfrv. 15. marz 1950:

„Þá er gert ráð fyrir því í 2. gr., að Alþingi afsali sér þýðingarmiklu valdi, sem það hefur haft allt frá 1924 til að ráða gengi krónunnar, og Landsbankanum fengið það í hendur. Ég álít, að það komi ekki til mála, að Alþingi afsali sér þessum rétti. Sérstök ástæða er og til að gagnrýna, hvernig komizt er að orði í niðurlagi þessarar greinar, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Landsbanka Íslands er skylt að taka sérstaklega til athugunar gengisskráningu íslenzkrar krónu, þegar almenn breyting verður á kaupgjaldi önnur en sú, sem kveðið er á um í lögum þessum.“ Nú er hagfræðingum þeim, sem undirbjuggu þetta frv., auðvitað ljóst, að kaupgjald getur haft áhrif á gengi. En þeim hlýtur líka að vera ljóst, að þar er aðeins um að ræða einn þátt af mörgum, sem áhrif hafa á gengið, og alls ekki hinn mikilvægasta, heldur eru það markaðsskilyrði og framleiðslugeta þjóðarinnar í heild. En hvað á það að þýða að nefna kaupgjaldið eitt? Með þessu er verið að hóta launþegasamtökunum í landinu. Það er ekki verið að tala um að breyta genginu, ef verðlag breytist erlendis, en því er hótað, að gengisbreyting skuli verða framkvæmd, ef kaupgjald hækkar. Það hafa engin samráð verið höfð við launþegasamtökin í sambandi við þetta frv., og er það illt. Hitt er þó verra, að í því skuli vera slíkar hótanir í garð launþegasamtakanna. Ég hef af þessum ástæðum leyft mér að bera fram á þskj. 429 brtt. um, að þessi grein skuli felld niður.“

Svo mörg voru þau orð Gylfa Þ. Gíslasonar fyrir 11 árum. Og hvað gerir hann nú sem ráðh.? Hann gefur út sjálfur með aðstoð forseta, sem var sömu skoðunar í þessu máli og hann 1950, brbl. til þess að svipta Alþingi þessu valdi, fremur þar með versta einræðisverk á Íslandi á þessari öld og lætur síðan beita þessum ólöglegu brbl., ekki til þess að hóta launþegasamtökunum, heldur til þess að níðast á þeim og ræna af verkalýðnum öllum kauphækkunum, er hann samdi um í frjálsum samningum, og meira til.

Er þetta bara „strompleikur“, herra ráðh.,

eða er það annað verra? Eru það ekki heldur svik og gerræðisverk einræðissinnaðrar ríkisstj., sem svikið hefur öll sín loforð og treystir nú á valdið, ofbeldið eitt til þess að kúga alþýðu Íslands? Og þegar svo er klykkt út eins og í umr. í gærkvöld með hótunum manns eins og Jóns Þorsteinssonar um ofbeldislög gegn verkalýðshreyfingunni, þegar aumustu húskarlar auðvaldsins á Íslandi eggja afturhaldið í landinu til fantaskapar við alþýðu manna, þá er sannarlega tími til kominn, að alþýðan sameinist og láti hart mæta hörðu, ef afturhaldið kýs að láta sverfa til stáls.

Þegar vér, fulltrúar hinna vinnandi stétta landsins, nú deilum á hæstv. ríkisstj., þá er ekki barizt um, hvort hún eigi að fá að sitja áfram, heldur fyrst og fremst hitt, hvort hún eigi að fá að beita ríkisvaldinu miskunnarlaust til kúgunar og rána gagnvart alþýðu landsins og hvort henni eigi að takast að enda sinn illa feril með því að afmá sjálfsforræði íslenzks þjóðfélags og innlima Ísland sem óaðskiljanlegan hluta í Vestur-Evrópustórveldið, hið nýja ríki auðvaldsins, sem er að vaxa upp undir nafni Efnahagsbandalagsins.

Íslendingar! Við lifum nú á hættulegra skeiði en við höfum nokkru sinni lifað á síðan við urðum til sem þjóð, jafnvel hættulegra en fyrir réttum 700 árum, á árinu 1261, þegar þáverandi yfirstétt landsins var að búa oss þau illu örlög, sem þjáðu oss í 6 aldir og höfðu nærri riðið þjóð vorri að fullu. Höfðingjar Sturlungaaldarinnar höfðu með svikum og eiðrofum, ránum og gripdeildum þjarmað svo að alþýðu Íslands, sem þeir áður höfðu stolið jörðunum frá, og mótspyrna bændaalþýðunnar að mestu brotin á bak aftur, og þegar þróttur alþýðunnar var þrotinn, var samvizkulausum yfirstéttarmönnum, sem reka erindi erlendra drottna, leiðin greið til innlimunar Íslands í erlent ríki. Svo var það 1262. Þeir, sem verstir voru eiðrofanna og yfirgangsmannanna, voru frakkastir í áróðri og ógnunum. Svo segir í Sturlungu:

„Gissur jarl safnar nú liði að sér. Hann sendir menn sína norður um land til Skagafjarðar og Eyjafjarðar að kveðja lið upp og gaf landráðasök þeim, er eigi fóru."

Íslendingar! Hvort heyrið þið þennan tón Gissurar jarls í dag af síðum Morgunblaðsins og annarra málgagna ríkisstj., þegar hver sá aðili, er eigi vill innlima Ísland í ríki Efnahagsbandalagsins, allt frá stjórn Alþýðusambandsins til vissra framsóknarmanna, er brennimerktur sem erindreki heimskommúnismans og gefin landráðasök? Þegar svo er komið í landi voru og þjóð vor stendur frammi fyrir ákvörðunum, sem eru þær örlagaríkustu, er hún hefur nokkru sinni tekið á allri sinni þjóðaræví, og geta valdið útþurrkun íslenzks þjóðernis, ef röng stefna er tekin, þá er það skylda hvers einasta Íslendings að kryfja til mergjar, hvað hér er að gerast, hvað í húfi er og hverjar orsakir liggja til svo ógnþrunginna ákvarðana valdhafanna.

Það, sem gerzt hefur á landi voru undanfarin ár, er þetta: Þeir valdamenn íslenzkir, sem handgengnastir eru erlendum auðmannastéttum, hafa að ráði erlendra erindreka, sem gerzt hafa þaulsætnir á efnahagslegum biskupsstólum Íslands, afráðið að afnema það ástand, að við Íslendingar reynum að reka þjóðarbúskap vorn sjálfstætt til sjálfsbjargar þjóð vorri. Kardinálar heimsauðvaldsins kalla það frekju mikla af kotþjóð vorri, ef hún vill ekki hafa Mammon konung alráðan yfir sér og hlíta gróðalögmálum hans, heldur vill brjótast í því í blíðu og stríðu að stjórna þjóðlífi voru að eigin lögum og hafa að engu boðskap erkibiskupa efnahagskirkna auðvaldsins úti í löndum. Þessum valdamönnum og stefnu þeirra er aðeins eitt heilagt: gróðinn. Maðurinn, manngildið og lífshamingja fjöldans er þeim einskis virði. Þessir valdhafar hófu aðgerðir sínar gegn almenningi í landinu með allsherjarsamningsrofum 1. febr. 1959, er vísitalan var afnumin með ólögum og allir samningar verkamanna og atvinnurekenda þar með sviknir og rofnir. Því næst hófust gripdeildirnar með gengislækkuninni í marz 1960. Þegar komið var fram að 1. maí 1961, sýndu skýrslur, að þessir þokkalegu höfðingjar ránsflokkanna, er með ríkisvaldið fóru, höfðu stolið fjórðungi af kaupi hvers manns, er vinnur fyrir launum á Íslandi, miðað við laun hans í janúar 1959, og voru þar með teknir að ræna íbúðum manna og íbúðarvonum. Þá reis almenningur upp, þoldi ágengni auðmannavaldsins ekki lengur og hóf verkfall. Ríkisstj. hafði lýst því yfir hátíðlega, að hún mundi láta allar vinnudeilur atvinnurekenda og verkamanna afskiptalausar. Hún mundi ekki sleppa kauphækkunum inn í verðlagið. Atvinnurekendur yrðu að standa á eigin fótum og verkamenn skyldu vera frjálsir að semja. En þegar verkamenn svo sigra og knýja fram hóflega kauphækkun, þá kasta þessir valdhafar hlutleysis- og lýðræðisgrímunni. Þá rýfur ríkisstj. eigin eiða, fremur griðrof á alþýðu manna. Þá gerir ríkisstj. ríkisvaldið tafarlaust að vægðarlausu kúgunarvaldi, sviptir verkamenn frelsinu og ávöxtum þess, rænir Alþingi gengisskráningarvaldinu, lætur greipar sópa um kaup verkafólks og stelur af því á þremur mánuðum öllu, er það hafði áunnið sér með frjálsum samningum. Illvirki þetta, gengislækkunin í ágúst, var í senn gerræði og einræði. Með henni var ekki aðeins verkamönnum og launþegum öllum valdið stórtjóni, heldur töpuðu bændur og atvinnurekendur tugum milljóna króna, þjóðarbúið beið óbætanlegan hnekki, sparifjáreigendur biðu stórtap, og áliti landsins var hnekkt. Aðeins erlendir auðmenn græddu, en það virðist komið svo, að þeirra hagur sé sá eini, sem einræðisklíka sú, sem nú stjórnar landinu, ber fyrir brjósti. Og hvernig stendur á því? Benedikt Gröndal, hv. 5. þm. Vesturl., viðurkenndi orsökina í ræðu sinni um fjárl. nýlega. Hann sagði orðrétt:

„Þó er rétt að minnast þess, að nauðsynleg erlend lán til framkvæmda á næstu árum fást því aðeins, að gjaldeyrismál okkar séu í góðu lagi og þjóðarbúið ekki rekið með halla. Ef ekki hefði verið gripið til gengislækkunarinnar á þessu hausti, er algerlega útilokað,

að það hefði verið hægt að hugsa til nýrrar framkvæmdaáætlunar í byrjun næsta árs.“

Svo mörg voru þau orð. M. ö. o., valdamenn Íslands álíta sig svo háða erlendum auðdrottnum, að þeir verði að hlýða boði þeirra og banni í hvívetna. Kannast menn ekki við hið sama hjá þeirri yfirstétt Sturlungaaldar, sem steypti Íslandi í glötun? En þessir fulltrúar erlends auðs og valds á Íslandi láta sér ekki nægja að ræna alþýðuna launum erfiðis hennar. Þeir eru líka að reyna að drepa sál þjóðarinnar, ræna hana trúnni á sjálfa sig, trúnni á, að hún sé fær um að stjórna landi sínu sjálf og ein. Í tvö ár hafa öll málgögn erlends valds á Fróni verið látin berja þá lygi inn í þjóðina, að hún hafi lifað yfir efni fram. Og kreppuklerkar Mammons hafa verið látnir þylja það sýknt og heilagt yfir þjóðinni, að hún hafi undanfarna áratugi verið ófær um að sjá fótum sínum forráð og verði því nú að fela sig á vald Mammoni, hinum lítilsigldasta guðanna, svo að notuð séu lýsingarorð Miltons, og gróðalögmálum hans.

Sannleikurinn er, að þjóðin hefur undanfarna tvo áratugi unnið langt yfir getu fram, unnið lengri vinnutíma en nokkur önnur Norðurálfuþjóð, og hundruð dugandi Íslendinga hafa dáið langt fyrir aldur fram beinlínis af þrældómi. Þjóðin hefur lagt þriðjunginn af öllu, sem hún hefur unnið, til hliðar í varanleg verðmæti. Hún hefur á þessum tveimur áratugum skapað meiri varanleg efnahagsleg verðmæti en á heilum öldum áður samanlagt. Og hún hefur aldrei lifað við betri lífskjör á allri sinni ævi. En af því að þjóðin hefur ekki borið gæfu til að taka upp sósíalistíska búskaparhætti, koma á viturlegri heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, þá hefur fjárfestingin farið aflaga, sakir óhagsýni og stjórnleysis valdhafanna ekki gefið eins hraða framleiðsluaukningu og áætlunarbúskapur hefði gert. En í staðinn fyrir að verða við síendurteknum kröfum alþýðunnar um að taka upp áætlunarbúskap og tryggja þar með a. m. k. 10% aukningu þjóðarframleiðslunnar á ári, eins og er lágmark í sósíalistískum löndum, þá reyna valdhafarnir og áróðurshagfræðingar þeirra einmitt að nota sjálfa óreiðu og óstjórn auðvaldsskipulagsins, sem alþýðan heimtar afnumda, sem rök fyrir því, að þjóðin verði að gefa upp efnahagslegt sjálfstæði sitt og láta innlimast í ríki erlendra auðkonunga.

Valdaklíkan á Íslandi örvæntir um það eftir ósigur sinn í sumar að geta haldið völdunum gegn sameinaðri alþýðu landsins. Þess vegna grípur valdaklíkan til þess örþrifaráðs efnahagslegrar harðstjórnar, sem gengislækkunin 1. ágúst var, og þess vegna býr hún sig undir að koma landinu sem skjótast undir erlenda auðkonunga, fá þá hingað sem bandamenn sína gegn íslenzkri alþýðu og herra. Það á að gerast með því að láta Ísland ganga inn í Efnahagsbandalagið, og það átti upphaflega að æskja inngöngu í það þjóðinni að óvörum, strax eftir 16. ágúst í sumar. Öll helztu samtök atvinnuveganna voru á grundvelli ófullnægjandi og sumpart rangra upplýsinga látin lýsa stuðningi við slíka inngöngu fyrir 16. ágúst. Þegar Alþýðusambandið eitt þverneitaði, var það óðar brennimerkt í Morgunblaðinu 19. ágúst sem erindrekstur fyrir heimskommúnismann að vera á móti svo sjálfsögðum hlut sem inngöngu Íslands í Efnahagsbandalagið.

Hvað er Efnahagsbandalagið? Það er nýtt voldugt auðvaldsríki, sem verið er að skapa úr gömlum þjóðlöndum Evrópu, svo sem Vestur-Þýzkalandi, Frakklandi, Ítalíu og nú máske Englandi og Danmörku, eins konar Bandaríki Vestur-Evrópu. Grundvallarlög þessa nýja ríkis eru, að auðmenn þessa ríkis skuli hafa sama rétt til að eignast lönd og lóðir, fyrirtæki og fésýslustofnanir í hvaða þjóðlandi sem er og ríkinu tilheyrir. Það þýðir, ef Ísland er innlimað í ríki Efnahagsbandalagsins, að þá hafa þýzku og ensku auðhringarnir og aðrir rétt til þess að kaupa upp hvaða eignir á Íslandi sem væri, reisa hér og reka útgerð og hvers kyns atvinnu, flytja hér inn verkafólk hvaðan sem er, m. ö. o.: leggja Ísland efnahagslega undir sig. Og þegar svo væri komið, mætti ætla, að mörgum Íslendingum þætti vera orðið þröngt fyrir dyrum í sínu eigin landi, ekki aðeins alþýðufólki, heldur og íslenzkum atvinnurekendum.

Ríkisstj. þorði ekki að sækja um inngöngu strax, er það kom í ljós um miðjan ágúst, hve skiptar skoðanir voru á Norðurlöndum um þetta örlagaríka mál. En auðséð er á öllu, að unnið er að fullu kappi að tjaldabaki að innlimun Íslands í þetta nýja stórveldi, sem verður undir ægishjálmi vestur-þýzkra auðhringa, er áður gerðu Hitler út og hleypt hafa tveimur heimsstyrjöldum af stað. Eða hvað voru þeir hæstv. fjmrh. og menntmrh., Gunnar Thoroddsen og Gylfi Þ. Gíslason, að gera í Bonn dögum saman að afloknum Vínarfundi? Það hefur verið hljótt um þeirra leynimakk við „þann gamla“ þar, eins og stundum var og um samninga stórhöfðingja Sturlungaaldar við Hákon gamla í Noregi.

Þegar erlendir auðkýfingar hefðu rétt til þess að kaupa upp allt á Íslandi, sem þeim þóknaðist, og flytja inn erlent fólk að vild, þá væri efnahagslegu sjálfsforræði og pólitísku valdi íslenzku þjóðarinnar yfir Íslandi lokið. Þannig á að svíkja allt, sem vér Íslendingar höfum barizt fyrir öldum saman, svíkja það, að Ísland sé fyrir oss Íslendinga sjálfa og oss eina. Þannig er verið að brugga banaráð, fyrst sjálfstæði voru og svo síðar meir þjóðerni voru, þegar við værum orðnir minni hluti í þessu fagra og auðuga landi. Hvernig geta nokkrir Íslendingar sokkið svo djúpt að stefna að slíku, blindandi eða vísvitandi?

Þegar menn taka að hafa gróðann fyrir sinn guð og hershöfðingja Atlantshafsbandalagsins fyrir sína spámenn, þarf ekki nema áratugs vist í slíkum félagsskap, til þess að menn fari að verða reiðubúnir til að fórna Íslandi og íslenzkri þjóð á gróðastalli auðvaldsins í Evrópu. Svo hefur farið valdamönnum vorum. Þeir reyna nú að afsaka sig fyrir þjóðinni með því, að þeir muni gera sérsamninga og bjarga þjóðinni þannig frá því versta, sem Efnahagsbandalaginu

fylgi. Hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson, sagði hér í gærkvöld: Við munum afla skilnings á sérstöðu Íslands. — Kannizt þið við orðalagið? Við þekkjum þeirra sérsamninga. Vont er þeirra ranglæti, verra er þeirra réttlæti, stendur þar. Vondir eru samningar þeirra, svo sem samningurinn um Atlantshafsbandalagið, verri eru þeirra sérsamningar, — eða hvort munið þið, að því var yfirlýst 1949 við inngönguna í NATO, að sérsamningar hefðu verið gerðir, að skilnings á sérstöðu Íslands hefði verið aflað um, að aldrei yrði her á Íslandi á friðartímum. Og tveimur árum síðar, 1951, var þessi sérsamningur framkvæmdur á þann hátt, að hingað var sendur her og hefur verið hér síðan.

Íslendingar, trúið engu orði þeirra. Ef þessi valdaklíka kemst upp með það að tengja Ísland á einhvern hátt við Efnahagsbandalagið, þá verða þau tengsl við fyrsta tækifæri gerð að þeim fjötri, sem getur orðið þjóð vorri að fjörtjóni. Það er tignunin á peningunum og trúin á auðvaldið, sem er að leiða valdamenn Íslands og flokka þeirra til fjörráða við þjóðina, eins og valdagirnin leiddi vissa höfðingja Sturlungaaldar sömu leið. En eins og höfundur kristindómsins sagði við kristna menn: Þér getið ekki þjónað bæði Guði og Mammon, — svo verða og Íslendingar að gera sér ljóst, að þeir verða að velja á milli Íslands og Efnahagsbandalagsins. Og vér skulum muna, að Efnahagsbandalagið er í rauninni Atlantshafsbandalagið í hærra veldi, sem eitt ríki, þar sem búið er að afnema sjálfsforræði þeirra þjóða í því, sem nú eru sjálfstæðar, og steypa þeim saman í eitt. Það er ekki nóg að segjast elska Ísland í áferðarfallegum ræðum 17. júní. Menn verða líka að sýna það, þegar Íslandi ríður á og öll framtíð þjóðarinnar er í veði, að menn vilji berjast fyrir frelsi þess og jafnvel fórna stundarhagsmunum fyrir frelsi þess og afkomenda vorra, ef þess gerist þörf og erlend stórveldi færu að reyna að þjarma að oss, eins og Atlantshafsbandalagið með England í broddi fylkingar áður hefur sýnt sig í.

Við skulum ekki fara í neinar grafgötur um, hvað innganga í Efnahagsbandalagið þýðir. Hér er á ferðum alvarlegasta og hættulegasta málið, sem þjóð vorri hefur borið að höndum síðan Ísland byggðist. Ég tel mig með afskiptum mínum af íslenzkum stjórnmálum hafa frekar reynt að bera sáttarorð milli flokka og stétta, þegar þess hefur verið þjóðarþörf, heldur en hitt, þó að ég hafi verið og sé enn reiðubúinn til að berjast, ef nauðsyn krefur. En í þessu máli er engin sætt til. Annaðhvort eru menn með því, að íslenzkt þjóðerni þróist í þessu landi og íslenzk þjóð lifi hér ein og ráði landinu sjálf, eða menn eru á móti því og verða að taka afleiðingunum. Íslendingar munu ekki gefast upp 1962, eins og þeir gáfust upp 1262 og gengu erlendu valdi á hönd. Öll okkar sára reynsla í sjö hundruð ár og aldalangt frelsisstríð kúgaðra þjóða er ekki unnið fyrir gíg. Íslendingar hafa lært og munu standa á verði.

Íslenzk alþýða! Það er barizt um rétt þinn og frelsi þitt til að lifa sómasamlegu lífi í þínu eigin landi. Núv. ríkisstj. og ránsflokkar hennar hafa rænt þig fjórðungi launa þinna á tveimur árum. Þeir hóta að beita þrælatökum ríkisvaldsins til að kúga þig og arðræna áfram, steypa þér niður í fátæktina, sem feður þínir og mæður bjuggu við. Þannig eru þeir að búa í haginn fyrir erlent auðvald, svo að því lítist það gróðavænlegt að arðræna þig, en gera þá að þessum feitu þjónum.

Íslenzk alþýða, rístu upp gegn þessari kúgun með öllum þeim ráðum, sem þér eru tiltæk. Gerðu hvern vinnustað að vettvangi umræðna og baráttu út af þeirri launakúgun, sem ríkisstjórnardýrtíðin er. Aleflið öll verkalýðsfélög landsins með virkri þátttöku ykkar og búið þau þannig undir úrslitabaráttuna. sem hnekkir kaupráni einræðisherranna í stjórnarráðinu. Munið, að þið, launþegarnir, eruð þrír fjórðu hlutar þjóðarinnar. Ykkar er mátturinn, hvenær sem þið standið sameinuð. En vitið um leið, að varanlegar kjarabætur, sífelldar raunhæfar kauphækkanir frá ári til árs án verðbólgu og dýrtíðar fást aðeins með því, að hinar vinnandi stéttir heila og handa, sjávar og sveita sameinist á vettvangi stjórnmála í þeim samtökum alþýðunnar, er taki meiri hluta á Alþingi og myndi með öllum frjálshuga Íslendingum og framsæknum íslenzkum atvinnurekendum þá þjóðfylkingu Íslendinga, er taki ríkisvaldið úr höndum fulltrúa hins erlenda valds.

Alþýða Íslands! Á þínar herðar er nú lagt helgara hlutverk en lagt hefur verið nokkru sinni fyrr á herðar nokkurrar stéttar í Íslandssögunni. Munið það, alþýðumenn og konur, að með því að frelsa ykkur sjálf undan ranglæti og kúgun ríkjandi valds, þá frelsið þið og Ísland frá þeirri innlimun í Efnahagsbandalagið, sem yfir oss vofir, frá þeirri ógn, að þjóðerni vort verði sundur malað í þeirri gróttakvörn auðvaldsins í Evrópu.

Það er ljóst, hvernig um þessa vantrauststillögu fer hér á Alþingi, eins og það nú er skipað. En það vantraust þjóðarinnar, sem verður upp kveðið í öllum vinnustöðvum landsins, í verkalýðsfélögunum og verkföllunum og að síðustu í kosningum til Alþingis, sem orðið geta að ári, — það vantraust mun fella þessa ríkisstj. og afstýra þeim voða, sem stórhættuleg stefna hennar leiðir yfir þjóðina. — Góða nótt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. 4. þm. Sunnl. minntist á framsóknarskattana hér áðan. Það er rétt, að ég gerði þá að umtalsefni í síðustu kosningum. Bjargráðin 1958 voru sérstaklega þung fyrir bændur, þar sem landbúnaðurinn var látinn taka á sig skattana án þess að fá fulla tryggingu fyrir sölu afurðanna eins og aðrir framleiðendur höfðu. Voru bændur þess í stað látnir bera hallann sjálfir af því, sem flutt var út.

Það er rangt, að ég hafi lofað lækkun á vélum. En ég benti á misréttið, sem bændur bjuggu við í sambandi við sölu afurðanna úr landi. Það misrétti hefur verið lagfært, og bændur hafa nú fengið þá tryggingu, sem aðrir útflytjendur hafa ekki.

Umr. þær, sem nú fara fram um vantrauststill. framsóknarmanna, eru að ýmsu leyti gagnlegar. Greinilega kemur fram, hversu stjórnarandstaðan er laus við að hafa nokkra raunhæfa stefnu. Greinilegt er, að framsóknarmenn og kommúnistar hafa ekki öðlazt víðsýni, skilning eða úrræði í sambandi við þau vandamál, sem að þjóðinni steðja, fram yfir það, sem þeir höfðu til að bera í árslok 1958, þegar þessir flokkar gáfust upp við að stjórna þjóðarfleyinu. Vantrauststill. er dæmi um það, hversu einstakir menn og flokkar geta orðið blindir í eigin sök.

Fyrri flm. vantrauststill. talaði hér í gærkvöld, og eins og vænta mátti, var allt, sem hann sagði um þjóðmálin, neikvætt og einkenndist af sama stefnuleysinu, sem ráðið hefur gerðum Framsfl. í seinni tíð. Ræðumaður ræddi nokkuð um verkföllin s. l. sumar og þakkaði samvinnufélögunum að hafa haft forustu um samninga við launþega. Eftir að Framsókn hafði á þennan hátt veitt kommúnistum nægilega aðstoð við skemmdarverkin, talaði hv. 2. þm. Vestf. af mesta sakleysi um hina slæmu dýrtíðarskriðu, sem komizt hafi af stað.

Hv. þm. var svo óheppinn að tala um vísitöluhækkun og dýrtíðardraug frá árinu 1942. Fróðlegt er að gera sér grein fyrir því, hvers vegna vísitalan og dýrtíðin hækkaði þá. Það var vegna þess, að framsóknarmenn höfðu lengi haldið bændum landsins í spennitreyju, haldið afurðaverðinu niðri, svo að við borð lá, að heilar sveitir tæmdust, eftir að atvinna fór vaxandi við sjávarsíðuna og varnarliðið borgaði hátt kaup fyrir litla vinnu. Það var þetta haust, sem sjálfstæðismenn fengu aðstöðu til að bjarga bændastéttinni með því að hækka kjötverðið um 100% frá því, sem það var verðlagt af hendi Framsóknar. Í kjölfar þess hækkaði mjólkurverðið. Eftir þessa leiðréttingu var mörgum sveitahreppum forðað frá auðn. Bændur hættu við að fara í varnarliðsvinnu, landbúnaður var áfram rekinn á Íslandi. Þessi leiðrétting á afurðaverði landbúnaðarins var ekki aðeins gerð vegna bændanna. Þessi leiðrétting var þjóðfélagsleg nauðsyn, til þess að einn aðalatvinnuvegur og sá elzti færi ekki í rúst. Margra ára stjórnartímabil Framsfl. var vel á veg komið að lama framleiðslu landbúnaðarins með því að halda afurðaverðinu óhæfilega lágu. Framsóknarmenn gera kröfur fyrir hönd landbúnaðarins, þegar þeir eru ekki í stjórn. Þegar þeir eru í stjórn og geta haft áhrif á gang málanna, gleyma þeir hagsmunum þess atvinnuvegar, sem þeir telja sig helzt vera málsvara fyrir.

Í gærkvöld talaði hér Framsóknarþingmaður og taldi, að nú væri þrengt að bændum. Þessi sami þm. hafði lágt og sagði lítið, þegar hann var stuðningsmaður vinstri stj. og hagsmunir bænda voru fyrir borð bornir. — Þessi hv. þm. talaði um hátt verð á vélum, sementi, timbri og öðrum nauðsynjum. Slíkar raddir heyrðust einnig um þetta sama fyrstu árin eftir gengislækkunina 1950, en að þeirri gengislækkun stóðu framsóknarmenn. Það var ekki fyrr en á árinu 1952, sem jafnvægi komst á eftir þá gengislækkun. Þannig mun það einnig verða nú, ef frekari skemmdarverk verða hindruð, að jafnvægi kemst á og sú verðhækkun, sem leiddi af gengislækkuninni, mun ekki verða tilfinnanleg bændum né öðrum landsmönnum eftir hæfilegan tíma.

Hv. þm. talaði um, að ræktun og skurðgröftur færi minnkandi. Það er ofur eðlilegt, að skurðgröftur fari minnkandi um sinn, þar sem þannig er komið í mörgum hreppum, að grafið hefur verið allt það land, sem þörf er á að þurrka. Ræktunarframkvæmdir eru miklar og framleiðsluaukning landbúnaðarvara meiri á s. l. ári og yfirstandandi ári en verið hefur um langt tímabil. Það er þó nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að ræktunar- og framleiðsluaukning getur ekki orðið eins mikil eftirleiðis, nema fólkinu fjölgi, sem við landbúnað vinnur, og það er nauðsynlegt að vinna að því, að svo megi verða.

Framsóknarmenn halda því fram, að lög um lausaskuldir bænda séu ekki sambærileg þeim lögum, sem út voru gefin vegna skuldaskila sjávarútvegsins. Þannig er því þó varið að því leyti, sem um sambærilega úrlausn er að ræða. Ekki munu bændur sjálfir greiða þá vexti af þessum lánum, sem á bréfunum eru, nema þá að örlitlu leyti, en sjávarútvegurinn greiðir alla vextina af lánunum og býr því við óhagstæðari kjör að þessu leyti. Vonandi er sú skoðun röng, sem Jón Pálmason hélt fram hér á Alþ., að kaupfélögin séu treg eða ófáanleg til þess að greiða fyrir skuldaskilum, nema þau verði skylduð til þess með lögum. Það er mikið hagræði fyrir bændur að breyta lausaskuldum sínum í 20 ára lán, eins og þeir eiga nú kost á.

Samgöngur um byggðir landsins fara ört batnandi, enda er það höfuðskilyrði til þess, að byggð haldist og til þess að byggðin þéttist. Rafvæðingunni miðar vel áfram, og munu 96% þjóðarinnar hafa rafmagn eftir að 10 ára áætluninni er lokið. Eftir þann tíma ber að stuðla að því, að þeir, sem eru án rafmagns, geti fengið það á einn eða annan hátt.

Þegar framsóknarmenn tala með yfirlæti eins og þeir hugsi sérstaklega um málefni landbúnaðarins og hinna dreifðu héraða, er fróðlegt að rifja nokkur atriði upp, sem sýna, hversu yfirlæti þeirra stangast á við allar staðreyndir. Það er staðreynd, að þann tíma, sem Framsókn hefur verið utan stjórnar, hafa hin þýðingarmestu lög verið afgreidd fyrir landbúnaðinn. 1946 voru raforkulögin samþykkt á Alþingi. Þá var Framsókn utan stjórnar. Eftir þessum lögum fer rafvæðingin fram um land allt. 1946 eru lög um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum samþykkt, en þá er Framsókn einnig utan stjórnar. Eftir þessum lögum hefur ræktun og byggingar í sveitum landsins verið framkvæmd. 1946 eru lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir einnig samþ. á Alþingi. Og eftir þeim lögum hefur verið unnið að skurðgrefti, þurrkun landsins og margháttuðum framkvæmdum í sveitum landsins.

Framsóknarmenn gætu sagt: Þetta hefði allt getað gerzt, þótt við hefðum verið í ríkisstjórn.

Ástæðulaust er að neita því. En á hitt ber að benda, að sá flokkur, sem er utan stjórnar, hefur ekki forgöngu um mikilvæga lagasetningu á Alþ., og verður það því hlátursefni margra, þegar framsóknarmenn þakka sér sérstaklega þá lagasetningu, sem hér hefur verið lýst. Lög um framleiðsluráð landbúnaðarins, þ. e. afurðasölulögin, eru frá árinu 1947. Þá voru framsóknarmenn komnir í ríkisstj., enda hafa þeir hrósað sér mikið af þeirri löggjöf. Ekki skal úr því dregið, að þessi lög voru um margt góð. En þau voru meingölluð að því leyti, að þau tryggðu á engan hátt, að bændur fengju það verð fyrir afurðirnar, sem þeim var reiknað í verðgrundvellinum og sex manna nefnd var sammála um, að þeim bæri að fá. Þessari löggjöf hefur oft verið lýst, og skal því ekki tímans vegna farið nánar út í það hér. En bændum er kunnugt, að lögin voru fyrst lagfærð, eftir að Framsfl. var farinn úr ríkisstj. 1959, og lagfæringin gerir það nú mögulegt að greiða bændum það verð, sem talið er að þeim beri samkvæmt verðgrundvellinum. Þetta var gert með því, að ríkissjóður greiði þann halla, sem er á útfluttum vörum, en áður urðu bændur að bera hallann. Þetta var mjög tilfinnanlegt á verðbólguárunum 1957 og 1958. En Framsóknarbóndinn, sem talaði hér í gærkvöld, og aðrir Framsóknarþingmenn gerðu ekki tilraun til þess að rétta við í bændastéttarinnar þágu. Að þessu sinni varð ekki samkomulag í sex manna nefnd um verðlagningu landbúnaðarvara. Fulltrúar bænda töldu nú eins og áður, raunar alltaf áður, að verðgrundvöllurinn væri ekki réttur. Í 18 ár hefur svo verið talað og barizt fyrir leiðréttingu. Í þrjú skipti áður hefur yfirnefnd úrskurðað verðið. Þá skekkju, sem enn er á grundvellinum, þarf vitanlega að lagfæra, og er það baráttumál framleiðsluráðs.

Þegar talað er um, að viðreisnarlöggjöfin þrengi hagsmuni bænda og annarra stétta þjóðfélagsins, ber að hafa í huga, hvernig kjör almennings væru í dag, ef vinstri stefnan hefði ráðið lengur. Hv. 2. þm. Vestf. talaði um það í gærkvöld, að þm. hefðu ekki verið kosnir 1959 til þess að koma á óðaverðbólgu, heldur til þess að kveða verðbólguna niður. Það var óheppilegt fyrir þennan þm. að minnast á óðaverðbólgu, því að það hefur hann gert áður við eftirminnilegt tækifæri, en það var þegar hann, fyrrv. hæstv. forsrh., lýsti uppgjöf og úrræðaleysi vinstri stjórnarinnar. Það var þá sem hann sagði, að óðaverðbólga væri skollin yfir. Það er þessi óðaverðbólga, sem núv. ríkisstj. hefur verið að glíma við og gert ráðstafanir til að verði kveðin niður með viðreisnarlöggjöfinni. Það eru verðbólguhöfundarnir úr vinstri stjórninni, sem hafa tafið fyrir því, að áhrif verðbólgunnar fjari út. Stjórnarandstöðunni heppnaðist að vinna skemmdarverk á efnahagskerfinu s. l. sumar. Verði það reynt öðru sinni, verður að hindra það og koma í veg fyrir, að það verði eyðilagt, sem eitt getur bjargað efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar, en það er sú viðreisnarlöggjöf, sem sett var í ársbyrjun 1960.

Stjórnarandstaðan gerir ítrekaðar tilraunir til þess að blekkja almenning í landinu. Sagt er, að framsóknarmenn hafi góða aðstöðu til þess, þar sem Tíminn sé eina blaðið, sem kemur á mörg heimili, sérstaklega á Norðaustur- og Austurlandi. Vonandi er, að fólk í þessum landshlutum sem öðrum láti sér ekki nægja að lesa málgagn Framsfl., sérstaklega eftir að það er sannað, að blaðið fer með blekkingar.

Iðulega hefur Tíminn og reyndar Þjóðviljinn líka talið, að gjaldeyrismál þjóðarinnar hafi ekki batnað síðan viðreisnin hófst. Því hefur einnig verið haldið fram, að sparifjáraukning hafi ekki verið meiri en áður og jafnvel minni. Einnig hefur verið fullyrt, að fjárhagur ríkisins væri í kaldakoli og greiðsluhalli stórkostlegur. Ætlast verður til, að þeir, sem lesa Tímann og Þjóðviljann og þær fullyrðingar, sem þar eru viðhafðar, vilji sannprófa, hvort rétt er með farið. Leiðin til þess að sannprófa, hvort þessi blöð segja satt eða eru að blekkja, er sú að fletta upp í Hagtíðindum, sem til eru hjá hreppstjórum, oddvitum, kaupfélögum og víðar. Þeir, sem hingað til hafa látið sér nægja Tímann einan, en sannfærast um, að hann blekkir og skrökvar að lesendum, ættu ekki að láta sér nægja lengur að lesa þetta eina blað, og er þá mikið fengið, ef almenningur í landinu leitar eftir réttum heimildum og myndar sér skoðun á grundvelli þess, sem sannast er,

Undanfarna áratugi hafa samtök launþega haft forustu um kauphækkanir. Á fyrstu árum launþegasamtakanna mun oft hafa verið eðlileg ástæða fyrir þeim kröfum, sem gerðar voru. Á seinni árum hafa kröfurnar oftast verið óraunhæfar og ekki miðað við það, sem atvinnuvegirnir geta greitt. Af þessum ástæðum hefur fólkið ekki fengið þær kjarabætur, sem æskilegar eru og hefði verið unnt að ná, ef rétt hefði verið á málunum haldið. Það er staðreynd, að þjóðartekjurnar vaxa á ári að meðaltali um 4—5%. Af því leiðir, að kjarabætur almenningi til handa eru mögulegar árlega, sem nemur allt að 3%. Ef unnið hefði verið eftir þessu lögmáli, eins og nágrannaþjóðirnar hafa gert, væru kjör almennings mun betri nú en var í stríðslok, eða allt að 40% betri. En verkfallsforingjarnir telja, að lífskjörin séu lítið eða ekkert betri nú en var fyrir 15—16 árum.

Fram undan eru mörg verkefni í íslenzku þjóðlífi. Mörg framfaramál þarf að leysa og tryggja með því afkomu þjóðarinnar í nútíð og framtíð. Þetta mun ekki takast fljótt og vel, nema almenningur í landinu stuðli að bættum og betri vinnubrögðum í kjaramálum og taki völdin af verkfallsbröskurunum. Nauðsyn ber til að halda þannig á málum, að verðlagið geti verið stöðugt, að gjaldmiðillinn njóti trausts og gengi íslenzku krónunnar verði tryggt.

Ríkisstj. hefur fengið færustu menn til þess að vinna að fimm ára áætlunum um allsherjarframkvæmdir í landinu. Gerð verður áætlun um uppbyggingu í landbúnaði, samgöngum, hvers konar iðnaði, sjávarútvegi, vatnsvirkjunum og öðrum atvinnugreinum þjóðarinnar. Með því að framkvæma áætlunina verður lagður traustur grund-

völlur að atvinnulífi landsmanna. Framleiðslan verður aukin, útflutningur fer vaxandi, gjaldeyrisöflun þjóðarinnar eykst, og sá skortur, sem þjóðin hefur áður búið við í gjaldeyrismálum, hverfur. Atvinna verður nóg fyrir alla, sem geta unnið. Tekjur þjóðarbúsins munu vaxa fram yfir það, sem áður hefur verið, og grundvöllur verða lagður að auknum kjarabótum fyrir allan almenning. Með skemmdarverkum þeim, sem stjórnarandstaðan hefur unnið og hótað er enn að halda áfram, er hagsmunum þjóðarinnar ógnað. Takist skemmdarverkið öðru sinni, verður öll uppbygging og viðreisn tafin og ef til vill gerð óframkvæmanleg. Það er á valdi almennings, á valdi þínu, áheyrandi góður, hvort þjóðholl stefna verður hér ráðandi eða upplausnar- og niðurrifsstefna. Það er skylda hvers Íslendings að kynna sér á hlutlausan hátt stefnur og störf stjórnmálaflokkanna og mynda sér hlutlausa skoðun um það, sem deilt er um. Framtíð og velferð þjóðarinnar byggist á því, að dómgreind almennings verði öfgum og áróðri yfirsterkari. Því skal treyst, að það megi verða. Þess vegna ber að halda áfram af dugnaði og festu og með bjartsýni að vinna að lausn hinna mörgu verkefna, sem enn bíða úrlausnar. — Góða nótt.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. landbrh. hélt áfram að storka bændum með því að fullyrða, að þeir stæðu betur en áður, þvert ofan í staðreyndir. Þetta eru svo stórfelld öfugmæli, að því lengur sem ráðherrann talar í þessum tón, því verra fyrir hann sjálfan. Það er einkennandi fyrir landbúnaðarpólitík þessa hæstv. ráðh., að íslenzkir bændur neyðast nú til að kaupa vélar, sem bændur annarra landa hafa lagt á haug, til þess að vélvæðingin stöðvist ekki alveg.

Engum dylst, að viðreisnin sneri upp fótum á þessu ári. Ekki var það þó því að kenna, að þessi valdasamsteypa tæki við búskap landsins á heljarþröm í árslokin 1958, síður en svo. Þeir tóku við miklum greiðsluafgangi á ríkisbúskapnum, fjörugra framleiðslulífi til lands og sjávar en nokkru sinni fyrr og betri afkomu almennings, uppbyggingu í örum vexti á öllum sviðum og undirbúnum stórlántökum ytra með góðum kjörum til langs tíma, til stuðnings enn meiri framförum. Þeir tóku við hagstæðum greiðslujöfnuði í viðskiptum við útlönd, hagstæðari gjaldeyrisstöðu bankanna í árslok 1958 en hún er nú og meiri birgðum af verðmætum útflutningsvörum en oftast áður.

Þessu tóku kreppumenn við. En það lokaði leiðum fyrir vinstri stjórninni til að tryggja framhald þeirrar stefnu, sem þessu hafði áorkað, að algerlega var um það synjað af leiðtogum kommúnista, sjálfstæðismanna og Alþýðuflokksmanna, að dýrtíðarskrúfan, vísitöluskrúfan yrði tekin úr sambandi og þannig komið í veg fyrir hóflausan vöxt dýrtíðarinnar innanlands, sem öllu þessu hefði komið úr skorðum. Í staðinn fengu menn svo það, sem þjóðin býr nú við.

Hefði verið farið eftir till. framsóknarmanna 1958, væri á hinn bóginn hægt að halda þeim lífskjörum, sem almenningur bjó við þá. Hefðu forustumenn launþegasamtakanna þá viljað líta við hliðstæðum samningi og þeir fögnuðu í sumar, hefði þetta aldrei verið kallað yfir þjóðina.

Það var mikið sagt í fyrra, þegar viðreisnin fór af stað. Ráðherrarnir sögðu, að innleiða ætti nýtt efnahagskerfi, sem skyldi gerbreyta íslenzkum þjóðarbúskap, og þetta var rétt. Það er ekki alveg jafnhátt risið núna eftir tvö ár, enda varla von, því að hvert sem litið er blasa við ömurleg áhrif þess, sem gert hefur verið. Ráðherrarnir hafa svo gersamlega lamazt af þessu, að þeir gera ekki tilraun til að verja gerðir sínar eða rökstyðja þær. Þess í stað fórna þeir höndum og segja: Hví eru framsóknarmenn og fólk almennt að gera veður út af þessu, hví eru menn að leika Strompleik? Það hefur ekkert gerzt annað en það, sem oft hefur gerzt áður og Framsóknarflokkurinn mundi vilja standa að, ef hann hefði aðstöðu til og ætti kost á því.

Út af þessu spyr margur: Hvað eru menninirnir að fara? Hvað er nú orðið af hinu nýja efnahagskerfi, sem þeir voru svo montnir af í fyrra, og hinum nýju þjóðfélagsháttum, sem þeir sögðust hafa innleitt og af því einu getað innleitt, að ekki þyrfti lengur í bili að taka tillit til Framsfl.? Og það var rétt. Þetta hefur skeð. Nýja efnahagskerfið og nýju þjóðfélagshættirnir hafa reynzt þannig, að það er bezt að breyta til og skrökva því, að þetta séu bara eftir allt saman gömlu úrræðin Framsóknar. Dettur nokkrum í hug, að svona hefði verið talað, ef nýja efnahagskerfið hefði reynzt vel? Þessi áróður ráðherranna í stað raka er langgleggsti vitnisburðurinn, sem fengizt hefur um gjaldþrot þessarar stefnu. Ef vel hefði tekizt, hefðu þeir eytt öllum ræðutíma sínum til að sýna fram á, hve aðferðir þeirra væru ólíkar þeim, sem framsóknarmenn hefðu notað og væru líklegir til að nota, og árangurinn ólíkur. Þetta er uppgjöf, sem allir skilja, og gott að fá hana svona látlaust og einfalt setta fram af þeim sjálfum. Þetta sýnir líka vel þá breytingu, sem orðin er á ráðherrunum sjálfum síðan í fyrra.

1960 sagði ríkisstj. í bókinni Viðreisn: „Hér er ekki um að ræða ráðstafanir sama eðlis og þær efnahagsráðstafanir, sem tíðkazt hafa, heldur algera kerfisbreytingu“. En hvað segja þeir nú? Það er sérstaklega talað um gengislækkunina 1950 sem dæmi. Já, athugum einmitt það dæmi. Það gerðist nefnilega þá, að framsóknarmenn neituðu að styðja gengislækkun, nema jafnframt yrði samið um fjármagn til stórfelldrar uppbyggingar. En til þess að fá samningsaðstöðu urðu þeir að koma minnihlutastjórn Sjálfstfl. frá með vantrausti, því að hún vildi ekki fara öðruvísi, — fullkomlega þingræðislegri leið og sjálfsagðri, eins og á stóð.

Einhver var í gærkvöld að tala um óbilgirni framsóknarmanna. Ekki kannast ég við hana. Hitt er rétt, að framsóknarmenn hafa aldrei verið tuskur. Þeir hafa ekki heldur gert kröfu til, að aðrir væru það, og ekkert kvartað. Þeir vilja starfa á jafnréttisgrundvelli, ef um samstarf er að ræða, annars ekki.

Þá var talað um þolleysi framsóknarmanna við stjórnarstörf. Dálítið er þetta skrýtið um

flokk, sem hefur átt þátt í ríkisstj. í 26 ár síðustu 33 árin. Annað mál er, að framsóknarmenn hafa orðið að starfa með ýmsum flokkum á þessu tímabili til að reyna að tryggja áframhaldandi uppbyggingu, og framsóknarmenn hafa litið á það sem ódyggð, en ekki dyggð, að hanga við stjórn, ef þeir töldu von um, að betri árangri mætti ná með öðru móti. Þá yrði að taka upp baráttu fyrir breyttu viðhorfi. Nú er talað um það sem dyggð að hanga, hvernig sem tekst.

Í hverju var svo nýja efnahagskerfið fólgið, sem nú má ekki lengur nefna svo, fremur en snöru í hengds manns húsi? Fyrst var allt gert í senn: Gengið lækkað. Stórfelldar nýjar tollaálögur lögleiddar. Okurvextir innleiddir. Ákvæði sett um að draga inn á frystan reikning hluta af sparifé landsmanna. Minnkuð lán út á framleiðsluvörur. Fjárfestingarlánin gerð óhagstæðari. Skornar niður verklegar framkvæmdir. Tekin upp ofsóknarherferð í garð samvinnufélaga og verkalýðsfélaga. Er þó langt frá, að allt sé hér með talið. Allir, sem komnir eru til vits og ára, vita vel, að þetta á ekkert skylt við þær leiðir, sem farnar hafa verið síðan íhaldið missti meiri hlutann 1927. Breytingin frá 1958 er einna líkust því sem þjóðin hafi orðið fyrir áföllum af náttúruhamförum. En engu slíku er til að dreifa. Það eru afleiðingar hinna óviturlegu ráðstafana frá 1960, sem segja til sín og hafa leikið þannig þjóðarbúskapinn, að allar hinar miklu kjaraskerðingarfórnir verða til verra en einskis. Afleiðingar þessara mistaka sjást alls staðar.

Hámarki sínu náði öngþveitið, þegar stórfelld langvarandi verkföll geisuðu um landið vegna hinnar gífurlegu kjaraskerðingar. Og því fór fjarri, að ríkisstj. hefðist nokkuð að til að koma í veg fyrir þau, því síður til að leysa þau. Þegar svo þessi verkföll voru leyst af öðrum og bjargað frá því, að síldarvertíðin yrði eyðilögð, og þar með frá algeru hruni, þá rak hæstv. ríkisstj. endahnútinn á mistökin með því að neita að notfæra sér kjarasamningana til að koma á jafnvægi, þótt framsóknarmenn hafi sannað með alveg óyggjandi rökum og dæmum úr þjóðarbúskapnum, að það var hægt, ef vaxtaokri og tilbúnum rekstrarfjárskorti var aflétt. Þess í stað hleypti ríkisstj. með heiftarráðstöfun nýju dýrtíðarflóði yfir þjóðina.

Þessum þungu, rökstuddu ásökunum reynir svo ríkisstj. ekki að svara með neinum rökum eða hrekja sannanir okkar fyrir sekt þeirra, heldur fimbulfamba ráðherrarnir um, að það hafi áður verið lækkað gengi krónunnar, eins og það séu rök fyrir því að lækka í annað sinn gengi krónunnar á 16 mánuðum. Fjmrh. var hér með alls konar sparðatíning í 20 mínútur, en hann reyndi ekki fremur en hinir að færa rök fyrir gengislækkuninni í sumar. Ríkisstj. hafði engan siðferðislegan rétt til að vinna slíkt bráðræðis- og óhappaverk. Henni bar að segja af sér og efna til nýrra kosninga, til þess að þjóðinni gæfist kostur á að ákveða, hvort hún vill meira af þessu eða ekki.

Auðvitað er þessi síðasta ráðstöfun, gengislækkunin, gerð í örvæntingu, og allt ber með sér, að stjórnin er hrædd. En einmitt fyrir það er hún hættulegri en ella, því að þeir, sem hræddir eru, vinna oft óheppilegustu verkin.

Það ber gleggstan vott um erfiðan árðursbag ríkisstj. vegna óheppilegra verka, að hún reynir helzt að benda, í blöðum sínum og annars staðar, á mikinn uppgang í sjávarplássum austan- og norðanlands sem ljósan punkt í rökkri viðreisnarinnar. Uppgangur í þessum plássum á þó, auk síldveiðanna, fyrst og fremst rætur sínar í stóraukinni fiskigengd á grunnmiðum vegna útfærslu landhelginnar 1958, — útfærslu landhelginnar, sem aldrei hefði orðið nein, ef núv. stjórnarflokkar hefðu sumarið 1958 getað einir fyrir málum ráðið. Þessa fiskigengd hefur núv. ríkisstj. ekki enn þá a. m. k. tekizt að eyðileggja, þrátt fyrir alla tilburði í þá átt með því að færa landhelgina inn aftur á stórum svæðum einmitt úti fyrir þessum landshlutum. Hefur þar og forsjónin komið þeim til hjálpar, sem átti að leika verst. En fátt er til fanga, þegar ríkisstj. vill kenna þennan uppgangsvott við sínar ráðstafanir, sem allar hafa miðað að því að þrengja hag þessa fólks. Það er táknrænt fyrir áhrif stjórnarstefnunnar, að þessi sjávarpláss fá nú ekki notið eðlilegs vaxtar vegna þess, hve dýrt er orðið að koma þaki yfir höfuð sér, þótt líf liggi við, og svo aðrar lífsnauðsynlegar framkvæmdir þar eftir. Því er ekki einu sinni þar, í þessum plássum, eðlileg uppbygging þrátt fyrir hagstæð aflabrögð.

Ríkisstj. lízt orðið svo illa á stefnu sína og afleiðingar hennar, að henni sýnist lífsnauðsyn orðin að halda því fram, að samdráttarstefnan, sem hún fylgir, sé eins konar náttúrulögmál, það sé eiginlega engin önnur stefna til. Aðþrengdir vilja þeir nú láta í þetta skína. En öðruvísi mér áður brá. Árið 1956 varaði Bjarni Benediktsson, núv. hæstv. forsrh., kröftuglega við núv. efnahagsmálaráðherra sínum, Gylfa Þ. Gíslasyni, og það menn, hvað sem öllu öðru líði, að láta hann ekki ráða of miklu eða koma sínum hagfræðikenningum í framkvæmd. Um þetta sagði Bjarni Benediktsson þá, sbr. Alþingistíðindi 1956, 188. dálk:

„Og ég segi", sagði Bjarni Benediktsson, „ég á enga betri ósk til hæstv. núv. ríkisstj. heldur en henni takist að forða hruninu, en hún fari ekki of mikið eftir þeim kenningum, sem hæstv. menntmrh. (þ. e. a. s. Gylfi Þ. Gíslason) hélt hér fram í gær og færðar yfir í mennskra manna mál eru þær, að hann vill fá hæfilegt atvinnuleysi, til þess að kaupgjaldið hækki ekki um of. Og ég segi (sagði Bjarni Benediktsson enn fremur): Það er miklu betra að halda fullri vinnu, jafnvel fara dálitið óvarlega í lánveitingum, í fjárveitingum, í Keflavíkurvinnu, hvað við viljum segja, halda fullri vinnu, halda fullum framkvæmdum og gera svo ráðstafanir aðrar á eftir, til þess að ekki keyri sig allt um koll, heldur en halda jafnvæginu með sultarólinni á fólkinu, en það var sá boðskapur, sem hæstv. menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason) gerði sig að talsmanni fyrir hér í gær."

Við sama tækifæri varaði Bjarni Benediktsson einnig sterklega við þeirri kenningu þessa

sama Gylfa að reyna að leysa efnahagsmálið með því að beita samdrætti í bankaútlánum, og segir Bjarni þá, að hagfræðingar hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að heimskreppan mikla upp úr 1928 hafi stafað af of miklum lánasamdrætti Englandsbanka.

Nú er það á hinn bóginn hlutskipti Bjarna Benediktssonar, ásamt Gylfa, ekki aðeins að draga úr lánum út á afurðir landsmanna, heldur loka inni og taka úr umferð stóran hluta af sparifé þjóðarinnar og lifa samkvæmt þeirri kenningu, að ekkert sé hættulegra þjóðarbúinu en að spariféð sé ávaxtað í uppbyggingu og atvinnurekstri. Samdrátturinn í bankakerfinu nemur mörgum hundruðum millj. með þessum aðferðum, og svo er neitað og neitað um lán, sem auka mundu framleiðni, framleiðslu og þjóðartekjurnar, þótt fjármagnið sé til.

Það er slæmt hlutskipti að gerast oddviti fyrir þeirri stefnu, sem menn hafa þannig harðast fordæmt og varað við, og ekki nóg með það, heldur bæta því ofan á, að einmitt þessi stefna sultarólarinnar, sem Bjarni Benediktsson skýrir svo sjálfur og varar við, sé eins konar náttúrulögmál og engin önnur úrræði geti komið til greina.

Síðan íhaldið var fellt 1927, hefur allt fram til þessa verið farin sú leið að rífa sig út úr erfiðleikunum með því að auka framleiðsluna, auka tekjurnar og það þótt kosta hafi þurft til í bili og stundum hafi verið lítið í kassanum og nokkuð djarft teflt. Þannig hefur íslenzka þjóðin komizt úr fátækt og umkomuleysi. Þannig hafa þúsundir íslenzkra heimila farið að og þjóðin í heild. Nú hefur þessi leið verið yfirgefin og erfiðleikunum mætt með því að draga saman framkvæmdir og herða að þjóðinni, enda útkoman eftir því. Það er vonlaust verk fyrir þessa menn að ætla að neyða þeirri skoðun upp á Íslendinga, að þetta sé eina rétta leiðin og eina leiðin, sem til er. Íslendingar þekkja þetta búskaparlag og vita, hvert það leiðir, og þeir þekkja hitt lagið, sem hefur hafið íslenzk heimili úr örbirgð til bjargálna og þjóðina sjálfa. Það breytir engu, þótt nú verði gripið til þess í örvæntingunni að kalla samdráttarstefnuna framkvæmdaáætlun, en okkur er sagt, að þessi nafnaskipti eigi að verða nú um nýárið. Samdráttur og kjaraskerðing verður hvorki léttbærari né heillavænlegri afkomu þjóðarinnar í framtíðinni, þótt kallað verði framkvæmdaáætlun. En stefnan á að verða óbreytt, þótt hún fái nýtt nafn, eins og innflutningsáætlunin sýnir, sem fjárl. fylgir.

Mörgum mun finnast ástandið varðandi uppbyggingarmálin geigvænlegt orðið, þegar verðhækkunin ein saman frá því fyrir tveimur árum gleypir nú að fullu föstu íbúðalánin, bæði í sveitum og við sjóinn, eins og upplýst hefur verið í þessum umr. Það er dæmi, sem mönnum hnykkir við að heyra. Líkt er þó um önnur verkefni í þágu framleiðslunnar. Til hvaða óyndisúrræða verður svo gripið af þeim, sem svona hafa komið málum, ef þeir fá einir óhindraðir um að fjalla? Verður í ofboðinu farið að afhenda útlendingum uppbyggingu atvinnufyrirtækjanna á Íslandi í stað uppbyggingar hinna mörgu Íslendinga, sem búið er að lama? Ýmislegt úr stjórnarherbúðunum gefur ástæðu til ótta í þessu efni.

Þegar svo fram undan er stórfelldur vandi *einmitt varðandi nauðsyn á auknu samstarfi* við aðrar þjóðir, án þess að Íslendingar missi tökin á sínum eigin atvinnurekstri, þá margfaldast nauðsynin á því að efla áhrif þeirra, sem hægt er að treysta í þessum málum, þeirra, sem standa fast á því að styðja uppbyggingu atvinnuveganna fyrst og fremst í höndum Íslendinga sjálfra, eins og verið hefur, en eru jafnframt stuðningsmenn nánari tengsla við þær þjóðir, sem okkur eru næstar og skyldastar.

Að lokum þetta: Það er ekki erfitt að sjá, hvers vegna menn verða nú að búa við samdráttar- og kreppustefnuna, sem svo sárt hefur leikið þjóðina og því miður er ekki enn sopið seyðið af. Það er vegna þess, að eftir kjördæmabreytinguna var hægt að komast fram hjá Framsfl. í bili. Leiðin til að stöðva sig á þessari braut og fika sig inn á framfaraveginn á nýjan leik er sú ein framkvæmanleg að efla áhrif Framsfl., og það er einfalt úrræði. Það leynir sér ekki heldur, að andstæðingunum er þetta ljóst, hvaðan þeim stendur ógnin mest að þessu leyti. Það er Framsókn hér og Framsókn þar og Framsókn alls staðar. Og einn reiknaði í gærkvöld upp á mánuð, hvað lífdagar þessa kerfis gætu orðið lengstir, og það var að næstu kosningum. Það segir sína sögu. Það mun líka væntanlega fara svo, að mörgum mun finnast sú leið hyggileg að efla Framsfl. til meiri áhrifa, og þeim fer fjölgandi, sem honum treysta. — Góða nótt.

Friðjón Skarphéðinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. þm. Karl Kristjánsson líkti núv. ríkisstj. við Kúnstner Hansen í Strompleik Kiljans. Ég held, að Karli hafi ratazt hér réttar á munn en hann ætlaðist til og raunar nokkuð á annan veg, því að í leikritinu er Kúnstner Hansen af hendi höfundar einmitt fulltrúi heilbrigðrar skynsemi. Spillingin hefur ekki náð tökum á honum, og hann blekkir hvorki sjálfan sig né aðra og er að því leyti andstæða annarra persóna í Strompleiknum.

Tveir hv. þm. Framsfl., Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson, bera nú fram vantraustst ill. á hæstv. ríkisstj., og eru það raunar ekki stórtíðindi. Fyrr á þessu ári, í marzmánuði s. l., fluttu þessir sömu menn ásamt Alþb.-þm. einnig vantrauststill. á ríkisstj. Sú vantrauststill. var felld. Segja má því, að vantrauststillöguflutningur stjórnarandstöðunnar sé að verða fastur dagskrárliður Alþingis á hverjum vetri. Ég tel vafalaust, að einnig þessi vantrauststill. verði felld, og ég tel einnig vafalaust, að flm. till. gangi út frá, að svo muni verða. Till. er því áreiðanlega ekki flutt í þeirri veru, að ríkisstj. kunni nú að verða felld, þótt að formi til sé látið þannig líta út, heldur er hún vafalaust flutt til þess að fá tækifæri til að hafa almennar stjórnmálaumr. í útvarpinu umfram hinar almennu eldhúsdagsumr., sem verða síðar á þingtímanum. Við því er að sjálfsögðu ekkert að segja, enda ótvíræð heimild til slíks tillögu-

flutnings. Útvarpshlustendur verða að una því, hvort sem þeim líkar betur eða verr.

En í þessu sambandi er ástæða til að hugleiða, hvort of tíðar almennar stjórnmálaumr. í útvarpi hafa ekki þau áhrif á útvarpshlustendur að slæva áhuga þeirra á stjórnmálum frekar en hið gagnstæða. En æskilegt er, að áhugi almennings um þau mál sé sem bezt vakandi. Ég varpa þessu hér aðeins fram til umhugsunar, en um þetta kunna að vera skiptar skoðanir.

Á flutningsmönnum vantrauststill. hvílir sú skylda að gera þm. og þjóðinni allri sem gleggsta grein fyrir, hvað þeir hafa upp á að bjóða, ef vantrauststill. yrði samþykkt. Gera verður ráð fyrir, að flm. till. séu reiðubúnir að mynda ríkisstj., ef þeim nú tækist að fella þá stjórn, sem nú situr. Við, sem greiða eigum atkv. um vantrauststill., eigum því heimtingu á að vita sem nákvæmast, hvað við tekur, ef núv. ríkisstj. yrði felld. Flm. og talsmenn þeirra hafa ekki rækt þessa skyldu. Þeir hafa forðazt að láta þess getið, hverjar fyrirætlanir þeirra hafa verið um meðferð stjórnvaldsins, ef þeir tækju nú við því valdi. Ræður þeirra hafa einvörðungu snúizt um gagnrýni á ríkisstj. Hvað eina, sem hún hefur gert, telja þeir skaðlegt eða hættulegt. Þar sjá þessir hv. þm. enga glætu fyrir stafni, nema því aðeins að þeir sjálfir fái að taka við stjórnartaumunum. En þeir varast eins og heitan eld að bregða ljósi yfir framtíðaráætlanir sínar. Það er eins og þær væru einhver hernaðarleyndarmál, sem umfram allt yrði að varðveita. En þessu er ekki svo farið. Hv. flm. eiga engan lykil að vandamálunum. Það er skýringin á þagmælsku þeirra.

Það er vitanlega algerlega ófullnægjandi, þó að þessir hv. þm., flm. vantrauststill., segist vilja halda áfram framfarasókninni og leggja áherzlu á að auka framleiðsluna og koma í veg fyrir kjaraskerðingu. Hver einn og einasti þm. er áreiðanlega sammála þessu. Við viljum áreiðanlega allir auknar framfarir, aukna framleiðslu og aukna velmegun fólksins í landinu. Það, sem skilur á milli skoðana, er ekki þetta, heldur hitt, að stjórnarandstæðingar telja, að aðferðir ríkisstj. til þess að ná þessu marki séu rangar. Því er jafnvel haldið fram í áróðursskyni, að sumar aðgerðir í þessum efnum hafi verið viðhafðar af hreinni mannvonzku eða í hefndarskyni við vissan hóp manna í þjóðfélaginu. Svo barnalegum staðhæfingum trúir að sjálfsögðu enginn maður, ekki einu sinni þeir, sem slíkum áróðri halda uppi.

Flm. og stuðningsmönnum þeirra verður tíðrætt um það, sem þeir kalla kreppustefnu og samdráttarstefnu ríkisstj., á sama tíma og hver vinnufær maður og kona hafa meira en nóg að starfa og fréttir berast víða að um stórkostlegan skort á vinnuafli, einkum nú, þegar skólarnir eru byrjaðir. Þetta krepputal þeirra hljómar því sem öfugmæli í eyrum þjóðarinnar.

Gera verður ráð fyrir af því, sem fram hefur komið í þessum umr. og raunar áður hefur komið fram, að flm. till. hefðu viljað halda uppbótakerfinu og hinum flóknu reglum um margfalt gengi. Eins og alþjóð er kunnugt, hafði þetta verið gert ár frá ári, en alltaf jókst verðbólgan og enn hefði hún aukizt með vaxandi hraða, ef fram hefði verið haldið sem horfði. Slíku var ekki hægt að halda áfram án þess að stefna þjóðarbúskapnum norður og niður, til stöðvunar, skorts og hruns. Slíkt ástand væri nú þegar komið, ef ekki hefði verið tekið í taumana með stöðvun 1959 og viðreisnarlöggjöfinni 1960 og þeim aðgerðum, sem í kjölfar hennar fylgdu. Þjóðinni var sagt frá því skýrt og skilmerkilega, að samfara viðreisninni hlyti að verða nokkur dýrtíð, a. m. k. fyrst um sinn, en verðbólguskrúfan var stöðvuð. Nú væri fróðlegt að vita, hvort það sé ætlun flm. vantraustsins, hv. þm. Hermanns Jónassonar og Eysteins Jónssonar, ef þeir tækju við stjórnartaumum nú, að taka upp að nýju uppbótakerfið með mismunandi gengi og þjóðnýtingu taprekstrar atvinnuveganna og innleiða aftur viðskiptahöftin, til þess að unnt sé að beina sem mestum innflutningi hátollavara til landsins til þess að standa undir kerfinu. Um þetta spurði hæstv. ráðh. Gylfi Þ. Gíslason í umr. um vantraust á ríkisstj. í marzmánuði s. l. Af hálfu stjórnarandstæðinga var fátt um svör. Það er ekki óeðlilegt, að enn sé spurt um þetta, því að hér er um að ræða eitt meginatriðið í stefnu og starfi núv. ríkisstj., afnám hins flókna uppbótakerfis og aukið viðskiptafrelsi samhliða öðrum ráðstöfunum til þess að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum og til þess að rétta við þann halla á gjaldeyrisviðskiptum við útlönd, sem varað hafði það lengi og var orðinn svo mikill, að hann ógnaði tilveru okkar. Eðlilegt hefði verið, að hv. flm. vantrauststill. eða aðrir ræðumenn úr þeirra flokki hefðu svarað þessu. Það hefði einnig verið eðlilegt, að þeir hefðu svarað þeirri spurningu hæstv. ráðh. Gylfa Þ. Gíslasonar, sem hann beindi til þeirra við umr. um vantraustið í fyrra, hvort þeir mundu tafarlaust segja upp varnarsamningnum við Bandaríkin, ef þeir mættu nú ráða. Einnig hefði verið eðlilegt og sjálfsagt vegna andstöðu þeirra við landhelgissamninginn við ríkisstj. Bretlands fyrr á þessu ári, að þeir gerðu tvímælalausa grein fyrir því, hvort þeir mundu nú gera tilraun til að upphefja þann samning og afnema grunnlínubreytingarnar og innleiða að nýju það ófriðarástand umhverfis landið, sem áður ríkti, með tilheyrandi gagnkvæmum fjandskap og algera óvissu um lausn á því máli.

Það hefur gerzt mikil saga á Íslandi á undanförnum áratugum. Þjóðin hefur risið úr fátækt til bjargálna, að vísu ekki þrautalaust eða umbrotalaust, því að þessari þróun hafa fylgt margvíslegir vaxtarverkir og hörð stjórnmálaátök. Margt hefur verið vel gert og myndarlega, en ýmislegt hefur farið miður úr hendi. Þrátt fyrir þessa efnahagslegu byltingu hefur a. m. k. síðustu 20 árin verið verðbólga mismunandi mikil á ýmsum tímum með þeim erfiðleikum, sem slíku fylgja, og reis hún hærra hér á landi og varaði lengur en í nokkru öðru Evrópuríki að heita má. Samfara þessu var halli á greiðslujöfnuði við útlönd og skuldasöfnun úr hófi fram. Hver ríkisstj. eftir aðra reyndi að ráða bót á þessu. Það heyrðist oft talað um varanleg

úrræði til að lækna meinsemdirnar í efnahagskerfinu, en þessi úrræði brugðust hvert af öðru. Allir stjórnmálaflokkarnir hafa glímt við þetta verkefni meira eða minna og mistekizt meira eða minna. Aðrar þjóðir, sem áttu við svipaða erfiðleika að stríða eftir síðari heimsstyrjöldina, hafa komizt yfir þá, flestar fyrir mörgum árum og búa nú við efnahagsjafnvægi. Við erum síðastir allra í þessum efnum, og ríkisstj. sú, sem nú situr, er að gera úrslitatilraun til þess að komast út úr þeim öldudal falskrar velmegunar og öryggisleysis, sem við vorum fallin í þrátt fyrir margra ára góðæri. Henni hefur orðið vel ágengt þrátt fyrir ýmsar mótgerðir og harða gagnrýni stjórnarandstöðunnar. Enn vantar herzlumuninn, en hann verður að nást. Þótt allir verði nokkuð á sig að leggja, sem er óhjákvæmilegt, og ýmsir séu óþolinmóðir, sem er vorkunnarmál, þá er hér svo mikið í húfi, að enginn má bregðast skyldu sinni. Úr stundarerfiðleikum mun greiðast fyrr en varir, ef menn láta þjóðarhag sitja í fyrirrúmi fyrir ímynduðum flokkshagsmunum, og trúa verður maður því í lengstu lög, að allir vilji keppa að efnahagslegri velmegun og félagslegu öryggi, þó að menn greini á um leiðir í þeim efnum.

Í þessu sambandi er ástæða til að minna á það, að síðan almannatryggingar voru settar á á Íslandi, hefur engin ríkisstj. gert annað eins átak þeim til aukningar og núv. ríkisstj. hefur gert, og dreg ég í efa, að menn geri sér almennt ljóst, hversu stórfellt þetta átak hefur verið. Þannig hefur ríkisstj. séð um það, að þeir, sem við þrengst kjör búa allra þegna þjóðfélagsins, þyrftu ekki að bera byrðarnar til jafns við aðra. Ég skal í því efni aðeins nefna örfáar tölur, sem gefa nokkra hugmynd um þá stökkbreytingu, sem átt hefur sér stað í þessum efnum.

Árið 1958 voru bótagreiðslur almannatryggginganna tæplega 220 millj. kr. á öllu landinu, árið 1959 voru þessar greiðslur tæplega 250 millj., árið 1960 námu þær um 440 millj., og nú í ár, 1961, er gert ráð fyrir, að þær muni nema um 540 millj. kr. Frá 1958 hafa tryggingabætur á öllu landinu, sem Tryggingastofnun ríkisins annast greiðslu á, hækkað úr 220 millj. í 540 millj. Í þessu efni ber að sjálfsögðu að hafa í huga gengisfellingu krónunnar á þessu tímabili, en engu að síður er hér um að ræða stórkostlega aukningu.

Fróðlegt er að gera sér grein fyrir, hve margir njóta nú þessara tryggingabóta. Ellilífeyrisþegar eru nú um 11 þúsund talsins, og þeir, sem njóta örorkulífeyris eða örorkustyrks, eru um 3300 að tölu. Bótagreiðslur til þessa fólks er áætlað 1961 að nemi um 240 millj. kr. Fjölskyldubætur eru greiddar með nær 60 þús. börnum og eru áætlaðar 166 millj. kr. 1961. Barnalífeyrir er greiddur með 2700 börnum og meðlagsgreiðslur inntar af hendi fyrir um nær 4000 börn. Áætlað er, að sjúkrahjálp sjúkrasamlaga og sjúkradagpeningar nemi talsvert á 2. hundrað millj. kr. Ég skal nefna enn eitt lítið dæmi til glöggvunar. Dánarbætur vegna slysa til ekkju eða ekkils námu á dögum vinstri stjórnarinnar innan við 20 þús. kr., nema fyrir lögskráða sjómenn. Nú eru þessar bætur 90 þús. kr. og mættu að vísu gjarnan vera hærri. Þessar tölur gefa dálitla hugmynd um, hvað gert hefur verið og hvað gert er nú á þessu félagsmálasviði í okkar 170 þúsund manna þjóðfélagi. Þær gefa til kynna, að mjög háum fjárhæðum er dreift til tekjujöfnunar á milli þegna þjóðfélagsins, til aldraðs fólks, til öryrkja, til sjúkra eða slasaðra, til ekkna og barna einstæðra mæðra. Með þessu er að sjálfsögðu ekki sagt, að tryggingakerfi okkar sé fullkomið. Fjarri fer því. Þar er enn ótæmandi verk að vinna. En hins vegar getum við með fullum rétti hrósað okkur af því, að við stöndum framarlega á meðal þjóða heims í þessum efnum, og þó að enn standi þar margt til bóta og gjarnan vildum við fá hærri og fullkomnari tryggingar, má ekki horfa fram hjá þeirri geysimiklu þjóðfélagslegu þýðingu, sem almannatryggingarnar hafa og þeir geta bezt gert sér í hugarlund, sem tryggingabótanna njóta. Það var vissulega mikill sannleikur í því, sem merkur þm. sagði, þegar atkvgr. fór fram um frv. til almannatryggingalaga árið 1946. Hann sagði, að frv. til almannatryggingalaga ætti enga hliðstæðu í íslenzkum lögum aðra en sjálfa stjórnarskrána. Með þessari lagasetningu væri verið að búa til nýtt þjóðfélag, sem yrði betra en það, sem þá var búið við, og frv. stefndi að fullkomnara þjóðskipulagi. Þessi þm. var Páll heitinn Hermannsson, en hann var sá eini úr hópi þm. Framsfl. í annarri þingdeildinni, sem greiddi frv. atkvæði. Í hinni deildinni var þá líka aðeins einn þingmaður Framsfl., sem ljá vildi frv. fylgi, en það var Páll Zóphóníasson. Er maklegt, að þessu sé á loft haldið þeim nöfnunum til verðugs hróss.

Núv. ríkisstj. hefur eflt mjög tryggingarnar og hækkað bætur stórkostlega með lögum frá 1960, eins og ég nú hef sagt. Hún hefur haft fullan skilning á því, að þjóðfélaginu ber skylda til að hlúa sem bezt að þeim, sem geta ekki sjálfir séð sér farborða sökum elli eða vanheilsu eða eiga óhægara með það vegna ómegðar. Segja má, að þetta sé ekki hrósvert, því að það sé sjálfsagður hlutur. Á hitt verður ekki heldur komizt hjá að líta, að undanfarnar ríkisstjórnir, einnig vinstri stjórnin, með hv. þm. Hannibal Valdimarsson í sæti félmrh., létu hjá líða að endurbæta tryggingakerfið. Vinstri stjórnin átti svo annríkt við að glíma við verðbólguna, sem hún féll að lokum fyrir, að gamla fólkið og öryrkjarnir gleymdust.

Miðað við fyrri reynslu í þessum efnum, leyfi ég mér mjög að draga í efa, að hv. flm. vantrauststill. og þeir aðrir, sem þá till. styðja, séu líklegri til að láta sér annt um almannatryggingar en núv. ríkisstj. Núv. ríkisstj. hefur sýnt hug sinn í verki. Fyrrv. ríkisstj. hafa einnig haft tækifæri til að sýna hug sinn í verki, en þær létu það tækifæri ónotað. Þær sýndu hug sinn með athafnaleysi. Kynni þetta ekki að vera prófsteinn um almennan áhuga fyrir velferð einstaklinganna í þjóðfélaginu? Í mínum augum er það svo, og meðal annars af þeim ástæðum mun ég ekki verða í hópi þeirra, sem greiða vantrauststill. atkv. — Góða nótt.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Engin ein ráðstöfun núv. ríkisstj. mun hafa komið öllum landslýð jafnmikið á óvart eða orðið óvinsælli en gengislækkunin, sem skellt var á 4. ágúst í sumar. Eina rökin, sem reynt var að færa fram fyrir þessum dæmalausa verknaði, voru þau, að kauphækkanirnar í sumar hefðu annars sett allt efnahagskerfi landsins úr skorðum. Með þessum tyllirökum var gengi íslenzku krónunnar lækkað svo, að allur erlendur gjaldeyrir hækkaði í verði um 13.6%. Í leiðinni létu stjórnarherrarnir sig ekki muna um að fremja stjórnarskrárbrot með því að draga úr hendi Alþingis það vald, sem því ber að lögum til að skrá gengi krónunnar, og láta það í hendur fimm manna stjórnar Seðlabankans. Þessi verknaður sýnir glögglega ofbeldishneigð núv. valdhafa og virðingarleysi þeirra fyrir Alþingi.

Í þessum umr. hefur kaupgjaldsbaráttuna í sumar mjög borið á góma, og hafa stjórnarsinnar talið hana pólitíska baráttu stjórnarandstöðunnar gegn ríkisstj. Enginn hefur þó jafnblygðunarlaust haldið hér uppi vörnum fyrir afturhaldið og atvinnurekendur gegn verkalýðshreyfingunni og hv. 9. landsk., Alþýðuflokksmaðurinn Jón Þorsteinsson, sem hér talaði í gærkvöld. Það má raunar segja, að það hafi einkennt þessar umr., að það eru Alþýðuflokksmennirnir, sem mest hafa haft í hótunum við verkalýðshreyfinguna. Þessi hv. þm., Jón Þorsteinsson, er með sanni verðugur fulltrúi þess Alþfl., sem gert hefur íhaldsstefnuna að sínum málstað. Hann hélt því fram, að verkföllin í vor hefðu verið pólitísk barátta og verkalýðsfélögin hefðu verið notuð til pólitískra óhappaverka Hann taldi allar kjaraskerðingar réttlætanlegar og að í vor hefði átt að banna verkföllin og lögfesta kaupið. Og að endingu skoraði hann á ríkisstj. og atvinnurekendur að taka nú harðara á móti en gert var í vor, ef verkalýðshreyfingin dirfðist að hreyfa andmælum gegn þeirri ofboðslegu kjaraskerðingu, sem nú hefur dunið yfir og ég kem síðar að.

Þessi var sá boðskapur, sem Alþfl. hafði að flytja launastéttunum í gærkvöld. Alþfl.-menn í verkalýðsfélögunum, hvað segið þið um þennan boðskap í nafni flokks ykkar? Er það rétt, sem stjórnarsinnar halda fram, að verkföllin hafi verið barátta ákveðinna stjórnmálaflokka gegn öðrum flokkum til að koma þeim í bölvun, en þau hafi ekki verið hagsmunabarátta verkalýðsfélaganna? Til að skýra þetta ætla ég að rifja upp, hvernig hagsmunamálum verkafólks var komið í vor, þegar verkföllin hófust.

Þá var liðið hálft þriðja ár frá því, að núv. stjórnarflokkar hófu lækningar sínar á dýrtíðarvandanum og hétu að leiða landsfólkið til batnandi lífskjara. Og hvernig hafði til tekizt? Nýju dýrtíðarflóði hafði verið hleypt yfir þjóðina, kaup verkafólks aldrei verið skert jafnmikið á eins skömmum tíma og þýðingarmikil kjaraákvæði í samningum verkalýðsfélaganna að engu gerð með lagaboði.

Í upphafi þessa tímabils, í des. 1958, var tímakaup verkamanna kr. 23.86, en í maí s. l. var það kr. 20.67, hafði verið lækkað með lögum um kr. 3.19. Maíkaupið þurfti því að hækka um 11.5% til að vera hið sama í krónutölu og það var í des. 1958. En þetta segir ekki hálfa söguna, því að allir vita, hve gífurlega allt verðlag hækkaði á þessu tímabili. Samkvæmt hinni opinberu vísitölu hækkaði vöruverð og þjónusta um 18% frá því í marz 1960 og þar til í maí í vor, án þess að kaup hækkaði um einn eyri á móti, því að allt mátti hækka nema kaupið. Þessu til viðbótar var það opinberlega viðurkennt, að bótalaus kauphækkun í febr. 1959 hefði numið 6%. Eftir tveggja og hálfs árs baráttu stjórnarflokkanna við dýrtíðina var því svo komið í maí s. l., að kaupið hefði þurft að hækka um minnst 24%, til þess að kaupmátturinn væri sambærilegur við það, sem hann var, þegar þeir hófu lækningar sínar.

Allt þetta hafði verkalýðshreyfingin og allir launþegar þolað án þess að grípa til gagnaðgerða. Stjórnarvöldin höfðu haft fullkominn frið til þess að sýna stefnu sína í verki. Þegar verkföllin hófust, hafði verkalýðshreyfingin gert allt hugsanlegt til að fá leiðréttingu mála sinna með friðsamlegum hætti. Í október í fyrra, 7 mánuðum áður en til verkfallanna kom, fór nefnd frá Alþýðusambandinu á fund ríkisstj. þeirra erinda að fá hana til þess að koma til móts við kröfur verkalýðsfélaganna um aukinn kaupmátt launanna. Bent var á leiðir til lækkunar á vöruverði og annað, sem gæti létt undir með launþegum. Verkalýðshreyfingin lýsti því yfir, að sérhverja ráðstöfun í þessa átt mundi hún meta til jafns við hækkað kaup. Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar fengu engin svör hjá ríkisstj. við málaleitan sinni. Það var ekki fyrr en í marz í fyrravetur, að sameiginleg nefnd frá verkamannafélögunum og atvinnurekendum fór sömu erinda á fund ríkisstj., að hún loksins gaf þau svör, að í þessa átt gæti hún ekkert gert. Áður en verkalýðsfélögin boðuðu til vinnustöðvana í vor, höfðu þau staðið í lengri samningaumleitunum við atvinnurekendur en almennt gerist, eða í fimm mánuði og sum þó lengur. Atvinnurekendur komu í engum atriðum til móts við kröfur félaganna allan þennan tíma, og í þeirri afstöðu sinni nutu þeir áreiðanlega ríkulegs stuðnings stjórnarvaldanna.

Þegar verkföllin skullu yfir í vor, voru allir sammála um, að verkalýðsfélögin hefðu ekki átt annan kost. Aðrar leiðir höfðu verið þrautreyndar án árangurs, og allir voru á einu máli um, að launakjörin væru óbærileg. Um þessa afstöðu skiptust menn ekki eftir stjórnmálaskoðunum. Jafnt Alþýðuflokks- og sjálfstæðismenn sem aðrir voru hér á einu máli. Og það má bæta því við, að aldrei í sögunni hafa verkföll hér notið jafnalmennrar samúðar og stuðnings manna úr öllum stéttum og flokkum eins og verkföllin í vor. Það væri fróðlegt að vita, hvort þeir stjórnarsinnar, eins og t. d. Jón Þorsteinsson, sem halda því fram, að þetta hafi verið flokkspólitísk barátta, trúi því virkilega sjálfir, að stjórnir félaga eins og verkakvennafélagsins Framsóknar og Múrarafélagsins, svo að einhver dæmi séu nefnd, hafi farið með félög sín út í verkföll í vor í þeim tilgangi að fella ríkisstj., — eða að Iðja í Reykjavík hafi hækkað kaup félagsmanna sinna

til að gera ríkisstj. sem mesta bölvun. Nei, verkfallsbaráttan í vor var engin pólitísk refskák, heldur óhjákvæmileg barátta fólksins í verkalýðsfélögunum fyrir brýnustu hagsmunum sínum. Hins vegar var það pólitík ríkisstj., stefna hennar og aðgerðir í kaupgjalds- og verðlagsmálum, sem knúði verkalýðsfélögin til verkfallsbaráttunnar. En ekki nóg með það, heldur voru verkföllin dregin sem mest á langinn, eftir að þau voru byrjuð, og það gert í ákveðnu augnamiði, sem ég skal síðar skýra, hvert var.

Þegar verkföllin höfðu staðið í nokkra daga, sömdu fyrirtæki samvinnuhreyfingarinnar á Akureyri við verkalýðsfélögin þar og síðan aðrir atvinnurekendur í kjölfar þeirra. Samningar þessir fólu í sér 10% kauphækkun strax og 4% eftir eitt ár, 1% af kaupinu í styrktarsjóði félaganna og nokkra hækkun á eftirvinnukaupi og orlofsfé. Tæpri viku eftir að samningarnir voru gerðir fyrir norðan, gerðu Vinnumálasamband samvinnufélaganna og verkamannafélagið Dagsbrún með sér samning á sama grundvelli. Þessum samningum og sérstaklega afstöðu samvinnuhreyfingarinnar var einlæglega fagnað af öllum almenningi í landinu. Ekki verður annað sagt en þessir samningar hafi verið mjög hófsamlegir, þegar þess er gætt, að kauphækkunin um 12% nam aðeins helmingi þess, sem kaupið raunverulega hafði lækkað í valdatíð núv. stjórnarflokka. Auk þess áttu svo samningarnir að geta tryggt vinnufrið í tvö ár. Með þessum samningum var sú hernaðaráætlun ríkisstj., að ekki skyldi samið við verkalýðsfélögin, runnin út í sandinn, en þrátt fyrir þá augljósu staðreynd var verkfallinu enn haldið áfram í 3 vikur. Það var vitað mál, að fjöldi atvinnurekenda vildi semja á sama grundvelli og samvinnufélögin. En þeir fengu það ekki. Það var ríkisstj., ráðunautar hennar og örfáir menn í stjórnum atvinnurekendasamtakanna, sem bönnuðu. Og svo eru þessir menn nú að brigzla öðrum um skemmdarverk gagnvart þjóðfélaginu. Loks þegar samið var eftir nærri 5 vikna verkfall voru þeir samningar samhljóða samningunum við samvinnufélögin, nema hvað atvinnurekendur fengu framgengt þeirri fáránlegu og ósvífnu kröfu sinni, að þeir skipi menn í stjórnir styrktarsjóða verkalýðsfélaganna.

En margur kann nú að spyrja: Getur það verið rétt, að verkföllin hafi vitandi vits verið dregin á langinn, og hver var þá tilgangurinn? Eins og ég hef þegar lýst, er það staðreynd, að verkföllin voru lengd um að minnsta kosti 3 vikur algerlega að þarflausu, og tilgangurinn var augljós og er það þó miklu frekar núna. Það átti að gera verkföllin dýr og það átti umfram allt að þreyta verkafólkið og brjóta niður mótstöðuafl þess, svo að það væri þess ekki umkomið að svara gagnráðstöfunum ríkisstj. með nýjum aðgerðum. Ríkisstj. var frá upphafi staðráðin í því að gera að engu með misbeitingu ríkisvaldsins þá ávinninga, sem fólkið kynni að ná með kaupgjaldsbaráttunni. Eftir verkföllin hafa forustumenn stjórnarflokkanna, meðal annars í þessum umr., lýst því yfir, að mjög hafi komið til orða að banna verkföllin strax í byrjun og lögfesta kaupið. Enginn efi er á, að það var aðeins einhugur fólksins í verkalýðsfélögunum og hið sterka almenningsálit, sem kom í veg fyrir þetta ofbeldisverk. En ríkisstj. kunni annað ráð, sem hún taldi öruggara til að ná sama marki, og þetta ráð var að þreyta fólkið í löngum verkföllum og hrifsa svo af því allan ávinninginn. Þetta hvort tveggja er staðreynd í dag. Um síðustu mánaðamót var vísitalan komin í 114 stig og hafði því hækkað um 10% frá því að verkföllunum lauk. Á þremur mánuðum höfðu verðhækkanirnar gleypt hvern eyri af 10% kauphækkun verkamanna. Með gengisfellingunni í ágúst og skefjalausum verðhækkunum öðrum hefur nýju dýrtíðarflóði og verðbólgu verið skellt yfir þjóðina. Þeim ósannindum er nú blygðunarlaust haldið að fólki, að allar þessar verðhækkanir séu verkföllunum að kenna.

Það mætti nefna mörg dæmi til að sanna, hversu mikil fjarstæða þessi kenning er. Ég læt tvö nægja. Eimskipafélagið og önnur skipafélög fengu að hækka farmgjöld um 10%. 3.6% af þessari hækkun, eða um ⅓ hluti hennar, var talið vegna kauphækkananna, en 6.4%, eða um ⅔ hlutar, var bein afleiðing gengisfellingarinnar. Vísitalan er nú í 114 stigum, en ég hygg, að hún verði komin í um 120 stig, þegar allar verðhækkanirnar eru komnar fram. Þá hefði hún hækkað um 15—16 stig síðan í júní. Ég tel, að aðeins 4—5 stig af þessari hækkun séu vegna kauphækkana, og hefur þó ekki verið sparað að hleypa þeim út í verðlagið, en hin 10—11 stigin séu bein afleiðing gengisfellingarinnar, breytinga á álagningarreglum og fleiru. Þetta sannar, að aðeins tæpur þriðjungur verðhækkananna er vegna breytinga á kaupi. Ef þessar ágizkanir eru ekki réttar, skora ég á þá ræðumenn stjórnarflokkanna, sem hér eiga eftir að tala, að sanna hið gagnstæða. En það er gagnslaust að svara því til, að kauphækkanirnar hafi gert gengislækkunina nauðsynlega. Allir vita, að sú staðhæfing er röng. Það voru allt aðrar ástæður fyrir gengisfellingunni og sú helzt, að viðreisnin var komin í strand. Í öðru lagi var hún hefndarráðstöfun ríkisstj. gegn launþegum fyrir að hækka kaup sitt, þvert ofan í boð hennar og bann. Og síðast, en ekki síst var ríkisstj. að sanna erlendum húsbændum sínum, hverjir það væru, sem hér hefðu völdin, og með gengislækkuninni var verið að gera íslenzkt vinnuafl að ódýrri vöru fyrir erlent fjármagn.

Nú þegar er séð, að hin nýja kjaraskerðing nemur ekki aðeins allri kauphækkuninni, heldur um þriðjungi meira. Þegar svo er komið, væri býsna fróðlegt að vita, hvernig hæstv. ráðh. hugsar sér, að verkamenn geti lifað af 4500 kr. á mánuði, en það er nú þeirra kaup. Hafa þeir sjálfir kannske haldið búreikninga, sem gætu leiðbeint húsmæðrum á verkamannaheimilum, hvernig að þessu á að fara? Eða kannske hefur verið séð fyrir erlendum sérfræðingum til að kenna fólki þessa list? Um leið og þessi fantalega árás er gerð á launastéttirnar, boðar hæstv. fjmrh. þjóðinni nýjar skattalækkanir á stórfyrirtækjum og auðmönnum, en almenningi aukna söluskatta. Og til hvaða ráða grípur þessi sami

hæstv. ráðh., þegar honum tekst ekki að koma fjárl. saman? Jú, niðurgreiðslur á mjólk og kjöti skulu stórlækkaðar, svo að verð á þessum vörum hækkar mikið frá því, sem nú er. Þá ætlar hann sér enn fremur að fella niður eða greiða í skuldabréfum lögboðin gjöld til atvinnuleysistryggingasjóðs og lama þar með starfsemi sjóðsins. Það fer ekki á milli mála, hverjum þessir herrar þjóna og á hverjum er níðzt.

Um atvinnuleysistryggingasjóðinn vildi ég segja þetta: Hann er til orðinn sem hluti í lausn á kaupdeilu. Tillögin til sjóðsins eru því hluti af kaupi verkafólksins, sem það leggur til hliðar á þennan hátt. Sjóðurinn er því eign verkalýðsfélaganna, og þau mega aldrei líða neinum að skerða hann. Þvert á móti verður að gera kröfu til þess, að hann komi hinum réttu eigendum, verkafólkinu, að meiri notum en nú er, t. d. með löngum lánum á lágum vöxtum til íbúðarhúsabygginga á félagslegum grundvelli.

Góðir áheyrendur. Ég hef hér bent á, hvernig aðgerðir ríkisstj. í kaupgjalds- og verðlagsmálum knúðu verkalýðsfélögin til nýrrar kaupgjaldsbaráttu í fyrra. Alger neitun ríkisstj. um að fara lækkunarleiðina og afstaða atvinurekenda leiddi síðan til verkfallanna í vor. Þessir aðilar drógu síðan verkföllin á langinn af pólitiskum ástæðum, og eftir verkföllin hefur öll kauphækkunin og þriðjungi meira verið aftur tekið með ofbeldislegum ráðstöfunum. Verkalýðshreyfingin hefur nú markað afstöðu sína til þessarar nýju kjaraskerðingar. Landsráðstefna verkalýðsfélaganna á vegum Alþýðusambandsins, sem haldin var um síðustu mánaðamót, samþykkti einróma, að hún teldi rétt, að kaupgjaldsákvæðum samninga verði strax sagt upp og leitað leiðréttingar á þeim, með það fyrir augum, að kaupmáttur launanna verði eigi lægri en hann var 1. júlí s. l., og ákvæði sett í samningana, er tryggi varanleik kaupmáttarins. Þessum réttlætiskröfum mun verkalýðshreyfingin fylgja fast eftir. Hún mun nú sem fyrr leita allra ráða til að ná samningum með friðsamlegum hætti. En takist það ekki, á hún þann kost einan að beita afli samtakanna til að knýja þá fram. Sjálfsagt á ríkisstj. enn nægu liði á að skipa innan þingsalanna til að fella þá sjálfsögðu vantrauststill., sem hér er til umr., en færi atkvgr. fram meðal almennings, þarf ekki að efast um áfellisdóm þjóðarinnar, og sá dómur þarf að ganga sem fyrst.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Háttvirtir hlustendur. Enn flytja þeir vantrauststill. á ríkisstj. Framsóknarmönnum virðist það álika sjálfsagt og að rjúfa jafnan stjórnarsamstarf, sem þeir hafa stofnað til við aðra flokka. Formaður Framsfl. reið á vaðið í þessum umr. Þessum þm. finnst, að lýðræðið í landinu sé nú að verða markleysa, vegna þess að hjá núv. stjórnarflokkum hafi öll loforð og áform, sem gefin voru fyrir kosningar, farið í sömu gröfina, eins og hann komst svo smekklega að orði. Að minna á sig með þessum hætti er furðu djarft hjá fyrrv. forsrh. vinstri stjórnarinnar. Hefur og verið að því vikið í þessum umr. Í málefnasamningi vinstri stj., sem hann veitti forstöðu, var m. a. lýst yfir, að varnarliðið yrði tafarlaust látið hverfa úr landi. Allir þekkja efndir þess. Að lokið verði á starfstíma stjórnarinnar endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins og kosningalaganna. Allir þekkja efndir þess. Að leitað skyldi eftir erlendum lánum í landbúnaði, iðnaði og hafnargerð. Alkunn er hin niðurlægjandi betliganga vinstri stjórnarinnar til NATO-ríkjanna. Að smíðaðir skyldu 15 stórir togarar og aflað lánsfjár til þess. Efndirnar urðu hin 12 misheppnuðu smáskip, svonefndir tappatogarar. Að stjórnin mundi láta gera heildaráætlun um framkvæmdir á næstu árum og nýmæli í því sambandi og birta hana þjóðinni. Aldrei sá hún dagsins ljós. Nú talar Hermann Jónasson og fleiri framsóknarmenn um framkvæmdaáætlun núv. ríkisstj., sem langt er komið og verður senn lögð fram, sem auglýsingaskrá eða loforðaskrá í blekkingaskyni. Loks lofaði vinstri stjórnin, að ríkisstj. mundi þegar í upphafi í samráði við stéttasamtökin skipa nefnd sérfróðra manna til þess að rannsaka ástand efnahagsmála þjóðarinnar með það fyrir augum, að sem traustastur grundvöllur fáist undir ákvarðanir hennar í þeim málum. Hversu traustur reyndist sá grundvöllur? Formaður Framsfl. sagði í umr. í gærkvöld, að það sé beint öfugmæli, sem búið sé að margendurtaka, að Framsfl. hafi gefizt upp í ríkisstj. vinstri manna 1958. En sjálfur lýsti hann yfir hér í sölum Alþingis 5. des. 1958, að hann hefði þá samdægurs beðizt lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt vegna þess, eins og hann orðaði það, að ný verðbólgualda væri skollin yfir, og við þetta hafði hann því einu að bæta, að í ríkisstj. væri ekki samstaða um nein úrræði, eins og hann komst að orði.

Ég vil segja það út af orðum hv. 1. þm. Norðurl. e., Karls Kristjánssonar, áðan hér í umr., að þetta er sá ægilegasti ofanveltukraftur, sem nokkur stjórnarforusta á Íslandi hefur sýnt. Það er mála sannast á hinn bóginn, að núv. ríkisstjórn hefur fengið á sig almannaorð fyrir að vera mjög framtakssöm og einörð og hafa fylgt fast eftir sinni upphaflegu stefnu, enda þótt þurft hafi að grípa til ráða, sem vita mátti að í upphafi gátu sætt verulegri gagnrýni og valdið jafnvel almennri óánægju fyrst í stað.

Þegar á allt er litið, er ljóst, að almenningur hefur látið sér skiljast hið erfiða hlutverk, sem ríkisstj. hafi að gegna, og hefur metið einarða afstöðu hennar til þess að snúast á hverjum tíma gegn vandanum, enda þarf engum að blandast hugur um það, að ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar óska að sjálfsögðu eftir sem beztu, friðsælustu og farsælustu samstarfi við allar stéttir og starfsgreinar þjóðfélagsins.

Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, sagði áðan, að ráðh. hefðu hér í umr. flutt áróður án raka og það væri uppgjöf, sem allir skildu. Ég get látið hv. hlustendur og hv. þm. um að dæma það. En ég skal í mínum stutta ræðutíma minna nokkuð á, hvernig staðið hefur verið að málum í tíð núv. ríkisstj. Þegar vinstri stjórnin gafst upp í des. 1958, samþykkti flokks-

ráð Sjálfstfl. yfirlýsingu um efnahagsmál og fleira, sem mynda skyldi meginstoðir undir hugsanlegt stjórnarsamstarf sjálfstæðismanna við aðra flokka. Þetta var áréttað á landsfundi og fyrir alþingiskosningarnar 1959. Hér verður að fara stutt yfir sögu.

1) Tafarlaust yrðu gerðar ráðstafanir til þess að stöðva verðbólguna. Það var gert með lögum um niðurfærslu verðlags og launa í janúar 1959.

2) Að lögfest yrði breyting á kjördæmaskipuninni. Það var gert á miðju ári 1959.

3) Að *nýta þyrfti betur auðlindir landsins* og byggja upp stóriðju til þess að tryggja þjóðinni góð og örugg lífskjör með fjölþættara atvinnulífi. Viðtækar athuganir og undirbúningur þessa máls er í framkvæmd.

4) Stefnt skyldi að því að afnema uppbótakerfið, skráð eitt gengi á erlendum gjaldeyri. Þetta var framkvæmt með efnahagsmálalöggjöfinni 1960.

5) Lagður skyldi grundvöllur að frelsi í atvinnurekstri og viðskiptum, svo að hægt væri að afnema þau höft, sem þá voru á viðskiptum og framkvæmdum. Það var gert með nýrri skipan innflutnings- og gjaldeyris- og fjárfestingarmála fyrri árshelming 1960.

6) Fjölskyldubætur skyldu auknar og beinir skattar lækkaðir. Þetta hefur verið framkvæmt.

7) Vísitölukerfið skyldi endurskoðað. Það er einnig framkvæmt.

8) Fjármál ríkisins tekin til gagngerðrar endurskoðunar. Þeirri framkvæmd var rækilega lýst af fjmrh. hér nýlega.

9) Framkvæmd heildarendurskoðun á tolla- og skattakerfinu. Þessu verður lokið á yfirstandandi þingi.

10) Sett skyldi ný og heilsteypt löggjöf um Seðlabanka Íslands, bankalöggjöfin að öðru leyti endurskoðuð. Allt er það komið til framkvæmdar.

11) Sett lög um atvinnuaukningarsjóð og jafnvægi í byggð landsins. Frv. liggur fyrir þessu þingi um það.

12) Að vaxandi framkvæmdir byggist á eðlilegri sparifjármyndun, án þess að þjóðinni sé reistur hurðarás um öxl með óhóflegum erlendum lánum. Ráðstafanir í peningamálum hafa miðazt við þetta.

Þá er að vísu ótalið, að stefna beri að því, að kjarasamningar séu gerðir til lengri tíma en nú tíðkast, og koma þurfi upp samvinnustofnun launþega, vinnuveitenda og ríkisvaldsins, er fylgist með afkomu atvinnuveganna og afli sem gleggstra upplýsinga um alla þætti efnahagslífsins til afnota við samninga um kaup og kjör. Hér er að vísu enn miklu verki ólokið. En ég get ekki varizt því, herra forseti, að láta í ljós, að lýðræði í landinu er ekki hætta búin af slíkri framkvæmd þjóðmála, en vissulega fremur hinu, þegar forustumenn stjórnarandstöðunnar tala jafnutangátta á Alþ. og raun hefur borið vitni að þessu sinni.

Mig hefur undrað margt, sem fram hefur komið í þessum umr. af röngum staðhæfingum og óljósum upplýsingum. Ég get ekki stillt mig um að minnast á það, sem hv. 4. þm. Sunnl., Björn Fr. Björnsson, sagði, þegar hann talaði með tilfinningahita um framfarirnar hér, sem Framsfl. hefði haft forustu um á umliðnum áratugum. Þm. mun ekki eiga við kreppuárin eftir 1934. Hann mun sennilega eiga við tímabilið, sem Tíminn lýsti svo fyrir kosningarnar 1956, að óvíða í heiminum hafa verið meiri framfarir en hér á landi síðustu áratugina. Lífskjörin hafa breytzt og batnað, svo að undrum sætir. En það var einmitt um þetta leyti, fyrir kosningarnar 1956, sem formaður Framsfl. sagði, að sjálfstæðismenn hefðu haft lykilaðstöðuna í stjórnmálum landsins s. l. 17 ár, meðan allar þessar framfarir áttu sér stað. Forustan var m. ö. o. ekki meiri en svo í höndum framsóknarmanna á þessu framfaratímabili þjóðarinnar, þvert á móti. Og þetta passar ekki heldur við það, sem Eysteinn Jónsson sagði áðan, að framsóknarmenn hefðu rifið fólkið hér upp úr fátæktinni.

Í umr. í gærkvöld sagði Lúðvík Jósefsson, að gjaldeyrisstaða þjóðarinnar í heild hafi versnað um 500 millj. kr. á árinu 1960. Minnkandi birgðir útflutningsvöru taldi hann rúmar 200 millj. kr. á árinu. Þessar upplýsingar um minnkandi birgðir má lækka um ca. 80 millj. kr. miðað við það verð, sem vörurnar seldust á eftir verðfall á lýsi, mjöli o. fl., og er þá hallinn í dæmi Lúðvíks sjálfs rúmar 400 millj. kr., en verðmæti innfluttra skipa eingöngu nam á 6. hundrað millj. kr. Það gerir líka meira en að skýra það, sem honum fannst óverjandi, að umsamdar skuldir við útlönd hefðu hækkað á árinu 1960 um 350 millj. kr. Til þessa mikla skipainnflutnings var áður stofnað, en hve afdrifaríkur hann er, sést á þessum samanburði á verðmæti innfluttra skipa undanfarin ár, að árið 1960 er verðmæti innfluttra skipa 518 millj. kr., 1959 256 millj. kr., 1958 201 millj. og 1957 aðeins 100 millj. kr.

Formaður Framsfl. var enn stórtækari, sagði, að skuldasöfnunin erlendis væri 800 millj. kr., sem notað hefði verið til eyðslu, eins og fjmrh. vék að áðan og hrakti.

Auðvitað á ekki að þurfa að deila hér á Alþ. um slíkar tölur. Það, sem máli skiptir og sker úr um það, sem um þetta hefur verið sagt, og einnig um gjaldeyrisstöðu bankanna, er í stórum dráttum þetta: að í gjaldeyrisstöðu bankanna eru talin yfirdráttarlán og yfirdráttarheimildir hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Evrópusjóðnum, sem Hermann Jónasson er líklega með í huga, að hámarki 800 millj. kr., en aðeins er þó notað að nokkru, og um leið auknar innstæður bankanna hjá öðrum peningastofnunum eða minnkandi skuldir þeirra hjá þeim. Og ég get upplýst það hér, að frá ágústlokum 1960 til ágústloka nú 1961, eða á einu ári, hefur gjaldeyrisstaða bankanna batnað um 300 millj. kr., og birgðaaukning útflutningsverðmæta nemur á sama tíma í landinu 70 millj. kr. Og hvers vegna þarf þá að vera að segja fólkinu ósatt eða bara hálfan sannleikann eða bara brot úr sannleikanum, þegar þessar tölur liggja óhrekjanlega fyrir?

Það hefur líka mikið verið talað um innstæðuféð. Mönnum ber ekki alveg saman, og þó vita menn, að menn eru að tala um sitt hvað: annars vegar sparisjóðsinnstæður og hins vegar heildarinnstæður, þ. á m. veltiinnlánin.

Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., vék að þessu hér áðan og 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, líka. Nú langar mig til að lesa hér aðeins örfá orð um þetta atriði úr skýrslu Útvegsbankans 1960. Ég geri ekki ráð fyrir, að Karl Kristjánsson a. m. k. vefengi það, — hann er endurskoðandi bankans, — en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það má telja, að með þeim ráðstöfunum ríkisstj. hafi í fyrsta sinn um árabil náðst jafnvægi í peningamálum hér á landi á árinu 1960. Spariinnlán bankanna jukust um 286 millj. kr. í stað 170 millj. kr. árið 1959. Aukningin er þó tiltölulega enn meiri, ef tillit er tekið til þess, að spariinnlánin lækkuðu fyrstu mánuði ársins, er áhrifa efnahagsráðstafananna var enn ekki farið að gæta, og öll aukningin skeði því á tímabilinu apríl—desember, og varð sú aukning 2½ sinnum meiri en á sömu mánuðum ársins 1959."

Svo segir enn fremur:

„Veltiinnlánin lækkuðu hins vegar um 33.7 millj. kr., en höfðu aukizt um 24.2 millj. kr. á árinu 1959. Skýringin á lækkun veltiinnlánanna er að nokkru leyti sú, að inneignir fjárfestingarsjóða hjá viðskiptabönkunum eru taldar með í þessum innlánum, en breytingar á þeim inneignum geta verið miklar á skömmum tíma eftir því, hvernig til hagar með fjáröflun útlánssjóðanna. Þannig lækkaði inneign Fiskveiðasjóðs Íslands hjá Útvegsbankanum um 35.4 millj. kr. á árinu 1960, þ. e. a. s. um hærri upphæð en nemur heildarlækkun veltiinnlána hjá öllum viðskiptabönkunum."

En þessi minnkun á veltiinnlánum er vegna óvanalega mikilla útlána til skipakaupa á þessu ári hjá fiskveiðasjóði.

Það er ekkert skordýraeitur, sem drepur kvikindi eins snögglega og viðreisnin útgerðina, segja þessir spekingar og bera fyrir sig aðra spekinga. Á yfirstandandi ári hafa útgerðinni þó verið veittar um 400 millj. kr. í stofnlán til greiðslu á gjaldföllnum og óumsömdum skuldum, sem orsökuðust öðru fremur af fjárfestingarlánaskorti þessarar atvinnugreinar á liðnum árum. Fiskveiðasjóður hefur til septemberloka á þessu ári veitt 105 millj. kr. í lánum til smíði á fiskiskipum innanlands og til kaupa erlendis frá á nýjum skipum, og í fyrra veitti sjóðurinn lán til sömu þarfa aðeins í nýsmíði fyrir 137 millj. kr. og alls með viðgerðum og vélakaupum 183 millj. kr.

Bændum er ætlað að fá hliðstæða aðstoð með breytingu á víxillánum í löng lán, en áður hafði ríkisstj. sannast að segja bjargað stofnlánasjóðum þeirra í Búnaðarbankanum frá gjaldþroti.

Iðnlánasjóður hefur verið stóreflduur með auknum ríkisframlögum og útvegun erlends hagstæðs láns um 21 millj. kr. á þessu ári.

Ég vil aðeins víkja örfáum orðum að ummælum hv. 3. þm. Reykv. hér áðan, er hann komst að orði á þá leið, að „kardínálar heimsauðvaldsins", eins og hann kallar okkur stjórnarsinna, „hafi nú ákveðið að stela sjálfstæðinu af þjóðinni eftir að vera búnir að stela launum af fólkinu". Hann segir þetta í sambandi við hugsanlega aðild að Evrópubandalaginu. „Maðurinn, manngildi og lífshamingja fjöldans er þessum mönnum einskis virði", sagði þessi hv. þm. Ég vil aðeins að þessu sinni segja vegna þessara óstjórnlegu stóryrða og reyndar margra fleiri, sem ég hirði nú ekki að rekja, og einnig af því að mér virtist hv. 1. þm. Austf. vilja að einhverju leyti taka í sama streng, að ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar vilja einmitt vegna trúar á manngildið, mannhelgina og einstaklingsfrelsið freista þess að slítna ekki úr tengslum við hinar vestrænu lýðræðisþjóðir og þ. á m. Norðurlöndin í efnahagsuppbyggingu þeirra til bættra lífskjara fyrir alþýðu manna. Þjóðinni verður gerð full grein fyrir því, sem um er að ræða, en það verður aldrei, að núv. ríkisstj. gangist undir nein þau samningsákvæði, sem hér eiga ekki við og samrýmast ekki íslenzkum þjóðarhagsmunum.

Það er fjarri því, að ríkisstj. Íslands og stuðningsflokkar hennar hafi eitrað fyrir íslenzka atvinnuvegi og vilji alþýðu þessa lands sem verst, eins og fram hefur komið í ræðum hv. þingmanna. Það hefur verið barizt harðri baráttu til þess að rétta við eftir öngþveiti vinstri stjórnarinnar. En hv. þingmenn, andrúmsloftið er hins vegar eitrað þessa dagana. Mánuðum og e. t. v. árum saman verður það eitrað um gjörvalla heimsbyggðina. Kommúnistar og handbendi þeirra virðast ekki vilja vita um hið eitraða helryk, sem nú breiðist út frá risasprengjum Sovétríkjanna. En ótti og skelfing býr þó um sig. Það væri sannarlega ekki til of mikils mælzt, þótt talsmenn kommúnista hér í þessum umræðum gerðu grein fyrir afstöðu sinni til þessarar ögrunar við lífshamingju fólksins um heim allan. Og enn eiga þeir þess kost í kvöld, þó að allir hafi þagað fram að þessu, og eftir því verður tekið. Það er e. t. v. svo, að þau frú Furtseva, sem hér var gestur ekki alls fyrir löngu, og Krúsjeff séu saklausar friðardúfur, en e. t. v. eru þau og þeirra lið ekki meira mannkostafólk en þau sjálf lýsa fyrri samherjum og áður fremstu mönnum hins kommúnistíska ríkis í austri. Og þegar slíkt fólk leikur sér að 500 millj. tonna vetnissprengjum, er gervöllu lífi ögrað. Við slík tímamót þykir ekki öllu máli skipta, hvort kommúnistum megi takast að komast á nýjan leik í vinstri stjórn á Íslandi.

Ríkisstjórn Íslands mun beita sér fyrir þeirri aðgát og varúð, er við verður komið. Hún vill stuðla að vörnum borgaranna í öruggri trú á framtíð þjóðarinnar. Við Íslendingar missum ekki þrátt fyrir stórar ögranir trúna á landið og lífið sjálft. Við tökum undir með þjóðskáldinu Davíð Stefánssyni, þegar hann kveður á þúsund ára hátíð Alþingis: „Við biðjum þess, að byggðir vorar allar blómgist og vaxi næstu þúsund ár." — Góða nótt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í tilefni af því, sem seinasti ræðumaður sagði um skuldasöfnun þjóðarinnar á undanförnum árum, vil ég upplýsa það samkv. heimildum Framkvæmdabanka Íslands, að í árslok 1958, þegar vinstri stjórnin lét af völdum, námu skuldirnar við útlönd 44 millj. dollara, eða tæpum 1900 millj. í

íslenzkum krónum. Í árslok 1960 námu skuldirnar orðið 66 millj. dollara, eða 2847 millj. kr., og höfðu aukizt á þessum tveimur fyrstu árum núverandi valdasamsteypu um nær 1000 millj. kr. Það er með þessum hætti, sem hæstv. ríkisstj. hefur efnt loforð sitt um að draga úr skuldasöfnuninni við útlönd.

Ég efast um, að nokkru sinni hafi verið brosað meir í útvarpsumræðum en þegar Gylfi Þ. Gíslason var að tala um það hér í gærkvöld, að menn ættu að vera ekta, menn ættu ekki að snúast, menn ættu ekki að leika Strompleik. Ég veit, að ég þarf ekki að nefna það, hver þykir nú mestur strompleikari á Alþingi eða hvaða flokkur það er, sem nú starfar í mestu ósamræmi við stefnuskrá sína. Ég segi aðeins við ykkur, hv. kjósendur: Rifjið það upp, sem foringjar Alþfl. sögðu fyrir seinustu kosningar, og berið það saman við það, sem þeir hafa gert eftir kosningarnar. Rifjið upp loforð Emils Jónssonar um stöðvun dýrtíðarinnar án nýrra álaga. Eftir þetta hafið þið fyrir augum miklu stórkostlegri Strompleik en þann, sem Kiljan hefur samið.

Þá er kannske ekki úr vegi að minnast nokkrum orðum á strompleikarann Sigurð Ingimundarson. Þann 15. febr. s. l. sendi hann ríkisstjórninni bréf sem stjórnarnefndarmaður í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, þar sem krafizt var 34% kauphækkunar fyrir opinbera starfsmenn og það ekki sízt rökstutt með kjaraskerðingunni af völdum viðreisnarinnar. Hér á Alþingi, þar sem Sigurður er að þjóna ríkisstj., stimplar hann svo þessar og aðrar kauphækkanir sem skemmdarverk. Þetta er víst það, sem Gylfi kallar að vera ekta.

Annars hygg ég, að það hafi ekki verið lítil raun mörgum gömlum Alþfl.-mönnum, þeim sem stóðu við hlið Jóns Baldvinssonar og Héðins Valdimarssonar, að hlusta á hina nýju foringja Alþfl., Gylfa Þ. Gíslason og Jón Þorsteinsson, er þeir töluðu hér í gærkvöld Þeir létu sig ekki muna um það að kalla það skemmdarverk, að samvinnufélögin sömdu við lægst launuðu verkamenn um 400 kr. kauphækkun á mánuði og afstýrðu með því stöðvun síldveiðanna. Jón Baldvinsson og Héðinn Valdimarsson fylgdust svo vel með högum alþýðuheimilanna, að þeir mundu ekki hafa átt nógu sterk orð til að fordæma þá, sem hefðu kallað það skemmdarverk að veita verkamönnum 400 kr. kauphækkun á mánuði, eins og nú er komið dýrtíðinni. Og því fremur hefðu þeir Jón Baldvinsson og Héðinn Valdimarsson gert þetta, ef það hefði legið fyrir á sama tíma, að margir auðmenn græddu meira en nokkru sinni fyrr. En þeir Gylfi Þ. Gíslason og Jón Þorsteinsson, sem hvor um sig hafa margföld verkamannalaun, láta sig ekki muna um að kalla þetta skemmdarverk. Og svo segja þeir, að Alþfl. vilji vera skjól og skjöldur láglaunafólksins í landinu. Ótrúlegt er, að þeir verði margir, sem láta blekkjast af slíkum Strompleik, enda fjölgar þeim nú óðum, sem ekki láta lengur blekkjast af foringjum Alþfl.

Það er nú komið að lokum þessara umræðna. Margir hlustendur kunna að segja, að þeir séu litlu nær eftir það, sem þeir hafa heyrt, því að fullyrðing standi gegn fullyrðingu, tölur gegn tölum, einir segi það hvítt, sem aðrir segi svart. Við þá, sem þannig hugsa, vil ég aðeins segja þetta: Hver er ykkar eigin reynsla? Látið hana dæma. Finnst t. d. bóndanum, að kjör hans séu betri og framtíðarhorfurnar bjartari en fyrir þremur árum, þegar núverandi stjórnarflokkar tóku völdin? Finnst kannske húsmóðurinni í borginni, að það, sem hún fær handa á milli til heimilisþarfa, endist betur nú en þá? Finnst útgerðarmanninum, að rekstrarkjör útgerðarinnar séu betri nú en þá og horfurnar glæsilegri? Finnst byggingariðnaðarmönnum, að nú séu betri atvinnuhorfur fram undan en þá? Finnst ungu hjónunum, að það muni auðveldara nú en þá að stofna heimili og eignast eigin íbúð? Þannig eiga menn að spyrja, og þegar þeir hafa svarað slíkum spurningum, geta þeir dæmt um það, hvorir hafi haft réttara mál að flytja í þessum umræðum, við, sem að þessari vantrauststillögu stöndum, eða hinir, sem hafa andmælt henni.

Nú kunna einhverjir að spyrja: En hefur ekki núverandi ríkisstj. haft minna til skipta en áður var? Svar við þessari spurningu er að finna í Morgunblaðinu á sunnudaginn var. Þar upplýsir hæstv. landbrh., Ingólfur Jónsson, að undanfarin ár hafi framleiðsluaukningin numið til jafnaðar 4—5% á ári, og hefði hún átt að geta gert auðvelt að bæta lífskjörin um 2—3% árlega. Samkv. þessum upplýsingum Ingólfs ættu lífskjörin almennt að hafa getað orðið 6—9% betri 1961 en 1958, ef allt hefði verið með felldu. Í staðinn hafa þau orðið miklu lakari. Hvað veldur þessu? Ástæðan til þess er sú, að efnahagsaðgerðir ríkisstj. hafa gerbreytt allri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Á sama tíma og hlutur launafólks, bænda og minni milliliða hefur stórminnkað, hefur safnazt miklu meira fjármagn en áður hjá hinum stærri milliliðum og atvinnurekendum, er búið hafa við fengsælustu aðstöðuna. Það er þetta, sem er skýringin á kjaraskerðingunni, sem meginþorri landsmanna hefur orðið fyrir. Tekjuskiptingin hefur orðið miklu ójafnari, og með sama áframhaldi, þ. e. með óbreyttri efnahagsstefnu, verður brátt komið í það horf, að þjóðfélagið skiptist í fáa auðjöfra og fjölmennan öreigalýð.

Hér er komið að einni meginástæðunni fyrir andstöðu okkar framsóknarmanna gegn hæstv. ríkisstj. Við viljum skapa þjóðfélag, þar sem sem allra flestir einstaklingar séu efnalega sjálfbjarga og geti notið framtaks síns. Fyrir áhrif okkar á stjórnarfar undanfarinna áratuga var svo komið, að hér voru fyrir þremur árum hlutfallslega fleiri efnalega sjálfstæðir einstaklingar en sennilega í nokkru landi öðru. Óhætt er að fullyrða, að í engri höfuðborg unnu þá hlutfallslega fleiri ungir heimilisfeður að því að koma upp sínum eigin íbúðum en í Reykjavík. Þetta síðarnefnda er nú alveg gerbreytt. Með stórauknum byggingarkostnaði og lánsfjárhöftum hefur dauð hönd verið lögð á þetta framtak hinnar ungu kynslóðar. Þetta sama blasir nú hvarvetna við í þjóðfélaginu. Kjör hinna mörgu hafa verið skert, framtak þeirra lamað, en fáir auðjöfrar blómstra. Úrelt, ranglátt þjóð-

félag, sem bindur hendur þúsunda framtakssamra manna, er að rísa upp á Íslandi.

Sú öfugþróun, sem hér blasir við, býður heim mörgum hættum. Það dregur úr uppbyggingu og framförum, þegar fátækt og lánsfjárhöft eru látin hefta framtak hinna mörgu. Framleiðslan verður þá stórum minni en ella. Það býður heim vaxandi stéttaskiptingu og stéttabaráttu, þegar fáir auðkóngar verða á aðra hlið, en margir öreigar eða efnalitlir menn á hina.

Hæstv. ríkisstj. lætur blöð sín básúna það dag eftir dag, að hún sé ákaflega mikið á móti kommúnistum. Sannleikurinn er hins vegar sá, að það þjóðfélag, sem ríkisstj. er að skapa, þjóðfélag hinna fáu ríku, en mörgu fátæku, er einmitt það þjóðfélag, sem skapar kommúnismanum bezta vaxtarmöguleika. Fyrir þá, sem vilja ekki skapa kommúnistunum aukna vaxtarmöguleika á Íslandi, er því ekkert verkefni mikilvægara en að hnekkja þeirri afturhaldsstefnu, er núv. ríkisstj. beitir sér fyrir.

Sú stefna, sem hæstv. ríkisstj. fylgir, hefur þannig þau tvö megineinkenni, að hún lamar framtak hinna mörgu einstaklinga og eykur stéttabaráttuna, fylkir stétt gegn stétt. Ný stór verkfallsalda er afstaðin, önnur er rétt fram undan. Þetta er því hörmulegra er þess er gætt, að þurfi þjóðin á nokkru að halda, þá er það aukið framtak einstaklinga hennar og aukin samheldni þeirra og samstarf. Það má vera öllum ljóst, sem eitthvað fylgjast með málum, að Íslendingar eiga stranga baráttu og harða samkeppni fyrir höndum, jafnvel harðari baráttu og strangari samkeppni en nokkru sinni fyrr. Hvort sem við tengjumst að einhverju leyti Efnahagsbandalagi Evrópu eða stöndum utan þess, mun okkur reynast mikil raun að halda hlut okkar til jafns við aðra í því mikla framtíðarkapphlaupi þjóðanna við að efla atvinnuvegi sína og bæta lífskjör sín. Ekkert nema ýtrasta framtak sem allra flestra einstaklinga og sem mest eining þjóðarinnar getur aftrað því, að Íslendingar heltist úr lestinni og Ísland verði nýlenda á nýjan leik. Þess vegna segjum við framsóknarmenn stríð á hendur þeirri stjórnarstefnu, sem miðar að því að draga úr sjálfsbjargarviðleitni og framtaki hinna mörgu einstaklinga, — þeirri stjórnarstefnu, sem miðar að því að auka stéttaskiptingu og stéttabaráttu, — þeirri stjórnarstefnu, sem framar nokkru öðru getur skapað kommúnismanum jarðveg á Íslandi. Við framsóknarmenn krefjumst þess, að sú ríkisstj. víki, er slíkri stefnu fylgir, og þjóðin fái sjálf í nýjum kosningum að leggja grundvöll að nýrri stjórnarstefnu, — stjórnarstefnu, er væri við það miðuð að efla framtak hinna mörgu einstaklinga og auka samhug og einhug þjóðarinnar, svo að hún verði sem bezt fær um að mæta þeim vanda, sem fram undan er.

Ég vil að lokum beina einni spurningu til þeirra, er heyra mál mitt: Er það ekki yðar álit, að þjóðin fullnægi þannig bezt því hlutverki, er forsjónin hefur fært henni að rækja, að hér séu sem allra flestir efnalega sjálfstæðir einstaklingar, sem geti notið framtaks síns, og að stjórnarframkvæmdir séu miðaðar við það að auka einhug og samstöðu þjóðarinnar, en stefni ekki að því að auka stéttaskiptingu og stéttabaráttu. Þeir, sem svara þessari spurningu játandi, geta ekki annað en fyllzt ugg og ótta um framtíð þjóðarinnar, ef áfram verður stjórnað svo sem gert er í dag. Í dag ríkir sú stjórnarstefna, sem þrengir hag og lamar framtak hinna mörgu í þágu hinna fáu. Í dag ríkir sú stjórnarstefna, sem fyrst og fremst vinnur að hag stórgróðamanna og ávallt dregur taum þeirra, þegar í odda skerst, og beitir jafnt til þess fantalegum tilskipunum, bráðabirgðalögum og öðrum bolabrögðum. Í dag fer með völd í landinu ríkisstj., sem vinnur eins og markvisst að því að sundra þjóðinni með því að auka stéttaskiptingu og stéttabaráttu og fylkir þannig stétt gegn stétt eins og ætt var fylkt gegn ætt á Sturlungaöld. Á Íslandi loga því í dag meiri eldar sundrungar og upplausnar og margvíslegra hagsmunadeilna en þar hafa verið síðan á 13. öld. Á þennan veg getur þjóðin ekki valdið því veglega hlutverki, sem forsjónin hefur falið henni að rækja.

Sú ríkisstj., sem fjötrar framtak hinna mörgu og blæs að kolum sundrungar, stéttabaráttu og hagsmunadeilna, verður að víkja. Hún getur ekki annað en leitt þjóðina lengra út í ófæru og skapað hér jarðveg fyrir öfgar og kommúnisma. Þjóðin verður að fá tækifæri til þess í nýjum kosningum að breyta um stefnu, tækifæri til að leggja grundvöll að nýjum og réttlátari stjórnarháttum, er miða að því að sameina hana í stað þess að sundra henni og gefa hinum mörgu einstaklingum tækifæri til að njóta sín, en þrælbinda þá ekki í höft fátæktar og peningavalds, eins og nú á sér stað.

Ef stjórninni tekst að fá lið sitt til að fella vantraustið hér á Alþ., verður þjóðin að sýna stefnu hennar og vinnubrögðum slíka andúð, að hún neyðist sem fyrst til að rjúfa þing og láta kjósendur þannig fá tækifæri til að taka í taumana.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Háttvirtir áheyrendur. Hv. síðasti ræðumaður, hv. 7. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, vék að því í sinni ræðu, að Sigurður Ingimundarson, hv. 1. landsk. þm., hefði sent ríkisstj. bréf 15. febr. í vetur. Ég vil aðeins geta þess sem dæmis um málflutning hv. þm., að Sigurður Ingimundarson var á þeim tíma alls ekki í landinu, heldur staddur á Norðurlandaráðsfundi erlendis og hefur engin afskipti haft af því bréfi.

Þessi hv. ræðumaður spurði: Er ástandið betra nú en fyrir þremur árum? Vill fólkið bera saman það, sem var fyrir þrem árum, og það, sem er nú? En það er nú bara ekki þetta, sem á að bera saman. Það á að bera saman ástandið eins og það hefði orðið, ef ekki hefði orðið stefnubreyting í efnahagsmálunum, og ástandið eins og það er í dag. Hermann Jónasson sagði í árslok 1958, að við værum að steypast fram af hengiflugsbrúninni, og það var vitað, að það var ekki hægt að klífa til baka nema með nokkurri fórn. Og ég fullyrði, að þjóðin hefði á engan hátt getað komizt út úr ógöngunum, sem vinstri stjórnin var búin að koma henni í

1956—1958, nema eftir þeirri leið, sem farin hefur verið.

Hv. 2. landsk. þm., Eðvarð Sigurðsson, vildi gera afstöðu Alþfl. og hv. 9. landsk. þm., Jóns Þorsteinssonar, til kauphækkananna sérstaklega tortryggilega eftir ræðu Jóns Þorsteinssonar hér í gær. Hann taldi, að stefna flokksins í þessum málum væri í ósamræmi við það, sem hún hefði áður verið, og það minntist hv. síðasti ræðumaður, Þórarinn Þórarinsson, á líka, að öðruvísi mundu þeir Jón Baldvinsson og Héðinn Valdimarsson hafa tekið á þessum málum en forusta Alþfl. í dag. En ég skal segja þessum hv. þm., hver er stefna Alþfl. í launamálum, bæði nú og fyrr, og hún er ekki breytt frá því, sem hún hefur áður verið. Stefna Alþfl. í þessum málum er sú að vera á móti óraunhæfum kauphækkunum, sem aftur eru teknar mjög fljótlega af launþegunum í hærri sköttum, í auknum tollum og öðru slíku, eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Það er enginn akkur í því og ekkert unnið við það að fá hærri laun, ef þau eru tekin strax aftur. Ef launin eru spennt hærra en atvinnureksturinn getur borið, án þess að grípa þurfi til sérstakra ráðstafana af hálfu ríkisstj., án þess að bæta þetta af opinberu fé, þá er launahækkunin einskis virði. Það er einkennandi, og það sýnir glöggt, hvert stefnt hefur verið, að á undanförnum 10—12—15 árum hefur kaupmáttur launa ekkert hækkað í þessu landi, heldur þvert á móti lækkað, þrátt fyrir að hækkanirnar hafi orðið miklar í krónum. Það er af því, að þær hafa verið teknar of stórar og óraunhæfar, þannig, að atvinnureksturinn hefur ekki getað borið þær, og þess vegna hefur orðið að klípa þær aftur af launþegunum. Hefðu í staðinn verið teknar kauphækkanir eins og atvinnureksturinn gat borið, hefðu launþegarnir getað haldið þeim og hagur þeirra vissulega orðið betri.

Í umræðunum í kvöld hefur annars fátt komið fram merkilegt, nema ef vera skyldi það, sem hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, sagði um inngöngu Íslands í Efnahagsbandalagið, því að meginuppistaðan í ræðu hans var um inngöngu okkar í það bandalag og þær hættur, sem því væru samfara. Það, sem gerzt hefur í þessu máli, er það eitt af hálfu ríkisstj., að hún hefur verið að kynna sér málið, enga ákvörðun tekið, ekkert gert í málinu annað en kynna sér það. Og hún mun ekkert gera í málinu, án þess að það verði áður lagt fyrir hv. þm., hvenær svo sem það kann að koma til afgreiðslu. Þetta getur ekki verið ástæðan til vantrausts, að kynna sér mál, því að vissulega er það þýðingarmikið, hvort við eigum að verða meðlimir í þessu bandalagi, og hins vegar, hvort við getum það.

Þessi hv. þm. vildi líka reyna að læða því inn hjá hv. þm. og öðrum hlustendum, að ósamræmi hefði verið í afstöðu hæstv. viðskmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar, 1950 og afstöðu hans nú til flutnings gengisskráningarvaldsins til Seðlabankans. En ástæðan til þess, að afstaða viðskmrh. núverandi var 1950 önnur en hún er í dag, er sú einfaldlega, að Seðlabankinn í sinni núverandi mynd var ekki til 1950. Hann var aðeins hluti af viðskiptabanka þá, og þess vegna giltu um hann allt aðrar reglur en um Seðlabankann gilda í dag. Enn fremur var í því gengislækkunarfrv., sem flutt var 1950 af Sjálfstfl. og Framsfl., gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn eða sá hluti Landsbankans, sem kallaður var Seðlabanki, hefði það fyrst og fremst til hliðsjónar við gengisskráningu, hver væru laun verkamanna. Slíkt ákvæði er ekki til í núverandi lögum, sem fluttu gengisskráningarvaldið úr höndum Alþ. til Seðlabankans.

Ég skal svo leyfa mér að fara nokkrum orðum um umr. þær, sem hér fóru fram í gærkvöld.

Hv. 2. þm. Vestf., Hermann Jónasson, sagði, að hann teldi lýðræði á Íslandi stofnað í voða með sviknum kosningaloforðum stjórnarflokkanna, og nefndi sem dæmi, að Alþfl. hefði lofað að halda dýrtíðinni í skefjum, en svikið það gersamlega, og hv. þm. Þórarinn Þórarinsson var mikið inni á því sama. En hvað er nú það sanna í þessu? Jú, undir stjórn Hermanns Jónassonar og verndarvæng hans sjálfs hafði þróazt óðaverðbólga í þessu landi. Vísitala framfærslukostnaðar hafði hækkað um 34 stig á einu ári, á árinu 1958, og ljóst var, að hún mundi hækka um 50 stig á næsta ári til viðbótar, ef ekki yrði að gert. En fyrir aðgerðir stjórnar Alþfl. var þessi óheillaþróun stöðvuð, og vísitala framfærslukostnaðar hækkaði ekki um eitt einasta stig á árinu 1959 og fyrstu mánuði ársins 1960, í stað þess að hún hefði hækkað um 50 vísitölustig á árinu 1959, — sú hækkun lá á borðinu, — hefði ekki verið að gert. Og það sem meira er, í tíð núv. ríkisstj. hækkaði framfærslukostnaðarvísitalan ekki nema um aðeins 4 stig í rúmt eitt og hálft ár þrátt fyrir mikla gengisbreytingu í ársbyrjun 1960, sem ekki var hægt að komast hjá. Hún hækkaði ekki fyrr en ráðstafanir kommúnista og framsóknarmanna komu til skjalanna og kauphækkanir hófust s. l. sumar. Að taka einstaka þætti hækkananna út úr heildarvísitölunni, eins og t. d. ýmsar neyzluvörur, og segja, að þær hafi hækkað um 18%, gefur auðvitað fullkomlega ranga mynd af því, sem gerðist, því að þessum hækkunum var af ríkisstj. mætt með hliðarráðstöfunum, eins og hækkunum bóta almannatrygginganna, skattalækkunum og fleira, sem bættu upp rúml. ⅔ af hækkunum neyzluvaranna. Nei, Alþfl. og ríkisstj. í heild hefur hér engin kosningaloforð svikið, en það eru aðrir, sem hafa komið þeim hækkunum til leiðar, sem orðið hafa svo örlagarík síðustu mánuðina.

Hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, sagði, að ríkisstj. hefði lofað að beita sér fyrir því, að atvinnuvegir landsmanna yrðu reknir án styrkja og að skuldasöfnunin við útlönd yrði stöðvuð, en hvort tveggja hefði verið svikið. Það er rétt, að þegar gengisbreytingin var ákveðin í ársbyrjun 1960, var hún við það miðuð, að afkoma útvegsins yrði svipuð án styrkja og uppbóta og hún var áður en gengisbreytingin var gerð. Var þá miðað við sama aflamagn og áður og sama verðlag á afurðunum og áður. Nú skeði það hins vegar, að verðlag á tveimur aðalútflutningsvörum okkar, mjög þýðingarmiklum, lækkaði stórkostlega og aflamagnið, sér-

staklega hjá togurunum, minnkaði mjög verulega. Hefur því afkoman, sérstaklega hjá togurunum, versnað frá því, sem gert hafði verið ráð fyrir. Ekki er það efnahagsráðstöfunum ríkisstj. að kenna, heldur af ástæðum, sem ég nú var að nefna, aflaleysinu og verðfallinu. Afli togaranna t. d. var að meðaltali 1958 á hvert skip 5247 tonn. 1959 var hann 4339 tonn, eða nærri þúsund tonnum minni. Og 1960 varð hann 3032 tonn, eða rétt um 58% af því, sem hann var 1958. Það er auðsýnilegt, að slík aflarýrnun hlýtur að hafa afgerandi áhrif á afkomu þessara skipa, sem eru efnahagsaðgerðum ríkisstj. gersamlega óviðkomandi, og er út af fyrir sig mikið vandamál, sem vissulega þarf að bæta úr.

Gjaldeyrisstaða bankanna við útlönd var orðin slík um það bil, sem uppbótakerfið var að syngja sitt síðasta vers, að þar hélt við stöðvun. Lausaskuldirnar voru orðnar um 200 millj. kr., og allir lánamöguleikar voru tæmdir. Nú hefur ekki aðeins þessi skuld verið greidd upp, heldur hefur safnazt nokkur gjaldeyrisforði, þó að enn sé hann mikils til of lítill, en miðar þó þar í rétta átt.

En þessi hv. þm., Lúðvík Jósefsson, kunni eitt ráð, sem átti að vera allra meina bót, og það var, að allir vinstri menn í landinu sameinuðust nú undir forustu Alþb. eða nánar tiltekið kommúnista, um að taka upp aftur hina fyrri stefnu óðaverðbólgu, uppbóta og styrkja. Hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, var líka inni á þeirri hugsun í ræðu sinni nú í kvöld. Ég hélt þó, að þjóðin hefði verið búin að fá nóg af slíkri stefnu, sem hafði borið þann raunalega árangur, að allar kauphækkanir, sem orðið höfðu á s. l. 10—15 ára tímabili, höfðu verið gerðar að engu, farið í verðbólguhítina og kaupmáttur launanna ýmist staðið í stað eða lækkað. Það hefur nefnilega alltaf á undanförnum árum verið að því ráði horfið að bæta atvinnuvegunum hækkunina með uppbótagreiðslum og gjaldeyrisfríðindum eða öðrum slíkum dulbúnum gengislækkunum, þegar allt var að komast í þrot, en alltaf of seint.

Hefði till. sáttasemjara um 10% launahækkun, 6% strax og 4% 1. júní n. k., verið samþykkt, mundi ríkisstj. hafa reynt að gera allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að launþegar gætu haldið þessari hækkun án skerðingar sem nokkru næmi, og freista þess, að atvinnuvegirnir gætu undir því risið, þó að þar væri greinilega teflt á mjög tæpt vað, og hefði þá farið á allt annan og betri veg en nú er orðið.

Hv. 2. landsk. þm., Eðvarð Sigurðsson, taldi í sambandi við afstöðu Alþfl. til þessara kjarabreytinga, sem gerðar voru á s. l. sumri, að verkalýðsfélög þau, sem Alþfl.-menn og að sumu leyti Sjálfstfl.-menn hefðu stjórnað og haft áhrif á, hefðu haft allt aðra skoðun á þessum málum en Alþfl.-forustan, og hann nefndi í því sambandi verkakvennafélagið Framsókn og Múrarafélagið. En ég get sagt þessum hv. þm. það, ef hann man það ekki, sem hann þó sjálfsagt gerir, að bæði þessi félög samþykktu till. sáttasemjara, þegar hún kom fram, og sýndu þar með í verki, að þau vildu heldur una því, sem raunverulegt var, heldur en hinu, sem enga stoð hafði í raunveruleikanum. En þegar svo þessi tillaga sáttasemjara var hækkuð um 100% eða meir, var strax sýnilegt, að atvinnuvegirnir mundu alls ekki geta undir því risið. Þá voru tvær leiðir til: annaðhvort að gera ekki neitt og bíða eftir því, að atvinnurekstrinn stöðvaðist að meira eða minna leyti, eða gera hinar nauðsynlegu ráðstafanir strax. Ef fyrri leiðin hefði verið farin, var sýnilegt, að hinn litli gjaldeyrisforði, sem til var, mundi ganga til þurrðar á mjög skömmum tíma, þar sem innflytjendur mundu fljótlega gera sér grein fyrir því, hvað verða vildi og hvert stefndi, og flýta sér að kaupa, meðan genginu yrði ekki breytt, auk þess sem 500—600 millj. kr. hækkun á ári, en það er sú upphæð, sem heildarlaunin í landinu hækkuðu um á s. l. sumri, mundi koma fram í mjög aukinni eftirspurn eftir erlendri vöru. Hér var því ekki um neina hefndarráðstöfun að ræða, heldur aðeins um aðgerð, sem hlaut að koma fyrr eða síðar, en allt mælti með, að gerð yrði strax, ef ekki ætti aftur að sökkva í fen gjaldeyrisskorts og hafta. Uppbótaleiðinni hafði þjóðin fengið nóg af og því ekki um aðra leið að ræða en gengisbreytingu, sem gæfi útflutningsatvinnuvegunum lífvænlega afkomu, eftir því sem við yrði ráðið.

Þegar meta skal verk einnar ríkisstj., þá gildir um það fyrst og síðast, að taka verður tillit til hvors tveggja, þess, sem vel kann að hafa verið gert, alveg eins og ekki síður en til hins, sem miður kann að hafa farið, ef sanngjörn niðurstaða eða dómur á að fást. Engin mannanna verk eru alfullkomin, jafnvel ekki heldur verk framsóknarmanna eða kommúnista, og til þess ber einnig að taka tillit.

Núv. ríkisstj. hefur setið að völdum í tæp tvö ár, og á þeim tíma hefur hún komið ýmsu góðu til leiðar, sem vafizt hafði fyrir fyrrv. ríkisstjórnum. Vildi ég í því sambandi nefna hinar gagngerðu og róttæku endurbætur á almannatryggingalögunum, sem nú eru komin í það horf, sem bezt þekkist annars staðar. Lausn landhelgisdeilunnar við Breta var einnig mjög þýðingarmikið mál fyrir okkur, sem ríkisstj. heppnaðist að leiða til lykta á þann hátt, að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar fagnar þeirri lausn. Lækkun beinna skatta, tekjuskatts og útsvars, er líka hlutur, sem telja má stórt spor í rétta átt. Loks má minna á lausn efnahagsvandamálanna, sem yfirleitt hafði tekizt vel, þangað til hinar óraunhæfu kauphækkanir voru knúðar fram s. l. sumar af stjórnarandstöðuflokkunum, launþegum í landinu til ógagns, og voru tilræði við efnahagskerfið. Það, sem miður hefur farið í þessu sambandi, má því fyrst og fremst rekja til stjórnarandstöðunnar, og verðskuldar hún því vissulega sjálf það vantraust, sem hún er að bera fram, og það vantraust mun þjóðin vissulega veita henni, þegar þar að kemur í fyllingu tímans. — Góða nótt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh., sem lauk hér máli sínu nú, sagði, að stefna Alþfl. í kaupgjaldsmálum væri skýr, hún væri sú að vera á móti öllum óraunhæfum

kauphækkunum. En hvað eru raunhæfar kauphækkanir að dómi þeirra Alþfl.-manna? Hvenær geta slíkar kauphækkanir átt sér stað? Ætli það sé ekki, þegar framleiðsluaukningin er hjá þjóðinni, þegar þjóðartekjurnar hækka? Ef ekki þá, þá hvenær? Nú liggur það fyrir staðfest, að á undanförnum árum hafa þjóðartekjurnar hækkað um 4—5% að meðaltali á ári. Hvers vegna hefur þá þurft að lækka kaupið á þessum tíma? En Alþfl. hefur einmitt tekið þátt í því að lækka kaupið með lögum þrátt fyrir þessar staðreyndir. Nei, stefna þeirra Alþfl.-manna í kaupgjaldsmálum er harla einkennileg. Í stéttarfélögunum samþykkja forustumenn Alþfl. og m. a. þm. Alþfl., að nauðsynlegt sé að hækka kaup, leggja út í verkföll, knýja fram kauphækkun. En á Alþingi samþykkja sömu menn að lækka kaupið aftur, og þá prédika þeir hér á eftir, að það sé óhjákvæmilegt, af því að kauphækkanirnar séu ekki byggðar á réttum rökum.

Ég tók eftir því, að hæstv. félmrh. vildi hala nokkuð í land um afstöðu ríkisstj. til inngöngu Íslands í Efnahagsbandalag Evrópu. Það væri gott, ef svo væri í raun og veru. Hæstv. ráðh. sagði, að ríkisstj. hefði ekkert gert í því máli annað en kynna sér málið. En ráðherrarnir hafa haldið ræður opinberlega um nauðsyn þess, að Ísland gangi í þetta bandalag. Þeir segja hér, að þeir vilji ekki, að Ísland einangrist frá Norðurlöndum og öðrum vestrænum ríkjum og af því verði það að ganga í bandalagið, þó að það liggi hins vegar fyrir, að ýmis Norðurlandanna ætla ekki að ganga í bandalagið.

Hæstv. forsrh. sagði í umræðunum, að það væri enginn vafi á því, að Íslendingar tryggðu sér bezt lífskjör með því að ganga í þetta bandalag. Og hefur ekki ríkisstj. beitt sér fyrir því, að fjöldamörg félagasamtök, sem ríkisstj. ræður hér yfir, eins og öll kaupmannasamtökin í landinu, skoruðu á ríkisstj. að ganga í bandalagið? Nei, ríkisstj. hefur gert meira en lítið til þess að vinna að undirbúningi þess að koma Íslandi í þetta bandalag. En það væri betur, að rétt væri, að ríkisstj. færi að sjá að sér í þeim efnum.

Þegar hæstv. ríkisstj. þarf að verja efnahagsstefnu sína, grípur hún allajafna til þess að afsaka allt haldleysi efnahagslaganna með aflaleysi. Það átti að hafa verið aflaleysi á síldveiðunum 1960, þó að þá væri næstmestur afli, sem Íslendingar hafa fengið á síld seinustu 16 ár. Og það átti að vera aflaleysi hjá bátaflotanum á s. l. ári, þegar aflinn varð meiri á bátaflotanum en hann hafði nokkurn tíma orðið áður fyrr. Nei, það var hins vegar á yfirstandandi ári, sem aflinn gekk saman, vegna þess að flotinn lá í landi, þegar þeir, sem áttu flotann, voru í deilu við ríkisvaldið. Nei, það er ekki aflaleysi, sem hefur valdið því, að viðreisnin hefur farið út um þúfur.

Hæstv. dómsmrh., Jóhann Hafstein, vék að því, að Sovétríkin væru að sprengja kjarnorkusprengjur, og hann spurði um afstöðu okkar Alþb.-manna í sambandi við þessar sprengingar. Hæstv. ráðh. veit vel, hver afstaða okkar Alþb.-manna er til kjarnorkusprenginga. Við höfum verið og erum enn algerlega á móti öllum kjarnorkusprengingum, hvort sem þær fara fram í austri eða vestri. Við höfum flutt till. hér á Alþ. um þá afstöðu okkar. Árið 1953 fluttum við þm. Sósfl. hér á Alþingi till. um að skora á Bandaríkin, sem þá voru að sprengja kjarnorkusprengjur, og Sovétríkin og Bretland að stöðva slíkar tilraunir og sprengingar. En þá var hins vegar hik m. a. á hæstv. núv. dómsmrh., Jóhanni Hafstein, og núv. hæstv. forsrh. að samþykkja slíka till. Þá vildu þeir ekki samþykkja till. okkar og þeir fengu henni breytt og það orð fellt út úr till. að mótmæla kjarnorkusprengingum, af því að Bandaríkin voru þá að sprengja. En hins vegar var till. breytt þannig, að skorað var á allar þjóðir að fallast á allsherjarafvopnun. Afstaða okkar Alþb.-manna er í þessum efnum alveg óbreytt frá því, sem hún var.

Hv. Alþfl.-maður Sigurður Ingimundarson vék hér að samningum þeim, sem gerðir voru á milli verkamanna og atvinnurekenda haustið 1958. Hann hélt því hér fram í umræðunum, að þá hefði ég og Hermann Jónasson lofað atvinnurekendum því, að þeir skyldu fá að hækka verðlagið í landinu sem kauphækkuninni nam, sem þá var samið um. Hér fór hv. þm. algerlega rangt með staðreyndir. Atvinnurekendur fóru að vísu fram á það að fá loforð um, að verðlag hækkaði sem kaupgjaldshækkuninni næmi. Því var neitað. Hinu var lýst yfir, að sama regla skyldi gilda og jafnan áður, að það kaupgjald, sem um hafði verið samið í nýjum samningum, skyldi lagt til grundvallar við útreikninga á verðlagi í landinu. Hitt var svo opið eftir sem áður, að lækka álagningarreglurnar og koma í veg fyrir, að verðlagið þyrfti að hækka. Og þegar þessi mál komu síðan fyrir innflutningsskrifstofuna, þar sem verðlagsmálin eru endanlega afgreidd, lýsti fulltrúi Alþb. yfir því þar og einnig fulltrúi Framsfl., að þeir væru reiðubúnir að koma í veg fyrir það, að þessi kauphækkun færi út í verðlagið. En hverjir voru það þá, sem gáfust upp og samþykktu að velta kauphækkuninni út í verðlagið? Auðvitað fulltrúi Sjálfstfl. og fulltrúi Alþfl. Hins vegar mætti þessi hv. þm. Alþfl. minnast þess, að svikin við verkamenn í sambandi við kaupgjaldssamningana 1958 voru ekki meiri en svo, að 1. des. eða um það leyti, sem vinstri stjórnin lét af völdum, var kaupmáttur launa sá hæsti, sem hann hefur verið mældur, eða 109 stig. En hvað er kaupmátturinn nú? 84 á móti 109. Svo talar þessi hv. þm. um það, að við, sem stóðum þá að lausn vinnudeilu, höfum svikið verkalýðssamtökin.

Hæstv. fjmrh. viðurkenndi hér í umr. það, sem ég hafði sagt í gærkvöld, að á s. l. ári hafi orðið skuldasöfnun í umsömdum lánum við útlönd, sem næmi 330 millj. kr. En hann reyndi að gefa skýringu á, hvernig stæði á þessari skuldasöfnun. Ég tel það mjög í áttina, að hæstv. ráðh. er nú kominn þó þangað að viðurkenna, að það hafi verið um skuldasöfnun að ræða á árinu, en því hafði verið neitað áður. Jú, ástæðan var sú, segir hæstv. ráðh., að það var keypt svo mikið af skipum og flugvélum á þessu ári, að þessi skuldasöfnun myndaðist. En hvernig stóð á þeirri skuldasöfnun, sem ráð-

herrarnir töluðu mest um og hagfræðingar ríkisstj. að myndazt hefði, áður en „viðreisnarlöggjöfin“ var samþykkt, á árunum 1957, 1958 og 1959? Það lá fyrir, að skuldasöfnun sú, sem þá hafði myndazt, hafði myndazt af miklum innflutningi á skipum, flugvélum, byggingu verksmiðja, byggingu sementsverksmiðjunnar og fleiri stórframkvæmdum í landinu. Þegar á þetta var bent, um það leyti sem ríkisstj. var að koma viðreisnartillögum sínum í lagaform, vildi ríkisstj. ekki á þetta hlusta. Nú afsakar hún skuldasöfnun sína við útlönd með þessari skýringu.

Hæstv. fjmrh. vék hér að vinnufriði þeim, sem hafi verið í landinu á tímum vinstri stjórnarinnar. Man þessi hæstv. ráðh., að á tímum vinstri stj. stöðvaðist framleiðslan í landinu aldrei vegna vinnudeilna? Útgerð í landinu féll aldrei niður einn einasta dag. Framleiðslan var alltaf í fullum gangi, þó að Sjálfstfl. og forustumenn hans væru í fullum gangi að reyna að koma á vinnustöðvunum allan tímann. En nú á tímum viðreisnarstjórnarinnar hefur þetta verið á annan veg til stórtjóns fyrir þjóðina.

Hv. þm. Alþfl., Friðjón Skarphéðinsson, sagði í umr. í kvöld, að Hannibal Valdimarsson, félmrh. í vinstri stjórninni, hefði gleymt gamla fólkinu, hefði gleymt því að hækka bæturnar til þess í almannatryggingalögunum, þegar hann var félmrh. Þessi hv. þm. Alþfl. hefur gleymt því, hver var ráðh. félagsmála í þessum efnum í vinstri stjórninni. Það var nefnilega Guðmundur Í Guðmundsson, Alþýðuflokksmaðurinn, sem stjórnaði málefnum Tryggingastofnunar ríkisins eftir sérstakri kröfu Alþfl. Hafi gamla fólkinu verið gleymt í tíð vinstri stjórnarinnar, ætti þessi hv. þm. að eiga um það við sinn flokk og sinn ráðherra.

Nú blasa við þær staðreyndir, að síðasta gengislækkun viðreisnarstjórnarinnar muni leiða af sér mjög bráðlega ný stór verkföll, nýjar framleiðslustöðvanir til gífurlegs tjóns fyrir þjóðarheildina. Gengislækkunin í sumar svipti launþega ekki aðeins öllum þeim kjarabótum, sem þá var samið um, heldur lækkaði kjörin frá því, sem þau voru fyrir verkföllin. Þegar kaupgjaldssamningarnir voru gerðir í sumar, var vísitalan 104 stig, nú er hún orðin 114 stig og hefur því hækkað um 10%. Talið er víst, að vísitalan hækki í 120—123 stig á næstu mánuðum, og er þá verðlagshækkunin orðin allmiklu meiri en öll kauphækkunin frá í sumar. Það er þessi árásarpólitík ríkisstj. gegn launafólki, sem leitt hefur til þess, að fjölmenn ráðstefna á vegum Alþýðusambandsins, þar sem mættir voru jafnt yfirlýstir stuðningsmenn ríkisstj., sem verið hafa a. m. k. fram til þessa, og stjórnarandstæðingar, samþykkti einróma, að óhjákvæmilegt væri fyrir verkalýðssamtökin að knýja fram nýjar kauphækkanir með verkföllum, fáist leiðrétting ekki með öðrum hætti. Og nú stefnir beint út í þessar vinnustöðvanir. Það eru ekki aðeins lægst launuðu verkamennirnir í landinu, sem rísa upp gegn þessari árásarpólitík ríkisstj. Kennarar hafa við orð að leggja niður vinnu. Læknar starfa á bráðabirgðalögum fram að áramótum, og verkfræðingar eru enn í verkfalli. Þannig logar allt af óánægju frá þeim lægst launuðu og upp til þeirra hæst launuðu í þjóðfélaginu. Ríkisstj. hefur sjálf orðið að semja um 27% kauphækkun til yfirmanna á varðskipum og strandferðaskipum og enn meiri hækkun til flugmanna. Þannig mismunar stjórnin launastéttunum, en verður þó að láta undan í einstöku tilfellum. Og sjómannasamtökin hafa einnig ákveðið að segja upp og heimta aðild að fiskverðssamningum og hækkað fiskverð. Útgerðarmenn bátanna krefjast hækkaðs fiskverðs vegna gengislækkunarinnar í sumar. Þeir benda á, að gengislækkunin hafi hækkað verð á olíum, veiðarfærum, viðhaldi og yfirleitt öllum búnaði skipa, og enn fremur hafi afborganir og vextir hækkað, þar sem mikið af bátalánum er í erlendum gjaldmiðli. En fiskkaupendur hafa þegar gert samþykkt um, að þeir geti ekki hækkað fiskverðið um einn eyri. Þeir bera fyrir sig drápsklyfjar viðreisnarinnar á öðrum sviðum, eins og t. d. að þeir séu látnir greiða hærri vexti en nokkurs staðar annars staðar þekkist í fiskiðnaði.

Þannig standa málin. Út í þetta öngþveiti hefur viðreisnin leitt. Það, sem höfuðmáli skiptir, er að átta sig á því, að sú stjórnarstefna, sem framkallar látlausar vinnustöðvanir, er röng. Frá slíkri hættustefnu verður að snúa. Ríkisstj. er ljóst, að hún fær þjóðina aldrei til þess að leggja blessun sína yfir viðreisnarstefnuna. Það er af þeim ástæðum, sem hún hefur nú í þjónustu sinni erlenda hagfræðinga til þess að búa út fimm ára framkvæmdaáætlun. Þá áætlun á að kjósa um, en ekki viðreisnarpólitíkina. Það á ekki að kjósa um samdráttar- og kreppustefnuna, ekki um kauplækkunar- og árásarstefnuna, heldur um framfara- og nýbyggingaáætlun. Mennirnir, eins og foringjar íhaldsins, sem aldrei hafa mátt heyra minnzt á ríkisáætlanir, á áætlunarbúskap og stöðugt hafa vikið slíkum tillögum frá á undanförnum árum, eru nú orðnir áætlunarmenn. Bjarni Benediktsson forsrh. segir að vísu, að ekki megi líta á þessa fimm ára áætlun sem bindandi, heldur sem ramma, sem einstaklingarnir geti fyllt út í. En tilgangurinn er augljós. Fyrir næstu kosningar á að birta myndir af stórframkvæmdum framtíðarinnar. Í fimm ára áætluninni á að birta mynd af svissneskri alúmíníumverksmiðju á Íslandi, eins og Bjarni Benediktsson minntist á á landsfundi sjálfstæðismanna. Þar verður mynd af hitaveitu fyrir Reykvíkinga alla og kannske fleiri staði. Þar verða myndir af nokkrum stórorkuverum dreifðum á ýmis kjördæmi. Og þar verða teiknaðir upp vegir víða um landið, og þar verða myndir af steyptum vegum. Það er svona myndabók, uppáskrifuð af erlendum mönnum, sem næst á að kjósa um, en viðreisnarstefnuna frægu á að fela.

Núverandi stjórnarflokkar lofuðu í öllum höfuðatriðum gagnstæðu þess, sem þeir hafa framkvæmt. Ný loforð þeirra fyrir kosningar verða að skoðast í því ljósi.

Góðir hlustendur. Átökin í íslenzkum þjóðmálum í dag eru að skýrast. Hægri öflin í landinu hafa myndað sína blokk. Sjálfstfl. ræður þar algerlega gangi mála, en notar Alþfl. eingöngu til að tryggja sér meirihlutaaðstöðu. Þessi hægri

blokk verður ekki sigruð nema af samstæðri fylkingu vinstri manna. Stefnuskilin eru líka glögg. Í næstu kosningum verður kosið um hægri eða vinstri stefnu, um það, hvort sú stefna skuli ríkja í landinu, sem leiði til stöðugra átaka við launþegasamtökin og vinnustöðvana, eða stefna, sem styðst við launþegasamtökin og tryggir vinnufrið. Þá verður valið milli kauplækkunarstefnu og kauphækkunar, á milli samdráttarstefnu og framfarastefnu, á milli þess, hvort útlendingar eigi að ráða atvinnulífi landsins eða Íslendingar, um það, hvort Ísland eigi að ganga í Efnahagsbandalag Evrópu eða ekki. Millileiðir í þessum málum eru ekki til. Menn verða annaðhvort að vera með því, að Ísland afsali sér efnahagslegu sjálfstæði, eða á móti, með hægri eða vinstri. Málin skýrast. En það, sem ræður úrslitum, er það, hvort vinstri menn, allir þeir mörgu í þessu landi, sem eru á móti núverandi stjórnarstefnu, skilja nauðsyn þess að hafa samstöðu. Samstaða vinstri manna færir þeim öruggan sigur. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 9. fundi í Sþ., 27. okt., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, HermJ, IG, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS.

nei: IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, EinS, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, SvE, PS, RH, SÁ, SI, JKs, AGb, AuA, BGr, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, FS.

2 þm. (HH, FRV) fjarstaddir.

Till. þar með fallin.

2. Afturköllun sjónvarpsleyfis.

Á 17. fundi í Sþ., 22. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um afturköllun sjónvarpsleyfis o. fl. [91. mál] (A. 134).

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 19. og 23. fundi í Sþ., 6. des. og 7. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 28. febr., var till. enn tekin til einnar umr. (útvarpsumr.).

Forseti (FS): Umr. verður hagað þannig, að hver þingflokkur fær 45 mínútna ræðutíma, sem skiptist í tvær umferðir, hin fyrri 25—30 mín., en hin síðari 15—20 mín., þannig að samtals verði það 45 mín. Er til þess mælzt, að ræðumenn virði þessar tímaákvarðanir um lengd ræðutíma. Röð flokkana verður þessi: Alþýðubandalag, Alþýðuflokkur, Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur.

Hefst nú umræðan, og tekur fyrstur til máls 1. flm. þáltill., hv. 9. þm. Reykv., Alfreð Gíslason.

Flm. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Góðir hlustendur. „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að afturkalla þegar í stað leyfi til sjónvarpsstarfsemi bandaríska hersins á Íslandi. Jafnframt verði haldið áfram athugunum þeim, sem ríkisútvarpið hefur með höndum um möguleika á rekstri íslenzks sjónvarps.“ Þannig er orðalag till., sem hér er til umr., en hún er flutt af nokkrum þm. Alþb.

Nú er liðinn um aldarfjórðungur síðan sjónvarp fyrst kom til sögunnar í heiminum, en þó getur varla talizt, að það hafi slitið barnsskónum enn. Þó ber öllum saman um, að það sé þegar orðið eitt öflugusta tæki nútímans til áhrifa, góðra eða illra eftir því, hvernig á er haldið. Það hefur reynzt mjög vandmeðfarið, enda til þessa dags víðast hvar orðið beggja handa járn í menningarlegu tilliti, og er reynsluskorti og sums staðar óheppilegu rekstrarformi aðallega kennt um. Hvergi er reynslan af sjónvarpi orðin lengri en í Bandaríkjunum, og því kemur það kynlega fyrir, að sjónvarp þar skuli að efnisgæðum yfirleitt talið eitt hið lakasta í heiminum. Þetta á almennt við um sjónvarp þar og er ekki einungis álit útlendinga, heldur og Bandaríkjamanna sjálfra. Menningargildi þess er sérlega lágt metið og því kennt um, að sjónvarpsstöðvarnar eru í höndum gróðafélaga og reknar af þeim í áróðurs- og auglýsingaskyni. Annars virðist víða pottur brotinn í þessum efnum, og eiginlega mun sjónvarp hvergi komið af gelgjuskeiðinu. Þessar skoðanir fara erlendir sjónvarpsmenn ekki dult með. Og einkum benda þeir á, að þesssari starfsemi sé í rauninni markaður harla þröngur bás. Forstjóri BBC-sjónvarpsins brezka lýsir nýlega þeirri skoðun sinni í blaðaviðtali, að hlutverk sjónvarps sé fyrst og fremst fréttaflutningur, sýning atburða, um leið og þeir gerast. Þetta verkefni getur sjónvarpið eitt leyst af hendi og gert það vel. Flutning annarra menningarþátta geti það að vísu annazt, en ekki eins vel og á þeim sviðum séu aðrir aðilar hæfari.

Almennt er sjónvarpið sakað um að hafa óholl áhrif á uppvaxandi kynslóð, svo og á fjölskyldulíf og félagslíf yfirleitt, og hafa þegar farið fram skipulegar rannsóknir á sanngildi þeirrar sakargiftar. Einni slíkri rannsókn, mjög víðtækri, er nýlega lokið í Bretlandi, og leiddi hún í ljós m. a., að börn innan 16 ára aldurs eyða að meðaltali eins miklum tíma fyrir framan sjónvarpstækið og þau nota til skólans og annarrar félagslegrar starfsemi samanlagt. Flest börn, sem eru að byrja í skóla, nota 14 klukkustundir vikulega til að horfa á sjónvarp og 11—13 ára börn eyða í það 28 stundum í viku. Afleiðingin verður minni bóklestur, minna félagslíf og minni tími til útivistar og leikja. Þessar löngu setur framan við sjónvarpstækið torvelda börnum með dula skapgerð að samlagast jafnöldrum sínum, og þær auka á einræningsháttt og draumóra viðkvæmra barna. Brezku sérfræðingunum, sem þessar athuganir gerðu, þótti niðurstaðan ekki glæsileg, en þeir

hugguðu sig við það, að enn verra hefði ástandið reynzt í Bandaríkjunum, þar sem samsvarandi rannsóknir höfðu farið fram. Þar fannst 7 ára barn, sem hafði laumað muldu gleri í mat fjölskyldunnar, til þess, eins og það sagði, að sjá, hvort það dræpi hana, eins og í sjónvarpinu. Þar hafði einnig komið í leitirnar 9 ára stúlka, sem í hefndarskyni hafði sent kennara sínum öskju með eitruðu sælgæti, en fyrirmyndina hafði hún úr ameríska sjónvarpinu.

Sjónvarpið hefur að sjálfsögðu ekki eins djúptæk áhrif á fullorðna og börn. Þó þykir það verka þvingandi á heimilin og draga úr æskilegu félagslífi, auk þess sem það stelur tíma frá hollri tómstundaiðju. Víða er kvartað um þverrandi aðsókn að leikritum, hljómleikum og öðrum mannfundum og sjónvarpinu kennt um.

Sjónvarpsstarfsemi er svo viðamikill og dýr rekstur, að smáþjóðir, sem þó eru 20—30 sinnum fólksfleiri en Íslendingar, hikuðu lengi við að ráðast í hann. Það er því ekkert tiltökumál, að íslenzkt sjónvarp er enn ekki orðið að raunveruleika. Íslenzkir menntamenn, sem til sjónvarps þekkja, harma þetta ekki, því að þeir telja það ekki enn eiga til okkar brýnt erindi. Þetta hafa margir þeirra vottað opinberlega síðustu mánuðina, og kann ég að nefna úr þeim hópi biskup landsins, háskólakennara, fræðslumálastjóra, þjóðleikhússtjóra, námsstjóra, rektor og nemendur menntaskóla, rithöfunda og íslenzka stúdenta við nám erlendis.

Ekki virðast stjórnarvöld okkar alveg sammála menntamönnunum um ágalla sjónvarps. Raunar hafa þau ekki haft hátt um áhuga sinn á íslenzku sjónvarpi, en þeim mun betur hafa þau stutt að því, að útlent sjónvarp og einmitt heimsins lélegasta fengi að flæða sem víðast yfir byggðir þessa lands. Þetta er sannleikur, þótt kyndugur sé. Blaðið Íslendingur á Akureyri sagði nýlega frá á þessa leið:

„Einn íslenzku blaðamannanna, sem vestur fór í vetur sem leið, horfði eina kvöldstund á sjónvarp í hótelherbergi sínu og kvaðst hafa komizt upp í 16 morð það kvöldið í sjónvarpinu."

Það er þetta sjónvarp, sem íslenzkir ráðherrar virðast hafa sérstakt dálæti á. Árum saman hafa stjórnarvöld okkar látið purkunarlausa útlendinga hafa sig að ginningarfíflum. Þann veg var Íslandi laumað inn í stríðsbandalag, og með sama hætti voru herstöðvar leyfðar í landinu og herseta. Síðan hefur aldrei orðið lát á ásókn erlends valds í þessu landi, og jafnlátlaust hefur undanhald íslenzkra ráðamanna verið. Á það við jafnt í stóru sem smáu. Sérhver ósk hins erlenda hers er uppfyllt, óðar en hún er látin í ljós. Það sér hinn þjónustusami andi, ríkisstj. Íslands, um. Í hvert sinn sem setuliðið t. d. telur sig þurfa að smala íslenzku kvenfólki í herbúðirnar mannskapnum til stundargamans, er sótt um leyfi til hins háa íslenzka utanríkisráðuneytis. Ekki vantar það, að um leyfi er sótt. Við þessum umsóknum sem öðrum er ævinlega orðið, og hermennirnir geta skemmt sér. Um hitt er minna hugsað, velferð íslenzku heimilanna, sem sjá á eftir dætrum sínum ofan í þetta fen óreglu og siðspillingar á Suðurnesjum. Kveinstafir þessara heimila berast ekki til varnarmáladeildar utanrrn. á Laugavegi 13.

Öll leyfi eru veitt. Ekki var herinn fyrr kominn til landsins en hann heimtaði leyfi til að reka útvarp. Það var sumarið 1951. Hér var að vísu úr vöndu að ráða, því að íslenzk lög harðbanna þá starfsemi, sem fram á var farið. Nokkur dráttur varð á leyfisveitingunni þrátt fyrir harðfylgi þáv. menntmrh. við málið, og mun drátturinn hafa átt rót sína að rekja til sómatilfinningar útvarpsstjórans, sem þá var. En herinn beið ekki boðanna og hóf útvarpsstarfsemi sína í heimildarleysi. Að því kom þó skömmu síðar, að útvarpsstjóri var beygður, íslenzk lög þverbrotin, en Alþingi og þjóðin ekki virt viðlits. Síðan hefur ameríska hermannaútvarp af lægstu gráðu keppt við hið íslenzka um að móta hugsunarhátt og smekk æskulýðsins í þessu landi.

Bandaríska setuliðið hér virðist heldur slælegt í vörn, ef marka má viðbrögð þess, er Bretar réðust á Ísland 1958. Hins vegar hefur það margsannað hæfni sína til sóknar. Stanzlaust og með glæstum árangri hefur það herjað á íslenzk stjórnarvöld og knúið þau til þrotlausra tilslakana. Árið 1954 heimtaði herinn að fá að reka sjónvarp í landinu. Það leyfi, sem raunar jafngilti einkaleyfi, var veitt þegjandi og hljóðalaust af þáv. utanrrh., sem hvorki spurði kóng né prest. Þó voru viss skilyrði sett, a. m. k. til málamynda. Styrkleiki stöðvarinnar skyldi ekki fara fram úr 50 wöttum og stefnuverkunin takmörkuð í átt til þéttbýlisins við Faxaflóa. Þessa heimild veitti hvorki útvarpsráð né útvarpsstjóri, og menntmrh. kom þar lítt eða ekki við sögu. Nú var skipt um hlutverk og símamálastjóri látinn gefa út leyfi að boði utanrrh., enda ekki ósanngjarnt, að menn skiptust á um að vinna óþrifalegustu verkin. Annars var aðferðin söm og áður, t. d. hvorki stuðzt við lög né leitað álits Alþingis.

Þegar hér var komið sögu, tók setuliðið til óspilltra málanna að selja Íslendingum sín úreltu sjónvarpsviðtæki. Salan mun hafa gengið vel, og brátt vildu yfirvöld hersins fá að stækka stöðina. Sóttu þau um heimild til að auka sendiorkuna upp í 250 wött og mega hafa stefnuverkunina ótakmarkaða í allar áttir. Um þetta er sótt árið 1956, og þá skeði sá einstæði atburður, að setuliðið fékk synjun hjá íslenzkum ráðherrum. Um ástæðu til þessarar synjunar veit ég ekki með vissu, en þess má minnast, að árið 1956 var kosningaár og á því ári komust vinstri menn til valda í landinu. Hvað sem um þetta er, þá liggur það nú fyrir, að hernum var neitað um stækkun sjónvarpsstöðvarinnar á árinu 1956, enda lá tilgangurinn með þessari starfsemi þá þegar í augum uppi. En herstöðvamenn eru iðnir við kolann og hafa raunar ekki öðru að sinna hér en að færa út áhrifasvið amerikanismans. Þeir héldu því sókninni áfram, og vorið 1961 unnu þeir sigur í sjónvarpsmálinu. Stækkunarleyfi fékkst, og amerísku viðtækin runnu út eins og heitar lummur að sögn Alþýðublaðsins. Enginn veit með vissu um fjölda sjónvarpsviðtækja í landinu utan herstöðvanna, en gizkað er á, að þau hafi verið á annað þúsund í Reykjavík á s. l. sumri. Ekki hafði viðtækjaverzlun ríkisins þá flutt inn nema örfá sjónvarpstæki, og mun obbinn af þessum tækjum landsmanna ýmist kominn frá setuliðinu eða sem smyglvarningur inn í landið. Útvarpstæki eru vandlega skrásett, en samsvarandi

skráning sjónvarpstækja hefur aldrei farið fram. Er hér allt á eina bókina lært. Íslenzkt sjónvarp ekki til, en íslenzkir sjónvarpsnotendur skipta mörgum hundruðum. Reglur eru engar að fara eftir í þessum efnum, og þannig láta stjórnarvöldin reka á reiðanum ár eftir ár. Sjónvarpsviðtæki kosta nú að sögn 15—22 þús. kr. Það eru þannig miklir fjármunir, sem renna til þessara tækjakaupa, og munu þegar nema tugmilljónum. Þessi sóun er mjög varhugaverð. Sennilega líða ekki ýkjamörg ár, þar til íslenzkt sjónvarp hefst, og um leið eru öll þessi verðmæti farin í súginn. Það er þegar ráðgert, að senditæki íslenzka sjónvarpsins verði sömu tegundar og notuð eru í Evrópulöndum, en til þess að ná stöð með þeim útbúnaði duga amerísku viðtækin ekki. Evróputækin eru nýtízkulegri og myndgerðin öll önnur en amerísku tækjanna. Þetta er mál, sem ekki var vanþörf á að kynna almenningi, og raunar hefur útvarpsstjóri bent á það í blaðaviðtali, en hæstv. ríkisstj. virðist kæra sig kollótta um þetta hagsmunamál fólksins, eins og fleiri.

„Íslenzkri tungu og íslenzkri menningu hlyti að verða stefnt í voða, ef hér yrði erlendur her að staðaldri.“ Þannig komst að orði núv. hæstv. menntmrh. árið 1949. Orð þessi voru sönn þá, og þau eru jafnsönn enn í dag, þótt hæstv. ráðh. telji það líklega ekki lengur henta sér að flíka þeim. Frá herstöðvum berast margháttuð siðspillandi áhrif, og löng erlend herseta getur sýkt hugsunarhátt, tungu og siðvenjur heillar þjóðar niður í rætur. Þetta eru gamalkunn sannindi, sem ekki verður í móti mælt. Það má loka augunum fyrir þeim, þegja um þau og neita að hlýða á þau, eins og íslenzkir ráðherrar löngum gera. En óhagganleg eru þau engu að síður. Það var gengið út frá því sem gefnu, að þjóðlegri menningu okkar yrði skeinuhætt af nábýlinu við útlenda herstöð. Hjá tjóni var ekki komizt, jafnvel þótt fyllstu varúðar í öllum samskiptum hers og þjóðar hefði verið gætt. Þetta var íslenzkum þjóðarleiðtogum ljóst, svo sem gömul ummæli þeirra sanna. Samt var látið skeika að sköpuðu og góðfúslega leyft, að erlendur her tæki sér bólfestu í landinu. Og ekki nóg með það, engrar varúðar var gætt í samskiptunum, heldur voru allar dyr opnaðar á gátt fyrir því óheilnæmi, sem frá herbúðunum stafar. Á þessa sveifina hafa íslenzk stjórnarvöld og bandarísk lagzt sameiginlega, hin íslenzku með ístöðuleysi sínu og þau bandarísku með markvissri ágengni.

Þess hefði mátt vænta, að ríkisstj. vinveittrar þjóðar eins og Bandaríkjanna léti ekki hernámið hvíla á þessari litlu þjóð og menningu hennar með meiri þunga en nauðsynlegt var. En hér fór á aðra leið, svo ótrúlegt sem það er. Bandarísk stjórnarvöld virðast leggja á það ríka áherzlu að gera tíð strandhögg og stór á íslenzku menningarsviði og ná þar sem öruggastri fótfestu. Þessi fáheyrða viðleitni vinveittrar þjóðar speglast mjög greinilega í sjónvarpsmálinu.

Sú hugsun er fráleit, að bandarísk yfirvöld oti hermannasjónvarpi sínu að Íslendingum þeim til menningarauka. Svo einföld eru þau sannarlega ekki. Þeim er vel kunnugt um álit heimsins á bandarísku sjónvarpi, og vafalaust þekkja þau eitthvað til skoðana manna hér. Hvað segja annars íslenzkir menningarfrömuðir um þetta sjónvarp sérstaklega? Ég skal rifja upp nokkur dæmi um þeirra álit.

Snorri Sigfússon námsstjóri segir: „Ég var einu sinni í Ameríku, og sá þar sjónvarp og gazt illa að því.“

Þjóðleikhússtjóri komst þannig að orði í blaðaviðtali: „Ef ég ætti að dæma af því sjónvarpsefni, sem ég sá í amerískra sjónvarpinu fyrir 5—6 árum, mundi ég ekki telja það hafa mikið menningargildi.“ Og hann bætti við, að hann liti á amerískra sjónvarpið frekar sem afmenningartæki, en menningar.

Sigurður A. Magnússon rithöfundur og blaðamaður Morgunblaðsins hefur í sjálfu ríkisútvarpinu kallað ameríska sjónvarpið vágest hinn mesta, menningarspilli og beinlínis mannskemmandi. Og þetta álit kvaðst hann byggja á þriggja og hálfs árs kynnum sínum af þessu sjónvarpi.

Þá var Guðmundur Hagalín rithöfundur og ríkisbókavörður ekki sérlega myrkur í máli í Vísi nýlega. Þar skrifaði hann m. a. þetta: „Ég hef ávallt litið á dvöl hins erlenda herliðs hér á landi sem illa nauðsyn. Og það er víðs fjarri, að ég telji okkur Íslendingum skylt eða sæmandi að niðurlægja okkur svo, að til að skemmta erlendum her á landi hér stofnum við riðandi þjóðmenningu okkar í aukna hættu. Og ógeðslegri sýn getur ekki við mér blasað en þúsundir af ungu fólki flatmagandi dag eftir dag og kvöld eftir kvöld við að horfa á bandarískt hermannasjónvarp.“

Á þessa lund eru öll ummælin, sem ég hef heyrt og séð um þetta mál, að tveim undanteknum.

Útvarpsstjórinn sagði í blaðaviðtali fyrir jól: „Ég get ekki séð, að nein menningarleg hætta stafi af Keflavíkursjónvarpinu.“ E. t. v. er útvarpsstjórinn maður nærsýnn eða þá hann hefur lokað augunum, um leið og hann brá sjóngleri sínu fyrir þau.

Einn af ritstjórum Morgunblaðsins veittist harkalega að flm. till., sem hér er rædd nú, í greinarstúf hinn 26. nóv. s. l. Kallaði hann tvo þeirra kommúnista, en hina svikara, og veit ég ekki, hvort verra er að hans dómi. Í greininni segir ritstjórinn, að kommúnistar skjóti svikurunum fram fyrir sig og síðan orðrétt: „Þess vegna flytja þeir nú nokkrir saman tillögu á Alþingi til áfellis sjónvarpi varnarliðsins. Með þessu á að reyna að gera varnir tortryggilegar og blása það upp sem stórmál, hvort sjónvarp, sem hér hefur verið rekið árum saman, án þess að íslenzkri menningu yrði meint af, verði svo skýrt, að þeir, er það vilja skoða, geti notið þess með svipuðum hætti og sjónvarps er notið í öðrum löndum.“ Slík er rökræða þessa ritstjóra, og sýnist heiðríkja huga hans ásamt orðbragðinu vera í fyllsta samræmi við málstaðinn. Með till. á að reyna að gera varnir tortryggilegar, segir ritstjórinn. Hugsunargangurinn er bersýnilega þessi: Ef Íslendingar gera sig svo digra að hafna hermannasjónvarpinu á Keflavíkurflugvelli, sjónvarpi, sem menntaðir Bandaríkjamenn hafa skömm á, þá skulu þeir sömu Íslendingar sakaðir um fjandskap við hervarnir vestrænna þjóða og svikarar heita. Minna má það ekki kosta. Því er nú verr, að málflutningur sem þessi sést of oft í Morgunblaðinu og minnir ónotalega mikið á áróður nazista fyrir stríð. Með tillögunni erum við flm. að mótmæla

amerísku sjónvarpi á Íslandi, og svipað hafa ótalmargir Íslendingar aðrir gert, menn úr öllum stéttum og flokkum. Skyldi ekki allur sá hópur vera að gera vestrænar hervarnir tortryggilegar að dómi ritstjórans? Ég vænti þess, að skoðanabræður hans á Alþingi svari, ef einhverjir eru.

Bandarísk yfirvöld stofnsetja sjónvarpsstöð hér og síðar fimmfalda þau sendikraft þessarar stöðvar. Þetta er ekki eingöngu gert til þess að veita nokkrum hermönnum dægrastyttingu, heldur á einnig að ná sjónum og hlustum Íslendinga. Sá tilgangur sannast bezt á því, að stöðin var ekki fyrr tekin til starfa en farið var að selja íslenzkum borgurum sjónvarpstæki út um bakdyr herstöðvanna. Einnig reynist upplýsingaþjónusta Bandaríkjanna gegna því hlutverki að auðvelda íslenzku fólki notin af þessu erlenda sjónvarpi. Sannleikurinn er sá, að hér er raunverulega um víðtækt hernám að ræða. Hinir stóru vinir okkar í NATO hernema ekki aðeins landið og fiskimiðin, heldur ráðast þeir og inn í íslenzka menningarhelgi og setjast þar að. Vafalaust er þetta hyggilegt frá þeirra sjónarmiði. Þeir vilja fá að ala þjóðina upp í þeim anda, sem þeim hentar, og því reyna þeir að brjóta niður viðnámsþrótt íslenzkrar menningar. Þegar það hefur tekizt, eiga herveldin landið og þjóðina og þurfa ekki að óttast brottrekstur úr því.

Útvarpið og sjónvarpið á Keflavíkurflugvelli eru ein beittustu vopn þeirra, sem nú reyna að rugla heilbrigða dómgreind þjóðarinnar. En þeir eiga fleiri vopn, þeirra á meðal heilar stofnanir og félög, og ekki skortir þá fé. Ungum og myndarlegum Íslendingum er boðið til Bretlands og Bandaríkjanna, þar sem leikið er við þá og dekrað um hríð. Heimkomnir eru þeir látnir stofna félög með áferðarfallegum nöfnum og undir merkjum þeirra, en á vegum NATO eru þessir piltar látnir endasendast um landið líkt og Ameríkuagentar forðum, boðandi hatur milli þjóða og glórulausar stríðsæsingar þeirra afla, sem menningarsnauðust eru í vestrænum heimi, afla afturhalds, auðshyggju og kúgunar. Þannig er nú unnið hér á landi, og til þess hentar forheimskandi hermannasjónvarp prýðilega vel.

Í Frakklandi er sögð barátta hafin gegn skaðlegum áhrifum ameríkanismans á franska tungu og franskan hugsunarhátt og tjáningarmáta. Hvað mættum við gera, lítil þjóð? „Gætum vandlega frelsis þjóðarinnar. Varðveitum tungu vora. Hún er dýrmætasta sverð þjóðarandans.“ Þessum hvatningarorðum beindi Benedikt Sveinsson til þjóðarinnar árið 1944, og mér sýnist brýn þörf á að minna á þau nú, þegar hart er sótt að íslenzkum þjóðaranda.

Hæstv. ráðherrar eru allir vel menntaðir menn, og ekki færri en þrír þeirra eru fyrrv. prófessorar. Finna þessir menn ekki auðmýkinguna í hinum endalausu tilslökunum við ágeng yfirvöld hins erlenda hers, og sjá þeir ekki hættuna, sem í því felst að veita hernum einkaaðstöðu til sjónvarpsstarfsemi í landinu? Auðvitað sjá þeir þetta. En mega þeir þá ekki rönd við reisa? Það er spurning, sem ég læt ósvarað, en beini til réttra aðila í von um svar.

Menningu viljum við Íslendingar sækja til vestrænna þjóða, en ómenningu ekki. Við virðum Breta og Bandaríkjamenn fyrir margra hluta sakir og óskum að eiga ýmislegt sameiginlegt með þeim. En við tökum þá ekki sem neina guði, ekki einu sinni sem hálfguði, og þegar þeir gerast ágengir við okkur, mótmælum við og snúumst til varnar. Við dáum vestrænar þjóðir fyrir það, sem gott er í fari þeirra, en álösum leiðtogum þeirra, þegar þeir beita valdi sínu til ójafnaðar. Hlutdeild í hernaði hæfir okkur Íslendingum engan veginn, og hvers konar ómenningu aðra, jafnvel þótt vestræn sé, eigum við hiklaust að frábiðja okkur, og eru þar með talin afmenningartæki á borð við ameríska sjónvarp.

Þá óhæfu þarf að uppræta, sem þetta sjónvarpsmál er. Að áliti dómbærra manna er starfsemin bein ógnun við íslenzka tungu, menningu og siði. Þetta skiptir höfuðmáli og réttlætir, að gripið sé nú til þess ráðs, sem eitt dugir, en það er að banna þessa sjónvarpsstarfsemi með öllu. Annað mun reynast gagnslaust kák. Ágengur aðili virðir aldrei sett skilyrði. Þjóðin á hér mikið í húfi, og því legg ég eindregið til, að tillagan um afturköllun sjónvarpsleyfisins verði samþykkt.

Samtímis því, að við losum okkur við þá smán, sem hermannasjónvarpið er, ber að halda áfram að athuga möguleika til að koma á fót íslenzku sjónvarpi, en um það fjallar tillaga okkar einnig. Athugunin er þegar hafin. Fyrir atbeina ríkisútvarpsins kom hingað erlendur sérfræðingur s. l. sumar þeirra erinda að kynna sér aðstöðu til íslenzkrar sjónvarpsstarfsemi. Þessi maður mun hafa skilað álitsgerð, þar sem hann lýsir jákvæðri niðurstöðu athugana sinna. Vitanlega verður stofnkostnaður gífurlega hár og árlegur rekstrarkostnaður hærri, þannig að þetta verður þungur baggi á þjóðinni. Rannsókn þessa sérfræðings er ekki annað en frumathugun máls, sem þarfnast mikils undirbúnings. Að áliti okkar flm. ber að halda áfram athugun, hver svo sem endanleg niðurstaða verður. Þótt sjónvarp hafi harla takmarkað gildi sem menningarmiðill og enn loði við það stórir gallar, þá finnst mér eðlilegt, að við stefnum að því að eignast það, enda mun þorri þjóðarinnar þess fýsandi. Sjónvarp er ágætur fréttamiðill. Það er einnig hentugt til fræðslustarfsemi. Og loks má nota það til dægrastyttingar, ef rétt er á haldið. Önnur menningarhlutverk þess eru talin hverfandi, og hef ég orð á því til þess að vara við ofmati á gildi sjónvarps.

Það væri óskynsamlegt að flana að neinu í þessu sjónvarpsmáli okkar, en hyggilegt að fylgjast vel með því, sem erlendis er að gerast. Það er nú spáð allt að því tæknilegri byltingu á þessu sviði í náinni framtíð, og á ég þar við endurvarp frá gervihnöttum og sjónvarpsmyndir í litum auk almennra tækniframfara í gerð tækjanna. Þess er vænzt á næstu árum, þ. e. a. s. innan þeirra tímamarka, sem við þurfum til undirbúnings eigin sjónvarps. Óhjákvæmilegt er, að sjónvarp verði okkur þungt í skauti fjárhagslega, en ef hagsýni er gætt í undirbúningi sem og í framkvæmd og hæfileg biðlund sýnd, aukast líkurnar fyrir því, að fyrirtækið blessist.

Að lokum skal áherzla lögð á þetta: Það er þúsund sinnum hollara þjóðinni að hafa ekkert sjónvarp en lúta afsiðandi amerísku hermannasjónvarpi, og því er brýnast af öllu að losna við það. Megi hamingjan gefa ísl. stjórnarvöldum þennan skilning og þrek til athafna í samræmi við hann.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Fyrir Alþingi liggja tvær tillögur um sjónvarpsmál. Er önnur þeirra borin fram af nokkrum Framsóknarflokksmönnum og er þess efnis, að komið skuli í veg fyrir stækkun sjónvarpsstöðvar á Keflavíkurflugvelli, en því jafnframt slegið föstu, að haldast skuli óbreytt heimild varnarliðsins til áframhaldandi rekstrar sjónvarps, er það hefur rekið þar s. l. sjö ár, enda verði fullnægt þeim skilyrðum, er sett voru fyrir rekstrinum í upphafi. Hin tillagan er borin fram af nokkrum kommúnistum og felur ríkisstj. að stöðva skilyrðislaust nú þegar allan sjónvarpsrekstur á Keflavíkurflugvelli. Báðar mæla tillögurnar svo fyrir, að haldið verði áfram athugun og undirbúningi stofnunar íslenzks sjónvarps, einnig tillaga kommúnista, þótt 1. flm. þeirrar till., sem var að ljúka máli sínu hér áðan, virtist öðrum þræði tala á móti öllu sjónvarpi, einnig íslenzku.

Kommúnistar hafa krafizt útvarpsumr. um sjónvarpstillögu sína og fara þessar umr. því fram samkvæmt kröfu þeirra. Er mér vissulega kærkomið að fá tækifæri til þess að gera grein fyrir málinu og mínum afskiptum af því í áheyrn alþjóðar. Hjá því verður þó ekki komizt að vekja athygli á, hversu mjög stjórnarandstöðuna skortir nú málefni til ádeilna á ríkisstj., þegar útvarpsumræðna er krafizt um sjónvarp, sem rekið hefur verið á Keflavíkurflugvelli í sjö ár samkvæmt sérstöku leyfi utanrrh. Framsfl. og afskiptalaust allan tímann af kommúnistum. Eftir þriggja ára stjórnarferil núv. ríkisstj., sem vissulega er ein athafnamesta ríkisstj., sem hér hefur verið, er Keflavíkursjónvarpið á sjö ára afmæli þess eitt höfuðádeiluefni stjórnarandstöðunnar á ríkisstj.

Sjónvarpið á Keflavíkurflugvelli á sér nokkurn aðdraganda og vissa sögu. Þegar varnarliðsmenn komu fyrst til Keflavíkurflugvallar, var þar harla ömurlegt aðkomu. Húsnæði var þar aðeins fyrir lítinn hluta varnarliðsins. Þorri liðsins varð að hafast við í tjöldum og gömlum hermannabröggum, sem eingöngu eru notaðir í styrjöld. Koma varnarliðsins var svo fyrirvaralaus, að ekki var um neinn sérstakan undirbúning að ræða. Samkomustaðir voru nær engir á Keflavíkurflugvelli og aðstaða til tómstundaiðkana engin. Varnarliðsmenn voru yfirleitt ungir menn, sem undu því illa að liggja í hertjöldum eða rölta um flugvallarheiðina í frístundum sínum. Þeir leituðu því þangað, sem þeir gátu varið frístundum með þeim hætti, sem ungs fólks er háttur, og þar eð þess var ekki kostur innan vallarins, leituðu þeir út fyrir hann.

Íslendingum og yfirstjórn varnarliðsins var frá upphafi ljóst, að það mundi auka mjög á sambúðarvandamálið, ef ekki væru settar nokkrar hömlur á ferðir varnarliðsmanna út af flugvallarsvæðinu, og þess vegna var frá upphafi reynt að takmarka ferðir þessar sem mest. Hér var hins vegar nokkur vandi á höndum um framkvæmd. Fyrir fram var vitað og reynslan staðfesti það síðar, að allar hömlur yrðu báðum aðilum erfiðar í framkvæmd, nema því aðeins að þannig yrði búið að varnarliðinu innan flugvallarins, að varnarliðsmenn mættu una þar hag sínum og hefðu möguleika til að eyða þar tómstundum sínum án þess að þurfa að leita út fyrir völlinn. Frá upphafi var þess vegna unnið að því að koma upp fullnægjandi samkomustöðum fyrir varnarliðsmenn innan flugvallarins og búa völlinn öðrum þeim þægindum, sem nauðsynleg þóttu, til þess að varnarliðsmenn gætu unað þar hag sínum.

Eitt af því fyrsta, sem gerðist í þessu sambandi, var, að varnarliðið leitaði eftir heimild til að koma sér upp útvarpsstöð, svo að varnarliðsmenn gætu hlustað á útvarp, sem þeir skildu og flytti efni, sem miðað væri við þeirra hæfi og óskir. Af Íslands hálfu var veitt leyfi til rekstrar útvarpsstöðvarinnar, og tók hún til starfa þegar á árinu 1951. Ekki var leitað til Alþingis um leyfi fyrir útvarpsstöðinni, enda bar engin skylda til þess. Útvarpsstöðin á Keflavíkurflugvelli hefur þegar starfað í full 10 ár. Hún heyrist vítt um land og útvarpar mikinn hluta sólarhrings. Engar kröfur hafa um það heyrzt, að rekstur þessarar stöðvar verði stöðvaður, og flm. sjónvarpstillagnanna fara ekki fram á það.

Þegar Framsfl. tók við meðferð varnarmálanna eftir kosningarnar 1953, hugðist hann draga enn úr ferðum varnarliðsmanna út af flugvallarsvæðinu. Tók utanrrn. þá upp viðræður við varnarliðið í þessu skyni. Í viðræðum þessum hélt varnarliðið því fram, að erfitt mundi reynast í framkvæmd að draga úr ferðum varnarliðsmanna út af flugvallarsvæðinu, ef ekki væru samtímis gerðar ráðstafanir til að bæta tómstundaaðstöðu varnarliðsmanna innan þess. Gerðu forsvarsmenn varnarliðsins grein fyrir því í viðræðunum, hvernig þeir hefðu unnið að þessu frá upphafi, en töldu þó, að í mörgu væri enn áfátt. Sérstaklega lögðu þeir áherzlu á þýðingu þess að fá leyfi til sjónvarpsrekstrar á flugvellinum, ef takast ætti með sómasamlegum hætti að draga enn úr ferðum varnarliðsmanna. Í sambandi við þessar viðræður lét utanrrh. Framsfl. fara fram athugun á því haustið 1954, hvort sjónvarpsstöð af minnstu gerð, sem völ var á, staðsett á Keflavíkurflugvelli, mundi sjást utan flugvallarins. Niðurstaðan varð sú, að ekki væri hægt að koma í veg fyrir, að stöðin sæist utan vallarins, ef hún ætti á annað borð að sjást þolanlega innan hans. Sérstök athugun fór auk þess fram á því, hvort tiltækilegt væri að binda sjónvarpsleyfi fyrir flugvöllinn því skilyrði, að um lokað sjónvarp væri að ræða, þ. e. a. s. sjónvarp, sem sést í þeim sjónvarpstækjum einum, sem tengd eru sjónvarpsstöð með þræði, líkt og er um talsíma og rafmagn. Þetta var ekki talið tiltækilegt, og voru rök sérfræðingsins gegn lokaða sjónvarpinu svo sannfærandi, að utanrrn. hreyfði því ekki við varnarliðið að binda sjónvarpsleyfið slíku skilyrði. Hugmyndinni um lokað sjónvarp var því hafnað af utanrrh. Framsfl. haustið 1954, eftir að hann hafði látið sérfræðing athuga málið.

Samningsviðræður utanrrn. og varnarliðsins árið 1954 skulu ekki raktar hér frekar, en niðurstaða þeirra varð sú, að samkomulag varð um, að varnarliðið setti sér sjálft reglur um brottför sinna manna af flugvallarsvæðinu, en ríkisstj. veitti varnarliðinu á móti leyfi til sjónvarpsrekstrar. Gaf utanrrh. Framsfl. síðan út sérstakt leyfisbréf til varnarliðsins fyrir sjónvarpsrekstrinum, og póst- og símamálastjóri gaf út sams konar bréf. Málið var ekki borið undir Alþingi, enda ekki skylt að gera það.

Til sjónvarpsrekstrar var því stofnað á Keflavíkurflugvelli fyrir sjö árum samkvæmt sérstöku leyfi utanrrh. Framsfl., útgefnu eftir að rannsókn hafði leitt í ljós, að það sæist út fyrir völlinn, og leyfið var liður í samkomulagi á milli varnarliðsins og utanrrn., gerðu í því skyni að draga úr ferðum varnarliðsmanna út af varnarsvæðinu. Haustið 1954 hafði utanrrn. í upphafi í hyggju að binda sjónvarpsleyfið því skilyrði, að það sæist ekki utan vallarins, en í hinu endanlega sjónvarpsleyfi, sem gefið var út 7. marz 1955, voru þó aðeins sett tvö skilyrði. Sjónvarpsstöðin mátti ekki vera yfir vissum hámarksstyrkleika, þ. e. 50 wött, og skyldi viss hluti sjónvarpshringsins skyggður. Þau sjö ár, sem sjónvarpið hefur starfað, hefur styrkleiki stöðvarinnar aldrei farið fram úr leyfðu hámarki. En þegar í upphafi kom í ljós, að skygging á sjónvarpshring hafði lítil eða engin áhrif. Sjónvarp frá stöðinni hefur frá upphafi sézt talsvert út fyrir flugvallarsvæðið og þar á meðal í Reykjavík, eins og fyrir fram var vitað samkvæmt rannsókn utanrrn., gerðri áður en stöðin var leyfð. Síðan sjónvarpsstöðin tók til starfa, hafa ýmsir Íslendingar utan flugvallarins orðið til þess að fá sér sjónvarp, og hefur þeim farið fjölgandi, sem það hafa gert. Aldrei hafa verið gerðar neinar tilraunir til að koma í veg fyrir, að sjónvarpið sæist utan vallarins, og engin rödd hefur heyrzt í þá átt. Gildir einu, hver hefur verið í ríkisstj. á þessum tíma.

Í aprílmánuði 1961 sneri varnarliðið sér til póst- og símamálastjóra og tjáði honum m. a., að sjónvarpsstöðin væri mjög úr sér gengin og þyrfti að endurnýjast, en ný senditæki væru ekki fáanleg minni en 250 watta. Óskaði varnarliðið breytinga á upphaflega leyfisbréfinu, í samræmi við þetta. Póst- og símamálastjóri athugaði málið og komst að þeirri niðurstöðu, að aukning orkunnar hefði í för með bætta viðtöku, sérstaklega í nágrenni sendistöðvarinnar, en hins vegar mundi langdrægi stöðvarinnar aukast tiltölulega lítið. Taldi póst- og símamálastjóri, að langdrægi stöðvarinnar mundi aukast um innan við 10 km við orkuaukningu úr 50 wöttum í 250 wött. Í skýrslu sinni til ráðuneytisins gat póst- og símamálastjóri þess, að sömu aukningu á langdrægi mætti ná án aflaukningar með því að hækka sendiloftnetið eða nota fullkomnara loftnet, en engar takmarkanir voru á slíku í upphaflega leyfisbréfinu.

Að lokinni athugun sinni sendi póst- og símamálastjóri erindi um málið til utanrrn., þess efnis, að hann vildi gefa út umbeðið leyfi til stækkunar sjónvarpsstöðvarinnar, og spurðist hann fyrir um, hvort ráðuneytið teldi á því nokkra annmarka. Hljóðar niðurlag bréfs póst- og símamálastjóra svo, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Póst- og símamálastjórnin vill í þessu sambandi geta eftirfarandi: Stöð sú, sem nú er leyfð, heyrist og sést í Reykjavík, séu notuð næm tæki og stefnuloftnet, og virðist ekki skipta miklu máli, hvort orka er eitthvað meiri eða minni. Póst- og símamálastjóri hefur rætt mál þetta munnlega við útvarpsstjóra, sem hafði ekkert að athuga við orkubreytinguna. Málið hefur einnig verið skýrt fyrir formanni varnarmálanefndar. Póst- og símamálastjórnin leyfir sér því að spyrjast fyrir um, hvort ráðherra telji nokkra annmarka á því, að póst- og símamálastjóri geri þá breytingu á nefndu tilraunaleyfi, að útgeislaafl sjónvarpsstöðvarinnar megi auka upp í allt að 250 wött."

Lengra er bréfið ekki. Þannig var málið lagt fyrir ráðuneytið. Ég sá ekki ástæðu til að leggjast gegn því, að leyfið væri gefið út, og lágu til þess þessar ástæður:

1) Mikil áherzla hefur ætíð verið á það lögð að draga sem mest úr ferðum varnarliðsmanna út af varnarsvæðunum. Er það samróma álit allra þeirra, sem við þessi mál hafa fengizt, að frumskilyrði þess, að slíkt megi lánast með sómasamlegum hætti, er, að þannig sé að varnarliðsmönnum búið, að þeir uni hag sínum sem bezt innan varnarsvæða.

2) Fyrrv. ríkisstjórnir höfðu veitt varnarliðinu fyrst leyfi fyrir útvarpi og síðan sjónvarpi í því skyni, að varnarliðsmenn yndu betur hag sínum innan varnarsvæðisins. Vitað er og viðurkennt, að báðar eiga þessar ráðstafanir mjög ríkan þátt í því, að verulega dró úr ferðum varnarliðsmanna út af varnarsvæðunum. Hefur svo til tekizt, að þorri varnarliðsmanna fer aldrei eða einu sinni út af varnarsvæðinu þau tvö ár, sem hver þeirra dvelur hér, og sárafáir þeirra fara út fyrir svæðið að nokkru ráði.

3) Leyfi fyrir sjónvarpinu var upphaflega liður í samkomulagi ríkisstj. við varnarliðið um, að það setti sér sjálft reglur varðandi för manna sinna út af varnarsvæðinu, en ríkisstj. veitti leyfi fyrir sjónvarpi.

4) Ágreiningslaust var, að sjónvarpsstöðin var mjög slitin og þurfti endurnýjunar við. Það er ekki vefengt, að þess var ekki kostur að endurnýja hana með tækjum, sem geisluðu út með svo litlu afli sem greindi í upphaflega leyfinu. Að neita um endurnýjun með aflmeiri tækjum þýddi því í rauninni sama og að loka stöðinni fljótlega.

5) Fyrir hendi var álitsgerð póst- og símamálastjóra um, að við stækkunina mundi langdrægi sjónvarpsstöðvarinnar sáralítið aukast, innan við 10 km. Við þá aukningu mundi stöðin vart ná til fleiri Íslendinga en verið hefur til þessa.

6) Póst- og símamálastjóri var meðmæltur því, að leyfið væri veitt, og útvarpsstjóri tjáði honum, að hann hefði ekkert við orkubreytinguna að athuga.

Á þessum forsendum féllst ég á, að póst- og símamálastjóri gæfi út nýtt leyfi, en samkvæmt alþjóðafjarskiptasamningnum og ákvæðum fjarskiptalaganna eiga símamálastjórar m. a. að sjá um útgáfu tæknilegra leyfisbréfa í landi sínu í samræmi við alþjóðlegar tæknireglur.

Umræður um sjónvarpið á Keflavíkurflugvelli hafa leitt í ljós, að afstaða manna til þess er með þrennum hætti. Sumir vilja láta banna sjónvarpið þar með öllu. Aðrir vilja leyfa það með því skilyrði, að sjónvarpið sjáist ekki utan vallarins. Og enn aðrir vilja leyfa það í því formi, sem gert hefur verið.

Forusta þess að banna varnarliðinu sjónvarp með öllu, einnig þó að langdrægi þess væri bundið við Keflavíkurflugvöll, er að sjálfsögðu í höndum kommúnista. Þeir vilja varnarliðið í burtu og miða afstöðu sína við það. Erfiðleikar í sambúð Íslendinga og varnarliðsins eru kommúnistum beinlínis eftirsóknarverðir, vegna þess að þeir

vona, að slíkt flýti fyrir brottför varnarliðsins frá Íslandi. Því tíðförulla sem varnarliðsmenn gera sér út af varnarsvæðunum, því meiri möguleikar eru á að stofna til vandræða. Sjónvarp varnarliðsins á ríkari þátt í því en flest annað, að varnarliðsmenn halda sér heima í tómstundum sínum og una þar hag sínum. Þetta þjónar vissulega ekki þeim tilgangi kommúnista að stofna til illdeilna við varnarliðsmenn, og þess vegna vilja þeir banna sjónvarpsrekstur varnarliðsins með öllu.

Það er athyglisvert, að Framsfl. viðurkennir þessi sjónarmið fullkomlega, og þess vegna gaf hann út sjónvarpsleyfið á sínum tíma, þó að vitað væri fyrir fram, að stöðin sæist utan flugvallarsvæðisins, og þess vegna treystist Framsfl. ekki til þess nú að standa að því að afturkalla sjónvarpsleyfið.

Þá er afstaða þeirra, sem vilja leyfa sjónvarp á Keflavíkurflugvelli, en því aðeins að langdrægi þess nái ekki út fyrir flugvöllinn. Í þessum hópi eru flm. Framsóknartillögunnar. Er þessi afstaða hin furðulegasta, þegar þess er gætt, að Framsóknarflokksmenn vissu, áður en þeir á sínum tíma gáfu leyfið út, að skilyrðin voru haldlaus, stöðin hlaut að sjást út fyrir flugvallarsvæðið, enda varð sú reynslan á. Lokaða sjónvarpinu hafnaði utanrrh. Framsfl. haustið 1954, að undangenginni rannsókn sérfræðinga. Rökin fyrir þessari afstöðu eru enn í fullu gildi. Hér er því í rauninni aðeins um tvennt að velja: að hætta sjónvarpsrekstrinum, þegar stöðin verður órekstrarhæf, eða leyfa nýja stöð af sem minnstri gerð, sem er 250 wött.

Sjónvarpið á Keflavíkurflugvelli hefur leitt til umræðna um íslenzkt sjónvarp, og er því haldið fram af ýmsum, að hér eigi aldrei að koma íslenzkt sjónvarp, það sé tímaþjófur og siðspillandi. Um Keflavíkursjónvarpið er því sérstaklega haldið fram, að efni þess sé ósæmilegt og að það ausi yfir þjóðina soranum úr menningarlífi stórþjóðar, eins og það er orðað í grg. tillögu þeirrar, sem hér er til umræðu. Ég ætla ekki að ræða dagskrá Keflavíkursjónvarpsins. Við umræður á Alþingi fyrir nokkrum vikum kom í ljós, að talsmaður kommúnista hafði um langan tíma horft á sjónvarp frá Keflavíkurflugvelli, ég hins vegar aldrei. Síðan hef ég reynt að bæta úr þessu og kynnt mér dagskrána. Ber hún með sér, að hún er miðuð við óskir varnarliðsmanna og þarfir þeirra, enda ætluð þeim einum. Er dagskráin mjög svipuð því, sem gerist í erlendu sjónvarpi, nema auglýsingar sjást þar ekki. Virðist mér hún sett saman úr efni hliðstæðu því, sem við oft heyrum í útvarpinu okkar, en sjáum ekki, og kvikmyndum, sem daglega eru sýndar hér. Ætti að banna að flytja hér opinberlega efni hliðstætt því, sem sjónvarp varnarliðsins flytur, mundi okkar eigin útvarpsdagskrá styttast verulega og kvikmyndahúsin skorta verkefni.

Hugleiðingar um, að hér skuli aldrei sjást sjónvarp, eru óraunhæfar. Sjónvarp kemur á Íslandi, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Það er hvorki á valdi Alþingis né ríkisstj. að koma í veg fyrir slíkt. Við lifum á öld tækninnar. Það er skammt undan að endursjónvarpað verði frá stöðvum, staðsettum í himingeimnum, og þess er ekki langt að bíða, að langdrægi sjónvarps á jörðu aukist svo, að það dragi landa á milli, líkt og útvarp gerir nú. Þegar svo er komið, megna engin lagaboð eða stjórnarfyrirmæli að koma í veg fyrir, að menn fái sér sjónvarpstæki og horfi.

Hinn alþjóðlegi kommúnismi hefur reynt að hlaða múr um Austur-Berlín í því skyni að útiloka Austur-Berlínarbúa frá samskiptum við hinn frjálsa heim. Þetta er hégómlegt fyrirtæki samanborið við það að ætla sér að koma í veg fyrir, að menn horfi á sjónvarp, sem sést um víðan heim. Þrátt fyrir miskunnarlausa grimmd og vopnað ofbeldi, sem kommúnisma og nazisma eru í blóð borin, hefur girðingin í Austur-Berlín ekki borið tilætlaðan árangur. Hvernig ímynda menn sér þá, að hægt verði að útiloka, að horft verði á sjónvarp, þegar langdrægi sendistöðva í geimnum eða öðrum löndum er orðið slíkt, að til þeirra sést? Slíkt er fjarstæða. Við eigum að koma okkur upp okkar eigin sjónvarpi, til þess að hér verði komið gott og þroskað íslenzkt sjónvarp, sem menn eru búnir að venjast, áður en erlend sjónvörp ná hingað. Og þá munu menn, þegar þar að kemur, horfa eftir sem áður á sitt innlenda sjónvarp, á sama hátt og hér er nú hlustað á íslenzkt útvarp, en erlent útvarp látið eiga sig að mestu.

Andstaða ýmissa gegn innlendu sjónvarpi byggist að mestu á því, að það sé tímaþjófur og að því sé ómenning. Víst er það rétt, að sjónvarp getur verið tímaþjófur, ef setið er við það öllum stundum, og efnisskrá þess getur verið þannig, að lítill menningarbragur sé að. En menn verða að laga sig eftir aðstæðum. Sá tími er liðinn, að menn sitji öllum stundum við útvarp og hlusti á allt, sem þar er sagt. Menn skoða dagskrána og hlusta á það, sem þeir vilja heyra og hafa tíma til. Eins yrði um sjónvarp. Fyrstu dagana fylgjast menn með flestu, en fljótlega lærist að velja úr og horfa á það eitt, sem tíminn leyfir og menn óska að sjá. Enga trú hef ég á því, að ómenningarbragur yrði á dagskrá íslenzks sjónvarps. Við höfum það sterkt og þroskað almenningsálit hér, að það mundi fljótlega sveigja dagskrána að sínum vilja og ekki láta bjóða sér hvað sem er. Sjónvarpið er eitt mesta menningartæki nútímans, ef rétt er á haldið. Það býður upp á margháttaða fræðslustarfsemi, sem ekki er kostur á með öðrum hætti. Á síðari árum hafa skóla- og fræðsluútvörp farið mjög í vöxt með öðrum þjóðum og eru með vinsælasta sjónvarpsefni. Fréttaþjónusta sjónvarpsins veitir áhorfendum tækifæri til að vera viðstöddum og horfa á fjarlæga atburði, og það flytur inn á heimilin skemmtiatriði og eykur ánægju þeirra og stuðlar að því, að heimilisfólkið heldur sig meira heima en ella. Er það spá mín, að þegar hér verður komið íslenzkt sjónvarp og menn hafa lært að notfæra sér það réttilega, þá vilji enginn missa það aftur né hafa staðið gegn því.

Sjónvarpið á Keflavíkurflugvelli hefur haft tvöfalda þýðingu. Það hefur dregið mjög verulega úr sambúðarerfiðleikum Íslendinga og varnarliðsins, og það hefur leitt til umræðna um íslenzkt sjónvarp, sem áreiðanlega leiðir til þess, að við fáum okkar innlenda sjónvarp fyrr en ella hefði orðið. Hvort tveggja tel ég vel farið og er því andvígur þeim tillögum báðum, sem liggja fyrir þinginu um sjónvarp. — Góða nótt.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hér er til umr. till. til þál. um afturköllun sjónvarpsleyfis o. fl., og eru flm. hennar fjórir hv. þm. Alþb. Þegar þessi till. er til umr. hér á hv. Alþingi og sér í lagi umr. útvarpað að beiðni flm. og hv. 1. flm. hefur haldið ræðu eins og hann gerði hér í kvöld, þá gefur það mér gott tækifæri til þess að fara nokkrum orðum um hinn alþjóðlega kommúnisma svo og vinnubrögð kommúnista í sambandi við varnar- og öryggismál Íslendinga.

Íslenzka þjóðin verður aldrei nógsamlega vöruð við þeirri stórkostlegu hættu, sem henni og öðrum lýðfrjálsum þjóðum stafar af hinum alþjóðlega kommúnisma. Því miður hafa allt of margir menn bæði hér á landi og annars staðar í lengstu lög hliðrað sér hjá að horfast í augu við kommúnismann eins og hann raunverulega er og gera sér grein fyrir eðli hans og tilgangi. Þetta sjónarmið er að sumu leyti skiljanlegt. Menn kjósa almennt að lifa í friði, sátt og samlyndi við aðra. Því vilja menn alloft lengi neita að gera sér þær staðreyndir ljósar, að til sé í heiminum afl og það sterkt afl, sem stefnir markvisst að því að hrifsa til sín heimsyfirráð og svífst einskis í því ætlunarverki sínu. En þetta sinnuleysi, þetta hlutleysi við ógnvaldinn, ef ég mætti þannig að orði komast, er hættulegt, og vissulega hefur slíkt sinnuleysi kostað margar þjóðir frelsi þeirra og sjálfstæði. Minningin um valdarán kommúnista í Tékkóslóvakíu ætti að vera næg áminning til frjálsra þjóða um það að sofna aldrei á verðinum, og orð tékkneska forsætisráðherrans Mazaryks, sem hann lét falla við einkaritara sinn, er þeir ræddu um valdatöku kommúnista í öðrum löndum Austur-Evrópu, daginn áður en kommúnistar frömdu valdarán sitt í Tékkóslóvakíu, ættu að hljóma sem ævarandi aðvörun til allra frjálsra þjóða, en hann sagði: „Þetta gat gerzt þar, en þetta getur aldrei gerzt hér.“ Degi síðar voru Tékkar hnepptir í helfjötra kommúnismans.

Ég rifja þetta dæmi sérstaklega upp hér vegna þess, að enn þá eru allt of margir menn og það góðir menn hér á landi, sem leiða hjá sér að horfast í augu við kommúnistahættuna og gera sér grein fyrir hinu sanna eðli kommúnismans. En menn geta ekki endalaust leitt þessa hluti hjá sér. Atburðirnir, sem stöðugt eru að gerast í löndum þeim, sem kommúnistar ráða, og framkoma kommúnista á alþjóðavettvangi almennt er stöðug ögrun við frjálsar þjóðir og óhugnanlegur fyrirboði þess, sem biði þeirra þjóða, ef kommúnistar næðu að framkvæma valdaáform sín.

Bezt sést kommúnisminn í framkvæmd af þeim atburðum, sem verið hafa að gerast í Austur-Berlín undanfarna mánuði, svo að ég nefni dæmi. Þar hafa kommúnistar orðið að reisa múrvegg og gaddavírsgirðingar til þess að hindra flótta fólksins úr sæluríki þeirra. Hvað þurfa íslenzkir kommúnistar og aðrir þeir, sem fylgt hafa þeim að málum hér á landi í þeirri trú, að þeir væru að þjóna ættjörð sinni, mörg slík dæmi, til þess að augu þeirra opnist? Afskipti Rússa af innanríkismálum Finna eru og opinskátt dæmi um virðingarleysi kommúnista fyrir öðrum þjóðum og í hróplegri mótsögn við þann hlutleysis- og ættjarðaróð, sem kommúnistar og þeirra fylgismenn stöðugt kyrja, bæði hér á landi og annars staðar. Alls staðar gægist úlfurinn undan sauðargærunni. Tilgangurinn er alls staðar sá hinn sami hjá kommúnistum. Í öllum lýðfrjálsum löndum vinna þeir að því að grafa undan ríkjandi þjóðskipulagi og koma í framkvæmd valdaáformum sínum og innlima þjóðirnar í valdakerfi hins alþjóðlega kommúnisma. Jafnframt reyna þeir af fremsta megni að ala á sundrung og tortryggni milli frjálsra þjóða og etja þeim hverri á móti annarri. Þessar eru starfsaðferðir kommúnista, jafnt hér á landi sem annars staðar, hvort sem þeir eru að starfa hér innan veggja Alþingis Íslendinga eða á meðal annarra þjóða. Stundum er aðför þeirra að frelsi þjóða umfangsmikil, vel undirbúin og hávaðasöm, er þeir nota hin þýðingarmestu og viðkvæmustu mál til áróðurs og ásteytingar, en einnig í ýmsum smærri málum kemur eðli þeirra og tilgangur í ljós.

Þannig er það mál, sem hér liggur fyrir. Og svo vaknar spurningin: Hvernig hafa svo starfsaðferðir kommúnista hér á landi verið? Þeir hafa nákvæmlega fylgt forskrift yfirboðara sinna.

Öryggis- og varnarmálin hafa tíðum verið á dagskrá hjá okkur Íslendingum í rúman áratug eða allt frá því að við gengum í varnarbandalag vestrænna þjóða, Norður-Atlantshafsbandalagið, 1949. Eins og við var að búast, börðust kommúnistar gegn því, að Íslendingar efldu samstarf sitt við vestrænar þjóðir með inngöngu í Norður-Atlantshafsbandalagið. Söm var auðvitað afstaða þeirra varðandi komu varnarliðs NATO hingað 1951. Barátta þeirra í þessu eins og öðru, sem lýtur að samstarfi frjálsra þjóða, byggðist á því, að hlutverk íslenzkra kommúnista er að gera allt, sem þeim er mögulegt, til þess að tryggja yfirráð alheimskommúnismans hér í landi með beinni stjórn frá Moskva.

Að sjálfsögðu kjósa allir, að varnarlið þurfi ekki að vera í landinu, en því miður er heimsfriðurinn ekki tryggari í dag en svo, að ekki þykir annað fært. Það má auðveldlega með fagurgala og með því að skírskota til þjóðerniskenndar fólksins halda uppi áróðri fyrir því, að engin þörf sé á varnarliði í landinu, og í samræmi við það setja fram órökstuddar kröfur um brottrekstur varnarliðsins. Þetta hafa kommúnistar óspart gert og því stundum notazt við auðtrúa sakleysingja, sem hins vegar algerlega afneita kommúnisma, en gera sér ekki grein fyrir því, til hvers verið er að nota þá.

Sem eina leið í þessum áróðri hafa þm. kommúnista flutt hér á Alþingi á ári hverju frá 1949 til 1956 frv. eða till. til þál. um brottrekstur varnarliðsins. Í öllum flokksfélögum þeirra og í öðrum félögum, þar sem þeir höfðu náð yfirtökum, eru gerðar samþykktir um brottrekstur varnarliðsins.

Eftir öll þeirra stóryrði um landráð og sölu landsréttinda gátu menn haldið, að fyrsta verk

þessara manna, þegar þeir kæmust í ríkisstj., yrði að reka varnarliðið úr landi. Eins og kunnugt er, tóku tveir þm. Alþb. þátt í vinstri stjórninni svonefndu frá miðju ári 1956 og þar til í byrjun desember 1958. Það var ekki óeðlilegt, að þeir, sem ekki þekkja starfsaðferðir kommúnista, létu sér detta í hug, að þeir mundu nú nota sér aðstöðuna og völdin og láta varnarliðið fara úr landinu. En raunin varð bara önnur á, hlustendur góðir. Þeir sátu í ríkisstj. í tvö og hálft ár og gerðu aldrei kröfu til þess, að varnarliðið yrði látið hverfa úr landi. Þeir skrifuðu tvö bréf til samstarfsflokka sinna, svona rétt til málamynda, sennilega til þess að friða sína kjósendur. Síðara bréfið var meira að segja ritað, þegar sýnt var, að ríkisstj. var að springa af öðrum ástæðum. Í bréfunum eru aðeins bornar fram till., en engin skilyrði sett um brottför varnarliðsins úr landi. Þannig hafa vinnubrögðin verið og þannig eru þau enn í dag, eins og flutningur þessarar till. sýnir, sýndarmennska og aðeins sýndarmennska í einum og í aðeins einum tilgangi. Menn skulu ekki halda, að till. sú, sem hér er til umr., sé flutt af sérstakri ættjarðarást eða óyfirstíganlegri sómatilfinningu. Ef svo væri, hvers vegna notaði þá ekki hv. þm. Lúðvík Jósefsson, sem er einn af flm. þessarar till., vald sitt í vinstri stjórninni og lét afturkalla sjónvarpsleyfi til varnarliðsins? Hér ber allt að sama brunni.

Flutningi þessarar till. hér er ætlað að þjóna þrennum tilgangi fyrir kommúnista. Í fyrsta lagi að beina athygli Íslendinga frá hinni hörðu og hryllilegu valdabaráttu austur í Kreml. Í öðru lagi að draga athygli landsmanna frá hinu mikla fylgishruni, sem kommúnstar hafa orðið fyrir í stjórnarkosningum verkalýðsfélaganna. Í þriðja lagi til þess að hressa upp á samtök hinna svokölluðu hernámsandstæðinga, sem margir telja að hafi gengið sér til húðar við hinar fáránlegu götustöður og önnur tiltæki í sambandi við lausn landhelgismálsins. Til þess að reyna að leiða athygli fólksins frá óförum sínum er gripið til þess gamla ráðs að flytja á Alþingi till. viðkomandi varnarliðinu, og nú er það sjónvarpsstöðin, og óskað eftir útvarpsumræðum. Í dag telja kommúnistar það stórhættulegt íslenzkri menningu að leyfa varnarliðinu að hafa sína eigin útvarps- og sjónvarpsstöð. En ég spyr: Hvað er það hættulegra íslenzkri menningu í dag en það var í tíð vinstri stjórnarinnar? Þá gerðu þeir engar tilraunir, ráðherrar Alþb., til þess að fá þessi leyfi afturkölluð. Það var allur menningaráhugi þeirra þá.

Forsaga sjónvarpsins á Keflavíkurflugvelli hefur verið rakin hér af hæstv. utanrrh., svo að ég læt nú nægja að minnast á örfá atriði í sambandi við það.

Árið 1955 er varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli veitt leyfi til þess að setja upp sjónvarpsstöð. Nokkrum árum áður hafði því verið veitt leyfi til útvarpsstöðvar. Hér er um að ræða frekar litla sjónvarpsstöð, sem sendir efni sitt um afar takmarkað svæði. Þó munu sendingar hennar við sæmileg skilyrði sjást um næsta nágrenni vallarins og til Reykjavíkur. Það má sjálfsagt deila um það efni, sem stöðin sendir frá sér, hversu heppilegt það er fyrir hina ýmsu aldursflokka. Það væri mun eðlilegra, ef af alvöru og ábyrgðartilfinningu væri unnið, en ekki af einskærri sýndarmennsku af flm., að flm. óskuðu eftir því, að íslenzk stjórnvöld beittu sér fyrir því, ef ástæða væri til, að það efni, sem stöðin sendir frá sér, væri vel valið og til þess fallið að fræða og skemmta á heilbrigðan hátt. En hér er engu slíku til að dreifa hjá hv. flm., enda heilindin að sama skapi. Hv. flm. ræða ekki heldur í grg. fyrir þessari till. sinni um möguleika þá, sem falizt gætu í samstarfi íslenzkra stjórnvalda og sjónvarpsstöðvarinnar um flutning landkynningarmynda svo og almennra fræðslumynda. Mætti þó ætla, að föðurlandsástin og menningaráhuginn væri slíkur, að litið væri til sjónvarpsins í framtíðinni til almennrar fræðslu, jafnvel sem kennslutækis í sem flestum greinum. Það má öllum vera ljóst, hve sjónvarpið almennt gæti verið og verður ugglaust notadrjúgt menningartæki, þótt hinu sé alls ekki að neita, að svo má á sliku tæki halda, að til óþurftar verði.

Sjónvarpið verður tekið almennt í notkun á Íslandi, áður en langt um líður, hvort sem kommúnistum líkar betur eða verr. Þeir stöðva ekki tækniþróunina. Innan örfárra ára verður hægt að sjónvarpa á milli heimsálfa. Þá getum við Íslendingar tekið á móti sjónvarpssendingum frá Ameríku svo og meginlandi Evrópu, alveg eins og útvarpssendingum. Eftir e. t. v. 5—6 ár gætum við Íslendingar séð í sjónvarpi frá Sameinuðu þjóðunum í New York, þegar Krúsjeff forsætisráðherra Sovétríkjanna þrífi af sér skóinn og lemdi með honum borð sitt. Skiljanlega vilja hv. flm. útiloka slíkar sjónvarpssendingar. Til fróðleiks má geta þess, að Bandaríkjamenn hyggjast sjónvarpa Ólympíuleikunum í Japan 1964 um gjörvöll Bandaríkin. Sjónvarpstækninni fleygir fram. Íslenzk stjórnvöld munu að sjálfsögðu láta þá tækniþjónustu, sem þau hafa yfir að ráða, fylgjast vel með öllum þeim framförum, sem verða á útsendingum sjónvarps og öflun efnis, með hugsanlegt íslenzkt sjónvarp fyrir augum. Athugunum þeim, sem nú þegar hafa farið fram, verður að sjálfsögðu haldið áfram. Hvað þær leiða í ljós, t. d. varðandi kostnað, tækniútbúnað o. fl., verður tíminn að skera úr um.

Góðir hlustendur. Till. sú, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir að afturkalla sjónvarpstöðvarleyfi það, sem gefið var 1955 til varnarliðsins. Varnarliðið er hér á landi samkvæmt ósk okkar sjálfra. Við erum af frjálsum vilja í vestrænu samstarfi. Hvers vegna var Norður-Atlantshafsbandalagið stofnað? Jú, Norður-Atlantshafsbandalagið var stofnað til þess að stöðva áframhaldandi valdarán kommúnista í Austur-Evrópu, en þar höfðu kommúnistar brotizt til valda, þrátt fyrir minni hluta kjósenda. Þessi valdarán voru framkvæmd fyrir áeggjan rússneskra kommúnista og með beinum stuðningi Rauða hersins. Síðan frjálsar vestrænar þjóðir sameinuðust í Norður-Atlantshafsbandalaginu, hefur kommúnistiskt valdarán ekki átt sér stað í Evrópu. Við Íslendingar óskum eftir því að taka þátt í varnarsamstarfi vestrænna

þjóða, á meðan svo ófriðvænlegt er í heiminum sem nú er. Hvort við viljum halda frelsi og hafa land okkar varið, þótt það fámenna varnarlið, sem hér dvelst, hafi útvarp og sjónvarp á sínu móðurmáli sér til dægrastyttingar, eða hvort við viljum vera varnarlausir og þá jafnvel eiga von á deild úr Rauða hernum hingað til landsins, er hin stóra spurning. Ég mun svara henni fyrir mig með því að greiða atkvæði gegn þessari till., sem hér liggur fyrir. — Góða nótt.

Alfreð Gíslason bæjarstjóri: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þáltill. þær, sem hér eru til umr., hin fyrri frá fjórum hv. þm. Alþb. og hin síðari frá fimm hv. þm. Framsfl., ná misjafnlega langt í kröfum sínum um hömlur á sjónvarpssendingu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Hin fyrri hnígur í þá átt, að afturkallað verði með öllu leyfi til sjónvarpssendingar varnarliðsins, en í hinni síðari vilja framsóknarmenn ekki af skiljanlegum ástæðum ganga svo langt, heldur láta sér nægja að krefjast þess, að komið verði í veg fyrir þá stækkun sjónvarpssviðsins, sem þeir telja að orkuaukningin úr 50 wöttum í 250 wött, sem leyfð var fyrir tæpu ári, eða 17. apríl 1961, hefði í för með sér.

Að því er ég bezt veit, eru deildar skoðanir um þessar sjónvarpssendingar varnarliðsins í öllum flokkum, ekki síður í flokkum hv. flm. en í flokkum þeim, sem styðja hæstv. ríkisstj. Það er því ekki af því, að hér séu neitt flokkslega stórpólitísk mál á ferðinni, að till. þessar eru fram komnar, heldur virðist sem stjórnarandstaðan vilji nota þetta nær ársgamla leyfi til orkuaukningarinnar sem átyllu til nýrra árása á hæstv. ríkisstj. vegna afstöðu hennar til vestrænnar samvinnu sem og til að tortryggja varnir landsins í augum almennings.

Hv. 3. þm. Reykn., sem talaði hér á undan mér, gerði öðrum hvötum flm. til þessara till. svo góð skil, að ég tel ekki ástæðu fyrir mig að fara nánar út í það.

Eftir að hafa kynnt mér mál þetta nokkuð, fæ ég ekki séð, að veruleg breyting hafi átt sér stað frá því 1955 eða frá því í tíð vinstri stjórnarinnar vegna þessarar margumtöluðu orkuaukningar á útsendingu sjónvarps varnarliðsmanna. Hið upprunalega leyfi til sjónvarpssendingar á Keflavíkurflugvelli var veitt af þáv. utanríkisráðherra, dr. Kristni Guðmundssyni, hinn 4. marz 1955, eða fyrir nær réttum 7 árum. Öll þessi ár hefur sjónvarpsstöðin verið starfrækt árekstralaus við íslenzk stjórnvöld og að því er ég bezt veit aðfinnslulaust af hálfu núv. stjórnarandstöðu, enda sat hún sjálf að völdum í tæp 3 ár af þessum tíma án þess að hafast nokkuð að til varnar gegn ósómanum.

Sjónvarpsleyfið frá 4. marz 1955 var veitt með því skilyrði, að útvarpað yrði á bylgjulengd 108—186, að hámarksorka frá sendi í loftnet færi ekki fram úr 50 wöttum og að aðalútsendingargeislinn frá loftneti yrði 345°. Eins og allir vita, sem eitthvað þekkja til sjónvarpssendinga, eru sendiloftnetin þannig gerð, að þau geta sent frá sér geisla í allar áttir, eða 360°. Útsendingargeislinn, sem leyfður var 1955, 345° geisli, var talinn nægilegur til að ná til varnarliðsmanna á dvalarstöðum þeirra. Ástæðan fyrir því, að vorið 1961 var farið fram á orkuaukningu, hefur mér verið tjáð að væri sú, að útbúnaður allur hafi verið orðinn úr sér genginn og úreltur og þyrfti endurnýjunar við, enda hefur hæstv. utanrrh. upplýst það í ræðu sinni hér á undan. Sjónvarpsstöðin á Keflavíkurflugvelli er sú 24. í röðinni af þeim sjónvarpsstöðvum, sem Bandaríkin hafa komið sér upp víðs vegar um heim á varnarsvæðum sínum, og hefur eflaust fjöldi stöðva bætzt við síðan árið 1955. Sjónvarpsstöðvar þessar munu yfirleitt hafa verið leyfðar af viðkomandi ríkisstj. hömlulaust, og munu engar þeirra með minni útsendingarorku en 250—500 watta. Á nokkrum stöðum munu þær þó vera allt að 1 kw að orku, enda þótt hin almenna regla sé, að víðast hvar munu þær vera um 250—300 watta.

Flm. beggja þessara till., sem hér eru til umr., virðast hafa þá skoðun, að með því að hækka orkusendingu úr 50 wöttum í 250 wött, eða fimmfalda orkuna, þá hljóti sjónvarpssvið eða sjónvarpsvídd stöðvarinnar að fimmfaldast, þ. e. nái yfir allt að fimm sinnum stærra svæði en áður. Kemur þessi skoðun greinilega fram í grg. framsóknarmanna fyrir till. sinni, því að þar tala þeir um, að sjónvarpið muni vegna þessarar orkuaukningar ná um alla byggð Faxaflóa og byggðanna á Suðurlandi, eða til meira en helmings allra landsmanna. Þessi skoðun er hins vegar mikill misskilningur. Sérfróðir menn um sjónvarp halda því fram, að þótt orkusending í loftnet sé fimmfölduð eða jafnvel tífölduð, þá nái hinar sjónvörpuðu myndir ekki lengra eða yfir meira svæði en áður. Eini árangurinn, sem af orkuaukningunni stafaði, væri sá, að myndirnar yrðu skýrari í sjónvarpsviðtækinu en áður. Skýrleiki myndarinnar vex ekki heldur að sama skapi og orkuaukningin er aukin eða í sama hlutfalli. Að sjónvarpsorka verði hækkuð úr 50 wöttum í 250 wött, þýðir því hvergi nærri, að sjónvarpið nái fimm sinnum meiri fjarlægð eða að myndirnar verði fimm sinnum skýrari.

Myndum þeim, sem koma fram í sjónvarpsviðtækjunum, er útvarpað frá loftneti eftir svokallaðri sjónlínu, sem brotnar eins og ljósgeislinn, er hlutur eða mishæð verður á vegi hennar, en hún bognar ekki. Er talið, að geislar þessir nái ekki yfir sléttlendi eða sjó lengra en sem svarar 75—80 km vegalengd, hversu mikil sem sendiorkan kann að vera, nema þá því aðeins, að þeim sé útvarpað frá því hærri sjónvarpsturnum. Nú mun sannleikurinn vera sá, að loftnet það, sem sendiorkan á Keflavíkurflugvelli er látin í og endurvarpar í viðtækin, er fest á símastaura á vellinum, og liggur sjónlína þess því ekki hátt. Það er því hreinn misskilningur, að sendistöð þessi geti nokkru sinni, hversu kraftmikil sem hún væri, sjónvarpað myndum til byggða Suðurlandsundirlendisins, því að miklir fjallgarðar skyggja þar á á alla vegu, sem sjónvarpsgeislarnir mundu brotna á. Til þess að mögulegt væri að sjónvarpa til þessara byggða, yrði að byggja a. m. k. nokkra endurvarps-

turna á fjöllum og hæðum. Ég tel það einnig rangt og villandi að halda því fram, að allir Reykvíkingar, hvar sem þeir búa í bænum, geti náð til sjónvarpsins frá Keflavíkurflugvelli, þrátt fyrir orkuaukningu þess, sem eins og ég sagði áðan mun hafa verið hækkuð upp í 250 wött. Það eru ekki nema beztu móttökustaðirnir, sem liggja í beinni sjónlínu frá sendistöð, sem hafa bezt tækifæri til þess að taka á móti myndum frá Keflavíkursjónvarpinu. Hins vegar skal því ekki neitað, að myndirnar kunna að vera nokkru skýrari í tækjunum en þær áður voru. Stórhýsin í bænum og hæðir þær, sem Reykjavík er byggð á, hljóta að skyggja á sjónvarpsgeislann, með þeim afleiðingum, að langmestur hluti borgarbúa nær ekki til sjónvarpsins. Svo mundi og einnig vera, þótt íslenzk sjónvarpsstöð yrði staðsett í miðri höfuðborginni, ef sérstakar ráðstafanir yrðu ekki gerðar til þess, að hægt yrði að ná til allra hverfa borgarinnar.

Vegna þess að flm. beggja þessara tillagna, sem hér liggja fyrir, láta í greinargerðum sínum í veðri vaka, að aukning sendiorkunnar sé aðaltilefni þess, að tillögurnar séu fram komnar, hef ég hér að framan reynt að færa rök að því, að sjálf orkuaukningin hefur ekki frá tæknilegu sjónarmiði breytt neinu verulegu frá því, sem áður var. Sjónvarpið nær ekki lengra né til fleiri staða en það áður gerði. Það er staðreynd.

Að hættan fyrir andlegt líf og menningu þjóðarinnar af þessu sjónvarpi sé meiri nú en hún var eða hefði getað verið á útmánuðum 1955, tel ég samkvæmt framansögðu á misskilningi byggt.

Flm. fara hörðum orðum um dagskrá sjónvarpsins á flugvellinum í grg. sínum, og telja Alþýðubandalagsmennirnir, að varnarliðið ausi soranum einum úr andlegu lífi þjóðar sinnar yfir landsmenn. Framsóknarmennirnir eru að vísu ekki eins hvassyrtir, en telja þó, að sjónvarpið með orkuaukningu sinni muni trufla andlegt líf þjóðarinnar og sérþjóðlega menningarviðleitni. Ekki skal ég leggja dóm á dagskrá sjónvarps varnarliðsins, til þess er ég henni of ókunnugur. Ég hef fyrir fjórum árum horft eina kvöldstund á sjónvarp hjá kunningja mínum í Keflavík og síðast fyrir tveimur árum hjá þeim sama manni, eftir að hann var fluttur til Reykjavíkur, og síðan ekki. Eigin reynsla er því ekki fyrir hendi, til þess að ég geti persónulega lagt dóm á sjónvarpsefni varnarliðsins yfirleitt. En hins vegar er mér kunnugt um, að innan amerískra hersins er starfandi svokölluð útvarps- og sjónvarpsþjónusta, AFRTS, Armed Forces Radio and Television Service, sem af amerísku ríkisstj. hefur verið falið það hlutverk að kaupa og velja útvarps- og sjónvarpsefni fyrir allar deildir hersins. Hvernig svo sem dagskrár ýmissa hinna fjölmörgu sjónvarpa í sjálfum Bandaríkjunum kunna að vera að efni og gæðum, tel ég vafasamt, að réttmætt sé að heimfæra þær undir dagskrárlið sjónvarpsins á Keflavíkurflugvelli eða yfirleitt undir sjónvörp annarra varnarliða Bandaríkjanna, því að efnið mun vera valið við hæfi þeirra, sem í hernum eru, en flestir þeirra eru óharðnaðir og óreyndir unglingar um tvítugsaldur. Því skal hins vegar ekki neitað, að ómerkilegar kúrekamyndir munu allalgengar í Keflavíkursjónvarpinu og leynilögreglumyndir eru og sýndar þar, einkum sérstakan dag vikunnar. Að öðru leyti er fjarstæða að halda því fram, að allt, sem fram í sjónvarpi þessu kemur, sé siðspillandi rusl og sori einn saman. Mikið af því mun vera hið vandaðasta efni, fróðlegt og lærdómsríkt, enda þótt mest af því muni vera til dægrastyttingar, eins og hljóðfærasláttur og því um líkt.

Af því, sem ég hef sagt hér að framan, einkum um áhrifaleysi orkuaukningarinnar sjálfrar á útsendingar sjónvarps, fæ ég ekki séð, að neinar verulegar breytingar hafi orðið síðan 1955, sem gefi raunverulega ástæðu til að afturkalla leyfi, sem þegar hafa verið gefin til sjónvarpsstarfsemi á Keflavíkurflugvelli.

Skoðanir manna um sjónvarp almennt eru mjög skiptar, og fer því ekki eftir flokkum, hvernig á þau mál er litið. Er því hallmælt af mörgum, en fleiri munu þeir, sem telja það eitt hið mesta menningartæki, sem fundið hefur verið upp á síðari tímum, ef það er réttilega notfært til útbreiðslu þekkingar og lærdóms.

Við Íslendingar þurfum ekki að ganga þess duldir, að íslenzkt sjónvarp hlýtur að verða starfrækt hér á landi fyrr eða síðar, eins og annars staðar, og komumst við ekki hjá að notfæra okkur þessa nútímatækni frekar en aðrar þjóðir. Ég er þeirrar skoðunar, að því fyrr sem við komum upp okkar eigin sjónvarpssendingu, því betra, og að Keflavíkursjónvarpið eigi ekki að vera samkeppnislaust, jafnvel á því takmarkaða svæði, sem það nær yfir. Mjög hefur verið rætt um, að stofnkostnaður íslenzkrar sjónvarpsstöðvar muni vera okkar litla þjóðfélagi ofviða, og hefur í því sambandi verið rætt og ritað um óskaplegar fjárhæðir. Það er hins vegar álit mitt, að ekki þurfi neinar stórbyggingar til starfrækslu sjónvarpsstöðvar til að byrja með og megi stilla stofnkostnaði í hóf hvað það snertir. Tel ég, að til að byrja með megi bæði reka sjónvarpsstöð og útvarpsstöð sameiginlega, jafnvel í þeim húsakynnum, sem ríkisútvarpið hefur nú, og án verulegrar fjölgunar starfsmanna. Má í því sambandi benda á, að hin óttalega sjónvarpsstöð á Keflavíkurflugvelli er starfrækt í sömu húsakynnum og útvarp þeirra og við báðar stöðvarnar vinna aðeins 8 manns. Er þó útvarpað allan sólarhringinn og sjónvarpað 7 klukkustundir á degi hverjum. Mér hefur verið tjáð, að sjónvarpsstöð þessi með öllum útbúnaðinum muni kosta um 100 þús. dollara eða sem lætur næst 4.5 millj. ísl. kr.

Það er óhugsandi, að íslenzkt sjónvarp verði rekið fyrst í stað með innlendri efnisskrá einni saman. Til þess yrði reksturinn of dýr. Sjónvarpsefni þess hlýtur því að verða byggt upp að verulegu leyti af útlendu efni, svo sem frétta- og fræðslumyndum, sem auðvelt er að setja íslenzka texta inn á við sýningu hér heima. Mikið af slíku efni er hægt að fá með vægu

verði frá erlendum sjónvarpsstöðvum. Mikið er að því gert nú að taka sjónvarpsefni upp á svokallað sjónvarpssegulband eða Videotape, eins og það er kallað á erlendu máli. Með þessari aðferð má jafnframt útvarpa sjónvarpsefninu til sendingar í útvarpi, og er þetta Videotape víða notað, þar sem sjónvarps- og útvarpssendingar eru starfræktar undir sama þaki. Á Keflavíkurflugvelli mun um 50% af útvarps- og sjónvarpsefninu vera tekið á Videotape.

Athuganir munu hafa farið fram og fara enn fram á möguleika til starfrækslu íslenzkrar sjónvarpsstöðvar, en hversu langt þær athuganir ná, er mér ekki kunnugt um. Við erum svo heppnir að eiga þrjá unga og efnilega Íslendinga, sem hlotið hafa sérmenntun sem sjónvarpsvirkjar og kostað hafa miklu fé og tíma í sérmenntun sína á erlendum skólum. Þeir hafa auk prófs síns þriggja ára reynslu sem tæknilegir starfsmenn við Keflavíkursjónvarpið. Þess er að vænta, að forráðamenn íslenzkra sjónvarpsmála leiti ekki langt yfir skammt og notfæri sér þekkingu þessara ungu manna í sambandi við væntanlegt sjónvarp hér heima og starfrækslu þess. Það ætti að vera metnaðarmál okkar Íslendinga að fá okkar eigið sjónvarp, sem miðað er við íslenzkar þarfir og íslenzkar aðstæður, og því fyrr sem þeim athugunum lýkur, sem nú standa yfir, og því fyrr sem slíkt sjónvarp getur tekið til starfa, því betra er það að mínu áliti. Að erlent sjónvarp sé í landinu, þótt á takmörkuðu svæði sé, ætti frekar að ýta undir framkvæmdir í þessu mikilvæga máli en að draga úr þeim. — Góða nótt.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Háttvirtu tilheyrendur nær og fjær. Tillaga sú frá Alþýðubandalagsmönnum, sem hér liggur fyrir, er krafa um, að hæstv. ríkisstj. afturkalli að fullu og öllu leyfi varnarliðsins til sjónvarpsstarfsemi. Ég tel óþarflega langt gengið með þeirri kröfu. Ég tel ekki heldur sanngjarnt að banna, að þeir vesalings menn, sem settir eru, vafalaust gegn vilja sínum, í dvöl á Reykjanesgrjótum, fái ekki að stytta sér stundir þar við innilokað sjónvarp okkur að meinalausu, meðan þeir á annað borð hafa leyfi Íslendinga til að dveljast þarna.

Í nóvember í vetur lögðum við, fimm framsóknarmenn, fram á þskj. 161 till. um sjónvarpsmál. Sú till. hefur enn ekki verið tekin til umr., en hún sýnir afstöðu okkar til sjónvarpsmálsins á breiðara sviði, og mun ég því, áður en ég lýk ræðu minni, kynna þá till. En fyrst er að athuga þá furðulegu staðreynd, að ríkisstj. Íslands hefur veitt skilmálalaust samþykki sitt til, að varnarliðið megi fimmfalda kraft sjónvarpsstöðvar sinnar og hafa útsendinguna lausbeizlaða. Þegar stöðin væri orðin svo sterk, er fullyrt af kunnáttumönnum, að nothæft sjónvarp frá henni eigi að geta náð til byggðanna við Faxaflóa og um Suðurland svo vítt og breitt, að á að gizka 6 af hverjum 10 íbúum Íslands geti þar með fengið aðstöðu til þess að njóta þessarar áhrifaríku, erlendu starfsemi.

Þetta er fyrir íslenzku þjóðina stórmál, sem Alþingi er sannarlega skylt að láta til sín taka. Hér er ekki um það eitt að ræða að leyfa varnarliðinu að hafa sjónvarp fyrir sig, eins og 1954, þegar þáv. ríkisstj. veitti samþykki sitt til sjónvarpsstöðvarinnar, sem varnarliðið hefur nú. Þá voru skilyrði sett, sem áttu að geta tryggt, að nothæft sjónvarp frá stöðinni næði aðeins til dvalarsvæðis varnarliðsins. Frá þeim skilyrðum mun ég nánar greina síðar. Hið nýja leyfi er aftur á móti um hömlulaust sjónvarp, sem getur náð til meira en helmings þjóðarinnar. Menn kenna hæstv. utanrrh. um þessa miklu yfirsjón, en ég tel ótrúlegt, að ríkisstj. öll eigi ekki um þetta sameiginlega sök. Því verður naumast trúað, að mál sem þetta hafi ekki verið rætt í ríkisstj. Auðvitað hefði málið líka átt að leggjast fyrir Alþingi, úr því að ríkisstj. fann sig of ístöðulitla gagnvart hinu erlenda valdi til þess á eigin spýtur að synja um sjónvarpsleyfi eða setja fullnægjandi skilmála um takmörkun sjónarsviðsins, svo að það yrði aðeins varnarliðssvæðið, er sjónvarpið næði til. Þingbundin stjórn tekur sér allt of mikið vald með því að gefa leyfi sem þetta.

Einhver kann að spyrja: Átti þá ríkisstj. s. l. vor að kalla aukaþing saman til að fjalla um þetta mál? Svarið liggur í augum uppi. Málinu lá alls ekki á. Þetta er ómótmælanlegt, enda upplýsti yfirmaður varnarliðsins núna fyrir áramótin, eftir því sem íslenzka útvarpið hermdi, að ekki væri þá farið að vinna að uppsetningu hinnar nýju sjónvarpsstöðvar og ekkert efni til hennar komið til landsins. Menn, sem kunnugir þykjast vera þessum málum, segja jafnvel, að varnarliðið hefði enn enga fjárveitingu fengið til þess að setja stöðina upp. Ríkisstj. virðist hafa afgreitt þetta mál með óvenjulega miklum hraða, miðað við það, sem íslenzkir þegnar eiga að venjast. Saga hraðans er á þessa leið:

Þriðjudaginn 11. apríl fyrra ár ritar póst- og símamálastjóri utanrrh. bréf og segir, að yfirmaður varnarliðsins hafi nýlega snúið sér til póst- og símamálastjórnarinnar varðandi sjónvarpsstöðina á Keflavíkurflugvelli og farið þess á leit, að auka megi útgeislaafl úr 50 wöttum upp í 250 wött. Segist póst- og símamálastjóri hafa rætt þetta munnlega við útvarpsstjóra, sem ekkert hafi haft við orkubreytinguna að athuga. Spyr póst- og símamálastjóri í bréfinu, hvort ráðh. telji nokkra annmarka á því, að póst- og símamálastjórnin samþykki breytinguna. Svo líður bara einn dagur, miðvikudagurinn 12. apríl, hefur sennilega gengið í póstferðina með bréfið, en strax fimmtudaginn 13. apríl ritar ráðh. bréf til póst- og símamálastjóra og segir hikstalaust, að utanrrn. geti fallizt á breytinguna á sjónvarpsstöðinni. Síðan líður föstudagur, svo laugardagur, enda skammvinnur skrifstofudagur, en fremur sunnudagur, eins og sjálfsagt er, en strax á mánudag 17. apríl ritar póst- og símamálastjóri yfirmanni varnarliðsins og tilkynnir honum samþykkið skilmálalaust eins og sjálfsagðan hlut.

Segi menn svo, að íslenzka skriffinnskan sé alltaf seinfær og silaleg eða að milliríkjamál taki alltaf langan tíma.

Þessi gangur málsins sýnir athyglisverða mynd af núverandi stjórnarfari gagnvart erlendum

aðilum. Sú mynd vekur ekki traust. Nú verður hins vegar að gera það, sem unnt er, til þess að Bandaríkjamenn noti ekki óðagotsleyfið á þann hátt, sem skaðar íslenzku þjóðina. Óþarft er í þessu sambandi að deila um það, hvort sjónvarp sé æskilegt eða ekki. Kjarni málsins er, að erlend þjóð hefur fengið leyfi hjá íslenzku ríkisstj. til að reka sjónvarp fyrir hermenn sína, er dveljast á Íslandi, og meiri hl. Íslendinga á að njóta þess sjónvarps með hermönnunum. Sjónvarp er með kostum sínum og göllum eitt allra áhrifaríkasta uppeldis- og áróðurstæki, sem til er. Hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, sagði í vetur í Alþýðublaðinu: „Sjónvarpið er einn bezti prédikunarstóll nútímans."

Þetta er rétt hjá Benedikt Gröndal. Svona áhrifaríkt tæki er sjónvarpið. Hins vegar virtist hann vilja í sömu andrá og vill sennilega enn réttlæta það, að erlend þjóð fái að reisa sinn prédikunarstól á Íslandi og prédika yfir Íslendingum sem sinnar eigin þjóðar mönnum. Það sannast hér á þessum hv. þm., að ekki er nóg að setja dæmið rétt upp, ef reiknað er skakkt út úr því.

Mjög er það eðlilegt, að varnarliðsmenn vilji fá að hafa sjónvarp, meðan þeir dveljast hér, eins og þeir njóta í heimalandi sínu. Þeim þykir daufleg og dægralöng vistin á Reykjanesskaga. Skiljanlegt er, að Bandaríkjastjórn vilji láta þá hafa sjónvarp, til að stytta þeim stundir, og ekki er ótrúlegt, að skemmti- og óramyndir séu þeim valdar meira en í meðallagi til að drepa þeim leiða úr geði. En jafneðlilegt og þetta er einnig hitt, að Alþingi vilji ekki láta mata Íslendinga á sliku sjónvarpi. Kemur þar til metnaður fyrir hönd þjóðarinnar, sjálfstæðisvilji og skyldug menningarvarzla.

Blöðin íslenzku hafa í vetur flutt frásagnir manna, sem reynslu hafa af sjónvarpi, og segja frá því, hvernig börn og unglingar erlendis hópast að sjónvarpi og sitja þar öllum stundum. Geta má nærri, að íslenzk æska mundi iðka þær setur, hlusta sig, horfa sig og lifa sig út úr þjóðfélagi sínu inn í þjóðfélag prédikunarstólsins og bíða tjón á máli sínu og menningarerfðum.

Enginn skilji orð mín svo, að ég vilji innilokun Íslendinga, svo að þeir verði fyrir sem minnstum áhrifum utan frá, — nei, því fer fjarri. Ég vil, að þeir viðri sig í vindum allra höfuðátta, en gæti sín fyrir því að fjúka. Ég vil, að þeir laugi sig í straumum heimsmenningar, en drekki sér þó ekki í þeim, haldi áfram að vernda tungu sína og sérþjóðlega menningu sína, haldi áfram að vera Íslendingar. Þetta gera þeir ekki, ef þeir láta eina, — ég segi: eina erlenda þjóð yfirskyggja sig með sjónvarpi og talvarpi, sem auðvitað fylgir, og fela henni þar með uppeldi barna sinna á svo áhrifaríkan hátt.

Þegar við hugleiðum hættuna, sem tungan yrði sett í, þá er gott til glöggvunar á því, hve mikið er þar í húfi, að minnast orða Einars Benediktssonar:

„Tunga skapar svipinn sálar,
sefa dýpi, munans hátt,
dregur hjartað heim í átt."

Ísland, sem ekki er lengur sérstætt land eins og áður, ekki lengur afskekkt land eins og það áður var, þarf að forða börnum sínum frá því, sem dregur hjörtu þeirra að heiman, en það mundi hið erlenda sjónvarp gera.

Gott er líka í þessu sambandi að minnast hinna sígildu orða Stephans G. Stephanssonar:

„Greiðasta skeið til að skrílmenna þjóð,
er skemmdir á tungunni að vinna."

Hvað mundu Bandaríkjamenn segja um að eftirláta prédikunarstólinn góða hjá sér, sjónvarpið sitt, einhverri annarri þjóð? Veit nokkur þá þjóð, sem er sjálfri sér ráðandi, en lýtur svo lágt að búa við sjónvarp einhverrar erlendrar þjóðar, sem er með sjónvarpi því að stytta hermönnum sínum stundir í dauflegri útivist þeirra? Við Íslendingar erum félitlir og fáir, en svo snauðir erum við ekki og smáir, sem betur fer, að við þurfum að lúta svona lágt. Svona lágt þarf engin frjáls þjóð að lúta, nema hún hugsi sjálf ekki hærra. Hver vill halda því fram, að íslenzka þjóðin sem þjóð hugsi ekki hærra en þetta? Glöggur og — ég leyfi mér að segja — gleðilegur vottur þess, að Íslendingar gera sér almennt grein fyrir þeim háska, sem hér er á ferðinni, er, hve margir málsmetandi menn úr öllum stjórnmálaflokkum hafa opinberlega látið í ljós ákveðin og vel rökstudd mótmæli gegn sjónvarpi frá varnarliðsstöðinni. Einnig hafa félög námsmanna mótmælt og sýnt með því sér til heiðurs, að þrátt fyrir sína sjálfsögðu nýjungagirni er æskan sjálf þarna á verði. Frá erlendum aðilum hafa, sem vonlegt er, heyrzt raddir undrunar yfir því, að Íslendingar séu að leiða yfir sig erlent varnarliðssjónvarp.

Áðurnefnd þáltill. okkar framsóknarmanna um þetta mál er í þrem liðum. Fyrsti liðurinn er áskorun á ríkisstj. að gera nú þegar fullnægjandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir þá stækkun sjónvarpsins, sem fyrirhuguð hefur verið frá Keflavíkurstöð varnarliðsins. Við teljum eðlilegt, að varnarliðið, meðan það dvelst hér á annað borð, fái að hafa sjónvarp fyrir sig, þó að því tilskildu, að sjónvarpssviðið nái ekki, svo að nothæft sé, út fyrir dvalarsvæði varnarliðsins, þ. e. hið svonefnda samningssvæði þess. Vitað er, að tæknilega er vel framkvæmanlegt að inniloka sjónvarpið þannig, að það nái alls ekki út fyrir dvalarsvæðið. Slík þráðbundin sjónvörp tíðkast meira og meira. Þau eru að vísu dýrari að sögn, en við getum ekki tekið tillit til verðmunar í þessu máli. Það, sem í húfi er hjá okkur, er miklu verðmætara en dollurum taki.

Það getur ekki talizt um of harkalegt, sem í tillögunni felst, að Alþingi leggi hæstv. ríkisstj. á herðar, að hún reyni nú þegar að gera fullnægjandi ráðstafanir til að bæta úr lítt skiljanlegri fljótfærni sinni í apríl í fyrra, þegar hún veitti fyrirvaralaust og með hraði leyfi til stækkunar sjónvarpsstöðvarinnar. Það er ótrúlegt, að þetta sé hæstv. ríkisstj. ofurefli, þó að henni kunni að þykja leiðinlegt að fara þannig gegnum sjálfa sig. En Alþingi getur vitanlega ekki tekið tillit til þess, heldur hins,

hvað gera þarf. Málið ætti að vera ríkisstj. auðvelt til úrbótar. Því verður ekki trúað, að Bandaríkjastjórn taki því ekki vel að gefa eftir hið fengna stækkunarleyfi, þegar hún veit afstöðu Alþingis. Það kemur ekki til mála að gera ráð fyrir, að Bandaríkin telji viðeigandi að láta smáþjóðina gjalda þess, að ístöðulítilli stjórn landsins varð það á að veita margnefnt leyfi að of lítið hugsuðu máli. Það væri of smálegt af stórveldi eftir málsástæðum.

Annar liður tillögu okkar framsóknarmanna er að skora á ríkisstj. að ganga ríkt eftir því, að af hálfu varnarliðsins sé fullnægt þeim skilyrðum, sem sett voru árið 1954 fyrir sjónvarpsleyfi þess. Þessi liður nær fyrst og fremst til ástandsins á líðandi stund og sjónvarpsrekstrarins í dag. Leyfið til sjónvarpsrekstrarins, sem veitt var með samningi í nóvember 1954, var í té látið með eftirfarandi orðrétt upptöknum skilyrðum meðal annarra:

1) Að nothæfri sjónvarpssendingu verði ekki náð í neinni íslenzkri byggð. Þetta skal prófa af fulltrúum ríkisstj. með góðum sjónvarpstækjum, sem varnarliðið lætur í té. Gæði sjónvarpsins skulu dæmd af íslenzkum fulltrúum.

2) Ef hægt er að ná nothæfri sjónvarpssendingu í íslenzkri byggð og varnarliðið getur ómögulega eytt slíku nothæfu sjónvarpi, skal eigi starfrækja stöðina.

3) Allur kostnaður greiðist af varnarliðinu.

Þessir skilmálar voru settir við leyfisveitinguna 1954. Í þeim gætti fullrar varfærni af hendi þáv. stjórnar. Hitt er annað mál, að upp á síðkastið hefur ekki verið gengið eftir því, að við samningana væri staðið. Það sleifarlag má ekki eiga sér stað. Varnarliðið á að standa við skuldbindingar sínar. Íslenzk stjórnarvöld eiga að ganga eftir því. Alþingi hlýtur að gera kröfu til þess, að þau geri það.

Þriðji og síðasti liður tillögu okkar er um íslenzkt sjónvarp. Um leið og því er slegið föstu að leyfa ekki varnarliðinu að hafa hér laust sjónvarp, hlýtur sú spurning að krefjast svars, hvort og hvenær Íslendingar sjálfir vilji og ætli að koma sér upp eigin sjónvarpi. Menn hafa mismikinn áhuga á sjónvarpi. Sumir telja það meira að segja óæskilegt. Flestir munu þó vita, að sjónvarpið er tæki, sem er gott og slæmt eftir því, hvernig á er haldið. Og augljóst er, að sjónvarp hlýtur að ryðja sér til rúms hjá okkur sem öðrum þjóðum fyrr eða seinna. Því er spáð eftir sterkum líkum, að innan skamms muni þær þjóðir, sem hafa ráð á því, endurvarpa úr háloftunum frá gervihnöttum tali sínu og myndum um öll lönd og álfur. Mundi nokkur þjóðræknin maður telja, þegar svo væri komið, að þjóð hans væri ekki nauðsynlegt að eiga sitt sjónvarp heima fyrir, sinn prédikunarstól fyrir sig, sína tungu, sína menningu, sín lífsviðhorf. Þriðji liður tillögunnar er áskorun til ríkisstj., þannig orðuð að láta ríkisútvarpið hraða ýtarlegri athugun á möguleikum þess, að íslenzka ríkið komi upp vönduðu sjónvarpi, er nái til allra landshluta og sé rekið sem þjóðlegt menningartæki. Áætlanir um stofn- og rekstrarkostnað slíks sjónvarps, svo og álit sitt og tillögur um þetta mál, leggi stjórn ríkisútvarpsins sem fyrst fyrir Alþingi. Þetta er málefni, sem ekki má draga að athuga og athuga sem allra ýtarlegast. Og vitanlega á að athuga möguleika á því, að allir landshlutar sitji þar við sama borð, ef mögulegt er. Það á að vera markmiðið í öllum efnum, að allir landsmenn eigi þess sama kost. Hér er ekki verið að tala um að flýta sér úr hófi fram. Hér er verið að tala um að taka stórt og vandasamt mál svo skynsamlegum tökum sem unnt er og með þeirri fyrirhyggju, sem hægt er við að hafa.

Þjóðin getur ekki vikið öllum sjónvarpsrekstri frá sér með skírskotun til þess, að hann sé viðsjáll, vandasamur og kostnaðarsamur. Þjóðin getur sér að skaðlausu væntanlega beðið um stund, óvíst þó hve lengi, með að taka upp sjónvarpsrekstur. En hún má samt ekki draga stundu lengur að gera sér glögga grein fyrir því, hvernig hún ætlar að rækja skyldurnar við sjálfa sig í þessum efnum.

Hið fyrsta, sem að kallar á þessu augabragði, er þó vitanlega það, sem till. okkar framsóknarmanna setur fremst, að koma í veg fyrir, að varnarliðssjónvarpið á Reykjanesskaganum verði gert að sjónvarpi fyrir meiri hl. landsmanna. Slík óhæfa má aldrei ske. Ef Alþingi tekur nú í stjórnartaumana, eins og því er skylt, samþykkir eðlileg mótmæli og gerir kröfur um algera innilokun sjónvarpsstarfseminnar hjá varnarliðinu, eins og við framsóknarmenn höfum lagt til, þá eru fyllstu líkur til, að þær kröfur verði til greina teknar þrátt fyrir útgefna leyfið, af því að við þjóð er að eiga, sem skráð hefur á skjöld sinn, að hún virði sjálfstæðismál smáþjóða og rétt þeirra til að lifa sínu lífi.

Jón Skaftason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hæstv. utanrrh. hélt því fram hér áðan, að íslenzkum ráðamönnum hafi verið um það kunnugt, áður en sjónvarpsleyfið var veitt 1955, að ekki væri hægt að hindra, að það sæist í nærsveitum vallarins. Mér er kunnugt um, að í bréfi yfirmanns varnarliðsins frá 24. ágúst 1954 til utanrrn. var það fullyrt, að engir tæknilegir erfiðleikar væru á því að fyrirbyggja, að sjónvarp vallarins sæist í nærsveitum Keflavíkurvallar, og voru þar sérstaklega tilnefnd sem dæmi Keflavíkurkaupstaður og Grindavík.

Þá hélt hæstv. utanrrh. því fram, að meginástæðan fyrir því, að fimmfalda varð sendiorku Keflavíkursjónvarpsins á s. l. ári, hafi verið sú, að endurnýja hafi þurft sjónvarpstækin og ekki hafi verið hægt að fá keypt minni tæki en 250 watta, sem þó hafi ekki, að hans sögn, meiri sendikraft en 50 watta 7 ára gömlu tækin höfðu. Mér virðist því vera hér um tæknilega afturför í gerð sjónvarpstækja að ræða, enda þótt almenningur hafi til þessa trú á því, að framfarir í gerð þeirra væru mjög stórstígar á öllum sviðum.

Hv. 3. þm. Reykn., Matthíasi Á. Mathiesen, tókst hér áðan að verja mestöllum ræðutíma sínum án þess að koma inn á það umræðuefni, sem er hér á dagskrá. Flutti hann eina af þessum ofstækisfullu andkommúnistaræðum, sem höfða frekar til tilfinninga en greindar hv.

hlustenda. Ég tel slíkan ræðuflutning móðgun við hlustendur á Íslandi.

Sú till. til þál., sem hér er til umr., felur í sér tvö efnisatriði. Hið fyrra er um afturköllun á sjónvarpsleyfi Bandaríkjahers á Íslandi, hið síðara er hógvær viljayfirlýsing flm. um, að ríkisútvarpið haldi áfram athugunum á möguleikum á rekstri íslenzks sjónvarps, þótt ræða hv. 1. flm. hér áðan virtist benda eindregið til þess, að hann væri andvígur innlendu sjónvarpi. Ég mun hér á eftir víkja að báðum þessum atriðum, eftir því sem tíminn leyfir.

Á árunum 1954 og 1955, þegar samstjórn framsóknarmanna og sjálfstæðismanna fór með völd í landinu, var sú stefna upp tekin af íslenzkum stjórnvöldum, að heppilegast og eðlilegast væri að draga úr ónauðsynlegum samskiptum landsmanna og varnarliðsmanna. Var sú stefna í samræmi við stefnu flestra þjóða og þá ekki síst fámennra þjóða, sem af illri nauðsyn þurftu að heimila dvöl fjölmenns erlends herliðs í löndum sínum um tíma. Við þessar aðstæður og eftir að settar höfðu verið strangar reglur um bæjarleyfi hermanna af Keflavíkurflugvelli, báru foringjar varnarliðsins fram óskir um, að íslenzk stjórnvöld veittu leyfi til þess að reisa og reka sjónvarpsstöð á Keflavíkurflugvelli í þeim tilgangi að búa betur að varnarliðsmönnunum, gefa þeim kost á fræðslu og skemmtiefni á dvalarsvæðum sínum. Á þessum árum sótti varnarliðið ítrekað um þetta sjónvarpsleyfi, og kom það víða fram í umsóknum þessum, að það hugðist eingöngu reisa litla sjónvarpsstöð til afnota fyrir sína menn, enda var leyfisveitingin, þegar hún loks var afgreidd árið 1955, bundin því meginskilyrði. Þannig fór á þessum tíma saman skilningur forsvarsmanna varnarliðsins og íslenzkra stjórnvalda á því, hvers eðlis Keflavíkursjónvarpið ætti að vera og hvaða tilgangi það ætti að þjóna.

Á s. l. vori gerðist hins vegar það, að forustumenn varnarliðsins sóttu um leyfi utanrrh. til þess að fimmfalda sendikraft Keflavíkursjónvarpsins og gera því þannig mögulegt að ná til alls þéttbýlissvæðisins við Faxaflóa, þótt á ófullkominn hátt væri. Utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, veitti þetta leyfi skömmu síðar. Með þessari leyfisveitingu er hið svonefnda sjónvarpsmál sveigt inn á allt aðrar brautir en það var árið 1955. Forustumönnum varnarliðsins virðist ekki lengur nægja, að Keflavíkursjónvarpið nái til samningssvæða hersins einna, eins og áður var, af hverju sem sú afstöðubreyting þeirra kann að stafa, og íslenzk stjórnvöld virðast nú geta sætt sig við, að eina sjónvarpið, sem rekið er í landinu, nái til meginþorra þjóðarinnar, enda þótt Íslendingar ráði engu um rekstur og efnisval þess. Þessa stefnubreytingu tel ég varhugaverða. Ég hef ávallt litið þannig á, að dvöl erlends varnarliðs hér á landi helgaðist af því einu, að hún væri nauðsynleg til þess að forða frá öðru verra og enn þá þungbærara hlutskipti. Ég trúi því a. m. k., þar til ég verð með rökum sannfærður um annað, að samstaða lýðræðisþjóða, m. a. á sviði sameiginlegra varna, sé nauðsynleg forsenda þess, að knýja megi árásaröflin til samninga um allsherjarafvopnun undir ströngu alþjóðlegu eftirliti og þannig tryggja haldgóðan frið í heiminum, sem Íslendingar eiga ekki minna undir en aðrir. Dvöl erlends herliðs hér hefur verið og á einungis að vera í þessu skyni og ekki vara degi lengur en slíkt verður talið nauðsynlegt af dómbærum mönnum. Að ætla erlendu herliði að ráða yfir sterkri sjónvarpsstöð í landinu, er nái til meginþorra landsfólksins, er bæði rangt og getur verið stórhættulegt. Sjónvarpið er langöflugasta áróðurstækið, sem þekkist, og þeir, sem því ráða, hafa aðstöðu til þess að skapa almenningsálit, sem getur verið bæði rangt og skaðlegt.

Það, sem Íslendingar eiga að gera í sjónvarpsmálum, er að hefja nú þegar undirbúning að því að reisa innlenda sjónvarpsstöð, sem þeir ráði sjálfir rekstrinum á. Þetta er vel framkvæmanlegt, og sýna þær athuganir, sem ríkisútvarpið hefur látið gera í þessum málum, það ljóslega. Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef aflað mér, hefur yfirverkfræðingur European Broadcasting Comp. Union og Eurovision, Belgíumaðurinn C. Hansen, athugað aðstæður til sjónvarpsrekstrar hér á landi. Hann hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að vel sé framkvæmanlegt að reka sjálfstætt sjónvarp á Íslandi þrátt fyrir mannfæðina. Sjónvarpsstöð, sem byggð yrði í Reykjavík, mundi geta náð til á annað hundrað þúsund manna. Sérfræðingurinn telur, að samkvæmt reynslu annarra þjóða megi ætla, að eftir fimm ár verði sjónvarpsnotendur það margir hér á landi, að þeir ásamt auglýsingatekjum sjónvarpsins gæfu um 10 millj. kr. árlega í tekjur fyrir sjónvarpið, en það telur hann að mundi nægja til þess að starfrækja hér sjónvarpsstöð í 2½—3 klst. á dag. Stutt, en góð sjónvarpsdagskrá er líka æskilegri en löng og léleg. Að þessu eigum við að keppa sem allra fyrst, og veruleg útbreiðsla á Vallarsjónvarpinu mundi að mínu viti torvelda og seinka því, að hér kæmist upp innlent sjónvarp, þar sem það mundi veikja fjárhagslegan rekstrargrundvöll þess og gera því samkeppnina fyrstu og erfiðustu árin mjög erfiða. Auk þessa ætti íslenzkt sjónvarp að geta boðið upp á skemmtilegra, menningarlegra og fróðlegra sjónvarpsefni og meira við hæfi þjóðarinnar heldur en Vallarsjónvarpið undir stjórn útlendinga getur gert, með eigin sjónvarpssendingum og með því að velja hið bezta sjónvarpsefni frá öðrum þjóðum, eftir að geimsjónvarpið er orðið að veruleika og útbreitt, en fróðir menn telja, að það verði eftir örfá ár.

Menn deila hér á Íslandi sem annars staðar um gildi sjónvarps, og sýnist einum hvítt það, sem annar telur svart. Menn ættu ekki að eyða mjög miklum tíma í slíkar deilur. Þær eru ófrjóar, því að það er augljóst, að sjónvarpið verður almenningseign hérlendis sem erlendis fyrr en síðar. Hitt skiptir meiru, að á skynsamlegan og raunhæfan hátt sé byrjað á undirbúningi að innreið sjónvarpsins á Íslandi. Tryggja þarf fjárhagslegan grundvöll þess, og af áætlun, sem samin hefur verið á vegum ríkisútvarpsins og mér hefur verið skýrt frá, virðist það ekki

ýkjamikið vandamál, því að samkvæmt þeirri áætlun er gert ráð fyrir því, að sjónvarp, er hæfi rekstur sinn hér á landi á árinu 1963, mundi fimm árum síðar, þ. e. a. s. árið 1967, skila í hreinar tekjur á milli 3 og 4 millj. kr., sem síðar mætti nota til þess að stækka sjónvarpið og bæta og fegra sjónvarpsefnið, eftir því sem árin líða. Við þurfum að mennta og þjálfa starfsfólk, bæði hér heima og erlendis, fyrir sjónvarpið, koma upp húsakosti yfir starfsemina, og síðast, en ekki síst, þyrfti að ákveða fljótlega, hvaða sjónvarpskerfi hér yrði notað, svo að almenningur gæti vitað um það, þegar hann gerir kaup á sjónvarpstækjum sínum. Annars á hann það á hættu, að kostnaðarsamar breytingar þurfi að framkvæma á þeim, ef þau eiga að vera nothæf, en í flestum tilfellum munu þau sjónvörp, sem nú eru í gangi, vera ónothæf, ef við tökum upp svonefnt Evrópukerfi hér á Íslandi, þegar að því kemur, að við förum að reka innlent sjónvarp.

Að síðustu þetta: Yfirráð útlendinga yfir sjónvarpsstöð, er næði til meginþorra landsmanna, má líkja við á margan hátt, að útlendingar réðu útvarpi okkar, blöðum okkar og skólum landsins að meira eða minna leyti. Hygg ég, að flestir geti verið mér sammála um, að slíkt væri óþolandi sjálfstæðri þjóð. Hvorki tæknilegir, fjárhagslegir né aðrir erfiðleikar gera Íslendingum erfiðara að reisa og reka eigin sjónvarpsstöð heldur en það er að reisa og starfrækja eigin skóla og eigin útvarp. Notendum sjónvarps í landinu gæti íslenzk sjónvarpsstöð tryggt skemmtilegra og betra dagskrárefni en Keflavíkursjónvarpið er fært um að gera. Keppum því að því, góðir hlustendur, að reisa eigin sjónvarpsstöð hér á landi og taka hana til starfrækslu sem fyrst, minnugir þess, að enginn getur neytt ábyrga íslenzka sjónvarpsstjórn til þess að sjónvarpa ómerkilegu og siðspillandi efni. — Góða nótt.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Við fátækt, hungur og harðrétti börðust kynslóðir Íslands öld eftir öld, mann fram af manni, fyrir tilveru þjóðarinnar, íslenzkri tungu, menningu og algeru sjálfstæði. Þessar horfnu kynslóðir, sem aldrei gleymdu uppruna sínum og hlutverki, færðu núverandi kynslóð sigurlaunin í þeirri baráttu, þegar lýst var yfir stofnun lýðveldis á Íslandi fyrir tæpum tveim áratugum. Sú kynslóð, sem þau sigurlaun hlaut eftir nær 700 ára baráttu, gegndi öfundsverðu hlutverki í sögu íslenzku þjóðarinnar, og henni voru lagðar miklar skyldur á herðar, ljúfar skyldur, að halda tengslum við uppruna sinn, gæta fengins sjálfstæðis, en glata því ekki, tryggja varðveizlu sérstæðrar íslenzkrar menningar og þeirrar tungu, er greinir þjóðina frá öðrum og er fjöregg þjóðernisins. Sú kynslóð, sem lifði lýðveldisstofnunina og endurheimt sjálfstæðis þjóðarinnar eftir aldabaráttu fyrir frelsinu, naut einnig fyrst kynslóða á Íslandi þeirrar tæknibyltingar í heiminum, sem gerði fært að nýta þau auðæfi lands og sjávar, sem fyrri kynslóðum gafst ekki tækifæri til að njóta nema svo, að rétt nægði til að halda lífi og oft þó naumlega. Þessari kynslóð, sem í dag er miðaldra og eldri, hefði því átt að vera auðveldara en öllum öðrum að standa sig í baráttunni fyrir sjálfstæðu Íslandi nútímans og framtíðarinnar, þótt tæknin ryfi einangrun landsins og ryddi erlendum áhrifum braut, bæði þeim áhrifum, er gátu orðið til þess að efla íslenzka menningu og þjóðlíf, og eins hinum, er til niðurrifs og ómenningar horfa. Þessar nýju aðstæður gerðu lýðveldiskynslóðinni því erfiðara fyrir en hinni fyrri um verndun tungunnar og sérstæðrar íslenzkrar þjóðmenningar, en hitt kom á móti, að sú sama kynslóð var hin fyrsta, sem hafði þjóðfélagsleg réttindi til og efni á að veita sér þann munað að eiga sérstakan ráðherra, sem sinnti því, er að mennta- og menningarmálum þjóðarinnar laut, mann, sem væri samvizka þjóðarinnar í menningar- og þjóðernismálum. Íslendingar, sem við sult og harðrétti vernduðu tungu sína og menningu, áttu nú orðið sérstakan menningarmálaráðherra. Ekki hafði án árangurs verið barizt.

Það átti því að vera nokkuð tryggt, að séð væri um það, er mestu varðar, að varðveita sérstæða íslenzka þjóðmenningu, með því að halda lifandi tengslum milli kynslóðanna, þeirrar, er var að vaxa úr grasi í Íslandi nútímans og tækninnar, og hinna, er fyrst glötuðu og síðar endurheimtu sjálfstæði þjóðarinnar, en varðveittu alltaf sérstaka tungu og einstæða þjóðlega menningu, jafnvel á hinum myrkustu árum.

Þegar allt þetta er haft í huga, verður það því hrapallegra, hversu þeirri kynslóð, er við þessu verkefni tók að fengnum sigri, hefur tekizt hlutverk sitt. Baráttan fyrir endurheimt sjálfstæðis Íslands tók tæp 700 ár, oft við sult og hörmungar. En frá því að sá sigur vannst, var ekki einn áratugur liðinn, þegar svo var komið, að sú kynslóð, er við sigurlaununum tók og lifði í vellystingum, hafði sjálf kallað herlið erlends stórveldis til dvalar á Íslandi á friðartímum til frambúðar. Í nær 700 ár hafði verið barizt, fram á við og til sigurs, en síðan hefur verið hörfað og dregnar lokur frá hurðum.

Þeir, sem málum hafa ráðið, hafa þó hverju sinni gætt þess að þykjast ekkert spor ætla að stiga aftur á bak og jafnan neitað því, að það spor, sem næst blasti við á undanhaldinu, yrði stigið. Það ætti að vera óþarft að rekja sögu undanhaldsins. Fyrst var erlendu herveldi staðfastlega neitað um herstöðvar á Íslandi í 99 ár. Þá börðu núv. ráðamenn sér á brjóst og fullyrtu, að aldrei kæmi til þess, að erlent herlið yrði þolað á Íslandi á friðartímum. Og hvers vegna voru allir sammála um, að hér mætti ekki vera her á friðartímum? Deilt var þá og deilt er enn um árásarhættu, sem af herstöðvum leiði á ófriðartímum. En um hitt var ekki deilt þá, að dvöl erlends herliðs kallaði yfir svo fámenna þjóð stórfellda menningarlega og þjóðernislega hættu. Svo mikil hætta var talin á, að sérstæð menning og tunga þjóðarinnar biði óbætanlegt tjón af dvöl erlends herliðs í landinu, að þá voru flestir sammála um, að aldrei mætti leyfa hersetu á Íslandi á friðartímum. Á þeim árum var sem ráðamenn þjóðarinnar skynjuðu í skininu frá lýðveldisstofnuninni,

að af þeim væri krafizt, að þeir gættu þeirra erfða, er þeir hefðu þegið frá fyrri kynslóðum. Hver af öðrum lýstu núv. valdhafar yfir því, hversu óhugsandi væri fyrir íslenzku þjóðina að una erlendri hersetu. Þá ríktu enn fersk áhrif stofnunar lýðveldisins með hverjum Íslendingi og þjóðerniskennd og þjóðarmetnaður var ríkari en svo, að unnt væri að fá þjóðina til að hörfa að því sinni.

Það var fátæk alþýða, sem varðveitti íslenzka tungu og menningu á öldum áþjánar og kúgunar og endurheimti það sjálfstæði, sem yfirstétt landsins hafði áður glatað. Fáum árum eftir endurheimt sjálfstæðisins stafaði alþýðu landsins og fullveldi hætta af nýríkri yfirstétt, sem mat fjárhagslegar ábatavonir af erlendum her meira en þau verðmæti þjóðar, sem ekki er hægt að leggja á peningalega mælikvarða. Skipulega var unnið að því að slæva þjóðernislegar kenndir, og þar kom, að fært þótti að stíga undanhaldsskrefið mikla í sjálfstæðismálunum, en um leið ábataskrefið fyrir fjáraflamennina, er herinn var kallaður til landsins. — Forustumenn þeirrar kynslóðar, sem veittu móttöku sigurlaunum í samfelldri frelsisbaráttu þjóðarinnar, höfðu kallað til landsins erlendan her. Og enn reyndu þeir að fullvissa þjóðina um, að þeir gerðu sér þó ljósa hættuna af dvöl hersins, ekki þó hina hernaðarlegu, heldur hina menningarlegu hættu, og hver af öðrum kepptust þeir við að tala um nauðsynina á einangrun hersins.

Forustumennirnir voru nú þar staddir á hinu skipulega og vísvitandi undanhaldi, að nú töldu þeir gerlegt að hafa her á Íslandi á friðartímum, ef þess væri einungis gætt að aðskilja algerlega herinn og þjóðina, þá væri girt fyrir þá siðferðilegu og menningarlegu hættu, sem af honum mundi annars leiða.

Sem betur fer, voru til menn, sem skildu, að núlifandi kynslóð átti skyldum að gegna við fortíð sína og framtíð. Jafnt horfnar kynslóðir sem sú kynslóð, sem var að vaxa úr grasi, og þær, er óbornar voru, áttu kröfu á því, að viðhaldið væri íslenzku sjálfstæði, íslenzkri tungu og sérstæðri íslenzkri þjóðmenningu. Einn þessara manna var þáv. óbreyttur hv. þm., Gylfi Þ. Gíslason. Hinn 29. marz 1949 sagði hann m. a. á Alþingi, þegar hann ræddi um, á hverju íslenzk utanríkisstefna ætti í meginatriðum að grundvallast:

„Hið aukna öryggi, sem af hersetu leiddi, mundi og hvergi nærri vega gegn þeirri gífurlegu hættu, sem slíkt hefði í för með sér fyrir sjálfstæði og þjóðerni Íslendinga, tungu þeirra og menningu."

Þegar í ljós kom, sem menn máttu vita fyrir, að í engu voru haldin loforð ráðamanna þjóðarinnar, þeirra er herinn kölluðu til landsins, um, að hann yrði einangraður, sagði sá sami þáv. hv. þm. á Alþingi, hinn 22. okt. 1952:

„Þegar herverndarsamningurinn var gerður á sínum tíma, lagði ég á það megináherzlu, að vist hersins yrði ekki látin setja neinn svip á þjóðlífið og þá sérstaklega ekki á lífið í Reykjavík." Og enn sagði hann: „Það má vel vera, að útlendir menn eigi erfitt með að skilja, að til skuli vera sjálfstæð menningarþjóð, sem telur ekki hálft annað hundrað þúsunda, en sú þjóð hefur verið til í nær 1100 ár, reynt bæði margt og mikið, oft verið nær dauða en lífi, þolað hungur og hörmungar, barizt í aldir gegn erlendri kúgun og alltaf viljað vera íslenzk þjóð. Saga Íslendinga og örlög þeirra í aldaraðir gera þá, sem fullorðnir eru, tortrygga að eðlisfari gagnvart útlendum áhrifum. Fámennið og fásinnið gera unglingana hins vegar fíkna í tilbreytingu og þá ekki hvað sízt í það, sem útlent er."

Og sami þáv. óbreyttur þm., Gylfi Þ. Gíslason, sagði á Alþingi hinn 19. okt. 1953, fyrir 9 árum, á því ári, sem í sögunni stendur miðja vegu milli lýðveldisstofnunarinnar og dagsins í dag:

„Íslenzka þjóðfélagið er svo dvergsmátt og að mörgu leyti svo sérstætt, að taka verður þar á svo að segja öllum hlutum öðruvísi en með stærri þjóðum. Þess vegna var það, að ég fyrir mitt leyti lagði sérstaka áherzlu á það, er samningurinn var undirbúinn, að skilin væru sem greinilegust milli hers og þjóðar."

Hvert var nú tilefnið til þess, að þessi orð féllu? Tilefnið var það, að herinn var farinn að gera sig sekan um að stíga yfir þau skil, sem vera áttu milli hans og þjóðarinnar að dómi Gylfa Þ. Gíslasonar og margra fleiri. Og í ræðu hinn 9. okt. á sama ári sagði hann:

„Þar kom meira að segja, að hermönnum var leyft að vera óeinkennisklæddir í frítímum sínum, væntanlega til þess að minna bæri á þeim. Allt var þetta mjög öðruvísi en ég og margir aðrir höfðum gert ráð fyrir og töldum eðlilegt."

Þegar þessi orð voru mælt, var hinu skipulega undanhaldi fyrir herveldinu þó ekki lengra komið en svo, að enn mátust utanríkisráðherrar Sjálfstfl. og Framsfl. um það, hvorum hefði tekizt betur að einangra herinn. Þá var talað um girðingarnar á Keflavíkurflugvelli. Ætla mætti, að síðan hefði ekki aukizt sú gífurlega hætta, sem af dvöl hersins leiddi fyrir sjálfstæði og þjóðerni Íslendinga, tungu þeirra og menningu, eins og Gylfi Þ. Gíslason lýsti hættunni 1949. Og hvers vegna? Meðal annars og ekki sízt vegna þess, að aðeins þrem árum eftir að sá óbreytti þm., Gylfi Þ. Gíslason, minnti árið 1953 á þá áherzlu, sem hann hefði frá byrjun lagt á það, að sem greinilegust væru skilin milli hers og þjóðar, hafði honum sjálfum verið falið æðsta hlutverk í menningar- og þjóðernismálum Íslendinga, og því hlutverki hefur hann nú gegnt í nær sex ár. Sá maður, sem svo sterk orð hafði réttilega haft um hættuna af hernum og er nú orðinn samvizka þjóðarinnar í menningar- og þjóðernismálum, hlýtur að vita, hvaða hættur hann átti við, þegar hann sagði:

„Hið aukna öryggi, sem af hersetunni leiddi, mundi hvergi nærri vega gegn þeirri gífurlegu hættu, sem slíkt hefði í för með sér fyrir sjálfstæði og þjóðerni Íslendinga, tungu þeirra og menningu."

Í hverju bjóst hæstv. ráðh. við, að hætturnar birtust, þegar hann lýsti því, hve þjóðleg verðmæti væru í hættu fyrir áhrifum frá hernum? Stöfuðu hætturnar aðeins af heimsóknum herliðsins til Reykjavíkur, eða hefur hann þá séð til þess, að þær væru lagðar niður? Er ekki hitt sönnu nær, að á meðan hann hefur að vísu ýmislegt gott gert til stuðnings listum og vísindum í landinu, þá riðar ekki einungis skólakerfið vegna sultarlauna kennara, sem flýja störfin, heldur

hafi, síðan ráðherrann mælti sín aðvörunarorð, þar á ofan komið til stórfelldari og válegri hættur af áhrifum hersins en hann gat jafnvel látið sér til hugar koma þá?

Hér hefur í kvöld verið sérstaklega rædd sú menningar- og þjóðfélagshætta, sem af því stafar, að erlent herlið hefur einokunaraðstöðu til sjónvarpsrekstrar fyrir meira en helming Íslendinga. Þetta er válegri hætta en líklegt er að ráðh. hafi órað fyrir, að væri á næsta leiti, þegar hann varaði við spillingaráhrifum hersins, og sú hætta hefur birzt og orðið að veruleika, eftir að honum sjálfum var falið hið mesta trúnaðarstarf í menningar- og þjóðernismálum, sem þjóðin getur veitt einum manni. Ráðh. vissi áður, að heimsóknum hermanna til Reykjavíkur fylgja spillingaráhrif. En gæti það ekki hvarflað að honum nú, að einkaleyfi hersins til sjónvarpsrekstrar fyrir helming landsbúa, áður en þjóðin sjálf hefur efnað í eigið sjónvarp, gæti, svo að notuð séu hans eigin orð, „sett svip á þjóðlífið og þá sérstaklega á lífið í Reykjavík"? Og áður sagði hann einnig, að fámennið og fásinnið gerðu unglingana á Íslandi fíkna í tilbreytingu og þá ekki sízt það, sem útlent er. Skyldu orð hans geta átt við erlent hermannasjónvarp? Enginn efast um það, að sjónvarp er eitthvert stórkostlegasta tæki til áhrifa, sem til er.

Það, sem hér er til umr. í kvöld, er hermannasjónvarpið á Keflavíkurflugvelli og sú þjóðernislega hætta, sem af því stafar. En til að mótmæla visvítandi rangtúlkun, er hér kom fram áðan, vil ég taka það skýrt fram, að svo sjálfsagt sem það ætti að vera, að Íslendingar höfnuðu því og bönnuðu það, jafnsjálfsagt er, að þeir vinni að því að koma upp sínu eigin sjónvarpi sem menningartæki. En þær tvær stofnanir, erlent hermannasjónvarp og íslenzkt ríkissjónvarp, er naumast hægt að nefna í sömu andránni.

Formaður útvarpsráðs lýsti því í útvarpi s. l. sunnudagskvöld, hvert væri menningarástand bandarískra útvarpsstöðva. Hvert er þá menningarstig stöðva, sem ætlaðar eru herliði? Jafnvel Bandaríkjamenn sjálfir gera sér fyllilega ljóst, hvers konar stofnun Keflavíkursjónvarpið er, og afsaka það með því, að það sé einungis miðað við áhugamál og hugðarefni ungra hermanna, sem drepleiðist vistin hér norður á hjara heims. Um menningartæki er engan veginn að ræða, heldur lágkúrulegt afsiðunartæki af stórvirkustu gerð, sem þekkist.

Á engu ber sá maður, sem er persónugerð samvizka þjóðarinnar í menningar- og þjóðernismálum, meiri ábyrgð en þeirri æsku, sem á að erfa landið. Hver hefur þróunin verið hin allra síðustu ár, og hvað er fram undan? Æskunni er fengið hermannasjónvarpið, en kennarar flýja störf sín vegna lágra launa. Munu þeir skólar, sem ekki er betur búið að en svo, að kennararnir flýja þá, megna að sporna við þeim siðspillingaráhrifum, sem af hermannasjónvarpinu leiðir? Við skulum gera okkur það ljóst, að sjónvarp Bandaríkjahers á flugvellinum kynnir ekki bandaríska menningu. Og sannri bandarískri menningu er vissulega enginn greiði gerður með því, að Íslendingar dæmi hana af hermannasjónvarpinu á Keflavíkurflugvelli. Öllu því lakasta og lítilfjörlegasta úr amerísku þjóðlífi er ausið yfir Íslendinga og einkum íslenzka æsku frá herstöðinni á Keflavíkurflugvelli, þá æsku, sem menntmrh. ber ekki sízt ábyrgð á.

Það mætti ætla, að æskan, svo áhrifagjörn og fíkin sem hún er í tilbreytingar og það, sem útlent er, að dómi ráðherrans, væri jafnvel enn auðveldari bráð herliðinu en þeir ráðherrar, sem loka augum fyrir hættunum af hernum. Ætla mætti, að hún væri a. m. k. fljótari að gleyma uppruna sínum og þjóðlegum skyldum en sá persónugervingur þjóðarsamvizkunnar í menningar- og þjóðernismálum, sem fyrrum talaði mest um spillingaráhrif hersins, en hefur ekki þau sex ár, sem hann hefur gegnt æðstu trúnaðarstörfum í menningarmálum, sýnt nokkur merki þess, að hann láti sér ekki í léttu rúmi liggja þær hættur, sem af hersetunni stöfuðu, þegar er hann tók við starfinu, heldur þvert á móti látið viðgangast, að sífellt stórvirkari spillingartæki séu tekin til notkunar. Það mætti ætla, að æskan sýndi minni staðfestu gegn spillingunni. En dæmin frá þeim hluta æskulýðsins í Reykjavík og nágrenni, sem mest og bezt nýtur þeirrar baráttu, sem háð hefur verið á Íslandi fyrir sjálfstæði þjóðarinnar, jafnrétti þegnanna og bættum lífskjörum, æskunni, sem í menntaskólanum í Reykjavík býr sig undir háskólanám, sýna, að sá hluti æskufólks gerir sér grein fyrir hættunni. Menntaskólanemendur í Reykjavík samþykktu í vetur harðorða ályktun gegn Keflavíkursjónvarpinu með um 350 atkv. gegn aðeins 7. Hér hafa skólanemendur stigið yfir öll pólitísk flokksmörk og snúið bökum saman til varnar gegn hættum, sem steðja að íslenzkri þjóðmenningu. Hið sama ættu alþm. að geta gert. Hér sem stundum endranær hafa a. m. k. þessir hópar íslenzkrar æsku staðið sig betur en þeir, sem eiga að bera ábyrgð á henni.

Þessi æska er ekki alin upp við dátasjónvarpið frá bernsku. Hinni næstu yrði hættara. Íslenzkur æskulýður hefur horft á slíka niðurlægingu í sjálfstæðismálunum, síðan lýðveldið var stofnað, að ástæða væri til að óttast áhrifin af því uppeldi, sem hann hefur á þeim árum hlotið. Æskan hefur séð þá sömu kynslóð, sem fékk að þiggja sjálfstæði þjóðarinnar úr höndum fyrri kynslóða, glata því sama sjálfstæði og sjálfsvirðingu á 7 árum með því að kalla erlendan her til landsins. Þessi unga kynslóð átti rétt á því að verða fyrsta kynslóðin í 700 ár til að alast upp í alfrjálsu Íslandi, sem væri fyrir Íslendinga eina. Þess í stað hefur eldri kynslóðin, lýðveldiskynslóðin, búið henni þau örlög að verða fyrsta kynslóðin á Íslandi, sem þarf að deila föðurlandi sínu með erlendum her. Og enn horfir þessi kynslóð upp á það, að þeir, sem mesta ábyrgð bera á þjóðlegu uppeldi hennar, dunda helzt við það í menningar- og þjóðernismálum að hengja skraut á trjátoppinn, um leið og börkurinn er hringskorinn á stofni. Ég held jafnvel, að ef fer svo fram sem horfir, þá gæti það gerzt, að aðdáendur hersjónvarpsins færðu fyrir því rök, að hagkvæmt og skynsamlegt væri að láta erlenda herliðið taka að sér enskukennslu í skólum, með námskeiðum suður á flugvelli, eða hvar eru takmörkin?

Það er sannarlega sérstök ástæða til að fagna samþykkt menntaskólanema og annarra, þar sem saman standa gegn hersjónvarpinu stuðnings-

menn allra stjórnmálaflokka. Sú skólaæska veit og finnur, að íslenzkum þjóðarmetnaði og þjóðarskyldum er ekki fullnægt með því einu að synda 200 metra í þjóðakeppni annað hvert ár og jafnvel ekki með endurheimt handrita, ef lokað er um leið augum fyrir hinum mestu þjóðernishættum, sem að Íslendingum hafa steðjað. Sú íslenzka æska, sem nú er að komast á fullorðinsár, þekkir sem betur fer of vel þær myndir í íslenzkri þjóðarsögu, sem fylla árabilin frá Gunnari á Hlíðarenda og Njáli á Bergþórshvoli til Jónasar Hallgrímssonar og Jóns Sigurðssonar, til þess að hún hugsi sér næstu myndir af íslenzkri nútíma- og framtíðarfjölskyldu fyrir framan bandarískt hermannasjónvarp.

Þegar afstaða er tekin til hermannasjónvarpsins, þá er um það að ræða, hvort Íslendingar sjálfir eða erlendur her fái að ráða því, sem mótar þjóðlíf þeirra í æ ríkara mæli. Og hvar er okkar hlut komið, þegar við viðurkennum í orði og verki, að það er herinn, sem ræður, en ekki við sjálf? Er ekki kominn tími til þess, að Íslendingar rifji það upp fyrir sér, að það eru þeir, sem eiga þetta land, og engir aðrir, og geri sér ljóst, að þeir geta ekki sætt sig við, meðan hernum er enn haldið hér, að sá erlendi her fái það, sem hann hverju sinni heimtar í málum, sem hafa stórvægileg áhrif til spillingar í uppeldis- og menningarmálum þjóðarinnar? Sá aðili, sem er ábyrgastur í menningar- og uppeldismálum, verður líka að gera sér ljóst, að það er ekki aðeins hlutverk hans að planta út snotrum menningartáknum og láta setja áferðarfalleg, en áhrifalitil fyrirmæli, opna listsýningar með ræðum um framlag íslenzkra lista til viðhalds og varnar íslenzkri menningu, heldur eigi síður hitt að sporna við því, að árangri þeirrar viðleitni, sem íslenzkir menn hafa í frammi til varnar íslenzku þjóðerni, verði burtu sópað af stórvirkum útbreiðslutækjum ameríkskrar ómenningar, stórvirkari tækjum til niðurrifs en Íslendingar hafa enn yfir að ráða til uppbyggingar íslenzkri menningu og þjóðerni. Vitaskuld bæri hæstv. ráðh. að gera sér ljóst, að þau orð, er hann mælti á Alþingi 19. okt. 1953, eru enn í gildi, en þá sagði hann:

„Engin þjóð, sem varðveita vill sjálfstæði sitt og sjálfsvirðingu, getur til langframa haft erlendan her í landi sínu.“

Þessi orð eiga vissulega rétt á sér í dag, er herinn hefur dvalizt í landinu í rúm 20 ár. En slík eru spillingaráhrif hans, jafnvel á æðstu forustumenn þjóðarinnar, að í dag er sennilega til of mikils mælzt við æðsta mann mennta- og uppeldismála, að hann hagi störfum sínum samkv. þeim. En jafnvel þótt hann nú vilji halda hernum í landinu, þá ætti honum ekki að gleymast sú þjóðernislega hætta og spillingaráhrif, sem af hernum **stafa, þegar hann hefur einokunaraðstöðu á Íslandi til að beita stórvirkustu tækjum, sem þekkjast, til að breiða út áhrif sín. Ef hæstv. menntmrh.**, sem á að vera samvizka þjóðarinnar í menningar- og þjóðernismálum, ætlar að einskorða starf sitt algerlega við þau verk, sem að engu haldi **koma, ef ekki er upprætt yfirburðaaðstaða hersins til gagnstæðra áhrifa, og ætli hæstv. ráðh.** að láta viðgangast þau spillingaráhrif hersins, sem hann áður varaði við, með því að leggja ekki lið þeirri kröfu, að hersjónvarpið verði ekki látið ná til landsmanna, heldur bannað, þá ásaka ég þann hæstv. menntmrh. fyrir að hafa brugðizt skyldu sinni við þær kynslóðir, sem engan menntmrh. áttu, en varðveittu íslenzka tungu og menningu og færðu okkur sigurinn í sjálfstæðisbaráttu **sjö alda, og skyldu sinni við það** æskufólk, sem fyrst allra kynslóða verður að deila föðurlandi sínu með erlendum her, og ekki sízt skyldum þeim, er óbornar kynslóðir Íslands leggja honum á herðar um þjóðernislega varðstöðu gegn spillingaráhrifum hins erlenda hers á íslenzkt þjóðlíf og menningu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Framsóknarmenn eiga mjög í vök að verjast í þessum umr. Þeir eru nú í stjórnarandstöðu að ráðast á sjónvarpsstöð, sem þeir sjálfir leyfðu, þegar þeir voru í stjórn. Þó átti ég ekki von á, að þeir mundu seilast eins langt til að reyna að bjarga sér út úr þessari klípu og Karl Kristjánsson gerði áðan. Karl las upp það, sem hann sagði að væru skilyrði, sem framsóknarmenn hefðu sett fyrir veitingu sjónvarpsleyfisins á sínum tíma. Karl las upp rangt skjal. Hann tók bréf, sem gekk á milli í umr. um **þetta mál, segir, að það hafi verið** skilyrðin. En það kom í ljós, að þessar hugmyndir voru óframkvæmanlegar, og það var ekki bréfið, sem Karl las, frá 26. nóv. 1954, sem veitti leyfið, heldur annað bréf, sem sent var 7. marz 1955. **Í því bréfi eru aðeins tvö skilyrði sett fyrir** veitingu leyfisins, fyrsta, að afl stöðvarinnar sé ekki yfir 50 wött, og í öðru lagi, að stærsti sjónvarpsgeisli sé ekki meira en 345 gráður. Þetta var leyfið, sem gilti. **En ég undrast það, ef Karl** Kristjánsson hefur gert það vísvitandi að flytja slíka fölsun eins og hann gerði.

Við hina kommúnistísku vélbyssu, sem var að skjóta á okkur hér áðan, vil ég aðeins segja eitt varðandi íslenzka menntmrh. Kommúnistar hafa einu sinni átt menntmrh. í þessu landi, Brynjólf **Bjarnason. Hann barðist fyrir því hér í sölum** Alþingis, að Íslendingar segðu öðrum þjóðum stríð á hendur. Það var eitt af hans stærstu hugsjónamálum fyrir íslenzka æsku í lok síðustu heimsstyrjaldar og í framtíðinni.

Síðan við Íslendingar urðum frjáls og sjálfstæð þjóð, höfum við þurft að glíma við eina þraut, sem er þýðingarmeiri en allar aðrar. Hún er **þessi: Hvernig getum við tryggt frelsi og öryggi** okkar sjálfra vopnlausir, meðan allar aðrar þjóðir bera vopn og beita þeim meira eða minna til að fá vilja sínum framgengt?

Áður fyrr vorum við hlutlausir. Það var þó ekki hlutleysið, heldur fjarlægðin til næstu landa, sem bjargaði okkur. Nú er sú fjarlægð úr sögunni, en hlutleysi hvorki raunhæf né hugsanleg stefna lengur. Eins og aðstæður eru í heiminum í dag, eiga Íslendingar tveggja kosta völ: að annast sjálfir varnir landsins eða fá aðra til þess.

Við höfum valið þá stefnu að gerast aðilar að varnarsamtökum nágranna okkar við Atlantshaf og taka við varnarliði á þeirra vegum. Þessa stefnu mörkuðu þrír af fjórum flokkum Alþingis, og hún hefur verið staðfest í fjórum alþingiskosningum.

Þegar rætt er um vandamál í sambúð okkar við varnarliðið, verðum við að hafa þessa stærri mynd í huga. Yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinn-

ar hefur stutt þá ákvörðun að hafa hér varnarlið, meðan heimsfriður hangir í bláþræði, eins og nú er. Meðan varnarliðið er hér að okkar ósk, verðum við að standa við þá ákvörðun okkar og gera liðinu kleift að gegna hlutverki sínu í vandræðalausri sambúð við þjóðina. En hvernig hefur sambúð Íslendinga og varnarliðsins verið, þegar á heildina er litið? Varnarliðið er að miklu leyti lokað inni á Keflavíkurflugvelli og háð svo ströngum reglum, að þess eru engin dæmi í öðrum löndum nema um fangabúðir. Þetta kerfi ber þann árangur fyrir okkur Íslendinga, að við vitum tiltölulega mjög lítið af varnarliðinu. Hins vegar segja kunnugir embættismenn svo frá, að innilokunin hafi þau áhrif á varnarliðsmenn, að þeir uni sér ekki vel, fjölmargir þeirra fái andúð á Íslandi og Íslendingum og fari með það hugarfar af landi brott. Þegar þetta ástand er haft í huga, hljóta hugsandi Íslendingar að fallast á, að við getum ekki með nokkurri sanngirni bannað þessum mönnum að drepa tímann með því að horfa á sitt eigið sjónvarp. Fyrsti ræðumaður hér í kvöld, Alfreð Gíslason, er taugalæknir, og hann hlýtur að skilja öðrum mönnum betur nauðsyn dægrastyttingar fyrir varnarliðsmenn við þessar aðstæður.

Bent er á, að sjónvarp á erlendu máli sé hættulegt fyrir tungu og þjóðerni Íslendinga. Segja mætti einnig, að erlent útvarp, sem heyrist hingað, að kvikmyndahúsin um allt land, að erlend blöð, bækur og hljómplötur, sem streyma til landsins, sé allt að vissu leyti hættulegt. Ég skal fúslega viðurkenna, að í öllu þessu felst nokkur hætta. En við megum ekki mikla hana fyrir okkur um of. Við skulum ekki gleyma þeirri sögulegu staðreynd, að íslenzk tunga og menning hafa blómgazt mest og bezt, þegar samgöngur við önnur lönd hafa verið greiðastar, en komizt næst útrýmingu í innilokun, þröngsýni og einangrun. Við getum aldrei varið menningu okkar með gaddavírsgirðingum, boði eða banni. Ef við erum sífellt hræddir við umheiminn og áhrif hans, **erum ávallt að fárast af minnimáttarkennd yfir** einu og öðru, þá erum við í hættu. Menningu okkar getum við varðveitt, ef við höfum heilbrigða trú á sjálfum okkur og komum fram eins og sjálfstætt, óhrætt fólk. Okkur ber að styrkja kjarnann í uppeldisstarfi og skólum, listum og vísindum og hvers konar íslenzku menningarstarfi.

Fyrir 10 árum héldu spámenn bölsýninnar í íslenzkum menningarmálum því fram, að betra mundi að drepa hálfa þjóðina í stríði en hafa hér erlent varnarlið, það mundi íslenzk menning aldrei þola. En hvað hefur reynsla í heilan áratug sýnt? Í fyrra kom hingað til lands frægur norskur menningargagnrýnandi. Hann lét í ljós undrun yfir því, hve lítið honum fannst bera á beinum amerískum menningaráhrifum hér á Íslandi. Þegar hann kom heim til Oslóar, hóf hann sókn í blaði sínu til þess að finna norsk orð í staðinn fyrir ensk, sem voru að festast þar í máli. Og hann benti á Íslendinga sem fyrirmyndir í þessum efnum.

Höfuðatriði þessa máls er, að við munum ekki gera menningu okkar gagn með einangrun. Við skulum vissulega halda vöku okkar og styrkja þann þjóðarkjarna, sem kann að velja og hafna. Við skulum hugsa betur um æskuna og uppeldi hennar, en ekki láta okkur til hugar koma, að hún muni sætta sig við boð eða bann. Einu sinni var hávaði mikill vegna útvarpsstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Nú heyrist lítið á hana minnzt, vegna þess að okkar eigið útvarp sér fyrir léttri og þungri tónlist allan daginn. Í dag er þrætuepli sjónvarp þar syðra. Við getum bannað það, en eftir fá ár kemur hingað til lands alþjóðlegt sjónvarp frá Bandaríkjamönnum og Rússum endursent frá gervihnöttum. Hvernig ætla menn að banna það hér uppi á Íslandi? Eigum við þá að setja upp truflunarstöðvar til að fyrirbyggja, að geimsjónvarpið nái til okkar?

Enda þótt ógerlegt sé að banna varnarliðsmönnum, sem eru að mestu lokaðir inni á Miðnesheiði, að hafa sitt eigið sjónvarp til dægrastyttingar, þá er engu að síður óviðunandi, að í landinu sé aðeins sjónvarp á erlendu máli. En þann vanda getum við ekki og eigum ekki að leysa með banni. Lausn málsins er á öðru sviði, að við komum upp sem allra fyrst okkar eigin íslenzka sjónvarpi. Þau undur hafa gerzt, síðan deilur um Keflavíkursjónvarpið hófust, að allflestir menn og flokkar á Alþingi virðast nú fylgja því, að komið verði upp íslenzku sjónvarpi sem fyrst. Öðruvísi mér áður brá. Fyrir fimm árum var til umr. hér á þingi tillaga um, að tekjur viðtækjaeinkasölunnar skyldu renna til þjóðleikhússins og sinfóníuhljómsveitarinnar. Þá flutti ég litla brtt. þess efnis, að tekjur af innflutningi sjónvarpstækja skyldu þó renna til undirbúnings íslenzks sjónvarps. Þessi till. var kolfelld hér í Nd. Mig minnir, að 3 eða 4 þm. hafi staðið með mér, allir hinir á móti, og þá ekki síst framsóknarmenn og **kommúnistar, sem nú þykjast ákafastir fylgismenn sjónvarps.** Ef till. hefði verið samþ. 1957, ættum við nú þegar í sjóði 1—2 millj. kr. til að **undirbúa sjónvarpið okkar. En eftir atkvgr. komu** ýmsir þm. og létu í ljós andstöðu og vantrú á **þeirri fásinnu að koma upp sjónvarpi á Íslandi.**

En látum þetta kyrrt liggja. Hitt er meira um vert, að nú virðist risinn almennur áhugi meðal valdamanna á að hrinda þessu máli í framkvæmd. Er vonandi, að sá áhugi reynist vera meira en áróðursbóla í sambandi við Keflavíkurmál og þessir menn vilji gera það átak, sem þarf til að koma íslenzku sjónvarpi á fót.

Fyrir fjórum árum eða svo úrskurðaði menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, að sjónvarp skyldi teljast útvarp og gilda því lög um útvarp jöfnum höndum um sjónvarp og hljóðvarp. Þessi skilgreining er hin sama og gerð hefur verið í öðrum löndum, en þetta þýðir, að sjónvarp er í verkahring ríkisútvarpsins samkv. lögum og mun vaxa upp sem deild úr því, nema Alþingi ákveði annað. Þess vegna hefur útvarpið látið gera undirbúningsrannsóknir á sjónvarpsrekstri hér á landi og lagt þær ásamt drögum að fjárhagsáætlun fimm fyrstu árin fyrir ríkisstj. Útvarpið er þátttakandi í útvarpsbandalagi Evrópu, en hluti þess er sjónvarpskerfið Eurovision. Yfirverkfræðingur þessara samtaka, Belgíumaðurinn Hansen, sem hefur aðsetur í Brüssel, hefur komið hingað til lands til að kynna sér aðstæður til sjónvarps og gera byrjunartillögur um það. Á skýrslu hans byggist ýmislegt það, sem ég nú segi um væntanlegt sjónvarp á Íslandi.

Hann telur eðlilegt, að við Íslendingar byrjum með 5000 watta sjónvarpsstöð í Reykjavík, takið eftir, 5000 watta. Hér er verið að rífast um 50 watta stöð á Keflavíkurflugvelli. Eitt hundrað sinnum sterkari verður fyrsta stöðin okkar að vera. Á þessu sjá menn stærðarhlutföllin og hversu litlar þær stöðvar raunverulega eru og eftir því lélegar, sem við erum að deila um.

Stofnkostnaður við stöðina sjálfa hefur verið áætlaður 11—12 millj. kr. Útvarpið er nú að fá nýja útvarpssendistöð á Vatnsenda, og verður hún svo miklu fyrirferðarminni en gamla stöðin, að þar fæst nægilegt húsrými fyrir sjónvarpssendi. Þá er talið, að nota megi loftnetsstengur útvarpsins fyrir sjónvarpið, og sparar það stórfé. Til viðbótar þyrfti sjónvarpssali í bænum, 150—200 fermetra. Ekki er rétt að byggja fyrir sjónvarp, fyrr en nægileg reynsla er fengin af húsnæðisþörf þess eftir 5—10 ár.

Ætlunin er, að fyrstu 5—10 árin verði sjónvarpsdagskrá okkar ekki nema 2—2½ st. á dag, enda er það ærið nóg, ef vel tekst efnisvalið. Hafa stærri þjóðir, eins og Svíar. Danir og Norðmenn, talið það fullnægjandi. Efni sjónvarpsins mun fara eftir dugnaði og hugkvæmni okkar sjálfra. Fréttir verða þar veigamiklar og fréttamyndir eða sjónvarpssegulbönd eiga að berast víðs vegar úr heiminum. Hvers konar samtalsþættir fá nýtt líf, þegar þeim er sjónvarpað. Það verða margs konar fræðsluþættir með stokkum og steinum, kyrrmyndum og kvikmyndum til skýringar. Það verður tiltölulega auðvelt að setja íslenzkan texta inn á fræðslukvikmyndir og gefa útdrætti úr efni stærri kvikmynda, sem þó yfirleitt munu verða gamlar, því að kvikmyndahúsin fá að sitja ein að nýjum myndum. Veðurfregnir fá nýtt gildi, er við sjáum veðurkortin og fáum þau útskýrð. Barnatímar eru heill heimur, þar sem með litlum tilkostnaði má gera margt til skemmtunar og fróðleiks í sjónvarpi. Sumar íþróttir njóta sín ágætlega í sjónvarpi, danssýningar gera það, og öðru hverju mundum við hafa ráð á heilum leiksýningum.

Þannig mætti lengi tala áfram um dagskrána. Sjónvarpið er aðeins tækni, sem við sjálf verðum að blása í lífi og móta í hendi okkar. Ég skil ekki þá bölsýnismenn, sem telja það vera óalandi og óferjandi, þótt sýnilega séu þeir á hverju strái hér á Íslandi. Við megum ekki búast við stórkostlegum skrautsýningum eða umfangsmiklum leikritum á hverju kvöldi, eins og tíðkast með stórþjóðum. Við munum ekki heldur setja auglýsingar innan um efnið, en hafa þær, eins og auglýsingar ríkisútvarpsins nú eru, á einum stað.

Enda þótt rétt sé að vera bjartsýnn um öflun sjónvarpsefnis og vantreysta ekki hugkvæmni og dugnaði þjóðarinnar, verður kostnaður við dagskrána óhjákvæmilega mikill. Hann er sá liður, sem veldur mestu um, að sjónvarpið mun í fyrstu hafa um 10 millj. kr. útgjöld, en eftir 5 ár eða svo verða komið um eða yfir 15 millj. á ári.

Hvernig getum við tryggt sjónvarpinu tekjur til að standa undir þessum gjöldum? Sjónvarpsnotendur munu að sjálfsögðu greiða iðgjöld, eins og fyrir útvarp. Með núv. verðlagi mætti reikna með 500—700 kr. á ári eða innan við 1 kr. fyrir hverja klukkustund sjónvarpsefnis. Reiknað er með, að sjónvarpsnotendur verði eftir 5 ár orðnir 12—15 þús., og er það varlega áætlað samkv. reynslu annarra þjóða. Auglýsingatekjur verða án efa nokkrar í sjónvarpi, eins og þær eru í útvarpinu. Má búast við, að auglýsingar verði skuggamyndir eða örstuttar kvikmyndir fluttar í einum samfelldum tíma. Þessu til viðbótar er óhjákvæmilegt, að til sjónvarpsins renni a. m. k. fyrstu árin allmikið af þeim gjöldum, sem hið opinbera tekur af innfluttum sjónvarpstækjum. Er það sama leið, sem notuð var fyrir 30 árum til að koma útvarpi af stað, og mun vonandi ekki verða deilt um réttmæti þess. Þegar þessir þrír tekjuliðir koma saman, gera áætlanir ráð fyrir, að sjónvarp þurfi ekki frekari stuðnings við og geti vaxið upp sjálft á sama hátt og útvarpið hefur gert. Allmikill gjaldeyriskostnaður verður við að kaupa sjónvarpstæki til landsins. Hefur verið áætlað, að þetta muni á fyrstu 5 árum sjónvarpsins nema um 65 millj. kr., eða 12—13 millj. á ári að jafnaði. Þetta eru háar tölur, en dreifast á mörg ár og munu ekki verða teljandi liður í gjaldeyrisnotkun okkar, sem nemur nú um 3500 millj. á ári.

Herra forseti. Ég hef nú lagt spilin á borðið og skýrt frá höfuðatriðum varðandi kostnað við stofnun sjónvarps á Íslandi. Ég hef nefnt háar tölur, og verður þá ljóst, hvers vegna sjónvarpið er ekki nú þegar komið. Ríkisútvarpið hefur ekki viljað flana út í neitt. Hins vegar vil ég biðja hlustendur að láta ekki tölurnar vaxa sér í augum. Það eru allar tölur háar nú á dögum, og við ráðum vel við sjónvarp, ef farið er hóflega af stað og stofnunin látin safna kröftum á nokkrum árum.

Stofnkostnaður við sjónvarpið er hlutfallslega ekki eins mikill og stofnkostnaður útvarpsins var 1930. Vænti ég, að forráðamenn þjóðarinnar í dag telji sig ekki minni menn til stórræða en Jónas og Tryggvi voru þá. Rekstur sjónvarpsins mun í byrjun kosta lítið meira en rekstur Tímans, og er hann þó aðeins eitt af fimm dagblöðum okkar.

Sjónvarpsmálið liggur nú fyrir ríkisstj., og vil ég vænta þess, að hún hafi stórhug og myndarskap til að gera það að veruleika. Það er farsælt að byrja snemma og hóflega, þótt við séum nú þegar orðnir eftirbátar annarra í þessu efni.

Sjónvarpið er ný tækni, sem er notuð á ótrúlega mörgum sviðum. Það er ekki aðeins tæki til fræðslu, upplýsingar og skemmtunar á heimilum. Börnin okkar munu upplifa, að sjónvarpsmynd verði á hverjum síma, svo að viðtalendur sjái hvor annan. Þau munu vinna með sjónvarpstækni í frystihúsum, niðursuðuverksmiðjum og öðrum iðjuverum næstu framtíðar, þar sem framleiðslan er að mestu sjálfvirk, en sjónvarpsaugað fylgist með henni. Nemendur munu læra læknisfræði með því að sjá í sjónvarpi hverja fingrahreyfingu skurðlæknis. Sjómenn og vísindamenn munu skoða undirdjúp fiska og botn hafsins með sjónvarpi. Ekkert af þessu eru draumórar, þetta er allt nú þegar til í einhverri mynd.

Og þá er ónefnd veigamesta þýðing sjónvarpsins, sem er á sviði skólamála. Góðir kennarar geta gert kraftaverk með sjónvarp sem hjálpartæki og sýnt nemendum fjölda atriða, sem ógern-

ingur er að framkvæma í hverri kennslustofu. Hvert einasta land, sem komið hefur upp sjónvarpi, hefur samtímis byrjað að hagnýta það fyrir skólana. Ég skal nefna sem dæmi, að í gærmorgun var Niels Bohr, hinn frægi vísindamaður, fyrir framan skólasjónvarpið í Danmörku, en gagnfræðaskólanemendur um allt landið hlustuðu á þennan aldna vísindamann útskýra kjarnorkuna.

Hér á Íslandi eru framsýnir menn, sem hugsa til þessa nýja kennslutækis. Í tveim nýbyggðum skólum í Reykjavík eru þegar fyrir hendi allar nauðsynlegar innanhúsleiðslur til að flytja sjónvarp í hverja kennslustofu.

Það eru líka ýmsir gallar á sjónvarpinu. Við skulum ekki gleyma því. Í fyrstu er setið við tækið í myrkri tímum saman, og það hefur áhrif á annað félagslíf. En hér var setið fast við útvarpið, meðan það var nýtt. Þetta fer af, áður en langt líður, og fólk venst á að velja þá þætti, sem það hefur áhuga á, en loka fyrir aðra. Sagt er, að sjónvarpið dragi úr lestri blaða og bóka, en það hefur ekki reynzt svo í öðrum löndum. Þvert á móti hafa sjónvarpsþættir um bækur, höfunda og efni þeirra stóraukið sölu viðkomandi bóka. Í einu landi var bókmenntasaga kennd í sjónvarpi klukkan sjö á morgnana, en samt mættu 1500 manns til að taka próf í skóla að loknu þessu námskeiði. Í þessum efnum veldur hver á heldur.

Eins og þróun sjónvarpsmála hefur verið í heiminum hin síðustu ár, er óhugsandi, að Íslendingar tileinki sér ekki þessa tækni. Hana má nota til góðs eða ills, rétt eins og talað orð, eins og prentað mál, eins og hvert annað tæki, sem við höfum eignazt. En við, sem trúum á hið góða í manninum, getum ekki efazt um, að vankantar sjónvarpsins verði þegar fram líða stundir smámunir við hliðina á kostum þess. Ég hef staðfasta trú á, að Íslendingar ráði fjárhagslega við rekstur sjónvarps. Ég er sannfærður um, að sjónvarpið muni reynast máttugt tæki til fræðslu, til aukinnar menningar, og það mun styrkja þann íslenzka arf, sem er líf okkar og tilveruréttur sem sjálfstæðrar þjóðar. Ég vona, að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar sé á sama máli, hvað sem þeir fínu menntamenn í Reykjavík segja, og að ekki standi á Alþingi eða ríkisstj. í þessu frekar en öðrum framfaramálum. — Góða nótt.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Útvarpsumræður sem þessar eru óvenjulegt fyrirbæri, og sannast sagna eru litlar líkur til þess, að útvarpshlustendur endist til að hlusta í þrjá klukkutíma á umræður um jafneinfalt mál og hér er til meðferðar. Eðlilegt er að efna til útvarpsumræðna um stórmál, sem eru margþætt og vandasöm, en þetta sjónvarpsmál er svo fábrotið, að engin tök eru á að rökræða það fram og aftur klukkustundum saman, nema með því að japla æ ofan í æ á sömu atriðum. Bera þessar umræður því ótvírætt vitni, og þessi ræða mín mun vafalaust ekki heldur leiða fram nein ný málsatvik. Auðvitað getur viðhorf til sjónvarps, hvort heldur er frá Keflavíkurflugvelli eða íslenzkt sjónvarp, ekki fallið saman við neina flokkslínu, heldur er þar um algerlega einstaklingslegt mat að ræða. Umræður um málið eru eðlilegar, enda hefur ríkisútvarpið þegar efnt til umræðufundar á eðlilegum grundvelli. En þessar umræður eftir flokkspólitískum línum hljóta hins vegar að setja óeðlilegan og jafnvel beinlínis villandi blæ á málið. Krafa Alþýðubandalagsins um útvarpsumræður og allur málflutningur talsmanna þess flokks hér í kvöld, og raunar framsóknarmanna líka, er villuljós, sem menn þurfa að forðast, ef þeir vilja mynda sér raunhæfar skoðanir á viðfangsefninu.

Auðvitað var sjálfsagt að leyfa Alþýðubandalagsmönnum að túlka málstað sinn fyrir almenningi, enda hafa þeir með málflutningi sínum hér í kvöld ótvírætt staðfest það, sem öllum þingheimi var ljóst, er tillaga þeirra var lögð fram, að sjónvarp eða ekki sjónvarp er algert aukaatriði í þeirra huga. Aðalatriðið er að nota sérhvert tækifæri til þess að reyna að egna til illinda við bandaríska varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Þá er handhægt að gerast eldheitir talsmenn þjóðlegra menningareinkenna, þjóðernis og tungu, þótt vernd slíkra verðmæta hafi til skamms tíma ekki verið ofarlega á stefnuskrá hins alþjóðlega kommúnisma, enda lítt samræmanleg alþjóðahyggju þeirrar stefnu. En hverju skiptir það, þótt boðskapurinn komi ekki alltaf frá hjartanu, ef hægt er að þjóna því hlutverki að koma Íslandi úr varnarsamtökum vestrænna þjóða?

Einungis með hliðsjón af þessum pólitíska tilgangi eru útvarpsumræðurnar í kvöld skiljanlegar. En hvorki þessi tilgangur né stóryrtar fullyrðingar um siðspillandi dagskrá Keflavíkursjónvarpsins og tortímingu þjóðlegrar menningar og góðra siða af hennar völdum eru heppilegur grundvöllur að umræðum um þetta sjónvarpsmál. Vissulega er hér um vandamál að ræða, sem vert er að gefa gaum, en það verður að íhugast öfgalaust og algerlega óháð öllum pólitískum kennisetningum og vináttu eða andúð í garð tiltekinna ríkja. Þótt tillaga Alþb. sé aðeins pólitískt herbragð, sem hlýtur að fá afgreiðslu í samræmi við tilgang hennar, þá hlýtur málið þó á þessum vettvangi að verða rætt efnislega á grundvelli þeirrar tillögu.

Hæstv. utanrrh. hefur þegar rakið ýtarlega sögu Keflavíkursjónvarpsins allt frá þeim tíma, er dr. Kristinn Guðmundsson, þáv. utanrrh., leyfði sjónvarp varnarliðsins árið 1955, eftir að hann hafði fengið öll mál snertandi varnarliðið í sínar hendur. Er rétt að vekja sérstaka athygli á því, að tilkoma sjónvarpsstöðvarinnar var bein afleiðing girðingarhugmyndar þessa utanrrh., hugmyndar, sem hann sjálfur gafst upp við að framkvæma, en var Íslendingum til lítils sóma. Hitt er auðvitað rétt og skiljanlegt, að ekki er í senn hægt að ætlast til þess, að varnarliðsmenn fari ekki út fyrir bækistöðvar sínar, og banna þeim um leið að njóta í bækistöðvunum dægradvalar eins og sjónvarps, sem er hin eftirsóttasta tómstundaiðja í heimalandi þeirra. Er að þessu leyti hægt að taka undir ummæli í grg. fyrir tillögu nokkurra framsóknarmanna um sjónvarpsmálið.

Það kann að vera, að erfitt hafi verið í upphafi að synja varnarliðinu sjónvarps, og þar sem sjónvarpsstöð þessi hefur einu sinni verið leyfð, tel ég útilokað að banna varnarliðinu nú að starfrækja þessa stöð. Er enda líklegt, að

ekkert sé fremur fallið til að fá varnarliðsmenn til að una í bækistöðvum sínum en sjónvarpið. Ýmsir hafa látið sér detta í hug, að hægt hefði verið að takmarka sjónvarpið í upphafi við svokallað lokað sjónvarp, en af einhverri ástæðu mun dr. Kristinn Guðmundsson, þáv. utanrrh., ekki hafa talið það gerlegt, er hann upphaflega veitti leyfið. Lokað sjónvarp er þó eina úrræðið til að loka sjónvarpið inni, eins og talsmenn framsóknarmanna prédika eftir sjö ára afskiptaleysi af málinu. Ég tel óvefengjanlega upplýst í málinu, að aukning á orku stöðvarinnar er eingöngu tæknileg nauðsyn og stafar ekki af neinni viðleitni varnarliðsins til að ná betur augum og eyrum Íslendinga. Það er staðfest af sérfræðingum póst- og símamálastjórnarinnar, að endurnýja þurfi tæki stöðvarinnar og tæki fyrir núverandi orku hennar séu ekki lengur framleidd. Það er jafnframt upplýst, að það hafi aldrei verið tæknilega framkvæmanlegt að takmarka sendisvið stöðvarinnar við Keflavíkurflugvöll, og enn fremur, að orkuaukning stöðvarinnar muni ekki auka langdrægni hennar, svo að neinu nemi.

Allt bendir því til þess, að hið mikla moldviðri, sem blásið hefur verið upp út af stækkun stöðvarinnar og hefur náð jafnvel til íslenzkra menntahópa erlendis, sem ekkert vita um málið, sé ýmist orðið til af misskilningi á eðli málsins eða af þeim sömu hvötum og liggja að baki þáltill. Alþb. Hið broslega í málinu er svo það, að ef varnarliðið hefði haft einhverjar slæmar hvatir með orkuaukningu sinni, þá hefði verið auðið fyrir það að ná tæknilega sama árangri með aðferðum, sem ekki hefðu krafizt neins nýs leyfis og enginn mundi hafa tekið eftir. Það verður því að játa, að tillaga Alþb. um að banna alveg sjónvarpsstöðina er, burt séð frá pólitískum tilgangi hennar, raunhæfari en till. framsóknarmanna um að banna orkuaukningu stöðvarinnar, því að stækkun eða stækkun ekki hefur lítil áhrif til útilokunar á nýtingu Íslendinga af sendingum stöðvarinnar. Teljum við lífsnauðsyn að losna við sjónvarpið, verður alveg að loka stöðinni, en um leið verður að gera sér grein fyrir því, að brottfall þessarar dægradvalar varnarliðsmanna hlyti að leiða til þess, að þeir leituðu meir út frá bækistöðvum sínum. Er mjög ólíklegt, að nokkur óski þess.

Í grg. þáltill. þeirra Alþýðubandalagsmanna er sagt, að uphaflega hafi verið sett það skilyrði, að sendisvið sjónvarpsstöðvarinnar yrði takmarkað við Keflavíkurflugvöll. Upplýst er, að tæknilega var þetta ekki auðið og skilyrðið því dauður bókstafur og nánast hlægilegt. Strax var vitað, að svið var stærra, en það látið ætið afskiptalaust, og þótt sjónvarpsnotkun Íslendinga hafi aukizt á síðari árum, hafa margir átt sjónvarpstæki um lengri tíma. Engu að síður hefur aldrei verið amazt við stöðinni, né heldur á dögum vinstri stjórnarinnar. Og varla hefur dagskrárefnið verið menningarlegra þá en nú, — eða hafa framámenn kommúnista kannske ekki almennt farið að stunda Keflavíkursjónvarpið fyrr en nú síðustu mánuðina? Og öll þessi sjö ár hafa framsóknarmenn líka þagað.

Ég hef aldrei horft á sjónvarp frá Keflavík og get því ekki gefið lýsingu á dagskrárefninu eins og flm. þáltill., sem virðast því nákunnugir. Mér þykir hins vegar næsta ótrúlegt, að útsendingar stöðvarinnar séu að mestu helgaðar soranum einum úr andlegu lífi stórþjóða, eins og svo smekklega er komizt að orði í grg. þáltill. Þótt við látum liggja á milli hluta áhuga Bandaríkjastjórnar á andlegri velferð Íslendinga, þá er næsta torvelt að skilja það, að bandarísk stjórnvöld telji sorann úr andlegu lífi Bandaríkjaþjóðarinnar viðeigandi andlega fæðu varnarliðsmanna sinna á Keflavíkurflugvelli og þeirra mörgu bandarísku kvenna og barna, sem þar dveljast. Er ekki hér lengra gengið í öfgum en hægt er að bjóða nokkrum manni með sæmilega óbrjálaða skynsemi? Auðvitað er ekki hægt að rökræða við menn, sem eru í þessum ham. Vil ég því hugleiða vandamálið með því fólki, sem lítur á það með rólegu hugarfari.

Ég er ekki hrifinn af sjónvarpi og hef alltaf verið dálítið kvíðinn að fá það yfir okkur. Sjónvarpið er stórkostlegt tæki, sem hefur mikinn áhrifamátt, og ég mun naumast einn um að kvíða þeim áhrifum, sem það kann að hafa á lífsvenjur okkar. Vel kann að vera, að sá kvíði sé ástæðulaus og mótist af of mikilli þröngsýni, og vonandi reynist svo, því að hvað sem mér og öðrum slíkum kann að finnast, þá er þróunin vafalaust óstöðvandi í þá átt, að sjónvarpið nái til Íslendinga, hvað sem Keflavíkursjónvarpinu líður, þótt það kunni að hraða þeirri þróun í okkar landi. Áform eru þegar uppi um það að nota gervihnetti til að endurvarpa sjónvarpi, sem þá mun ná um alla jörð, og eina hindrunin er þá sú, að menn eigi ekki sjónvarpstæki. Auðvitað mætti hindra notkun Íslendinga bæði á sjónvarpi frá Keflavík og annars staðar frá með því að banna innflutning og sölu sjónvarpstækja. En telur nokkur maður þá leið færa? Við skulum því gera okkur grein fyrir því, að innan skamms tíma er sjónvarpið skollið yfir okkur, hvort sem við viljum eða viljum ekki og hvort sem við bönnum sjónvarpsstöð varnarliðsins í Keflavík eða ekki. Rás framþróunarinnar verður ekki stöðvuð.

Þar sem sjónvarpið er jafnáhrifaríkt áróðurstæki bæði til góðs og ills og raun ber vitni, þá er það ekki nema eðlilegt, að mönnum þyki almennt séð varhugavert að láta erlendan aðila hafa einkaaðstöðu til starfrækslu slíks tækis í landinu. Ég mundi því persónulega telja æskilegast, að engin sjónvarpsstöð væri á Keflavíkurflugvelli, og auðvitað mundum við einnig öll telja æskilegast, að ástand í heimsmálum væri þannig, að þar þyrfti alls ekki neitt erlent varnarlið að vera. Gætu því flm. slegið tvær flugur í einu höggi, ef þeir gætu haft þau áhrif á húsbændur sína eystra, að þeir létu af þeirri yfirgangsstefnu, sem neyðir okkur sem aðrar frjálsar þjóðir til að halda uppi hervörnum, sem okkur Íslendingum hlýtur sérstaklega að vera ógeðfellt, af því að við erum engum herbúnaði vanir og fyrirlítum allan hernaðaranda. En eitt leiðir af öðru. Úr því að við vegna yfirgangs hins alþjóðlega kommúnisma verðum að hafa hér varnarlið, sýnist eigi heldur auðið að banna varnarliðinu að starfrækja þá sjónvarpsstöð, sem dr. Kristinn Guðmundsson heimilaði því á sínum tíma, og deila um orkuaukningu þeirrar stöðvar sýnist vera deila um keisarans skegg. Spurningin

verður því raunar aðeins sú, hvort Íslendingar eigi að hafa bein afskipti af starfsemi þeirrar stöðvar. Vafalaust munu hinir áhugasömu verndarar íslenzkrar siðmenningar varla hafa á móti því, að íslenzk stjórnvöld óski a. m. k. eftir að fá að fylgjast með dagskrá sjónvarpsins til þess að reyna að útiloka sorann og láta ekki mata þjóðina á því óheyrilega efni, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. lýsti í ræðu sinni, sem öll var hin mesta fordæming á aðgerðum þess ráðherra Framsfl., sem leyfði stöðina. Á sama hátt og hér er eftirlit með kvikmyndum, getur ekki talizt nema sjálfsagt, að sjónvarp, hverjir sem það starfrækja, sé háð hliðstæðu eftirliti um efnisflutning. Þótt ég telji þáltill. Alþb. fráleita og enga ástæðu til afskipta Alþingis af málinu, sérstaklega nú, úr því að það aldrei hefur komið til kasta þingsins á neinu stigi þess, þá tel ég jafnsjálfsagt, að íslenzk stjórnarvöld hafi augun opin fyrir því, að einkaaðstaða erlends aðila til sjónvarpsrekstrar í landinu er viðkvæmt mál og varasamt, sem fylgjast þarf vel með og setja þau takmörk eftir föngum, að erlendur hugsunarháttur og siðvenjur, þótt gott kunni að vera á sínum stað, ýti ekki til hliðar íslenzkum hugsunarhætti og sérkennum, sem telja verði rétt að reyna að vernda. En einnig á þessum sviðum sem öðrum verðum við þó að minnast þess, að við getum ekki byggt um land okkar neinn Kínamúr. Við erum umkringdir erlendum áhrifum úr öllum áttum, og til lengdar ræður það því fyrst og fremst varðveizlu íslenzkra séreinkenna, hvort þau eru það sterk í eðli okkar og vitund, að við sjálf hvert og eitt viljum vernda þau.

Ég skal ekki mörgum orðum eyða að íslenzku sjónvarpi, enda hefur hv. 5. þm. Vesturl., sem einnig er formaður útvarpsráðs, gert því máli glögg skil. Alþjóðlegt sjónvarp er við bæjardyrnar, og auðvitað er eina samkeppnisvon okkar við erlend sjónvarpsáhrif sú, að við getum sjálfir komið upp sjónvarpi, því að sjónvarpstækjabannið er álika fráleitt og að við létum okkur detta í hug að banna að sýna erlendar kvikmyndir í kvikmyndahúsum, af því að við eigum ekki íslenzkar kvikmyndir. En því miður er sjónvarp dýrt fyrirtæki, svo að ég er hræddur um, að torvelt reynist að lyfta því Grettistaki. Engu að síður verðum við að stefna að því marki. Við getum þá a. m. k. átt þá huggun, ef um einhver slæm áhrif af sjónvarpi verður talið að ræða, að þá séu þau áhrif íslenzk. Eftir að hafa hlustað á ræðu hv. þm. Alfreðs Gíslasonar læknis um hin geigvænlegu áhrif sjónvarps almennt, furðar menn þó á því, að síðari hluti þáltill. þeirra Alþýðubandalagsmanna skuli fjalla um athugun á að koma upp íslenzku sjónvarpi.

Herra forseti. Svo sem ég í upphafi sagði, tel ég viðhorf til sjónvarps, hvort heldur er um sjónvarp að ræða frá Keflavíkurflugvelli eða íslenzkt sjónvarp, ekki geta fallið saman við stjórnmálaskoðanir manna og tel það málinu til tjóns að reyna að færa það inn á svið pólitískra deilna. Ég tel því tillöguflutning og málatilbúnað Alþb. beinlínis spilla því, að málið geti verið rætt á eðlilegan hátt, og tillögu þeirra flutta svo augljóslega í þeim tilgangi einum að vera liður í baráttu þeirra gegn aðild Íslands að vestrænu varnarsamstarfi, að ekki geti verið áhorfsmál að fella tillöguna. Sjónvarpsmálið sjálft tel ég svo verða að íhuga út frá þeim sjónarmiðum, sem ég hef hér reynt að draga fram. — Góða nótt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er algerlega rangt hjá hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, að hv. 1. þm. Norðurl. e., Karl Kristjánsson, hafi lesið upp úr röngu bréfi. Í bréfinu, sem Karl las upp úr, voru tilgreind skilyrði, sem sett voru fyrir sjónvarpsleyfinu, og leyfið sjálft var ekki veitt, fyrr en í bréfi, sem var skrifað nokkru síðar eða eftir að á skilyrðin hafði verið fallizt. Ég vil ekki ætla hv. 5. þm. Vesturl. svo illt, að hann sé vísvitandi að bera hér fölsun á hv. 1. þm. Norðurl. e., heldur hafi hann ekki aflað sér nægra upplýsinga um það, sem hann var að tala um.

Hv. stjórnarsinnar hafa sagt, að lítill munur sé á leyfi því, sem nú hefur verið veitt til sjónvarpsrekstrar, og því leyfi, sem var veitt af dr. Kristni Guðmundssyni 1955. Þetta er fullkomlega rangt. Í fyrsta lagi verður sú sjónvarpsstöð, sem nú hefur verið leyfð, fimm sinnum sterkari en sú, sem var leyfð 1955. Í öðru lagi fylgdu leyfinu 1955 ákveðin skilyrði um ýmsar tálmanir, sem torvelduðu, að sjónvarp sæist að gagni utan Keflavíkurvallar. Nú eru ekki nein slík skilyrði sett. Í þriðja lagi var sett það meginskilyrði 1955, að leyfið yrði afturkallað, ef áðurnefndum tálmunum yrði ekki fullnægt eða ef þær reyndust ekki fullnægjandi. Því var skýrt tekið fram, að hér væri um bráðabirgðaleyfi eða tilraunaleyfi að ræða. Nú er ekki minnzt á neitt slíkt. Munurinn er því ekki minni en sá, að 1955 var veitt bráðabirgðaleyfi til sjónvarpsrekstrar, sem var stranglega bundinn við umráðasvæði varnarliðsins, en nú fær varnarliðið ótakmarkað leyfi til sjónvarps, sem nær til meiri hluta íslenzku þjóðarinnar. Meðan íslenzkt sjónvarp er ekki til, er varnarliðinu þannig sköpuð stórfelld einokunaraðstaða til notkunar á mesta áróðurstæki nútímans. Ísland er fyrsta ríkið, sem telst sjálfstætt, er veitir útlendum aðilum slíkan einokunarrétt.

Hv. stjórnarsinnar hafa sagt, að ekki sé meira að veita varnarliðinu leyfi til að reka sjónvarpsstöð en útvarpsstöð, sem nái til allra landsmanna. Á þessu er sá meginmunur, að hér er fyrir íslenzk útvarpsstöð og að útvarpið er stórum minna áróðurstæki en sjónvarpið.

Hæstv. stjórnarsinnar hafa sagt, að það sé ekki framkvæmanlegt að takmarka sjónvarp við dvalarstaði varnarliðsmanna. Víða erlendis er haft á takmörkuðum svæðum svokallað þráðbundið sjónvarp, og slíkt sjónvarp er einmitt mjög vel framkvæmanlegt á Keflavíkurflugvelli. Það er algerlega rangt, að dr. Kristinn Guðmundsson hafi hafnað þessari leið 1954, heldur var aðeins frestað að reyna hana þá, unz séð yrði, hvort hægt væri að ná sama árangri eftir öðrum leiðum, eins og sérfræðingar varnarliðsins héldu þá fram, og má þar vísa til bréfs, er hv. 4. þm. Reykn., Jón Skaftason, las upp úr hér áðan.

Það er rangt, sem kom fram hjá hæstv. utanrrh., að samið hafi verið um sjónvarpsleyfið 1955 í sambandi við samninga, sem voru gerðir um ferðir varnarliðsmanna út af Keflavíkurflugvelli. Þeir samningar voru gerðir vorið 1954 eða ári áður og ekki tengdir á neinn hátt sjónvarpsmálinu.

Hv. stjórnarsinnar segja, að það stríði gegn frelsishugsjóninni að leyfa mönnum ekki að horfa á Keflavíkursjónvarpið. Hvað stríðir mest gegn frelsishugsjóninni? Ég get svarað því með einu orði: Einokun. Hér er einum útlendum aðila veitt einokunaraðstaða til sjónvarpsstarfsemi í landinu. Er það frelsi? Væri það kannske frelsi, ef t. d. Árvakur fengi einkaleyfi til að gefa út eina dagblaðið í Reykjavík? Það, sem hér er fyrst og fremst um að ræða, er það, að einum útlendum aðila er veitt einokunaraðstaða. Það sannar mér bezt, hve frelsishugsjónin ristir djúpt hjá þm. Sjálfstfl., að lofsyngja þessa útlendu einokun eins og hið fullkomna frelsi.

Hv. stjórnarþingmenn segja, að við Íslendingar verðum að treysta á okkar eigin menningu, þora að umgangast aðra og treysta ekki á einangrun sem verndara okkar á öld geimferðanna. Ég tek alveg undir þetta. En ég hygg, að það sé líka jafnrétt, að við þurfum að kunna okkur nægilegt hóf í þessum efnum, sýna nægilega varasemi, vera stöðugt á varðbergi. Það hefur hent margar smáþjóðir að glata menningu sinni, glata tungu sinni og glata sjálfstæði sínu, vegna þess að þær gættu ekki nægilega hófs í þessum efnum. Ég hygg, að það brjóti fullkomlega gegn nauðsynlegri varasemi á þessu sviði, þegar útlendum aðila er veitt einokunaraðstaða til sjónvarpsrekstrar og erlent tungumál og erlendar kvikmyndir verða þannig látnar móta íslenzk heimili að meira eða minna leyti.

Þess hefur orðið greinilega vart, að fáar eða engar ráðstafanir núv. ríkisstj. hafa vakið eins sterka andúð meðal margra stuðningsmanna hennar og sú ákvörðun að veita varnarliðinu óbeint einkaleyfi til rekstrar sjónvarps, er nær til meiri hluta þjóðarinnar. Fjöldi manna í stjórnarflokkunum hefur játað, að hér hafi stórfelld mistök átt sér stað. Stjórnarsinnar hafa ekkert síður staðið að mótmælum gegn þessari ráðstöfun en stjórnarandstæðingar í þeim félögum og skólum, sem slík mótmæli hafa gert. Það er full ástæða til þess í tilefni af þessu, að ekki sízt fylgismenn stjórnarflokkanna varpi fram spurningum eins og þessum: Hvers vegna hafa slík mistök átt sér stað? Hvað veldur því, að ríkisstj. afhendir erlendum aðila eins konar einkaleyfi til að ráða yfir mesta áróðurstækinu í landinu? Hvers vegna dylst öllum hinum sjö ráðh., sem skipa ríkisstj. Íslands, að hér sé nokkuð varhugavert og hættulegt á ferðum? Hvers vegna dylst þeim, að það sé ósamboðið sjálfstæði og metnaði þjóðarinnar að láta erlendum aðila slíkt einokunarvald í hendur? Hvað geta þeir menn ekki látið af hendi, sem þannig veita erlendum mönnum aðhaldslaust hina öflugustu aðstöðu til áhrifa á skoðanir og menningu þjóðarinnar? Hvar getur verið að finna takmörkin á uppgjöfinni og afsalinu hjá slíkum mönnum? Þessar spurningar eru vissulega einar hinar þýðingarmestu, sem þjóðinni ber að svara í dag, þegar fyrir dyrum stendur að marka afstöðu til eins veigamesta og örlagaríkasta utanríkismáls, sem þjóðin hefur fengið til meðferðar.

Svarið við þeirri spurningu, hvers vegna slík mistök sem sjónvarpsleyfið hafi átt sér stað, er næsta augljóst. Við þekkjum vel, að hér á Íslandi eru til þeir menn, sem vilja rjúfa sem mest öll tengsl við vestrænar þjóðir í þeim tilgangi að koma Íslandi í meiri eða minni tengsl við kommúnistalöndin. Þetta er orðin trú hjá þessum mönnum. Þeir sjá kommúnistalöndin í rósrauðum hillingum. Þar er allt í stakasta lagi, og hvað eina, sem valdhafar þeirra gera, er gott og rétt, þótt í dag sé sá stimplaður glæpamaður, er var dýrkaður og dásamaður í gær. Af þessum ástæðum er það talin Íslendingum hin eina hagnaðarvon og sálubót að komast í samfélag við kommúnistaríkin. Á sama tíma og kommúnistar hafa tekið þessa trú, hafa forustumenn núv. stjórnarflokka tekið ekki ólíkan átrúnað, þótt hann beinist í aðrar áttir. Þeir sjá geislabaug kringum allt, sem gerist í vestrænum löndum, og þar getur valdamönnum hinna stærri ríkja ekki neitt mistekizt. Í hæsta lagi getur eitthvað gerzt misjafnt hjá ráðamönnum hinna smærri ríkja þar, eins og Salazar og Franco, en hjá ráðamönnum hinna stóru vestrænu ríkja, eins og Adenauer og Macmillan, fer ekki neitt á verri veg. Íslendingar eiga ekki aðeins að dásama allt það, sem í þessum löndum gerist, heldur ber þeim að haga svo málum sínum og utanríkisstefnu, að það sé þessum valdamönnum þóknanlegt. Íslendingum ber að skilja svo þátttöku sína í vestrænu samstarfi, að þeir eigi að haga sér, sitja og standa eins og hinir útlendu aðilar vilja. Ef Macmillan vill fá undanþágur fyrir enska togara í íslenzkri fiskveiðilandhelgi, þá ber hiklaust að veita þær og vera ekki að haga sér neitt ókurteislega í hinu vestræna samstarfi. Ef Home lávarður vill fá rétt til að geta stöðvað útfærslu íslenzkrar fiskveiðilandhelgi næstu áratugina, þá á að fallast á það, því að annars getur aðild Íslands að vestrænu samstarfi verið í hættu. Ef ameríska varnarliðið á Keflavíkurflugvelli vill fá leyfi til að byggja öfluga sjónvarpsstöð, þá á umhugsunarlaust að veita það og án minnsta tillits til þess, hver áhrifin geti orðið á menningu þjóðarinnar. Annars geti sambúð okkar við vestrænar þjóðir verið í alvarlegri hættu.

Þessi undirlægjuafstaða gagnvart vestrænum þjóðum og vestrænu samstarfi er vissulega ekki aðeins óraunsæ, heldur getur hún verið hin háskasamlegasta. Vissulega valda lega landsins og sögulegar, menningarlegar og viðskiptalegar ástæður því, að þótt okkur beri að kappkosta góða sambúð við allar þjóðir, þá hljóta tengsl okkar við þær vestrænu þjóðir, sem eru næstar okkur, að verða mest og nánust, og þar tel ég persónulega, að ekki eigi síður að koma til samvinna við Bandaríkin en Vestur-Evrópu. En því aðeins verður þessi þátttaka okkar í vestrænu samstarfi okkur hagkvæm og happadrjúg, að við höldum í hvívetna á rétti okkar, að við gleymum aldrei sérstöðu okkar, að við séum stöðugt á varðbergi um menningu okkar og sjálfstæði. Allar þær þjóðir, sem hér taka þátt í samstarfi með okkur, eru margfalt stærri en við, og þótt þær séu okkur meira og minna vinveittar, hugsa þær eðlilega meira um hagsmuni sína en hagsmuni okkar. Í mörgum málum er það eðlilegt og óhjákvæmilegt, að hagsmunir þeirra og okkar rekist á, og þá reyna þær að sjálfsögðu að koma sínu máli fram án þess að vera að hugsa um okkur og gæta þess sérstaklega, hver sérstaða okkar er. Ef við lítum þannig á, eins og forvígismenn

stjórnarflokkanna virðast gera, að við séum einhverjir vargar í véum, ef við höfnum slíkum kröfum og höldum fram rétti okkar og sérstöðu, þá erum við sannarlega komnir inn á háskabraut. Þá verður hverju undanhaldinu af öðru boðið heim. Ef sá fáránlegi áróður fær að festa rætur, að það sé kommúnismi eða kommúnistadekur að láta ekki undan, eins og gert hefur verið í landhelgismálinu og sjónvarpsmálinu, þá getur vestræn samvinna orðið okkur til jafnmikillar óhamingju og hún getur orðið okkur til gagns og heilla, ef með árvekni og einbeitni er haldið á málum. Það, sem við þurfum að gera, þegar hagsmunir okkar og vestrænna þjóða rekast á, er að halda fram og gera grein fyrir rétti okkar og sérstöðu, en slá ekki strax undan. Ég efast ekki um, að við hefðum strax getað leyst sjónvarpsmálið í góðu samstarfi við varnarlið Bandaríkjanna á þann hátt, að sjónvarp þess yrði ekki menningarvoði á íslenzkum heimilum, ef við hefðum skýrt sérstöðu okkar nægilega vel fyrir ráðamönnum þess. Ég efast ekki heldur um, að enn er hægt að leysa þetta mál við stjórnarvöld Bandaríkjanna á þann veg, að báðir megi vel við una, ef íslenzkir valdamenn verða ekki hræddir við að viðurkenna, að þeir séu búnir að gera vitleysu. Sú hræðsla er þó ástæðulaus. Sá, sem játar villu sína og bætir úr henni, vex, en minnkar ekki.

Ég vil ljúka þessum útvarpsumræðum með því að skora í nafni Framsfl. á hæstv. ríkisstj. að láta skynsemi, en ekki ofurkapp og misskilinn metnað, móta framhald þessa máls. Ríkisstj. mundi vissulega vaxa mest á því, ef hún hæfi að nýju samninga við stjórnarvöld Bandaríkjanna um að leysa svo þetta mál, að íslenzk menning og íslenzk heimili þurfi ekki að bíða neitt tjón af því. Á þann veg má auðveldlega leysa þetta mál, svo að báðir geti vel við unað. Jafnhliða því ber svo ríkisstj. að hefja undirbúning að íslenzku sjónvarpi, sem miðað sé við íslenzka staðhætti og fjárhagsaðstæður. Ef ríkisstj. lætur það ógert að leysa þetta mál á framangreindan veg, þá hefur þjóðin fyrir augum glöggt dæmi þess, hvernig ríkisstj. heldur á utanríkismálum og hvað sé því í vændum, þegar hafnir verða samningar um hið mikla örlagamál, sem fram undan bíður, ef þar eiga þeir stjórnmálamenn og flokkar að ráða mestu, sem álíta Íslendinga því aðeins hlutgenga í vestrænni samvinnu, að þeir standi og sitji svo sem þeim er sagt, hvort sem það hentar betur eða verr sjálfstæði þjóðarinnar og menningu. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 7. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. felld með 43:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BjörnJ, EðS, EOl, GJóh, HV, KGuðj, LJós, AGl.

nei: ÁB, BGr, BF, BK, BGuðm, BFB, BP, EggÞ, EI. EmJ, EystJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, GunnG, GTh, GÞG, HS, HermJ, IngJ, IG, JóhH, JSk, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓlJ, ÓTh, PS, FÞ, SI, SÓÓ, SE, SkG, ÞÞ, AGb, AuA, ÁÞ, FS.

9 þm. (BBen, FRV, GeirG, GíslG, HÁ, JÁ, KK, PÞ, RH) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínum:

Ásgeir Bjarnason: Þar sem ég vil, að sjónvarpsmálið verði leyst til samræmis við þskj. 161, sem er 10. mál á dagskránni í dag, þá segi ég nei.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þar sem ég vil leysa sjónvarpsmálið samkvæmt þáltill. á þskj. 161, sem ég er einn af flm. að og er hér á dagskránni á þessum fundi, og í trausti þess, að þessi þáltill. komi til fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi, þá segi ég nei við þessari.

Hermann Jónasson: Með tilvísun til fyrirvara frá hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 1. þm. Austf. segi ég nei.

Sigurvin Einarsson: Með tilvísun til greinargerðar hv. 1. þm. Vesturl. segi ég nei.

Skúli Guðmundsson: Með skírskotun til fyrirvara, sem fram hafa komið frá tveimur þm. Framsfl., segi ég nei.

3. Sjónvarpsmál.

Á deildafundum 4. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um sjónvarpsmál [104. mál] (A. 161).

Á 19. fundi í Sþ., 6. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 33., 35., 37., 40., 41. og 44. fundi í Sþ., 7., 14. og 21. febr., 7., 14. og 21. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Sþ., 28. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Við útvarpsumr., sem fóru fram 28. f. m., gerði ég nokkra grein fyrir þessari till., sem nú er fyrir tekin, af því að umr. komu, eins og eðlilegt var, inn á svið það, sem tillagan fjallar um.

Nú vil ég, með leyfi hæstv. forseta, minna á till. með því að byrja á því að lesa hana upp. Tillagan er svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj.:

1) Að gera nú þegar fullnægjandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir þá stækkun sjónvarpssviðs, sem fyrirhuguð hefur verið, frá Keflavíkurstöð varnarliðsins.

2) Að ganga ríkt eftir því, að af hálfu varnarliðsins sé fullnægt þeim skilyrðum, sem sett voru árið 1954 fyrir sjónvarpsleyfi þess.

3) Að láta ríkisútvarpið hraða ýtarlegri at-

hugun á möguleikum þess, að íslenzka ríkið komi upp vönduðu sjónvarpi, er nái til allra landshluta og sé rekið sem þjóðlegt menningartæki.

Áætlanir um stofn- og rekstrarkostnað slíks sjónvarps svo og álit sitt og tillögur um þetta mál leggi stjórn ríkisútvarpsins sem fyrst fyrir Alþingi.“

Við lögðum fram þessa tillögu, fimm framsóknarmenn, í nóv. í vetur, af því að sannazt hafði þá fyrir skömmu, að hæstv. ríkisstj. hafði af mikilli skyndingu, en þó mjög hljóðlega í apríl s. l. veitt varnarliðinu skilyrðislaust leyfi til þess að fimmfalda kraft sjónvarpsstöðvar sinnar á Keflavíkurflugvelli. Þetta var ótrúleg saga, en reyndist því miður vera sönn saga. Það er sennilegt talið, að fimmföldun sendikrafts stöðvarinnar þýði það, ef útsendingin er hömlulaus, að sjónvarpið geti náð til meira en helmings þjóðarinnar.

Við skulum engu moldviðri hleypa upp í sambandi við þessa till., heldur skoða málið blátt áfram og útúrdúralaust. Það kemur t. d. till. ekki við, hvort menn eru á móti dvöl varnarliðsins á Reykjanesskaga eða ekki. Hitt er aðalatriðið, hvort menn telja, að leyfa eigi varnarliðinu að hafa þar sjónvarpsstöð. Ég tel eðlilegt að leyfa varnarliðinu þetta, á meðan það fær að dveljast á Keflavíkurflugvelli, en leyfa það þó því aðeins, að sjónvarpið sé fyrir varnarliðið eitt. Sjónvarpssviðið sé bundið við samningssvæðið, eins og það líka átti að vera, samkvæmt þeim grundvallarsamningum, sem gerðir voru um þessi efni 1954 og 1955 og ég kem að seinna. Hvers vegna ættum við að banna setuliðinu að hafa hér í útlegð sinni sjónvarp sem heimilistæki fyrir sig og rekstur sjónvarpsstöðvar, ef hann er innilokaður örugglega, svo að hann truflar ekki líf okkar sjálfra í landinu? Ég sé engin frambærileg rök fyrir því að neita varnarliðinu um þetta. En vitanlega byggist þetta á því, að sjónvarpsreksturinn sé örugglega einangraður við dvalarsvæði varnarliðsins. Það þótti tiltækilegt að einangra að mestu sjónvarpssviðið 1954 og 1955, síðan hafa skilyrðin til þess að einangra fullkomnazt. Nú er þráðbundið sjónvarp komið á hér og þar, t. d. hjá háskólum vestan hafs. Með þráðbundnu sjónvarpi er óumdeilanlega hægt að takmarka sjónvarpssviðið algerlega við varnarliðssvæðið.

Þó að þráðbundið sjónvarp verði dýrara en lausbeizlað sjónvarp, getum við ekki látið slíkt hafa áhrif á afstöðu okkar. Það væri þýlegt að slaka til vegna kostnaðarspursmáls. Fyrir okkur Íslendinga er meira í húfi en til peninga verði metið.

Í umr., sem fram fóru í vetur í útvarpssal um sjónvarpsmál út af leyfinu um stækkunarsvið sjónvarpsstöðvar varnarliðsins, notaði próf. Þórhallur Vilmundarson orðið „menningarhelgi“. Það orð hafði ég aldrei heyrt fyrr, en þetta er svo ágætt og vel valið orð, að festa ætti það í málinu. Orðið er í bezta lagi rökrétt og táknrænt, og það er hliðstætt orði, sem hefur huggróna og ljósa merkingu. Þar á ég við orðið „landhelgi“.

Hér er um þann alvarlega verknað að ræða að ætla að opna íslenzka menningarhelgi fyrir erlendu varnarliðssjónvarpi skilmálalaust, svo að meira en helmingur þjóðarinnar geti fengið yfir sig andlegan umsköpunarkraft hinnar erlendu þjóðar, sem sjónvarpið rekur og rekur til að láta varnarliðið gleyma leiðri dvöl á útskaga og sætta sig við varðstöðu í hálfsturluðum heimi styrjaldarótta.

Hinn geysilega áhrifamátt sjónvarps og talvarps, sem fylgir að sjálfsögðu sjónvarpi, er barnaskapur — eða annað verra — að draga í efa og telja ástæðulaust að óttast. Menningarhelgi lítillar þjóðar, sem þannig er opnuð alla leið inn í barnaherbergið og þar með inn að hjartarótum þjóðarinnar, veitir ekki lengi sjálfsvörn, — hún veitir ekki sjálfsvörn sú helgi. Þjóðtungan er sett í hættu, þjóðarmetnaðurinn, — sjálfstæðisviljinn og heimahugurinn einnig. Svo gálauslega má engin þjóð fara með fjöregg sitt.

Mér finnst það helzt líkjast skáldsögu eftir óskiljanlega bölsýnan höfund, að íslenzk ríkisstj. skuli hafa gefið út leyfi fyrir stækkun sjónvarpsstöðvarinnar hjá varnarliðinu. Það er meiri fljótfærnin og skorturinn á því að finna til eins og Íslendingur.

Byron sagði, svo sem frægt er: „Maður á auðvitað ekki að gera yfirsjón, en enginn kemst samt alveg hjá því. En það næsta, sem hver maður á að gera“, sagði Byron, „er að reyna að bæta úr yfirsjóninni, og það getur hver maður reynt að gera.“

Þetta er það, sem ríkisstj. á að reyna að gera, að fá stækkunarleyfi sjónvarpsins eftirgefið eða afturkallað. Um það er aðalatriði till., sem hér liggur fyrir. Mér finnst þetta ekki vera nema sanngjörn og sjálfsögð krafa, og ég trúi ekki öðru en leyfishafinn, Bandaríkjastjórn, taki kröfuna til greina, ef Alþ. samþ. hana. Og hvers vegna ætti ekki Alþingi að fallast á þessa tillögu? Mér þætti fróðlegt að heyra svar við þeirri spurningu. Mér þætti skrýtið, ef nokkur gæti haft á móti slíku með rökum. Síðan vitnaðist um stækkunarleyfið, hefur fjöldi manna úr öllum stjórnmálaflokkum látið til sín heyra um þetta mál. Fjöldi áskorana hefur komið fram til ríkisstj. og Alþingis um að afturkalla stækkunarleyfið. Engrar áskorunar minnist ég í gagnstæða átt frá nokkrum mannfundi. Nýlega birtist svo hljóðandi frétt í dagblöðunum frá Rithöfundafélagi Íslands:

„Undanfarnar vikur hefur Rithöfundafélag Íslands leitað undirskrifta meðal meðlima sinna og annarra rithöfunda hér í bæ að eftirfarandi áskorun: „Undirritaðir skora hér með á Alþingi og ríkisstj. að afturkalla útgefið leyfi til stækkunar á sjónvarpsstöð Keflavíkurflugvallar. Álítum við fráleitt og Íslendingum ósamboðið, að erlent herlið eða nokkur erlendur aðili hafi aðstöðu til að reka hér sjónvarpsstöð og leiða þannig stórkostlega hættu yfir íslenzka tungu og menningu.“ Alls hafa 67 rithöfundar skrifað undir áskorunina. Af þeim 71, sem náðst hefur til, eru aðeins 4, sem einhverra hluta vegna hafa ekki kært sig um að undirrita hana.“

Þetta er frétt frá Rithöfundafélagi Íslands, sem birtist í dagblöðunum. Þessi áskorun frá

67 ríthöfundum þjóðarinnar er í fullri samhljóðan við meginefni þessarar þáltill. Það þjóðþing, sem gerði ekkert með álit og áskorun meginþorra aðalríthöfunda þjóðar sinnar í máli sem þessu, væri furðuleg samkunda.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um 2. lið þáltill., að gengið skuli nú og eftirleiðis ríkt eftir því af hálfu íslenzkra stjórnarvalda, að varnarliðið fullnægi þeim skilyrðum, sem sett voru 1954 fyrir sjónvarpsleyfi þess. Við útvarpsumr. 28. f. m. gerði ég grein fyrir því, hver aðalskilyrðin hefðu verið, og las upp í því sambandi meginmál bréfs frá valdhöfum Íslands 26. nóv. 1954, þar sem grundvöllur sjónvarpsleyfisins fyrir núverandi stöð var lagður. Þetta er svo sögulega þýðingarmikill grundvöllur, að ég vil leyfa mér að lesa hann einnig upp að þessu sinni. Skilyrðin í þessu bréfi voru:

1) Að nothæfri sjónvarpssendingu verði ekki náð í neinni íslenzkri byggð. Þetta skal prófa af fulltrúum ríkisstj. með góðum sjónvarpstækjum, sem varnarliðið lætur í té. Gæði sjónvarpsins skulu dæmd af íslenzkum fulltrúum.

2) Ef hægt er að ná nothæfri sjónvarpssendingu í íslenzkri byggð og varnarliðið getur ómögulega eytt slíku nothæfu sjónvarpi, skal eigi starfrækja stöðina.

3) Allur kostnaður greiðist af varnarliðinu.

Þetta voru grundvallarskilmálarnir, sem ég vitnaði til. Nú skeði það í nefndum útvarpsumr., að hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, sagði, að ég hefði lesið upp úr skökku bréfi. Hann sagði, að leyfisbréfið hefði ekki verið gefið út fyrr en 7. marz 1955, og vitnaði í bréf frá þeim degi, án þess þó að lesa það. Hér var um vöflur að ræða hjá hv. 5. þm. Vesturl., að vísu var bréfið skakkt miðað við hans afstöðu í málinu. Nótur gengu á milli íslenzku valdhafanna og varnarliðsins, þegar samningurinn um sjónvarpsleyfið var að skapast. Ég tók þýðingarmestu nótuna eða bréfið og las meginmál þess bréfs. Þar var undirstöðuna að finna. Það var þess vegna hið rétta bréf. Nótan eða bréfið frá 7. marz 1955, sem hv. þm. vitnaði til, var framhaldsbréf. Það hljóðaði, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið:

„Efni: Sjónvarpsstöð á Keflavíkurflugvelli.

1) Skírskotað er til ýmissa umræðna, er átt hafa sér stað á milli fulltrúa ísl. utanrrn. og varnarliðsins. 2) Varnarliði Íslands er hér með í bili og þangað til annað verður því tilkynnt veitt heimild til að framkvæma tilrauna-sjónvarpssendingar á bandinu 180—186 H-c/s, með því skilyrði, að sjónkraftshámark til sjónvarpsnets fari ekki yfir 50 wött og að sterkustu eða maximum geislum verði beint að radarstöðinni, þ. e. a. s. 345 gráður."

Á bréfi þessu, ef athugað er og báðir liðir þess teknir með, svo sem skylt er að sjálfsögðu, sést greinilega, hve valdhafarnir fóru á þeim tíma varlega. Í fyrri liðnum er skírskotað til þess, sem fram hafði farið áður, m. a. í bréfinu 26. nóv., þar sem nákvæmast voru fram tekin skilyrðin og höfuðskilyrðin. Í seinni liðnum er framkvæmdarleyfið veitt í bili sem tilraun og afturkallanlegt með tilkynningu, hvenær sem væri og út af bæri. Hér er ekki verið að flana fyrirvaralaust að neinu, eins og í apríl 1961, þegar stækkunarleyfið er veitt hömlulaust. Grundvöllur samninga er lagður með bréfi 26. nóv. 1954. Svo líða 3 mánuðir. Þá, 7. marz 1955, er leyft að hefjast handa með tilraun. Viku áður hafði ríkisstj. skipað sem tæknilegan fulltrúa ríkisins í þessum efnum þáverandi yfirverkfræðing pósts og síma, Gunnlaug Briem, núverandi póst- og símamálastjóra. Allt er þetta með glöggum einkennum þess, að fullur vilji var þá til þess að fara varlega og glopra ekki úr höndum sér fjöreggi.

Ekki munu fyrsta kastið hafa komið fram kvartanir yfir sjónvarpinu. Dr. Kristinn Guðmundsson, sem var á þessum tíma utanrrh., hætti störfum 1956. Síðan hefur hv. núverandi utanrrh. farið samfleytt með völdin í þessum málum. Honum var svo vel í hendur búið sem ég hef lýst og sannað með upplestri úr bréfum. Talið er, að varnarliðið hafi, þegar fram í sótti, brotið samningana og sjónvarpið náð til íslenzkra byggða. En hæstv. ráðh. hefur ekki tekið í taumana og stöðvað tilraunaframkvæmdina, sem hann gat þó haft aðstöðu til að stöðva með einfaldri tilkynningu, sbr. bréfið okkar hv. 5. þm. Vesturl. frá 7. marz.

Það virðist nú einboðið að gera kröfu til, eins og gert er í þáltill., að varnarliðið standi við fyrri samninga. Um það er 2. liður till. En sjónvarpsmál íslenzku þjóðarinnar verður ekki að fullu leyst með því að banna erlendum aðilum sjónvarpsrekstur í landinu nema innilokaðan. Íslendingar geta ekki einangrað sig í þessum efnum, enda ekki æskilegt fyrir þá að gera það. Útvarpstækninni hraðfleygir fram. Líkur benda til, að gervihnettir helli bráðum sjónvarpi yfir lönd og álfur. Íslendingar verða, svo fljótt sem þeir með góðu móti geta, að koma sér upp sjónvarpi, sem þeir ráði sjálfir yfir og reki sem menningartæki. Það sjónvarp þarf að ná til allrar þjóðarinnar, ef unnt er. Sjónvarp Íslendinga á að vera þjónustutæki íslenzka þjóðlífsins og íslenzkrar menningar. Um það sjónvarp á að leiða hið bezta, sem völ er á erlendis frá, inn í okkar menningarhelgi til að auðga hana. Öll ráð um það sjónvarp eiga að vera í okkar höndum. Þetta er einn þáttur sjálfstæðisbaráttunnar. Landhelgi ver sig ekki heldur sjálf, hana þarf að verja.

3. liður þálttill. er um að undirbúa með fyllstu ráðdeild þennan þátt sjálfstæðisbaráttu okkar. Hinn 8. þ. m. skrifaði skáldið Hannes Pétursson í Vísi grein, er snertir sjóvarpsmálið og leyfið um stækkun sjónvarpsstöðvar setuliðsins. Þar segir hann orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Sagt hefur verið, að maður skyldi vara sig á vinum sínum, og margt er vitlausara en það. Enda þótt við tökum þátt í vörnum Atlantshafsríkjanna með því að ljá Keflavíkurflugvöll amerískum her, á vera hans ekki að koma hér við sögu að öðru leyti. Hann á ekki að hafa með höndum skemmtistarfsemi í landinu. Nærvera hans á ekki að teygja sig inn á annað hvert íslenzkt heimili. Og það er í engu viðspyrna við Atlantshafsbandalagið að hamla gegn því. Við viljum hvorki láta „sovétísera" né „amerikani-

sera“ okkur. Gerist annað tveggja, sama hvort er, lít ég svo á, að Atlantshafsbandalagið hafi brugðizt Íslendingum.“

Þetta er skörulega mælt hjá skáldinu. Ég tek undir þessi orð og bæti þeim við framsögu mína með þáltill.

Herra forseti. Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, að till. verði vísað til hv. utanrmn. til athugunar og umsagnar. Umr. sé frestað, meðan á þeirri athugun stendur. Ég vænti, að sú athugun þurfi ekki að taka langan tíma.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Efni þeirrar till., sem hér liggur fyrir, hefur í rauninni verið rætt mjög ýtarlega fyrir nokkrum dögum á Alþingi við útvarpsumræður, er fram fóru um aðra till. um sama efni. Ég hefði því í rauninni getað verið mjög stuttorður um þessa till. og látið mér nægja að vísa til þess, sem ég hef fyrir nokkrum dögum sagt um þetta málefni hér á Alþingi. En vegna þess, með hverjum hætti hv. síðasti ræðumaður hagaði máli sínu, tel ég óhjákvæmilegt að koma nokkuð inn á málið í einstökum atriðum.

Það er bersýnilegt af málflutningi þeirra, sem að þessum till. standa, að þeir leggja þunga áherzlu á, að sjónvarpsleyfi hafi upphaflega verið gefið út til varnarliðsins undir árslok 1954 og þá sett fyrir leyfinu þau skilyrði, sem gilda hafi átt og gilda enn í dag. Þessi málflutningur er með þeim hætti, að ég get ekki neitað mér um að rifja upp með fáum orðum, hvað það var í raun og veru, sem gerðist í samningunum, sem fram fóru haustið 1954 á milli utanrrn. og varnarliðsins, sérstaklega að því er þetta sjónvarp snertir.

Menn minnast þess að sjálfsögðu, að fram að kosningunum 1953, þegar framkvæmd varnarmálanna var í höndum annarra en framsóknarmanna, var af hálfu Framsfl. höfð uppi mjög sterk gagnrýni á framkvæmd málanna. Töldu þeir framsóknarmenn, að flest færi þar illa úr hendi og margra umbóta væri þörf. Þegar þeir sjálfir tóku við framkvæmd þessara mála haustið 1953, létu þeir það boð út ganga, að nú skyldu miklar breytingar hér á verða. Og snemma á árinu 1954 var stofnað til viðræðna á milli utanrrn. og Bandaríkjamanna um endurskoðun á framkvæmd varnarmálanna. Eitt meginatriði, sem semja átti um í þessum viðræðum, var að loka varnarliðið að sem mestu leyti inni á Keflavíkurflugvelli, þannig að varnarliðsmenn gætu lítið út af vellinum farið, og var tilgangurinn sá að reyna að loka helzt að mestu leyti fyrir samskipti Íslendinga og varnarliðsmanna.

Í umr. var farið fram á það af hálfu utanrrn. eða réttara sagt utanrrn. tilkynnti varnarliðinu, að ráðuneytið hefði ákveðið að setja mjög strangar reglur um ferðir varnarliðsmanna út af Keflavíkurflugvelli. Varnarliðið svaraði utanrrn. því til, að það neitaði með öllu að taka við nokkrum slíkum reglum frá utanrrn. Þetta ákveðna svar varnarliðsins varð til þess, að utanrrn. féll mjög snemma á árinu 1954 frá öllum kröfum um, að Íslendingar settu nokkrar reglur sjálfir um ferðir varnarliðsmanna burt af varnarsvæðinu.

Bandaríkjamenn lýstu því hins vegar yfir í þessum viðræðum, að þeir fyrir sitt leyti vildu gera það, sem í þeirra valdi stæði, til þess að koma í veg fyrir, að varnarliðsmenn færu út af varnarsvæðunum nema hið allra minnsta. En öruggustu leiðina til þess að koma slíku til leiðar töldu Bandaríkjamenn vera þá, að búa þannig að varnarliðinu á varnarsvæðinu, að varnarliðsmenn yndu þar hag sínum og leituðu ekki út af svæðinu. Jafnframt sögðu varnarliðsmenn utanrrn., að þeir sjálfir skyldu setja nokkrar reglur um brottför sinna manna út af Keflavíkurflugvelli. Varð niðurstaðan sú, að Bandaríkjamenn settu sér sjálfir nokkrar reglur. Óskum utanrrn. um að fá að birta þessar reglur var hafnað. Óskum utanrrn. um, að það mætti staðfesta reglurnar, var sömuleiðis hafnað, og voru reglurnar trúnaðarmál varnarliðsins, sem lögreglustjórinn í Keflavík fékk þó að vita um, hvernig voru.

Allar tilraunir utanrrn. til að setja þessar reglur og öll þeirra stóru orð um, að reglurnar skyldu settar, enduðu í því, að varnarliðið setti sér sjálft reglur, sem voru algert leyndarmál. Hins vegar tókst ágæt samvinna á milli utanrrn. og varnarliðsins um það að reyna að búa þannig að varnarliðinu, að menn gætu unað hag sínum vel á vellinum, og voru báðir aðilar sammála um það, að ein bezta leiðin til þess að ná góðum árangri í því efni væri, að varnarliðsmenn gætu fengið sjónvarp, sem þeir gætu unað við.

Snemma í þessum viðræðum tilkynnti utanrrn. varnarliðinu, að það mundi veita þetta leyfi, en það hefði hug á að binda það því skilyrði, að sjónvarpið sæist ekki út fyrir flugvöllinn. Utanrrn. var þá þegar bent á það, að ekki væri hægt með sæmilegu móti að koma upp sjónvarpi á Keflavíkurflugvelli þannig, að það tæki til varnarliðsins eins, ef vallarmenn ættu að geta séð það með nokkurn veginn sæmilegu móti. Og eftir að utanrrn. hafði tilkynnt varnarliðinu um vilja sinn til að gefa leyfið með þessu skilyrði, lét utanrrn. fara fram rækilega athugun á því, hvort hægt væri að takmarka sjónvarpið við völlinn einan. Athuganir sérfræðinga leiddu til þess, að menn sannfærðust um, að ef styrkleiki sjónvarpsins ætti að vera svo takmarkaður, að það sæist ekki utan vallarsvæðisins, gætu menn innan vallarins ekki haft nein not af því. Það var látin fara fram sérstök athugun á því, hvort tiltækilegt væri að hafa þarna lokað sjónvarp, þannig að um samband við það væri að ræða eins og um símasamband. En sérfræðingur utanrrn. komst að þeirri niðurstöðu, að þetta væri ekki tiltækilegt. Og á grundvelli álitsgerðar þessa sérfræðings utanrrn. var fallið frá því að gera þessa kröfu til varnarliðsins, að sjónvarpið væri lokað. Þegar því leyfið var endanlega útgefið til varnarliðsins í marzmánuði 1955, þá voru þau skilyrði ein sett, að stöðin færi ekki yfir vissan hámarksstyrkleika og að hún væri bundin og skyggður væri ákveðinn partur úr hringnum. Formlega leyfið, sem út var gefið, var gefið út af utanrrn. 7. marz 1955, og stendur í því berum orðum, að þetta leyfi er veitt með því

skilyrði, að stöðin sé ekki yfir vissan styrkleika og að úr sé skorinn ákveðinn hringur. Nákvæmlega samhljóða leyfi gefur póst- og símamálastjóri út 4. marz 1955.

Samkvæmt þessum tveimur leyfum hefur sjónvarpsstöðin á Keflavíkurflugvelli síðan verið rekin. Það umtal og þær umræður, sem fóru fram seinni part sumars 1954 og haustið 1955 um frekari skilyrði í sambandi við sjónvarpsleyfið, — þau skilyrði þótti ekki tiltækilegt að hafa uppi af hálfu utanrrn., þegar sjónvarpsleyfið var gefið út í marz 1955.

Allar fullyrðingar þess hv. þm., sem talaði hér áðan, um það, að umtalið og þær bókanir, sem fram fóru í sambandi við viðræður í varnarmálanefnd haustið 1954, — að það, sem þar var sagt, hafi verið skilyrði fyrir leyfinu endanlega, eru algerlega rangar. Sjónvarpsleyfið sjálft, sem sjónvarpið starfar eftir, ber greinilega með sér, hver skilyrðin eru, og þar er ekki vitnað til neins annars en þess, sem í leyfinu sjálfu stendur.

Mér kemur það mjög undarlega fyrir sjónir, að því skuli vera haldið fram nú af talsmönnum þeirrar till., sem hér liggur fyrir, að sjónvarpsleyfið hafi verið útgefið haustið 1954 og skilyrðin fyrir leyfinu hafi verið sett þá. Ég býst við, að það séu einhverjir hér inni, sem minnast þess, að haustið 1954 flutti þáverandi utanrrh. þinginu skýrslu um gang varnarmálanna fram að þeim tíma, og hann flutti sérstaka skýrslu um þær viðræður, sem hann til þess tíma hafði átt í við Bandaríkjamenn um framkvæmd varnarmálanna. Ráðherrann skýrði alveg sérstaklega frá þeim árangri, sem fengizt hafði af viðræðunum, og hvaða breytingar ættu að verða á framkvæmd varnarmálanna og aðbúnaði varnarliðsins samkv. þeim samningaviðræðum, sem þá höfðu staðið yfir. Umræður um þessa skýrslu stóðu að minnsta kosti í tvo daga hér á hv. Alþingi. Formaður Framsfl., Hermann Jónasson, tók einnig þátt í þeim umræðum og lét þess getið, að hann hefði verið einn af samningamönnunum við Bandaríkjamenn. Í öllum þessum umræðum var ekki vikið að því einu orði, að til mála hefði komið í viðræðum við Bandaríkjamenn að veita leyfi til sjónvarpsrekstrar á Keflavíkurflugvelli. Af hálfu utanrrh. og af hálfu formanns Framsfl. var ekki vikið að því einu orði, að Bandaríkjamenn hefðu farið fram á það að fá leyfi til sjónvarpsrekstrar á Keflavíkurflugvelli, hvað þá að slíkt leyfi hefði verið veitt. Nú kemur hv. 1. flm. þessarar till. með nokkra sína flokksmenn með sér á hinni sömu till. og segir okkur, að um það leyti sem utanrrh. Framsfl. og formaður Framsfl. eru að gefa þinginu skýrslu um gang varnarmála, þá hafi þessir tveir heiðursmenn leynt þingið því, að þeir hafi lengi staðið í viðræðum við varnarliðið um það að leyfa því sjónvarp og meira að segja væru jafnvel búnir að gefa leyfið og það með skilyrðum. Ég vil nú spyrja hv. 1. flm. þessarar till.: Segir hann það satt, að það sé virkilega skoðun þeirra framsóknarmanna, að leyfið fyrir sjónvarpi á Keflavíkurflugvelli hafi verið endanlega útgefið haustið 1954, um það leyti eða jafnvel áður en þeir framsóknarmenn eru að gefa þinginu skýrslu um málið? Ef það er rétt, sem 1. flm. þessarar till. er að fræða okkur um hér núna, hafa fyrrv. hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. leynt þm. mjög þýðingarmiklum og mikilsverðum upplýsingum, svo að ég segi ekki annað meira.

Ég verð að segja, að mér hefði fundizt, að bæði utanrrh. og formaður Framsfl. hefðu átt að skýra þinginu frá því í nóvember 1954, við umræðurnar, að fram væru komnar óskir um það að veita sjónvarpsleyfi á Keflavíkurflugvelli og að þeir ætluðu sér að veita leyfið, þó að ekki væri búið að ganga frá því. Mér hefði fundizt, að þeir hefðu átt að skýra frá þessu. En hins vegar kemur mér ekki til hugar að saka þá um, að þeir hafi sagt rangt að því leyti, að þeir hafi þá verið búnir að gefa leyfið, eins og hv. 1. flm. þessarar till. vill halda fram, því að leyfið lá þá alls ekki fyrir.

Ég hef getið um það mjög ýtarlega áður, að ástæðan fyrir því, að Bandaríkjamenn þurftu nú að fá leyfi til að endurbyggja þessa sjónvarpsstöð sína og hafa hana nokkru stærri en áður, er eingöngu sú, að stöðin er orðin svo slitin og úr sér gengin, að rekstur hennar getur stöðvazt á hverri stundu. Þess eru ekki tök að fá stöð, sem er af jafnlitlum styrkleika og núverandi stöð, því að þær fyrirfinnast ekki. Sú minnsta stöð, sem talið er að hægt sé að fá í staðinn fyrir þessa stöð, er sú stöð, sem þegar hefur verið leyfð. Það er algerlega rangt, sem flm. þessarar till. eru að reyna að halda hér fram, að hin nýja stöð muni ná svo og svo miklu lengra út en núverandi stöð hefur gert. Það er upplýst af sérfræðingum og m. a. vottað af póst- og símamálastjóra, að hin nýja stöð mun varla ná meira en innan við 10 km lengra en núverandi stöð nær. Styrkleikinn verður meiri á flugvallarsvæðinu sjálfu og allra nánasta nágrenni þess, en langdrægi stöðvarinnar eykst ekki um meira en innan við 10 km þrátt fyrir stærðina. Hér er um svo óverulega stækkun að ræða, að mér finnst það hefði ekki getað komið til mála að taka af sjónvarpið á Keflavíkurflugvelli eingöngu vegna þessarar stækkunar. Það er samróma álit allra, sem við þessi mál hafa fengizt, að stöðin hafi haft ómetanlega þýðingu í þá átt að halda varnarliðsmönnum rólegum og kyrrum innan varnarsvæðisins, og það er skoðun allra, sem um þessi mál hafa fjallað, að slíkt mundi ekki hafa tekizt, ef sjónvarpsstöðin hefði ekki verið. Og ef nú ætti að fara að leggja sjónvarpsstöðina niður eða gera aðrar ráðstafanir, sem því eru hliðstæðar, þá tel ég, að þar væri mikill skaði unninn að þessu leyti.

Þeir, sem að þessari till. standa, hafa hvað eftir annað látið orð að því liggja, að þetta mál hafi ekki verið undir þingið borið, áður en það var afgreitt nú af utanrrn., og sé þar um vanrækslu að ræða af hálfu ráðuneytisins. Ég hef áður bent á það, að þetta er ekki mál, sem ber að leggja undir Alþingi, og sérstaklega hef ég vakið athygli á því, að þegar leyfi var upphaflega gefið út til að stofna sjónvarpsstöðina, þá var það mál ekki borið undir Alþingi, — og það sem meira er, sú ríkisstj., sem fjallaði um sjón-

varpsleyfið í upphafi, skýrði þjóðinni alls ekki frá því, að neitt sjónvarpsleyfi hefði verið gefið. Þvert á móti, eins og ég minntist á hér áðan, þá stóðu yfir umræður í tvo daga á hv. Alþingi, þar sem utanrrh. og formaður Framsfl. voru að gefa þinginu skýrslu um gang varnarmálanna um það leyti, sem sjónvarpsmálið var á dagskrá, og hvorugur þeirra minntist á það einu orði, að neitt hefði verið um það mál talað.

Ég verð að segja, að mér finnst það harla mikil kaldhæðni, að þeir, sem staðið hafa að sjónvarpsleyfinu á Keflavíkurflugvelli í upphafi og haldið á því máli eins og raun ber vitni um og sérstaklega gagnvart Alþingi, skuli nú vera að deila á mig fyrir að hafa gefið þetta leyfi út án þess að hafa haft samráð við Alþingi um það. Og sérstaklega vil ég taka það fram, að leyfið hafði ekki fyrr verið gefið út en frá því var skýrt, og engin leynd var á því, að leyfi hafði verið gefið út til þess að stækka sjónvarpsstöðina. Frásögn um það kom í dagblöðunum hér í Reykjavík um mjög svipað leyti og varnarliðið fékk sjónvarpsleyfið í hendur.

Mér þykir ekki rétt að skilja svo við till. þá, sem hér liggur fyrir, að ég ekki bendi á, að ef samþykkja ætti 2. tölul. þessarar till., eins og hann liggur fyrir, þá segir sú samþykkt í rauninni ekki nokkurn skapaðan hlut. Þar segir, að ganga eigi ríkt eftir því, að af hálfu varnarliðsins sé fullnægt þeim skilyrðum, sem sett voru árið 1954 fyrir sjónvarpsleyfi til þess. Eins og ég hef upplýst, voru engin skilyrði sett haustið 1954 fyrir sjónvarpsleyfinu. Og ef ætti að fara að ganga eftir einhverjum skilyrðum, sem þá voru sett, þá eru það skilyrði, sem ekki voru til, og engin skilyrði urðu endanlega til um þetta, fyrr en leyfið var gefið út í marz 1955.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það er áberandi, að því er mér virtist, hvað veikar voru varnir hins rökvísa hæstv. utanrrh. í þessu máli. Mér hefur virzt það oft vera íþrótt líkast, hvað hann er góður varnaraðili, þó að veik sé aðstaða, en svo veik er aðstaða hans í þessu máli, að jafnvel bregzt honum þar gáfan, hún hrekkur ekki til.

Hann virtist vilja ræða um það sem aðalatriði, hvernig hefði verið ástatt, þegar upphaflegt sjónvarpsleyfi var veitt, og hann virtist jafnvel gefa í skyn, að þar hefði verið illa á málum haldið. En hins vegar vill hann þó færa í aukana það leyfi, sem veitt var, og hafa það fyrir grundvöll í sínu starfi. Hann virðist byggja t. d. sérstaklega á því, að ekki hefðu fyrirfundizt möguleikar á því að inniloka sjónvarp 1954—55 og þess vegna hefði verið gefið út leyfi, eins og það var orðað 7. marz 1955, en hleypur yfir það, að nú eru skilyrði fyrir hendi til þess að inniloka sjónvarp, tæknilega fullkomin skilyrði og reynsla um það víða.

Annars virðist mér það einkennilegt, að hæstv. ráðh. vill koma því á mig að hafa sagt það, að sjónvarpsleyfið hafi verið gefið út í nóv. 1954, hafi þá verið formlega veitt. Ég las þó upp í ræðu minni áðan endanlega leyfisbréfið frá 7. marz 1955, en sýndi jafnframt fram á, að grundvöllurinn fyrir því leyfi var lagður í nótu frá 26. nóv. 1954. Hæstv. ráðh. sagði, að ekkert væri nema leyfið í bréfinu frá 7. marz 1955. En ég las þó upp bréfið, sem er í tveim liðum, í íslenzkri þýðingu, og ég hef það hér í höndum á frummálinu í þessum tveim liðum, og ef hæstv. ráðh. vill rengja það, sem ég hef sagt um, að vitnað hafi þar verið til þess, sem áður hafði verið rætt í málinu, þá þykir mér hann ganga nokkuð langt. En það gerði hann þó raunar í ræðu sinni. En ég vil gjarnan gefa honum tækifæri til þess að leiðrétta það. Grundvöllurinn fyrir leyfinu var lagður í nótum milli rn. og varnarliðsins. Sú nóta, sem er efnismest, er nótan frá 26. nóv., þess vegna las ég hana og þess vegna er vitnað í hana í till. En þyki nú einhverjum, að það væri formlegra að vitna við afgreiðslu málsins í bréfið frá 7. marz 1955, þá er auðvelt að laga það í n., en ég hef lagt það til, að málinu verði vísað til nefndar.

Hæstv. utanrrh. vildi láta liggja að því, að þeir, sem fóru af Íslands hálfu með málin 1954, hefðu uppgefizt á því að gera kröfur til varnarliðsins um sjónvarpstakmörkun vegna þess, að tæknilegur möguleiki hafi ekki verið fyrir hendi, og einnig skildist mér vegna þess, að svo torveldlega hefði gengið með samkomulag um útivistarleyfi varnarliðsmanna utan vallarins. Ég veit ekki betur, eftir því sem mér hefur verið sagt, en að frá þeim málum hafi verið gengið vorið 1954, eða nokkrum mánuðum áður en sá samningagrundvöllur var lagður um sjónvarpið, sem kemur fram í bréfinu, sem ég hef mest vitnað til, frá 26. nóv. 1954. Þess vegna álít ég, að þetta tvennt hafi ekki blandazt saman.

Hæstv. ráðh. lýsti þessum málagangi nú þannig, eins og varnarliðið hefði algerlega farið, sinna ferða að því er snertir reglurnar um útivistir utan vallarins hjá setuliðinu, og hann sagði: Varnarliðið setti sjálft reglur, sem voru algert leyndarmál. — Ég veit ekki betur en þessar reglur hafi verið niðurstaðan af viðræðum, kannske nokkuð erfiðum og ströngum, sem áttu sér stað milli stjórnvalda og þeirra, sem fóru með þessi mál fyrir hönd varnarliðsins. Og að kalla það algert leyndarmál, eins og hæstv. utanrrh. gerði, stenzt ekki, m. a. ekki af því, sem hann sagði sjálfur, vegna þess að hann sagði, að lögreglustjórinn í Reykjavík hefði fengið þessar reglur. Þetta sýnir aðeins það, hvað málsvörnin er veik, að jafnvel fatast þessum slynga varnarbaráttumanni, með því að hann kallar það algert leyndarmál, sem lögreglufulltrúi veit. En auðvitað vissu reglurnar miklu fleiri.

Það skiptir satt að segja ekki ýkjamiklu máli, hvað liðni tíminn ber í skauti sínu, þegar við erum að ræða um það, sem á að gilda fyrir framtíðina. Þegar við erum að ræða sjónvarpsstækkunina, þá skiptir það framtíðina mestu máli. Og það er skylda okkar að finna bót á því, að um þetta sjónvarp setuliðsins, sem öllum kemur saman um, — ja, ég veit ekki um hæstv. utanrrh., — að sé mjög hættulegt fyrir íslenzka menningu, ef það nær inn á íslenzk heimili, séu settar þær reglur, sem binda það algerlega sem dvalarsvæðistæki. Og þegar svo er komið, að háskólabæir erlendis hafa lokað sjónvarp, þá er engin ástæða að segja lengur, að það sé ekki hægt að

þráðbinda þetta sjónvarp, og það er engin ástæða til þess fyrir þá, sem fara með málin fyrir hönd Íslendinga, að telja, að það eigi að hlífa Bandaríkjunum við því að leggja í þann kostnað, sem slíku sjónvarpi fylgir.

Ég tel þess vegna, að það eigi að afturkalla þetta hömlulausa leyfi, sem veitt var til stækkunar á stöðinni, og þó að hæstv. utanrrh. segi, að þessi stækkun skipti litlu máli, þá eru til fróðir menn í þessum efnum, sem segja allt annað. Og víst er það, að eins og nú standa sakir, þá er jafnvel þessi stöð, sem utanrrh. sagði að væri nú sama sem ónýt, svo sterk, að hún teygir sig hingað til Reykjavíkur. Það má vera, að það sé af því, að hún sé ekki í sama ástandi og hún var, þegar hún var sett upp, að því leyti, að það hefur ekki verið staðið við þann samning að skyggja fyrir útsendingargeislana, eins og ætlazt var til. Flogið hefur fyrir, og ég hef það raunar eftir manni, sem fylgist nokkuð vel með í þessum málum, að sá skermur, sem settur var upp — og nefndur hefur verið á vissan hátt í þessu bréfi — til þess að skyggja af, hann sé úr sögunni, hann hafi í fárviðri laskazt og ekki verið settur upp aftur. Ef það er rétt, hefur hæstv. utanrrh. sannarlega verið þar illa á verði, ef skermurinn hefur verið látinn falla niður fyrir fullt og allt.

Mér liggur við að halda, eftir því sem hæstv. utanrrh. talaði, að hann hafi þá skoðun, að það skipti ekki máli, þó að hersjónvarpið komi inn í það, sem ég vil kalla menningarhelgi Íslands. Þetta minnti mig, þegar hann var að tala, hvernig hann hagaði orðum, á frásögnina í Paradísarheimt Halldórs Kiljans, — minnti á það, hvernig konuvesalingurinn í Hlíðum undir Steinahlíðum tók því, þegar Björn hinn ríki kom með stóð sitt og beitti túnið. Hún sagði eitthvað á þá leið: „Hann Björn minn borgar fyrir sig.“ Hún gerði meira en að lána honum túnið. Hún átti líka dóttur, sem hún lét þjóna honum til sængur. Það er líka hliðstætt einhverju, sem gerist í þessum málum hjá okkur. Svo fóru nú þarna leikar, að því er túnið snertir, — ég ætla ekki að tala um hitt, — að þegar bóndinn Steinar kom heim að Hlíðum, þá var túnið komið í örtröð, algerlega í örtröð, garðarnir hrundir og þetta, sem var heimilinu dýrmætast, töðuvöllurinn, var orðið hagi „fyrir ókunnugt fé“. Ég vil vænta þess af hæstv. utanrrh., að hann skoði hug sinn, áður en hann vinnur að því að gera íslenzka menningarhelgi að nokkurs konar haga fyrir annarlega þjóð. Og ég vil vænta þess, að þó að honum hafi e. t. v. ekki fallið allt, sem ég hef sagt um forsögu þessa máls, þá styðji hann að því, að till. verði samþ., og vinni, meðan hans starfstími er á þessu sviði, ötullega að því að tryggja íslenzka menningarhelgi fyrir hersjónvarpinu á Keflavíkurflugvelli. Og mér finnst ekkert lítilmótlegt í því fyrir hann — síður en svo — að reyna að bæta úr því, sem mistekizt hefur. Það er skylda hvers manns að gera það, og það vex hver maður af því að gera það.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Það mátti glöggt heyra af niðurlagi ræðu hv. þm., að hann er enn haldinn sínum móðuharðindahugleiðingum, og verð ég að harma það, hvað honum sækist batinn seint.

Hv. þm. vill enn halda því fram, að fyrir sjónvarpsleyfinu á Keflavíkurflugvelli séu önnur og frekari skilyrði en þau, sem fram koma í leyfisbréfunum sjálfum í marz 1955. Virðist hann gera tilraun til að finna þessum fullyrðingum sínum stað með því að lesa sjálf leyfisbréfin með mjög undarlegum hætti. Hann talar um, að leyfisbréfin vitni í nótur og vitni í bréf, sem á milli hafi farið áður. Þetta er algerlega rangt. Í sjálfum leyfisbréfunum er hvergi vitnað í neinar nótur eða nein bréfaskipti. Leyfisbréf utanrrn. frá 7. marz 1955 hefst á því, að sagt er, að vitnað sé til ýmissa viðræðna í varnarmálanefnd um sjónvarp á Keflavíkurflugvelli. Þetta er tölul. nr. 1. Síðan kemur töluliður nr. 2, og í honum segir, að varnarliðinu sé hér með heimilað að reka í tilraunaskyni sjónvarpsstöð á Keflavíkurflugvelli, með því skilyrði, að stöðin sé ekki yfir ákveðinn styrkleika og að skorinn sé viss partur úr hringnum. Skilyrðin eru talin upp í bréfinu sjálfu. Þetta er leyfisbréfið og það eina, sem fyrir liggur. Á þessu er sjónvarpsreksturinn byggður. Allt annað eru hreinar blekkingar, fals og útúrsnúningur af hálfu þessa hv. þm., og er næsta furðulegt, að hann skuli vera að reyna að halda slíku fram, þegar til þess er hugsað, hvaða mynd hann bregður upp af utanrrh. Framsfl. og fyrrv. form. Framsfl. með þessum fullyrðingum sínum. Þessir menn, dr. Kristinn Guðmundsson og Hermann Jónasson, gáfu Alþ. báðir tveir skýrslu í nóvembermánuði 1954 um gang varnarmálanna til þess tíma. Þeir skýrðu ýtarlega frá öllum þeim umr., sem farið höfðu fram milli utanrrn. og varnarliðsins um breytingar í sambandi við aðgerðir varnarliðsins á Íslandi. Þeir töldu upp allt, sem um hafði verið rætt, og skýrðu frá öllum þeim breytingum, sem þeir voru búnir að ganga frá samkomulagi um. Hvorugur þeirra minnist einu einasta orði á það, að sjónvarp hafi verið rætt eða farið hafi verið fram á sjónvarpsleyfi. Nú kemur þessi hv. þm. hér og segir okkur, að þá daga, sem utanrrh. Framsfl. og form. Framsfl. eru að gefa þingheimi skýrslu um varnarmálin, þá eru þessir tveir heiðursmenn búnir að lofa varnarliðinu því, að það skuli fá sjónvarp, þeir eru búnir að setja fyrir því viss skilyrði, en þeir, þessir tveir þm., leyndu Alþ. þessum upplýsingum. Þegar hv. 1. flm. þessarar till. er að staðhæfa, að leyfið hafi verið gefið út eða því hafi verið lofað og skilyrðin verið sett haustið 1954, þá er hann þar með að gera þessa tvo menn, dr. Kristin Guðmundsson og Hermann Jónasson, að heldur undarlegum persónum í augum Alþ. En sem betur fer eiga þessir menn ekki skilið þá meðferð, sem þessi hv. þm. er að gera tilraun til að veita þeim hér, vegna þess að leyfið hafði ekki verið gefið út eða lofað, eins og hann þó vill halda fram.

Það ætti að vera alveg ástæðulaust að deila um skilyrðin fyrir þessu sjónvarpi. Leyfið er svo skýrt og afdráttarlaust, að um það verður ekki villzt.

Hv. þm. minntist á það, að lokaða sjónvarpið hefði komið til sögunnar, síðan sjónvarpið á

Keflavíkurflugvelli hófst. Þetta er algerlega rangt. Lokaða sjónvarpið var komið til sögunnar þá, og það hefur engin breyting orðið á því á þeim tíma, sem liðinn er síðan Keflavíkursjónvarpið kom. Utanrrn. lét athuga það haustið 1954, eins og ég hef margsagt, hvort hægt væri að koma þarna við lokuðu sjónvarpi eða ekki. Og niðurstöður þeirrar rannsóknar voru þær, að utanrrn. hafði þá kröfu ekki í frammi, það sá ekki ástæðu til þess. Á þessu máli hefur engin breyting orðið síðan þetta var gert.

Það er dálítið broslegt að hlusta á hræsnina í þessum hv. þm., þegar hann er að tala um, að ég hafi látið Bandaríkjamenn ráðast inn í menningarhelgi Íslendinga með því að leyfa þeim stækkunina á sjónvarpinu á Keflavíkurflugvelli og ekki einu sinni haft fyrir að skýra þinginu frá þessu. Þetta segir þessi þm., á sama tíma sem hann er að fræða okkur um það hér, að fyrrv. form. flokks hans og fyrrv. utanrrh. flokks hans hafi upphaflega opnað dyrnar, boðið Bandaríkjunum inn í þessa menningarhelgi, og eftir að þeir voru búnir að gera þetta, hafi þeir leynt þingið og þjóðina því og það enda þótt þeir hafi staðið í a. m. k. tveggja daga umr. hér á Alþ. til þess að gera grein fyrir sínu máli í þessu sambandi. Ég vildi nú vænta þess, að þessi hv. þm. ræddi eitthvað við þessa ágætu flokksmenn sína um það, hvernig þeir hafi leikið menningarhelgi Íslendinga, og ef hann vill halda því fram enn þá, að leyfinu hafi verið lofað haustið 1954, þá krefji hann þá um svör við því, hvers vegna þeir leyndu Alþ. því haustið 1954 í umr., að þeir væru búnir að opna þessa menningarhelgi Íslendinga. Ég vildi gjarnan mælast til þess, að þessi hv. þm. legði þetta ómak á sig.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara inn á fleiri atriði þessa máls.

Umr. frestað.

Á 48., 50. og 52. fundi í Sþ., 4., 6. og 11. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Sþ., 16. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. tölul. tillgr. felldur með 29:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, HermJ, IG, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GíslG, GJóh, HÁ, HS.

nei: JóhH, JÁ, JÞ, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BBen, EggÞ, GJós, EmJ, GíslJ, JKs, GÍG, JPálm, GTh, GÞG, FS.

6 þm. (IngJ, JP, AGl, BK, BGuðm, GeirG) fjarstaddir.

2.—3. tölul. tillgr. felldir með 29:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EOl, EystJ, FRV, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, IG, JSk, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP.

nei: EggÞ, GJós, EmJ, GíslJ, JKs, GÍG, JPálm, GTh, GÞG, JóhH, JÁ, JÞ, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BBen, FS.

7 þm. (GeirG, IngJ, JP, AGl, BK, BGuðm, BjörnJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Með því að till. þessi gengur út á, að skilyrði séu sett fyrir leyfi til stækkunar sjónvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli, sem ekki eru til og aldrei hafa verið til, segi ég nei.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst vísa til þess fyrirvara eða þeirrar grg., sem hæstv. utanrrh. gerði fyrir atkv. sínu, en jafnframt láta þessa getið:

Fyrir nokkrum árum úrskurðaði menntmrn. að gefnu tilefni, að sjónvarp væri á verksviði íslenzka ríkisútvarpsins. Síðan hefur farið fram á vegum ríkisútvarpsins athugun á möguleikum þess, að það komi hér á fót íslenzku sjónvarpi. Þeirri athugun er ekki lokið enn, en hún fer fram með þeim hraða, sem nauðsynlegur og skynsamlegur er í málinu, og því engin ástæða til þess að samþykkja þessa till. Ég segi því nei.

Karl Kristjánsson: Með skírskotun til fyrirvara hæstv. utanrrh. sé ég ástæðu til að taka fram, að í 2. lið till. er vísað til þeirra grundvallarskilyrða, sem byggð voru upp í bréfi 26. nóv. 1954, um samninga um sjónvarpsleyfi varnarliðsins. Og í bréfi útgefnu 7. marz 1955 er vísað til þeirra grundvallarskilyrða, og af þeim ástæðum er rétt til vitnað í till. og þar með full ástæða til að segja já.

Þingsályktunartillaga, vísað til ríkisstjórnarinnar.

Meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Á deildafundum 31. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra [51. mál] (A. 67).

Á 13. fundi í Sþ., 8. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15. og 17. fundi í Sþ., 15. og 22. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Í þessari till. felst, að ríkisstj. verði falið að láta endurskoða lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra og þeirri endurskoðun skuli lokið svo snemma, að frv. um breytingar á lögunum verði lagt fyrir Alþingi það, er nú situr.

Lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra voru sett árið 1949. Það verður að telja, að hér hafi á þeim tíma verið um mjög merka lagasetningu að ræða. Hér var nýmæli á ferðinni um það, hvernig tekið skyldi samræmdum, föstum tökum á alvarlegu félagslegu vandamáli. En þessi lög voru nýsmíði, og þau báru þess ótvírætt einkenni, enda hafa ýmsir vankantar á lögunum komið í ljós við fengna reynslu. Þessir gallar eru svo miklir, að þeir hafa háð þeirri starfsemi, sem lögin fjalla um, á mjög áberandi hátt, og gallarnir verða svo að segja áþreifanlegri með hverju ári sem líður.

Í lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra er gerður mjög sterkur greinarmunur á ölvuðum mönnum og drykkjusjúkum. Þeim eru ætlaðar mismunandi stofnanir og meðferð, og það heyrir meira að segja undir sitt hvort ráðuneyti eftir því, hvort um ölvaða menn eða drykkjusjúka er að ræða. Þessi hnífskarpi greinarmunur á ölvuðum mönnum og drykkjusjúkum er mjög óeðlilegur, óraunhæfur og hefur enga þýðingu í framkvæmd. Við gerum okkur allir grein fyrir því, að ölvaður maður er drykkjusjúkur, á meðan hann er ölvaður, og drykkjusjúkur maður er mjög oft ölvaður, eins og kunnugt er. Þarna eru engin glögg skil á milli. Þetta atriði, sem ég nú hef nefnt, hefur m. a. háð framkvæmd þessara laga. T. d. hefur I. kafli laganna um meðferð ölvaðra manna aldrei komið til framkvæmda, þótt liðin séu nú nærri 12 ár, síðan lögin voru sett.

Önnur stórskyssa varð á, þegar þessi lög voru sett, og hún var sú, að öll meðferð drykkjusjúkra manna var lögð undir geðveikraspítala ríkisins. Þetta atriði hefur orðið drykkjumannahjálpinni í landinu mjög fjötur um fót fram til þessa, enda var það og er enn í dag álit allra sérfróðra lækna, að slík ráðstöfun sé óheppileg.

Það er ýmislegt fleira og þó smærra, sem er athugavert við þessi lög, þótt ég reki það ekki hér. Stærsti gallinn er sá, að lögin, eins og þau eru nú úr garði gerð, koma í veg fyrir samræmdar, skipulagðar aðgerðir í lækningu drykkjumanna. Þau hindra einbeitingu krafta og fjár að vandamálinu. Ég held, að það sé fyrst og fremst vegna þessara ágalla laganna, að starfsemin til hjálpar drykkjumönnum er enn í dag öll í molum, þannig að a. m. k. þrír stórir aðilar, sem við þessi mál fást, bauka hver í sínu horni, án minnsta samráðs eða samvinnu hver við annan. Ætti það að liggja í augum uppi, að slíkur ágalli er slæmur, og hann er verri fyrir þá sök, að hann er óþarfur. Hér er því um galla að ræða, sem telja verður að sé laganna sök.

Ég hef tvívegis í hv. Ed. flutt frv. til laga um meðferð drykkjumanna. Það frv. var sniðið eftir lögunum eins og þau eru nú, en verstu ágallarnir numdir burtu. Ég flutti þetta frv. fyrst og fremst til þess að vekja athygli á þessu máli. Nú flyt ég þessa þáltill. um endurskoðun þessara laga og geri það í sama skyni.

Ég get upplýst, að fyrrv. landlæknir, Vilmundur Jónsson, sem var einn höfuðsmiður laganna 1949, skildi orðið þörfina á því, að þessum lögum yrði breytt, og á árunum 1957 og 1958 beitti hann sér fyrir því sem landlæknir að fá verstu vankantana sniðna af þeim, þótt það bæri ekki árangur þá. Núv. landlæknir, dr. Sigurður Sigurðsson, er sama sinnis. Hann telur þörf á, að þessum lögum sé breytt. Á árinu 1959 skipaði ríkisstj., sem þá sat að völdum, þriggja manna nefnd til að endurskoða þessi lög. Núv. landlæknir var formaður þeirrar nefndar. Þessi nefnd skilaði áliti og tillögum í heilbrmrn. í jan. 1960. Þar hefur þetta mál legið síðan. Það hefur verið lagzt á það. Þar er enginn áhugi fyrir því að gera þær umbætur, sem æðstu mönnum heil-

brigðismála í landinu finnst full þörf á. Það ætti því að vera auðvelt að framkvæma það, sem í þessari till. felst, þegar vitað er, að í rn. liggja tillögur frammi tilbúnar nú í nærri tvö ár, till. um þær breytingar, sem hér er átt við. Það er ekki annað fyrir hæstv. ríkisstj. að gera í því máli en að dusta rykið af þessum tillögum, láta dubba þær upp og leggja þær fyrir Alþingi, og það á að gerast í vetur. Þetta er aðkallandi mál.

Herra forseti. Ég legg svo til, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. tillögumanni, sem var nú að ljúka máli sínu, að hér er um mikið vandamál að ræða. Hitt er ég honum ekki sammála um, að málið sé eins auðvelt úrlausnar og hann virðist ætla. Og vitna ég strax til þess, sem hann sagði hér eða ekki varð annað skilið af orðum hans, að hann talaði um það sem sama vandamálið, að einhver maður væri drukkinn og að hann væri drykkjusjúklingur. Ég skal ekki segja, hvort þetta er svo að mati sumra lækna. Hitt hygg ég, að almenningsálit og heilbrigð skynsemi sé þar gersamlega á annarri skoðun. Það er að vísu vandamál, hvernig á að fara með mann, sem er drukkinn eða ofurölvi. En það er allt annað vandamál en hvernig eigi að fara með þann, sem er eiginlegur drykkjusjúklingur, sem almenningur skilur á þann veg, að það sé maður, sem að staðaldri ræður ekki við drykkjuhneigð sína. Hér eru tvö mjög ólík vandamál, sem verður að meta einmitt vegna þess mismunar, sem á þeim er. En þessi fullyrðing hv. þm., sem er læknir, gaf til kynna, að þegar hann gefur svo gersamlega villandi yfirlýsingu á Alþingi í þeim efnum, sem ætla mætti þó að hann hefði þekkingu á, þá sé ekki mikið að marka það, sem hann sagði um önnur atriði málsins, enda kom það á daginn.

Hann fullyrti, að frv. í þessum efnum hefði lagzt til hliðar í heilbrmrn., vegna þess að það hefði engan áhuga á þessum málum, og það væri ekki annar vandinn en að taka frv., sem fyrir liggur, dusta af því rykið og leggja það fram. Ég hygg, að það sé enginn vandi fyrir hv. þm. að fá þetta frv. og leggja það fram á Alþingi. Hann þarf enga milligöngu um þál. til þess að fá það frv., sem legið hefur í dómsmrn. Það er ekkert leyndarmál. Hitt er rétt, að að mínu viti er það frv. ekki viðhlítandi lausn á því vandamáli, sem hér er um að ræða. Og það verður ekki fram hjá því komizt, að það er mjög mikill ágreiningur milli lækna um það, hverjar ráðstafanir eigi að gera í þessum málum, eins og það er mikill ágreiningur milli áhugamanna í málinu, hverja aðferð sé bezt að hafa. Því fer þess vegna fjarri, að það sé til nokkur patentlausn, sem ekki sé annað en hrista rykið af og svo sé allur vandi búinn.

Ég athugaði þetta frv. rækilega á sínum tíma og hef verið í nánu sambandi við þá menn, sem mest hafa starfað og beztum árangri hafa náð í baráttunni við þetta vandamál hér. Ég segi ekki, að ég sé þeim mönnum að öllu leyti sammála, og ég skal ekkert fullyrða hér um afstöðu þeirra til þessa frv. En ég veit svo mikið um þeirra skoðun, að hún fer mjög í bága við það, sem ýmsir læknar segja um þetta mál, og einmitt þess vegna er viss klofningur í framkvæmdinni, eins og hv. ræðumaður gat um, að aðilunum, sem mestan áhuga hafa á málinu, mesta þekkinguna hafa og mesta reynsluna, kemur alls ekki saman um, hvaða aðferð sé heppilegust. Í þessu liggur vandinn.

Það má segja, að stjórnin hefði átt sjálf að reyna að gera upp sinn hug um þetta mál eða kveðja til þess sérfræðinga. Enda er það svo, að ég hef haft hug á því, að þegar ný skipan kæmist á meðferð geðveikimála hér á landi í sambandi við stofnun prófessorsembættis við Háskóla Íslands og skiptingu starfa á Kleppsspítala til að byrja með og síðar væntanlega tviskiptingu þess spítala, þá væri tímabært að taka allt þetta mál upp. Ég vil geta þess, að einmitt í sumar eða haust átti ég tal við þann nýja mann, sem hefur verið skipaður prófessor við læknadeildina og á að taka við nokkrum hluta læknisstarfsins á Kleppi, um, að hann færi sérstaklega í að kynna sér þessa löggjöf hér, þær brtt., sem fyrir liggja um aðra skipun á þeim málum, og fyrirkomulag annars staðar í ljósi þeirrar beztu þekkingar, sem nú er hægt að fá frá sérfræðingum í öðrum löndum. Mér kemur ekki til hugar, að þessi maður finni, hvorki einn né með öðrum mönnum hér á seinni stigum málsins, neina allsherjarlausn á málinu. En ég hygg, að það sé mjög hollt að fá álitsgerð frá manni, sem hefur jafnrækilega kynnt sér ýmsar hliðar þessa vandamáls og annað í nágrenni við það og á nú að taka að sér kennslu í þeim fræðum, sem mjög snerta þetta mál, við Háskóla Íslands. Ég hef ekki trú á því, að hans tillögur — og veit raunar, að hans tillögur verða ekki til svo snemma, að hægt sé að leggja þær fyrir framhald Alþingis nú eftir jólin. En ég hef fulla von um það, að það ætti að vera hægt að leggja fram nýtt frv. um þessi efni fyrir Alþingi, sem kemur saman næsta haust, án þess að ég vilji á þessu stigi gefa bindandi fyrirheit um það. En ég hafði hugsað mér að stefna að því, að svo gæti orðið.

Ef vandinn er ekki annar en sá að leggja fram það frv., sem liggur í heilbrmrn., þá veit ég, að hv. þm. þarf ekki annað en fara til heilbrmrh., og hann getur sjálfsagt útvegað honum það nú með klukkutíma fyrirvara og hann lagt það sjálfur fram hér á morgun, án milligöngu eða atbeina sameinaðs Alþingis.

Flm. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Ég þarf ekki að svara ræðu hæstv. forsrh. mörgum orðum. Lögin um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra ræða eingöngu um læknismeðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Ég sagði í minni ræðu, að skilin á milli ölvaðra manna og drykkjusjúkra væru ekki skörp. Hæstv. forsrh. virtist ekki vera mér sammála í þessu. En ég ætla ekki að gera nánari grein fyrir skoðun lækna á því máli. Það er mjög erfitt að deila við leikmann um læknisfræðileg efni, og ég álít það aðeins tímasóun og til einskis að ræða það mál frekar. En ég get fullyrt það, að sérfróðir læknar gera ekki mjög mikinn greinarmun á því, hvernig fara beri með í lækningalegu tilliti ölv-

aða menn og drykkjusjúka, þar séu skilin ekki glögg á milli.

Þá virtist mér hæstv. forsrh. hafa á undanförnum tímum hugsað um þetta vandamál og hann hafa hlustað á skoðanir manna, bæði lækna og leikmanna. Og mér skildist á honum, að hann treysti sér ekki til að gera upp á milli þess, sem leikir og lærðir meintu um þessa hluti. Þetta kemur mér dálítið á óvart. Ég hélt, að hæstv. forsrh. hefði reynslu fyrir því, að þegar um slík efni er að ræða, þá er öruggast að treysta þeim, sem kunnáttuna hafa og reynsluna, en síður þeim, sem gutla í málunum. Mér skildist á honum í kafla af ræðu hans, að hann legði töluvert upp úr þessu, að það hafi einmitt verið þetta, sem hafi tafið málið að undanförnu, að leikir og lærðir væru ekki alveg sammála um sín á milli, hvernig leysa bæri úr vandanum. Hann tók beinlínis fram, hæstv. ráðh., að í þessu lægi vandinn. En í lok ræðu sinnar kom hæstv. ráðh. inn á málefni, sem gladdi mig að heyra að vissu leyti. Þar var á honum að skilja, að ungur, sérfróður læknir, prófessor í geðlæknisfræði, væri að koma hingað og eftir honum væri beðið um álit í þessu efni. Þetta ber að viðurkenna sem nokkurt sjónarmið, er réttlæti þá töf, sem orðið hefur á þessu máli. Og það lýsir því, að hæstv. ráðh. þrátt fyrir allt ætlar nú að taka meira mark á lækni eða læknum en leikmönnum um meðferð sjúkra manna.

Ég fagna því eins og hæstv. ráðh., að innan skamms kemur hingað ungur, sérfróður læknir á sviði geðlækninga, og mér finnst það eðlilegt, að hans álits verði leitað í þessu efni. En ég tel það þó ekki réttlæta þann óhæfilega drátt, sem orðið hefur á málinu, jafnmikilvægt og það er. Tillögur n., sem átti að endurskoða þessi lög, hafa legið frammi í rn. í nærri því tvö ár. Það á að öllum líkindum að bæta við þriðja árinu. Þetta er ekki forsvaranlegt, og það því síður sem önnur leið var til í þessu máli, og það mátti vel bera þetta mál undir álit prófessorsins í geðlæknisfræði, þótt hann væri erlendis.

Ég hlýt því að hafa sömu afstöðu eftir ræðu hæstv. ráðh. eins og áður í þessu efni, að það er óforsvaranlegur dráttur orðinn á leiðréttingu eða endurskoðun þessara laga, og það, sem hæstv. ráðh. sagði til málsbóta hér, hefur ekki nema mjög takmarkað gildi.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er alltaf leiðinlegt að vera að þræta við mann, sem getur ekki haft rétt eftir það, sem sagt var. Ég sagði berum orðum í ræðu minni áðan, að eitt af vandamálunum í þessum efnum, — eitt af þeim, — væri það, að læknunum kæmi alls ekki saman innbyrðis í þessu efni. Þessu sneri hv. ræðumaður þannig, að ég héldi því fram, að það ætti að taka meira mark á því, sem leikmenn segðu, en læknar, eins og öllum leikmönnum kæmi saman og allir læknar væru svo á öðru máli, því að sannleikurinn er sá, að leikmenn greinir mjög innbyrðis á um, hvaða aðferðir eigi að hafa, og lækna greinir mjög innbyrðis á um, hvaða aðferðir eigi að hafa. Þetta ætti hv. þm. að vita. Hann hlustar ekki á annað en það, sem hann vill heyra. Ég hef talað við marga af þessum mönnum og veit, að þeim kemur ekki saman um eðli þessa vanda. En ekki er mikilsverður vitnisburður manns, sem getur ekki farið rétt með, þegar hann situr í næsta stól við þann, sem talar, heldur snýr öllum ummælum við. Það er ekki mikið mark á því takandi, hvað slíkur maður segir.

Eins og ég sagði áðan, ef honum hefur fundizt ótækt, að þetta frv. hefur ekki verið lagt fram, af hverju hefur hann þá ekki aflað sér frv. og borið það sjálfur fram óbreytt? (AGl: Ég hef lagt fram frv. tvisvar á þinginu.) Já, en er það þá sama frv. og hitt? (Gripið fram í.) Já, því hefur hann ekki aflað sér frv.? Hefur því verið haldið fyrir honum? Eins og ég segi, ef hann hefði nokkurn tíma beðið mig, meðan ég hafði meðferð þessara mála með höndum, að fá að sjá þetta frv., þá hefði hann fengið að sjá það tafarlaust, og ég efast ekki um, að hann gæti fengið frv. strax í dag og lagt það fram hér á morgun, ef það er það, sem á stendur.

Svo segir hv. þm., að það væru rök í málinu, að það væri skynsamlegt að bera þetta undir prófessorinn í geðsjúkdómum við háskólann. Nú stendur þannig á, að þessi maður var nýlega skipaður prófessor og er enn þá að búa sig til hlítar undir það að taka við embættinu. Var hægt að leggja málið undir hans dóm sem prófessors, fyrr en hann var skipaður í embættið? Og er ekki einmitt eðlilegt, að sá maður, sem á á næstu árum að hafa forustu í þessum efnum, fái þetta vandamál til meðferðar, eftir að búið er að skipa hann í hans vandasömu stöðu? Mér skilst, að hv. þm. sé þessu í raun og veru sammála. En ef hann er því sammála, því er hann þá með allt á hornum sér út af því? Ef hann vill fá frv., sem samið var fyrir nokkrum árum, getur hann áreiðanlega fengið að leggja það fram. Ef hann er því sammála, að þessi nýi embættismaður fái málið til meðferðar, þá er að bíða eftir því, að hann fái málið til skoðunar og það verði að fenginni hans umsögn og annarra og í hugun stjórnarvaldanna síðan á þeirra tillögum lagt fyrir Alþingi, og það verður áreiðanlega ekki gert strax eftir áramót, það þori ég að fullyrða.

En jafnframt því sem ég skal fúslega játa, að ég hef ekki lagt þetta frv. fyrir Alþingi vegna þess, að ég taldi það enga fullnægjandi lausn á þessu máli, þá er rétt að geta þess, að það hefur mikið verið aðhafzt á s. l. missirum til þess að greiða götu þeirra manna, sem hér hafa mest og bezt að unnið, á móti því böli, sem við allir viljum berjast gegn. AA-samtökin, sem áreiðanlega hafa unnið heillavænlegast starf á síðari árum hér á landi í þessum efnum, hafa m. a. fyrir mína tilhlutan fengið styrk, sem hefur gert þeim mögulegt að efla og auka starfsemi sína á þann hátt, sem forustumenn þeirra telja viðhlítandi, og eins var með mínum atbeina og ríkisstj. aukin og stórbætt aðstaða í Gunnarsholti fyrir drykkjusjúklinga þar. Þetta voru allt atriði, sem þurfti að gera, og hefur í raun og veru verið jafnvel séð fyrir, þó að þetta frv. væri ekki lagt fram, en aðalefni þess var í raun og veru það að ætla ákveðnar fjárveitingar í þessu skyni. Það var aðalbreytingin og sú, sem mestu hefði áorkað, a. m. k. í fyrstu, svo að því

fer fjarri, að þessi mál hafi verið vanrækt eða ekki um þau hugsað. Hitt er annað mál, að vafalaust má gera betur og verður að gera betur. Þar er ég hv. þm. fyllilega sammála.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil aðeins að gefnu tilefni láta koma fram í sambandi við þessar umr., að ég átti viðræður við prófessorinn í geðlæknisfræði, sem hér hefur verið rætt um í sambandi við dagskrármálið, þegar hann var hér stuttan tíma, skömmu eftir að ég tók við embætti heilbrmrh. Hann hafði þá kynnt sér þær till., sem fyrir lágu í rn., en óskaði að fá aðstöðu til þess að kynnast málinu betur og athuga málið nánar, og hann mælti beinlínis gegn því og taldi ekki tímabært að svo stöddu, að þetta frv. eða þær till., sem fyrir lágu, væru þá lagðar fram, áður en nánari athugun færi fram. Þetta tel ég rétt að komi fram í sambandi við þetta mál. Síðan hefur ekki af minni hálfu verið frekar aðhafzt í framburði málsins, enda var þá meiningin að bíða nánari ráðlegginga frá þessum sérfræðingi, sem hér er um að ræða.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 52. fundi í Sþ., 11. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 67, n. 692).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er til umr. á þskj. 67, hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta endurskoða lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Skal endurskoðun þessari lokið svo snemma, að frv. um breytingu á lögunum verði lagt fyrir Alþingi það, er nú situr.“

Allshn. hafði sent þetta mál til umsagnar til stjórnar gæzluvistarsjóðs og enn fremur til landlæknis. Hefur n. fengið svör frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fyrir hönd gæzluvistarsjóðs, sem er birt sem fskj. nr. 1, og frá landlækni, sem er birt sem fskj. nr. 2. Þáltillgr. segir ekkert um það, hvernig þessari endurskoðun skuli hagað, og bendir heldur ekkert á það, hvaða sérstök atriði það eru í núgildandi lögum, sem þurfi endurskoðunar með. En í grg. er svo nokkuð bent á þetta, og skal ég ekki fara nánar út í það atriði.

Í upplýsingum frá dóms- og kirkjumrn. kemur fram, að lögin hafa verið í endurskoðun. Það kemur og fram hjá landlækni, að skipuð hafi verið nefnd til þess að endurskoða lögin og n. þegar sent till. sínar til dómsmrn., en dómsmrn. hefur talið nauðsynlegt að athuga málið nánar, m. a. að ræða um það við aðra lækna en þá, sem þegar hafa látið í té álit um málið. Það telur hins vegar, að endurskoðuninni sé komið svo langt, að það verði unnt að leggja málið fyrir það þing, sem kemur saman á næsta hausti.

Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að það hefur ekki komið fram í umr. um þetta mál, að það væri neinn ágreiningur um I. kafla laganna, en hann er um meðferð ölvaðra manna. Ágreiningur mun hafa einkum verið um II. kaflann, sem er um meðferð drykkjusjúkra manna, en enginn ágreiningur hins vegar um III. eða IV. kafla l. frá 1949. Ágreiningur mun einkum vera um það, hvort þessum málum skuli stjórnað af lækni geðveikrahælis og sjúklingarnir álitnir að einhverju leyti geðsjúkir menn. Um þetta mun einkum vera ágreiningur.

Allshn. sem slík leggur engan dóm á þetta atriði. En ég vil persónulega vænta þess, að þegar endurskoðunin hefur farið fram, verði fulltryggð framkvæmd I. kafla laganna, því að það er raunverulega meginatriði þessa máls, að framkvæmdin verði þannig, að allir þeir menn, sem hafa áhuga á umbótum í þessum málum, fái að njóta sín í samstarfi um þær umbætur. Vænti ég, að hæstv. rn. taki það til athugunar, þegar það leggur fram till. sínar. Að sjálfsögðu koma þær till. til þingsins, og þingið getur þá gert um þær sínar athugasemdir. En mér þótti rétt að láta þetta fylgja með frá mér persónulega sem frsm.

Nefndin leggur til, eins og sést á þskj. 692, að með tilvísun til þess, sem kemur fram í umsögnunum, og í trausti þess, að ekki verði frekari dráttur á afgreiðslu málsins, verði málinu vísað til ríkisstj.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég flutti þessa tillögu í því skyni að flýta fyrir því, að sú endurskoðun færi fram á lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, sem í till. getur. Ég get vel fellt mig við till. hv. allshn., að málinu sé vísað til hæstv. ríkisstj., með þeim ummælum, sem till. fylgja. Ég mun því greiða atkv. með þessari till. hv. nefndar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 16. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. á þskj. 692 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 34:1 atkv.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Síldarleit.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var úthýtt:
Till. til þál. um síldarleit [26. mál] (A. 26).

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11. fundi í Sþ., 1. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 26, ásamt tveim öðrum þm., þeim hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 1. þm. Austf., að flytja svofellda till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess að fjölga þegar á næstu síldarvertíð fyrir Norður- og Austurlandi síldarleitarskipum um eitt. Sameinað Alþingi kýs fimm manna nefnd starfandi skipstjóra til ráðuneytis um stjórn síldarleitarinnar."

Á undanförnum árum hefur sá háttur verið á hafður, að síldar hefur verið leitað fyrir Norður- og Austurlandi bæði úr lofti og eins á sjó. Tvær flugvélar hafa verið notaðar í þessu skyni, og síldarleitarskipin Ægir og Fanney hafa stundað síldarleitina á sjónum.

Það er ekkert vafamál, að sérstaklega síldarleitin, sem skipin Ægir og Fanney hafa annazt, hefur komið að mjög verulegum notum fyrir síldarflotann og gert það að verkum, að miklu meiri afli hefur fengizt en ella hefði verið, ef aðstoðar þeirra hefði ekki notið við. Eins og allir hv. þm. vita, sem þekkja eitthvað til þessara mála, er það leitarsvæði, sem skip þessi hafa orðið að kanna á hverju sumri, mjög stórt. Það nær allt vestan frá Horni og austur að Hvalbak fyrir Austurlandi, og víðast hvar nær það allt að 100 sjómílur á haf út frá ströndinni talið.

Sem dæmi um, hversu svæði þetta er stórt, vil ég aðeins nefna, að það tekur t. d. Ægi um hálfan mánuð að fara eina venjulega rannsóknarferð yfir allt þetta svæði. Það hefur lengi verið krafa sjómanna og annarra þeirra, sem hafa átt afkomu sína að einhverju leyti undir síldveiðum komna, að síldarleitarskipunum væri fjölgað um eitt. Samþykktir hafa verið gerðar um þetta á fiskiþingum, og nú síðast fyrir nokkrum dögum var tillaga flutt á fundi í skipstjórafélaginu Öldunni hér í Reykjavík, sem hafði að geyma áskorun á ríkisstj. um að fjölga leitarskipunum um eitt. Ég hygg því, að það geti vart verið deilt um það, að þörfin fyrir þetta eina viðbótarskip sé mjög brýn.

Um það, hvort af þessu mundi verða mikill kostnaðarauki fyrir ríkissjóð, vil ég taka þetta fram: Það er að flestra manna áliti talið, að hægt væri að leggja aðra síldarleitarflugvélina niður, ef svo mætti segja, og nægja mundi að hafa eina flugvél í síldarleit í stað tveggja. Við það ætti að geta sparazt þó nokkurt fé. Sú breyt. hefur á seinustu árum orðið á, að síldin hefur mjög lítið vaðið á Norðurlandsmiðunum og einnig fyrir Austfjörðum, þannig að síldarleit úr lofti hefur af þeim sökum ekki komið að neinu verulegu gagni. Sem dæmi um þetta vil ég nefna, að á s. l. sumri, er mér tjáð, að síldarleitarflugvélar hafi ekki orðið varar við eina einustu vaðandi torfu fyrir öllu Norðurlandi.

Svo er annað, sem einnig gerir það að verkum, að leitarflug úr lofti er ekki eins hagkvæmt og áður var, og það er, að úr flugvélum eru ekki aðstæður til þess að sjá, hvort þær torfur, er kunna að koma upp á yfirborðið, séu stórar og þykkar eða ekki, og einnig að skipin eru nú flest útbúin mjög góðum asdictækjum, sem gera þeim síldarleitina miklu auðveldari en áður var.

Ég held, að þrátt fyrir það að síldarleitarskipum væri fjölgað um eitt þegar á næstu sumarvertíð, en ein flugvél lögð niður, þá mundi það ekki þýða nein aukin heildarútgjöld fyrir ríkissjóð til síldarleitar, og þurfa því alþm. ekki að óttast þá hlið málsins mjög.

Við flm. höfum gert það að till. okkar, að til aðstoðar þeim fiskifræðingum, sem stjórnað hafa síldarleitinni og koma til með að stjórna henni á komandi árum, verði kosin fimm manna nefnd starfandi skipstjóra þeim til ráðuneytis. Það er nú svo, að reynslumiklir skipstjórar hafa þekkingu, mikla þekkingu, á þessum málum, og ekki væri óeðlilegt, að þeir miðluðu fiskifræðingunum eitthvað af sinni reynslu í sambandi við síldarleitina. Tel ég því mjög vel til fundið, að sameinað Alþingi kjósi fimm manna nefnd starfandi skipstjóra til þessa verks.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að lengja umr. um mál þetta meira, en legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 48., 50. og 52. fundi í Sþ., 4., 6. og 11. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 26, n. 589).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

2. Jarðhitaleit og jarðhitaframkvæmdir.

Á deildafundum 13. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um stuðning ríkisins við jarðhitaleit og jarðhitaframkvæmdir [30. mál] (A. 30).

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11. fundi í Sþ., 1. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 30 að flytja ásamt fjórum meðþingsmönnum mínum svo hljóðandi till. til þál., **með leyfi hæstv. forseta:**

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf fyrir næsta Alþingi um fjárhagslegan **stuðning við sveitarfélög til jarðhitaleitar og jarðhitaframkvæmda.**"

Tillögu þessa flutti ég á síðasta þingi ásamt nokkrum öðrum hv. þingmönnum, en hún náði þá ekki að verða útrædd, **og hef ég því leyft mér að endurflytja hana að þessu sinni.**

Ég tel ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þau rök, sem mæla með því, að löggjöf sé sett, er stuðli að því, að sveitarfélög geti notað sér þann jarðhita, sem er að finna í næsta nágrenni þeirra. Eins og hv. alþm. vita, eru a. m. k. fjögur bæjarfélög þegar búin að leggja hitaveitu hjá sér, og ýmis önnur bæjarfélög hafa ákveðið að byrja jarðhitaframkvæmdir heima fyrir. En það, sem strandar á, er fyrst og fremst skortur á fjármagni til framkvæmdanna. Ég tel, að ekki væri óeðlilegt vegna hinna miklu þjóðfélagslegu **hagsmuna, sem bundnir eru því, að hægt sé að** nýta jarðhitann meira en gert hefur verið hingað **til, að ríkið með löggjöf ákveði leiðir til þess að** aðstoða sveitarfélög til að geta ráðizt í þessar **framkvæmdir. Og þá kemur tvennt til: Annað, að** myndaður verði sjóður, er ríkið legði verulegt fjármagn til þegar í upphafi og sveitarfélög þessi gætu síðan fengið lán úr til þessara framkvæmda. **Einnig kæmi til álita, að hið opinbera tæki þátt í kostnaði við þessar framkvæmdir að einhverjum hluta, eins og nú er gert t. d. í sambandi við** hafnargerðir.

Ég tel ástæðulaust að fylgja þessari þáltill. úr hlaði með fleiri orðum. Ég legg því til, að umræðu **um málið verði frestað og því vísað til** hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. **frestað.**

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

3. Tjón af völdum vinnustöðvana.

Á deildafundum 16. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um að reikna út tjón af völdum vinnustöðvana [31. mál] (A. 32).

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11. fundi í Sþ., 1. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í lýðræðisþjóðfélagi hljóta vinnustöðvanir ávallt að eiga sér stað, þar sem hinn frjálsi samningsréttur ríkir og rétturinn til að leggja niður vinnu og fella niður atvinnustarfsemi. Verkalýðshreyfingin telur verkfallsréttinn að vonum einn sinn dýrmætasta rétt og grundvöll þess, að henni takist á hverjum tíma að ná samningum um viðunandi kaup og kjör félögum sínum til handa.

Engu að síður er það vopn, sem í verkfallsréttinum felst, biturt og skaðvænlegt, einnig gagnvart þeim, sem því beita. Eitt af þýðingarmeiri framtíðarverkefnum sérhvers lýðræðisþjóðfélags hlýtur því að verða að reyna að finna hagfelldara form fyrir kjarabótarétti verkafólks og launþega, þar sem réttinum til bættra kjara fylgja ekki **fórnir og óþægindi þeirra, sem hlut eiga að máli,** og tjón fyrir þjóðina í heild.

Þetta framtíðarverkefni er tvímælalaust erfitt **viðfangs. og það tekur án efa mjög langan tíma** að leysa það. Það verkefni, sem á hinn bóginn er miklu nærtækara og auðveldara að fást við, er að reyna eftir megni að draga úr því tjóni, sem vinnustöðvanir hafa í för með sér. Af þessum sökum hef ég leyft mér að bera fram þáltill. þá á þskj. 32, sem hér er til umr. En undirstaða þess, að það takist að draga úr tjóninu, er að minum dómi sú, að tjón þetta verði reiknað út eða metið, svo að þjóðinni gefist kostur á að **gera sér grein fyrir, hversu umfangsmikið það** er. Tel ég hér um mjög mikilvægt málefni að ræða, þegar það er haft í huga, að hér á landi hafa vinnustöðvanir allt frá stríðslokum verið tíðari og varað lengur en með öðrum þjóðum. Hefur þetta ásamt öðru átt sinn þátt í því, að efnahagur íslenzku þjóðarinnar hefur á þessu tímabili ekki eflzt á sambærilegan hátt við nágrannaþjóðir okkar.

Till. mín fjallar um það, að reiknað skuli út tjón af völdum vinnustöðvana. Með vinnustöðvunum er að sjálfsögðu átt við bæði verkföll og verkbönn. Sem betur fer hefur fremur lítið kveðið að verkbönnum af hálfu atvinnurekenda hér, **og hafa þau öllu frekar beinzt gegn ríkisvaldinu** en gegn verkalýðsfélögunum. En verkbönn eru **auðvitað engu síður til þess fallin að valda tjóni** en verkföllin.

Í till. er gert ráð fyrir, að það skuli falið Hagstofu Íslands að reikna út tjónið eða áætla það. Virðist það standa hlutverki þeirrar stofnunar næst að hafa þetta verkefni með höndum, enda er hér einungis um eðlilegan þátt í hagskýrslugerð að ræða. Í till. segir, að byrja skuli á því að reikna út tjón vegna vinnustöðvana á árinu 1961. Tel ég það liggja beint við, þar sem yfirstandandi ár er eitt mesta verkfallaár í sögu þjóðarinnar. Vil ég hér á eftir gefa yfirlit yfir helztu vinnustöðvanir á árinu 1961, eftir því sem mér er bezt kunnugt.

1. Róðrabann útvegsmanna í Vestmannaeyjum í upphafi ársins, stóð í einn mánuð.
2. Verkföll háseta á bátaflotanum á upphafi vetrarvertíðar, er stóðu um það bil hálfan mánuð.
3. Verkfall yfirmanna á bátaflotanum á vetrarvertíð, er stóð tæpa viku.
4. Verkfall landverkafólks í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð, er stóð í tvo mánuði.
5. Verkfall verkakvenna í Keflavík síðari hluta vetrarvertíðar, er stóð í tvo mánuði.
6. Verkfall verkamanna, verkakvenna, iðnverkafólks og verzlunarmanna á Akureyri í byrjun júnímánaðar, er stóð í viku.
7. Verkfall verkafólks á Húsavík í byrjun júnímánaðar, er stóð í fáeina daga.
8. Verkfall iðnaðarmanna á Akureyri, er stóð á annan mánuð.
9. Verkfall Hlífar í Hafnarfirði í júnímánuði, stóð í 3 vikur.
10. Verkfall Dagsbrúnar í Reykjavík í júnímánuði, stóð í einn mánuð.
11. Verkfall verkakvenna í Reykjavík, er stóð í rúman mánuð.
12. Verkföll iðnaðarmannafélaganna í Reykjavík, er stóðu í rúman mánuð.
13. Verkfall verkafólks á Akranesi síðari hluta júnímánaðar, er stóð u. þ. b. hálfan mánuð.
14. Verkfall hjá síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði í upphafi síldarvertíðar, er stóð í viku.
15. Verkfall verkfræðinga, er staðið hefur um þriggja mánaða skeið og stendur enn yfir, a. m. k. hjá mörgum aðilum.

Ég tek það fram, að þessi upptalning þarf ekki á nokkurn hátt að vera tæmandi, en þó held ég, að þarna sé getið allra helztu verkfallanna. Enn eru svo eftir tveir mánuðir af þessu ári og því ekki víst, að öll kurl séu enn til grafar komin, þar sem ýmis verkalýðsfélög hafa nú fyrir skemmstu sagt upp kjarasamningum sínum.

Í till. minni segir, að leitazt skuli við að reikna út annars vegar fjölda tapaðra vinnustunda og heildarupphæð tapaðra vinnulauna og hins vegar þá skerðingu á verðmæti útflutningsframleiðslunnar, sem ætla má að vinnustöðvanirnar hafi leitt af sér. Þetta tel ég þá tvo höfuðþætti tjónsins, sem mestu máli skiptir að fólk fái vitneskju um. Tjón af vinnustöðvunum er auðvitað margþætt. Má þar nefna sem dæmi rekstrartap atvinnurekenda, skerðingu á innlendri framleiðslu til innanlandsþarfa, skerðingu á skatttekjum ríkisins o. s. frv., o. s. frv. Þetta tjón er þó örðugra að reikna út eða áætla og skiptir minna máli. Af þeim sökum er því sleppt hér.

Öruggasta ráðið til að draga úr hinu margháttaða tjóni af völdum vinnustöðvana er auðvitað að koma því svo fyrir, að vinnustöðvanir verði fátíðara fyrirbrigði í þjóðfélaginu en áður og standi skemur yfir. Í grg. minni hef ég bent á ýmsar leiðir að því marki, svo sem öfluga rannsóknar- og upplýsingastarfsemi um efnahags- og kjaramál, stóraukin sáttastörf í vinnudeilum, hlutdeild verkafólks í arði atvinnufyrirtækja og breytt skipulag verkalýðssamtakanna. Sjálfsagt mætti benda á ýmsar fleiri leiðir, sem kæmu til athugunar. Undirstaðan að lausn þessa vandamáls er að rannsaka það. Af þeim sökum hef ég borið fram þessa till. til þál. Verði till. þessi samþykkt og verði því starfi haldið áfram, sem hún leggur grundvöll að, er það sannfæring mín, að með því megi takast að forða íslenzkum verkalýð og þjóðinni allri frá tjóni, sem numið gæti hundruðum milljóna á næstu árum.

Ég legg svo til, að umr. verði frestað og málinu verði vísað til hv. allshn.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Flm. þessarar till., hv. 9. landsk. þm., vill láta fela hagstofunni að reikna út eða áætla tjón af völdum vinnustöðvana, verkfalla og verkbanna. Skal hagstofan samkv. því reikna þetta tjón út á hverju ári og sérstaklega ekki sleppa árinu í ár, en niðurstöðurnar skulu síðan birtar almenningi opinberlega jafnharðan. Þetta felst í till., sem hér liggur fyrir. Hins er ekki getið í sjálfri till., í hvaða skyni þetta skuli gert, en það kemur fram í grg. og eins í því, sem hv. flm. sagði nú hér áðan. Þar segir, að þjóðin þurfi að fá glögga vitneskju um það tjón, sem af vinnustöðvunum hlýzt, til þess að geta metið það réttilega til frádráttar þeim ávinningi eða kjarabótum, sem þær færa í aðra hönd. Það á m. ö. o. að gefa þjóðinni kost á að setja hér upp reikningsdæmi, og þetta reikningsdæmi er frádráttardæmi. Hagstofan á að láta almenningi í té annan liðinn í þessu dæmi, í þessum frádrætti. Um útreikning á fyrri liðnum í dæminu, kjarabótunum, sem tapið á að dragast frá, er ekkert rætt, hvorki í till. né í grg. né í því, sem hv. flm. sagði hér áðan. Sú stærð virðist gefin af sjálfsdáðum hverju sinni og ekki þurfi heilabrota við um það efni. Þá stærð á þjóðin líklega að taka hjá sjálfri sér eða upp úr dagblöðunum, og fái hún aðeins taptöluna frá hagstofunni, þá getur hún reiknað dæmið út örugglega — eða þannig skilst mér að hv. flm. líti á málið.

Nú veit ég, að hv. 9. landsk. þm. er mjög góður skákmaður, en hvort hann er jafnslyngur reikningsmaður, það er mér ókunnugt um. En hvað sem því líður, finnst mér það á skorta í þessari till., að sama óhlutdræga stofnunin, hagstofan, skuli ekki eiga að áætla eða reikna út báða liði frádráttardæmisins, heldur aðeins annan þeirra. Ég er þeirrar skoðunar, að þær kjarabætur eða sá ávinningur, sem verkfall færir launþegum, liggi engan veginn alltaf í augum uppi, sízt í byrjun, og ég álít, að það sé þannig ekki auðvelt að reikna hann út í krónum og aurum. Það má stundum gera það vafalaust, en ekki nærri alltaf. Og mesti ávinningurinn af verkföllum getur verið fólginn í því, sem aldrei er unnt að meta til fjár. Ég vil nefna tvö dæmi eða þrjú til þess að skýra þetta betur.

Árið 1913 var háð verkfall í Reykjavík. Ég held, að það hafi verið fyrsta verkfall Dagsbrúnar. Danskur verktaki vildi ekki viðurkenna 10 stunda vinnudag, sem þá hafði verið nýsamið um hér. Hann heimtaði 12 stundir fyrir dagvinnukaup. Þetta verkfall stóð í 5 daga og náði til 100 verkamanna, sem þá fengu 30—35 aura í tímakaup. Verkamenn sigruðu í þessu verkfalli. Ef við reynum nú að reikna tjónið af þessu, hvernig lítur þá dæmið út? 5000 vinnustundir fóru forgörðum og um eða yfir 1500 kr. töpuðust í vinnulaunum, en það var ekki lítið fé þá. Þetta er nú í frádráttinn, þetta gat hagstofan gefið upp. En hver var ávinningurinn? Hann var lítils háttar hækkun í daglaunum, ef sá danski hefur þá látið vinna nokkra eftirvinnu, ella varð ávinningurinn enginn í krónum og aurum. Útkoman hefði þannig orðið, að öllum líkindum, stór mínus í dálkum Morgunblaðsins. Enda þarf ég varla að taka það fram, að dagblöðin tóku yfirleitt málstað hins danska verktaka í þá daga, svo að dæmið hefði örugglega verið sett upp þannig opinberlega. Nei, ávinningurinn af þessu fyrsta verkfalli var sá fyrst og fremst, að ofbeldi við verkamenn varð afstýrt, að nýfengnum sigri þeirra tókst ekki að breyta í ósigur og að þeir sýndu og sönnuðu alþjóð, hvers samtakamátturinn er megnugur. Þessi ávinningur verður áreiðanlega seint metinn til fjár.

Annað dæmi: Eitt sinn á kreppuárunum reyndi hlutafélagið Kveldúlfur að nota sér atvinnuleysi í Vestmannaeyjum og braut taxta verkalýðsfélaganna og lækkaði kaupið. Þessu var svarað með sigursælu verkfalli. Hagstofan hefði áreiðanlega getað reiknað út vinnutapið og skerðinguna á verðmæti útflutningsafurðanna. En það hefði orðið erfiðara að reikna út ávinninginn af þessu verkfalli. Hann var m. a. sá, að sennilega var með þessu verkfalli komið í veg fyrir viðtæka kauplækkun um gervallt landið.

Þriðja og síðasta dæmið skal ég nefna. Fyrir mörgum árum stóð Félag bifvélavirkja í 5 vikna verkfalli í því skyni einu að knýja atvinnurekendur til að viðurkenna félagið sem samningsaðila. Hér varð mikið vinnutap í krónum, en ekki einn eyrir í kauphækkun. — Góð niðurstaða til upplýsingar almenningi um skaðsemi verkfalla. — Ávinningur var samt þarna og hann var augljós, en það var erfitt að reikna hann, en ávinningurinn var fyrst og fremst sá af þessu verkfalli, að með því sköpuðu bifvélavirkjar sér aðstöðu, sem síðan hefur gert þeim fært að berjast fyrir kjarabótum, á öllum þeim árum, sem síðan eru liðin.

Ég skal ekki telja upp fleiri dæmi. Verkföll hafa reynzt launþegum ómetanlegt tæki í sókn þeirra til bættra lífskjara og meiri menningar. Þau hafa langoftast verið til góðs fyrir verkfallsmenn og þó einkum fyrir launþegastéttirnar í heild og fyrir alþjóð, að mínum dómi. Ég hygg, að hvenær sem frádráttarliðurinn er reiknaður út og hvort sem hann er stór eða smár, hafi hann hverfandi litla þýðingu hjá kjarabótunum og öðrum ávinningi í sambandi við verkföllin fyrr og síðar. En ég skal taka það fram, að mín vegna má gjarnan reikna þetta tap út árlega.

Það er fróðlegt að lesa grg., sem þessari till. fylgir. Þar er svar við því, til hvers á að nota þessa væntanlegu útreikninga. Ég þykist geta lesið það út úr lokaorðum grg., að hv. 9. landsk. þm. gefi það þar í skyn, að þessa útreikninga eigi að nota sem lið í öflugri rannsóknar- og upplýsingastarfsemi, en sú starfsemi á að vera eitt ráðið til að draga úr því tjóni, sem vinnustöðvanir valda, m. ö. o.: þessi upplýsingastarfsemi á að verða til þess að afstýra verkföllum í framtíðinni sem mest. Á þennan veg er þetta orðað í grg.: „Öflug rannsóknar- og upplýsingastarfsemi.“ En er það orðalag í munni stjórnmálamanns ekki nokkuð sama og öflugur áróður? Og þá erum við hér líklega komin að kjarna málsins, höfuðtilganginum með till. þessari. Hagstofan á að reikna út það tjón, sem leiðir af hverju verkfalli, og útreikninginn á síðan að nota einhliða til þess að hræða launþega frá því að beita sínu eina vopni, verkfallsvopninu. Í höndum atvinnurekenda og þeirra stjórnmálamanna, sem vinna að þeirra hagsmunum, yrði þetta kærkomið baráttutæki, og verður þá skiljanlegt, að ekki er hirt um, að hagstofan áætli ávinninginn af verkföllunum, því að það mundi óneitanlega slæva þetta áróðursvopn allmjög. Þá fullyrðingu, að verkfall borgi sig ekki, hafa málpípur atvinnurekenda notað í hverju einasta verkfalli á Íslandi frá fyrstu tíð. Nú skal reynt að styðja við bakið á þeirri veiku fullyrðingu með hagstofutölum, er sýna tapið. En um hagnaðinn skal engu slegið föstu frekar nú en hingað til. Áætlun um hann skiptir ekki máli í augum þeirra, sem endilega vilja fá þá útkomu, að verkfall borgi sig ekki.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þessa till. nú, en vænti þess, að hv. nefnd, sem hana fær til athugunar, skoði hana ofan í kjölinn og einnig í því ljósi, sem ég nú hef reynt að bregða upp.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. virtist helzt finna það till. minni til foráttu, að það sé vanrækt að láta reikna út ávinninginn, það ætti bara að reikna út tapið. En út af fyrir sig getur það verið fróðlegt að draga tapið frá ávinningnum. Það er auðvitað eitt af því, sem eðlilegt er að fólk þurfi að geta gert sér grein fyrir í sambandi við þetta. Og þá fannst honum það alveg á skorta, að ávinningurinn væri reiknaður út. En mér fannst reyndar gæta ærið mikils ósamræmis í málflutningi þessa hv. þm., þar sem hann á annan bóginn kvartaði undan því, að ávinningurinn væri ekki reiknaður út og metinn, en í hinu orðinu var hann að tala um, að ávinningurinn af verkföllum væri ómetanlegur. Þetta fæ ég ekki skilið, hvernig á að láta einhverja stofnun meta það, sem að hans dómi er ómetanlegt. Hitt er svo auðvitað annað mál, að ekki hef ég neitt á móti því, að hagstofunni væri falið að reikna út ávinninginn, en ég hef ekki tekið það upp hér í minni till., vegna þess að ég tel, að hagstofan geri það nú þegar. Hagstofan reiknar út framfærsluvísitölu og hún reiknar út vísitölu kaupmáttar, sem t. d. flokksbræður þessa hv. þm. flika mjög í umr. hér um pólitísk mál í þinginu, þessari vísitölu kaupmáttarins, þannig að ég tel, að þessi útreikningur sé þegar fyrir hendi. En ef þessi hv. þm. telur, að það skorti eitthvað á, að þetta sé nægilega reiknað

út, skal ekki standa á mér að styðja það, að það fari fram fyllri útreikningar á því.

Síðan var þessi hv. þm. að nefna dæmi um verkföll, sem hefði orðið mjög mikill ávinningur að. Það fólst ekkert í minni till. eða minni grg. eða minni ræðu um, að það væri ekki oft og tíðum mjög mikill ávinningur af verkföllum. Það vitum við allir. Hins vegar var hann nú helzt að nefna verkföll frá því í gamla daga, þegar verkföllin voru fátíðari og árangursríkari en þau eru í dag.

Það fannst mér eiginlega sorglegast við undirtektir þessa hv. þm., að hann virtist ekki hafa neinn áhuga á því, að verkafólk gæti sparað sér fórnir verkfallsbaráttunnar. En með því að reyna að leggja hér einhvern grundvöll að því, að hægt sé að spara þessar fórnir, er það vitanlega gert og hugsað þannig, að það sé gert án þess að glata neinum ávinningi. Það er frumundirstaðan að þessu, hvort ekki sé hægt að spara þessar miklu og margvíslegu fórnir án þess að glata ávinningi, og til þess er bent á ýmsar leiðir, en þessi hv. þm. tók nú bara eitt atriði þar út úr og virðist ætla að leggja það eitt til grundvallar.

Þá tel ég það líka alveg rangt hjá þessum hv. alþm., að það séu atvinnurekendur, sem bíði mesta tjónið af vinnustöðvunum. Því miður eru það nú frekar aðrir, sem þar verða fyrir tjóni. Eins og hefur komið fram í minni grg., er þetta alls ekki eingöngu mál verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda, hinna beinu aðila vinnudeilna, hvort sem það er verkfall eða verkbann, heldur bitna afleiðingarnar af þessu á fjölda manns, sem stendur þar utan við, og reyndar þjóðinni allri í heild, þannig að það er vissulega mjög þýðingarmikið verkefni, ef hægt væri að bægja einhverju af þessu tjóni frá.

Einar Olgeirsson: Hv. 9. landsk. þm. hefur rætt hér nokkuð í ræðum, sem hann hefur haldið um sína till., um þátt verkfallanna í þjóðfélaginu. Hann sagði í sinni framsöguræðu, að verkföll hefðu verið tíðari og varað lengur hér á Íslandi en með flestum öðrum þjóðum. Þetta held ég, að sé tvímælalaust rangt. Ég held, að verkföll hafi yfirleitt verið fátíðari hér en hjá meginhluta af okkar nágrannaþjóðum. (JÞ: Þau hafa verið tíðari en í Rússlandi.) Þau hafa verið tíðari en þar, já. Og ef við tækjum það land, sem honum mun kærast, t. d. Bandaríkin, þá býst ég við, að þar mundi hann sjá mynd af jafnvel mjög tíðum verkföllum og það ekki bara venjulegum verkföllum, rólegum og friðsamlegum eins og hérna heima hjá okkur, heldur verkföllum, þar sem verkamenn verða sífellt að standa í baráttu við lögreglu, bæði einkalögreglu atvinnurekendanna og auðhringanna og lögreglu ríkisins. Sannleikurinn er sá, að verkalýðssamtökin á Íslandi hafa yfirleitt sýnt ákaflega mikla ábyrgðartilfinningu í sambandi við að hefja verkföll, gefið atvinnurekendum og öðrum þeim aðilum, sem vildu vinna að því að afstýra verkföllum, ákaflega mikil tækifæri til þess að gera það, og e. t. v. aldrei meir en á síðustu þremur árum. Atvinnurekendur á Íslandi og að svo miklu leyti sem ein ríkisstj. hefur viljað skipta sér af þeim málum hefur líklega aldrei fengið annað eins tækifæri hér heima um marga áratugi og áður en verkföllin hófust í sumar, þannig að þeim mönnum, sem um þessi verkföll ræða, væri dálítið nær að beina geiri sínum þangað, sem þörfin meiri fyrir er, og spyrja hæstv. ríkisstj. og atvinnurekendurna, hvernig hafi staðið á því, að þessir aðilar hafi algerlega svikizt um að nota þann tíma, sem verkalýðshreyfingin gaf þeim, til þess að semja um þessi mál. Og það væri nær að flytja þáltill. um það efni heldur en hitt.

1952 var hér allalmennt verkfall í desember. Síðan var ekki neitt verulega langt verkfall hér né almennt þangað til 1955, 6 vikna verkfallið, þá í þrjú ár. (JÞ: 1957 var farmannaverkfall.) Ég sagði frá 1952 til 1955, þ. e. í þrjú ár. Síðan kemur tímabilið 1955—1961. Á öllu því tímabili eru raunverulega verkföllin, sem voru á meðan vinstri stjórnin var, farmannaverkföllin og slík, einu verkföllin. Það er mjög lítið um verkföll á öllum þessum tíma, mjög lítið, 5 ára tímabil, skulum við segja, sem stærsta félagið fer ekki í verkfall, eins og Dagsbrún í heil 5 ár. Eftir svo að þær aðgerðir voru gerðar, sem hv. þm. er kunnugt um, að rjúfa alla samninga með ofbeldi, eins og gert var með lögum frá Alþingi 1. febr. 1959, svipta verkamenn þeim rétti, sem þeir höfðu þá haft í um 20 ár með samningum, — eftir það ofbeldi bíða verkamenn samt sem áður í 2½ ár, áður en farið er í verkföll. Það er ekki til neins að koma hér upp og ætla að fara að segja, að það sé verið svo að segja að misbeita verkfallsvopninu hérna. Það er um nokkuð annað að ræða. Það er um að ræða slíkt ábyrgðarleysi af hálfu atvinnurekenda og ríkisstj., að fátítt er, og það er alveg óþarfi að vera að koma með till. eins og þessa, sem hérna liggur fyrir, þess vegna frá því sjónarmiði að ætla að reyna að fara að sýna verkamönnum fram á, að þeir hafi misnotað svo mikið verkfallsréttinn og þetta hafi verið þeim svo dýrt, að þeir skuli varast þetta í framtíðinni.

Hv. 9. landsk. vildi fara að snúa út úr í sambandi við það, sem fram kom í ræðu hv. 9. þm. Reykv. hér áðan, þegar hann talaði um ýmislegt ómetanlegt, sem hefði áunnizt með verkföllum. Það eru tvenns konar verðmæti, sem vinnast með verkföllum. Annars vegar er hægt að vinna með þeim beinar kauphækkanir. Þær kauphækkanir geta verið með tvennu móti. Þær geta verið raunverulegar kauphækkanir, sem þýðir það, að kaupmáttur tímakaupsins aukist. Og þannig er það, ef það situr ekki að völdum ríkisstj., sem beinlínis rýrir kaupmáttinn með aðgerðum þess opinbera. Ef þannig háttar til, að að völdum er ríkisstjórn eða ríkisstjórnir, sem rýra kaupmáttinn í sífellu eða hann rýrist kannske af öðrum orsökum óviðráðanlegum, þá geta verkföllin verið nauðsynleg til þess að vinna upp rýrðan kaupmátt, m. ö. o. til að halda í horfinu. Og allmörg af þeim verkföllum, sem íslenzkur verkalýður hefur orðið að heyja, hafa beinlínis verið verkföll til þess að halda þannig í horfinu. Það er engin röksemd á móti verkföllum, þó að því sé haldið fram af þessum hv. þm. og sumum fleiri, að það hafi ekki vaxið um tíma kaupmáttur tímakaupsins, eins og við höfum oft sýnt fram á hérna. Það sýnir aðeins það, að kaupmáttur

tímakaupsins hefði minnkað stórkostlega og hraðminnkað, svo framarlega sem ekki hefðu verið gerð verkföll til þess að afstýra þeirri rýrnun. Verkföll geta, hvað kaupgjaldið snertir, verið hvort tveggja, bæði til þess að sækja fram, hækka kaup, og til þess að verjast kauplækkunum af völdum t. d. verðbólgu, gengislækkana eða annars slíks. Það er vafalaust hægt að reikna út, — við skulum segja, ef maður tekur verkfallið 1955, 6 vikna verkfall, eitt lengsta og dýrasta verkfall, sem hér hefur verið háð, — út úr því kom 12% kauphækkun plús 4% í atvinnuleysistryggingasjóðinn. Ef við aðgætum það, að þessi 4%, sem fóru í atvinnuleysistryggingasjóðinn, munu nú nema hátt á þriðja hundrað millj. kr., getum við nokkurn veginn gert okkur hugmynd um, hvað verkalýðurinn hefur haft upp úr þeim 12%, sem hann fékk beint í sinn vasa. En það er engin smáræðisfúlga. Og það hélzt í ein 6 ár að mestu leyti, einmitt í krafti vísitölunnar, sá kaupmáttur tímakaups, sem þá var knúinn fram, þannig að það mætti vafalaust reikna það mjög nákvæmlega út. En svo er hitt, þau ómetanlegu verðmæti, sem vinnast og hv. 9. landsk. vildi gera heldur lítið úr, — þau verðmæti, sem þannig vinnast, í fyrsta lagi sjálfur félagsþroskinn, sjálf viðurkenningin á manngildi verkamannanna, viðurkenningin á því, að þeir eru samningsaðilar, viðurkenningin á því, að það er við þá að semja um þessa hluti, og svo öll þau réttindi, sem verkalýðurinn knýr fram með slíku. Meginið af þeim réttindum, sem verkamenn hafa fengið, eins og t. d. orlofið eða atvinnuleysistryggingasjóðirnir, er fengið með verkföllum. Orlofið var fengið með verkföllunum 1942, þar sem samið var um við atvinnurekendur í lok þeirra verkfalla, að frv., sem þá lá hér fyrir Alþ. og fékkst ekki samþykkt á Alþ., um orlof, skyldi vera samningur á milli atvinnurekenda og verkamanna. Þannig hófust orlofsréttindin. Síðar meir var þetta frv. svo samþykkt, þegar búið var að knýja þetta í gegn með verkfalli. Frv. um atvinnuleysistryggingarnar höfðum við lagt fram 12 þing og ekki fengið samþykkt hér á Alþingi. Í verkfallinu 1955 var eitt af því, sem samið var um, að þessir atvinnuleysistryggingasjóðir skyldu settir á stofn og löggjöf um atvinnuleysistryggingar sett. Það unnust sem sé beinlínis með verkfallinu atvinnuleysistryggingarnar. Og þannig hefur verið með ýmislegt af þeim réttindum, sem verkamenn hafa fengið á vinnustöðvum, hvers konar réttindi viðvíkjandi trúnaðarmönnum og allt mögulegt slíkt, þó að það séu náttúrlega líka mörg réttindi, sem hafa verið knúin fram með hinni pólitísku baráttu verkamanna.

Verkföll hafa yfirleitt á Íslandi verið mjög árangursrík lengst af. Svo er hamingjunni fyrir að þakka, að verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur borið sigur úr býtum í þeim átökum, sem hún hefur átt í við atvinnurekendur. Þau hafa verið árangursrík ýmist í því að bæta kjör verkamanna eða verja kjör verkamanna rýrnun, verja kjör verkamanna fyrir afleiðingum verðbólgu, gengislækkana og annars slíks. Og það er ekki síður nauðsynlegt að berjast oft til að verjast heldur en til að sækja, þannig að verkföllin hafa verið árangursrík, enda hefur ekki verið gripið til þeirra yfirleitt fyrr en mjög góð samtök hafa um þau verið.

Þá talaði hv. 9. landsk. um það, hvort verkamenn gætu ekki sparað sér fórnir. Vissulega er ekkert frekar, sem verkamenn vilja. Verkamenn langar ekki í verkföll. Það eru miklar fórnir, sem verkamenn færa í verkföllum. Þess vegna bíða þeir oft lengi, og það er stundum lagt þeim þannig út, þegar þeir eru að bíða til þess að gefa atvinnurekendum og viðkomandi ríkisstj. tækifæri til þess að semja, eins og þeir séu eitthvað deigir við að leggja til verkfallanna. Það hafa jafnvel komið, m. a. í blaði þess flokks, sem hv. þm. tilheyrir, mjög harðvítugar ögranir í garð okkar um, hvort við þyrðum ekki að leggja út í verkföll, eftir hverju við værum að bíða með að leggja út í verkföll, vegna þess að hjá okkur hefur yfirleitt sú ábyrgðartilfinning verið ráðandi í þessu að reyna allar leiðir, áður en það væri lagt til verkfalla.

Frá því að þessi hv. þm. tók þátt í því að rjúfa alla samninga verkamanna með lögum, stela af verkamönnum með vísitölusamþykktinni 1. febr. 1959, þá biðu verkamenn, í staðinn fyrir að svara þessu kannske tafarlaust með verkfalli, í næstum tvö og hálft ár, áður en svona samningsrofi var svarað. Ég gæti trúað, að það hefði verið brugðið öðruvísi við, ef það hefðu verið gefin út lög um, að gjalddagi allra víxla á landinu breyttist þannig, að þeir féllu á allt öðrum gjalddaga og miklu seinna, og annað þess háttar, heldur en vera skyldi, — það hefði eitthvað verið kvakað hérna frá borgarastéttinni, — eða ef öllum veðréttindum hefði allt í einu verið breytt, öllum einkasamningum, þar sem fésýslumennirnir eru að semja. Þá hefði líklega verið kvakað eitthvað, og þá hefði líklega ekki verið beðið í tvö og hálft ár. Það hefði jafnvel kannske verið farið í hvers konar mál og annað slíkt. En verkamenn biðu í tvö og hálft ár, og allan þennan tíma hafði þessi hv. þm. m. a. tækifæri til þess að sýna sína framtakssemi í því að reyna að afstýra því, að til verkfalla þyrfti að koma, bæði með flutningi tillagna hér á Alþingi og með því að hafa einhver áhrif í sínum þingflokki, ef hann hefur það, og sjá til þess, að það þyrfti ekki að koma til verkfalla. Ef til vill man hann eftir því, að það var talað við þá ríkisstj., sem hann styður, það var talað við hana jafnvel meir en missiri áður en lagt var til verkfallsins, og hann man kannske, hverjar hennar undirtektir og hver hennar afskipti voru. Líklega var þá sú yfirlýsing hjá henni gildandi, að verkamenn og atvinnurekendur ættu einir að fást við um slík mál og það kæmi því opinbera ekkert við og þjóðfélaginu ekkert við. Það var sú yfirlýsing, sem hér var endurtekin í tvö ár hvað eftir annað og hv. þm. tók þátt í líka, þótt hann tali öðruvísi núna.

Hvað gerði þessi hv. þm. og hans flokkur til þess að reyna að spara verkamönnum þær fórnir? Það voru ekki bara verkamenn, sem fylgdu t. d. Alþb., það voru líka verkamenn, sem fylgdu Alþfl. og Sjálfstfl. Það áttu allir verkamenn þarna hlut að máli. Það var ekki gert neitt. Og hvað gerðu atvinnurekendur til þess að spara þjóðfélaginu tjón? Hv. þm. var þó nýlega svo sann-

gjarn í ræðu, sem ég hlustaði á hann halda, að hann átaldi það, hvernig atvinnurekendur hefðu verið, að þeir hefðu yfirleitt ekki boðið verkamönnum nokkurn skapaðan hlut, ekki neina hækkun, áður en til verkfallsins var lagt. Hvers konar framferði er þetta? Væri ekki nær út frá því, sem hv. þm. sagði þá, að hann hefði orðað sína spurningu þannig: Hvaða tjón eru atvinnurekendur búnir að valda verkamönnum og þjóðfélaginu með sinni þrákelkni, með sinni lítilsvirðingu gagnvart þjóðfélaginu og verkamönnunum í að semja ekki, áður en til verkfalla kemur?

Verkamenn fengu að vita það, að sú hæstv. ríkisstj., sem þessi hv. þm. styður, skipti sér ekkert af verkföllum, atvinnurekendur og verkamenn ættu að eiga sig einir. Það var ekki skiljanlegt út frá neinu öðru sjónarmiði það algera skeytingarleysi, sem ríkti í þessum efnum, áður en verkföllin skullu yfir. En hvað gerist svo, þegar verkföllin eru búin? Þá er það ríkisstj., sem grípur inn í. Þá er það ríkisstj., sem skellir á gengislækkuninni, eins og til þess að hefna sín á verkamönnum, eins og til þess að ræna af þeim því, sem þeir höfðu unnið, í staðinn fyrir að halda fast við sína yfirlýstu stefnu um, að atvinnurekendur verði sjálfir að bera byrðarnar af þeim hækkunum, sem þeir semja um, og það er ekki ríkisstj. að fella neinn dóm um það. Það var það, sem sagt var fyrir verkföllin í tvö og hálft ár. Því var ekki staðið við það, þegar verkföllin voru búin?

Ég held, að hv. 9 landsk. hefði þess vegna átt að orða þessa till. sína dálítið öðruvísi, ef hann vildi vera sanngjarn í þessum efnum. Í fyrsta lagi hefði hann átt að fela hagstofunni að reikna út, hvað var tjón verkamanna og starfsmanna á Íslandi, þeirra 75% þjóðarinnar, sem þessar tvær stéttir eru, hvað var tjón allra launþega á Íslandi af þeirri ákvörðun að svipta menn vísitölunni í febr. 1959? Hvað var þetta tjón orðið — segjum 1. maí 1961? Þetta er hægt að reikna út alveg nákvæmlega, og það ætti að setja inn í þessa till., að hagstofan reikni út, hvað er tjónið, sem var búið að valda verkamönnum og starfsmönnum í íslenzka þjóðfélaginu með þeirri ráðstöfun að svipta þá þessari vísitölu? Hvað er tjónið? Þetta væri gott að lægi fyrir. Þetta er tiltölulega einfaldur útreikningur, sem hagstofan getur alveg framkvæmt. Í öðru lagi: Hvað var tjónið af hækkunum verðlagsins frá því í marz 1960 til maí 1961? Þetta er hægt að reikna út líka. Það er til verðlagsvísitala yfir það. Þetta mátti reikna út nákvæmlega, og það er undarlegt, að hv. 9. landsk. skuli ekki hafa spurt að því, og það hefði verið eðlilegt, að það hefði verið spurt þarna að líka, eins og hæstv. ríkisstj. leggur oft áherzlu á, hvað verkamenn hefðu máske fengið í sambandi við ýmsar fjölskyldubætur og annað slíkt, en allt þetta er sem sé hægt að reikna út.

Svo er orðalagið á þessu: Tjón af völdum vinnustöðvunar. Það er hægt að orða það líka öðruvísi, eftir því, hvernig menn vilja hugsa um þetta. Við skulum segja, að þetta væri orðað þannig, að hagstofunni hefði verið falið að reikna út tjónið af því, að atvinnurekendur skyldu ekki semja við verkamenn kvöldið fyrir verkföllin um þessa kauphækkun, sem varð niðurstaðan eftir fjögurra vikna verkfall hjá mörgum. Hvaða tjóni ollu íslenzkir atvinnurekendur þjóðfélaginu og verkamönnum með því að semja ekki kvöldið fyrir verkföllin, en standa í staðinn í fjögurra vikna verkfalli og semja svo á eftir? Hvaða tjón bökuðu atvinnurekendur? Það er sama talan, sem kæmi út. En það sýnir bara huginn, hvernig spurt er og til hvers er verið að spyrja. Það væri mjög þarft, að það lægi fyrir, hvaða tjóni t. d. Vinnuveitendasamband Íslands hefur valdið íslenzku þjóðfélagi og íslenzkum verkamönnum með því að semja ekki fyrr en fjórum vikum eftir að verkfall hófst, með því að semja ekki strax. Og ég vonast til þess, að sú n., sem fær þetta til meðferðar, athugi orðalagið á þessu, því að það er engin ástæða til þess að gera hagstofuna að neinni sérstakri áróðursstofu fyrir atvinnurekendur eða afturhaldið í landinu. Það er bezt að fá fram þær tölur, sem á að rannsaka, þannig að spurningarnar liggi alveg fyrir, og það er hægt að orða þær á mjög misjafnan hátt eftir því, hvernig maður lítur á það. Það má t. d. orða þær þannig, eins og minntist á áðan: Hvaða tjóni ollu atvinnurekendur íslenzku þjóðfélagi í fyrsta lagi og í öðru lagi íslenzkum verkamönnum með því að semja ekki um þá kauphækkun, sem þeir sömdu um að lokum, þegar áður en verkfallið hófst?

Mér virtist það liggja í orðum hv. 9. landsk., að hann vildi meina, að lítið hefði unnizt með verkföllum, enda er auðséð, að till. er nú flutt í þeim tilgangi að reyna að gera sem minnst úr slíku. Hann hefur ekki haft mikil afskipti af íslenzkri verkalýðshreyfingu. En svo mikið get ég frætt hann um, að það hefur sjaldan komið fyrir, að íslenzkir atvinnurekendur hafi að fyrra bragði boðizt til þess að hækka kaup verkamanna. Það eru mjög fá og teljandi kannske á fingrum annarrar handar, ef þau nægja þá fyrir þá fimm, dæmin um það, að íslenzkir atvinnurekendur hafi að fyrra bragði boðið slíkar hækkanir, a. m. k. almennt. Verkamenn hafa í þau 60—70 ár, sem verkalýðshreyfingin hefur starfað á Íslandi, alltaf orðið að berjast sjálfir fyrir því að fá kauphækkanir. Viðkvæðið hjá atvinnurekendunum hefur alltaf verið, að þjóðfélagið þyldi þær ekki, og það hefur verið hart fyrir verkamenn að þurfa að leggja í verkföll hvað eftir annað á þessu 60—70 ára tímabili til þess að knýja fram kauphækkanir, þegar það lá þó í augum uppi, að hægt var að veita þeim þær. Ef verkamenn hefðu aldrei hreyft sig, aldrei farið í verkföll, þá hefðu aldrei orðið neinar kauphækkanir hér. Og sannleikurinn er náttúrlega, að það þyrfti ekki að vera að rífast ákaflega mikið um þessa hluti hérna, það er kannske hægt að fá prófstein á það strax núna. Hvað ætla menn að gera núna? Það vita allir, að verkalýðsfélögin í landinu hafa ákveðið að segja upp samningum, það standa öll verkalýðsfélög að því. Það sjá allir, hvernig kaupgetan hraðminnkar. Hvað á að gera núna? Hvað á að gera til að afstýra þeim verkföllum? Er ekki bezt að ræða um þá hluti um leið? Við vildum oft fá rætt um þá hluti, áður en verkföllin í sumar skullu á. Það fékkst aldrei.

Eitt er rétt í því, sem hv. 9. landsk. kom inn á í sinni grg. Það var viðvíkjandi þörfinni á rannsóknar- og upplýsingastarfsemi um efnahags- og kjaramál. Ég veit ekki, hvort aðrir hafa kannske talað meira um þörfina á slíku heldur en ég oft hér á undanförnum þingum, vitnað í það, hve framúrskarandi illa væri búið að til þess að afla okkur alveg óhlutdrægra gagna í þessum efnum hér á Íslandi, miðað við allar aðrar þjóðir.

Það er út af fyrir sig ekkert slæmt að fela hagstofunni að reikna út t. d. tapaðar vinnustundir og annað slíkt. Þetta er gert í flestum þjóðfélögum í kringum okkur. En í þessum sömu þjóðfélögum, tökum til dæmis Bandaríkin aftur, þá getur maður gengið að skýrslum um efnahagsafkomuna í ríkinu, þar sem maður getur flett upp á afkomu hvers einasta a. m. k. af öllum þeim stærri hlutafélögum og auðhringum þar, séð, hvaða gróða þeir hafa, séð, hvað þeir hafa greitt verkamönnum í vinnulaun, og þarf ekkert að vera að ræða um það, vera með neinar getsakir um það, hvort atvinnurekendurnir græða eða hve mikið þeir græði. Þetta liggur alveg hreint fyrir. Ár eftir ár hefur verið farið fram á það hérna á Íslandi að fá þessa hluti rannsakaða, fá íslenzkt þjóðfélag krufið til mergjar í þessum efnum, fá skilgreiningu á hinum ýmsu þáttum tekjumyndunar á Íslandi, fá það greint, hve mikið verðmæti það er, sem verkalýðurinn á Íslandi skapar, hvernig því verðmæti er varið, til hverra það verðmæti fer, hve mikið af því er gróði í einni mynd eða annarri. Þessu er alltaf þverneitað, og það fæst aldrei neitt fram, sem hægt sé að byggja á óhlutdræga mynd af íslenzka þjóðfélaginu. Það er lakar statt hér á Íslandi í þessum efnum en í nokkru nágrannaþjóðfélagi, sem ég þekki til í. Hér mætir svo að segja fullyrðing fullyrðingu, þegar verið er að ræða um þessa hluti. Og hvernig væri, ef við ættum að fara að reyna að vinna eitthvað í svona efnum, að fela hagstofunni að reikna út, hvernig gróðinn, hvernig gróðamyndunin er í íslenzku þjóðfélagi, hvar sú gróðamyndun fer fram, hvernig sá gróði skiptist, hjá hvaða aðilum hann er? Ég veit, að þetta er að því leyti dálítið erfiðara en í mörgum nágrannaþjóðfélögum okkar, að skattskýrslurnar eru heldur lélegri og að verðbólgan hefur þarna haft sín áhrif, þannig að allmikið af gróðanum kemur meira fram sem verðbólgugróði heldur en eðlilegur, beinn peningagróði, eins og mundi vera í þjóðfélögum með tiltölulega föstum gjaldeyri. Engu að síður hefur hvað eftir annað verið sýnt af okkar hálfu, án þess að það hafi verið hægt að hrekja það, fram á gífurlega gróðamyndun í því íslenzka þjóðfélagi. En það hefur aldrei fengizt hér á Alþingi nein rannsókn í þessum efnum. Og ég held, að ef ætti að fara að athuga tjónið í vinnustundunum, hvað mikið er af töpuðum vinnustundum t. d. vegna verkfalla, þá ætti að athuga um leið, hver er sá gróði, sem skapast við þær vinnustundir, sem unnar eru, hver er gróðinn, sem skapazt hefur í því íslenzka þjóðfélagi, og hvernig honum hefur verið varið.

Það koma náttúrlega ýmis fleiri mál í þessu sambandi, sem ég skal ekki fara hér út í, sjálf fjárfestingin og það allt saman og hvernig henni hefur verið stjórnað, sem er eitt af því lakasta í ráðstöfunum íslenzks þjóðfélags. En ef við ætlum að reyna að vinna eitthvað að því að afstýra verkföllum og reyna að knýja fram, að það sé samið milli atvinnurekenda og verkamanna, án þess að til verkfalla komi, harðra og máske langra verkfalla, þá er eitt af því fyrsta, sem við þurfum að hafa, myndin af sjálfu þjóðfélaginu, myndin af öllum þeim auði, sem íslenzkur verkalýður skapar, myndin af því, hvernig þeim auði er varið, hvað mikið af þeim auði fer í gróða til atvinnurekendastéttarinnar og ýmissa, sem standa í sambandi við hana, hvað mikið af þeim gróða fer í beina eyðslu og alls konar ranga fjárfestingu og rangar ráðstafanir, hvað mikið af þeim gróða fer til fjárfestingar og annars slíks á vegum þjóðfélagsins sjálfs. Það er vitað mál, að íslenzkur verkalýður vinnur lengur og vinnur meira en nokkur verkalýður í nokkru af okkar nágrannalöndum. Og afköst íslenzkra verkamanna, — tökum t. d. það, sem við eigum hægast með að mæla, eins og sjómannanna, — eru miklu meiri en stéttarbræðra þeirra erlendis. Og þá hlýtur sú spurning þess vegna að verða áleitin: Hvernig stendur á því, að í þjóðfélagi, þar sem verkalýðurinn vinnur lengur en nokkurs staðar annars staðar hér í okkar nágrannalöndum, sýnir meiri afköst a. m. k. á fjölmörgum sviðum heldur en stéttarbræður erlendis, — hvernig stendur á því, að hjá slíkum verkalýð skuli sífellt vera verið að skera niður kaupgjaldið og það með opinberum ráðstöfunum, svipta hann með opinberum ráðstöfunum ávöxtunum af frjálsum samningum, sem hann hefur gert? Þetta eru hlutir, sem lægi nær að rannsaka og væri gagnvart verkalýð landsins sanngjarnara, að væri einhvers staðar rannsakað, heldur en nokkurn tíma það, sem hv. 9. landsk. er hér að leggja til. En auðvitað er hægt að laga þessa till. og bæta og sjá til þess, að bætt sé úr þessum göllum, sem verið hafa undanfarið á þeim rannsóknum, sem hefðu e. t. v. getað hjálpað til þess að afstýra ýmsum af þeim vinnudeilum, sem orðið hafa á Íslandi.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég get sparað mér mörg orð. Það er búið að taka fram aðalatriði þess, sem þurfti að svara í ræðu hv. flm. þessarar þáltill.

Aðalinnihald hennar er það, að hann vill láta reikna út tap af verkföllum, og sjálfsagt á að gera það til þess að hafa það til samanburðar við ávinninginn, sem hins vegar er þó ekki lagt til að reiknaður sé út eða birtir neinir reikningar um.

Ég vildi aðeins segja það í þessu sambandi, að við þekkjum ósköp vel hér í þessu landi, hver er helzti áróður atvinnurekenda og málgagna þeirra, þegar verkafólk neyðist til þess að fara út í verkfallsbaráttuna. Þá er gripið til þess að sýna fram á, hve gífurlegt tap menn bíði af verkföllunum, töpuðum vinnustundum, og þá um leið þjóðfélagið í heild í töpuðum verðmætum, sem ekki eru sköpuð, þegar verkföllin eru. Hv. flm., 9. landsk., er út af fyrir sig ekki beint með þennan tón. Hann færir þetta allt í svolítið ann-

an búning. En það er alveg augljóst, hver tilgangurinn er, og hann er hinn sami og íhaldsblaðanna, atvinnurekendanna, þegar verkföllin eru, það er ákaflega augljóst.

Hins vegar virðist hv. flm. vera ákaflega fjarri því að skilja, — og það er ekki nema ósköp eðlilegt, því að hans hugur liggur svo fjarri því, sem er hið raunverulega innihald og hinn raunverulegi ávinningur þessarar baráttu, — hann er líka ákaflega fjarri því að skilja eða gera sér grein fyrir, hver árangurinn er af kaupgjalds- og verkfallsbaráttunni. Hann segir, að í sinni till. sé ekki gert ráð fyrir, að þetta sé reiknað út, enda telur hann það algerlega óþarft, vegna þess að hagstofan sinni þessu verkefni nú þegar með því að reikna út vísitöluna. Finnst nú hv. flm. þetta nokkurt svar? Hvenær og hvernig ætti vísitalan að fara að því að sýna — ég mundi segja miklu meira en helming af þeim ávinningi, sem fæst fram í verkfallsbaráttu? Slík vísitala er ekki reiknuð út á Íslandi, og ég efast um, að það væri mögulegt að reikna út slíka vísitölu.

Það hafa verið nefnd hér nokkur dæmi um það, sem áunnizt hefur í verkfallsbaráttunni, — ekki beinar kauphækkanir, þær út af fyrir sig er kannske auðvelt að meta, þær koma að sumu leyti fram, þegar kaupmáttur launanna er reiknaður út beint í vísitölunni. Það hefur verið minnzt hér á löggjafaratriði, sem eru bein afleiðing og orðið hafa til beinlínis vegna árangurs í verkfallsbaráttu, kaupdeilubaráttu, svo sem orlofslögin, atvinnuleysistryggingarnar. Það mætti bæta hér við vökulögunum og ýmsu öðru. Enn fremur vildi ég benda á, að það er fjöldi annarra atriða, sem útilokað er að hafa fyrir sér í einhverjum tölulegum dæmum til samanburðar á upphæðum vegna niðurfelldra vinnustunda. Við skulum taka eitt dæmi. 1930, — flm. finnst við alltaf fara svo langt aftur í tímann, en þetta er ákaflega lýsandi dæmi, — þá var hér kaupdeila í Reykjavík. Vinnutíminn var styttur og næturvinna var bönnuð. Nokkrum dögum eða skömmum tíma áður en þetta næturvinnubann gekk í gildi höfðu fleiri en einn verkamaður hér í Reykjavík, við vinnu við Reykjavíkurhöfn, veikzt af lungnabólgu og látizt, fleiri en einn, og aðrir beðið heilsutjón. Hvernig ætlar nú hv. flm. að fá þetta inn í vísitölu þá, sem hagstofan núna reiknar út? Nei, mannslíf, mannslimir og heilsa fjölda verkafólks, sem hefur verið bjargað vegna verkfallsbaráttunnar, verður aldrei reiknað á þennan hátt, og menn, sem bera ekki meira skyn á, hvað felst í baráttu verkafólks fyrir bættum kjörum, ættu ekki að vera að blanda sér í þessi mál.

Þá er ótalið það, sem kannske er stærst af öllu, ef ætti nú að fara að reikna í tölum, og það er, að kaupgjaldsbarátta eða jafnvel verkfallsbarátta er eitthvert sterkasta framvinduaflið í þjóðfélaginu. Það kennir atvinnurekendum, þegar þeir þurfa að borga hærra kaup, að nota hverja vinnustund betur en þeir hafa áður gert, að auka hjá sér tækni og annað slíkt. Þetta er það, sem hefur skapað framfarirnar í þjóðfélögunum.

Svipurinn á þessari till. er ósköp auðsær, enda sagði þessi hv. þm. hér fyrir nokkrum dögum í umr. á Alþ., hér í þessum sama ræðustóli, er ég nú stend, að það hefði átt að banna verkföllin í vor og það ætti að banna þau verkföll, sem nú eru í uppsiglingu, ef af þeim yrði. Það er þessi hugsunarháttur, sem mótar þessa tillögu.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Þessar umr. minna mig um margt á umr., sem urðu hér á síðasta þingi um till., sem ég flutti þá um rannsókn á styrkjum til landbúnaðarins. Það var hér viss flokkur í þinginu, Framsfl., sem var þeirri till. mjög andvígur, og hann sendi ýmsa af sínum mönnum með alls konar málþóf upp í ræðustólinn, og aðalinntakið í því var, að það mætti rannsaka hitt og þetta, en bara alls ekki það, sem ég lagði til. Alveg eins tala þessir hv. kommúnistar, sem hér hafa talað, þ. e. hv. 3. þm. Reykv. og hv. 2. landsk. þm. Þeir eru með alls konar vangaveltur um ýmsa aðra hluti, sem væri meiri nauðsyn á að rannsaka, tala um margvíslegan ávinning af verkföllum, eins og það komi málinu nokkuð við. Það er ekki með þessu á nokkurn hátt verið að stuðla að því, að ávinningurinn af verkföllum minnki. Það er þvert á móti verið að reyna að gera ávinninginn meiri með minni fórnum. Það er alveg eins og það leynist á bak við hjá þessum hv. þm., þó að þeir láti það ekki koma fram, óttinn um það, að þetta tjón, sem þarna kynni að koma í ljós, verði skrifað á þeirra reikning. Það er óttinn um það, sem alltaf kemur fram í hugskoti þessara manna, þó að þeir viðurkenni það ekki beinlínis. Og að vera svo með einhvern þvætting um, að þessi till. gæti komið í veg fyrir það, að verkamenn eða aðrir bættu heilsu sína eða heilsufarslega aðstöðu með verkfallsbaráttu, — ég hef aldrei heyrt aðra eins fjarstæðu. Ég vildi nú álíta, að sem betur fer, þá sé ekki málum svo komið nú í okkar þjóðfélagi, að það sé orðið heilsufarsatriði fyrir verkafólk og launþega að standa í verkfallsbaráttu. En flutningur þessarar tillögu stendur auðvitað ekki í neinu sambandi við slíkt, að ef einhvers væri ábótavant í slíkum efnum, þá mundi ekki árangur nást. Það mætti t. d. gjarnan athuga verkfall Dagsbrúnar á s. l. vori, sem báðir þessir hv. þm. eða a. m. k. hv. 3. þm. Reykv. hefur gert hér mjög að umtalsefni. Hann sagði, að það hefðu allar leiðir verið reyndar til sátta, áður en út í verkfall kom. Þetta er alls ekki rétt. Það var að vísu þó nokkuð langan tíma, ég held svo að mánuðum skipti, talað við atvinnurekendur. Að vísu voru þeir fundir ekki tíðir. En deilunni var ekki vísað til sáttasemjara, fyrr en um leið og verkfall var boðað eða rúmri viku áður en vinnustöðvun skyldi skella á. Þetta tel ég engin vinnubrögð og alveg ósamboðin stærsta verkamannafélagi landsins. Eins var það á Akureyri, þar sem raunverulega var allsherjarverkfall hjá öllum verkalýðsfélögunum. Þeirri deilu var aldrei vísað til sáttasemjara. Svo koma þessir herrar og segja: Það var gert allt, sem í okkar valdi stóð, til þess að koma á sáttum í deilunni og jafna þetta, án þess að kæmi til verkfalls. — Það mætti t. d. spyrja: Hvaða tjóni hafa Dagsbrúnarverkamenn orðið fyrir við það að hlíta ráðum kommúnista og hafna sáttatil-

lögunni? Það mætti líka spyrja að öðru: Þegar vika er liðin af verkfallinu, samdi Vinnumálasamband samvinnufélaganna um 13% kauphækkun, eins og kunnugt er. Nokkrum dögum síðar, — ég man að vísu ekki, hvenær það var, en það var nokkrum dögum síðar, — þá gaf Vinnuveitendasambandið sig og bauðst til að semja upp á mjög svipuð kjör. Þessu höfnuðu Dagsbrúnarmenn undir forustu hv. 2. landsk. þm., og þetta var á fyrsta formannsári hans í Dagsbrún. Síðan hélt verkfallið áfram eftir þetta í tvær eða þrjár vikur, án þess að Dagsbrún ynni nokkurn skapaðan hlut á — ekki neitt, og aðeins þessi viðbót, þessar tvær til þrjár vikur, þær hafa kostað Dagsbrúnarmenn í launum 8—10 millj. kr.

Það mætti lengi tala um svona hluti, ef út í það á að fara. En hér er ekki raunverulega verið að ræða um það. Það er ekki verið að deila um einstök verkföll, heldur á bara að meta heildartjónið, sem af vinnustöðvunum leiðir í þjóðfélaginu, án þess að það sé verið að spyrja um, hverjum það sé að kenna eða hverjir beri ábyrgð á því.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði hér, að verkföll væru yfirleitt mjög árangursrík á Íslandi. Það væri betur, að satt væri. Ég hef nú varla lesið svo málgagn þess flokks, sem þessi hv. þm. tilheyrir, síðustu árin, svo að þar sé ekki alltaf fullt af yfirlýsingum um það, að öllum kjarabótum sé jafnóðum stolið af verkamönnum, og þó stendur þessi hv. þm. hér upp og segir, að verkföll séu yfirleitt árangursrík. Árangurinn hlýtur þá a. m. k. að vera mjög skammær, það er ómögulegt annað. Það getur ekki öðruvísi verið. Og hann var að ásaka ríkisstj. fyrir það að hafa ekki komið í veg fyrir verkföll. Það mætti spyrja þennan hv. þm.: Hvers vegna kom ekki vinstri stjórnin í veg fyrir öll þau verkföll, sem þá dundu yfir? Ég hugsa, að þau hafi verið á milli 10 og 20, sem dundu yfir í tíð vinstri stjórnarinnar. Jú, það var eitt verkfall, sem var komið í veg fyrir, og það var verkfall Dagsbrúnar haustið 1958, og það veit öll þjóðin, með hvaða ráðum það var gert. Það var gert með þeim ráðum, að hæstv. þáv. forsrh. og þáv. sjútvmrh. gáfu atvinnurekendum loforð um það fyrir fram, að þeir fengju að velta öllum kauphækkunum yfir á almenning í landinu með hækkuðu vöruverði. Það var á þann hátt, sem þessu verkfalli var afstýrt. Var það mjög árangursrík kjaradeila, þó að það yrðu ekki verkföll?

Þá var þessi hv. þm. líka að tala um það, að núv. ríkisstj. hefði lýst því yfir, að hún ætlaði ekki að hafa nein afskipti af kjaradeilum. Þetta eru hrein ósannindi. Núv. ríkisstj. sagði, að hún mundi ekki veita atvinnurekendum heimild til þess að hækka verð á sínum vörum og þjónustu, ef þeir semdu um kauphækkanir, atvinnurekendur ættu að standa undir þessu sjúlfir. Nú geta menn spurt: Atvinnurekendur, jú, þeir sömdu um talsverðar kauphækkanir, og ríkisstj. hefur veitt þeim leyfi til þess að hækka verð á sínum vörum og sinni þjónustu, og eru þetta þá ekki brigðmæli? Ástæðan fyrir þessu er sú, að það var raunverulega ekki um frjálsa samninga að ræða. Þessir samningar voru markaðir af yfirboðum Vinnumálasambands samvinnufélaganna, sem nauðugt hlýddi fyrirskipunum framsóknarforkólfanna. Eftir að Vinnumálasamband samvinnufélaganna var búið að semja hér í Reykjavík og búið var að semja á Akureyri og Húsavík, þá vissu kommúnistar ósköp vel og það vita allir, að þegar svo stór hópur er búinn að semja, þá geta ekki aðrir atvinnurekendur staðið á móti því að semja um það sama. Það vita allir menn, sem eitthvað þekkja til kjaramála. Þess vegna var þetta raunverulega ekki markað af frjálsum samningum. Og sú var ástæðan. Ef hins vegar hefði verið farið að eins og við Alþfl.-menn vildum, að sáttatillagan hefði verið samþykkt, þá hefði verið gert allt, sem unnt var, til þess að sú hækkun hefði orðið raunhæfar kjarabætur.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að hann áliti, að það væri rangt hjá mér, að verkföll væru tíðari hér og stæðu lengur yfir en með öðrum þjóðum. Ég skal að vísu játa, að ég þekki þetta ekki svo út um heim alls staðar, en það, sem ég hafði fyrst og fremst í huga, eru okkar nágrannaþjóðir, og það veit ég vel, að maður fylgist það vel með, að það er ekkert sambærilegt, hvað verkföll eru þar miklu sjaldgæfari. Hann var þó helzt að tala um Bandaríkin. En við verðum að athuga það, að verkfall fámennrar stéttar hér hefur svo mikil áhrif vegna þess, hvernig skipulagi verkalýðssamtakanna er háttað. Við skulum taka til dæmis, sem oft hefur verið vitnað í, að 10—20 matsveinar á kaupskipaflotanum geta raunverulega stöðvað alla aðflutninga til landsins eða 200—300 yfirmenn á kaupskipaflotanum geta gert það sama, þannig að þó að manni kannske finnist þetta ekki stórt verkfall, það nái ekki til margra manna, þá hefur það samt mjög mikil áhrif til tjóns út frá sér.

Annars var það eftirtektarvert, þegar þessi hv. þm. var að tala um verkföll hér aftur í tímann og rifja upp, þá sleppti hann eiginlega alveg öllum verkföllum, sem voru í tíð vinstri stjórnarinnar. Hann minntist helzt ekki á þau, vildi helzt, að þau væru grafin og gleymd, eins og þau hefðu aldrei átt sér stað.

Hann var enn fremur, þessi hv. þm., að ræða um það, að við hefðum stolið vísitöluuppbótum af verkalýðnum, þessi ríkisstj. og þeir þm., sem hana styddu. Ég vil aðeins benda á, að ég veit ekki betur a. m. k. en hv. 4. landsk. þm. sé formaður Alþb., þess flokks, sem hv. 3. þm. Reykv. tilheyrir. Sá hv. þm., sem er formaður Alþb., er líka og hefur um margra ára skeið verið forseti Alþýðusambands Íslands. Þegar alþýðusambandsþing var sett 1958, var hann enn þá ráðh., og þá var hann að ræða um það, hvaða leiðir væru vænlegar til þess að stöðva verðbólguna, og ein af þeim leiðum, sem hann taldi að þar gætu komið vel til greina, — og þá geta þessir hv. þm. litið í Alþýðusambandstíðindin frá þeim tíma, þar er ræðan birt orðrétt, — eitt af því, sem kom til greina að hans áliti, var að afnema vísitöluuppbótina. Það er formaður Alþb., sem telur þetta vera eina af leiðunum, sem koma til greina. Svo kemur þessi hv. þm., undirmaður hans úr flokknum, og er að ásaka mig og aðra stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. fyrir það, að við höfum framkvæmt þetta og séum þar með að

ræna af verkalýðnum. Þannig er nú samræmið í málflutningi þessara hv. þm.

Ég vil benda á t. d., að í minni till. er talað um tvö atriði, sem mjög koma til greina til þess að reyna að draga úr tjóni af völdum vinnustöðvana, þ. e. a. s. að stórauka sáttastörf í vinnudeilum. Ég hugsa, að það séu flestir, hvar í flokki sem þeir standa, sammála um þetta. Það er enn fremur annað atriði, sem ég hef talað um. Það er að breyta skipulagi verkalýðssamtakanna. Ég veit ekki betur en að það sé óhætt að segja, að það sé mjög mikil samstaða um það innan Alþýðusambands Íslands og verkalýðshreyfingarinnar, að það þurfi að breyta skipulaginu og það hafa þegar verið gerðar ákveðnar tillögur í því efni. Og það er enginn vafi á því, að þegar þær tillögur eru komnar í framkvæmd, sem því miður getur tekið mjög langan tíma að framkvæma, þá kemst þetta á miklu heilbrigðari grundvöll og þá verður samningsrétturinn á miklu færri höndum, færri og stærri heilda. Þá verða þessi keðjuverkföll eða smáhópaverkföll að mestu úr sögunni. Það væri mjög stór ávinningur bara við það eitt.

Ég held þá ekki, að það sé öllu fleira, sem ég tel ástæðu til þess að svara úr ræðum þeirra hv. þm., sem hér hafa talað. Það getur auðvitað vel verið, að það sé margt fleira í okkar þjóðfélagi, sem þurfi að rannsaka, heldur en tjón af völdum vinnustöðvana. Nú vil ég að vísu taka það fram, alveg eins og þeir eru að tala um, að ávinningurinn birtist í ýmsum myndum, sem sé reyndar ekki hægt að meta og ekki hægt að setja það inn í vísitölu, og það er út af fyrir sig alveg rétt. Þannig getur ávinningur af vinnustöðvun komið fram. Á alveg sama hátt getur tjón af vinnustöðvun birzt í ýmsum myndum, sem ekki er hægt að reikna út, enda er hér aðallega um tvær hliðar á þessu tjóni að ræða. Það er alls ekki allt tjónið, heldur aðeins tvær þýðingarmestu hliðarnar, sem ég hef talið ástæðu til að láta hagstofuna reikna út. Og ef þeir hafa alvarlegan áhuga á því að láta fara fram ýmsa annars konar rannsóknarstarfsemi, þó að þeir telji, að það sé að vísu áróður, þegar ég er að biðja um rannsóknir, þá skal ég gjarnan styðja það, að það fari fram ýmiss konar fleiri rannsóknir í þjóðfélaginu heldur en þessi. En ég vil bara biðja þá að vera ekki að reyna að drepa minni till. á dreif með því að koma með tillögur um rannsóknir um alla skapaða hluti aðra, líkt og gert var við áminnzta tillögu mína, sem ég flutti á Alþingi í fyrra.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram, að gera örfáar ábendingar, sem að mínu áliti eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis.

Ég skal strax taka það fram, að ég er því í sjálfu sér hlynntur, að sú athugun, sem hér er um að ræða, verði gerð, þótt að mínu áliti séu að vísu mjög miklir tæknilegir örðugleikar á því að framkvæma hana þannig, að á slíkum niðurstöðum yrði verulega að byggja. En það mundi leiða of langt hér að fara út í þá hlið málsins.

Hv. þm. Alþb., sem hér hafa nokkrir talað, hafa lagt áherzlu á það, að ef slíka athugun eigi að framkvæma, megi ekki eingöngu taka tillit til þess tjóns, sem af vinnustöðvunum hafi leitt, heldur verði líka að taka tillit til þess ávinnings, sem af þeim leiði. Út af fyrir sig er ég þessu sammála. En í sambandi við það vaknar auðvitað spurningin um það, þegar meta á ávinninginn af vinnustöðvunum, fyrir hverja sé um ávinning að ræða. Ef þarna er um að ræða ávinning fyrir þjóðarheildina, verður það að mínu áliti mjög lítið, sem kemur í aðra hönd. Það er tvímælalaust, að vinnustöðvanir draga úr þjóðarframleiðslunni, meðan á þeim stendur, og þar kemur lítið á móti. Það eina, sem hægt væri að benda á í því sambandi, er sú staðreynd, að oft og tíðum, þegar til vinnustöðvunar dregur, er að vísu unnið meira rétt fyrir og eftir vinnustöðvunina en ella hefði verið gert. En hitt gefur auga leið, að sé um langvarandi vinnustöðvanir að ræða, vegur sá ávinningur eða sú aukning framleiðslunnar, sem af þessu kann að leiða, lítið á móti tjóninu af völdum vinnustöðvunarinnar, svo að sé lítið á þetta frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar, hlýtur hér í flestum tilfellum að verða um að ræða nettótap.

Nú býst ég við, að þeim hv. þm. Alþb., sem hér hafa talað, sé þetta út af fyrir sig ljóst, þannig að þegar þeir tala um ávinning, er það ávinningur launþeganna. Þeir telja, að afleiðing vinnustöðvunarinnar geti orðið sú, að launþegarnir sem slíkir fái meira í sinn hlut en áður var. Það er hugsanlegur möguleiki, að þetta sé raunin að einhverju leyti. En á það má þó benda, að með tilliti til þess, að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarteknanna er launatekjur, hlýtur sá ávinningur alltaf að vera takmarkaður. Nú er það að vísu því miður þannig, og þar get ég tekið undir sumt, sem fram kom m. a. í ræðu hv. 3. þm. Reykv. (EOl), að upplýsingar um ýmsar þýðingarmiklar efnahagslegar staðreyndir hér á landi eru svo ófullkomnar, að það er varla grundvöllur fyrir því að ræða svona mál á málefnalegum grundvelli. Maður veit ekki fyrir víst um það, hvernig þjóðartekjurnar skiptast í launatekjur og annað. Ég mundi þó telja líkur á því, að launatekjur og sambærilegar tekjur, þar með t. d. taldar tekjur bænda, sem í rauninni eru launatekjur, þó að þeir séu ekki launþegar, og sömu augum má í rauninni líta á tekjur þeirra, sem lifa á eftirlaunum og styrktarfé, að það er í rauninni kaupgjald, sem greitt er eftir á, nemi um 90% þjóðarteknanna, svo að jafnvel þó að launþegarnir gætu aukið eitthvað í bili sinn hlut í þjóðartekjunum, yrði sá ávinningur lítill. En þar að auki efast ég mjög um það, að árangur þeirra verkfalla, sem háð hafa verið að undanförnu, sé jákvæður í þessu efni. Og það var athyglisvert, að þegar þeir hv. þm. Alþb., sem hér töluðu, nefndu tiltekin dæmi máli sínu til sönnunar, þá voru það yfirleitt ekki dæmi, sem sótt voru frá verkfallsbaráttu síðustu ára, heldur var farið aftur til ársins 1930 og jafnvel til ársins 1913, en þá voru þjóðfélagslegar aðstæður aðrar en nú og meiri líkur á því, að kaupgjaldshækkanir gætu leitt til aukinnar hlutdeildar launþeganna í þjóðartekjunum. Þá var efnahagskerfið í rauninni þannig skipulagt, að þær kauphækkanir,

sem atvinnurekendur sömdu um, urðu þeir að bera sjálfir. Þeir höfðu yfirleitt ekki nema innan mjög þröngra takmarka möguleika á því að hækka verðið, því að þá leiddi samkeppnin annars staðar frá til þess, að þeir gátu ekki selt vöru sína. Bankar og lánastofnanir sögðu á þeim tíma við atvinnurekendur: Það er ykkar mál, hvort þið semjið um hærra kaupgjald, en okkur dettur ekki í hug að auka lánveitingar til ykkar um einn eyri vegna þeirra kaupgjaldshækkana, sem þið kunnið að semja um. — M. ö. o.: á þeim tímum urðu atvinnurekendur yfirleitt sjálfir að bera þær kauphækkanir, sem þeir sömdu um. Ef boginn var of hátt spenntur, gat þetta auðvitað leitt til samdráttar og atvinnuleysis, en kaupmáttur launa óx þá að jafnaði nokkurn veginn sem launahækkununum nam, og þá mátti, einmitt vegna þess að atvinnurekendur urðu, miðað við þeirra tíma kringumstæður, að bera kauphækkanirnar sjálfir, færa nokkur rök að því, sem fram kom hér í ræðu hv. 2. landsk. þm., þegar hann benti á það, að það, að vinnuaflið yrði dýrara, væri atvinnurekendum hvöt til þess að koma á fullkomnari tækni o. s. frv. Það átti við þá. En eins og aðstæðurnar hafa verið hér á landi að undanförnu, þá held ég, að ekki sé hægt að segja þetta.

Það er staðreynd, að þær kauphækkanir, sem orðið hafa, hafa ekki leitt til neinnar endurskiptingar á þjóðartekjunum, heldur aðeins til rýrnunar á verðgildi peninganna. Atvinnurekendur hafa að jafnaði tafarlaust velt kauphækkunum yfir í verðlagið, og bankar og aðrar lánastofnanir hafa fylgt þeirri stefnu að auka öll lán til fyrirtækjanna í sama hlutfalli og kaupgjaldið hefur hækkað, þannig að hlutdeild launþeganna í þjóðartekjunum hefur þannig ekki aukizt. Þjóðartekjurnar hafa verið þær sömu og skipting þeirra ekki breytzt frá því, sem áður var, en þær hafa bara verið metnar á annan mælikvarða. Það er þetta, sem raunverulega hefur skeð, og að mínu áliti má meira að segja færa að því vissar líkur, að það sé síður en svo ástæða til að ætla, að þessar kaupgjaldshækkanir hafi aukið hlutdeild launþeganna í þjóðartekjunum. Allar upplýsingar, sem fyrir hendi eru um þetta efni, benda til þess, að ekki sé um slíka aukningu þjóðarteknanna að ræða. Í þessu sambandi má minna á athugun, sem gerð var fyrir nokkrum árum, ekki af hagstofunni, heldur af sjálfu Alþýðusambandi Íslands, á þróun kaupmáttar launanna frá því í styrjaldarlok og fram til 1958. Það er enginn, sem hefur átt meiri þátt í því að útbreiða einmitt þetta álit en hv. 3. þm. Reykv., sem hér talaði áðan, og tel ég það honum til sóma út af fyrir sig. En niðurstaða þessa álits var sú, að engin breyting hefði orðið til hækkunar á kaupmætti launa á þessu tímabili, sem telja má mjög óeðlilegt, miðað við þá þróun, sem átt hefur sér stað í nágrannalöndunum. Nú veit ég, að svarið við þessu verður það, að ef verkföllin hefðu ekki verið háð, hefði kaupmátturinn í stað þess að standa í stað rýrnað og hlutdeild launþeganna í þjóðartekjunum hefði þá orðið minni en hún nú er. Ég dreg mjög í efa, að þessi niðurstaða sé rétt, og tel allar líkur til hins gagnstæða, bæði með tilliti til þess, að meginhluti þjóðarteknanna er launatekjur, eins og ég áður benti á, og í öðru lagi tel ég síður en svo líkur á því, að þær kaupgjaldshækkanir, sem hér hafa orðið, og afleiðingar þeirra hafi orðið til þess að draga úr gróðamyndun í landinu. Ég held, að það gagnstæða hafi í rauninni átt sér stað. Í fullkomlega frjálsri samkeppni, þar sem ekki eru einokunarmyndanir, á gróði til lengdar í rauninni að vera útilokaður, því að ef gróði verður í einhverri tiltekinni atvinnugrein, leiðir það til aukinnar samkeppni annars staðar frá. Framleiðslan í þeirri grein vex, þangað til verðið lækkar ofan í framleiðslukostnað. Nú mundu sumir kannske segja við þessu: Er ekki frjáls samkeppni t. d. í Bandaríkjunum, og var ekki frjáls samkeppni í Þýzkalandi fyrir 1930, og er það ekki nú, og samt græða auðhringarnir í þessum löndum geysimikið fé? Nei, það er nefnilega svo, að það hefur ekki ríkt frjáls samkeppni í þessum löndum. Bæði Bandaríkin og Þýzkaland hafa verið höfuðvígi tollverndunarstefnunnar eða hlaðið um sig háum tollamúrum, og það er í skjóli þessara tollamúra einmitt, sem þessi gróði auðhringanna hefur myndazt. Hvernig ætli það hafi verið hér á landi? Jú, þegar kaupgjald hefur hækkað umfram það t. d., sem sjávarútvegurinn hefur borið, hafa viðbrögðin við því, til þess að forða stöðvun, að jafnaði verið þau, að gripið hefur verið til víðtæks uppbóta- og haftakerfis. Því, að aukin kaupgeta vegna launahækkana leiddi til síversnandi gjaldeyrisafkomu, hefur verið mætt með því að taka upp ströng innflutningshöft og gjaldeyrisskömmtun. Það fyrirkomulag hefur þannig oft og tíðum einmitt verið bein afleiðing kauphækkana umfram það, sem sjávarútvegurinn og aðrir atvinnuvegir gátu borið. En innflutningshöftin hafa ekki orðið til þess að draga úr gróðamyndun í landinu, heldur alveg þvert á móti. Fyrir 1930, eða áður en innflutningshöftin komu til sögunnar, var það alltítt, að innflutningsfyrirtæki fóru blátt áfram á höfuðið, ef þau höfðu gert óhagstæð innkaup. Eftir að innflutningshöftin komu til sögunnar, held ég, að slíkt hafi varla komið fyrir. Innflutningshöftin hafa breytt þannig aðstöðu verzlunarfyrirtækjanna og fleiri fyrirtækja hér á landi, að eigendur þessara fyrirtækja hafa í rauninni haft nokkurn veginn svipaða aðstöðu og opinberir starfsmenn hafa í dag. Þeir hafa að vísu fengið skammtaðan sinn innflutning og oft og tíðum skammtaða sína álagningu. Hins vegar var í skjóli haftakerfisins fullkomið öryggi um það, að allt, sem þeir fengu innflutningsleyfi fyrir, það gátu þeir selt á því verði, sem leyft var. Öll áhætta í þessari starfsemi hefur þannig orðið úr sögunni, og það er athyglisvert, að fyrir 1930, meðan hér var frjáls verzlun, þá var það sjávarútvegurinn, sem fyrst og fremst bar útsvörin hér í bæ. Eftir 1930 snýst þetta þannig við, að það er verzlunin og iðnaðurinn, sem fyrst og fremst bera útsvörin, enda eru það þessar atvinnugreinar, sem einmitt í skjóli haftanna hafa blómgazt á kostnað útflutningsframleiðslunnar, þannig að niðurstaðan af þessu hlýtur fyrir fram að verða frekar neikvæð.

Það eru ekki líkur á því, að kaupgjaldshækkanirnar hér á landi að undanförnu hafi auk-

ið hlutdeild launþeganna í þjóðartekjunum. Ég játa, að bæði það, sem ég segi hér og aðrir hafa sagt, er að mjög litlu leyti byggt á staðreyndum, og ég er því sammála, að æskilegt væri að fá um þetta þær upplýsingar, að slíkar umr. gætu orðið meira málefnalegar en grundvöllur er fyrir nú, og með tilliti til þess mun ég styðja það, að sú till., sem hér liggur fyrir, verði samþykkt, þó að ég geri mér ljósa þá örðugleika, sem á því eru að framkvæma slíka athugun.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru nokkrar athugasemdir, sem rétt er að gera í viðbót út af þeim umr., sem hér hafa orðið.

Hv. 9. landsk. minntist á vinnutímann og sagði næstum því í hæðnistón, heyrðist mér, hvort það gæti virkilega verið svo, að það þyrfti að berjast út af því núna, að heilsufari manna kynni að vera tjón af of löngum vinnutíma, eins og hefði verið hér t. d. 1930, eins og hv. 2. landsk. var að tala um. Ég er hræddur um, að sannleikurinn sé sá, að eitt af því, sem verkalýðshreyfingin alvarlega þyrfti að taka hér fyrir, það er beinlínis baráttan fyrir að fá vinnutímann styttan, þann raunverulega vinnutíma, af heilsufarsástæðum. Og þetta gildir ekki bara um verkamenn, þetta gildir um þorra starfsmanna í þjóðfélaginu. Ég er ekki í neinum vafa um, að það skiptir hundruðum og aftur hundruðum af mönnum, sem bókstaflega falla niður einn góðan veðurdag af of miklum þrældómi. Það er kallað kannske hjartaslag og allt mögulegt, en staðreyndin er sú, að það er unnið svo óhóflega langan tíma hérna. Þetta á jafnt við um verkamenn eins og lækna og aðra, að það nær ekki nokkurri átt. Ég veit, að þetta er ákaflega misjafnt. En ef við þekkjum til eitthvað hjá okkar nágrannaþjóðum, þá vitum við það, að 8 tíma vinnudagurinn er orðinn þar eins og helgidómur. Ef menn tala við sænskan eða danskan verkamann eða enskan, fara að tala um yfirvinnu, þá þykir það fáránlegt. Og það er enginn efi á því, að hér, vegna þess að það hefur mikið til á undanförnum 20 árum verið næg atvinna, með vissum undantekningum, hvað landshluta og eitt árabil snertir, þá hefur það verið svo, að þegar kjör verkamanna hafa rýrnað, þá hafa þeir reynt að bæta sér upp hin rýrðu lífskjör, hinn rýrða kaupmátt tímakaupsins með lengri vinnutíma, og skýrslur, sem hér hafa verið gerðar, sýna það t. d. alveg eftir þær launalækkanir, sem fram fóru bókstaflega að tilhlutun þess opinbera, að verkamenn hafa almennt bætt við einum klukkutíma í eftirvinnu. Í staðinn fyrir að vinna 2 klukkutíma í eftirvinnu, þá hafa menn unnið 3 klukkutíma í eftirvinnu til þess að reyna að hafa sömu tekjur. Maður veit, hvaða ástæður liggja til þess. Þær ástæður liggja til þess, að ákaflega mikið af fólki hér er t. d. að reyna að eignast íbúðir eða annað slíkt, er búið að binda sig á ýmsan hátt og þarf, hvað sem það kostar, að reyna að ná í þessa peninga, til þess að missa ekki eignir út úr höndunum á sér. Og það hefur þýtt, að fjöldi af fólki, sem hefur tækifæri til þess, vinnur 11 klukkutíma á dag, og það má spyrja hvaða lækni sem er að því, það er ekkert spursmál um, að slíkt er óhollt, slíkt er rangt, bæði frá sjónarmiði einstaklingsins og þjóðfélagsins. Og ekki sízt frá sjónarmiði atvinnurekandans, ef við viljum sleppa því að ræða þetta frá þeim heilsufarslegu ástæðum, sem eru þó sannarlega númer eitt í þessu, þá er þetta hringavitleysa frá sjónarmiði atvinnurekstrarins, vegna þess, og það var eitt af því, sem var sannað, þegar var verið að berjast fyrir 8 tíma vinnudeginum og knýja hann í gegn, að það, sem maðurinn skapar með 8 tíma vinnudegi, er jafnmikið og jafnvel stundum meira en það, sem hann skapar með 11—12 tíma vinnudegi, vegna þess að hans afköst minnka það mikið. Þegar vinnutíminn er orðinn þetta langur. Þannig, ef maður væri að hugsa um almennilegan rekstur á atvinnuvegunum og framleiðslunni, þá er það hrein vitleysa af atvinnurekendunum að láta vinna meira en 8 tíma. Og þetta er eitt af því, sem er ekki bara meinsemd frá sjónarmiði heilsufarsins og menningarinnar í okkar þjóðfélagi, heldur líka bókstaflega frá sjónarmiði atvinnurekstrarins og framleiðslunnar. A. m. k. í öllum þeim hlutum okkar framleiðslu, þar sem ekki kemur til greina sérstök vertíð eða annað slíkt, við skulum segja iðnaði, byggingum og öðru slíku, þá er 8 tíma vinnudagur það eðlilega. Og það, sem ætti raunverulega að vera á þeim sviðunum, þar sem við skulum segja vertíðarvinnan kemur til, a. m. k. hvað vinnuna í landi snertir, það gegnir þarna nokkuð öðru máli um sjómennina, þá ætti yfirleitt að koma á vaktavinnu. Það útheimtir hins vegar allmikið annað skipulag á sjálfum atvinnurekstrinum en þar er. Það mundi útheimta það t. d. í sambandi við fiskiðjuverin, að þau væru færri, en væru rekin á þennan máta, helzt með vaktavinnu, en reynt að tryggja nokkurn veginn fullan rekstur. Það skapar okkur að vísu marga, marga erfiðleika í þessum efnum, sem útlendingar hafa ekki við að stríða í sinni almennu iðnaðarframleiðslu, hvað við erum vertíðarbundnir í þessu, þannig að þar verðum við á ýmsan hátt að taka þarna tillit. Þess vegna er það, að ég minntist nú á þetta, bara út frá því, að ég kunni ekki við hæðnistóninn í rödd hv. 9. landsk., þegar hann var að tala um heilsufar manna í þessu sambandi. Sá langi vinnutími á Íslandi er bókstaflega hættulegur heilsufari manna.

Þá talaði hv. 9. landsk. þm. um, að það væri rangt, að það hefðu verið reyndar allar leiðir til sátta. Þetta er rangt hjá honum. Það er ekki hægt fyrir verkalýðsfélögin að gefa lengri tíma þeim aðilum, sem hafa áhuga fyrir að reyna að leysa vinnudeilur, heldur en þau 2½ ár, sem beðið var, og það hefur engin ríkisstj. og engin atvinnurekendastétt á Íslandi fengið eins langan tíma og atvinnurekendastéttin og ríkisstj. fékk núna, til þess að reyna að komast að samningum við verkalýðinn um þessi mál, og aldrei verið sýnt annað eins skeytingarleysi í þeim málum og af hálfu yfirstéttarinnar og hennar ríkisstj. á þessum tíma, enda auðséð, að að því var stefnt af hálfu þessara aðila að reyna að brjóta verkalýðshreyfinguna á bak aftur. Það var af pólitískum ástæðum, sem ekki var samið þarna um að neinu leyti, — við skulum ekki fara í neinar grafgötur um það. Það átti að reyna að

knésetja verkalýðshreyfinguna. Það átti að reyna að sýna henni, að hún væri veikari en auðvaldið í þjóðfélaginu, og það var það, sem mistókst, og það, sem olli allri reiðinni í þessu máli.

Svo kom hv. 9. landsk. inn á, að það væri furðulegt af mér að halda því fram, að verkföll hefðu verið árangursrík og samt hefði kaupmáttur tímakaupsins hjakkað í sama farinu í 20 ár. Það er ákaflega auðvelt, ef menn vilja ekki kryfja hluti til mergjar, að slengja svona hlutum fram. Við skulum þess vegna athuga, hvað þarna er um að ræða.

Kaupmáttur tímakaupsins 1945, sem venjulega er lagður til grundvallar, þegar rætt er um kaupmátt tímakaupsins nú eftir stríð, ef hann er reiknaður sama sem 100, þá er rétt fyrst að athuga hann í hlutfalli við það, sem var fyrir stríð. Ég býst við, — hv. 11. þm. Reykv. hlustar líka á mál mitt, því að hann getur að ýmsu leyti sagt sem fræðimaður um þetta, — ég býst við, að það sé ekki að öllu leyti fjarri, og byggi ég þar einmitt á útreikningi hans, prófessors Ólafs Björnssonar, og Jónasar Haralz frá 1948, að áætla kaupmátttinn, sem þá er knúinn fram, um 50% hærri en kaupmáttur tímakaupsins var fyrir stríð. Sú lífskjarabreyting, sem knúin er fram með verkföllunum 1942, þýðir hvað kaupmáttinn snertir á tímakaupinu um 50% hækkun frá því, sem áður var. Svo ber hins vegar að athuga, ef maður ætlar að athuga lífskjarabreytingarnar, að vinnustundirnar, sem menn fengu tækifæri til að vinna á krepputímunum fyrir stríð, voru það miklu færri, að það má óhætt fullyrða, að frá þriðjungi upp í ⅔, a. m. k. hjá hafnarverkamönnum í Reykjavík, hafi fallið úr af vinnudögum, a. m. k. á verstu árunum. Og svo bætist eitt við. Það er, að oft var það svo, að eingöngu höfuðfyrirvinna fjölskyldunnar fékk þessa stopulu vinnu, og t. d. piltar 17—18 ára gengu kannske atvinnulausir árið um kring að heita má, þannig að a. m. k. ég hef haldið því fram, og ég held, að það sé ekki rangt, að lífskjörin 1942 á móts við það, sem var á árabilinu fyrir stríð, hafi hér um bil þrefaldazt, 50% bein aukning á kaupmætti tímakaupsins og að öðru leyti við það, að öll fjölskyldan getur fengið tækifæri til þess að vinna og það er möguleiki til þess að vinna hvern dag ársins og ég tala nú ekki um eftirvinnuna. Þá er, held ég, ekkert spursmál um það, að það stökk, sem verður t. d. hjá íslenzkum hafnarverkamanni almennt með lífskjarabyltingunni 1942, hefur þrefaldað hans lífskjör frá því, sem var á atvinnuleysisárunum fyrir stríð.

En höldum okkur hins vegar að kaupmætti tímakaupsins, en ég vil aðeins taka þetta fram til þess að gera grein fyrir þeim stóra mun, sem er á lífskjörunum í því, að við höfum haft fulla atvinnu, a. m. k. í Reykjavík, öll árin nema tvö að heita má á þessum 20 árum, þó að það hafi oft verið tilfinnanlegt atvinnuleysi úti um land, móts við hins vegar það vandræðaástand, sem var fyrir stríð í þeim efnum. Stökkið, sem er tekið 1942, leiðir þess vegna til þess, að íslenzkur verkalýður stekkur úr því ástandi að vera með fátækari verkalýð Evrópu, a. m. k. Norður- og Vestur-Evrópu, yfir í það að vera einn bezt stæði eða a. m. k. með eina beztu afkomu, sem verkalýðurinn í Vestur- og Norður-Evrópu þá hefur. Það, sem þurfti að gera til þess að tryggja að geta haldið því áfram að bæta þessi lífskjör, sem þá voru sköpuð, var tvennt. Það þurfti annars vegar að umskapa þann tæknilega grundvöll fyrir þjóðfélaginu, þannig að það kæmi það mikið af vélum til Íslands, að þær bæru uppi ekki bara þau lífskjör, sem með þeim voru sköpuð, heldur gætu bætt þau. Og í öðru lagi þurfti að sjá um, að skipulagið á þessari tækni, sem var aflað, og rekstur hennar væri það góður, að það stæði undir síbatnandi lífskjörum. Þetta var það, sem við og Sósfl. þá barðist fyrir, bæði með nýsköpuninni og með þeim tillögum, sem við fluttum um skipulagningu þjóðarbúskaparins, og fengum ekki nema að nokkru leyti framgengt. Og það, sem verður þess vegna að muna síðan, það er sú stóra sögulega sök yfirstéttarinnar á Íslandi að hafa vanrækt að fara að þeim tillögum að tryggja hagkvæman rekstur á þjóðfélaginu og tryggja enn þá betri tæknilegri undirstöðu þess en þá hafðist fram. Þess vegna er það, þegar skorizt hefur í odda oft síðan, við skulum segja t. d. við lok vinstri stjórnarinnar og þegar barizt hefur verið um það, hvort þjóðfélagið þyldi þær kauphækkanir, við skulum segja kauphækkanirnar, sem fallizt var á í sept. 1958, þá er a. m. k. mitt svar við því þetta: Þjóðfélagið þolir þessar kauphækkanir, sérstaklega svo framarlega sem það eru gerðar vissar þjóðfélagslegar ráðstafanir til betri rekstrar þjóðfélagsins um leið. Það er það, sem um leið er barizt um allan þennan tíma.

Nú skulum við svo snúa okkur að því, sem hv. 9. landsk. var að staðhæfa, hvernig í ósköpunum gæti nú staðið á því, að verkföll væru árangursrík og samt hefði kaupmáttur tímakaupsins ekki batnað frá því á árinu 1945. Þá var hann 100. Árið 1947 er verkfall um mitt árið. Kaupmáttur tímakaupsins er knúinn upp, hann fer upp í 107 eftir það verkfall, og meðaltalið á kaupmætti tímakaupsins það ár, verður 102.7. Það er knúin fram kauphækkun, sem gætir allan síðari hluta ársins, þetta mun hafa verið um miðsumar, þá er kaupmáttur tímakaupsins frá 103 upp í 107 eftir mánuðunum að telja. Sem sé, það hafðist fram hækkun. Með þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru af hálfu ríkisstj. um tollalækkanir og annað slíkt, tekst að lækka aftur á næsta ári nokkuð, þannig að 1948 er aftur lægra, kaupmátturinn er 98.6 fyrir árið í heild. Það er verkfall, ef ég man rétt, í maí 1949, mjög stutt verkfall, eitthvað fjögurra daga eða svo eða viku eða eitthvað þess háttar, — ég þori nú ekki alveg að fullyrða það, — og kaupið er hækkað nokkuð og fer upp í 101 fyrir heildina árið 1949. Síðan er tekið að gera ráðstafanir í ársbyrjun 1950 til lækkunar kaupsins með gengislækkuninni, og kaupið lækkar þannig, að á árinu 1950 er kaupið 92.4, sem sé, það er lækkun um næstum 10% á kaupmætti tímakaupsins, með ráðstöfunum, sem gerðar eru af hálfu hins opinbera, með gengislækkuninni, 10% kauplækkun, sem þarna fer fram. Og þessar ráðstafanir halda áfram að hafa áhrif. Árið 1951 er kaupmáttur tímakaupsins 84.7 að meðaltali yfir árið. Árið 1952 er hann 84.9. M. ö. o.: hann er milli 84 og 85 þessi tvö ár, 1951 og 1952, og það eru um leið atvinnu-

leysisár hér í Reykjavík og alls staðar um allt land, neyðarár, bókstaflega hungursár fyrir marga. Þá var búið að lækka kaupið um 16% frá því, sem það hafði verið 1949. Þá er lagt í verkfall, sem er eitt af þeim erfiðustu verkföllum, sem verkalýðurinn hefur háð hérna, þungbærustu verkföllum, það er desembermánuðurinn 1952, — verkfall, sem fyrst og fremst miðaðist við það að knýja fram lækkanir á vöruverði. Og það tekst að knýja fram hækkun. Úr 84 fer kaupmáttur tímakaupsins upp í það að vera 91.6 á árinu 1953 að meðaltali. Og ef hv. 9. landsk. vill athuga skýrsluna um mjólkursölu í Reykjavík á árunum frá marz 1950 til janúar 1953, þá mun hann sjá það, að allan þennan tíma er mjólkursalan í Reykjavík minni í hverjum einasta mánuði heldur en var í marz 1950. Gengislækkunin svarf þannig að almenningi hérna, að þó að bættust við 2—3 þúsund manns í Reykjavík á ári, höfðu verkamenn ekki efni á því að kaupa eins mikla mjólk og þeir þurftu handa sínum börnum. Svona var ástandið. Með janúar 1953, eftir verkfallið í desember, gerbreytist þetta og mjólkursalan fer vaxandi og kemst upp yfir það, sem hún var í marz 1950. Ég nefni þetta bara sem dæmi, svo að menn fái fyrir utan þessar þurru tölur dálitla hugmynd um, hvað þessir hlutir þýða gagnvart almenningi, gagnvart verkamönnum. Kaupið heldur áfram að lækka svo og kaupmáttur tímakaupsins fram á árið 1955, að verkamenn taka sig aftur til að hækka það. Því var slegið föstu í þeim rannsóknum, sem þá fóru fram, og það voru bæði Sósfl. og Alþfl., sem stóðu að þeim rannsóknum, að nú væri búið að rýra kaupgjaldið, þegar lagt var til verkfallsins þá, um 20% frá því, sem það hafði verið í júlí — held ég — 1947, þegar lagt var út í sex vikna verkfallið í marz 1955. Og með því verkfalli er kaupmáttur tímakaupsins knúinn þannig upp, að hann kemst upp í 100, sama og hann var 1945, og meðaltal ársins 1955 verður 97, þannig að vegna þessa verkfalls er nú kaupmátturinn hækkaður upp í 97. Og hann helzt í svipuðu ástandi, milli 96 og 99, næstu 5 árin, þangað til á árinu 1960 eftir gengislækkunina. Hann byrjar að lækka, hann er kominn í okt. 1960 niður í 86, og hann er kominn 1. maí 1961 niður í 84. Allan þennan tíma er ekkert verkfall. Hann er kominn niður í 84, sem sé 16 stigum, 16%, undir því, sem hann var 1945. 1. maí 1961, 16 árum síðar, stendur hann í því sama og stóð á atvinnuleysisárunum 1951 og 1952, þó heldur lægri 1961.

M. ö. o.: allan þennan tíma höfum við þurft að fara út í þessi verkföll til þess að ná þessum kaupmætti upp. Í hvert skipti, sem við förum út í verkföllin allan þennan tíma, stígur kaupmátturinn. Og allan tímann þess á milli lækkar hann. M. ö. o.: verkföllin voru óhjákvæmileg þennan tíma, og leið samt oft langt á milli þeirra og aldrei lengur en einmitt nú í tíð þessarar stjórnar, 2½ ár. Verkföllin voru nauðsynleg og óhjákvæmileg allan þann tíma, því miður, til þess að geta hækkað kaupmátt tímakaupsins, og það tókst með þeim. Af þessu held ég, að hv. 9. landsk., ef hann vill reyna að setja sig nokkurn skapaðan hlut inn í þessi mál, hljóti að sjá, að þessi verkföll voru árangursrík. Í krafti þessara verkfalla náði verkalýðurinn því upp aftur, sem búið var að ræna af honum, en af því að hann hafði ekki ríkisvaldið í sínum höndum, heldur hefur atvinnurekendastéttin haft það, þá varð hann í sífellu að berjast, fara í verkföll, til þess að ná þessu. Stöðugasti tíminn var frá 1955—1959, að báðum árum meðtöldum.

Svo talar hv. 9. landsk. um, að það hafi ekki verið um frjálsa samninga að ræða í sumar, atvinnurekendur hafi ekki gert frjálsa samninga. Hver kúgaði atvinnurekendur? Hvað er eiginlega hv. þm. að láta út úr sér? Var ekki Vinnumálasamband SÍS frjálst að semja? Heldur hann, eins og einhver fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, að Vinnumálasamband SÍS sé eitthvað, sem Vinnuveitendasamband Íslands eigi að hafa í vasanum? Eða hvað heldur hann? Voru það ekki frjálsir samningar, sem gerðir voru af Vinnumálasambandinu? Voru það ekki frjálsir samningar, sem voru gerðir af hinum? Og hver kúgaði þá? Var það ríkisstj., sem setti lög? Hver kúgaði? Er hann bara að meina, að þeir hafi verið nauðbeygðir til þess að semja, að þeir hafi legið í því? Flestir vilja nú orða það öðruvísi. Þeir höfðu sitt frelsi til þess að hætta öllum atvinnurekstri á Íslandi, eins og þeir hafa enn. Það tók enginn það frelsi af þeim. En þeir bara lágu, þeir gáfust upp. Hvaða nauðung var það? Af hverju er hann að tala um, að það séu ekki frjálsir samningar? Eru það ekki frjálsir samningar, nema það séu atvinnurekendur, sem sigra? Er það það, sem hann meinar? Hefðu það verið frjálsir samningar, ef verkamenn hefðu gefizt upp? Hefðu það verið frjálsir samningar? Er það þetta, sem hann meinar? Hefði gengið verið hækkað, ef verkamenn hefðu orðið að fallast á kauplækkun? Er hann að tala utan að því, að fyrst atvinnurekendurnir voru sigraðir í verkfallinu, fyrst þeir urðu að fallast á kauphækkanir, þá hafi það verið nauðung og þess vegna hafi orðið að svara þeirri nauðung með einræðislögunum 1. ágúst um gengislækkunina? Það er bezt fyrir þennan hv. þm. að athuga ofur lítið betur, hvað hann segir, áður en hann talar svona. Viðvíkjandi gengislækkuninni, þá er vert kannske að undirstrika það við hv. þm., að nú er svo komið eftir þessa gengislækkun, sem hann stendur að og vill helzt framfylgja með enn harðvítugri einræðislögum, að amerískur hafnarverkamaður, sem 1947 hafði sömu laun og reykvískur hafnarverkamaður, hefur nú fimm sinnum hærri laun. Þetta er þróunin.

Svo er bezt, að við snúum okkur að einu spursmáli í þessu, sem hv. 11. þm. Reykv. kom inn á líka. Það er viðvíkjandi ávinningnum fyrir þjóðarheildina og þeim þætti í verkföllunum, sem að því snýr. Er ávinningur fyrir þjóðarheildina af þessari verkfallsbaráttu, kauphækkunarbaráttu? Það er ótvíræður ávinningur af kauphækkunarbaráttunni, svo fremi sem ekki eru gerðar ráðstafanir af hálfu þess opinbera til að eyðileggja þann ávinning. Það kom hv. 2 landsk. nokkuð hér inn á líka áðan. Og einmitt vegna þess, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði, þá vil ég gera þetta að nokkru umtalsefni. Ef atvinnurekendur eru sjálfir látnir bera ábyrgð á sínum gerð-

um, ef þeir eru sjálfir látnir standa við þá samninga, sem þeir hafa gert, þá þýðir það, að fyrir hverjum atvinnurekanda liggur, um leið og hann er búinn að undirskrifa samninga um kauphækkun við verkalýð eða verkafólk sitt: Hvernig á ég nú að fara að því að standa undir þessari kauphækkun og græða engu að síður? Það þýðir, að atvinnurekandinn fer að hugsa: Hvaða nýjar vélar get ég fengið, sem séu afkastameiri en þær, sem ég hafði áður? Hvaða betra skipulag get ég haft á vinnunni heldur en það, sem ég hafði áður? Hvernig get ég framleitt meira á hverja vinnustund heldur en ég framleiddi áður? Hvernig get ég keypt hráefnin til mín enn ódýrari en ég gerði áður? Hvernig get ég látið vextina, sem ég verð að borga af mínum lánum, vera lægri en áður? — Hann reynir á allan hátt að spara á öllum þessum liðum og reka sinn atvinnurekstur betur og praktiskar, þegar hann kemst ekki undan að greiða verkamönnunum hækkað kaup. Þetta þýðir stundum, að atvinnurekandinn kemst að þeirri niðurstöðu: Ef við ætlum að reka atvinnureksturinn praktiskt, þá verðum við að slá okkur saman fleiri, við verðum að koma upp stærri fyrirtækjum, við verðum að reka atvinnureksturinn í stærri stíl. — Þróunin í því kapitaliska þjóðfélagi hefur þess vegna eðlilega verið, að atvinnureksturinn hefur venjulega verið rekinn í stærri og stærri stíl og praktiskar og praktiskar með hverju árinu og áratugnum sem líður. Sjálf kauphækkunarbarátta verkalýðsins hefur verið svo að segja hvöt fyrir atvinnureksturinn og atvinnurekendurna til þess að bæta í sífellu sinn rekstur. Kauphækkunarbarátta verkalýðsins hefur þannig verið eitt aðalframvinduafl mannfélagsins. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 13. fundi í Sþ., 8. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

Einar Olgeirsson [frh.]: Herra forseti. Ég mun hafa, þar sem ég lauk ræðu minni síðast, hafa verið að ræða við hv. 9. landsk. þm., flm. þessa máls, og held, að ég hafi aðeins átt eitt atriði eftir í sambandi við það, sem hann hér hafði sérstaklega sagt. Það var viðvíkjandi því, sem við höfðum nokkuð deilt um, hvern árangur verkföll almennt gætu borið. Við höfðum rætt um það nokkuð viðvíkjandi verkamönnum og launþegum almennt, og því held ég, að ég hafi að mestu þá svarað. En það, sem var eftir, var að ræða um, hver ávinningur væri að kauphækkunarbaráttu verkamanna fyrir þjóðfélagsheildina. og það er nauðsynlegt, að það sé alveg greinilega og vel undirstrikað og reynt að gera hv. þm. sem ljósast, til þess að þeir átti sig á, af því að það vill oft verða í þeim almenna áróðri, að lagðar séu einhliða áherzlur á þær miklu fórnir, sem standa í sambandi við verkföllin, og það tjón, sem þjóðfélagsheildin biður við þau, ef þau verða löng, en ekki að sama skapi, hver árangur er að því fyrir þróunina í þjóðfélaginu. Sannleikurinn er sá, að allan þann tíma, sem auðvaldsskipulagið hefur staðið, hefur þessi kauphækkunarbarátta verkalýðsins, við skulum segja síðustu 100 ár, þá hefur hún verið aðalaflið, sem hefur knúið fram framfarirnar í þjóðfélaginu. Svo fremi sem þessi barátta hefði aldrei verið, svo fremi sem verkalýðurinn hefði, strax og stóriðnaðurinn myndaðist í Englandi, sætt sig við þau hörmulegu kjör, sem hann þá bjó við, og ekki tekið að berjast af öllum sínum lífs- og sálarkröftum, sem voru ekki sérstaklega miklir þá, fyrir því að bæta þessi kjör, þá hefðu þeir, sem réðu, atvinnurekendurnir í þjóðfélaginu, látið við svo búið sitja. Við hefðum enn þá vinnutíma fyrir börn allt niður í 7 ár í kolanámum og verksmiðjum og sæjum kynslóðirnar hrynja í þá gröf, sem kapitalisminn bjó þeim, eins og þá var í Englandi, meðan engin verkamannasamtök voru til. Það eru verkamannasamtökin, sem hafa knúið þessar framfarir fram, sem hafa knúið auðvaldið nú í 100 ár til þess að gera sífelldar breytingar á sjálfu auðvaldsskipulaginu og gera sérstaklega stórkostlegar tæknilegar breytingar. Allar þessar breytingar hafa verið gerðar vegna þess, að auðmennirnir kvörtuðu yfir því, að verkamennirnir gerðu svo ósvífnar kröfur til betra lífs, að það yrði þess vegna í sífellu að breyta allri tækninni, til þess að gróði auðmanna gæti engu að síður haldið áfram, þó að verkamenn kæmust upp með að gera svona ósvífnar kröfur og knýja það fram, að vinnutíminn væri styttur úr 14—16 tímum smám saman meira að segja niður í 8 tíma og að laun væru hækkuð að sama skapi. Og við verðum að gera okkur grein fyrir því, að þessar risavöxnu framfarir, sem orðið hafa í auðvaldsskipulaginu, eru fyrst og fremst þessari baráttu að þakka og því, að auðmannastéttin hefur orðið að laga sig að þessari baráttu, hefur orðið að samræma sitt tæknilega stig þessum krafti, sem var nægilega sterkur hjá verkalýðnum til þess að geta sigrað hana í stundarhagsmunaátökum. Og það var engin tilviljun, að einmitt á þeim stað og í því landi, þar sem verkamenn unnu alveg sérstaklega mikla sigra í þessum efnum á 19. öldinni, í Bandaríkjum Norður-Ameríku, þar urðu framfarirnar alveg sérstaklega hraðar. Við vitum það, að í Evrópu var alla 19. öldina og framan af 20. öldinni og er jafnvel enn talað um það háa kaup, sem verkamenn hafa í Bandaríkjunum. En hver hefur orðið afleiðingin einmitt af þessu háa kaupi? Hún hefur orðið sú, að atvinnurekendurnir hafa orðið í sífellu að skipuleggja sinn atvinnurekstur betur og betur. Það hefur þýtt, að tækniþróunin hefur orðið meiri og hraðari, og það hefur þýtt, að auðmannasamsteypurnar hafa orðið voldugri og voldugri, smáiðnaðurinn hefur dottið niður og stóru auðsamsteypurnar, sem náttúrlega reka sinn atvinnurekstur á miklu praktiskari máta, hafa tekið við. Þess vegna verðum við að gera okkur ljóst, að þessi

stéttabarátta, þessi kauphækkunarbarátta verkalýðsins er um leið eitt höfuðframvinduafl‌ið í sjálfu auðvaldsskipulaginu.

Hvað hefur núv. hæstv. ríkisstj. gert í þessu efni? Við höfum oft verið að tala um það, þegar við höfum deilt um þessi mál undanfarið, að það hafi í 20 ár hjakkað í sama farinu kaupmáttur tímakaupsins á Íslandi. Og við höfum ekki getað orðið sammála um það hér í þinginu, hvernig stendur á þessu. Ég hef lýst því yfir við allar þær umr., sem fram hafa farið um þessi mál, að þetta álít ég að við ættum að reyna að kryfja til mergjar til að reyna að komast að niðurstöðu um, hvernig stæði á. Er sú verðbólga, ef við viljum kalla hana það, sem ríkt hefur í þjóðfélaginu nú í 20 ár, því að kenna, að verkamenn hafa knúið fram kauphækkanir? Þeir hafa og þó tiltölulega sjaldan á þessum tíma, stundum annað hvert ár, stundum þriðja hvert ár, knúið fram nokkra hækkun á sínum launum. Er verðbólgan því að kenna, að þeir hafa knúið fram þessar hækkanir? Nei, hún er ekki því að kenna. Ef verkalýðurinn knýr fram kauphækkun, hver er þá afleiðingin af því í þjóðfélagi, þar sem er haldið með einhverri festu á peningamálunum? Afleiðingin af því, að atvinnurekandinn gerir samning við verkamanninn um að borga honum hærra kaup, er, að atvinnurekendur hugsa með sér: Hvernig get ég nú, án þess að láta það ganga út yfir minn gróða eða auka mitt tap á mínum atvinnurekstri, staðið undir þessari kauphækkun? Það þýðir, að atvinnurekandinn reynir að gera endurbætur á sínum rekstri, hann reynir að finna út betri aðferð til síns atvinnurekstrar, eða ef atvinnureksturinn er of lítill og þess vegna mjög ópraktískur, reynir hann að steypa sínu atvinnufyrirtæki saman við önnur atvinnufyrirtæki, til þess að heildarkostnaður við að reka þau verði minni. M. ö. o.: ef atvinnurekandinn hefur aðhald frá þjóðfélaginu, frá ríkinu og ríkisstj., bætir hann sinn atvinnurekstur, kemur á nýrri tækni, kemur á nýju skipulagi, stækkar hann eða annað slíkt, m. ö. o., hann lætur undan þessum kröfum verkalýðsins á þann hátt, að hann skapar framfarir í þjóðfélaginu, tæknilegar og skipulagslegar framfarir. Þetta gerir atvinnurekandinn og atvinnurekendastéttin í heild, svo framarlega sem ríkjandi stjórnarvöld ýta ekki undir hann að gera eitthvað annað. Ef ríkjandi stjórnarvöld hins vegar segja við atvinnurekandann: Heyrðu, góði, það gerir ekkert til, þótt þú hafir fallizt á einhverja kauphækkun, við skulum bara lofa þér að hækka verðið að sama skapi. Við skulum láta vöruna verða því dýrari, þannig að þitt helzt það sama, við sömu vitleysuna í rekstrinum, en reksturinn er jafnópraktískur, eða við lækkum bara gengið, ef útflutningsatvinnuvegurinn hefur sérstaklega mikla þýðingu, — þá sleppir þar með ríkisstj. aðhaldinu að atvinnurekstrinum eða atvinnurekendastéttinni um að endurbæta, og það er það, sem hér hefur verið gert í 20 ár. Þegar þessi ríkisstj. komst til valda, lýsti hún því yfir, að hún mundi hætta við þessa aðferð, og það var e. t. v. það eina jákvæða, sem ég sá í yfirlýsingum þessarar hæstv. ríkisstj., að hún lýsti því yfir, að hún mundi ekki láta atvinnurekendurna, ef þeir semdu við verkamenn um hækkað kaup, fá aðstöðu til þess að hækka verð á sinni vöru að sama skapi, fá útflutningsuppbætur, fá gengið lækkað eða annað slíkt.

M. ö. o.: þessi ríkisstj. lýsti því yfir, að atvinnurekendur yrðu að standa á eigin fótum, þeir yrðu sjálfir að bera ábyrgð sinna gerða. Og þetta var eitt langþýðingarmesta atriðið í yfirlýsingu ríkisstj. og stefnu hennar. Þetta gat þýtt, að atvinnurekendur á Íslandi yrðu að sýna einhverja ábyrgðartilfinningu, yrðu að vinna að því að knýja fram framfarir í þjóðfélaginu, yrðu að hætta sinni verðbólgupólitík. Þess vegna var það, að þegar atvinnurekendurnir féllust á 10% hækkun eða hvað við viljum telja, 10—11% eða 12%, í sumar, þá þýddi það, að nú urðu atvinnurekendur að gera verulega stórkostlegar breytingar á sínum atvinnurekstri, og var sannarlega tími til kominn. Þess vegna er það, að það, sem ríkisstj. gerði, og það ætla ég ekki að fara að ræða hér, að láta undan í sambandi við gengislækkunina og það í þessu efni, það var að bregðast allri sinni stefnu, það var að svipta þjóðarheildina þeim ávinningi, sem þjóðarheildin gat haft af kauphækkunarbaráttu verkamannanna í sumar. Það, sem við einmitt þurftum á að halda, var, að atvinnurekendur tækju sig til með að gera verulega stórar endurbætur á sínum atvinnurekstri. Hér er öðru hverju verið að tala um, að það eigi að vera eitthvert samstarf milli atvinnurekenda og verkamanna um það. Það getur verið ágætt út af fyrir sig að hafa samstarf um það. En atvinnurekendur hafa haft allt vald allan þann tíma, sem þeir hafa stjórnað atvinnurekstri hér á Íslandi, til að gera breytingar á sínum atvinnurekstri. Það hefur aldrei staðið á verkamönnum við það, enda hafa þeir ekki verið spurðir að því. Atvinnurekendastéttin hefur haft allt það vald, sem hún hefur viljað, í þessum efnum. Þeir hafa svo bara brugðizt þeirri skyldu, sem þeir áttu að rækja fyrir þjóðarheildina í þessu sambandi. Í staðinn fyrir að knýja atvinnurekendur í sífellu til þess að endurbæta og umskipuleggja sinn atvinnurekstur var látið undan í sumar með nýrri verðbólgu- og gengislækkunarpólitík. Þar með var þjóðfélagið svipt þeim árangri, sem einmitt gat orðið af þessum kauphækkunum, og svo náttúrlega verkalýðurinn sviptur þeim ávinningi. Það hafði ég þegar áður rætt um. Þetta held ég að hafi verið það seinasta, sem ég átti eftir í sambandi við þau orð, sem féllu milli mín og hv. 9. landsk., að segja við hann.

Þá ræddi hv. 11. þm. Reykv. hér nokkuð um þessi mál og fór, eins og okkur hefur öllum hætt við í þessum umr., nokkuð út í þessi mál almennt. Hann kom sérstaklega inn á það, hv. 11. þm. Reykv., að það hefði ekki

farið hér fram á þessum 20 árum endurskipting þjóðarteknanna. Það snertir nú raunverulega einmitt það, sem ég var að segja hér áðan. Af hverju hefur þessi endurskipting ekki farið fram, þrátt fyrir þessa baráttu? Það er einmitt að kenna þessari svikamyllu verðbólgunnar. Í hvert skipti, sem launþegastéttirnar í landinu hafa knúið fram hækkun, hefur þessi svikamylla verðbólgunnar verið sett í gang. Þess vegna hefur ekki sú endurskipting farið fram á þann hátt, sem eðlilegastur væri, sem sé með því, að í sjálfum atvinnurekstrinum væru knúnar fram meiri framfarir, betri skipulagning, ný atvinnutæki og nýir atvinnuvegir.

Hv. 11. þm. Reykv. kom í þessu sambandi inn á spursmálið um aukninguna á framleiðslunni, og ef ég man rétt, — það er nú víst orðið nokkuð langt um liðið síðan, — þá var hann að tala um eðlilega framleiðsluaukningu. Ég þori nú ekki alveg að fullyrða, hvaða tölur hann var með, af því að ég hef ekki skrifað það hjá mér, en mig minnir, að hann hafi minnzt eitthvað á milli 5 og 7%, og það eru tölur, sem líka hefur hjá hæstv. viðskmrh. alloft borið hér á góma, þegar við höfum verið að ræða þessi mál hér almennt. Nú verð ég að taka það fram, að þarna er ekki um neinar algildar tölur að ræða. Við skulum síður en svo slá því föstu, að aukning á þjóðarframleiðslu geti ekki verið meiri en t. d. 5—7% og þar í kring. Ég held, að síðasti áratugurinn í Evrópu sýni í auðvaldslöndunum í Evrópu frá 3 upp í 9½% aukningu á ári á þjóðarframleiðslunni. Ég held, að Bretland sé einna lægst þar með um 3% og Vestur-Þýzkaland hæst með upp í 9½%, en í sósialistísku löndunum eru þessar sömu tölur yfirleitt 10—11% og allt upp í 28%, sem er í Kína, — ég býst við, að Sovétríkin séu eitthvað í kringum 13—14%. Það er náttúrlega dálítið ónormalt í þeim tölum, sem þarna eru hæstar í hvorri deildinni fyrir sig, ef við viljum taka það þannig. Vestur-Þýzkaland varð að reisa sig úr rústum styrjaldarinnar og Kína að byggja sig upp frá ákaflega frumstæðu bændaþjóðfélagi. En engu að síður er það alveg gefið með tiltölulega frumstætt land eins og okkar, að aukning þjóðarframleiðslu getur hæglega, ef hér er almennilega að unnið, verið yfir 10% á ári. Með nokkurn veginn viturlegri stjórn á íslenzkum þjóðarbúskap er það hægur vandi að auka framleiðsluna um 10% á ári. Þar kemur náttúrlega eitt inn í, sem alltaf skapar náttúrlega meiri gárur á okkar aukningu þannig, og það er okkar afli, vegna þess, hve mikið við byggjum á sjávarútveginum og fiskaflanum. En við verðum að gá að því, að líka því getum við stórkostlega breytt, bara með því að koma á miklu meiri fullvinnslu í landinu úr því, sem við öflum, miklu meiri iðnaði á grundvelli okkar sjávarútvegs. Þá mundu þær miklu sveiflur, sem stafa af því, að við höfum fyrst og fremst verið veiðiþjóð, sem flytur út aflann óunninn eða hálfunninn, — þá mundi það gerbreytast hjá okkur, þannig að við verðum að minnast þess, þegar við tölum um endurskiptingu þjóðarteknanna og aukningu þjóðarteknanna, að það er ekki hlutur, sem er eitthvað ákveðið frá náttúrunnar hálfu. Það er hlutur, sem þjóðfélagið sjálft ræður við að mjög miklu leyti, þó að við getum ekki stjórnað aflanum enn þá, þannig að alþýða manna í landinu, t. d. launþegarnir eiga það í þessu tilfelli undir stjórnarvöldunum og hvernig þau stjórna, hvort þjóðarframleiðslan eykst og hve mikið á ári, þannig að það er ekki hægt að svara launþegunum því, þegar þeir eru að koma með sínar kröfur um launahækkun: Þjóðfélagið ber ekki þetta og þetta, — ef þeir, sem þjóðfélaginu stjórna, hafa stjórnað því svo illa, að möguleikarnir til þess að láta þjóðarframleiðsluna vaxa hafa ekki verið hagnýttir.

Launþegastéttin í landinu á ekki að bera byrðarnar af því, ef yfirstéttin í landinu stjórnar svo illa og svo vitlaust og með svo litilli fyrirhyggju, að þjóðarframleiðslan vex ekki eins og hún gæti vaxið. Það er þess vegna engin spurning um það, að heildarstjórnin á okkar þjóðarbúskap hlýtur alltaf að vera langsamlega þýðingarmesta atriðið í deilumálunum um alla þessa hluti, og það að ætla að fara blása út t. d. tjónið, sem er af einstökum verkföllum, þá sjaldan þau eru, til þess að reyna að gera það að einhverju aðalatriði í sambandi við afkomu þjóðarinnar og slíkt, það er algerlega rangt. Fyrsta spursmálið fyrir okkur var að skipuleggja okkar atvinnurekstur þannig, að þjóðartekjurnar yxu miklu meira og miklu hraðar en verið hefur á undanförnum árum, og þá var um leið miklu meiri grundvöllur til endurskiptingar þeirra. En meira að segja ef yfirstéttin vanrækir slíka stjórn á þjóðarbúskapnum, á meðan hún á annað borð ræður, á ekki verkalýðurinn eða alþýða manna að sætta sig við slíkt. Hann á ekki að sætta sig við slíka óstjórn yfirstéttarinnar. Þá verður hann að rísa upp og knýja fram sínar kauphækkanir og láta yfirstéttina þá standa frammi fyrir því, hvað hún gerir á eftir, hvort hún kýs heldur að reyna að halda áfram þessari verðbólgupólitík og gengislækkunarpólitík eða hvort hún kýs að lokum að reyna að stjórna þjóðfélaginu eitthvað betur, tæknilega, skipulagslega, stjórnmálalega. Hvernig sem við lítum á þetta, þá verður þess vegna alltaf kauphækkunarbarátta verkalýðsins, stéttabarátta verkalýðsins, það verður aflið, sem knýr fram þróunina í okkar þjóðfélagi. Án þess stendur hún kyrr.

Þetta var viðvíkjandi því, sem hv. 11. þm. Reykv. hafði sagt viðvíkjandi endurskiptingu þjóðarteknanna. Hins vegar ber það oft á góma og bar líka í þessum umr., að það hefði verið rætt um, að það hefði máske ekki orðið mikil breyting á afkomu manna vegna þess, hvað vísitalan um kaupgetu tímakaups sýndi litla breytingu til bóta og jafnvel oft enga. Við verðum að gera okkur það

ljóst, að á þessum 20 árum hefur orðið frá því, sem var fyrir styrjöldina, mesta breyting, sem nokkurn tíma hefur orðið í Íslandssögunni á efnahag íslenzku þjóðarinnar og vinnandi stéttanna þar með líka. Og það hef ég nú þegar getið um í sambandi við það mikla stökk, sem gert var í þeim efnum 1942, og skal ekki fara frekar út í það. En breytingin, sem orðið hefur síðan, eftir að sú kaupgeta tímakaupsins náðist, sem varð 1942, stafar að ákaflega miklu leyti af því, hve mikil vinna hefur verið unnin. Við skulum gera okkur það ljóst, að okkar þjóð og okkar vinnandi stéttir sérstaklega hafa unnið meira og hafa unnið lengur en nokkrar launþegastéttir í Evrópu hafa gert á þessum 20 árum. Hjá a. m. k. öllum þorranum, sérstaklega verkalýð í Reykjavík, um mestallt þetta tímabil hefur verið 10—11 tíma vinnudagur, og þar að auki hefur verið unnið ákaflega oft allan þann tíma, sem menn hafa átt að hafa orlof, og ákaflega oft sunnudaga. Það liggur við, að svo að segja allt, sem bæði kristindómurinn og kommúnisminn hafa knúið fram á undanförnum öldum til endurbóta á lífskjörum verkalýðsins hvað hvíld snertir, sem sé það að halda sunnudaginn heilagan og það að fá orlof og annað þess háttar, það hafi verið þurrkað út á Íslandi á síðustu 20 árum. Menn hafa unnið eins og þrælar næstum því, og menn hafa líka unnið afrek, menn hafa unnið kraftaverk hér á þessum tíma. Það þarf ekki annað en að líta á, það er alveg nýtt Ísland, sem búið er að skapa hvað snertir íbúðarhús og mannvirki á Íslandi. Og það má heita, að svo og svo mikið af öllu þessu sé unnið utan 8 tíma vinnudags. Það hefur orðið gífurleg breyting á efnahag manna. Ég býst við t. d., að hér í Reykjavík eigi upp undir 50% af launþegum sínar eigin íbúðir nú sjálfir — upp undir það — eða eru a. m. k. að berjast við að eignast þær, sem var alveg gerólíkt fyrir stríð. Það var draumur, sem fæstir gátu látið rætast þá. En ég vil um leið undirstrika, að það er hætta á, að þetta glatist, tapist meira eða minna nú, með þeirri pólitík, sem núv. hæstv. ríkisstj. rekur. Menn eru að missa sínar íbúðir nú vegna þess, hve menn fá lítið fyrir sitt tímakaup. Það er allt í hættu, sem áunnizt hefur á undanförnum áratugum í þessu efni. Og svo framarlega sem ekki verður hér breyting á, þannig að þegar verkamönnum tekst að hækka sitt kaup, fái kaupmátturinn að haldast, þannig að menn hafi meira afgangs en ella, þá er gefið, að okkur fer að hraka aftur í þessum efnum, — fyrir utan svo hitt, að við verðum að gá að því, að þessi gífurlega vinna, sem þjóðin framkvæmir, er til tjóns fyrir hana, heilsufarslega og menningarlega séð, eins og við höfum minnzt á áður. Þetta vildi ég aðeins segja viðvíkjandi því, sem við höfðum verið að deila um, viðvíkjandi breytingunni á efnahag.

Þá kom hv. 11. þm. Reykv. nokkuð inn á, hvort það hefðu ekki verið alveg þýðingarlaus þessi verkföll, sem háð hefðu verið, kjörin hefðu rýrnað hvort sem er. Við verðum þarna að gera okkur eitt ljóst. Hefðu þessi verkföll ekki verið háð, hefði þessi kauphækkunarbarátta ekki verið knúin fram, þá hefðu kjörin versnað miklu meira, þá hefðu þau farið hriðversnandi. Það er gefið mál, að þessi verkföll hafa, þegar þau gátu ekki orðið sóknarsigrar, þá urðu þau varnarsigrar, þá urðu þau þó til þess að hindra það, að kjörin væru enn þá meira rýrð.

Og svo held ég, að hv. 11. þm. Reykv. hafi lokið sinni ræðu með því að minnast nokkuð á þau stóru ríki úti í Evrópu, sem hefðu hlaðið um sig tollamúrum, kom nokkuð inn á það, sem ég hafði verið að ræða um í sambandi við auðhringana. En það var aðeins eitt, sem ég vildi leiðrétta hjá honum í því. Hann talaði um, að þessi ríki hefðu skapað mikinn gróða í skjóli tollamúranna. Það er misskilningur. Ef hv. þm. heldur, að þeir voldugu auðhringar, við skulum segja í Þýzkalandi, Englandi eða annars staðar, skapi sér eingöngu gróða í skjóli tollamúra, sem þeir hafa hlaðið í kringum sig, — og mér skildist næstum því á honum, að hann héldi, að ef þessir tollamúrar yrðu rifnir niður, ef t. d. Efnahagsbandalag Evrópu yrði myndað eða yrði stækkað, þá mundi þessi gróði hverfa. Og ég held, — það er að vísu orðið langt um liðið síðan, — ég held, að hann hafi rætt eitthvað um það, að innan þessara tollamúra hafi frjáls samkeppni verið afnumin og jafnvel auðhringar drottnað þar og náð sínum gróða í skjóli slíkra tollamúra. Þetta mundi síður en svo verða afnumið, svo framarlega sem Efnahagsbandalag Evrópu næði yfir t. d. England líka. Það mundi aðeins þýða, að tollamúrarnir væru í kringum margfalt stærra svæði en áður og innan þessara tollamúra yrðu þeir voldugu auðhringar, hvort heldur það væru stál- og kolahringar Þýzkalands eða Unilever-hringur Bretlands, þá yrðu þeir jafnt ráðandi eftir sem áður, en enn þá voldugri einmitt við það, að það er stærra svæði, sem þeir þá ráða yfir. Gróðann hins vegar taka þessir voldugu hringar fyrst og fremst af þeim verkalýð, sem vinnur hjá þeim. Gróðinn skapast við það, að verkalýðurinn fær ekki greitt nema hluta af því raunverulega andvirði þess vinnuafls, sem hann lætur þessum auðmönnum í té, þannig að gróðinn mundi halda jafnt áfram að vaxa eða vera til, allt eftir því, hvernig gengi annars vegar um stéttabaráttu verkalýðsins til að ná hluta af honum til sín og hins vegar um sjálfa tækni- og skipulagsþróun þessara auðhringa í þá átt að geta skapað sér meiri gróða, jafnvel þó að þeir verði að láta verkalýðnum, sem við þá berst, meiri laun í té.

Við skulum þess vegna gera okkur ljóst, ekki sízt ef það væri fyrirhugað að fara að innlima Ísland í slíka efnahagssamsteypu, að þá mun ekki síður af veita, að íslenzkur verkalýður sé reiðubúinn til harðvítugrar baráttu fyrir bættum kjörum sínum. Þá býst

ég við, að það mundi verða komið svo, að öll íslenzka þjóðin ætti það undir þeirri baráttu, hvernig henni vegnaði, því að ég býst ekki við, að það yrðu þá eftir skamman tíma margir atvinnurekendur eftir á Íslandi. Þegar erlendir auðhringar væru orðnir frjálsir um að eiga hér og stjórna atvinnurekstri, þá yrði þessi litla atvinnurekendastétt, sem við höfum haft hér og þjóðfélagið hefur verið að reyna að halda lífinu í og ýta undir á ýmsan máta, þó að hún hafi ekki staðið sig eins vel og hún hefði átt að gera, þá býst ég við, að það yrði ekki lengi verið að trampa hana niður undir hrosshófum þeirra auðmannahringa, sem þá héldu hér innreið sína, og þorri Íslendinga yrði þá eingöngu launþegafólk, sem ætti alla sína afkomu undir því, að launþegasamtökin væru nógu harðvítug í baráttu íslenzku þjóðarinnar við þessa auðhringa, til þess að reyna að knýja fram sem bezt lífskjör íslenzku þjóðinni til handa. Það leiðir okkur nú nokkuð frá þessu máli, sem hér var til umr. En það er náttúrlega ekki nema eðlilegt, að slíkt komi upp, þegar lögð er fyrir þingið till. um að reikna út tjón af völdum vinnustöðvana. Það hefði verið miklu nauðsynlegra að leggja fyrir þingið tillögur um það að reikna út, hvað vinnustöðvanirnar, þegar verkamenn hafa verið knúðir til þeirra, hafi þó leitt gott af sér fyrir íslenzkan verkalýð og fyrir íslenzka þjóð og hvernig hins vegar misvitrum stjórnarvöldum á hinum ýmsu skeiðum hafi tekizt að eyðileggja þann árangur, sem orðið hefur af kauphækkunarbaráttu íslenzks verkalýðs, með misvitrum stjórnmálalegum ráðstöfunum, — og þeirra síðust og verst er gengislækkunin.

Það er búið að gera till. um, að þessi till. fari til nefndar, og það er ekki nema eðlilegt. En ég vil mjög skjóta því til þeirrar nefndar að athuga um breytingu á þessari þáltill., ekki síst ef við gætum komið okkur saman um að reyna nú einu sinni að fá það fram, sem oft hefur verið talað um hér á Alþingi og aldrei gert neitt í, að láta okkur í té og þar með líka þeim samtökum í landinu, samtökum hinna ýmsu stétta, sem deila sín á milli, óhlutdræga undirstöðu, óhlutdrægar rannsóknir á efnahag landsins og afkomu stéttanna, þannig að þegar við erum að deila um þessi mál, þá þurfum við ekki að vera með tómar tölur til ágizkunar allar saman, heldur getum sagt: Flettu upp í bókunum, — eins og hver einasta menningarþjóð Evrópu og Ameríku getur flett upp í bókunum og sagt: Svona er mikill gróði á íslenzkum atvinnurekstri, í þessa hluti fer hann og svona og svona væri hægt að hafa þetta öðruvísi og greiða verkalýðnum þar með hærri laun. Ef þessi till. gæti orðið til þess, að við gætum komizt að niðurstöðu um að fara fram á við þær stofnanir í þjóðfélaginu, sem slíkt gætu rannsakað, að þær létu okkur slíkar skýrslur í té, þá væri kostur að því að hún hefði verið borin fram, þó að það hafi ekki að öllu leyti fylgt henni góður hugur frá hálfu flm., eins og þegar hefur verið rakið.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í umr. um þessa till., en vegna ummæla, sem hv. frsm. lét falla hér, þegar till. var til umr. seinast í Sþ., tel ég rétt að segja nokkur orð og víkja jafnframt að nokkrum fleiri atriðum í tilefni af því.

Hv. frsm. lét þau orð falla, að þeir kaupsamningar, sem hefðu verið gerðir milli samvinnufélaganna og verkalýðsfélaganna á Norðurlandi á s. l. sumri, hefðu verið ófrjálsir samningar, að samvinnufélögin hefðu ekki unnið að þessum samningum sem frjáls aðili, þeir hefðu verið undir fyrirmælum annars staðar að og látið óviðkomandi aðila stjórna sínum gerðum. Ég veit, að hv. frsm. þekkir það vel til þessara mála, að hann veit, að þetta er ósatt. Þeir aðilar, sem sömdu af hálfu samvinnufélaganna á Norðurlandi á s. l. sumri, voru ekki undir neinum áhrifum annars staðar að, eins og hann vildi vera láta. Þeir gerðu þessa samninga fullkomlega sem frjálsir aðilar. Og það sannast líka bezt á því, að þeir samningar, sem hér voru gerðir, voru eðlilegir og heilbrigðir samningar. Hér var eingöngu samið um það, sem sannanlega liggur nú fyrir að atvinnuvegirnir gátu og geta vel risið undir. Það hefur sannazt síðar, og ég skal aðeins nefna nokkur dæmi þess, að atvinnuvegirnir höfðu fullkomlega getu til að standa undir þeim samningum og þess vegna voru þetta eðlilegir og heilbrigðir samningar, því að að sjálfsögðu eiga atvinnurekendur að láta launþega fá það, sem þeir eru færir um að greiða, í samræmi við getu atvinnuveganna. Það má t. d. strax nefna það, að þeir atvinnurekendur, sem unnu að síldarsöltun og síldarbræðslu á Norðurlandi á s. l. sumri, gátu ekki aðeins tekið á sig þessa kauphækkun, sem hér var um að ræða, heldur líka hækkað bæði verðið á bræðslusíldinni og saltsíldinni. Það sýndi sig þess vegna vel, að síldarútvegurinn gat vel risið undir þessari kauphækkun og borið hana og greitt hærra verð eftir en áður þrátt fyrir það, að hann tæki á sig þessa kauphækkun. Það hefur líka sýnt sig hér hjá iðnaðarfyrirtækjunum í Reykjavík, að þau gátu vel risið undir þessari kauphækkun, vegna þess að þau hafa ekki að neinu leyti, nema kannske í örfáum tilfellum, fengið hana tekna til greina í sambandi við verðlagningu á vörum sínum. Iðnaðurinn gat þess vegna vel risið undir þessari kauphækkun, sem hér var samið um. Og það hefur líka verið sýnt fram á, að þau fyrirtæki, sem hafa verið talin standa einna höllustum fæti í landinu, þar sem eru frystihúsin, gátu vel risið undir þeirri hækkun, sem hér var um að ræða. Það hefur þegar verið gert hér í umr. á Alþingi að rekja þau rök, sem að því liggja, og sé ég þess vegna ekki ástæðu til að rifja það upp, nema frekara tilefni gefist til þess. Þannig má halda áfram að

rekja dæmin, sem sanna það, að þeir kaupsamningar, sem samvinnufélögin á Norðurlandi gerðu við verkalýðsfélögin á s. l. sumri, voru eðlilegir og heilbrigðir samningar, vegna þess að það liggur sannanlega fyrir, að atvinnuvegirnir gátu vel risið undir þessum samningum og gátu greitt það kaup, sem samið var um. Þess vegna voru þetta eðlilegir og heilbrigðir samningar og ekki hægt að tala um það, að hér hafi atvinnurekendur verið undir neinni þvingun eða kúgun eða fyrirmælum, þegar þeir voru að ganga frá þessum samningum.

En það er annað í þessu sambandi, sem rétt er að vekja athygli á og er það langsamlega athyglisverðasta í sambandi við þessi mál, og það er, að það voru aðrir atvinnurekendur en samvinnufélögin, sem voru undir þvingun og fengu ekki að vinna eins og þeir hefðu kannske helzt kosið. Strax á s. l. hausti, þegar verkalýðssamtökin byrjuðu að bera fram kröfur sínar, sneri ríkisstj. sér til þeirra gömlu manna, sem stjórna Vinnuveitendasambandi Íslands, og hvíslaði í eyru þeirra: Nú skuluð þið standa hart á móti öllum kaupkröfum. Nú skuluð þið nota tækifærið til að slá niður verkalýðshreyfinguna í landinu. Nú hafið þið einhuga ríkisstjórn á bak við ykkur. Nú hafið þið ríkisvaldið á bak við ykkur. Nú skuluð þið bara standa ófluglega á móti öllum kröfum og í eitt skipti fyrir öll slá niður verkalýðshreyfinguna í landinu. — Þetta var það, sem var hvíslað af hálfu ríkisstj. í eyru hinna gömlu atvinnurekenda, sem stjórna Vinnuveitendasambandi Íslands, á s. l. hausti. Í framhaldi af þessu gerðist það, að þessir gömlu atvinnurekendur, sem stjórna Vinnuveitendasambandi Íslands, sú litla klíka, sem ræður þar, hún sendi frá sér eitthvert hið einstæðasta plagg, sem til er í allri sögu verkalýðsmála á Íslandi, eitthvert hið mesta móðuharðindaplagg, ef svo mætti segja, sem þekkt er í íslenzkri sögu. Þar var sagt: Afkoma atvinnuveganna er þannig, að það er alveg útilokað, að þeir taki á sig hina minnstu kauphækkun. Það kemur ekki til mála að veita hina minnstu kauphækkun að þessu sinni. Við önzum ekki neinum kröfum um kauphækkun.

Þetta var það, sem þeir, sem stjórnuðu Vinnuveitendasambandi Íslands, gerðu á s. l. vetri að undirlagi hæstv. ríkisstj. Þannig var byrjað á því að taka á móti eðlilegum óskum verkalýðshreyfingarinnar um það, að nokkrar leiðréttingar yrðu gerðar á kjörum þeirra manna, sem hún er fulltrúi fyrir. Þessu var haldið áfram.

Þegar ekki var lengur hægt að standa á þessu móðuharðindaplaggi, var boðin 3% kauphækkun. Að sjálfsögðu litu verkalýðsfélögin ekki við því tilboði. Og svo kom 6% tilboðið. Þannig var þessu haldið áfram, þannig var þessu stefnt öllu saman í hreint óefni, með því fyrst að segja, að það væri ekki hægt að veita neina kauphækkun, síðan 3% og svo 6%, sem þó sannanlega var minna en það, sem atvinnuvegirnir gátu undir risið. Þetta var gert vegna þess, að þeir atvinnurekendur, sem stjórnuðu Vinnuveitendasambandi Íslands, voru raunverulega ófrjálsir, þeir létu stjórnast af fyrirmælum og undirlagi ríkisstj., og þetta var orsök þeirrar hörðu deilu, sem átti sér stað hér í Reykjavík og í Hafnarfirði á s. l. sumri. Ef atvinnurekendur hér sunnanlands hefðu tekið skynsamlega á þessum málum í upphafi, eins og atvinnurekendur eða samvinnufélög á Norðurlandi gerðu, þá hefði aldrei komið til þeirra átaka, hinna löngu verkfalla, sem hér urðu sunnanlands á s. l. sumri. Það var eingöngu vegna þess, að þessir atvinnurekendur létu stjórnast af öflum á bak við sig, létu stjórnast af ríkisstj., að þeir voru ófrjálsir í raun og veru og þvingaðir til að gera það, sem þeir gerðu, að hér urðu hin löngu verkföll, sem áttu sér stað á s. l. sumri. Þetta var orsök verkfallanna og ekkert annað. Það var þessi þvingun þeirra atvinnurekenda, sem réðu í Vinnuveitendasambandi Íslands, sem knúði þessi verkföll fram.

En það veit ég líka, hv. flm. veit það og sennilega allir þm. hér inni, að það var engan veginn, að atvinnurekendur væru á einu máli um þessa afstöðu. Ég þekki sjálfur persónulega marga atvinnurekendur, sem hafa látið það í ljós, að hér hafi verið fullkomlega farið rangt að af hálfu Vinnuveitendasambands Íslands, það hafi verið hin óheppilegustu vinnubrögð, sem hér hafi verið í frammi höfð. Það hafi verið hið sama og að slá verkalýðsfélögin og hvetja þau til mótspyrnu að segja í upphafi samninganna: Við getum enga kauphækkun veitt og við veitum enga kauphækkun, — þegar vitanlegt var, að það var hægt og það var ekki hægt að komast hjá því, að eitthvað slíkt yrði gert af hálfu vinnuveitenda.

Það er vissulega ástæða til þess að draga þetta fram hér í þessum umr. og sérstök ástæða til þess vegna þess, sem hv. frsm. sagði, að það var þetta ófrelsi nokkurra vinnuveitenda hér sunnanlands, sem réð því fyrst og fremst, að þessi miklu verkföll urðu hér á s. l. sumri.

En mér finnst rétt að minnast á það í framhaldi af þessu, sem kom hér að nokkru leyti fram í ræðu hv. flm. og kom þó betur fram í vantraustsumr., að hann hefur verið að harma það, að ríkisstj. skyldi ekki lögfesta 6% kauphækkun á s. l. sumri, eða það sáttatilboð, sem sáttasemjari ríkisins gerði að undirlagi ríkisstj. Hann hefur m. ö. o. verið að harma, að það skyldi ekki vera lögfest helmingi minni kauphækkun en sannanlegt er að atvinnuvegirnir gátu veitt og ég hef fært hér dæmi að og má færa fleiri. Hann hefur verið að harma það, þessi Alþýðuflokksmaður, að ríkisstj. skyldi ekki lögbinda helmingi minni kauphækkun en sannanlegt var, að atvinnuvegirnir gátu risið undir. Ég hygg, að þeir menn, sem þekkja til baráttu manna eins og Jóns Baldvinssonar, Héðins Valdimarssonar og Sigurjóns Á. Ólafssonar, mundu verða undrandi yfir því, að nú skuli vera ráðamenn í Alþfl., sem halda fram slíkum skoðunum eins og þessari, — menn,

sem harma, að það skyldi ekki á s. l. sumri vera lögfest helmingi minni kauphækkun en sannanlegt var að atvinnuvegirnir gátu vel þolað.

Það er í framhaldi af þessu, sem hv. flm. og ýmsir flokksmenn hans eru nú að tala um, að það þurfi að fara meira inn á þessa braut, og að það sé mikil spurning, hvort það sé ekki rétt að afnema verkfallsréttinn með öllu, eins og þeir vildu að gert væri á s. l. sumri, því að vitanlega vildu þeir ekkert annað þá en það, að kaupið væri lögfest, sem þýddi það, að verkfallsrétturinn væri afnuminn.

Það er í tilefni af þessu ekki úr vegi að rifja það upp með því að skírskota til erlendrar reynslu, hvort það gefist vel að afnema samningsrétt verkalýðssamtakanna, hafa verkalýðssamtökin ófrjáls og engan verkfallsrétt. Þetta er auðveldast að gera með því að bera saman framfarirnar og lífskjörin í þeim löndum, þar sem verkalýðsfélögin eru frjáls, þar sem verkfallsréttur er ríkjandi, og svo í hinum löndunum, þar sem verkalýðssamtökin eru ófrjáls og þar sem ekki er verkfallsréttur. Ef það er nú þannig, eins og hér er verið að gefa í skyn, að allt það, sem afvega fer í þjóðfélaginu, stafi raunverulega af því, að það sé til verkfallsréttur og að menn geri verkföll öðru hverju, — ef það er rétt, ættu lífskjörin og framfarirnar að vera miklu meiri í þeim löndum, þar sem verkalýðsfélögin eru ekki frjáls og þar sem verkfallsrétturinn er afnuminn, heldur en í hinum löndunum, þar sem verkalýðurinn er frjáls til að gera verkföll, þegar hann telur óhjákvæmilega nauðsyn til þess. Við getum í þessu sambandi t. d. borið saman Sovétríkin og Bandaríkin. Í Sovétríkjunum eru verkalýðssamtökin ekki frjáls og þar er ekki verkfallsréttur. Aftur á móti í Bandaríkjunum eru verkalýðssamtökin frjáls, og þar er verkfallsréttur. Hvað segir nú hv. flm., ef hann ber saman framfarirnar og lífskjörin í þessum löndum? Finnst honum, að niðurstaðan muni þá verða sú, að það sé eðlilegt og rétt stefna að berjast fyrir lögfestingu á kaupgjaldi, að berjast fyrir því, að verkfallsrétturinn sé afnuminn, eins og hann vildi að gert yrði á s. l. sumri? Ég hygg, að ef hann athugar þessi mál gaumgæfilega, þá muni hann komast að þeirri niðurstöðu, að sú stefna hans hafi verið algerlega röng að beita sér fyrir því á s. l. sumri, að hér yrði verkfallsrétturinn afnuminn og kaupið lögfest með brbl.

Og það má halda þessum samanburði áfram. Við skulum taka t. d. annars vegar lönd eins og Portúgal og Spán, þar sem verkalýðsfélögin eru ófrjáls og þar sem enginn verkfallsréttur er, og svo t. d. Norðurlönd, Sviþjóð, Danmörk og Noreg. Ef hans kenning væri rétt, að það sé rétt að lögfesta kaup og það sé rétt að afnema verkfallsréttinn, þá ættu lífskjörin að vera miklu betri á Spáni og í Portúgal heldur en á Norðurlöndum. Er það niðurstaðan? Vissulega ekki. Lífskjörin eru miklu betri á Norðurlöndum og framfarirnar miklu meiri þar. En nú kunna einhverjir að spyrja: Hafa hin frjálsu verkalýðssamtök og verkfallsrétturinn eitthvað að segja í þessu sambandi? Já, þau hafa mikið að segja í þessu sambandi, því að það var alveg rétt, sem kom fram hér hjá hv. síðasta ræðumanni, að hin frjálsu verkalýðssamtök og verkfallsrétturinn er ein mesta driffjöðrin í hinum kapítalistísku þjóðfélögum, þar sem þessi réttindi fá að njóta sín, og þess vegna er afkoma miklu betri þar en í hinum kapítalistísku löndunum, þar sem þessi réttindi eru ekki, og í kommúnistalöndunum, þar sem þessi réttindi eru ekki. Með samtökum sínum og verkfallsréttinum, þó að honum sé beitt hóflega, koma hinir mörgu einstaklingar, þeir sem standa að verkalýðsfélögunum, því til leiðar, að þeir fá miklu betri kjör en ella, og þetta skapar aukna veltu og auknar framkvæmdir. Þetta verður til þess, að það verða miklu fleiri einstaklingar en ella, sem geta notið framtaks síns og komið þannig á aukinni framþróun og framförum í þjóðfélögunum. Þess vegna er það engin tilviljun, að lífskjörin eru miklu betri, að framfarirnar eru miklu meiri og uppbyggingin er miklu lengra á veg komin í þeim löndum, sem búa við frjáls verkalýðsfélög og frjálsan verkfallsrétt, heldur en í þeim löndum, þar sem þessi réttur hefur verið afnuminn, eins og hv. þm. vildi að gert yrði hér á s. l. sumri.

Ég hygg, að það sé fullkomin ástæða til þess, að menn íhugi vel þessi sannindi, vegna þess að nú heyrist meira og meira um það talað, að það, sem sé kannske eitthvað hið nauðsynlegasta í þessu þjóðfélagi, það sé að skerða verkfallsréttinn, það sé að draga úr frelsi verkalýðshreyfingarinnar og láta einhverjar þvinganir koma þar í staðinn. Það er vissulega ekki þetta, sem er að í okkar þjóðfélagi. Það er ekki að í okkar þjóðfélagi, að kaupgjald sé hér hærra en í öðrum löndum, því að sannanlegt er, að það er nú miklu lægra. Það er annað, sem er að hjá okkur. Það er það, að við þurfum að vinna betur að því að byggja upp atvinnuvegi okkar, bæta vinnubrögðin í þeim og auka tæknina. Það er það, sem stendur upp á atvinnurekendur um að standa sig, en ekki verkalýðinn, þó að sjálfsagt sé, að hann vinni að því að eiga þátt í slíkum framkvæmdum, eftir því sem auðið er.

Ég vil svo að síðustu víkja nokkrum orðum að því viðhorfi, sem nú er í þjóðfélagi okkar. Það viðhorf er að ýmsu leyti svipað og var á s. l. hausti, þegar verkalýðsfélögin byrjuðu að bera fram kröfur sínar. Nú hafa mörg verkalýðsfélög, síðan gengislækkunin átti sér stað, sagt upp kaupsamningum og búa sig undir það að bera fram nýjar kröfur til að mæta þeirri kjaraskerðingu, sem hlotizt hefur af gengislækkuninni. Seinast hygg ég, að það hafi verið Iðja, félag, sem sjálfstæðismenn stjórna, sem sagði upp kaupgjaldssamningum sínum hér í Reykjavík. Og nú er spurningin þessi: Hvernig ætlar hæstv. ríkisstj. að bregðast við? Ætlar hæstv. ríkisstj. að bregðast við á sama hátt og s. l. vetur, þegar hún hvíslaði því í eyru þeirra atvinnurekenda, sem stjórna Vinnuveitendasambandi Íslands: Bregðizt þið

nú hart við, beitið þið bolabrögðum, gefið frá ykkur nýtt móðuharðindaplagg og reynið nú, fyrst það tókst ekki á þessu ári, að slá verkalýðshreyfinguna niður á næsta ári? — Ætlar ríkisstj. að hvetja til sundrungar og stéttastyrjaldar í þjóðfélaginu nú í annað sinn, eins og hún gerði á þessu ári? Eða kýs ríkisstj. að gera það, sem er miklu skynsamlegra, og það, sem er raunverulega hennar hlutverk, að vinna að því í tíma, að reynt sé að ná hóflegu samkomulagi á milli þessara aðila? Vissulega er það leiðin, sem hún ætti að fara.

Ég er ekki sömu skoðunar og hv. 3. þm. Reykv. um það, að ríkisstj. eigi að leiða sem mest hjá sér mál eins og þessi. Ég álít, að ríkisstj. eigi að hafa mikil afskipti af slíkum málum, ekki til þess að taka afstöðu með öðrum aðilanum, eins og hún hefur gert að undanförnu, heldur til þess að vinna að því að koma á sáttum og samkomulagi á milli stéttanna í þjóðfélaginu. Við Íslendingar búum í fámennu þjóðfélagi og að mörgu leyti vanmegna, og þess vegna er það eitt af því, sem ríður allra mest á, að það sé unnið að því að fylkja þegnunum saman, að það sé unnið að því að fylkja stéttunum saman, en ekki að sundra þeim og magna stéttastyrjöld, eins og því miður var gert hér af hálfu hæstv. ríkisstj. á því ári, sem nú er að líða, með þeim afleiðingum, sem hv. flm. lýsti hér í framsöguræðu sinni, að hér hefðu orðið á þessu ári ekki færri en 15 stór verkföll. Ég álít, að ríkisstj. eigi að koma í veg fyrir það, ef hún mögulega getur, að slíkt eigi eftir að endurtaka sig á *næsta ári. Ég álít, að hún eigi* nú að vinna að því, að atvinnurekendur og fulltrúar atvinnurekenda og fulltrúar verkalýðsfélaganna setjist saman að samningaborðinu og reyni að leysa þessi mál í bróðerni, reyni með því að koma í veg fyrir það, að ný stéttastyrjöld og ný stéttaátök þurfi að eiga sér stað á næsta ári, eins og átt hafa sér stað á þessu ári. Og ég hef trú á því, að ef atvinnurekendur fara aðra leið en á s. l. ári, ef þeir koma ekki með nýtt móðuharðindaplagg og ef *þeir þrjózkast ekki við, eins og þeir þá* gerðu, heldur sýna sanngirni og bjóða fram af hálfu atvinnuveganna það, sem þeir geta hóflega risið undir, eins og samvinnumenn gerðu á Norðurlandi, þá megi enn leysa þessi mál farsællega, þrátt fyrir það að hin nýja gengislækkun hafi aukið nokkuð á erfiðleikana í þessu sambandi frá því, sem áður var. En þetta er hins vegar tvímælalaust leiðin, sem hæstv. ríkisstj. á að fara, leiðin, sem hv. stjórnarflokkar eiga að fara. Þeir eiga að hverfa frá sundrungarleiðinni, *hverfa frá þeirri afstöðu sinni* að fylkja stétt gegn stétt, eins og gert var nú á þessu ári og hefur leitt af sér 15 stór verkföll. Þeir eiga að vinna að því að jafna deilur í þjóðfélaginu með samkomulagi, með því að taka heilbrigt tillit til þeirra óska og krafna, sem launasamtökin bera fram. Ég er sannfærður um, að ef þannig yrði unnið af hæstv. ríkisstj., mundi ekki standa á verkalýðssamtökunum og samtökum launamanna að taka í þá framréttu hönd. En hins vegar ef ríkisstj. fer að á sama hátt og hún gerði á þessu ári, þá getur hún átt von á því að mæta samtökum launamanna og bænda og annarra, sem nú er þjarmað að, því þó að þessir menn vilji samkomulag fyrst af öllu og vilji leysa málin friðsamlega, þá gildir það um þá, er Davíð Stefánsson orðar í einu af kvæðum sínum, að „þeir, sem stríði vilja verjast, verða stundum fyrst að berjast".

Gunnar Jóhannsson: Ég held, að það fari tæplega á milli mála, hvað vakir fyrir hv. 9. landsk. með flutningi till. á þskj. 32. Þessi hv. þm. hefur ekki farið dult með andúð sína í garð verkalýðshreyfingarinnar að undanförnu. Í útvarpsumr. um vantraust á hæstv. ríkisstj. taldi þessi hv. þm., að hann væri að einu leyti óánægður með aðgerðir hæstv. ríkisstj. Hann vildi halda fram, að ríkisstj. hefði sýnt of mikla linkind í verkföllunum í vor, — og hann sagði meira: Það hefði átt að sýna meiri hörku gagnvart verkalýðssamtökunum. — Og hann heldur áfram og segir *eitthvað á þessa leið: Eftir að sáttatillagan var* felld, hefði ríkisstj. átt að lögfesta kaupgjaldið og þar með vitanlega banna frekari verkföll.

Þá skoraði þessi sami hv. þm. á atvinnurekendur og ríkisstj. að taka nú mannlega á móti í þeim átökum, sem nú væru fram undan, og þá að sjálfsögðu að fallast ekki á neinar kjarabætur til launastéttanna vegna gengisfellingarinnar í ágúst í sumar. Það er alveg ljóst, hvað þessi hv. þm. Alþfl. er að fara. Það er *ekki í neinar grafgötur um það að fara.* Hann vill láta taka samningsréttinn í eitt skipti fyrir öll af verkalýðsfélögunum. Hann vill láta einhverja stofnun, máske Hagstofu Íslands, reikna út og ákveða allt kaup hér í landinu. Hann vill láta banna með lögum öll verkföll. Og til þess að hægt sé að koma þessari hugsjón 9. landsk. í framkvæmd, þarf vitanlega og að sjálfsögðu að gerbreyta vinnulöggjöfinni frá því, sem nú er, setja á hrein og bein þrælalög, þar sem verkalýðsfélögin yrðu svipt öllu frelsi til samninga við atvinnurekendur á jafnréttisgrundvelli. Það á að dómi þessa hv. þm. Alþfl. að svipta menn frumstæðustu mannréttindum. Meðlimir verkalýðshreyfingarinnar skulu sviptir réttinum til að verðleggja vinnuafl sitt. Og nú hljóta menn að spyrja: Talar hv. 9. landsk. fyrir munn Alþfl., þegar hann er að boða þessa stefnu gagnvart verkalýðssamtökunum? Allir meðlimir verkalýðshreyfingarinnar eiga tvímælalaust fyllsta rétt á því að fá að vita, hvort svo sé, og þá hvort Alþfl. *hafi kastað fyrir borð fyrri stefnu sinni gagn*vart samningafrelsi verkalýðssamtakanna.

Hér er um svo alvarlegt mál að ræða, að ekki verður hjá því komizt að krefja Alþfl. hér á Alþingi sagna í þessu máli. Það er vitað, að Sjálfstfl. hefur fullan hug á því að svipta verkalýðsfélögin samningaréttinum eða a. m. k. að takmarka hann stórlega frá því, sem nú er. Þá er það og vitað, að innan Sjálfstfl. eru þau öfl að verki, sem vilja takmarka eða jafnvel svipta verkalýðsfélögin verkfallsréttinum. Í

þessu sambandi nægir að benda á samþykktir frá þingi ungra sjálfstæðismanna, sem haldið var á Akureyri á s. l. hausti, og enn fremur á samþykkt frá síðasta landsfundi Sjálfstfl. um sama mál. Við höfum alltaf vitað, hvar við höfum haft Sjálfstfl. í þessu máli, það fer ekkert á milli mála. Það er svo aftur á móti staðreynd, að Sjálfstfl. hefur ekki talið sig fram að þessu hafa nægilegt þingfylgi til þess að koma í gegn breytingum á vinnulöggjöfinni. Það liggur því alveg ljóst fyrir, að Sjálfstfl. mun af mikilli gleði taka opnum örmum við boðskap hv. 9. landsk. og sérstaklega ef þar væri um stefnu Alþfl. að ræða, sem ég vil þó draga í efa að sé. Því verður ekki trúað, fyrr en á reynir, að Alþfl. sé svo langt horfinn frá sinni fyrri stefnu, að hann nú gangi svo langt til samstarfs við Sjálfstfl., að hann verði með í að svipta verkalýðssamtökin samningsrétti sínum við atvinnurekendur að meira eða minna leyti og verði með að setja lög, sem torvelda eða jafnvel eyðileggja frjálsa starfsemi verkalýðsfélaganna að meira eða minna leyti. Nú er því spurt um allt land og í hverju einasta verkalýðsfélagi, hver sé stefna Alþfl. í sambandi við breytingar á vinnulöggjöfinni. Hefur hv. 9. landsk. túlkað stefnu Alþfl. í útvarpsumr. um vantraust á hæstv. ríkisstj., þegar hann kom með þetta, sem hér hefur verið minnzt á, eða var þessi hv. þm. að túlka sínar einkaskoðanir? Um þetta er spurt, og Alþýðuflokksforingjarnir munu ekki komast hjá því að svara, fyrr eða síðar.

Þáltill. hv. 9. landsk. er um það að fela Hagstofu Íslands að reikna út tjón af völdum vinnustöðvana á árinu 1961. Nú verður manni að spyrja: Hverjar voru aðalorsakirnar fyrir því, að verkalýðsfélögin fóru út í vinnudeilurnar á s. l. vori? Það hljóta að hafa legið til þess alveg sérstakar ástæður. Og hverjir voru það, sem þá báru og bera ábyrgðina á því, að verkalýðsfélögin töldu sig nauðbeygð til að hefja vinnustöðvunina? Þegar vinstri stjórnin fór frá og Alþfl. myndaði stjórn með hlutleysi Sjálfstfl., var það eitt af fyrstu verkum þeirrar stjórnar að stórlækka allt kaupgjald í landinu. Er núv. ríkisstj. tók við völdum, var stigið stærra skref í þá átt að lækka kaupgjaldið, m. a. með stórfelldri gengislækkun, sem orsakaði svo óðaverðbólgu. Ekki þótti nægilegt að lækka gengið og setja á geysiháa söluskatta og nýjar tollahækkanir. heldur var afnumin með lögum vísitöluuppbót á kaup og bannað, að hún skyldi greidd eða eftir henni farið. Með þessum ráðstöfunum var gengið lengra og ósvífnari aðferðum beitt til þess að rýra kjör vinnandi stéttanna en áður hafði þekkzt. Ef reikna ætti út hugsanlegt tjón af vinnustöðvununum í vor, verður ekki hjá því komizt að reikna þá jafnhliða út tap launastéttanna vegna gengisfellingarlaganna og vegna afnáms vísitölunnar.

Ekkert sýnir betur hlutdrægni hv. 9. landsk. til þessara mála en það, að hann vill aðeins láta rannsaka og reikna út einn þátt þessara mála, en hann vill ekki láta rannsaka orsakirnar fyrir því, að verkalýðshreyfingin taldi sig til neydda til þess að fara út í vinnudeilurnar í vor. Þetta sýnir mjög greinilega hug þessa hv. þm. til verkalýðshreyfingarinnar. Þáltill. er flutt í þeim eina tilgangi að hitta verkalýðshreyfinguna og þá fyrst og fremst kannske þá menn, sem valdir hafa verið til þess að hafa á hendi forustu þessara mála. Hverjir voru það og eru það, sem stóðu að hinum ósvífnu árásum, sem gerðar hafa verið á lífskjör hins vinnandi fólks í landinu að undanförnu? Það er flokkur þessa hv. þm. m. a., og það er Sjálfstfl. Þessir flokkar fara með stjórn landsins, og það er í krafti þess þingmeirihluta, sem þessir flokkar hafa á Alþingi, að þeim tókst hér á Alþingi að koma í framkvæmd meiri og stórfelldari kjaraskerðingu en áður hefur þekkzt. Ef einhver rannsókn ætti að fara fram, ætti fyrst og fremst að rannsaka, hvað hæstv. ríkisstj. hefur skert lífskjör alþýðustéttanna mikið, — og í öðru lagi, til hvers hafa runnið þeir fjármunir, sem rænt hefur verið af vinnandi fólki á Íslandi í tíð fyrrv. og núv. ríkisstjórna í lækkuðum launum, með auknum sköttum og tollum og með afnámi vísitöluuppbótarinnar.

Hv. 9. landsk. hélt því fram, að verkföllin hefðu staðið lengur en þörf hefði verið á, og vitanlega skellti hann allri skuldinni á forustumenn verkalýðssamtakanna. Hinn aðilinn og ríkisstj. báru þar enga sök á að hans dómi. Í þessu sem öðru fer þessi hv. þm. með staðlausa stafi. Í fyrsta lagi gerðu verkalýðsfélögin allt, sem þau gátu, til þess að reyna að ná samningum, án þess að til verkfalla þyrfti að koma. Nægir að benda á, að í sex mánuði eða meir stóðu yfir samningatilraunir milli samninganefndar verkalýðsfélaganna hér og atvinnurekenda, en án nokkurs árangurs. Rætt var við ríkisstj. og eftir því leitað, hvort hún væri til viðtals um einhverjar lækkanir á sköttum, bankavöxtum eða öðru því, sem bætt gæti upp þá kjaraskerðingu, sem óumdeilanlega hafði orðið. Hæstv. ríkisstj. var lengi vel ekki til viðræðu um þessi mál. Þá loksins hún veitti nefnd frá verkalýðsfélögunum viðtöl, voru svör hennar algerlega neikvæð. Því var marglýst yfir af hendi verkalýðssamtakanna og þeirrar nefndar, sem með þessi mál fór, að ef ríkisstj. vildi koma eitthvað til móts við launasamtökin um einhverjar kjarabætur, yrði fullt tillit tekið til þeirra í væntanlegum samningum við atvinnurekendur. En hæstv. ríkisstj. hafði ekkert til málanna að leggja. Hennar afstaða var algerlega neikvæð, og það sem verra var, hún beinlínis bannaði atvinnurekendum að semja um nokkrar hækkanir eða nokkrar kjarabætur til handa launastéttunum.

Þessi neikvæða og fjandsamlega afstaða hæstv. ríkisstj. kom mjög berlega fram í sambandi við samninga verkamannafélagsins Þróttar á Siglufirði við ríkisverksmiðjurnar þar á staðnum, svo að eitt dæmi sé nefnt. Eftir að samninganefnd verkamannafélagsins Þróttar á Siglufirði hafði árangurslaust reynt allt, sem hugsanlegt var, til þess að ná samningum, án þess að til vinnustöðvunar þyrfti að koma, boðaði hún til vinnustöðvunar með tilskildum fyrir-

vara. Eftir tiltölulega stutt verkfall náðist samkomulag við Vinnuveitendafélag Siglufjarðar, enda hafði þá náðst samkomulag á Akureyri og Húsavík milli verkalýðsfélaganna þar, Sambands ísl. samvinnufélaga, Kaupfélags Eyfirðinga og nokkurra annarra smærri atvinnurekenda. Lengi vel neitaði Vinnuveitendasamband Íslands Vinnuveitendafélagi Siglufjarðar um leyfi til samninga, en lét þó undan að lokum og samningar voru undirritaðir, sem báðir aðilar gátu, eins og á stóð, sæmilega vel við unað. Nú skyldu menn ætla, að ekki hefði staðið á síldarverksmiðjum ríkisins að gera samninga. En það var bara annað upp á teningnum. Margir samninganefndafundir voru haldnir, en án nokkurs árangurs. Og á hverju halda menn svo að hafi staðið? Fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna í verksmiðjustjórn lýstu því yfir hvað eftir annað, að þeir mættu ekki semja. Ríkisstj. og þá fyrst og fremst hæstv. sjútvmrh. vildi ekki leyfa verksmiðjustjórninni að ganga til samninga við verkamannafélagið Þrótt um kaup og kjör fyrir verkamenn verksmiðjanna. Í þessu þófi stóð í marga daga. Að lokum var þó samþykkt á stjórnarfundi í verksmiðjustjórn að taka upp samninga við verkamannafélagið. Einn af stuðningsmönnum ríkisstjórnarflokkanna í verksmiðjustjórninni sá sér ekki fært að standa lengur á móti því, að gengið yrði til samninga. Þrátt fyrir það að nú væri fenginn meiri hluti í verksmiðjustjórn fyrir því, að samningar yrðu gerðir, stóð hæstv. sjútvmrh. enn fastur fyrir og bannaði verksmiðjustjórninni að semja. Það var þá fyrst, eftir að formaður verksmiðjustjórnar, Sveinn Benediktsson, hafði farið suður og krafizt þess, að samið yrði við Þrótt upp á sömu kjör og áður hafði verið samið við aðra atvinnurekendur á staðnum, að samningar tókust. Þessi óskiljanlega afstaða hæstv. sjútvmrh. varð því til þess, að verkamenn í síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði þurftu að vera á aðra viku í lengra verkfalli en aðrir verkamenn á Siglufirði.

Ef hv. 9. landsk. vill láta rannsaka tjón af völdum vinnustöðvana almennt, er vitanlega sjálfsagt að reikna þá út um leið það tap, sem verkamennirnir, sem vinna hjá SR á Siglufirði og Raufarhöfn, urðu fyrir vegna banns hæstv. sjútvmrh. s. l. vor við því að semja við viðkomandi verkamannafélög og það eftir að allir atvinnurekendur á báðum stöðunum höfðu þegar samið. Það er svo önnur hlið á þessu máli, í hvers umboði og eftir hvaða lögum eða reglugerð þessi hæstv. ráðh. hefur tekið sér þetta vald. Ég fullyrði, að frá því fyrsta að síldarverksmiðjurnar voru stofnaðar og þar til í vor hafi enginn ráðh., sem farið hefur með málefni verksmiðjanna, leyft sér slíka framkomu. Verksmiðjustjórnin er kosin til þess að fara með stjórn fyrirtækisins, þ. á m. að semja um kaup og kjör við viðkomandi stéttarfélög. Í 4. gr. laga um síldarverksmiðjur ríkisins frá 1938 stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Til að skuldbinda verksmiðjurnar þarf undirskrift þriggja stjórnarnefndarmanna.“ Samkvæmt lögum hefur verksmiðjustjórnin alveg ótvírætt vald til þess, ef meiri hluti er til staðar, að gera samninga, bæði við verkalýðsfélögin og aðra, án þess að þurfa að sækja um nokkurt leyfi til viðkomandi ráðherra.

Hv. 9. landsk. leyfði sér að halda því fram hér á Alþingi, þegar þessi þáltill. var til umr. hér um daginn, að t. d. verkamannafélagið Dagsbrún hefði haldið áfram verkfallinu í þrjár vikur, eftir að félaginu höfðu staðið til boða sömu samningar og gerðir höfðu verið á Akureyri. Annaðhvort er, að þessi hv. þm. veit ekki, hvað hann er að segja og tala um, eða hann fer viljandi með vísvitandi ósannindi. Það er ekki nema tvennt til. Sannleikur í þessu máli er sá, að verkamannafélaginu Dagsbrún stóðu aldrei til boða sömu samningar og samið var um á Akureyri og Siglufirði, og einu veigamiklu atriði náði Dagsbrún ekki fram, því sama og um hafði verið samið á báðum þessum stöðum. Á ég þar við stjórnina á væntanlegum styrktarsjóði félagsins. Á Akureyri og Siglufirði hafði verið samið um, að atvinnurekendur greiddu 1% í væntanlega styrktarsjóði viðkomandi verkalýðsfélaga. Stjórn þessara sjóða skyldi kosin af viðkomandi verkalýðsfélagi án nokkurra afskipta atvinnurekenda. Þetta var sama fyrirkomulag og er hjá fleiri fagfélögum, sem hafa fengið slík ákvæði inn í sína samninga fyrir löngu, enda sjálfsagt og í alla staði eðlilegt, að slíkir sjóðir séu undir stjórn félaganna sjálfra og þau kjósi slíka stjórn ein. Þetta 1% var hluti þeirra kjarabóta, sem um hafði verið samið, svo að það hlýtur að vera mál verkalýðshreyfingarinnar einnar, hvort hún telji heppilegt, að hluti þeirra kjarabóta, í þessu tilfelli 1%, skuli renna í sérstakan styrktarsjóð, sem varið verði til aðstoðar þeim félagsmönnum, sem verða fyrir slysum eða langvarandi veikindum. Þetta er eðlileg og sjálfsögð ráðstöfun, sem hefði átt að vera komin til framkvæmda löngu fyrr. Margir atvinnurekendur töldu þessa ráðstöfun sjálfsagða og settu engin skilyrði í sambandi við þessa ráðstöfun, enda til fyrir þessu mjög mörg fordæmi hjá hinum sterkari fagfélögum, aðallega hér í Reykjavík. En hvað skeður? Þegar verkamannafélagið Dagsbrún fer fram á, að atvinnurekendur greiði 1% af daglaunum verkamanna í styrktarsjóð félagsins, neita atvinnurekendur hér í Reykjavík lengi vel að ræða málið, beinlínis neita því að ræða það. Þegar svo önnur félög höfðu náð um þetta samkomulagi án nokkurra sérstakra skilyrða, neyddust atvinnurekendur til þess að fallast á að greiða í styrktarsjóð Dagsbrúnar 1% af daglaunum verkamanna, en það ófrávíkjanlega skilyrði fylgdi boðinu, að atvinnurekendur fengju jafnmarga menn í sjóðsstjórn og Dagsbrún og oddamaður skyldi tilnefndur annaðhvort af ráðh. eða hæstarétti. Frá því að samningar höfðu tekizt á Akureyri, leið hvorki meira né minna en 1½ vika, þar sem ekkert var rætt við og atvinnurekendur voru alls ekki til viðræðna. Atvinnurekendur neituðu að ræða við Dagsbrún, svo mikið offors og frekja var sýnd í þessum málum. Svo leyfir hv. 9. landsk. sér að skella allri skuldinni á verkamannafélagið

Dagsbrún fyrir það, hvað lausn verkfalls dróst á langinn. Slíkur málflutningur er alveg stórfurðulegur. En hann sýnir þó alveg sérstaklega ótvírætt, hvers málstað þessi hv. þm. er að túlka. Þessi ósvífna krafa atvinnurekenda lengdi verkfallið vitanlega um alllangan tíma. Með þessari framkomu atvinnurekendanna var verkamannafélaginu Dagsbrún og stjórn þess og samninganefnd sýnd alveg sérstök ósvífni og hlaut að verða til þess að draga lausn verkfallsins á langinn. Flest önnur verkalýðsfélög, sem staðið höfðu í deilum og samningum við atvinnurekendur, höfðu þegar samið um, að þau skyldu fá 1% af daglaunum meðlima sinna í styrktarsjóð félaganna og það án nokkurra skilyrða um, að atvinnurekendur skyldu fá helming þeirra manna, sem kjósa skyldi í stjórn viðkomandi sjóða. Verkamannafélagið Þróttur á Siglufirði bauð það fram til samkomulags við stjórn SR, að verksmiðjustjórn skyldi fá annan endurskoðandann. Á þetta var fallizt. Verkamannafélagið Dagsbrún bauð upp á sama og til viðbótar, að endurskoðendur skyldu hafa daglegt eftirlit með sjóðnum. Þessu neituðu atvinnurekendur algerlega. Með þessari framkomu voru atvinnurekendur og ríkisstj., sem alveg tvímælalaust stóð á bak við, þessa ósvífnu kröfu atvinnurekendanna hér, að gera freklega tilraun til að lítillækka verkamannafélagið Dagsbrún og stjórn þess og samninganefnd og reyna að ná sér niðri á félaginu vegna ágætrar forustu þessa félags í hagsmunabaráttu launastéttanna mörg undanfarin ár. Þetta var fyrsta hefndarráðstöfunin, sem beitt var, og gátu menn þá þegar getið sér til, að fleiri mundu á eftir fara, enda varð sú raunin á. Þetta eina dæmi sýnir mjög vel, hvernig hv. 9. landsk. hagræðir sannleikanum.

Ég vil svo benda þessum hv. þm. á það, að oft áður hefur verið ráðizt að verkalýðshreyfingunni, en hún hefur við hverja árás harðnað og eflzt. Þannig mun enn verða. Því er nú þannig háttað, að stór hluti af verkalýðshreyfingunni á Íslandi er mjög stéttvíst fólk, sem ekki lætur einstaka menn skipa sér fyrir verkum. Stéttaþroski þess er mikill. Það veit og skilur mætavel, að verkalýðshreyfingin er þess skjól og skjöldur. Því sterkari og öflugri sem verkalýðshreyfingin er, því betri kjör. Þetta skilja allir og þó máske fáir betur en atvinnurekendur. Því er það, að það er hinn mesti hvalreki fyrir andstæðinga verkalýðshreyfingarinnar, er menn, sem telja sig vera úr röðum hennar og skreyta sig með nafni alþýðunnar, vega aftan að samtökum fólksins. Slíkir menn eru hinir þörfustu þjónar afturhaldsins, en munu fyrr eða síðar hljóta verðskuldaða fyrirlitningu allra heiðvirðra manna í verkalýðshreyfingunni.

Ég vil svo að síðustu benda á, að ég álít, að ef á annað borð á að flytja þáltill. um þessi mál, ætti hún að vera eitthvað á þessa leið: Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd, sem rannsaki það tjón, sem launastéttirnar hafa orðið fyrir, m. a. vegna gengislækkananna, afnáms vísitölunnar, hækkunar skatta, beinna kauplækkana og annarra aðgerða ríkisstj. í efnahagsmálum. — Allar þessar ráðstafanir eru orsakir að þeim vinnustöðvunum, sem háðar voru á s. l. vori, og ber því að draga þá aðila, sem áðurnefndum aðgerðum stóðu fyrir, til ábyrgðar. Öll önnur rannsókn er algerlega gagnslaus, og ef ekki eru rannsakaðar orsakir að deilunum í vor, er öll rannsókn slíkra mála aðeins út í loftið og gagnslaus, gerð í áróðursskyni, gerð í einum og sama tilgangi, pólitískum tilgangi til þess að ná sér niðri á verkalýðshreyfingunni og forustumönnum hennar.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil þakka fyrir, að mér er veitt hér tækifæri til þess að gera stutta aths., þar sem ég hafði áður talað þrisvar sinnum í þessu máli, og ég skal ekki reyna að misnota það, þó að ég hefði vissulega löngun til þess núna að halda langa ræðu.

Ég vil þá fyrst beina orðum mínum að þeim hv. þm., 11. landsk., sem talaði síðast. Hann taldi mig vilja afnema samningsrétt verkalýðsins og banna verkföll. Það er auðvitað reginfjarstæða, að þó að undir vissum kringumstæðum í þjóðfélaginu teljist réttlætanlegt að lögfesta sáttatillögu í kjaradeilu, þá sé í slíkum skoðunum það fólgið, að maður vilji afnema samningsrétt eða banna verkföll, enda tel ég þessa ásökun út af fyrir sig hreina fjarstæðu. Hitt vildi ég svo minna þennan hv. þm. á, að sjálfur formaður flokks hans, formaður Alþb., hv. 4 landsk. þm. (HV), var búinn að undirbúa lagafrv. um það 1957 að banna farmannaverkfallið. Að vísu átti að gera það á sérstakan hátt. Það var ekki berum orðum bannað, heldur átti meiri hluti þeirra stéttarfélaga, sem á skipunum voru, að samþykkja verkfallið, þannig að það var reiknað með, að það samþykki fengist ekki, svo að verkfall yrði þar með bannað. Nú er ég ekki að segja þetta foringja Alþb. til hnjóðs, að hann skyldi hafa þessar skoðanir, og mér skilst nú, að aðrir flokksmenn hans hafi sumir hverjir a. m. k. verið á móti þessu. En ég er bara að sýna, að það kemur úr hörðustu átt, þegar hv. 11. landsk. þm. er farinn að ásaka mig fyrir að hafa undir vissum kringumstæðum eitthvað hliðstæðar skoðanir og foringi hans eigin flokks hefur haft.

Ég tel það reyndar ekki svaraverða ásökun á mig, að ég vilji banna samningsrétt verkalýðsins. Hitt er svo annað mál, að manni kemur þetta dálítið undarlega fyrir sjónir frá mönnum, sem eru kommúnistar og telja allt til fyrirmyndar þar fyrir austan og sjálfsagt berjast fyrir því að koma á sovétskipulagi hér á Íslandi, því að allir vita, hvernig er með samningsréttinn hjá verkalýðnum þar.

Þá var þessi sami hv. þm. að spyrja um stefnu Alþfl. varðandi vinnulöggjöfina. Ég tel sjálfur, að það þurfi að breyta vinnulöggjöfinni. Ég vil nefna sem dæmi, að það þarf t. d. að stórauka sáttastörf í sambandi við vinnudeilur. Það væri líka mjög eðlilegt, að ákvarðanir um vinnustöðvanir væru teknar af miklu stærri hópi en nú er. Þannig er margt, sem þyrfti að breyta í vinnulöggjöfinni. En það

er eins og kommúnistar haldi alltaf, að allar breytingar á vinnulöggjöfinni þurfi að vera andstæðar hagsmunum verkalýðsins. Ég á í raun og veru erfitt með að skilja þetta. En á sínum tíma, þegar vinnulöggjöfin var sett, börðust kommúnistar á móti henni og töldu hana frá hinu illa, þetta væru hin verstu þrælalög, sem sett hefðu verið á Íslandi. Nú mega þeir ekki heyra nefnt, að þessum lögum sé breytt. Ég geri ráð fyrir því, að þegar Alþfl. hefur endanlega markað stefnu sína til breytinga á vinnulöggjöfinni, verði sú stefna sjálfsagt birt opinberlega og þessi hv. þm. geti þá gengið úr skugga um það, hver sú stefna sé.

Þá sagði þessi sami hv. þm., að ég hefði sagt, að Dagsbrún hefði átt kost á því að fá sömu samninga og á Akureyri 2—3 vikum áður en verkfalli hjá Dagsbrún lauk. Þetta tel ég mig alls ekki hafa sagt. Það, sem ég sagði, var það, að Dagsbrún hefði 2—3 vikum áður en verkfalli lauk átt kost á að fá sömu samninga og hún fékk að lokum. Og ég vil meina það, það er mín skoðun, að með því að forsvarsmenn kommúnista í Dagsbrún fengu félagið til þess að fella sáttatillöguna, þá hafi Dagsbrúnarmenn á því tapað mörgum milljónum. Hitt er svo auðvitað annað mál, að till. mín um það að rannsaka tjón af völdum vinnustöðvana á árinu 1961 og í framtíðinni er auðvitað hafin yfir það að vera deila um eitt og eitt verkfall, hver beri ábyrgð á því, hvort það sé verkalýðsfélag eða atvinnurekandi eða ríkisstj. Þetta eru í raun og veru alltaf pólitísk deilumál, og það verður þessi hv. þm. að skilja, að mín till. er í raun og veru hafin yfir það. Það á bara að vera tæknileg rannsókn á vissu fjárhagslegu tjóni, sem leiðir af vinnustöðvunum, sem eðlilegt er að þjóðin geti gert sér grein fyrir.

Þá kem ég að því, sem hv. 7. þm. Reykv. ræddi hér um. Hann fór í raun og veru ákaflega lítið inn á þetta mál, þessa tillögu, sem hér er til umræðu. Mér fannst ræða hans að mestu leyti eiga að vera svar við ræðu minni, sem ég hélt í útvarpsumr. um daginn, og ég skal ekki heldur eyða mörgum orðum að þeirri ræðu, þó að það væri vissulega ástæða til. Sérstaklega var hann að leggja áherzlu á, eins og hann hefur oft gert áður, að atvinnuvegirnir gætu vel staðið undir þessari 13% kauphækkun frá í vor, eins og kaupfélögin á Akureyri og Vinnumálasamband samvinnufélaganna í Reykjavík höfðu markað þá lausn. Í raun og veru liggur nú fyrir yfirlýsing sjálfs Vinnumálasambandsins um þetta, þar sem það segir, eftir að það gerði þessa samninga, að atvinnurekstur almennt sé illa fær um að taka á sig kauphækkanir. Að vísu eru til einstaka atvinnugreinar, sem þola þetta betur en aðrar, en maður verður að taka þetta almennt á breiðum mælikvarða, þegar lagður er dómur á þetta. Ég veit t. d. ekki betur en þegar þessar kauphækkanir voru afstaðnar, þá hafi Samband ísl. samvinnufélaga heimtað hækkaða álagningu. Ég veit ekki betur en t. d. kjörbúð SÍS hér í Austurstræti hafi farið í sölubann á kjöti, af því að þeir fengu ekki strax nógu mikla álagningu. Ég veit ekki betur en Sambandið og KRON hafi alveg staðið við hliðina á kaupmönnum í því að krefjast hærri álagningar. Mér er t. d. sagt, að fulltrúi Framsfl., — og það sýnir nú eiginlega bezt tvískinnunginn í málflutningi umbjóðenda þessa flokks, — að fulltrúi Framsfl. í verðlagsnefndinni hafi alltaf greitt atkv. með verðhækkunum í n., aldrei á móti verðhækkunum, en stundum hafi hann setið hjá að vísu, en þá hafi hann oftar setið hjá vegna þess, að honum þótti verðhækkunin ekki nógu mikil, sem lögð var til. (**Gripið fram í:** En fulltrúi Alþfl.?) Ég held, að það sé ekkert launungamál, hvernig hann hafi greitt atkvæði. (**Gripið fram í:** Hann mætti ekki.) Hann mætti ekki á sumum fundum, meðan aðalfulltrúinn var erlendis. En ég er hér að ræða um stefnu Framsfl. og hvaða afstöðu hans fulltrúi tekur, að þegar framsóknarmenn í sínu blaði annars vegar og sínu málgagni eru sífellt að prédika, að það sé enginn vandi fyrir atvinnuvegina að standa undir þessu, en svo þegar atvinnuvegirnir koma og biðja um verðhækkanir, þá berjast þeir eins og ljón fyrir því í þeirri nefnd, sem þar á að fjalla um.

Mér finnst, að í raun og veru liggi þetta að sumu leyti einfaldar fyrir en maður skyldi ætla. Það er t. d. þegar talað er um frystihúsin og þeir framsóknarmenn segja, að frystihúsin standi vel undir þessari kauphækkun og aðrir útflutningsframleiðendur. Mér finnst, að í raun og veru ætti ekki að þurfa neitt að deila um þetta. Ef frystihúsin gátu staðið undir þessari 13% kauphækkun, sem framkvæmd var í sumar, án þess að fá gengislækkun eða nokkrar uppbætur á móti, hlýtur gengislækkunin að sjálfsögðu að vera frystihúsunum til hagsbóta. Þau hafa þá hagnazt á því að fá þessa gengislækkun, þar sem þau gátu komizt af án hennar. Nú ráða Sambandið og kaupfélögin yfir mörgum frystihúsum úti um allt land. Nú vil ég skora á þá framsóknarmenn að beita sér fyrir því, að öll frystihús á landinu, sem eru í eigu Sambandsins eða kaupfélaganna eða stofnana, sem þessi félög ráða yfir, taki nú gengislækkunargróðann og skipti honum upp á milli starfsfólksins, sem vinnur í frystihúsunum. Þá skyldi ég viðurkenna, að þeir væru sannir samvinnumenn, og þá skyldi ég viðurkenna, að þeir hefðu rétt fyrir sér. En á meðan þeir gera það ekki, tek ég ekkert mark á þeim. Þeir verða að sýna trú sína í verki.

Framsfl. hefur yfirleitt verið á móti verðlagsákvæðum. Hann hefur viljað hafa frjálst verðlag og talið, að það væri nóg, að það væri öflug samvinnuhreyfing í landinu, og hún mundi sjá um, að það væri hóflegt verðlag. En nú vildi ég spyrja: Hvernig er í raun og veru, ef kauphækkanir verða í landinu, sem við skulum segja að atvinnuvegirnir ættu að geta þolað, hvernig eigum við að geta tryggt það, að þessu sé ekki velt yfir á verðlagið,

kauphækkunum, ef verðlagið er frjálst? Ég sé í raun og veru ekki, hvernig þetta getur farið saman. Og ég man ekki betur en þegar Framsfl. var í ríkisstj. og þegar vinnudeilur hafa átt sér stað og kauphækkanir hafa fylgt í kjölfar þeirra, þá hafi alltaf komið verðhækkanir á eftir og Framsfl. hafi talið það alveg óhjákvæmilegt. Ég man ekki eftir einu einasta öðru tilfelli. Það getur verið, að þau séu til. Það væri þá gott, að fulltrúar þess flokks kæmu fram með þau.

Það, sem þessi hv. 7. þm. Reykv. var þó mest að deila á mig fyrir, var afstaða mín til sáttatill. í vor, sú afstaða, að ég taldi miklu skynsamlegra að lögfesta þá sáttatillögu en láta verkföllin halda áfram með óhjákvæmilegum verðhækkunum eða gengislækkun, eins og kom á daginn. Ég vil aðeins í þessu sambandi benda á, að það hefur t. d. skeð á Norðurlöndunum, að sáttatillögur væru lögfestar, þó að þær væru felldar af báðum deiluaðilum.

Á hinu vildi ég svo að síðustu vekja sérstaka athygli, að 1957 skipar Framsfl. eða reyndar þáv. forsrh. þriggja manna nefnd til að endurskoða vinnulöggjöfina. Í þeirri nefnd voru þrír menn, allt framsóknarmenn. Það var hv. þm. Karl Kristjánsson, það var Vilhjálmur Jónsson og það var Sveinbjörn Dagfinnsson. Í þessu plaggi leggja þeir til, að bönnuð verði uppsögn og breyting á öllum kjarasamningum í landinu í 2 ár, frá 1957—1959, og það var ekki þannig, að þeir væru að lögfesta 6% hækkun eða neina hækkun, 6% strax og 4% eftir ár, eins og sáttatillagan, eða eitthvað slíkt. Nei, nei, það var bara verið að lögfesta kaupið, eins og það þá var, án nokkurra undangenginna kjarabreytinga. Svo kemur fulltrúi þessa flokks og á ekki nógu stór orð til þess að hneykslast yfir því, að ég skuli vilja láta lögfesta sáttatillögu, sem fól reyndar í sér á tveimur árum 13% kauphækkun. Ég tel í raun og veru, að þetta sé hámark hræsninnar, sem maður heyrir hér í þingsölunum.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal ekki svara hv. flm. miklu, enda gaf ræða hans ekki tilefni til þess. Hann er líka „dauður“ og farinn af fundi og þess vegna óþarfi að elta mjög ólar við hann. En ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði hér áðan, að það hefur fullkomlega komið í ljós og hefur verið sannað með ákveðnum dæmum, að atvinnuvegirnir gátu vel risið undir þeim kauphækkunum, sem samvinnufélögin og verkalýðsfélögin sömdu um á s. l. sumri. Ég færði fram nokkur dæmi í ræðu minni hér áðan. Önnur hafa verið færð fram við önnur tækifæri, og þeim hefur ekki verið hrundið og hv. flm. gerði enga tilraun til þess að hnekkja þeim, og þess vegna stendur það alveg óhrakið, sem ég sagði hér áðan, að atvinnuvegirnir gátu vel risið undir þessum kauphækkunum. Að vísu má kannske alltaf finna einstaka atvinnugrein, sem getur það ekki, og það er heldur aldrei hægt að gera kaupsamninga, sem miðast við það, að sú atvinnugreinin, sem lélegust er í það og það skiptið, geti risið undir því, sem samið er um. Það verður að sjálfsögðu að finna þarna nokkurn meðalveg og miða við það, sem þær atvinnugreinar, sem mesta atvinnu veita, geta risið undir. Og það hefur verið sýnt fram á bæði í þessum umr. og öðrum, að atvinnuvegirnir gátu vel risið undir þeim hækkunum, sem samvinnufélögin og verkalýðsfélögin sömdu um á s. l. sumri, svo hófsamar voru þær.

Það, sem gaf mér nú aðallega tækifæri til þess að gera aths. við það, sem hv. flm. sagði hér síðast, var uppkast að frv., sem hann taldi að hefði verið samið á vegum Framsfl. fyrir nokkrum árum. Ég get nú því miður ekki sagt mikið um það mál, vegna þess að ég hef aldrei þetta frv. séð og það hefur aldrei verið lagt fram í Framsfl., hvorki í þingflokki hans né miðstjórn. En það, sem ég veit helzt um þetta mál, er það, að þetta frv. var ætlað sem grundvöllur að samkomulagi milli verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda um fyrirkomulag á þessum málum, sem þau semdu um með frjálsu samkomulagi. Og það var talið alveg sjálfsagt, að þessar tillögur yrðu lagðar fyrir verkalýðssamtökin og að sjálfsögðu ekki annað látið koma til framkvæmda, a. m. k. sem löggjafaratriði, en það, sem þessir aðilar vildu sætta sig við, því að að sjálfsögðu er óhyggilegt að ráðast í löggjafaratriði í þessum efnum, sem annar hvor aðilinn, hvort heldur eru verkalýðssamtökin eða atvinnurekendur, er andvígur.

Það er fullkomlega rangt, sem mér virtist koma hér fram hjá hv. flm., að þetta frv., sem hann var að tala um, hefði verið einhverjar tillögur Framsfl., sem hann hefði ætlað að leggja fyrir Alþingi sem löggjafaratriði. Þetta var aðeins uppkast að till., sem átti að ræða um við verkalýðssamtökin. Ég hygg, að nokkrum vikum áður en vinstri stjórnin fór frá völdum hafi verið búið að setja sérstaka nefnd á laggirnar til viðræðna við verkalýðssamtökin um þetta málefni og að sjálfsögðu að taka til greina þær óskir og breytingar, sem verkalýðshreyfingin vildi láta gera í þessum efnum. En afstaða Framsfl. hefur jafnan verið í þessum málum að stiga ekki önnur skref í þessum efnum en þau, sem verkalýðshreyfingin og atvinnurekendasamtökin gætu vel sætt sig við. Og þannig var líka unnið að vinnulöggjöfinni 1938, þegar hún var sett á sínum tíma, að það var haft mjög náið samráð bæði við vinnuveitendur og ekki sízt við Alþýðusambandið um fyrirkomulag þeirrar vinnulöggjafar. Þeir, sem réðu þá Alþýðusambandinu, voru alveg sammála þeirri löggjöf, sem þá var sett. Sú löggjöf var sett í samráði við verkalýðshreyfinguna, en ekki í andstöðu við hana. Og það er að sjálfsögðu enn stefna Framsfl., að slík löggjöf sé sett í samráði við stéttasamtökin, en ekki í fullkominni andstöðu við þau. Að sjálfsögðu geta menn borið fram ýmsar til-

lögur og hugmyndir, þegar verið er að vinna að slíku samkomulagi, en að sjálfsögðu ber ekki að líta á neitt slíkt sem neinar endanlegar tillögur.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Umr. um þá till., sem hér liggur fyrir, hafa spunnizt út í almennar umr. um verkalýðsmál og kaupgjaldsmál, og er það í sjálfu sér ekkert óeðlilegt, þegar athuguð er afstaða stjórnarandstöðunnar til þessarar till. Það eru aðeins tvö atriði, sem hér hafa komið fram, sem mér þykir ástæða til að vekja athygli á og ræða stuttlega. Ég mun ekki verða langorður um það.

Það er í fyrsta lagi það, sem hv. 3. þm. Reykv. (EOl) benti hér á í sinni fyrstu ræðu, að það væri sjálfsagt að reyna allar leiðir, áður en lagt væri út í verkföll. Ég held, að allir geti verið sammála um, að þetta sé það einasta rétta og svo hafi það löngum verið á fyrstu árum verkalýðsbaráttunnar. En því miður er nú svo komið hjá okkur í þessum málum, að þetta virðist vera orðið algert aukaatriði, þegar settar eru fram kaupkröfur og samninganefndir talast við. Það er staðreynd, sem a. m. k. mér er mjög kunnugt um, að í kjölfar þeirra kaupkrafna hefur verkfall verið tilkynnt, án þess að nokkuð hafi verið reynt að ná fram samkomulagi eða sáttum. Þetta liggur glögglega fyrir um vinnudeilur nú hin síðari ár, og það er einmitt þessi þróun, sem er mjög hættuleg þjóðfélaginu, að það virðist ekki vera orðið aðalatriðið að ná samkomulagi, heldur að koma verkföllum á. Það þarf ekki að fara með það í neinar grafgötur, af hverju þetta er. Það hefur hlaupið sem kallað er pólitík í verkalýðsbaráttuna, og það er hennar ógæfa og það er það, sem hætta stafar af í sambandi við þessi mál.

Annað var það, sem kom fram hjá hv. 11. landsk. (GJóh) í hans ræðu, þar sem hann minntist á, að stefnt væri að því að svipta launamenn þeirra verkfallsrétti. Sú sorglega staðreynd liggur fyrir, að það er raunverulega búið að svipta launamenn þeirra verkfallsrétti. En það hefur hvorki verið gert af Alþingi né atvinnurekendum. Ef við athugum lögin um stéttarfélög og vinnudeilur, 15. gr. 1, sem um þetta fjallar, þá kemur þar í ljós, að til þess að stofna til verkfalls er í fyrsta lagi gert ráð fyrir, að sú ákvörðun hafi verið samþykkt við almenna leynilega atkvgr. félagsmanna, í öðru lagi, að samninganefnd hafi umboð almenns félagsfundar til þess að boða verkfallið, og í þriðja lagi, að trúnaðarráð stéttarfélagsins hafi samþ. það með a. m. k. ¾ hlutum atkvæða. Nú er það svo, og ég held, að það hljóti að vera öllum ljóst, að það er orðið mjög fátítt, ef ekki orðið hreint einsdæmi, að stéttarfélag hefur á bak við samþykkt um vinnudeilu atkvgr., sem farið hefur fram í félaginu eftir þeim reglum, sem gert er ráð fyrir í 1. lið 15. gr., þ. e. a. s. að bak við þá ákvörðun liggi samþykkt félagsmanna við leynilega atkvgr. Ef þeirri reglu væri fylgt, þá er ég sannfærður um, að mörgum verkföllum hefði verið afstýrt hér á landi nú að undanförnu. En því miður, eins og ég sagði, er þetta orðið mjög fátítt. Almennast er, að sé boðað til almenns fundar og þar fái stjórn eða trúnaðarmannaráð umboð til þess að boða vinnustöðvun. Það vita allir, hvernig er orðið með fundarsókn, jafnt í stéttarfélögum sem annars staðar. Það er aðeins fámennur hópur, sem mætir, og það er þessi fámenni hópur, sem venjulegast og oftast hefur veitt stjórnum stéttarfélaganna umboð til þess að hefja verkföll. Ég tel, að þessi þróun, sem hafi átt sér stað og ég hef hér bent á og er staðreynd, sem allir vita um, leiði til þess, að það verði að breyta vinnulöggjöfinni, ekki til þess að skerða rétt launþega eða skerða þeirra verkfallsrétt, heldur til þess að tryggja, að þeirra verkfallsréttur sé ekki misnotaður, eins og gert hefur verið áður. Það er það grundvallaratriði, sem verður að breyta í löggjöfinni, að þetta eigi sér stað, að verkfall verði ekki sett á, nema fyrir liggi óyggjandi vissa um, að það sé gert með vilja meiri hluta þeirra félagsmanna, sem þar eiga hlut að máli. Ég er sannfærður um, að ef þannig væri staðið að málum, mætti forða bæði launþegum og þjóðinni í heild frá miklu fjárhagstjóni, sem hún á undanförnum árum hefur borið vegna verkfalla, sem hefur verið staðið að á þann hátt, sem ég hef hér lýst, og allur almenningur og allir vita að hafa verið sett á með mjög takmörkuðu umboði launþega sjálfra og oft komið í ljós síðar meir, að þeir hafi ekki óskað eftir verkfallinu, látið afskiptalaust, en fara ekki í það, sem eðlilegt er, að brjóta niður verkfall, sem er löglega sett á. Ég er ekki að væna neitt stéttarfélag um það að hafa staðið ólöglega að verkfalli, en bara lögin um stéttarfélög og vinnudeilur eru þar rúm, að ef er fyrir hendi tilhneiging til þess að misnota löggjöfina, þá er þetta fyrir hendi, sem skeð hefur, að verkföllin eru sett á, án þess að nokkur vissa sé fyrir því, að það sé vilji meiri hluta launþega.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það voru aðeins þrjú atriði, sem ég vildi minnast á.

Í fyrsta lagi er það, sem hv. 9. landsk. sagði hér áðan, flm. till., þegar hann var að ræða um samvinnuhreyfinguna og verkalýðshreyfinguna og þá samninga, sem þær höfðu gert. Hann komst þannig að orði, að samvinnuhreyfingin ætti að sýna trú sína í verki í því, að atvinnurekstur hennar gæti staðið undir kauphækkuninni, sem hún samdi um í sumar. Ég vil spyrja: Hví í ósköpunum var ekki samvinnuhreyfingin látin fá í friði að sýna trú sína í verki í samningunum, sem samvinnufélögin gerðu við verkalýðsfélögin? Samvinnufélögin lýstu því yfir, að þau gætu staðið undir þessu kaupgjaldi. Hví voru þau ekki látin fá að sýna það, að þau stæðu undir þessu kaupgjaldi? Hvað var ríkisstj. að skipta sér af því? Mátti ekki einkaatvinnurekstur í landinu fá að sýna það, hvernig

hann treysti sér til þess sama og samvinnurekstur, og ef einkareksturinn treysti sér ekki til þess, hver hlaut þá að verða afleiðingin eftir reglum þeirrar frjálsu samkeppni? Það þýddi, að taka varð það upp að fara að reka í samvinnurekstri fyrirtæki á Íslandi. Hvort sem Eimskip hefði líkað betur eða verr, þá hefði Sambandið átt að yfirtaka skipin hjá því. Þetta eru reglur þeirrar frjálsu samkeppni. Hvað er verið að sletta sér fram í þetta þannig? Því mátti ekki samvinnuhreyfingin sýna trú sína í verki? Þurfti að hlaupa þarna inn í til að bjarga einhverjum hálfföllnum einkaatvinnurekendum? Hver var meiningin? Við getum rætt þetta seinna meir. Ég veit, að hv. flm. er „dauður" eins og ég, svo að það þýðir lítið að fara að ræða þetta meira núna.

Í öðru lagi: Hv. 3. þm. Sunnl., sem hér var að tala áðan, minntist á, að verkalýðsfélög hefðu nokkuð stuttan aðdraganda að því að skella á verkföllum og reyndu litla samninga. Mér finnst þetta nú koma úr hörðustu átt. Það líða 2½ ár næstum því, frá því að 1. febr. 1959 eru allir samningar að lögum rofnir með lagaboði atvinnurekendastjórnar, allir samningar, sem verkamenn hafa gert um kaupgjald í landinu, — það líða 2½ ár, áður en verkamenn leggja til verkfalls. Það líða yfir 7 mánuðir, frá því að kröfur eru útbúnar og sendar til atvinnurekenda og bæði ríkisstj. og atvinnurekendum gefið tækifæri til þess að semja um þessa hluti. Það var sannarlega langur aðdragandi. Það var þannig ekki hægt að ásaka verkalýðsfélögin um, að þau væru að flýta sér út í verkföllin, enda fengu þau ásakanir um það víða, að þau væru allt of, allt of lengi að þessu. En ég heyrði ekki nokkra rödd um það, að verkalýðsfélögin hefðu þarna flýtt sér of mikið, þvert á móti. Ég held, að það hafi aldrei, allan þann tíma a. m. k., sem ég man eftir, og ég held, að ég þekki persónulega lengst af þessum tíma, sem verkföll hafa verið háð í verulega ríkum mæli á Íslandi, — ég held, að það hafi aldrei verið beðið svona lengi til þess að svara eins miklum aðgerðum og gerðar hafa verið á hlut verkamanna eins og nú hefur verið gert. Það er því sannarlega að ófyrirsynju að saka verkalýðsfélögin um slíkt. Þau hafa sannarlega haldið sér mjög réttilega í fyrsta lagi að öllum bókstaf í vinnulöggjöfinni, en enn fremur sýnt ákaflega mikla tillitssemi, hæði gagnvart atvinnurekendastéttinni og gagnvart ríkisstj., sem þó sýndi sig að vera skeytingarlaus og fjandsamleg við þessa menn. Ég vil vekja athygli á, að ríkisstj. talaði víst tvisvar sinnum allan tímann við verkamenn, við Alþýðusambandsstjórnina, út af þessu máli. Það var allt saman. Og það þó Alþýðusambandsstjórnin að fá þær viðræður oftar. En hvað var ríkisstj. fljót aftur á móti, þegar átti að fara — eins og hún kallar það — að rétta hlut atvinnurekendanna? Þá líður ekki nema mánuður, frá því að samið er, eða rúmur mánuður þangað til gengislækkuninni er skellt á. Nei, ég er hræddur um, að menn verði að vera ofur lítið sanngjarnari í þessum málum.

Svo kom hv. 3. þm. Sunnl. inn á, að það væri slæmt, hve sjaldan allsherjaratkvgr. færi fram í sambandi við vinnudeilurnar, þegar þær væru hafnar. Það er ekki rétt hjá honum, að þetta sé ákaflega sjaldan. Það er tiltölulega oft, að það kemur fyrir, að allsherjaratkvgr. eru hafðar, áður en lagt er út í vinnudeilur. Hitt er aftur á móti orðið ákaflega títt, að þau réttindi, sem vinnulöggjöfin hefur viðvíkjandi trúnaðarráði og viðvíkjandi almennum félagsfundum, séu líka notuð. Það er ekki verið að svipta neinn mannréttindum með því. Á fundina í félögunum getur hver maður komið. Ef einhver er þar t. d. andvígur verkföllum og slíku, vill ekki leggja út í þau, þá hefur hann sannarlega aðstöðu til þess að geta látið heyra sína rödd þar. En ég vil benda hv. þm. á annað og hans flokki, fyrst þeir eru að nota þetta sem rök fyrir því, að það ætti að fara að breyta vinnulöggjöfinni. Sáttasemjari hefur samkv. vinnulöggjöfinni rétt til þess að bera fram till., hvenær sem hann vill, eftir að vinnudeila er hafin eða máli verið vísað til hans, og láta greiða um hana atkv. með allsherjaratkvgr., hvenær sem hann vill. M. ö. o.: af hálfu þess opinbera og hálfu ríkisvaldsins hefur þessi fulltrúi í þessum efnum, sáttasemjarinn, aðstöðu til þess að láta fara fram allsherjaratkvgr. í hverju einasta verkamanna- og atvinnurekendafélagi um verkföllin. Og þetta hefur venjulega verið gert, þannig að það hefur sýnt sig, undireins og verkfall hefur verið byrjað, hvort verkamenn í viðkomandi verkfalli stæðu með þessu verkfalli eða ekki. Það hefur sýnt sig við allsherjaratkvgr. Við skulum segja, að ríkisvaldið álíti sem svo og fulltrúi þess, sáttasemjari: Nú hefur þetta félag, hvað sem það nú heitir, ákveðið að fara út í verkfall, og það er okkar álit, að þetta verkfall sé hafið án þess, að meiri hluti verkamannanna í verkamannafélaginu sé samþykkur því. — Og það þýðir auðvitað, að sáttasemjari, sem eingöngu er að hugsa um að reyna að koma þarna sem fyrst á sáttum að fá samþykkta einhverja till., hann leggur fram tillögu, sem er kannske svo að segja með óbreytt kaupgjald, og lætur hana fara til atkvgr. Þá kemur undireins í ljós, hvort viðkomandi verkamenn í verkamannafélagi eru samþykkir því að fara út í verkfall eða ekki. M. ö. o.: ef ríkisvaldið hefur einhverja rökstudda ástæðu til þess að álykta, að ákvæðið um heimild trúnaðarráðs til að lýsa yfir verkfalli sé misnotað, þá er ríkisvaldinu innan handar að láta sinn sáttasemjara gera þetta undireins, prófa þetta undireins, og það hefur sannarlega verið gert. Í verkföllunum í sumar var, eins og menn muna, — ég man nú ekki, hvort það var ein vika, sem var liðin, eða það var a. m. k. varla lengri tími, áður en sáttasemjari lagði fram till. um 6% hækkun. Það fer fram allsherjaratkvgr. um þær tillögur, og það sýnir sig, hver afstaða

mannanna í verkalýðsfélaginu er um slíkar tillögur. Og við vitum báðir, hvernig atkvgr.-reglurnar eru í þessu. Það kom sem sé greinilega í ljós strax við þá atkvgr., að yfirgnæfandi meiri hluti í öllum þorra verkalýðsfélaganna var meira að segja á móti því að samþykkja 6% kauphækkun, svo að það lá í augum uppi, að menn höfðu ekki aðeins verið samþykkir því að fara í verkfallið, heldur voru menn meira að segja samþykkir því að fara í verkfallið og hætta því ekki, þótt 6% kauphækkun væri boðin, heldur bíða eftir því, sem þeir álitu að mundi fást, að meiri kauphækkun fengist. Þess vegna eru það engin rök til þess að breyta vinnulöggjöfinni, að ýmsum verkalýðsfélögum þyki þægilegra að boða verkföll með því að nota ákvæði í c-lið, sem ég held að sé trúnaðarráðsákvæðið, heldur en með almennri atkvgr. Ríkisvaldið hefur í vinnulöggjöfinni óbreytta aðstöðu til þess að ganga tafarlaust úr skugga um, að ákvæðið um, að það sé virkilega vilji meiri hl., sem þarna sé að verki, sé ekki misnotað. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því, að það eru mörg félög, sem eiga mjög óþægilegt með að nota sér þá demókratísku reglu. Ég vil bara taka dæmi um sjómannafélögin, og eiginlega mörg verkamannafélögin líka, þegar verkamenn eru kannske í vinnu hér og hvar úti um allt land, dreifðir hér og hvar. En hvað sjómannafélögin snertir, er það ákaflega erfitt. Þess vegna vildi ég aðeins skjóta þessu fram, án þess að misnota þann ræðutíma, sem hæstv. forseti hefur gefið mér, til athugunar, þegar við ræðum þessi mál seinna.

Guðlaugur Gíslason: Hv. 3. þm. Reykv. mistúlkar orð mín, þegar hann vill það við hafa, að ég hafi haldið því fram, að hér væri of stutt á milli verkfalla. Ég sagði, að það væri ekki reynt nægjanlega að koma á sáttum, áður en verkföll væru tilkynnt. Ég veit þess dæmi, að forsvarsmenn stéttarfélags, sem fengið höfðu löglegt umboð frá trúnaðarmannaráði til þess að hefja samninga og boða til vinnustöðvunar, mættu á samningafundi kl. 5. Sá fundur stóð til kl. 7. Milli 7 og 8 barst atvinnurekendafélaginu tilkynning um verkfallið innan 7 daga, og með fréttum í útvarpinu kl. 8 kom tilkynning frá félaginu um verkfallsboðanir frá þessum tiltekna tíma. Ég tel, að þetta sé allt of mikið ábyrgðarleysi, ef þannig er staðið að málum, og það sé einmitt það, sem sé okkar ógæfa, að það virðist vera meiri áhugi fyrir að koma á verkföllum heldur en að leysa deilurnar. Þetta stafar af því, að vinnulöggjöfin er það rúm, að hún heimilar slíka afgreiðslu málsins. Þess vegna er það, að þessi mál eru komin á þetta stig. Ég held, að það geri sér það hver einasti maður með þjóðinni ljóst, að þetta er komið á það stig, að það verður að breyta vinnulöggjöfinni, eins og ég sagði áðan, ekki til þess að skerða rétt launamanna, heldur til að tryggja það, að hann sé ekki misnotaður eins og gert hefur verið.

Hv. 3. þm. Reykv. minntist á aðstöðu sáttasemjara í sambandi við vinnudeilur. Þetta er alveg rétt. Mér er það mjög vel kunnugt, að sáttasemjari hefur þessa aðstöðu, að setja fram tillögu. En það vita allir, sem til þessara mála þekkja, að þegar málin eru komin á það stig, að forsvarsmenn stéttarfélaga eru búnir að setja fram kröfur, hafa staðið löglega að því, — kröfur, sem þá eru oft mjög háar, — þó að sáttasemjari komi með till., eins og venjulega er þá einhvers staðar á milli þess, sem atvinnurekendur hafa boðið og stéttarfélögin gert kröfur um, þá er ávallt túlkað þannig innan stéttarfélaganna, að það sé verið að ómerkja þá aðila, sem umboð hafa til þess að leysa deiluna frá þeirra hendi, og það sé verið að ganga á rétt þeirra með þessum tillögum. Þannig eru tillögurnar venjulega drepnar, jafnvel þó að menn hefðu viljað sættast á það og vinna eftir þeim. Þetta er staðreynd, sem við vitum, sem nokkuð þekkjum inn í þessi mál, að þannig ganga málin fyrir sig.

Ég vildi láta þetta koma hér fram vegna þessara aths. hv. 3. þm. Reykv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 15. fundi í Sþ., 15. nóv., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

4. Kaup Seðlabankans á víxlum iðnaðarins.

Á 5. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins [38. mál] (A. 43).

Á 9. fundi í Sþ., 27. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11. og 13. fundi í Sþ., 1. og 8. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Sþ., 15. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Efni þessarar till. er, að Alþingi feli ríkisstj. að hlutast til um, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verða með svipuðu sniði og reglur þær, er gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.

Till. mjög svipuð þessari var samþ. hér á hv. Alþingi fyrir þremur árum, en hefur þó enn ekki komið til framkvæmda af ástæðum, sem mér er ekki kunnugt um, hverjar eru. En svo virðist sem þær ríkisstjórnir, sem hafa farið með völd á þessum tíma, eða þeir ráðherrar, sem um þau mál hafa fjallað, hafi haft takmarkaðan áhuga fyrir því að framkvæma hana. Það er þó hins vegar ljóst, að það er miklu meiri þörf fyrir það nú en fyrir þremur árum, að slíkar reglur séu upp teknar, vegna þess að þær efnahagsráðstafanir hafa verið gerðar, sem auka mjög framleiðslukostnað iðnaðarfyrirtækja, og þar af leiðandi hafa þau þörf fyrir miklu meira lánsfjármagn en áður. Þess vegna er eðlilegt, að þessi till. sé endurnýjuð hér á hv. Alþingi, þar sem stjórnirnar, sem með völd hafa farið á þessum tíma, hafa ekkert gert til þess að framkvæma hana, og Alþingi láti enn vilja sinn í ljós um, að þetta verði gert.

Ég held, að það viðurkenni nú allir, að iðnaðurinn hefur orðið þá stöðu í þjóðfélaginu, að hann á að hafa sama rétt og sjávarútvegur og landbúnaður, en mjög skortir á það í þessum efnum, að hann sé látinn búa við sama borð og þessir tveir aðrir aðalatvinnuvegir þjóðarinnar, og því er nauðsynlegt, að hér séu gerðar lagfæringar á.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál að sinni, en legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til fjvn., en hún hefur fjallað um hliðstæðar tillögur á undanförnum þingum.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og fram hefur komið í framsögu, er þetta mál ekki nýtt af nálinni, og Alþingi hefur áður samþykkt samhljóða tillögu, eins og gerð er grein fyrir líka í grg. Málið var flutt á síðasta þingi í alveg sama formi.

Ég vil á þessu stigi málsins aðeins láta í ljós þá skoðun mína, að ég tel eðlilegt, að unnið sé að því, að iðnaðurinn hafi sambærilega aðstöðu í þjóðfélaginu til lánsfjáröflunar eins og aðrir höfuðatvinnuvegir, bæði landbúnaður og sjávarútvegur, og það verður að viðurkennast, að á því hafa verið nokkrir misbrestir á undanförnum árum.

Eftir að þessi till. á sínum tíma var samþykkt hér, eins og fram kemur í grg., flutt af Sveini Guðmundssyni, sem þá sat á Alþingi sem varaþingmaður fyrir Sjálfstfl., þá mun það hafa verið skömmu síðar eða á árinu 1959, að þáv. iðnmrh. skipaði nefnd manna til þess að taka þetta mál til meðferðar og rannsóknar og gera um það tillögur. Þessi nefnd hefur svo starfað að þessum málum. Henni hefur svo á síðara stigi málsins af iðnmrh., næstum á undan mér, verið falið að taka til meðferðar aðrar greinar lánamála iðnaðarins, og þar er átt við sérstaklega stofnlánin eða lánsfjárþörf iðnaðarins til þess að byggja upp sín atvinnufyrirtæki og þá fyrst og fremst og ekki síst höfð í huga efling iðnlánasjóðsins, sem nú er í Iðnaðarbankanum, en lýtur sérstakri stjórn og hefur á undanförnum árum verið allvanmegnugur til þess að gegna sínu hlutverki.

Meðan n. hefur haft þessi mál til meðferðar, hefur nokkuð skipazt í þessum efnum varðandi eflingu stofnlánanna. Það hafa verið hækkuð framlögin á fjárlögum til iðnlánasjóðs og munu vera nú 2 millj. kr. árlegt framlag, sama upphæð og fiskveiðasjóður fær á fjárlögum árlegt framlag. Á undanförnum árum hefur svo oft komið til mála og verið unnið að því að afla honum nokkurs lánsfjár, en það hefur gengið því miður mjög erfiðlega og treglega þar til nú á yfirstandandi ári, að hann hefur fengið til ráðstöfunar margumtalaðar 15 millj. af erlendu lánsfé, sem ríkisstj. hefur haft forgöngu um að afla, og er það honum í sjálfu sér mjög mikils virði, miðað við aðstöðu hans að öðru leyti, þó að þar sé allt of skammt gengið og það mál þurfi frekari athugunar.

Enn fremur hefur komið til umræðu innan þessarar nefndar, sem ég skýrði frá, fyrir tilhlutan fyrrv. iðnmrh. að athuga möguleikana á því að greiða úr lánsfjárörðugleikum iðnaðarins að einhverju leyti sambærilega við það, sem gert hefur verið fyrir sjávarútvegsinn á yfirstandandi ári með löggjöf frá síðasta Alþingi, þar sem opnaðir voru nýir flokkar í stofnlánadeildinni til þess að breyta stuttum bráðabirgðalánum sjávarútvegsins í viðskiptabönkunum í löng stofnlán og með hagkvæmari kjörum. Þetta er samkvæmt löggjöf, eins og kunnugt er, frá síðasta Alþingi, og nú liggja fyrir þessu þingi brbl. frá síðasta sumri varðandi hliðstæða eða sambærilega aðstoð til landbúnaðarins. Þessi mál eru einnig til athugunar innan þessarar nefndar. Þessi nefnd hefur skilað bráðabirgðaáliti um bæði rekstrarlánaþörfina og stofnlánaþörfina, ekki þennan síðasta þátt, en ég hef rætt við formann nefndarinnar um, að nefndin reyni að hraða störfum og skila sem fyrst endanlegu áliti, og á von á því, að það berist stjórninni a. m. k. örugglega fyrir áramót.

Um efni þessa máls að öðru leyti vil ég segja það, að þó að ég sé alveg samþykkur því og það sé eðlilegt, að sótt sé eftir sambærilegri aðstöðu við aðrar atvinnugreinar, þá efast ég stórlega um, að þetta verði sú leið, sem eðlilegast þyki að athuguðu máli að fara, að veita iðnaðinum aðstöðu til þess, að viðskiptabankarnir geti endurselt hráefnavíxla og framleiðsluvíxla til Seðlabankans með svipuðum hætti og gert hefur verið á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs. Og það er m. a. vegna þess að ég tel, að fyrirkomulag þeirra lánveitinga sé á mjög margan hátt gallað, hafi verið misnotað á undanförnum árum og þurfi í sjálfu sér endurskoðunar við. Og það er mikil spurning um það, hvort endurkaup Seðlabankans á svokölluðum afurðavíxlum eigi yfir höfuð eðli sínu samkvæmt að ganga lengra en það, að endurkeyptir séu afurðavíxlar út á útflutningsframleiðslu þjóðarinnar einvörðungu, en þá að sjálfsögðu nákvæmlega með sama hætti, hvort sem útflutningsframleiðslan er frá sjávarútvegi, landbúnaði

eða iðnaði. En það má segja, að nú séu þessi endurkaup þríþætt: það er út á útflutningsframleiðsluna, og þar undir falla sjávarútvegur og landbúnaður, og það er út á afurðir landbúnaðarins, sem seldar eru innanlands, og það eru loksins endurkeyptir rekstrarvíxlar landbúnaðarins og hefur verið á undanförnum árum, en t. d. rekstrarvíxlar útvegsins eða hin svokölluðu útgerðarlán, þegar lánað hefur verið útgerðarmönnum út á væntanlegan afla, þeir hafa aldrei verið endurkeyptir.

En eins og hv. þm. kannske minnast, kom mjög til tals hér á árinu 1953, eftir alþingiskosningarnar þá, þegar mynduð var samstjórn sjálfstæðismanna og framsóknarmanna, að veita bændum aðstöðu til þess að fá lán út á rekstrarvörur þeirra, svipað og útgerðarmenn fengju lán út á óveiddan afla í sambandi við rekstur bátaútvegsins, og um þetta var samið á milli þáverandi stjórnarflokka, Sjálfstfl. og Framsfl., og gefin stefnuyfirlýsing um það af þeirri stjórn, sem þá tók við undir forsæti sjálfstæðismanna. En í framkvæmdinni hefur þessi lánveiting orðið með nokkuð öðrum hætti en a. m. k. ýmsir höfðu gert sér í hugarlund, sem að þessu stóðu, og get ég látið nægja að tala þar bara fyrir mig einan, sem þá var einn af stuðningsmönnum ríkisstj., að það, sem fyrir vakti og maður taldi eðlilegast, var það, að bændurnir sjálfir gætu fengið rekstrarlán í sambandi við erfiðleika í búrekstri þeirra, út á fé á fjalli t. d., svipað og út á óveiddan afla, sem gerði þeim fjárhagsaðstöðuna sjálfstæðari en ella væri og greiddi úr margvíslegum vandræðum þeirra, meðan þeir gætu ekki komið í lóg þeim verðmætum, sem fælust í þessum væntanlegu afurðum, sem síðar yrðu að svo og svo miklu leyti sláturafurðir á haustinu, — meðan þeir gætu ekki komið því í lóg og hagnýtt það í búrekstri sínum til margvíslegra þarfa, bæði vélakaupa og hins almenna kostnaðar af búrekstrinum. Nú hefur þetta að vísu farið í það form í framkvæmdinni, fyrst og fremst fyrir tilstuðlan Landsbankans, að safnað er sláturloforðum frá bændum, og það er náttúrlega í langmestum mæli gegnum kaupfélögin eða samvinnufélögin, sem nærri því ein hafa með höndum slátrunina í landinu, og út á þessi sláturloforð er svo lánað. Og þá er auðvitað hugsunin í því, þó að framkvæmdin sé með þessum hætti, að slík lán ættu að greiðast upp, þegar sláturafurðirnar væru orðnar til, og lána svo aftur út á þær með veði í þeim. En í framkvæmdinni er þetta nú samt sem áður þannig, að þessi lán liggja að meira og minna leyti algerlega föst í bönkunum allan ársins hring og það er byrjað að lána út á væntanleg lömb, þegar þau eru byrjuð að þróast í móðurkviði, og í smástigum er þetta svo aukið og í vissum áföngum. Og það kann að vera, og ég skal ekki fella neinn dóm um það, að þetta sé hagkvæmari aðferð en að lána einstökum bændum, en a. m. k. er alveg óeðlilegt, að þessi rekstrarlán verði endurkeypt af Seðlabankanum.

Eins og ég viðurkenni lánsfjárþörf iðnaðarins og að því fram komnu, að menn teldu endurkaupin ekki það heppilegasta form á þessu sviði, þá er auðvitað ekki hægt að snúast við málinu öðruvísi en finna önnur form á lánveitingunum í þessu sambandi, því að ég held, að það sé ótvírætt, að viðurkenna verði þörfina. Það mundi þá vera með því móti, að viðskiptabönkunum og öðrum peningastofnunum, með einhverri annarri tilstuðlan Seðlabankans en með þessum hætti, væri gert kleift að veita þessum atvinnuvegi slík lán. Ég er ekki að tala fyrir því um þessi lán, sem ég talaði um áðan, þessi upphaflega hugsuðu rekstrarlán til bænda og með veði í væntanlegum landbúnaðarafurðum o. s. frv., að svo miklu leyti sem þau hefðu kannske getað verið í heppilegra formi, að það verði af þeim tekið og ekki komi neitt í staðinn, það er aðeins að breyta lánaforminu, og þess vegna vek ég athygli á þessu hér. Mér er ljóst, að það væri jafnmikill grikkur við landbúnaðinn að gera það eins og að daufheyrast nú við kröfum iðnaðarins um að fá nokkra leiðréttingu sinna mála í sambandi við rekstrarlánaþörfina.

Ég vildi láta þessar athugasemdir koma fram á þessu stigi málsins. Þingnefnd fær nú þetta til meðferðar, og það hlýtur að draga að því, að ákvarðanir verði teknar í þessu máli, hvort sem það er á þennan hátt eða annan. Og eins og ég sagði áðan, þá vænti ég þess, að nefnd sú á sviði iðnaðarins, sem hefur haft þessi lánamál til meðferðar, muni mjög bráðlega skila áliti. Hitt verður að sjálfsögðu stærra og meira vandamál á verksviði Seðlabankans í samvinnu við ríkisstj., ef ætti að taka upp eitthvað annað form endurkaupanna en hefur verið, og skal ég ekki neinu um það spá, þó að ég hafi viljað láta þessar skoðanir mínar koma í ljós á þessum vettvangi. Að þessum málum varðandi iðnaðinn hefur verið unnið, og væntanlega liggja mjög bráðlega fyrir niðurstöður eða nefndarálit þessarar nefndar, sem ég gerði grein fyrir, og tillögur, sem hún kann að leggja fram, þó að ekkert sé vitað um það enn, hvort þær geti úr þessu leyst, og sjálfsagt verða mörg ljón á veginum, áður en búið er að leysa úr þörf iðnaðarins á þessu sviði, eins og annarra atvinnuvega, ef við höfum hliðsjón af því, hversu fjárvana við Íslendingar höfum verið og erum í sambandi við okkar atvinnurekstur.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur hér gefið um það, að þessi mál séu til athugunar hjá ríkisstj., og eins láta í ljós ánægju mína yfir því, að ríkisstj. hefur þessi mál til athugunar. En hins vegar er það að sjálfsögðu ekki nóg, að þessi mál séu í athugun, þegar hún virðist dragast jafnt von úr viti eins og hér hefur átt sér stað. Það þurfa líka að koma til framkvæmdir, og ég vænti þess þess vegna, að þessi athugun hjá hæstv. ríkisstj.

leiði til þess mjög fljótlega, að einhverjar framkvæmdir geti átt sér stað í þessum efnum, og ég hygg, að með því að Alþingi endurnýi þessa ályktun, þá ætti það að geta orðið til þess að örva ríkisstj. í þeim efnum og hraða því, að hér verði eitthvað raunhæft gert.

Hæstv. ráðh. talar um, að það gæti komið til mála að haga endurkaupum á rekstrarvíxlum frá atvinnuvegunum með einhverjum öðrum hætti en nú á sér stað. Það getur vafalaust verið rétt. En ég vil aðeins í sambandi við þessa till. segja það, að ég skil hana ekki þannig, að hún sé endilega miðuð við það, að endurkaupin á iðnaðarvíxlum verði bundin þeim reglum, sem nú gilda um endurkaup á framleiðsluvíxlum sjávarútvegs og landbúnaðar, heldur þeim reglum, sem gilda um það á hverjum tíma, þannig að ef þeim reglum, sem nú gilda varðandi landbúnað og sjávarútveg, yrði breytt, þá mundi að sjálfsögðu, ef þessi till. yrði samþykkt og framkvæmd, verða hliðstæð breyting á þeim reglum, sem giltu um iðnaðinn. En aðalatriðið er það að tryggja iðnaðinum sambærileg kjör við aðra aðalatvinnuvegi í þessum efnum. En þar sem hæstv. iðnmrh. hafði nú góð orð um það og taldi sig fylgjandi því, að iðnaðurinn ætti að njóta samstöðu við aðra aðalatvinnuvegi í þessum efnum, þá vænti ég, að það þýði þá jafnframt, að þessi till. muni njóta stuðnings hans og fylgismanna hans og að Alþingi endurnýi þess vegna þann vilja, sem það hefur áður látið í ljós um þessi mál.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. og 52. fundi í Sþ., 6. og 11. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 43, n. 623 og 669).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

5. Innlend kornframleiðsla.

Á 7. fundi í Sþ., 25. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um aðstöðujöfnun innlendrar kornframleiðslu við innflutning korns frá útlöndum [47. mál] (A. 56).

Á 11. fundi í Sþ., 1. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 13. fundi í Sþ., 8. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Sþ., 15. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 2. þm. Austf. og hv. 4. og hv. 2. þm. Sunnl. að flytja hér till. til þál. um aðstöðujöfnun innlendrar kornframleiðslu við innflutning korns frá útlöndum. Í till. okkar felst það, að Alþingi feli ríkisstj. að taka upp verðbótagreiðslur á korn það, sem ræktað er í landinu, til jafns við þær niðurgreiðslur, sem nú eru framkvæmdar úr ríkissjóði á innflutt korn frá útlöndum.

Um margra ára skeið hafa á vegum ríkisins farið fram tilraunir með það hér á landi að rækta korn að nokkru marki. Þessar tilraunir hafa allt fram undir þetta verið á því stigi, að ekki hefur orðið um verulega kornframleiðslu að ræða. En nú hefur þetta breytzt á hinum allra síðustu árum, einkum nú á tveim hinum síðustu árum, sem kornframleiðslan hefur aukizt verulega og bændur eru að taka þetta upp sem búgrein. Enn fremur hefur sandgræðsla ríkisins staðið fyrir því, að nú er tekið að rækta upp sanda með því að sá í þá korntegundum, og gefur það slíka raun, að ætla má, að ef eðlileg aðstaða væri fyrir innlenda kornframleiðslu, mundi hér á næstunni rísa upp kornframleiðsla, sem væri árviss og ekki óhaganlegri búgrein, svo að vægt sé að orði komizt, heldur en aðrar þær búgreinar, sem hér eru reknar og lengri reynsla er fyrir. En eitt er það þó, sem hlýtur að draga úr og í rauninni koma í veg fyrir það, að hér hefjist kornframleiðsla í stórum mæli að öllu óbreyttu. Því er sem sagt svo háttað nú, að ríkissjóður greiðir niður allt það korn, sem inn í landið er flutt, greiðir það niður um 18.61% af fob-verði þess, en innlenda kornið nýtur engrar sambærilegrar fyrirgreiðslu. Hér við bætist það, að ræktun kornakra nýtur engrar fyrirgreiðslu í jarðræktarlögum, fær engan jarðabótastyrk, enda þótt ríkið verji á fjárlögum árlega nokkrum milljónum til styrks við ræktunarframkvæmdir. Með því að greiða þannig niður innflutt korn og láta síðan innlenda kornrækt keppa við aðflutning niðurgreidds korns er raunverulega verið að leggja verndartolla á erlendu framleiðsluna og ójafna þá aðstöðu, sem íslenzka kornræktin hefur. Þetta er þeim mun ósanngjarnara sem kornrækt hér á landi er og hlýtur alltaf að verða þeim annmörkum háð, að við búum hér í landi, sem jafnan hlýtur að hafa takmörkuð skilyrði til kornræktarinnar, enda þótt við teljum hana æskilega að öllu því marki, sem hún getur gengið með skaplegum hætti. Það er efni tillögu okkar að fela ríkisstj. að bæta hér um og jafna aðstöðu innlendu kornræktarinnar við þá erlendu.

Það er ekki nauðsyn að flytja þetta mál í lagaformi, því að ríkisstj. hefur óumdeilanlega lagaheimild til þess að framkvæma þá niðurgreiðslu, sem við flm. þessarar tillögu leggjum til að Alþingi feli ríkisstj. að framkvæma. Sú heimild er fyrir hendi í 28. gr. l. um efnahagsmál frá því í febr. 1960.

Till. þessa efnis kom einnig fyrir síðasta Alþingi og fékkst þá ekki afgreidd. Nú eru það eindregin tilmæli okkar flm. þessarar till., að hún verði ekki látin bíða um of afgreiðslu og að þær samþykktir, sem Alþingi kann að gera í þessu efni, verði látnar ná til þeirrar kornuppskeru, sem fékkst á s. l. hausti.

Það er vert, um leið og þessi till. er rökstudd, að því leyti sem hún er sanngjörn, að það sé

einnig gerð grein fyrir því, hvað líklegt er að það muni kosta ríkissjóð mikið að framkvæma hana. Það er að vísu ekki auðvelt að slá upp tölum um það og af tvennum ástæðum. Í fyrsta lagi er kornrækt hér svo skammt á veg komin enn þá, að ekki liggja fyrir um afrakstur hennar sambærilegar skýrslur við það, sem úr öðrum búgreinum er árlega aflað. En ætla má þó að kunnugustu manna yfirsýn, að kornrækt á Íslandi hafi á árinu 1960 numið um það bil 3000 tunnum korns, en að í ár nemi hún tvöföldu því magni eða rösklega 6000 tunnum. Í tunnu eru þá talin 100 kg.

Nú mætti þess vegna ætla, að þetta þýddi aukin útgjöld ríkissjóðs á þessu ári, sem svarar niðurgreiðslu á 6000 tunnum korns. En svo er ekki. Ég geri ráð fyrir því, án þess þó að vita það með vissu, að við undirbúning fjárlagafrv. fyrir árið 1962 hafi verið reiknað með því, að korninnflutningur til landsins mundi verða með svipuðum hætti á árinu 1962 og hann var á árinu 1960. Þá komu reyndar, á árinu 1960, 3000 tunnur korns af innlendri framleiðslu til frádráttar innflutningi korns til landsins, svo að það er í rauninni ekki nema helmingur af ársframleiðslu þessa árs, sem kæmi til sérstakra verðbóta, því að 3000 tunnur af þessa árs framleiðslu hafa óumdeilanlega komið til minnkaðs innflutnings á erlendu korni, sem verður þá auðvitað að draga frá þeirri upphæð, sem kæmi til útgjalda ríkissjóðs við samþykkt þessarar tillögu, enda hefur sá innflutningur þegar verið eða verður greiddur niður með 18.61%. Ég vildi því ætla, að fyrir yfirstandandi ár þýddi þetta verðbætur á helming kornframleiðslunnar til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð, en það eru 3000 tunnur.

Mestur hluti þess korns, sem hér er ræktaður, mun vera bygg. Bygg er nú selt við verði, sem nemur einhvers staðar á fimmtu krónunni, milli 4 og 5 kr. kg, og ef við vildum áætla, að það innflutningsverð, sem verðbætur nú koma á, væri nálægt 4 kr., má ætla, að verðbætur á hvert kg af innfluttu korni væru um það bil 75 aurar. Það þýddi það, að verðbætur á alla ársframleiðslu Íslendinga sjálfra í ár ætti þess vegna að nema um það bil 450 þús. kr. En eins og ég hef áður tekið fram, sparast frá þeim áætlunum, sem þegar hafa verið gerðar, væntanlega verðbætur á 3000 tunnur af innfluttu korni, og kemur því aðeins helmingurinn af þessari upphæð til aukninga fjárveitinga á þessu ári, eða sem svarar 225 þús. kr. Á fjárlögum þessa árs eru ætlaðar til niðurgreiðslu á vöruverði 302.9 millj. kr. Það er því ólíklegt, að ekki væri hægt að koma þessari greiðslu fyrir innan þess ramma, sem þar er markaður, þar sem einungis er að ræða innan við einn milljónarfjórðung, en áætlunarupphæðin til almennrar niðurgreiðslu á vöruverði er yfir 300 millj. í fjárlögum, svo að þetta er ekki stórt mál í fjárreiðum ríkissjóðs. Á fjárlagafrv. fyrir 1962 er þessi upphæð lækkuð nokkuð, en á hinn bóginn má gera ráð fyrir aukinni innlendri framleiðslu á korni, svo að það er ekki auðvelt að gera áætlun um það, hvað það þýddi, en það má að öllu samanlögðu reikna með því, að það sé ekkert dýrara fyrir ríkissjóð að verðbæta innlendu framleiðsluna heldur en innflutninginn, svo að einungis væri þar um að ræða verðbætur á þær 3000 tunnur korns, sem látnar hafa verið óverðbættar á árinu 1960, og að því leyti sem innlenda kornframleiðslan kann að vaxa á komandi árum, þá kemur hún líka til frádráttar á innflutt korn, svo að hún ætti ekki að hafa neinn aukakostnað í för með sér.

Þetta vildi ég aðeins hugleiða hér með hv. alþm., áður en málið kemur til endanlegrar afgreiðslu. Ég ætla, að það sé flestum hv. þm. ljóst, að það vantar nýjan lagabálk um það, að kornrækt njóti sambærilegar fyrirgreiðslu af opinberri hálfu og önnur ræktun í landinu, enda hafa hér þegar verið flutt frumvörp um það. En þrátt fyrir það, þótt slík frumvörp hafi verið sýnd hér á Alþingi, verður þess ekki vart, að afgreiðsla þeirra sé alveg á næsta leiti, og m. a. af þeim sökum þykir okkur flm. eðlilegt, að Alþingi taki hið fyrsta til meðferðar þessa litlu tillögu okkar og bæti að þessu leyti úr vanrækslu hins opinbera, svo að hætt verði af opinberri hálfu að gera kornrækt hér torveldari en ástæða er til. Þess vegna leggjum við kapp á það, að þessi leiðrétting verði ekki látin dragast von úr viti, því að ég ætla, að það muni engum hv. alþm. finnast ósanngjarnt, að hún verði samþykkt.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að þessari umr. verði á einhverju stigi frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Hv. 1. flm. og frummælandi hélt hér svo rökfasta ræðu og greinargóða um þetta málefni, að það er í raun og veru óþarfi af mér að koma hér upp, því að hann tók flest það fram í málinu, sem grundvallarþýðingu hefur. En ég vildi leyfa mér samt sem áður að minna á það, að tilraunir með kornrækt hafa farið fram hér á Íslandi um þriggja áratuga skeið og yfirleitt hafa þessar tilraunir borið góðan árangur. Ég vil enn fremur minna á annað, sem hefur stórkostlega þýðingu, þegar menn hugsa um þessa hlið landbúnaðarins eða þennan atvinnuveg, að það hefur gerzt á s. l. 20 árum í landi okkar, að meðalhitinn á Íslandi hefur hækkað um 1 stig á s. l. 20 árum. Þetta orsakar það, að við getum verið bjartsýnir á framtíð kornræktar í landinu. Ef meðalhitinn hefði aðeins lækkað, þótt það hefði ekki verið nema um svo sem ½ stig, þá hefði sennilega verið til lítils að hugsa til kornyrkju í landinu. En nú er það skemmtilega fyrirbrigði að gerast, að meðalhitinn í landi okkar er að hækka, og þess vegna getum við vænzt þess, að ræktunarstarf eins og t. d. kornrækt geti átt sér góða og glæsilega framtíð fyrir höndum í landi okkar.

En þá þarf þessi atvinnuvegur vissulega, eins og hv. flm. og frummælandi ræddi um, að búa við þau skilyrði, að hann geti þrifizt, búa við þau skilyrði af öðrum ástæðum, hafa samkeppnisaðstöðu við erlendar kornvörutegundir sams konar, sem fluttar eru inn í landið. Og þess vegna finnst okkur flm., að fyrsta skilyrði til þess sé það, að þessi innlenda framleiðsla geti notið sömu kjara og erlent korn, sem flutt er inn, og til þess er nú till. flutt. Ég vil leggja alveg sérstaka áherzlu á þetta og það með, að við, sem sífellt erum í vandræðum af gjaldeyrisleysi og þurfum að horfa í hvern eyri, við eigum að nýta sem bezt alla þá möguleika, sem fyrir hendi eru til framleiðslu í landinu sjálfu, á hvaða sviði sem það er, sem

getur hvort tveggja í senn aukið atvinnu og sparað okkur erlendan gjaldeyri. Og ég er sannfærður um það t. d. í sambandi við kornræktina, að verði það svo, að íslenzkt náttúrufar versni ekki frá því, sem nú er, heldur kannske haldi áfram að batna, eins og verið hefur undanfarna tvo áratugi, að meðalhitinn hefur vaxið, þá á þessi atvinnurekstur mikla framtíð fyrir höndum, og ég tel, að þá muni rísa upp bændur í landinu, sem verði eingöngu kornyrkjubændur, eins og t. d. á síðustu áratugum hafa risið upp þó nokkuð margir bændur í þessu landi, sem eru eingöngu garðyrkjubændur og stunda ekkert annað en garðyrkju og virðist ekki farnast verr en öðrum **við þann atvinnuveg.**

Ég stóð nú upp og kom hér í ræðustólinn eingöngu til þess að undirstrika það, sem frummælandi **sagði, og til þess að vekja athygli á** þessum vissu atriðum, sem ég hef nefnt í sambandi við kornræktarmálin.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það voru **aðeins fáein orð til að segja mönnum fréttir af** Austurlandi til stuðnings þessari þáltill. Auðvitað er það eitt stærsta mál landbúnaðarins, að hægt verði að framleiða fóðurbætinn í landinu sjálfu. Þetta hefur mönnum lengi verið ljóst og tilraunir miklar verið gerðar í þá stefnu að framleiða hér fóðurkorn. Þessar tilraunir hafa farið fram nokkuð lengi og gefið allgóða raun. En nú alveg upp á síðkastið hefur komið skriður á kornræktina, m. a. hefur kornrækt núna á örskömmum tíma orðið allútbreidd á Austurlandi, **og var framleitt þar þó nokkuð af korni á s. l.** sumri. Það er dæmi til þess nú í haust, að bændur á Austurlandi, á Fljótsdalshéraði hafa lagt inn í verzlanir talsvert af korni. Mun það í fyrsta skipti í sögu landsins, að þetta hefur gerzt. **Þetta er stór atburður í þjóðarsögunni, að** þessi framleiðslugrein er að færast á þetta stig, **miklu stærri atburður en við flest gerum okkur** grein fyrir.

Nú er það líka að segja, að kornið á Austurlandi þroskaðist sæmilega í sumar, enda þótt sumarið væri með lélegra móti. Það eflir kornræktaráhugann **mjög og eykur líkurnar fyrir því,** að hér sé um að ræða allörugga búgrein, sem ekki verði stopulli en aðrar búgreinar, ef rétt er að farið. Ég tel víst, að kornrækt fari hraðvaxandi í landinu á næstu árum. Sérstaklega hefur aukizt bjartsýni manna við það, að kornið **ox sæmilega og sums staðar allvel þrátt fyrir** jafnlélegt sumar og var í ár á Austurlandi.

En það er einn hængur á þessu, og hann er sá, að innlenda kornið nýtur ekki sömu aðstöðu og erlenda kornið. Þetta má auðvitað ekki standa stundinni lengur. Það er alveg óhugsandi, að hægt sé að sætta sig við þetta. Menn sætta sig alls ekki við, að erlend kornrækt sé styrkt, en sú innlenda ekki. Þess vegna vil ég mjög eindregið taka undir þessa þáltill. og vænti þess, að hv. Alþingi afgreiði þetta mál skörulega og hæstv. ríkisstj. taki upp þann hátt að greiða niður íslenzkt korn til samræmis við það útlenda.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 7. fundi í Sþ., 22. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. og 52. fundi í Sþ., 6. og 11. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 56, n. 613 og 615).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

6. Heyverkunarmál.

Á deildafundum 2. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um heyverkunarmál [57. mál] (A. 74).

Á 13. og 17. fundi í Sþ., 8. og 22. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram till. þá, sem er til umr. á þskj. 74, ásamt sex öðrum hv. alþm. Till. þessi hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa sex manna nefnd til þess að gera tillögur um almennar ráðstafanir með lögum eða á annan hátt, er að því miði að gera heyverkun bænda sem öruggusta og ódýrasta. Nm. skulu skipaðir eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, Stéttarsambands bænda, tilraunastöðvar háskólans í meina**fræði á Keldum, tilraunaráðs búfjárræktar,** verkfæranefndar ríkisins og raforkumálaskrifstofunnar, einn tilnefndur af hverjum aðila. N. kýs sér sjálf formann. N. athugi sérstaklega, hvernig auka megi súgþurrkun og votheysgerð sem allra mest, t. d. með því að hækka ríkisframlag og veita lán til þess að koma upp súgþurrkunartækjum, lofthitun í sambandi við blástur, votheysgeymslum, færiböndum og saxblásurum. Enn fremur láti hún uppi, að fengnum sérfræðilegum upplýsingum, álit sitt á möguleikum til þess að koma í veg fyrir tjón á sauðfé vegna votheysgjafar. N. ljúki störfum svo fljótt sem frekast er unnt og skili tillögum um lánveitingar til ríkisstj. svo tímanlega, að unnt sé að taka tillit til þeirra á árinu 1962. Kostnaður við nefndarstörf, þ. á m. við fræðilega aðstoð, greiðist úr ríkissjóði.“

Með till. er farið fram á, að sem fyrst verði athugað af sérfróðum mönnum, hvernig bezt og haganlegast verði að því unnið af hálfu ríkisins, að bændur geti almennt og sem allra fyrst aflað **sér í fyrsta lagi véla til súgþurrkunar og í öðru** lagi véla eða tækniútbúnaðar til þess að flýta og létta vinnu við votheysgerð, og í þriðja lagi, að hraðað verði sem mest rannsóknum til að koma í veg fyrir votheyseitrun í sauðfé.

Í grg. þeirri, er fylgir þessari till., er rakið og nokkuð rökstutt, hversu gífurlega þýðingarmikið það er fyrir landbúnað okkar að flýta sem mest tæknibúnaði þeim, sem reynslan hefur þegar sýnt að getur komið í veg fyrir, að hey

skemmist eða eyðileggist í votviðrasumrum, eins og þráfaldlega hefur komið fyrir í heilum landshlutum. Þau ár eru færri, að ekki komi til vandræða af þessum sökum í einhverjum landshluta eða byggðarlagi.

Íslenzkir bændur eru nú farnir að byggja búskap sinn að mestu á ræktuðu landi. Ræktun landsins og áburður á það er hvort tveggja mjög dýrt. Þurrkun heyja af ræktuðu landi er, eins og allir vita, seinlegri en af óræktuðu landi, og ef ekki er gætt fyllstu varkárni og aðgæzlu, þá getur hiti af slíku heyi valdið bruna og stórskemmdum. Hrakin hey eru lítils virði, þótt hægt kunni að vera að láta skepnur halda lífi á slíkum heyjum, ef fóðurbætir er gefinn í stórum stíl.

Það þarf því varla að orðlengja um þá miklu þjóðhagslegu þýðingu, sem aukin tækni í sambandi við heyverkunina hefur, og ég veit, að hver maður skilur, hversu mikla þýðingu það hefur fyrir hvern þann bónda eða hvern þann mann, sem atvinnurekstur stundar, að tryggja afkomu hans sem mest fyrir áföllum af völdum veðráttunnar.

Það hefur sýnt sig á undanförnum árum, að þeir bændur, sem komið hafa upp hjá sér súgþurrkun og hafa samhliða einnig nokkra votheysgerð, **þeir geta svo að segja viðstöðulaust haldið** áfram að heyja, hvernig sem tíðin er, og þeirra hey eru í fullu gildi til fóðurs. Þeir bændur, sem svo langt eru komnir í tækni, eru hins vegar allt of fáir og er það eðlilegt, þegar á það er litið, að engin stofnun er til, sem lánar fé til slíkra framkvæmda, þ. e. a. s. til vélakaupa, sem nauðsynleg eru til þess að verka heyin í allstórum stíl með votheysgerð og súgþurrkun. Það er að því vikið í grg., sem fylgir þessari till., að **súgþurrkunartæki í 1000—1200 hesta hlöðu muni** með núverandi verðlagi kosta um 70 þús. kr. og sá tækniútbúnaður, sem er í raun og veru nauðsynlegur til þess, að auðvelt geti talizt að koma hinu þunga, óþurrkaða grasi í votheysturna, muni kosta eitthvað svipað, e. t. v. þó nokkru minna. En það er svo mikið fé, að mjög fáir bændur treysta sér til að eignast þessi mjög svo nauðsynlegu tæki. Væri hins vegar hægt að fá lánsfé til slíkra vélakaupa með viðráðanlegum kjörum, þá er alveg víst, að bændur mundu ráðast í að taka tæknina í sína þjónustu við heyverkunina, og þeim mundi fjölga óðfluga, sem yrðu óháðir tíðarfarinu að mestu um heyverkunina.

Ég er viss um, að í fáu mundi fé fjárhagslega séð renta sig betur. Þær þjóðir, sem ekki taka tæknina á öllum sviðum í þjónustu atvinnuveganna og framleiðslunnar, dragast fljótt aftur úr, og ókyrrð og óánægja í slíkum þjóðfélögum er sífellt vandamál. Við Íslendingar erum svo heppnir að eiga stórt land, þar sem enn má rækta og byggja og nema landið um ófyrirsjáanlegan tíma. Land okkar er að mörgu leyti vel fallið til kvikfjárræktar, en á henni hefur þjóðin lifað að mestu á umliðnum öldum. Undirstaða kvikfjárræktar hér á landi eru hin góðu skilyrði, sem landið hefur til grasræktar. Við Íslendingar getum áreiðanlega margfaldað landbúnaðarframleiðslu okkar á mjög skömmum tíma, ef við tökum tæknina við heyöflunina og heyverkunina í þjónustu okkar almennt. Ég álít, að í áætlunum um framkvæmdir í landbúnaði nú á næstunni ætti að vera númer eitt, að allir bændur á Íslandi væru eftir 5—6 ár búnir að fá þá tækni í hendur, **að heyverkun þeirra væri ekki lengur undir tíðarfari og heppni komin**, og ég held að þetta sé hægt, ef bændurnir og þjóðfélagið tækju höndum saman um það að láta slíkt takmark ganga fyrir öðru í landbúnaðarmálum, því að ég tel, að ýmislegt mætti fremur bíða. Þetta er að mínum dómi það nauðsynlegasta.

Ef till. þessi verður samþ. og kemur til framkvæmda, sem ég vonast fastlega eftir, þá finnst mér það ætti að vera fyrsta verk n. að gera áætlun um það, hversu langan tíma þarf til að koma þeirri tækni til hvers bónda í landinu, sem tryggir heyverkunina, og hvað slíkt kosti og hvernig kostnaðarspursmálið verður leyst.

Ég fullyrði, að gætu bændur fengið lánsfé í þessu skyni með viðráðanlegum kjörum, þá er engin hætta fyrir þá að leggja í slíkar framkvæmdir sem hér er um rætt, því að þær munu áreiðanlega borga sig og það fljótlega. Og þótt hér verði vissulega um nokkuð stóra fjárhæð að ræða í heild, sem þyrfti, til þess að hægt væri að leysa þessa hlið málsins, þá sé hún þó ekki stærri en svo, að það muni vera mjög viðráðanlegt.

Herra forseti. Ég fjölyrði svo ekki á þessu stigi málsins meira um þetta, en leyfi mér að leggja til, að þessari till. verði nú vísað til síðari umr. og til hv. fjvn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, sem sagt var hér af 1. flm. þessarar till., að það er nauðsynlegt að gera ýtarlega athugun á því, hvernig heyöflun bænda geti orðið örugg og hvernig bændur geti tryggt sig gegn rosanum og óþurrkunum. Spurningin er, hvort hv. Alþingi þarf að samþ. till., til þess að þetta verði gert, eða hvort það væri eðlilegra, að það væri gert með öðrum hætti. Mér er kunnugt um, að Stéttarsamband bænda hefur haft þetta mál **á dagskrá. Aðalfundur Stéttarsambands bænda** ræddi þetta mál í haust, og búnaðarþing hefur einnig rætt þetta mál nokkuð. Það er enginn vafi á því, að súgþurrkun, ef hún gæti komið til sem **flestra bænda, væri mikið öryggi gegn óþurrkum.** Það er rétt, að súgþurrkun kostar nokkuð mikið í stofni og að bændur þurfa a. m. k. margir hverjir að fá lán til þess að koma þessu í gegn. Jarðræktarlögin eru að þessu sinni í endurskoðun, og mér er kunnugt um, að þeir, sem að þeirri endurskoðun vinna, hafa komið auga á það, að nauðsynlegt væri að hækka nokkuð styrkveitingar til súgþurrkunar og jafnvel til votheysgerðar. Ég skal ekki segja um, hvað verður úr því, en áreiðanlegt er, að n. hefur komið auga á þetta, og ég hygg, að hún geri till. um hækkaðan styrk í sambandi við endurskoðun laganna.

Þá vil ég einnig upplýsa, að það hefur verið í athugun nú síðustu mánuðina, hvort ekki væri mögulegt að veita lán úr ræktunarsjóði í auknum mæli vegna súgþurrkunar, og sú athugun fer fram jafnt, hvort þessi till. verður samþ. eða ekki. Ég er sannfærður um, að bændasamtökin séu með þetta mál á dagskrá. Búnaðarfélag Íslands, búnaðarþing, Stéttarsamband bænda, framleiðsluráð landbúnaðarins, landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans, tilraunastöðin á Keld-

um, — allir þessir aðilar hafa gert sér grein fyrir hinni brýnu nauðsyn, að súgþurrkun verði almennt upp tekin hjá bændum, að heyverkun yfirleitt verði bætt. Stjórn Stéttarsambands bænda eða Búnaðarfélag Íslands hlýtur að hafa forgöngu um, að þessi athugun verði gerð, og ég hygg, að stéttarsamtök bænda vildu heldur hafa forgöngu um þetta en fá skipun frá hv. Alþingi, að þetta skuli gert.

Ég bendi aðeins á þetta, ekki af því, að það sé ekki réttmætt, sem á er bent í till., og tilgangurinn er góður. Þetta þarf að gerast. En þetta er að mestu leyti komið af stað. Ég veit það ekki, ég vek aðeins athygli á því, að það gæti verið, að samtök bændastéttarinnar teldu það að nokkru leyti vantraust á sig, ef Alþingi samþykkti áskorun þá, sem felst í þessari till. Það gæti nú verið, og ef stéttarsamtök bændanna litu þannig á, þá tel ég, að það ætti að ná því marki, sem till. stefnir að, með öðrum hætti. Till. fer að sjálfsögðu í n., og undir meðferð málsins má athuga þetta nánar, hvort stéttarsamtök bændanna treysta sér ekki til að láta þá athugun, sem hér hefur verið rædd, fara fram án þess, að till. verði samþ., eða hvort þau óska eftir að fá slíka áskorun frá Alþingi á þeirra eigin samtök, til þess að þetta nauðsynjamál verði framkvæmt.

Það er þetta, sem ég aðeins vil vekja athygli á, um leið og ég er að öllu leyti samþykkur því, að það verði framkvæmt, sem í till. er, enda tel ég, að það sé þegar svo mikill skilningur fyrir þessu hjá forustumönnum bændasamtakanna, að það hljóti að verða.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Mér heyrðist á hæstv. landbrh., sem var að tala hér, eins og honum væri heldur verr við það, að þessi till. næði hér samþykki, því að hann óttaðist, að bændasamtökin móðguðust eitthvað af þessu. Ég er alveg óhræddur um það. Ég held, að bændasamtökin muni fagna því, ef þessi till. yrði samþ. hér, því að með henni er verið að reyna að vinna í þá átt að bjarga miklum verðmætum fyrir bændastéttina og þjóðarbúið í heild, og auk þess er með þessari till. verið að leiða saman til athugunar á þessu stóra, þýðingarmikla máli einmitt þá aðila, sem helzt ættu að hafa aðstöðu til þess að geta fjallað um málið vegna þekkingar og reynslu, en það eru, eins og upp er talið í till., Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda, tilraunastöð háskólans í meinafræði á Keldum, tilraunaráð búfjárræktar, verkfæranefnd ríkisins og raforkumálaskrifstofan. Þessar stóru og merku stofnanir, sem flestar eru í þjónustu landbúnaðarins, það er farið fram á það með till., að þær tilnefni menn, sem geri athugun í þessu máli, og ég get ekki ímyndað mér, að bændasamtökin eða þær stofnanir, sem starfa á vegum landbúnaðarins, geti á nokkurn hátt móðgazt af þessari till., heldur muni þær taka fegins hendi að fá þetta verkefni og gera till. um lausn á því. Þess vegna vil ég eindregið vænta þess, að þessi till. mæti velvilja þingsins og nái fram að ganga.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. flm. taldi, að ég hefði í rauninni mælt í gegn till. Þetta er ekki rétt, ef það er skoðað í því ljósi, sem ég bar mitt mál hér fram. Ég taldi, að það, sem í till. fælist, það verkefni, sem bæri að leysa, væri mjög brýnt og nauðsynlegt, og ef ekki er hægt að gera það án þess að fá samþykkt um það frá Alþingi, þá er ég vitanlega með því. Ég er með því að samþykkja þessa tillögu, ef ekki er unnt að leysa það verkefni, sem hún fer fram á, á annan hátt.

Hv. þm. sagði, að bændasamtökin mundu fagna því að fá það verkefni, sem um er rætt í till. Ég spyr: Hafa bændasamtökin ekki þetta verkefni með höndum, án þess að það verði gerð samþykkt um það á Alþingi? Vissulega. Bændasamtökin hafa þetta verkefni með höndum í dag. Bændasamtökin ræða þetta verkefni á sínum fundum, bæði hreppabúnaðarfélögin, búnaðarsamböndin, aðalfundur Stéttarsambands bænda, búnaðarþing og fleiri aðilar. Þeir ræða þetta verkefni á sínum fundum, og spurningin er, hvort þessar umr. bændasamtakanna eru ekki komnar það langt og skilningur forustumanna bændanna er ekki orðinn það mikill á þessu, að þeir taki að sér að vinna það verk, sem í till. felst, án þess að hún verði samþykkt. Og eins og ég sagði hér áðan, fer þetta mál til nefndar, og undir meðferð málsins er hægt að fullvissa sig um, hvort bændasamtökin óska eftir því að fá þessa áskorun frá Alþ. Ef þau óska eftir því og telja, að það létti undir með framkvæmdinni, þá skal ekki standa á mér að greiða atkv. með till. En ég gat ekki að því gert að vekja athygli á því, að þetta mál hefur verið á dagskrá síðustu árin og sérstaklega nú síðustu mánuðina, t. d. að það er við endurskoðun jarðræktarlaganna verið að gera athugun á því, hvort ekki beri að auka styrkveitingar til súgþurrkunar og votheysgerðar, og það er nú af hendi ríkisstj. verið að athuga um auknar lánveitingar út á súgþurrkunina. Sú athugun fer fram, hvort sem till. verður samþ. eða ekki.

En það má kannske segja, að ég og hv. 2. þm. Sunnl. séum hér að deila um keisarans skegg, vegna þess að við erum alveg sammála um nauðsynina á því, að þetta verk verði unnið og það verði stuðlað að því, að bændur hafi almennt súgþurrkun og bætta aðstöðu til heyverkunar. En ég get ekki að því gert, að mér finnst skemmtilegra og mér finnst eðlilegra, að þessi forusta komi frá bændum sjálfum án áskorunar frá Alþingi. En komi það í ljós, að það létti undir með framkvæmdinni að samþykkja till. eins og þessa, þá skal ekki standa á mínu fylgi við það.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Ég skal ekki deila við ráðh. um þetta mál frekar. En vegna þess að hann hefur gefið þær upplýsingar hér, að þessi mál séu nú í endurskoðun og til athugunar á ýmsum stöðum og telur þess vegna að vissu leyti óþarft að tilnefna þá aðila til rannsóknar á þessu, sem getið er um í till., þá vildi ég benda þeirri hv. n., sem fær málið til meðferðar, á það að fá umsagnir þessara aðila um till. Þá kemur í ljós, hvort þeir vilja eitthvað með málið gera, ellegar ekki.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til fjvn. með 36 shlj. atkv.

Á 50. og 52. fundi í Sþ., 6. og 11. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 74, n. 616 og 682).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

7. Lýsisherzluverksmiðja.

Á deildafundum 2. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um lýsisherzluverksmiðju [59. mál] (A. 76).

Á 13. fundi í Sþ., 8. nóv., var till. tekin til **meðferðar, hvernig ræða skyldi.**

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. og 32. fundi í Sþ., 29. nóv. og 1. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Sþ., 7. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér þáltill. ásamt 1. og 3. þm. Norðurl. e. og 1. þm. Austf., þess efnis að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun á því, hvort ekki væri tiltækilegt og ráðlegt að reisa lýsisherzluverksmiðju hér á landi.

Við erum ósammála um ýmislegt, eins og gerist og gengur. Við deilum um, hvernig eigi að skipta þjóðartekjunum. Það verður vafalaust lengst af þannig, að það verða ekki allir ánægðir með, hvað þeir bera úr býtum fyrir sína vinnu. Það er eitt, sem við getum verið sammála um og erum sennilega, og það er að reyna að afla sem mestra verðmæta fyrir þjóðarheildina. Þjóðin er fámenn, og við erum ekki stórveldi á neinu sviði, en helzt er það þó, að við séum stórir hvað viðvíkur öflun sjávarafurða. Það er talið, að þorskafli heimsins hafi verið árið 1953 um 4 millj. smálesta og síldaraflinn hafi verið það sama ár í heiminum 6.5 millj. smálesta. Nú hefur sjávarafli Íslendinga í ár verið í kringum 630 þús. smálestir, og það mun ekki fjarri lagi, að við öflum um 1/20 hluta af heildarsíldarafla heimsins og frá 1/15 —1/20 hluta af öllum þorskafla heimsins. Heildarsjávaraflinn var talinn árið 1953 27.1 millj. smálesta, er meiri nú, ég hef ekki nákvæma skýrslu um það, og það mun ekki fjarri lagi þess vegna, að við öflum í ár um 2% af heildarsjávarafla heimsins. Við sjáum, hversu gífurlega mikið magn þetta er miðað við fólksfjöldann, þegar það er athugað, að það er 1 Íslendingur af hverjum 16 þúsund, sem í heiminum búa.

Það er óhætt að segja það, að þetta eru þær mestu auðlindir, sem við eigum, og það er mikið vafamál, hvort annars staðar í heiminum eru meiri og betri fiskimið en hér, því að það er ekki eingöngu það, að mikill fiskur sé, heldur er það líka góður og verðmætur fiskur. Það gefur því auga leið, að eins og ástatt er nú, þá er það eitt höfuðskilyrði fyrir efnahagslegri afkomu okkar, að við reynum að koma sjávarafurðum okkar í sem bezt verð, förum sem bezt með þær og gerum þær á allan hátt sem verðmætastar. Það hagar þannig til með lýsisframleiðsluna hjá okkur, að hún er nú með mesta móti, og þegar hráefnið er selt óunnið, þá verða verðsveiflur gjarnan miklar. Verðfall hefur orðið á lýsinu, þannig að sem stendur munu ódýrari tegundir lýsis vera í kringum £ 40 tonnið, sem þýðir, að það er nálægt 5 kr. hvert kg af því lýsi, og hefur fallið talsvert á þessu ári. Vera má, að þetta sé á einhvern hátt klaufaskap þeirra að kenna, sem mest framleiða af lýsi. Í Evrópu eru það sérstaklega Norðmenn og Íslendingar, sem selja mikið af lýsi, vegna þess að sjávarafli þeirra er tiltölulega mjög mikill miðað við fólkstölu og notkun í þessum löndum. Perúmenn eru farnir að framleiða miklu meira lýsi en þeir gerðu. Nú framleiða þeir á annað hundrað þús. tonn. Norðmenn munu flytja út eitthvað talsvert á annað hundrað þús. tonn, og það er líklegt, að við Íslendingar þurfum að flytja út á þessu ári milli 50 og 60 þús. tonn. Þorskalýsið er nálægt 10 þús. tonnum. Síldarlýsið er sennilega nú á milli 30 og 40 þús. tonn. Svo kemur karfalýsið, sem er lítið raunar í ár, og hvallýsi. Norðmenn hafa tiltölulega verðmeira lýsi en við. Þeir hafa meira af hvallýsi, sennilega 20—30 sinnum meira en við, en við höfum aftur hlutfallslega meira af síldarlýsi.

Ég hef athugað dálítið hagskýrslur hjá Norðmönnum og Íslendingum viðvíkjandi þessu, og mér virðist, að Norðmenn fái meira verðmæti fyrir sitt lýsi heldur en við. Það liggur ef til vill að einhverju leyti í því, að þeir hafa betra lýsi, þar sem hvallýsið er, og það liggur einnig í því, að þeir munu vinna sitt lýsi meira. Hér er starfandi lýsisherzluverksmiðja, en í smáum stíl. Það mun vera hert lýsi til notkunar fyrir okkur hér innanlands sem svarar 700 lestum á ári. Ég hef átt tal við forstöðumann þessarar verksmiðju, og hann er einna kunnugastur sölu á unnu lýsi og lýsisvinnslu, eftir því sem kostur er hér á landi. Þessi verksmiðja eða þessir menn sjá einnig um kaldhreinsun á lýsi og selja það til margra landa. Við athugun, sem ég gerði á hagskýrslum Noregs og Íslands, sá ég, að Íslendingar selja kaldhreinsað lýsi til allt að því helmingi fleiri landa en Norðmenn, þannig að það er engin ástæða til að gera lítið úr starfi þessara manna. Ég hygg, að þeir hafi unnið að þessu af dugnaði og áhuga. En aðstaða þeirra hefur ekki verið betri en það, að þeim hefur ekki tekizt að herða og framleiða meira en þetta. En mér virðist Norðmenn samkvæmt hagskýrslum hafa fengið meira fyrir sitt lýsi. Það kemur ekki nákvæmlega fram í hagskýrslum Norðmanna, hvað er selt af hertu lýsi. Þeir dreifa því til um það bil 10 landa, þannig að það bendir til, að þar muni vera um hert lýsi að tala. Mér virðist á þessum skýrslum, að kaldhreinsað lýsi, sem Norðmenn selja, hefði á árinu 1960 selzt fyrir nálega 13 kr. hvert kg, en hjá okkur á rúmar 9 kr. Hvallýsið virðist mér Norðmenn hafa selt á kr. 7—7.50 þetta sama ár, en við á um kr. 5.70. Svo er lýsi, sem Norðmenn telja til skepnufóðurs, sem sennilega er úrgangur úr lýsi, og eru ódýrari tegundir, og það virðist mér Norðmenn fá fyrir um 8 kr., en við frá 5.50 til 6.20. Norðmenn virðast því eftir þessum hagskýrslum, og það er það eina, sem ég hef fyrir

mér viðvíkjandi þessu verði, þá virðast þeir geta komið sínu lýsi í betra verð þetta ár. Þetta getur verið misjafnt, það getur verið betri sala hjá einu landi í ár og lakari að ári.

Norðmenn hafa herzlustöð og herða fyrir sig og talsvert fyrir aðra. Svíar hafa einnig herzlustöð fyrir sig, en flytja sennilega sama og ekkert út af hertu lýsi, enda hafa þeir miklu minni framleiðslu en við og Norðmenn, þannig að ég er ekki viss um, að þeir þurfi að flytja út lýsi í stórum stil. Ég held, að það, sem við eigum að gera, það væri að nota þá þekkingu og þá aðstöðu, sem þeir menn hafa, sem hafa fengizt við lýsisvinnslu í einni eða annarri mynd, því að þekking þeirra og aðstaða er engan veginn lítils virði. Forstjóri þessarar lýsisherzluverksmiðju sagði mér, að hann gæti með litlum tilkostnaði aukið herzluna í 2500 lestir. Aðstaðan hér er tiltölulega góð við lýsisherzlu, vegna þess að áburðarverksmiðjan framleiðir vetnið. Ef mikið efnismagn þarf, þá gæti verið, að þurfi að stækka verksmiðjuna, en þetta skapar a. m. k. bætta aðstöðu viðvíkjandi lýsisherzlu hér.

Forstjórinn sagði mér einnig, að hann mundi geta stækkað sína verksmiðju með tiltölulega litlum kostnaði, þannig að hún gæti hert um 20 þús. lestir á ári. Hér er því fyrst og fremst um það að ræða að afla markaða fyrir hert lýsi, ef það reynist hagkvæmara en að selja það óunnið, og sennilega yrði helzt um markaði að tala í Austur-Evrópulöndunum, því að Unilever-hringurinn ræður að mestu yfir markaðnum í Vestur-Evrópu, og hann er sjálfsagt í samstarfi við hringa, sem sjá um sölu í Ameríku, þannig að þetta verður eitt hringakerfi. Ég býst við, að ef ætti að leita nýrra markaða fyrir hert lýsi, þá yrði það í Austur-Evrópu. Vitanlega yrði að breifa sig áfram með þetta allt saman, en það er vitað, að eigi að selja slíkt hráefni til Austur-Evrópu, þá verður ríkisstj. að vinna að því, að slíkir samningar séu gerðir, það er óframkvæmanlegt fyrir einstaklinga. Forstjórinn sagði mér, að hann hefði skrifað til Austur-Evrópu, en ekki fengið nein svör, og áleit tilgangslaust að reyna slíkt, nema ríkisstj. hlutaðist til um það eða sölumenn af hennar hendi. Vitanlega er ekkert hægt að fullyrða um, hvort það tekst, en reynandi er það.

Það, sem ég álít að eigi að gera viðvíkjandi þessum lýsismálum okkar, er að leita fyrir sér, hvort nokkrir möguleikar væru á að afla markaða, og styrkja þá menn, sem þegar eru farnir að fást við þetta, til þess að framleiða meira og nota þá tækniþekkingu, sem þeir hafa, til þess að framleiða sem bezta vöru. Það er vitað, að Unileverhringurinn ræður yfir meiri tæknilegri reynslu en aðrir í þessu efni, en það er engan veginn vitað, nema við gætum fengið að kynna okkur lýsisherzlu hjá Norðmönnum og Svíum, sem hafa talsverða tæknilega þekkingu viðvíkjandi lýsisherzlu og meðferð á lýsi, að svo miklu leyti sem þess gerist þörf. Það er t. d. talið mikils virði, að bræðslumarkið sé sem lægst. Forstjóri herzlustöðvarinnar hér sagði mér, að hann teldi ekki mikil vandkvæði á því, hann taldi bræðslumarkið vera um 42 gráður á Celsíus, en áleit, að það mundi fært að lækka bræðslumarkið ofan í 34—36 gráður.

Ég álít því, að frumskilyrðið sé að kynna sér, hvort ekki væri hægt að afla markaða fyrir hert lýsi og meira af hreinsuðu lýsi en þegar hefur verið gert.

1960 mun hafa verið selt lýsi fyrir yfir 300 millj. Þetta lýsismagn tilheyrði ekki algerlega því ári, vegna þess að það eru dálitlar sveiflur milli ára, það er geymt á milli ára, en með svipuðu verði yrði útflutningurinn sennilega engu minni nú en þá, þó að gert væri ráð fyrir, að talsvert af lýsi hefði verið frá því 1959, sem selt hefði verið á árinu 1960. Það, sem ríkisstj. gæti enn fremur gert, væri að lækka útflutningsgjöld á kaldhreinsuðu lýsi og saltsíld, því að þarna er um meira en hráefni að ræða. Viðvíkjandi saltsíldinni er hægt að benda á, að útflutningsgjöldin af hverri tunnu eru um 80 kr. eða jafnvel meira, ef um verðmæta síld er að ræða. Sama er að segja um hreinsaða lýsið, útflutningsgjöld eru greidd af umbúðum og vinnulaunum og það er ekki ósanngjarnt, að tekið sé tillit til þess viðvíkjandi útflutningsgjöldunum, þannig að þeim aðilum, sem eru að reyna að gera þessar vörur verðmætari, sé gert léttara fyrir með því að leggja lægri útflutningsprósentur á vöruna.

Í þriðja lagi álít ég, að ríkisstj. ætti að hlutast til um það, að reynt væri að gera samkomulag við þær þjóðir, sem framleiða mest af lýsinu, þannig að þær undirbyðu ekki hver aðra takmarkalaust. Mér hefur verið sagt af kunnugum, að það hafi náðst samkomulag við Perúbúa um, að þeir undirbyðu okkur ekki jafngífurlega með fiskimjölstegund þá, sem þeir hafa til sölu, eins og þeir gerðu í byrjun. Það gefur auga leið, að þessar þjóðir hafa ekki nema skaðann af því að undirbjóða takmarkalaust. Perúmenn eru búnir að bæta lýsisframleiðslu sína og eru farnir að selja á annað hundrað þúsund smálestir. Við þá þarf að gera samning sem allra fyrst um, að ekki sé undirboðið látlaust á heimsmarkaðinum. Sömuleiðis þyrfti að tala við Norðmenn um þessa hluti og aðra þá aðila, sem hafa mesta lýsisframleiðslu. Þetta ætti að gilda jafnt um lýsi og um mjöl. Það er ástæðulaust fyrir þá, sem framleiða hráefnið, að reyna ekki að hafa samtök sín á milli til þess að stilla í hóf verðsveiflum á því hráefni, sem þessar þjóðir afla og hinir aðilarnir kaupa. Ég er sannfærður um, að með því að vinna skynsamlega að þessum málum er hægt að meira eða minna leyti að koma í veg fyrir þær verðsveiflur, sem eru á þessari hráefnisframleiðslu, ef það er athugað í tíma og rétt að því farið. Og vitanlega mundu Norðmenn t. d. ekkert vinna við það að undirbjóða okkur með þessar vörur, og væri vafalaust hægt að komast að samkomulagi við þá.

Þetta eru aðeins nokkur atriði, sem ég hef drepið hér á sem ábendingar. Ég geri ráð fyrir, að þessari þáltill. verði vísað til n., og þá mundi ég óska þess, að henni yrði vísað til allshn., þar yrði þetta til athugunar. Væri eðlilegt, að orðalagi tillögunnar væri breytt, hún væri gerð víðtækari en hún er. Ég hygg, að ef við höfum getu og vilja til að vinna skynsamlega að því að vernda okkar fiskimið og koma þeim verðmætum, sem við höfum möguleika á að afla úr skauti sjávarins, í sem mest verðmæti, þá þurfi enginn að líða skort hér á landi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð um þessa þáltill., áður en hún fer til nefndar. — Það er mjög ánægjulegt, að það skuli vera fram komin till. hér um að taka upp aftur baráttuna fyrir því, að Íslendingar reyni að koma sér upp sinni eigin lýsisherzluverksmiðju. Og það er rétt, þegar menn fara að undirbúa sig undir það átak, að menn hafi í hyggju þá reynslu, sem við höfum þegar í þessu efni.

Eins og getið er í grg., var með lögum frá 1942 ríkisstj. heimilað að reisa verksmiðju til herzlu síldarlýsis, og í tíð nýsköpunarstjórnarinnar var hafinn undirbúningur að því að gera þetta. Þáv. hæstv. sjútvmrh., Áki Jakobsson, lét þá kaupa til landsins aðaltækin, sem þarf til slíkrar lýsisherzluverksmiðju, þ. e. rafmagnssellur, katalýsatora og annað slíkt, sem þarf til þess að kljúfa vatnið og framleiða vatnsefnið. Það mun þá hafa kostað hátt á aðra millj. ísl. kr. eða sem nú mundi samsvara um 12 millj. kr., og byrjunin var gerð, og undirbúningur að því að reyna að afla sérfræðinga, sem er kannske eins erfitt og að afla tækjanna, var hafinn. Og það var búið að fá lóð hjá Siglufjarðarbæ til þess að reisa þessa lýsisherzluverksmiðju á. Og það var miðað við það, að slík lýsisherzluverksmiðja ætti að geta unnið úr 15 þús. smálestum af síldarlýsi, m. ö. o. að verulegur hluti að þáv. framleiðslu Íslendinga af síldarlýsi yrði unninn hér heima, þannig að við gætum selt lýsið ekki sem fljótandi vöru, heldur — ja, ég veit ekki, hvað ég á að kalla það — eins konar tólgarskildi næstum því, til hvaða smjörlíkis- og sápuverksmiðju í Evrópu sem væri. Þetta var allmikið, sem Ísland réðst í, enda var mikill stórhugur yfirleitt ríkjandi á þeim tíma, og það var vitanlegt, að einmitt þetta svið mundi verða eitt af þeim erfiðustu, þar sem við gátum reynt að gerast iðnaðarþjóð og hætt að vera bara hráefnaþjóð, vegna þess að á þessu sviði, hvað snertir að breyta feiti í fast efni, hafði Unilever-hringurinn, sem síðasti ræðumaður gat um, einokað allar lýsisherzluverksmiðjur í Vestur-, Norður- og Mið-Evrópu, eins og þær leggja sig. Ég man alveg sérstaklega eftir því, vegna þess að við lentum þá m. a. í þeim átökum, að í einu landi, sem mikil þjóðfélagsleg breyting varð í á þessum tíma, Tékkóslóvakíu, þar hafði fyrirtæki, sem var angi af Unilever, átt þær lýsisherzluverksmiðjur, sem voru þar í landi, og þær höfðu verið þjóðnýttar 1945 af ríkisstj. Tékkóslóvakíu. Það hafði orðið til þess, að Unilever-hringurinn setti bann á Tékkóslóvakíu að selja þangað lýsi. Það bann var brotið af nýsköpunarstjórninni 1945 með verzlunarsamningum, sem gerðir voru milli Íslands og Tékkóslóvakíu, og íslenzka ríkisstj. seldi þá til Tékkóslóvakíu lýsi fyrir eitthvað í kringum 100 sterlingspund tonnið. Tékkar höfðu hvergi getað fengið keypt lýsi vegna þess, hve járngreipar einokunarhringsins voru sterkar. Unilever hafði þá allt stríðið út í gegn ráðið verðinu á síldarlýsi frá Íslandi, og það var, ef ég man rétt, 38 sterlingspund tonnið. Þetta er smádæmi. Náttúrlega stendur sérstaklega á þar, en yfirleitt er það engum efa bundið, að einmitt þessi einkaeign Unilever-hringsins á lýsisherzluverksmiðjum í Norður-, Vestur- og Mið-Evrópu hefur gert þessum hring mögulegt að ráða mikið til verðinu á hráefninu, á lýsinu. Og þetta, sem Íslendingar réðust í á nýsköpunarstjórnartímanum, var að reyna að búa okkur undir að berjast á þessu sviði. 15 þús. tonn af lýsi hefðu verið mjög verulegur hluti.

Það er rétt, sem hv. frsm. gat um, við erum þó nokkurt stórveldi á sviði feitiframleiðslunnar. Hins vegar vissum við þá, að þó að Unilever eigi að vísu megnið af öllum smjörlíkis- og sápuverksmiðjum bæði í Englandi, Þýzkalandi og víðar, þá er til þó nokkuð mikið af sjálfstæðum smjörlíkis- og sápuverksmiðjum úti í heimi. Ég held t. d., að Finnland sé nokkurn veginn alveg óháð eða var a. m. k. síðast þegar ég vissi í þessum efnum, en átti hins vegar sjálft enga lýsisherzluverksmiðju. Og ef ég man rétt, þá hafa líka t. d. samvinnufélögin sænsku komið sér upp lýsisherzluverksmiðju, sem er náttúrlega alveg óháð hringnum. Það væri þess vegna ákaflega gott, ef við gætum lagt í það að taka upp baráttu á þessu sviði, gerast þarna sjálfstæðir iðnrekendur með lýsisherzlu og búa okkur undir það að selja okkar feitiskildi beint til sápu- og smjörlíkisverksmiðjanna. Og vafalaust er það svo, þó að þessi tök Unilevers séu svona gífurlega sterk, þá er þetta ekki 100% einokun, það er frá 70 upp í 90% einokunin í hinum ýmsu löndum Vestur-Evrópu, þannig að líka í Vestur-Evrópu ætti að vera hugsanlegt fyrir okkur að afla okkur markaða, en vafalaust mun þurfa allmikla baráttu til þess. Hvað Noreg snertir, þá er ég ákaflega hræddur um, að þar séu e. t. v. tök Unilevers einna sterkust, ekki aðeins viðvíkjandi lýsisherzlu, heldur líka viðvíkjandi sjálfum síldarverksmiðjunum, því að þeirra samtök voru mikið undir þeirra áhrifum hér áður, og eins og ég hef sagt áður frá, held ég, átti a. m. k. Unilever hér áður upp undir 50% í hvalveiðiflota Norðmanna, þannig að tök þeirra á hvallýsinu og verðmyndun á því voru líka mjög sterk.

Eftir að búið var nú að kaupa inn þessar vélar og þannig búið að leggja á ýmsan hátt grundvöll að því að reyna að fara af stað með þetta 1946, þá hins vegar varð hér stjórnarbreyting, eins og kunnugt er. Sósíalistaflokkurinn, sem sjútvmrh. hafði tilheyrt, fór út úr ríkisstj. og Framsfl. tók við í ríkisstj., og það urðu allmiklu ríkari áhrif þess erlenda auðvalds í þeirri ríkisstj., sem þá tók við. A. m. k. var það svo með ýmislegt af því, sem þá hafði verið undirbúið af hálfu nýsköpunarstjórnarinnar, að það var tafið eða eyðilagt. Á sama tíma og þetta hafði verið ákveðið með lýsisherzluverksmiðjuna, höfðu líka tunnuverksmiðjurnar eða undirbúningurinn undir að stofna þær verið settur undir sérstaka stjórn og enn fremur samkvæmt lögum ákveðið með sérstakri stjórn að koma upp síldarniðurlagningarverksmiðju. Annað var alveg drepið þá og er fyrst verið að lífga það við núna eftir 15 ár, og úr tunnuverksmiðjunum átti þá að draga mjög mikið, en tókst ekki að öllu leyti, svo að nokkuð hafa þær verið starfandi, þó að þær væru þá hins vegar settar undir stjórn síldarverksmiðja ríkisins, sem gafst ekki að öllu leyti vel. En um undirbúninginn að lýsisherzluverksmiðjunni fór svo, að það virtist ekki í þeim stjórnum, sem þá tóku við, vera áhugi fyrir þeim málum. Og það var ekki haldið áfram með þessa baráttu. Ég skal ekkert um það full-

yrða, hvað þar hefur komið til greina. Ég veit, að um það leyti var sett upp þessi litla stöð, sem hv. frsm. minntist á í sambandi við kaldhreinsunina, þar sem úrgangurinn úr lýsi var unninn, þannig að það væru til þar nokkur hundruð tonn af slíku hertu lýsi, sem hægt væri að nota sem iðnaðarfeiti, og sums staðar heyrði maður þá það hljóð, að það væri nóg að hafa gert þetta, við þyrftum ekki að vera að hugsa um þessa stóru lýsisherzluverksmiðju. Og svo mikið er víst, að ekki var meira að gert í þessum efnum, og þær vélar, sem keyptar höfðu verið inn, lágu hér í nokkur ár og voru síðan seldar áburðarverksmiðjunni, þegar hún var reist. Ég veit ekki, hvort þær eru varavélar þar eða hvort þær eru hluti af áburðarverksmiðjunni núna.

Það er rétt fyrir þá nefnd, sem fær þetta til meðferðar, að hafa hliðsjón af þessari reynslu. Hvort Unilever hefur komið þarna við sögu, það veit ég ekki. Það er sterkur hringur, og það er oft erfitt að rannsaka hans vegi og hans aðferðir. En eitt er a. m. k. bezt að gera sér alveg ljóst, þegar maður leggur út í slíkt, að það sé rétt að vera við því búinn að eiga í nokkurri baráttu. Að vísu skal ég ekki aftaka það, ef ein þjóð, sem hefur eins sterka aðstöðu og Íslendingar í þessum efnum, ef við erum ákveðnir í því að vilja berjast á þessu sviði, að Unilever-hringurinn mundi þá ekki vera til í einhvers konar samstarf. Það er ómögulegt að segja. Og allt slíkt samstarf er náttúrlega alltaf hættulegt, af því að menn geta þá orðið háðir honum. En séu menn nógu ákveðnir í því að vera sjálfstæðir, þá getur vel verið, að sá hringur taki tillit til staðreyndanna, hann hefur oft sýnt sig í því, hann er á margan hátt þannig vafalaust, eða einn af þeim hringum heims, sem einna skynsamlegast er stjórnað. Hans vald hefur ekki minnkað síðan á árunum um 1945. Það hefur vaxið. Og það er e. t. v. engin tilviljun, að hv. frsm. kom hér inn á það, að það mundi vera nauðsynlegt, að við hráefnaframleiðendur í heiminum, Íslendingar, Perúmenn, Norðmenn og aðrir slíkir, reyndum að bindast einhverjum alþjóðlegum samtökum á móti auðhringunum í heiminum. Það mundi vissulega ekki af veita. En það getur þýtt, að það þurfi að svipta slíka auðhringa valdinu yfir því, sem er undirstaðan að þeirra valdi í þessum efnum, og það er eignarrétturinn á þeim verksmiðjum, lýsisherzluverksmiðjum og slíkum, sem þeir eiga. Og þá er maður farinn að nálgast ákaflega mikið það, sem kveinað er um af auðvaldsblöðum heimsins á nokkuð mörgum stöðum nú, að hinar svokölluðu fornu nýlenduþjóðir, eins og við eða aðrar slíkar, séu að svipta auðhringana eignum þeirra í löndunum. Það er vissulega sú þróun, sem er að ganga fyrir sig í heiminum, en hún mun vafalaust vera talin nálgast ískyggilega mikið það, sem almennt er kallað sósialismi. Það er náttúrlega líka alveg rétt, að það er eina leiðin, sem hægt er að hafa til slíkra samtaka þeirra vinnandi stétta og þjóða í heiminum á móti þessum voldugu auðhringum. Og vissulega mun það ekki hvað síst eiga við um þær þjóðir í Afríku, sem nú eru að rísa upp, þar sem Unilever-hringurinn er þó margfalt sterkari en nokkurn tíma í Evrópu, með sínu United African Company, þar sem hann á eða ræður yfir megninu af allri þeirra framleiðslu á pálmaviðarolíu og öllu því feitmeti, sem þar er framleitt.

En eitt vildi ég að lokum benda þeirri hv. nefnd á, sem fær þetta til meðferðar, og það er, vegna þess að þegar við Íslendingar förum inn á þetta svið eða hugsum til þess að fara inn á þetta svið, að gerast iðnaðarþjóð, þá megum við, auk þess að vara okkur á auðhringunum, vara okkur ákaflega mikið á tækninni. Tækniþróun nútímans er svo hröð í þessum efnum, að við getum staðið uppi, fyrr en við vitum af, með úrelt tæki. Og við vitum það allir, eins og hefur verið minnzt á áður hjá okkur, að við höfum átt dálítið erfitt með ýmislegt af því, sem við höfum byrjað með í þessum efnum. Það er ekki nema eðlilegt, og yfir því er engin ástæða til þess að fjargviðrast eða því síður gefast upp. Aðalatriðið er, þegar maður verður fyrir þessum óhöppum, að reyna að læra af þeim. Ég býst við t. d. með áburðarverksmiðju nú, að það muni vera lagt niður í heiminum að framleiða áburð með rafmagni, þannig að það séu aðrar aðferðir, sem nú eru notaðar til þess, miklu ódýrari. Og hvað snertir þá aðferð, sem við gengum út frá að nota 1945 til þess að kljúfa vatnið með og framleiða vatnsefnið og annað slíkt, þá býst ég við, að þar séu að verða mjög miklar tæknilegar, efnafræðilegar breytingar á, sem þörf er á að fylgjast með í. Og það, sem er oft erfiðleikinn í þessum efnum, er, að þessir stóru auðhringar heimsins hafa í sinni þjónustu framúrskarandi góð laboratorium, sem sé efnarannsókna- og tilraunastöðvar. Ég man alltaf eftir því, hvað ég varð hissa á því, sem ég heyrði, að bara hringur, sem er einn af þeim smáu í þessum efnum, eins og Kodak-hringurinn ameríski, skyldi nota álíka mikið bara til sinna tilraunastöðva eins og öll þjóðarframleiðsla Íslendinga er á ári. Þessir gífurlega stóru hringar hafa í sinni þjónustu marga af beztu vísindamönnum heims, geta eytt ógrynni fjár í sífelldar nýjar tilraunir, framkvæmdar af mönnum, sem standa á toppi þekkingarinnar hvað snertir efnafræði og alla tækni, og erfiðleikinn þess vegna oft fyrir þjóð eins og okkar að gerast iðnaðarþjóð í þessum efnum er að ráða yfir þessari þekkingu. Það mun venjulega útheimta, sérstaklega þegar menn eru eins smáir í þessu og við, nána samvinnu við aðra, sem hafa svipaðra hagsmuna að gæta, til þess að við kannske ekki allt í einu séum búnir að byggja einhverja verksmiðju, sem við svo uppgötvuðum eftir á, þegar við værum búnir að setja í hana mörg hundruð milljónir króna, að hafi raunverulega verið kannske orðin úrelt fyrir 5 eða 10 árum. Tækninni fleygir svo fram í heiminum, að á þessu sviði þarf maður að vera vel á verði. Ég skal ekkert fullyrða um það, að með því aðhaldi, sem smám saman er að skapast gagnvart hringunum í heiminum, líka t. d. á vegum Sameinuðu þjóðanna, og með þeirri tækniþekkingu, sem þær láta í té, þá væri ekki hægt að afla sér þeirrar vitneskju í þessum efnum, þannig að maður örugglega fylgdist með tímanum. Og ég vil taka ákaflega mikið undir það, að við tökum þessa till. alvarlega, það sé reynt að undirbúa það vel að ráðast í þessa hluti. Ég efast ekki um, að við þurfum langan og góðan undirbúning til þess. En ég álít, að það væri mjög heppilegt af þeirri

nefnd, sem fær þessa tillögu til meðferðar, að samþykkja það að fela hæstv. ríkisstj. að vinna að slíku.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

8. Héraðsskóli á Snæfellsnesi.

Á deildafundum 7. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um héraðsskóla á Snæfellsnesi [63. mál] (A. 80).

Á 13. fundi í Sþ., 8. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Till. þessi um héraðsskóla á Snæfellsnesi var flutt seint á síðasta þingi, var þá nokkrum dögum fyrir þingslit vísað til nefndar og varð því ekki útrædd. Hún er hér flutt óbreytt öðru sinni.

Tilgangurinn með því að flytja þessa till. er tvíþættur. Í fyrsta lagi er henni ætlað að benda á, að tímabært sé orðið að halda áfram byggingu héraðsskóla í landinu. Héraðsskólahreyfingin var einn af merkilegustu þáttunum í skólamálum okkar á nokkrum síðustu áratugum, en nú hefur bygging slíkra skóla að mestu fallið niður. Hins vegar er reynslan sú við þá héraðsskóla, sem fyrir eru, og raunar við aðra heimavistarskóla unglinga í sveit, sem reknir eru af einstaklingum eða samtökum, að aðsókn að slíkum skólum er mjög mikil og vaxandi. Er talið, að þeir unglingar skipti hundruðum, sem gjarnan vildu fá rúm í slíkum skólum, en hafa ekki getað fengið það. Þörfin fyrir heimavistarskóla í sveit fyrir unglinga er því augljós, og mér virðist, að allar höfuðröksemdir fyrir héraðsskólahreyfingunni, eins og hún var á sínum tíma, séu enn í fullu gildi og því ástæða til að leitast við að byggja þessa grein skólakerfisins upp áfram.

Í öðru lagi er með tillögunni bent á mjög æskilegan stað fyrir einn slíkan skóla á Snæfellsnesi. Færa má fram ýmsar röksemdir fyrir því, að þar væri slíkur skóli vel staðsettur og þörf fyrir hann mikil, að öllum öðrum stöðum ólöstuðum. Þarna eru hentugir staðir fyrir slíkan skóla, og á vestanverðu Snæfellsnesi eru þrjú stór og vaxandi þorp, þar sem unglingaskólar eru enn engir.

Herra forseti. Ég vil leggja til, að þessari tillögu verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 19. fundi í Sþ., 6. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

9. Jarðaskráning.

Á deildafundum 7. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um jarðaskráningu og jarðalýsingar [65. mál] (A. 82).

Á 13. fundi í Sþ., 8. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Við hv. 4. þm. Sunnl. (BFB) höfum leyft okkur að flytja till. þá til þál., sem hér er til umr. Ég vil leyfa mér að fara nokkrum almennum orðum um till., áður en henni er vísað til nefndar, sem ég vona að verði samþykkt.

Ég vil taka það fram strax í upphafi, að við flm. till. vanmetum á engan hátt þau störf, sem hingað til hafa verið unnin í sambandi við fasteignamat og þ. á m. mat á bújörðum, sem við höfum nú sérstaklega í huga, heldur teljum við einmitt þvert á móti, að fasteignamat ríkisins ráði yfir mjög mikilvægum undirstöðuupplýsingum, þótt kerfi það, sem því er ætlað að starfa eftir, sé ófullkomið og þurfi breytinga við. Er rétt að benda á það strax í upphafi, að fasteignamat, eins og það er nú í framkvæmd, úreldist mjög fljótt. Vandasöm og dýr vinna, þótt unnin sé af fyllstu samvizkusemi, nær alls ekki tilgangi sínum og er að miklu leyti unnin fyrir gýg.

Svo sem kunnugt er, hefur fasteignamati og jarðalýsingum ávallt verið ætlaður sá megintilgangur að gefa sanna mynd af verðmæti og ásigkomulagi eignanna, bæði vegna skattlagningar í þágu hins opinbera og eins vegna sölugildis og veðhæfis þeirra. Rétt fasteignamat og trúverðugar jarðalýsingar geta haft mjög mikla þýðingu í almennum viðskiptum, bæði að því er snertir eignaskipti og veðsetningar og lán. Því miður verður að draga það mjög í efa, að núverandi framkvæmd fasteignamats nái þessum tilgangi vegna þess tvenns fyrst og fremst, að gerbreytingar hafa orðið og eru sífellt að gerast á aðstöðu og ásigkomulagi eignanna og að verðbreytingar hafa orðið svo örar á fáum árum, að matsgerðir gefa ekki rétta hugmynd um verðgildi. Þetta er alkunn saga, ekki sízt nú á síðari tímum eða frá 1940, þegar síðasta mat fór fram. Með sérstöku mati, sem fór fram 1955 eða 1956, var reynt að samræma eldra matið og lagfæra nokkra agnúa á aðalmatinu frá 1940, ekki sízt vegna þeirra breytinga, sem orðið höfðu á árabilinu milli 1940 og 1955, en líklegt má telja, að

það verði orðið úrelt, þegar næsta aðalmat á að fara fram samkvæmt lögum árið 1965. Þegar þetta mat fer fram, eru liðin 25 ár síðan aðalfasteignamat fór fram, og að óbreyttum lögum munu liða önnur 25 ár, þar til næst verður unnið að allsherjarfasteignamati. Það er mál út af fyrir sig að ræða þann árafjölda, sem líður milli fasteignamata, en á það má benda, að samkvæmt eldri lögum skyldi fasteignamat fara fram á 10 ára fresti.

Hitt er þó ekki síður mikils virði, að koma á nýju skráningarkerfi fasteigna og þá sérstaklega jarðeigna, eins og við flm. þessarar tillögu viljum láta gera. Kerfi það, sem við höfum í huga, á að bæta verulega úr þeim ágalla, sem nú er, að fasteignamatsupplýsingar úreldist jafnharðan og þeirra er aflað, að segja má, þannig að þær hafa aðallega sögugildi, en sáralítið raunhæft gildi. Í stuttu máli er kerfi þetta fólgið í því, að árlega séu tilkynntar og skráðar hjá til þess kjörnum yfirvöldum eða yfirvaldi allar þær breytingar, sem varða jarðeignir í landinu, og þannig frá gengið, að þessar upplýsingar séu aðgengilegar á einum stað, svo að auðvelt sé að færa sér þær í nyt. Mundi slík skráning í fyrsta lagi vera til mikils hagræðis við endurskoðun fasteignamats, hvort heldur langt eða skammt líður þar í milli. Í öðru lagi yrði slíkt skráningarkerfi hagkvæmt fyrir lánastofnanir, því að þær gætu þá með tiltölulega auðveldu móti fengið nauðsynlegar upplýsingar á einum stað varðandi veðhæfi jarðeignanna. Í þriðja lagi hefur slík skráning gildi fyrir kaupendur jarða, því að þeir geta með sama hætti leitað upplýsinga um jörðina og fengið nokkurn veginn sanna mynd af ástandi hennar á hverjum tíma. Þetta kerfi hefur því að okkar dómi þann kost fyrst og fremst, að hinum gamalkunna tilgangi jarðaskráninga og jarðalýsinga er fyllilega náð, þ. e. að vera undirstaða jarðamatsins og sýna jafnframt búrekstrargildi jarðanna á hverjum tíma, svo að af því megi ráða sölugildi og veðhæfi þeirra.

En ég á eftir að nefna annan tilgang með þeirri jarðaskráningu, sem við flm. höfum í huga. Sá tilgangur er þó alls ekki sá ómerkasti. Má að vissu leyti segja, að það hafi einmitt verið ætlun okkar með flutningi þessarar till. að vekja sérstaka athygli á því atriði. En það er sá tilgangur með jarðaskráningu og jarðalýsingu, að hvort tveggja sé undirstaða undir skipulögðum framkvæmdaáætlunum í landbúnaði, hvort heldur er um að ræða áætlanir fyrir einstakar jarðir eða stærri svæði. Er það álit margra kunnáttumanna um þau mál, að það mundi auðvelda verulega framkvæmdaáætlanir í landbúnaði, ef fyrir lægju hagfræðilegar jarðalýsingar, og því er það, að við bendum á nauðsyn þess, að ríkisstj. hefjist handa um athugun þess máls og láti hana fylgja þeirri endurskoðun, sem við einnig teljum æskilega á framkvæmd jarðamats í landinu og jafnvel alls fasteignamats. Jarðaskráning, sem jafnframt væri hagfræðileg jarðalýsing, er að sjálfsögðu mikið vandaverk og verður ekki unnið af öðrum en sérfróðum kunnáttumönnum, og ég ætla mér a. m. k. ekki þá dul, að ég geti gefið neinar bendingar, sem að gagni mættu verða um einstök framkvæmdaatriði, því að til þess brestur mig þekkingu. En eigi að síður hef ég þá leikmannstrú, að hér sé um nauðsynjaverk að ræða, sem Alþingi og ríkisstj. eigi að stuðla að. Samflm. minn er mér samdóma um þetta atriði og því höfum við ráðizt í að vekja máls á þessu á Alþingi.

Til frekari upplýsinga vil ég leyfa mér að benda á grein eftir Pálma Einarsson landnámsstjóra, sem prentuð er sem grg. með till. okkar. Mun ég ekki hafa þessi orð fleiri, en óska þess, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 19. fundi í Sþ., 6. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. og 52. fundi í Sþ., 6. og 11. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr. (A 82, n. 617 og 688).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

10. Veiði og meðferð á fiski.

Á deildafundum 13. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um veiði og meðferð á fiski [72. mál] (A. 93).

Á 15. fundi í Sþ., 15. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 19. fundi í Sþ., 6. des., var till. tekin til einnar umr.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir á þskj 93, er flutt af varamanni mínum, Einari Sigurðssyni, og fjallar um veiði og meðferð á fiski. Það mál allt er stórt mál, og þar er áreiðanlega mikið að vinna, og sérstaklega er aukin vöruvöndun og bætt nýting mál hins líðandi tíma.

Ég er ekki sérstaklega kunnugur fiskveiðum og útgerðarmálum yfirleitt, og ég ætla því ekki, enda álít ég þess ekki þörf, að fara í umræður um þetta mál. Ég vil aðeins leggja á það áherzlu, að hér er gripið á þýðingarmiklu máli. Það kemur svo í hlut þeirrar nefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, að athuga tillöguna í einstökum liðum. Ég vil svo gera það að tillögu minni, að umr. nú verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

11. Síldariðnaður á Austurlandi.

Á deildafundum 13. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um síldariðnað á Austurlandi [73. mál] (A. 94).

Á 15. fundi í Sþ., 15. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 19. fundi í Sþ., 6. des., var till. tekin til einnar umr.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Það er kunnugt, að síldin hefur lengi verið áhrifamikil í íslenzku þjóðlífi. Hún hefur oft fært mikla fjármuni í þjóðarbúið, en stundum kannske líka litla. En þetta ár, sem nú er að líða, hefur verið gott síldarár, og þá jafnvel enn frekar en ella hugleiða menn, hve enn er um frumstæðar aðferðir að ræða við hagnýtingu síldarinnar. Þessi þáltill., sem hér liggur fyrir á þskj. 94, lýtur að þessu atriði síldarmálanna, þ. e. a. s. betri hagnýtingu aflans, og það er hér talað fyrst og fremst um Austurland, þar sem síldin hefur mjög veiðzt þar og í vaxandi mæli nú ár frá ári.

Ég ætla ekki frekar en um hið fyrra mál að fjölyrða um þetta. Ég veit, að hv. alþm. eru allir sammála um, að hér er til mikils að vinna fyrir þjóðfélagið í heild, að nýta betur þetta mikilvæga hráefni, síldina, en að því lýtur þessi þáltill., sem hér liggur fyrir.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að þessi till. gangi einnig til allshn., þessari umræðu verði nú frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

12. Bankaútibú í Húsavík.

Á deildafundum 14. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um stofnun bankaútibús í Húsavík [76. mál] (A. 98).

Á 15. fundi í Sþ., 15. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17. fundi í Sþ., 22. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Páll Kristjánsson): Herra forseti. Með þáltill. þeirri á þskj. 98, sem við hér flytjum, ég og hv. 5. þm. Norðurl. e., er lagt til, að stofnað verði bankaútibú í Húsavík og þar með orðið við óskum Húsvíkinga í þessu efni. Fyrir þessu máli hefur verið mikill áhugi meðal þeirra, sem þar stunda atvinnurekstur og verzlun, og nokkuð munu þeir hafa reynt fyrir sér um það að fá þessu framgengt, en án árangurs enn sem komið er.

Til viðbótar því, sem fram er tekið í grg., vil ég benda á það, að aðalatvinnuvegur Húsvíkinga er útgerð og í því sambandi fiskiðnaður og önnur vinnsla sjávarafla, þ. á m. síldarsöltun. Útgerð í Húsavík er í örum vexti, og enn fremur fer það nú vaxandi, að bátar frá öðrum stöðum sæki sjó frá Húsavík yfir sumarið og leggi upp afla sinn í Húsavík. Helzti fiskmóttakandi í Húsavík er Fiskveiðisamlag Húsavíkur. Hefur það fyrirtæki alloft á þessu ári legið með sjávarafurðir upp á allt að 14 millj. kr. í einu, á milli þess sem afskipað hefur verið. Fjármagnsþörf útgerðarinnar er því orðin mikil og mun fara vaxandi, því að skilyrði til aukinnar útgerðar og aukins iðnaðar í því sambandi eru þarna fyrir hendi. Verða að sjálfsögðu þarna teknar upp veiðar, sem hafa ekki áður verið stundaðar, því að nú lítur t. d. út fyrir, að í Axarfjarðarflóa og kannske víðar séu rækjumið, en rækjuveiðar hafa ekki verið stundaðar, enda ekki um það vitað, að slík mið væru þarna í námunda.

Að Húsavík liggur allstórt viðskiptasvæði, er tekur yfir nærfellt sjö hreppa eða sveitarfélög. Er því Húsavík orðin allmikill verzlunarstaður. Mundi allt það viðskiptasvæði sækja bankaviðskipti til Húsavíkur, ef þar væri bankaútibú, auk þess sem ætla má, að Norður-Þingeyjarsýsla mundi að meira eða minna leyti sækja slík viðskipti til Húsavíkur. Á þessu viðskiptasvæði virðast vera skilyrði til nýsköpunar í iðnaði og öðrum atvinnurekstri meiri en víða annars staðar. Má þar til nefna hugmyndina um kísilgúrvinnslu við Mývatn. Og enn má minna á það, að óvíða munu meiri skilyrði til fóðuröflunar með þeim nýju aðferðum, sem nú virðast vera að ryðja sér til rúms, en einmitt á þessu svæði. Þar eru víðlend heiðalönd, sem bíða þess að verða brotin til ræktunar og hagnýtt til fóðuröflunar. Þörf þess svæðis, sem hér um ræðir, fyrir slíka þjónustu sem bankaútibú mundi veita, er nú þegar orðin mikil, og til hagnýtingar þeirra skilyrða, sem þar eru fyrir hendi til aukins atvinnurekstrar og beinnar nýsköpunar í þeim efnum, mundi bankaútibú, sem veitti alhliða þjónustu fyrir atvinnulífið, verða mikil lyftistöng. Ég vona því, að hv. þingmenn geti á það fallizt, að rétt sé að verða við óskum Húsvíkinga um stofnun bankaútibús þar.

Herra forseti. Ég legg til, að umræðunni verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

13. Endurskoðun girðingalaga.

Á 15. fundi í Sþ., 15. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um endurskoðun girðingalaga [79. mál] (A. 101).

Á 17. fundi í Sþ., 22. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 101 hef ég leyft mér ásamt nokkrum öðrum hv. þm. að flytja till. til þál. um endurskoðun á girðingalögum. Eins og fram kemur í grg. þessarar þáltill., er frá því skýrt, að fyrir nokkrum árum flutti ég ásamt öðrum hv. þm., sem þá átti hér setu á Alþingi, frv. til l. um breyt. á þessum lögum, og var þar gert ráð fyrir að taka einstaka þætti þeirra til afgreiðslu. Við nánari athugun á þessu máli síðar hefur komið í ljós, að nauðsyn ber til þess, að fram fari heildarendurskoðun á girðingalögunum. Ýmis atriði hafa breytzt í sambandi við þau á síðari árum, sem gera það að verkum, að endurskoðun þeirra er nauðsynleg. M. a. er bent á það í grg., að á síðari árum hafa komið til vélgrafnir skurðir, sem má telja að nokkru leyti vörzlu með aðstoð færri girðingarstrengja en ella, og enn fremur eru ákvæði þar um réttindi og skyldur vegagerðar ríkisins orðin úrelt og hafa í mörgum tilfellum komið í veg fyrir eðlileg viðskipti landeigenda og vegagerðar ríkisins. Ég hef nokkuð rætt það mál við vegamálastjóra, og er honum ljóst, að hér verður að koma til breyting, því að vegagerðin hefur orðið að fara oft og tíðum út fyrir landslög til þess að geta sinnt eðlilegum bótaskyldum í sambandi við vegagerð.

Þá er líka bent á það hér í þessari grg., að nú fer fram endurskoðun á opinberum vegum, og það fer því einkar vel á því, að endurskoðun á girðingalögum fari fram jafnframt. Þess vegna er þessi till. fram komin, að nauðsyn ber til, að þessi endurskoðun fari fram og það einmitt nú, þegar endurskoðun á vegakerfinu og á lögum þar að lútandi er í framkvæmd. Ég treysti því á það, að hv. Alþingi ljái þessu máli fylgi sitt og það nái fram að ganga á þessu þingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ég stend ekki upp til þess að andmæla þessari till. til þál. um endurskoðun girðingalaga. Ég er hv. flm. sammála um, að það sé þörf þessarar endurskoðunar og þá ef til vill alveg sérstaklega með tilliti til þeirra atriða, sem á er bent í tillgr. og grg. og fram komu í ræðu hv. frsm. Það er aðeins eitt atriði til viðbótar, sem ég vildi minnast á, þegar rætt er um endurskoðun þessara laga, og hv. 1. flm. minntist ekki á. Það mun vera tekið fram í lögunum, að það sé skylt að halda við öllum girðingum þannig, að búfé stafi ekki hætta af þeim. Nú vitum við, sem úti í sveitunum búum, og raunar allir, sem um landið fara, að á viðhaldi girðinganna er mjög mikill misbrestur og þessu viðhaldi er víða svo ábótavant, að af viðhaldsleysinu stafar einmitt stórhætta fyrir búpening landsmanna. Ég bendi ekki á þetta til þess að álasa bændum í þessum efnum, því að ég veit vel sjálfur, að kostnaður við viðhald girðinga er feikilega mikill, og þegar stefnir í þá átt, að flestir bændur landsins eru að verða einyrkjar og eiga þess varla kost að fá nokkra hjálp við bústörfin, þá hafa þeir svo mikið að starfa, að þeir komast alls ekki yfir þau verkefni, sem þeir þurfa að sinna og vilja gjarnan sinna. Hitt er sjálfsagt líka til, að hér sé um hirðuleysi að ræða, t. d. í því að fjarlægja ekki í burtu girðingaleifar eða leifar þeirra girðinga, sem ekki hefur verið haldið við eða þá lagðar niður, og það er einmitt í þessum girðingaleifum, sem mesta hættan liggur fyrir dýrin. Ég er ekki þess búinn að benda á úrræði í þessu efni, það verður sjálfsagt eitt af verkefnum þeirrar endurskoðunar, sem hér er óskað eftir. En mér var að detta það í hug að ef til vill væri samt til bóta, að þau ákvæði væru sett inn í lögin, að sveitarstjórnum væri gert skylt að líta eftir þessu, hverri í sinni sveit. Á þetta vil ég benda þeirri nefnd, sem fær málið til meðferðar, en það hlýtur að koma mjög til álita, hvað á að gera í þessu, þegar girðingalögin eru endurskoðuð. Það er bæði óþrifnaður að þessum girðingaleifum í landinu, og það er eins og allir vita af þeim mikil hætta fyrir búpening.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 19. fundi í Sþ., 6. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

14. Byggingarsjóður sveitabæja.

Á deildafundum 17. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um hækkun lána úr Byggingarsjóði sveitabæja [84. mál] (A. 113).

Á 17. fundi í Sþ., 22. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. og 19. fundi í Sþ., 29. nóv. og 6. des., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Sþ., 7. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja ásamt nokkrum öðrum þm.

Framsfl. till. til þál. um hækkun lána úr byggingarsjóði sveitabæja.

Allt frá því að Búnaðarbankinn var stofnaður, hefur ein af deildum bankans verið byggingarsjóður, sem lánað hefur stofnlán til íbúðarhúsa í sveitum. Tilgangurinn með starfsemi byggingarsjóðs sveitabæja er sá að gera bændum kleift að reisa ný íbúðarhús á ábýlisjörðum sínum, án þess að þurfa að stofna til lausaskulda, sem yrðu bændum lítt viðráðanlegar og búskapnum til mikils hnekkis. Í lögunum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, 44. gr., 2. mgr., segir svo um lán úr byggingarsjóði sveitabæja:

„Lánin mega vera það hæst, að samtals hvíli á jörðinni allt að 75% fasteignamatsverðs að viðbættu kostnaðarverði þeirra bygginga, sem reistar kunna að verða. Þó má aldrei veita hærri lán en 75% kostnaðarverðs til einstakrar byggingar. Reikninga um byggingarkostnað úrskurðar bankastjóri Búnaðarbankans."

Af þessari lagagrein er augljóst, að það er heimilt að veita lán vegna byggingar íbúðarhúsa í sveitum allt að 75% kostnaðarverðs einstakrar byggingar. Það virðist því ekki þurfa lagabreytingu til þess að hækka lánin frá því, sem verið hefur.

Á undanförnum árum hefur kostnaður við byggingu íbúðarhúsa eins og aðrar framkvæmdir í landinu farið hækkandi Og við ákvörðun lána úr byggingarsjóði sveitabæja hefur jafnan verið höfð nokkur hliðsjón af því. Um nokkurt skeið mun hámark byggingarlánanna til íbúðarhúsa í sveitum hafa verið 75 þús. kr. En á árinu 1960, að ég ætla, mun stjórn bankans hafa ákveðið að hækka þetta hámark upp í 90 þús. kr., og nær það, að því er ég bezt veit, til þeirra íbúðarhúsa, sem hafin var bygging á, eftir að gengisbreytingin var gerð í febr. 1960. Og nú nýlega munu, að ég ætla, hafa verið gerðar ráðstafanir til að hækka þetta mark enn nokkuð, sennilega í 100 þús. kr. Þessar breytingar eru vitanlega góðra gjalda verðar, svo langt sem þær ná, og stefna í rétta átt. En þrátt fyrir þetta samsvarar þessi hækkun byggingarlánanna alls ekki þeirri hækkun á byggingarkostnaði, sem orðið hefur nú að undanförnu. Ég hygg, að það sé álit þeirra, sem fylgjast vel með á þessu sviði, að byggingarkostnaður íbúðarhúsa í sveitum hafi hækkað um 75% á tímabilinu frá 1954 til 1961. Og teiknistofa landbúnaðarins mun nú áætla, að meðalíbúðarhús í sveit kosti ekki minna en 350—400 þús. kr. Þá er það augljóst, að jafnvel þótt um 100 þús. kr. lán sé að ræða úr byggingarsjóði sveitabæja, þá nemur það lán ekki meira en 25—30% af heildarkostnaði við byggingu íbúðarhúss samkv. áætlun teiknistofu landbúnaðarins um byggingarkostnaðinn.

Á sama tíma og þessar breytingar hafa orðið á byggingarkostnaði, hafa verðhækkanir vitanlega náð til allra nauðsynjavara og rekstrarkostnaðar við búskapinn og annars þess, sem bændur þurfa að standa straum af. Af því má draga þá ályktun, að bændur þeir, sem ráðast í byggingu íbúðarhúsa, eigi enn örðugra um vik að standa straum af byggingarkostnaðinum með eigin fé heldur en ella væri. Það mun því naumast orka tvímælis, að það er fullkomlega réttmætt, sem farið er fram á í tillögu þeirri, sem hér liggur fyrir til umr., að hlutazt verði til um af hálfu ríkisvaldsins, að veitt verði mun hærri lán úr byggingarsjóði sveitabæja til íbúðarhúsa í sveitum en nú er gert. Vitanlega er okkur ljóst, sem stöndum að flutningi þessarar tillögu, að það þarf að sjá sjóðnum fyrir nægilegu fjármagni í þessu skyni, og á það hefur raunar verið bent áður og við önnur tækifæri, án tillits til þeirrar tillögu, sem hér liggur fyrir, að því vandamáli þurfi að gefa gaum og það sé í athugun. Ég ætla því ekki í sambandi við þessa tillögu að fara að ræða það fjárhagsmál á breiðum grundvelli, ég sé ekki ástæðu til þess.

En á það vil ég að lokum benda, að nú er fjallað um það hér á hv. Alþingi að koma lausaskuldum bænda í föst lán, og sú athugun, sem farið hefur fram í því efni, mun fyllilega leiða það í ljós, að fjárhagur margra innan bændastéttarinnar sé þannig, að það sé full ástæða til þess að taka það mál föstum tökum. Þetta er vitanlega gott, svo langt sem það nær. En allir munu þó geta orðið sammála um, að það, sem mestu máli skiptir, er að búa þannig að bændastéttinni að reyna að koma í veg fyrir, að lausaskuldir safnist, sem hvíli þungt á bændum og verði búrekstrinum til hnekkis, vegna framkvæmda, sem eru hinar allra nauðsynlegustu á jörðunum, svo sem byggingar íbúðarhúsa. Þetta getur ekki orkað tvímælis, og um það munu allir vera sammála, sem um málið hugsa. En einmitt það að veita nokkuð ríflég lán úr byggingarsjóði sveitabæja vegna nýrra íbúðarhúsa í sveitum stuðlar mjög að því að koma í veg fyrir, að lausaskuldir þurfi að safnast vegna þeirra framkvæmda.

Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um þessa till., nema tilefni gefist til, en legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn. til athugunar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Með lögum um Búnaðarbanka Íslands er gert ráð fyrir, að lána megi allt að 75% af byggingarkostnaði á hverja einstaka byggingu. Þetta hefur verið í lögum, að ég ætla, síðan lög um Búnaðarbankann voru sett. En þessari heimild í lögunum hefur aldrei verið fullnægt, vegna þess að fé hefur ekki verið fyrir hendi. Það hefur ævinlega verið þörf á því að lána meira með hagstæðum kjörum, með lágum vöxtum til langs tíma, heldur en gert hefur verið. Og það er rétt, sem hv. frsm. sagði hér áðan, að lausaskuldir bænda, sem nú eru á dagskrá, eru til orðnar vegna þess, að þeir hafa fengið of lítið af lánum út á framkvæmdirnar. Það er því alveg rökrétt, þegar nú er ákveðið að bjarga bændum vegna lausaskuldanna, sem hvíla á þeim fyrir undanfarnar framkvæmdir, að reyna að gera ráðstafanir til að hækka hin föstu og hagstæðu lán, til þess að þeir þyrftu ekki aftur að lenda í því að safna lausaskuldum.

Ekki dettur mér í hug að ætla, að það sé vegna viljaleysis þeirra ríkisstj., sem setið hafa í landinu, að þeirri heimild, sem er í lögum um Búnaðarbankann, hefur ekki verið fullnægt, heldur vegna þess, að ávallt hafa verið erfiðleikar á því að útvega sjóðunum fé. Og illu heilli hefur sjóðunum verið útvegað útlent fjármagn, sem

þeir hafa svo tapað á, í staðinn fyrir að útvega innlent fjármagn, sem þeir gætu lánað án þess að verða fyrir skakkaföllum. Það hefði þurft að stefna að því hverju sinni að láta sjóðina hafa innlent fé, vegna þess að það er útilokað, að bændur geti notað útlent fé með gengisáhættu til þess að byggja íbúðar- og peningshús í sveitum eða til þess að rækta fyrir.

Það er kunnugt, að sjóðir Búnaðarbankans eru mjög illa settir vegna hinna miklu tapa, sem þeir hafa orðið fyrir á undanförnum árum. Og ríkisstj. er nú að vinna að því að koma fótunum undir sjóðina á ný og gera þeim mögulegt að starfa, eins og alltaf hefur verið ætlazt til að þeir gerðu. Það er alveg rétt, sem hv. frsm. sagði, það er nauðsynlegt að hækka útlánin frá því, sem gert hefur verið. Og það ber að vinna að því og stefna að því, að það verði gert. Og ég efast ekkert um, að þessi hv. þm. hefur alltaf haft hug á því, einnig 1958, þegar yfirfærslugjaldið var sett upp í 55% og byggingarkostnaðurinn af þeim ástæðum mun hafa hækkað um 25—30%. Fyrir þann tíma voru lánaðar 75 þús. kr. á hverja íbúð í sveit, en þrátt fyrir yfirfærslugjaldið 55% var lánið ekkert hækkað á árinu 1958, ekki af viljaleysi, heldur af getuleysi, að ég ætla. Og ég trúi því, að hv. frsm., sem talaði hér áðan, hefði einnig þá viljað beita sér fyrir því við þá ríkisstj., sem hann studdi, að lánin væru hækkuð eitthvað í líkingu við hina geigvænlegu hækkun á byggingarkostnaði, sem varð vegna bjargráðanna vorið 1958. En þetta var ekki gert, vegna þess að þá eins og ævinlega hefur verið erfitt að útvega fé.

Núv. ríkisstj. hefur heimilað að hækka lánin úr 75 þús. í 90 þús. í fyrra, og við s. l. áramót mun þetta hafa verið hækkað upp í 100 þús. kr. Það er rétt, að þetta er ekki nægileg hækkun. Þetta er ekki nema 25—30% af byggingarkostnaði. Þess vegna er þörf á því, að þetta verði aukið, og að því þarf að vinna. Ég er vongóður um, að ný löggjöf um þetta efni verði til þess að koma fótum undir búnaðarsjóðina á ný og gera þeim kleift að lána í ríkari mæli en verið hefur út á byggingar og ræktun í sveitum.

Og það er ekki nægjanlegt, þótt lán til bygginga og ræktunar í sveitum væru aukin. Það vantar nú eins og ævinlega fjármagn til veðdeildarinnar, til þess að hún geti innt sitt hlutverk af hendi. Það þarf einnig að leita eftir leiðum til þess að gera veðdeildinni fært að starfa. Veðdeildin þarf að geta lánað þeim, sem eru að byrja búskap, til bústofnskaupa, til þess að kaupa jarðir, til þess að kaupa vélar og ýmislegt fleira. Það vantar ekki, að það hafa verið fluttar tillögur um að auka fjármagn veðdeildarinnar, t. d. um það að heimila ríkissjóði að taka lán í þessu skyni eða heimila, að ríkissjóður leggi deildinni fé, en slíkar heimildir eru ekki nein lausn á þessum málum. Það er engin lausn, nema fjármagnið sé fyrir hendi, það sé útvegað og gert raunhæft.

Ég ætla ekki nú að fara að ræða um þær tillögur, sem bráðum munu koma hér fram í hv. Alþingi til lausnar á vandamáli stofnlánasjóða landbúnaðarins. Þær munu koma áður en langt um líður og ég vænti þess, að sá hv. þm., sem talaði hér áðan og hefur hug á að leysa þessi mál, verði eftir atvikum ánægður með þá lausn, sem þar er fram borin.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru fáein orð að gefnu tilefni frá hæstv. landbrh. — Hæstv. ráðh. segir í tilefni af þeirri till., sem hér liggur fyrir um að lána meira út á íbúðabyggingar vegna stórhækkandi kostnaðar við byggingarnar, að það sé mikil þörf á því að hækka þessi lán, og það er gott, að hæstv. ráðh. sér það. En hann segir, að það hafi einnig áður verið mikil þörf á því að lána meira út á íbúðabyggingar í sveitum og víðar, menn hafi sjálfsagt verið fullir af vilja til þess áður að gera svo og séu það enn, skilst mér, en það hafi bara ekki verið hægt, því séu mikil takmörk sett, hvað hægt sé að ná saman af fjármagni til að greiða fyrir þessari lánsfjárþörf.

Í framhaldi af þessu segir svo hæstv. ráðh., að sjóðir Búnaðarbankans hafi verið mjög illa leiknir á undanförnum árum, því að menn hafi gripið til þess ráðs að taka handa sjóðunum erlend lán, og er svo helzt að heyra á hæstv. ráðh., að þetta hefðu menn alls ekki átt að gera. Það er a. m. k. ekki hægt að skilja óðruvísi þetta tal hæstv. ráðh. um það, hvað sjóðir Búnaðarbankans hafi verið herfilega leiknir og illa við þá skilið, vegna þess að í þetta var ráðizt.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að menn hafa sjálfsagt gjarnan viljað lána meira en gert hefur verið út á íbúðabyggingar á undanförnum árum. Það, sem lánað hefur verið, hefur takmarkazt af því, hvað menn treystu sér til að útvega mikið fé í þessu skyni, innanlands eða erlendis.

En þess ber að gæta, að á þessum árum, sem hæstv. ráðh. mun þarna eiga við, þ. e. a. s. árunum áður en núverandi valdasamsteypa kom til greina, var ósleitilega haft í umferð í landinu allt það fjármagn, sem í landinu safnaðist. Það fjármagn, sem safnaðist í landinu inn í bankakerfið, sparifé landsmanna, var lánað út. Og það var gengið eins langt í því, að Seðlabankinn endurkeypti afurðalán, til þess að auka útlánin í landinu, eins og menn á þeim árum töldu fært. Það var því áreiðanlega ekki á þeim árum hægt að saka einn eða neinn um, að það fjármagn, sem til ráðstöfunar var innanlands, væri ekki notað til þess að greiða fyrir fólki á einn eða annan hátt með útlánum, bæði úr lánsstofnunum þeim, sem fólk lagði sparifé sitt inn í og einnig að öðru leyti, t. d. frá Seðlabankanum, sem sá um afurðalánaveitingarnar.

En sannleikurinn var sá, að þó að þessu fjármagni væri öllu beitt og það látið vera í umferð, þá tókst ekki samt að fullnægja lánaþörfinni, eins og menn töldu lífsnauðsyn að gera, og þá var gripið til þess úrræðis að taka lán erlendis til viðbótar, og það fé var svo lánað út í ýmis fyrirtæki hér innanlands og þ. á m. landbúnaðinum í gegnum sjóði Búnaðarbankans. Nú má kannske segja, að það hefði átt að taka meira, við skulum segja t. d. af hinu almenna sparifé, en gert var og láta í þessa sjóði og taka svo aftur erlendu lánin handa viðskiptabönkunum eða einhverjum öðrum aðilum. En þessu var nú svona hagað, að viðskiptabankarnir og sparsjóðirnir lánuðu út það, sem safnaðist innanlands, Seðlabankinn sá um afurðalánin, og síðan voru tekin

erlend lán í ýmsar fjárfestingarframkvæmdir, þ. á m. til landbúnaðarins. Og það er þetta, sem hæstv. núv. landbrh. kallar, að sjóðir Búnaðarbankans hafi verið sérstaklega hart leiknir, að það var tekið erlent fjármagn til að lána í landbúnaðinn. Þetta telur hæstv. landbrh. nánast hneyksli. En sannleikurinn er sá, að ef þetta hefði ekki verið gert, þá hefði ekki verið unnt að koma áleiðis þeim stórstigu framförum, sem orðið hafa í sveitunum.

Nú veit ég ekki vel, hvort hæstv. landbrh. meinar, að hneykslið liggi í því, að bændum voru ekki lánuð þessi lán í erlendum gjaldeyri. Það má vera, að hæstv. ráðh. meini það, hann sé í sjálfu sér ekki að deila á, að það voru tekin lán erlendis til að veita fé í landbúnaðinn, heldur sé hann að deila á hitt, að sjóðir Búnaðarbankans skuli hafa verið svona harðlega leiknir, eins og hann orðaði það, þ. e. a. s. að sjóðir Búnaðarbankans fengu erlendu lánin, en lánuðu bændum aftur í íslenzkum krónum og tóku því á sig gengisáhættu. En nú eru þessir sjóðir Búnaðarbankans ríkisstofnanir, þannig að ríkið tók raunverulega á sig þessa gengisáhættu. E. t. v. meinar hæstv. landbrh., að það hefði átt að lána bændum þessi lán í erlendum gjaldeyri. En þá held ég að hefði nú orðið þröngt fyrir dyrum margs bóndans, ef hann hefði átt að fá ofan á aðrar sendingar frá hæstv. núv. ríkisstj., sem viðreisnarpólitíkinni fylgja, gengishækkun á lánin, hefði sem sé átt að koma hækkun á öllum lánum landbúnaðarins og öllum árgjöldum af þeim í réttu hlutfalli við þær breytingar, sem núv. ríkisstj. hefur staðið fyrir á gengi krónunnar.

En vitaskuld er ekki hægt að skilja þetta skraf hæstv. landbrh. við öll hugsanleg tækifæri um, hvað sjóðir Búnaðarbankans hafi verið illa leiknir, öðruvísi en gagnrýni á það í fyrsta lagi, að menn skyldu leyfa sér að taka erlend lán til að greiða fyrir framförum í landbúnaðinum, í stað þess að láta þar verða stöðvun, í öðru lagi gagnrýni á það, að bændum skyldi ekki vera lánað þetta fé út í erlendum gjaldeyri og þeir svo látnir borga það aftur núna til baka í honum eins og verðið á gjaldeyrinum er nú orðið fyrir tilstuðlan núv. ríkisstj. Út af þessum ráðstöfunum hefur að sjálfsögðu komið fram allmikill gengismunur eða gengistöp hjá sjóðum Búnaðarbankans. Ég segi hiklaust, og það er sjónarmið okkar framsóknarmanna, að það er ekkert meira, þó að þjóðfélagið í heild taki á sig gengistap á þessum lánveitingum til landbúnaðarins, í hvaða formi sem það er gert, en að þjóðfélagið hefur tekið á sig gengistöp á mörg hundruð milljónum kr. erlendra lána, sem tekin hafa verið í þágu þjóðfélagsins alls, eins og gert hefur verið í sambandi við ráðstafanir vegna lækkunar á gengi krónunnar, sem gerðar voru 1960 og raunar líka 1961. En þá tók ríkið á sig stórkostleg gengistöp, sem höfðu orðið eða urðu á erlendum lánum, sem höfðu verið tekin til afnota fyrir almenning í landinu með ýmsu móti, bæði til fjárfestingar og með öðru móti. Því er það ekkert annað en eðlilegur stuðningur við uppbyggingu landbúnaðarins, hliðstætt því, sem á sér stað bæði beint og óbeint við aðra uppbyggingu og fjármálastarfsemi í landinu, að ríkið taki á sig þennan gengismun eða þau gengistöp, sem hafa komið fram hjá lánasjóðum landbúnaðarins. En þeir lánasjóðir eru hreinlega ríkisstofnanir og að öllu leyti á ábyrgð ríkisins og ríkissjóðs.

Ef hæstv. landbrh. telur rangt að ætlast til þess, að ríkið taki á sig þessa þjónustu fyrir landbúnaðinn, verður hann að segja það a. m. k. alveg greinilega, hvað hann á við með þessu tali. Meinar hann þá, að það hefði alls ekki átt að taka þessi erlendu lán til að leggja í fjárfestingar, lánveitingar vegna landbúnaðarins, er það það, sem hann á við, eða telur hann, að það hefði átt að lána bændum fé í erlendum gjaldeyri? Hæstv. ráðh. verður að gera grein fyrir því, hvað hann meinar og hvort af þessu tvennu það er, sem hann á við. Eða meinar hæstv. ráðh., að það hefði átt að taka eitthvert annað fé handa þessum sjóðum á þessum árum, þannig að ekki hefði þurft að taka erlendu lánin, og hvaða fé var það þá, sem hæstv. ráðh. taldi að heldur hefði átt að taka innanlands í þessa sjóði? Og hvar voru tillögur hans á þeim árum um innlent fé handa þessum sjóðum í staðinn fyrir erlenda lánsfé, sem útvegað var? Hæstv. landbrh. hefur tekið á sig þá skyldu að svara þessu með sífelldu tali sínu til hnjóðs um þá, sem stóðu fyrir að taka erlend lán inn í lánastofnanir landbúnaðarins.

Ég sagði áðan, að enginn vildi bera sér það í munn, að á undanförnum árum hefði ekki verið tjaldað öllu því, sem til var af innlendu lánsfé, þ. e. a. s. að það hafi allt verið haft í umferð, það fé, sem safnaðist fyrir í landinu sjálfu, og hef ég engan heyrt draga það í efa.

Aftur á móti hefur verið tekinn upp allt annar háttur nú um þetta efni, eins og kunnugt er og er mjög umdeilt. Sá háttur er í því fólginn að taka verulegan hluta af því fjármagni, sem myndast í landinu, þeim sparnaði, sem verður, og færa inn í Seðlabankann og halda þessu fjármagni þannig úr umferð. Og þegar þetta er haft í huga, sem ég skal ekki fara lengra út í við þetta tækifæri, vegna þess að það er ekki beint hér á dagskrá, — þó að það snerti þetta mál auðvitað fullkomlega, því að í þessu sambandi er verið að gera sér grein fyrir því, hvaða möguleikar séu til þess að útvega fé, — ég held því alveg hiklaust fram, sem ég hef haldið fram annars staðar, en skal ekki fara lengra út í það, nema ástæða gefist til núna, að það sé heilbrigt og eðlilegt, að sparifjáraukningin í landinu sé lánuð út, að sparifé sé haft í umferð, eins og ástatt er hjá okkur. Það sé eðlilegast og heppilegast, þess vegna sé ekki hægt að tala um fjárskort í sambandi við útvegun fjármagns til hinna allra nauðsynlegustu lána, þegar fé er þannig lokað inni. Áður var ekki legið á fénu, það var haft í umferð. Sparnaðaraukningin var látin ganga í útlán, og það hefur komið fram gagnrýni á það, að það hafi verið með því teflt of djarft í fjárhagsmálum landsins yfirleitt. Gagnrýnin hefur beinzt að því frekast. Þá var ekki hægt að halda því fram, að rifuð væru seglin í því tilliti, heldur siglt fullum seglum. En nú hafa seglin verið stórkostlega rifuð að þessu leyti og er mjög umdeilt. Þess vegna vildi ég við þetta tækifæri og beint að gefnu tilefni frá hæstv. landbrh. draga það sjónarmið fram skýrt og skorinort, að það eru möguleikar til þess að leysa úr þessari lánsfjárþörf, ef menn vilja.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það þarf nú í sjálfu sér ekki mörg orð til þess að svara því, sem hv. 1. þm. Austf. taldi að ég ætti að svara. Ég býst ekki við, að ég þurfi að taka það fram, að ég tel ekki rétt að lána bændum með gengisáhættu, enda hefur það margfaldlega komið fram hjá mér. Ég þarf ekki heldur að taka það fram, að ég tel, að landbúnaðurinn hafi sízt fengið of mikið fjármagn undanfarið, og ég tel, að undanfarið, þegar þessi hv. þm., 1. þm. Austf., var fjmrh., þá hefði hann, ef honum er jafnannt um landbúnaðinn og hann vill stundum láta í veðri vaka, sem fjmrh. átt að taka hin erlendu lán á nafn ríkissjóðs og endurlána Búnaðarbankanum í íslenzkum krónum. Ef hann hefði gert það, þá væri ekkert um það að ræða, að botninn væri úr þessum mikilsverðu stofnunum landbúnaðarins, ræktunarsjóði og byggingarsjóði. En þessi hv. þm. hugsaði ekki svo langt. Hann útvegaði nokkuð af erlendum lánum og lét sjóðina bera gengisáhættuna, og 1958, þegar 55% yfirfærslugjaldið var lögfest, var ekkert hugsað um að rétta hlut sjóðanna, sem versnaði við þessa einu aðgerð um 30—40 millj. kr. Þá treysti hann sér ekki til að lagfæra þetta, en lét flokksbræður sína hér í hv. Ed. flytja frv. um það, að gefnar væru eftir í einu 160 millj. kr., eftir að núv. ríkisstj. var tekin við völdum. Þetta er nú samræmið á milli orða og athafna þessa hv. þm. eftir því, hvort hann er í ríkisstj. eða utan ríkisstj. Þegar hann er utan ríkisstj., getur hann gert háar kröfur á þá, sem með völdin fara, að þeir geri vel fyrir landbúnaðinn sem og aðra atvinnuvegi. Þegar hann er sjálfur fjmrh. og ræður mestu um fjármál landsins, þá er það látið vera að gera hina nauðsynlegu hluti. Og ég segi það, að hv. 1. þm. Austf., sem svo lengi hefur verið fjmrh. og ber manna mest ábyrgð á því, hvernig farið hefur verið með búnaðarsjóðina með þessu fyrirkomulagi, mér finnst hann nokkuð djarfur, þegar hann kemur hér upp í ræðustólinn nú og vill jafnvel gefa í skyn, að ég hafi ætlazt til, að bændur væru látnir taka á sig gengisáhættuna, jafnvel gefa það í skyn, og mér kæmi það ekkert á óvart, þó að það væri með feitu letri í Tímanum á morgun sagt: Núv. landbrh., Ingólfur Jónsson, telur eðlilegast, að bændur hefðu verið látnir bera gengisáhættuna. — Það væri í samræmi við annað — eða þá að þeir skrifi í Tímann og segi: Núv. landbrh. telur, að það hefði heldur átt að láta landbúnaðinn vanta fjármagn á undanförnum árum en nota útlent fé. — Þetta gæti hvort tveggja komið á sömu síðu. En svo er eftir að vita, hversu margir trúa því, sem þannig er skrifað. Og það er eitt gott við ýmsar ræður hv. framsóknarmanna nú, þegar þeir eru í stjórnarandstöðu, og það, sem þeir skrifa í sitt blað oft og tíðum, að það er svo fjarstæðukennt, að það kennir mönnum, að það er varhugavert að trúa þessu málgagni Framsfl. Ég tel, að ég hafi svarað þessu.

En hv. þm. var að tala um, að fyrr meir, þegar hann var fjmrh. og vinstri stjórnin sat að völdum, hafi allt fjármagnið verið í umferð, allt sparifé. Hvers vegna? Ætli það hafi verið af því, að það safnaðist tiltölulega lítið? Og hvers vegna safnaðist tiltölulega lítið fjármagn, lítið sparifé? Það var vegna þess, að fólkið í landinu hefur ekki traust á þeirri stjórn, sem með völdin fer. Þegar fólkið í landinu hefur ekki traust á ríkisstj., verður sparifjáraukningin lítil, og það var á meðan vinstri stjórnin sat, þá voru allir sannfærðir um, að krónan yrði minni á morgun en hún er í dag. Þetta hefur dálítið breytzt núna, sparifjáraukningin er meiri en hún hefur verið, og nú sér hv. 1. þm. Austf. ofsjónum yfir því, að það skuli vera til óeyddar í Seðlabankanum 300 millj. kr. Hvað ætli þessi hv. þm. sé búinn að skrifa margar greinar í Tímann um þessar 300 millj.? Hvað ætli hann sé lengi búinn að kvarta yfir því, að það skuli vera þarna 300 millj., sem ekki er búið að eyða og þjóðin gæti síðar meir ráðstafað? Og svo það, hvaða þýðingu það gæti haft fyrir fjármál landsins, ef það verður sett út í einu lagi, eins og þessi hv. þm. ætlast til. Kannske það gæti þá farið í svipað far og var, þegar hv. formaður Framsfl. stökk frá borði og lýsti því yfir, að óðaverðbólga væri komin yfir og ekki væri hægt að ráða við neitt.

Ég býst við því, að það sé rétt, að það þurfi að vera á vissan hátt nokkur takmörk fyrir því, hvað út er látið af fjármagni, það séu viss lögmál, sem þurfi að halda, til þess að óðaverðbólga skelli ekki yfir, eins og var í tíð vinstri stjórnarinnar. En þótt þetta sé haft í huga, og þótt ekki sé öllu því sparifé eytt, sem þjóðin safnar, og nú séu til 300 millj. óeyddar, þá þarf það ekki að þýða, að atvinnuvegirnir, svo sem landbúnaðurinn, verði látnir svelta hvað rekstrarfé snertir.

Þegar hv. 1. þm. Austf. og fleiri framsóknarmenn eru að tala um það, að byggingarkostnaður í sveitum hafi hækkað, að ræktunarkostnaður hafi hækkað, að vélarnar hafi hækkað og að aðstaðan til búrekstrar hafi mjög versnað, þá segja þeir þetta í þeim tón, eins og þeir vilji láta fólk skilja, að þetta sé núv. ríkisstj. að kenna. Þeir vilja halda því fram, að það sé núv. ríkisstj. að kenna, að krónan er ekki meira virði en hún er í dag. Þeir vilja reyna að fá fólk til að trúa því, að gengisskráningin 1960 var nauðsynleg, vegna þess að vinstri stjórnin, hv. 1. þm. Austf., hafði hjálpað til þess að fella krónuna með sínu ráðleysi í fjármálum á undanförnum árum. Ég hef ekki heyrt annað og ég hef ekki lesið annað nú undanfarið, þegar hv. stjórnarandstöðumenn eru að tala um mikla dýrtíð, en það, að þrátt fyrir dýrtíðina sé nú gengisskráningin sennilega rétt. Ég hef ekki séð þá halda því fram, að það beri að hækka gengi krónunnar í dag. Eða hverjum dettur í hug, þótt svo ólíklega vildi til, að þessir menn kæmu í ríkisstj. aftur, að þeir legðu til að hækka gengi krónunnar? Það vita allir, að þeir mundu ekki gera það. Hvers vegna? Vegna þess að þeir vita, að gengi krónunnar í dag, það er eins rétt og það getur verið, eftir að það hefur verið samræmt á s. l. sumri, samkvæmt áliti og reynslu þeirra, sem bezta þekkingu hafa á þessu, samræmt við atvinnuvegina og atvinnulífið. Og þegar þessir hv. þm. stjórnarandstöðunnar eru að

tala um erfiðleika bænda og annarra atvinnuvega vegna dýrtíðar og vegna hækkunar á tækjum og rekstrarvörum, þá væri rétt fyrir þá að líta í sinn eigin barm og spyrja fólkið í landinu, hvort það vilji þakka þessum mönnum, sem beittu sér fyrir verkföllunum á s. l. ári, fyrir síðustu gengislækkun, því að síðasta gengislækkun hefði vitanlega aldrei komið til, ef aðgerðir þessara manna hefðu ekki gert hana nauðsynlega með óraunhæfum verkföllum, með óraunhæfum kaupkröfum fram yfir það, sem atvinnuvegirnir þoldu. Og það er enginn vafi á því, að bændur vita manna bezt, að það er nauðsynlegt fyrir þá að fá stöðugt verðlag og stöðugt gengi. Og hv. 1. þm. Austf. og aðrir framsóknarmenn gera sig ekki vinsæla á meðal bænda á því að grafa undan krónunni, eins og þeir gerðu á s. l. ári og eins og þeir gerðu í tíð vinstri stjórnarinnar og gerðu það að verkum, að það var nauðsynlegt að skrá krónuna á ný í ársbyrjun 1960.

Það er ekki hægt við því að gera, þótt hv. 1. þm. Austf. sé svo kotroskinn hér í ræðustólnum og þykist ekkert skilja. En í sannleika sagt, þá hélt ég ekki, að hann væri svo mikill þrekmaður, að hann gæti með góðri samvizku eða í samvizkuleysi fullyrt hér, að það, sem áfátt er, sé núv. ríkisstj. að kenna, það verðlag, sem er á vélum og rekstrarvörum, og byggingarkostnaður, það sé núv. ríkisstj. að kenna, af því að hún hafi haft þrek til þess að skrá krónuna rétt. Og það er margur, sem spyr að því í dag, hvar við værum staddir fjárhagslega og atvinnulega, ef stefna eða stefnuleysi vinstri stjórnarinnar hefði staðið nokkru lengur en raun varð á, ef ekki hefði skapazt meiri hluti á Alþingi til þess að spyrna við fótum og rétta þær skekkjur af, sem orðnar voru hvarvetna, bæði í fjármálum og atvinnumálum. Og þeir, sem leggja þessar spurningar fyrir sig, vita, að það er ekki trausts að leita hjá þeim, sem stukku frá borði, þegar mest reið á, og skildu atvinnuvegina og fjármálin eftir í rúst.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Inn í umr. um þetta mál, sem hér er á dagskrá, hefur blandazt allverulega það alvarlega vandamál, hversu komið er fyrir sjóðum landbúnaðarins, ræktunarsjóði og byggingarsjóði, sú staðreynd, hversu gersamlega vanmegna og gjaldþrota þessir sjóðir eru.

Það er vitað, að núv. ríkisstj. hefur gefið um það yfirlýsingar og vinnur að því að koma fjárhag og aðstöðu þessara sjóða á heilbrigðan grundvöll og mun áreiðanlega standa við fyrirheit í því efni, áður en þessu þingi lýkur, og gefst þá að sjálfsögðu meira tóm til umr. um þetta mál. En örfá atriði vil ég gera að umtalsefni í sambandi við það, sem fram hefur komið í umr. þessum nú, og þá fyrst og fremst þá skemmtilegu yfirlýsingu hv. 1. þm. Austf., að nú sé nóg fé í flestum sjóðum — eða alls staðar nóg fé til að bjarga gjaldþrota sjóðum landbúnaðarins frá tíð vinstri stjórnarinnar. Þessa yfirlýsingu má stjórnin þakka fyrir, að formaður þingflokks Framsfl. og hæstv. fyrrv. fjmrh. gefi þá yfirlýsingu, að það sé enginn vandi að leysa þetta mikla vandamál landbúnaðarsjóðanna, því að nú sé ríkisstj. búin að koma málum þannig í sinni stjórnartíð, að það sé hægt að fá nægjanlegt fé svo að segja hvar sem er til þess að rétta þann halla og skakka, sem á var orðinn. Ég segi fyrir mitt leyti, að það er gott að fá slíkar yfirlýsingar frá stjórnarandstöðunni fyrir þá, sem styðja núv. ríkisstj. í viðleitni hennar til þess að rétta við þjóðarbúskapinn og rétta við gjaldþrotasjóði landbúnaðarins frá tíð vinstri stjórnarinnar, og það segi ég vegna þess, að með 55% yfirfærslugjaldinu í tíð vinstri stjórnarinnar, með þeirri geigvænlegu gengisfellingu, sem í því fólst, urðu sjóðir landbúnaðarins fyrir tugmilljóna kr. gengistapi, og þeir voru með þeirri aðgerð svo gersamlega lamaðir, að það mátti telja, að þeir væru þá þegar orðnir aðgerðalausir eða skorti möguleika til aðgerða. Þeir voru ekki megnugir að rísa undir því geigvænlega gengistapi á lánum sínum, sem þeir urðu fyrir vegna 55% yfirfærslugjaldsins í tíð vinstri stjórnarinnar. Samfara því þurfti því að sjálfsögðu að hafa forustu um það af hálfu þessarar stjórnar að gera ráðstafanir til þess — og það þegar og án undandráttar — að bjarga þessum sjóðum. Þetta lét vinstri stjórnin undir höfuð leggjast undir fjármálaforustu hv. 1. þm. Austf.

Ég skal svo víkja örfáum orðum að erlendum lántökum fyrir hönd fjárfestingarsjóða í landinu, bæði landbúnaðarins og annarra. Hv. 1. þm. Austf. gaf sínar skýringar á því, hversu nauðsynlegt hefði verið og óhjákvæmilegt að taka þessi erlendu lán fyrir landbúnaðarsjóðina. Eins og hæstv. landbrh. vék að, kann nokkuð í þessu að vera, en ég skal þó víkja að því nánar síðar. En hitt er alveg augljóst mál, að þeirra, sem báru höfuðábyrgð á þessum sjóðum á þeim tíma, var að sjálfsögðu að gera viðeigandi ráðstafanir af þessum sökum, til þess að sporna við þeirri hættu, sem af gengisfellingunni mundi leiða, eins og hæstv. landbrh. líka réttilega benti á.

Ég vil láta þess getið hér, að þegar fiskveiðasjóði var af hálfu ríkisstj. boðið erlent lán til þess að bæta úr lánsfjárskorti fiskveiðasjóðs til bátaútvegsins, þá var það fyrsta verk sjóðsstjórnarinnar að leita sérfræðilegs álits á því, hvort stjórn þessa sjóðs hefði heimild til þess, eins og lög sjóðsins voru, að lána þessi lán út með gengisáhættu. Og þegar niðurstaða þeirrar sérfræðilegu rannsóknar var sú, að sjóðsstjórnina brysti til þess lagaheimild, þá óskaði hún eftir því við viðkomandi ráðherra, að lögunum yrði breytt þannig, að fiskveiðasjóði væri heimilt að lána með gengisáhættu, ef þörf krefði, og Alþingi samþykkti þessa breytingu. Nú skal ég í þessu sambandi fallast á, að það sé nokkur eðlismunur á lánum úr fiskveiðasjóði og lánum til bænda og að bændastéttin eigi miklu erfiðara um vik að taka á sig lán með gengisáhættu heldur en þeir, sem fá lánin úr fiskveiðasjóði. Hins vegar er að mínum dómi engan veginn loku fyrir það skotið, að bændur hefðu getað tekið á sig einhverja gengisáhættu af sínum lánum. Þessum málum hefur verið hagað þannig með útlán hjá fiskveiðasjóði gagnvart þeim, sem lánin hafa fengið, eftir að hin erlendu lán voru tekin, að þá hefur nokkur hluti lánanna verið með gengis-

áhættu og annar ekki. Og það var auðvitað ekki nema nokkur hluti af fjármagni landbúnaðarsjóðanna, sem var, sérstaklega í upphafi, þegar þessi erlendu lán voru tekin, með gengisáhættu og ekki tilfinnanleg gengisáhætta, sem þar var um að ræða. Enn fremur er á það að líta, að **bændur hafa nokkra hagsmuni, þó að það sé ekkert** sambærilegt við útflutningsframleiðsluna við sjávarsíðuna, af útflutningnum, hvernig hann gengur, og hefðu þess vegna með hóflegum hætti getað tekið á sig nokkra gengisáhættu, og ég vil ekki fallast á, að það sé algerlega útilokað, þegar þannig stendur á í þjóðfélaginu, að nokkur gengisáhætta væri þannig í lánum til bænda. En ég viðurkenni mjög mikinn mismun í þessu efni hjá þeim og hinum, sem stunda sjávarútveginn eða bátaútgerðina einkum og sér í lagi. En sumir hafa ekkert verið feimnir við það hér í þessu þjóðfélagi á undanförnum árum að leggja fulla **gengisáhættu á lán til íbúðabygginga fólks í landinu**, svo sem sum af þeim félögum, sem standa næst Sambandi ísl. samvinnufélaga. En auðvitað er ekkert betra fyrir fólkið í bæjunum að taka íbúðalán eða byggingarlán með gengisáhættu heldur en bændur, sem eru að byggja upp hjá sér, að einhverju leyti. Þar eiga margir um sárt að binda, sem tóku lán frá þessum aðilum, sem ég nefndi, með fullri gengisáhættu til íbúðabygginga, og eru enn ekki búnir að leysa þá erfiðleika, sem af því stöfuðu. En til viðbótar því, að nokkur gengisáhætta hefði ekki verið nein fjarstæða í þessu sambandi, er einnig á það að líta, að hér er um stórkostleg forréttindalán að ræða, lán, sem áður voru með 2½% vöxtum og síðar með 3½% vöxtum, og meðan svo var, var auðvitað alls ekki loku fyrir það skotið, að **hér gætu bændur eins og aðrir tekið á sig nokkur** skakkaföll, ef fjármálakerfi þjóðfélagsins reyndist svo veikt, að breyta þyrfti gengi krónunnar **eða gildi krónunnar gagnvart erlendum** gjaldeyri hrakaði í verði.

Að sjálfsögðu stafa margir af þeim erfiðleikum, sem við nú eigum við að glíma á þessu sviði sem öðrum, frá því, að okkur skorti eðlilega yfirstjórn peningamálanna í landinu, og felli ég enga sérstaka sök eða einvörðungu á hv. fyrrv. fjmrh., 1. þm. Austf., í því sambandi eða neinn einstakan flokk. Þeir flokkar, sem að stjórnum hafa staðið í landinu á undanförnum árum, eiga þar allir sök. Þeir, sem nú fara með stjórn landsins, hafa áttað sig á þessu, haft kjark til þess að horfa framan í vandræðin, gera fólkinu í landinu grein fyrir því, hvernig komið er, og hjá því yrði ekki komizt að nema þetta kýli burt úr þjóðfélaginu, að vera með svo litla yfirstjórn peningamálanna almennt. Þetta segi ég vegna þess, að hv. 1. þm. Austf. sagði, að það væri búið að lána allt sparifé í aðra hluti, og þess vegna varð að taka erlend lán fyrir bændurna. Með meiri yfirstjórn peningamálanna en við höfðum á þessum tíma mátti að sjálfsögðu hugsa meira til þess, að erlendu lánin gengju fremur til þeirra, sem færari væru að bera gengisáhættu, heldur en til bændanna eða þeirra framkvæmda, sem þeir hafa með höndum. En eins og ég sagði áðan, þá eigum við sjálfsagt allir, sem höfum borið ábyrgð á ríkisstj. á þessum tíma og stjórn peningamála, hér nokkra sök. Það var búið að lána allt sparifé, sagði hv. 1. þm. Austf. En það var miklu meira en það væri búið að lána allt sparifé, heldur voru útlán bankanna á þessum tímum langt fram yfir sparifjáraukninguna í landinu. Þau voru langt fram yfir sparifjáraukninguna. Samt man ég eftir, ekki síst í kosningahríðinni fyrir kosningarnar 1956, þegar vinstri **stjórnin tók við eftir þær kosningar, þeim marg**földu ásökunum, sem þeir, sem fóru með stjórn bankanna, urðu þá fyrir vegna þess, að útlán bankanna væru of lítil, en þó var lánað meira en sparifé og langt umfram það. Hv. 1. þm. **Austf. sagði, að á þessum tímum og í tíð vinstri** stjórnarinnar hefði verið siglt fullum seglum, hver eyrir í landinu hefði verið notaður, allt sparifé lánað út o. s. frv. Jú, það var **siglt full**um seglum. Það var siglt fullum seglum í strand, og það þykir ekki lofsverð sigling. Það er miklu betra að rifa seglin, áður en komið er í brimgarðinn. Þetta reyndist ekki fært, og stjórnin fór frá með þeim ummælum hæstv. forsrh. þessarar stjórnar, að það væru engin úrræði til eða engin samstaða innan vinstri stjórnarinnar um nein úrræði, strandið væri komið og geigvænleg verðbólgualda væri skollin yfir þjóðina. Það var á þessum tímamótum, sem núv. stjórnarflokkar tóku við, og gjaldeyrisstöðu þjóðarinnar var komið þannig á fyrsta ári, eftir að vinstri stjórnin lét af völdum og hafði stýrt okkar þjóðarbúskap, að bankarnir voru að komast í fullkomið greiðsluþrot erlendis, og enginn gjaldeyrir var til, og ég man eftir því, að ég var staddur erlendis annarra erinda þá, þegar ég fékk neyðarskeyti frá mínum banka um að reyna umfram allt að fá eitthvert bráðabirgðalán, þó að ekki væri meira, vegna þess að hvergi væri gjaldeyri að fá, og bæði bankinn og einnig þjóðarbúskapurinn af þessum sökum gæti lent í stórkostlegum skakkaföllum, sem yrði ekki þá bætt úr í bili, ef til vanefnda kæmi.

Þá kem ég að bundna sparifénu, sem nokkuð hefur verið vikið að. Menn verða að gera sér grein fyrir eðli þess, að Seðlabankinn hefur fyrst og fremst það hlutverk að byggja upp gjaldeyrisvarasjóði, og hann fékk það verkefni, eftir að hann var stofnaður sem sjálfstæð stofnun með nýju lögunum um Seðlabankann, og reyna að byggja upp úr engu og minna heldur en það, því að báðir viðskiptabankarnir voru þá búnir að nota til fulls sínar yfirdráttarheimildir alls staðar, þar sem þeir höfðu möguleika til. Ein ráðstöfunin til að gegna þessu meginhlutverki að rétta við gjaldeyrisstöðu landsmanna er auðvitað að taka úr umferð eitthvað af eigin sparifé til þess að minnka eftirspurnina eftir gjaldeyrinum. Þetta hefur Seðlabankinn gert, og hann hefur gert það með þeim afleiðingum, að við eigum nú á okkar mælikvarða allgilda gjaldeyrisvarasjóði, sem við áttum enga. Hitt hættir mönnum svo við að telja, að hið bundna sparifé í Seðlabankanum, eða það virðist mér oft, þegar ég heyri talað um það hér í þingsölunum og annars staðar, að þetta sé eins og tapaðir peningar, að þeir séu bókstaflega ekki til lengur. Þetta fé er í fullu gildi, það hefur styrkt aðstöðu þjóðarinnar og byggt upp og verið þáttur í að byggja upp

gjaldeyrisaðstöðuna út á við. Um þetta bundna sparifé er svo farið ýmsum orðum af miklum misskilningi, að það sé fryst til þess að draga úr framkvæmdum í landinu. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því, að á árinu 1960 var ekki meira bundið umfram sparifjárinnstæður í Seðlabankanum heldur en sérstök útlán Seðlabankans voru á sama ári til viðskiptabankanna til þess að koma í veg fyrir, að útflutningsframleiðslan strandaði í landinu. M. ö. o.: þetta bundna sparifé var að fullu nýtt, en undir yfirstjórn Seðlabankans. Að þessu leyti var fé frá einstökum peningastofnunum, sparisjóðum og viðskiptabönkum, bundið, en svo lánað út með sérstökum lánum, sem höfðu ekki áður verið lánuð, til þess að koma í veg fyrir, að útflutningsframleiðslan stöðvaðist.

Mér er ljóst, að þetta er að þessu leyti öðruvísi á árinu 1961, og frá því koma þessar margumtöluðu 300 milljónir hv. 1. þm. Austf., sem nú virðist eiga að nota til að bjarga landbúnaðarsjóðunum og mörgu öðru. Ég vil lýsa því yfir sem minni skoðun, að ég tel eðlilegt, að viss hluti af sparifjáraukningunni í landinu fari t. d. til byggingarmála, til þess að byggja íbúðarhús yfir þessa þjóð, sem stendur þar illa að vígi, bæði til sjávar og sveita. Til þess að svo megi verða, þarf að gera vissar ráðstafanir. Þær ráðstafanir voru gerðar hér á árunum 1955, þegar lögfest voru lögin um húsnæðismálastofnun ríkisins af ráðuneyti Ólafs Thors, í samvinnu sjálfstæðismanna og framsóknarmanna á þeim tíma. Stjórnin samdi þá við banka, tryggingastofnanir og sparisjóði að kaupa tiltekinn hluta af verðbréfum veðdeildarinnar, sem gengu til íbúðarhúsalána gegnum húsnæðismálastofnunina í landinu. Þetta samkomulag var til tveggja ára, og þetta eru langdrýgstu tekjur, sem fengizt hafa, frá því að húsnæðislöggjöfin var sett og kom til framkvæmda. Eins og hæstv. landbrh. vék að, var því miður ekki hægt að skuldbinda sig til þess að kaupa fyrir sparifé á þeim tímum, sem mjög alvarlega stendur með sparifjáraukningu í landinu, alveg á sama hátt og ég tel eðlilegt, að það sé stefnt að því, að tiltekinn og hæfilegur hluti sparifjáraukningar fari til slíkra hluta, að sinna verkefnum þess frv., sem hér er til umræðu, og til þess að efla eða styrkja aðra byggingarsjóði í landinu. Þá tel ég einnig eðlilegt, þegar jafnvægi hefur skapazt í okkar efnahagsmálum, að haft sé í huga, að nokkur hluti þess bundna sparifjár, sem kann að hafa myndazt, ef þol þjóðarinnar að öðru leyti gjaldeyrislega leyfir það, gangi til slíkra verkefna eins og þeirra að byggja íbúðarhús fyrir fólkið í landinu. Og sennilega er langheilbrigðasti fjárhlutinn, sem á hverjum tíma er varið til íbúðabygginga, sá hluti af eign landsmanna, sem skapast við sparifjáraukningu á hverjum tíma.

Eysteinn Jónsson: Ég gerði kröfu til þess áðan, að hæstv. landbrh. gerði grein fyrir því, hvað hann meinti með þessu tali um, að lánasjóðir landbúnaðarins hefðu verið illa leiknir af fyrrverandi ríkisstj. og illa við þá skilið. Ég gerði kröfu til, að hæstv. ráðherra gerði grein fyrir því, hvernig hann hefði viljað fara öðruvísi að og hvernig hann hefði viljað koma í veg fyrir það, að sjóðirnir yrðu fyrir svona mikilli gengisáhættu. Ég spurði hann að því, hvort það hefði átt að vera með því, að bændum væri lánað fé í erlendum gjaldeyri úr sjóðunum. Þessu svaraði hæstv. ráðherra neitandi. Hann segist ekki hafa viljað láta lána bændum erlenda lánsféð út úr sjóðunum í erlendum gjaldeyri, ekki hafa viljað láta bændur taka gengisáhættuna. Ég spurði þá hæstv. ráðh., hvort hann hefði viljað láta þessar erlendu lántökur undir höfuð leggjast, hvort það væri það, sem hann átti við, að það hefði ekki átt að taka erlendu lánin í fjárfestingu landbúnaðarins. Ekki sagði hæstv. landbrh. það vera sína skoðun. Hann hefði sízt talið of mikið af lánsfé látið í landbúnaðinn og sízt of mikið af því erlenda lánsfé, sem þjóðin fékk. Þetta er því ljóst.

En þá þurfti hæstv. ráðh. einhvern veginn að komast út úr málinu. Og þá lét hann fallast undan spjótinu, eins og stundum er sagt í sögum. Hann datt aftur á bak, hæstv. ráðh., því að hann sagðist hafa viljað, að ríkissjóður hefði tekið á sig gengisáhættuna. Það var svar hæstv. ráðh.

Hann sagði, að ég hefði átt að láta ríkissjóð taka lánin í erlendum gjaldeyri, en lána þau svo aftur í íslenzkum gjaldeyri til lánastofnana landbúnaðarins. Sem sagt, ríkissjóður hefði átt að taka á sig gengisáhættuna. Þetta kalla ég að detta aftur á bak, því að þetta er einmitt nákvæmlega það sama, sem hæstv. ráðh. og Sjálfstfl. hefur barizt á móti. Við höfum flutt hér á þinginu einmitt tillögur um, að ríkissjóður tæki á sig gengisáhættuna fyrir sjóði landbúnaðarins, lögðum fyrir frv. í fyrra, sem var beinlínis miðað við, að ríkissjóður tæki á sig þessa áhættu og leyst yrði þannig þetta mál á þann einfalda hátt, sem auðvitað hefur alltaf verið sjálfsagður, því að vitaskuld átti bændastéttin og lánastofnanir landbúnaðarins fullan rétt á því, að hið opinbera tæki á sig þennan gengismismun, eins og mörg hundruð millj. króna annan gengismismun, sem ríkið var látið taka á sig í sambandi við gengislækkunina 1960. Þá var settur upp reikningur á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum, sem mun vera orðinn á annað hundrað milljónir. Þetta eru gengistöp á ýmsum skuldum, sem ríkisstofnanir höfðu efnt til í erlendum gjaldeyri. Þetta er okkar sjónarmið í málinu, framsóknarmanna, sem við höfum barizt fyrir, en Sjálfstæðisfl. undir forustu hæstv. núv. landbrh. hefur barizt algerlega á móti, eins og afstaðan til frv. í Ed. ber ljósastan vottinn um. Frv. var miðað við, að ríkissjóður tæki að sér nokkuð af skuldum sjóðanna, sem samsvaraði því, að ríkissjóður tæki gengistöpin að sér. Ef hæstv. ráðh. líkar ekki nákvæmlega orðalagið á frv., þá er hægt að bæta úr því og flytja annað frv., til að taka hér af allan vafa. Skora ég á hæstv. landbrh., ef hann vill ekki verða sér til minnkunar í þessu máli, að flytja frv. í samræmi við þá yfirlýsingu, sem hann gaf hér áðan, þar sem hann sagðist vera þeirrar skoðunar, að ríkissjóður

ætti að taka og hefði átt að taka á sig þessa gengisáhættu.

Þá er þetta mál leyst, því að það verður að gera ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. standi við þá skoðun, sem hann hér hefur látið uppi um þetta. Hann sagði, að við hefðum lagt fram tillögu, eftir að gengisbreytingin var orðin, sem hefði verið miðuð við að gefa eftir í einu lagi eða ríkissjóður tæki á sig í einu lagi 160 millj. af skuldum þessara sjóða. Þetta er vitanlega útúrsnúningur, því að það var gert ráð fyrir því í frv., að ríkissjóður tæki að sér að greiða vexti og afborganir af þessum lánum, sem komu smátt og smátt til útgjalda árlega, en ekki lagt til að snara út 160 millj. í einu lagi á stundinni, slíkt kom vitaskuld ekki til. En aftur á móti námu gengistöp þau, sem ríkið var látið taka á sig út af öðrum lánaviðskiptum, ef ég man rétt, hátt á annað hundrað millj. Ég man ekki betur en gengistapsreikningurinn, sem settur var upp í Seðlabankanum, hafi verið nær 200 millj., þegar síðast voru gefnar upplýsingar um hann hér á hv. Alþingi. En við fluttum ekki tillögur um, að snarað væri út 150 millj., heldur aðeins, að ríkissjóður tæki á sig sem svaraði gengistöpunum.

Formlega var frv. þannig, ef ég man rétt, að það voru viss lán, sem við stungum upp á að ríkissjóður tæki að sér að greiða af. En það er vitanlega enginn ágreiningur um að breyta formi frv. okkar í það, sem hæstv. ráðh. vill, sem sagt, að það sé ákveðið, að ríkissjóður taki á sig gengistapið, og að allt kæmist nákvæmlega í það horf, sem hæstv. ráðh. vildi að ég hefði haft það. Það er eins auðvelt og hugsazt getur að koma því nákvæmlega í það horf, sem sé þannig, að ríkissjóður standi ábyrgur fyrir lánunum í erlendri mynt, en sjóðir Búnaðarbankans aftur í íslenzkum krónum til ríkissjóðs. Það er því ekkert auðveldara en að koma þessu nákvæmlega í það horf, sem hæstv. ráðh. hefði, eftir því sem hann segir nú, viljað hafa það frá upphafi.

Hitt er svo annað mál, að hv. 5. þm. Reykv. ræddi hér um þetta mál á þann hátt, að augljóst var, að hann var þeirrar skoðunar, að bændur hefðu átt að taka lán að einhverju leyti að minnsta kosti í erlendum gjaldeyri og taka gengismismun á sig, og talaði nokkuð fyrir því sjónarmiði. Það er þess vegna ekki hægt að sjá það af því, sem hér hefur komið fram í dag, hvaða hátt Sjálfstfl. hefði haft á þessu, ef hann hefði ráðstafað þessum málum. En ef ráða mætti af líkum, þá verður að gera ráð fyrir því, að það sjónarmið, sem hv. 5 þm. Reykv. flutti hér í því efni, hefði orðið sterkara en það sjónarmið, sem kom fram hjá hæstv. landbrh., eftir reynslu af öðrum efnum. Hefði því væntanlega ekki verið hikað við að koma því þannig fyrir, að bændur tækju að einhverju verulegu leyti lán í erlendum gjaldeyri, tækju á sig gengisáhættu.

Hæstv. landbrh. sagði, að framsóknarmenn væru svo ósvífnir, að þeir héldu því fram, að núv. ríkisstj. bæri ábyrgð á þeim ráðstöfunum, sem gerðar hefðu verið, síðan hún kom til valda og fór að ráða löggjöfinni hér. En þessu væri alls ekki þannig farið. Núv. ríkisstj. bæri enga ábyrgð á þessu og það snerti hana ekki neitt, sem gert hefði verið. Það væri fyrrv. ríkisstj., sem bæri yfir höfuð ábyrgð á öllum þeim ráðstöfunum, sem núv. ríkisstj. gerði. Þetta var efnið í því, sem hæstv. ráðh. flutti áðan. En framsóknarmenn væru aftur á móti svo ósvífnir, og það væri alveg ótrúlegt, að þeir héldu því jafnvel fram, að núv. ríkisstj. ráði að einhverju leyti því, sem nú væri gert. Slíkri fjarstæðu væri haldið fram af framsóknarmönnum og blaði þeirra, Tímanum. Það sýndi bezt, hve ómerkilegur málflutningur Tímans væri, að jafnvel þessu væri haldið að mönnum, að núv. ríkisstj. bæri ábyrgð á því, sem hún gerði, að það væri hennar stefna, sem nú væri framkvæmd, og hún tæki ákvarðanir um það, hvað gera skyldi.

Ég veit satt að segja ekki, hvað á að segja um svona málflutning, svona fjarstæðu. Og þetta er auðvitað alls ekki svaravert. Hæstv. ráðh. sagði, að skýringarinnar á þessu væri að leita í því, að viðskilnaður 1958, þeirrar stjórnar, sem þá fór frá, hefði verið svo hræðilegur, að allt það, sem síðan hefði verið gert, væru afleiðingar af því ástandi, sem þá var, vel að merkja allt, sem gengur mönnum í óhag. Þó að hæstv. ráðh. tæki það ekki fram, þá er það þáttur í þessari kenningu, að hér er vitaskuld aðeins átt við það, sem gengur mönnum í óhag, sem þyngir undir fæti. Allt, sem veldur mönnum erfiðleikum og núv. hæstv. ríkisstj. gerir, það er fyrrv. ríkisstj. að kenna, en allt það, sem kann að vera mönnum til hagræðis eða koma sér sæmilega, það er auðvitað núv. ríkisstj. að þakka. Menn verða vitanlega vel að gæta þessa. Það er núv. ríkisstj. að þakka.

Þetta er málflutningurinn, sem við heyrum hér af ráðherrabekkjunum. T. d. er það sjálfsagt fyrrv. ríkisstj. að kenna, að vextir hafa verið hækkaðir stórkostlega og lánstími styttur á fjárfestingarlánum. Allar slíkar ráðstafanir eru vitanlega alls ekkert viðkomandi núv. ríkisstj., ekki á nokkurn hátt, hvað þá gengislækkanir og aðrar slíkar, gersamlega henni óviðkomandi. Aftur á móti, ef verður einhver afgangur einhvers staðar, við skulum segja á ríkisbúskap, eða ríkisstj. þvingar af bönkum og sparisjóðum fé og leggur það til hliðar í Seðlabankanum, þá er það kallaður þar afgangur, og afgangar og allt slíkt er auðvitað í allra mesta máta núv. ríkisstj. viðkomandi. Afgangurinn sjálfur, eftir að hann er kominn, er henni viðkomandi. Aftur á móti ekki tollaálögur eða þvingunarráðstafanir til að draga fé inn. Slíkar ráðstafanir eru beinar afleiðingar af gerðum fyrrv. ríkisstj. Öll tekjuöflun, allar tollaálögur og slíkt, það er allt óhjákvæmilegt, beint framhald af því, hvernig skilið var við af hendi fyrrv. ríkisstj. Allar verðlækkanir, allar tollalækkanir attur á móti, — tollalækkanir, svo sjaldgæfar sem þær eru, — þær eru að sjálfsögðu á vegum núv. ríkisstj.

En hvernig var svo þessi viðskilnaður fyrrv. ríkisstj., sem enn ræður flestu? Hvernig var sá viðskilnaður? Hvernig var þessi rúst, sem hv. 5. þm. Reykv. var að tala hér um áðan? Rústin

var þannig, að gjaldeyrisstaða bankanna í árslok 1958 var góð og hafði batnað á árinu 1958. Það var verulegur afgangur á ríkisbúskapnum og það svo, að hann var notaður að talsverðu leyti til að fleyta núv. valdasamsteypu yfir kjördæmabreytingarárið 1959, þangað til hún þorði að taka upp núv. stefnu eftir síðari kosningarnar. Það var sem sé afgangur á ríkisbúskapnum, og gjaldeyrisstaða bankanna var góð. Hún var t. d. betri en hún var í árslok 1960. En ég hef ekki samanburðartölur til að bera afstöðuna út á við í heild saman við afstöðuna út á við núna um áramótin. En það er sjálfsagt að gera það síðar. Það var meira fjör í atvinnulífinu en nokkru sinni hefur verið fyrr eða síðar og búið að gera stórfelldar ráðstafanir til að afla nýrra framleiðslutækja í viðbót við þau, sem fyrir voru, búið að leggja grundvöll að verulegum lántökum erlendis til nýrra fjárfestingarframkvæmda í landinu, lánum, sem núv. ríkisstj. tók síðan, þó að hún þættist ætla að hætta við að taka erlend lán, og hefur talið sér til gildis það, sem fyrir þau lán hefur verið unnið, og það alveg óspart.

Ég fer ekki lengra út í þetta núna, vegna þess að tíminn er takmarkaður, en þetta var rústin, — þetta var rústin, sem núv. ríkisstj. tók við. Aftur á móti var hér einn stórfelldur hængur á, sem varð til þess, að vinstri stjórnin fór frá, og hann var sá, að dýrtíðarspólan, vísitöluskrúfan, sem hafði hækkað á víxl kaupgjald og verðlag í landinu, var þá í fullum gangi og fyrirsjáanlegt, að hún mundi hækka stórkostlega verðlag í landinu á næstu mánuðum, ef ekkert væri að gert, setja úr skorðum og koma í ólag þeim málefnum, sem ég hef verið að lýsa. Og það var ekki hægt að fá samtök í vinstri stjórninni, því miður, um að kippa þessari vísitöluskrúfu úr sambandi við kaupgjald og afurðaverð. Ég skal ekki fara út í það hér, hverjum það var að kenna. Það hefur oft verið rakið og vafalaust sjá margir eftir því nú, sem að því stóðu þá. En það fékkst ekkert samkomulag um það. Framsóknarmenn lögðu á hinn bóginn fram tillögur um að kippa dýrtíðarskrúfunni úr sambandi og reyna að stöðva sig þannig, — og þá þannig, að kaupmáttur tímakaups, sem var í okt. 1958, gæti varað. Um þetta náðist ekkert samkomulag, og þau öfl, sem vildu vinstri stjórnina feiga af pólitískum ástæðum, lokuðu í þessu atriði öllum leiðum, og þá hlaut vinstri stjórnin að hætta störfum. Það varð svo til þess, að núv. stjórnarflokkar náðu tökum á málefnum landsins.

En þetta var rústin, sem núv. stjórnarflokkar tóku við, eða hitt þó heldur. Góð gjaldeyrisstaða, batnandi gjaldeyrisafkoma, framleiðsla með meira fjöri en nokkru sinni fyrr eða síðar, bæði til lands og sjávar, og búið að undirbúa framtíðina með stórfelldum ráðstöfunum til áframhaldandi uppbyggingar. Þegar svo núv. valdasamsteypa hafði komizt yfir tvennar kosningar og breytt kjördæmaskipuninni, þá tók hún upp núverandi stefnu í efnahagsmálum landsins, sem var miðuð við að bæta jafnvægið út á við, eins og þeir kölluðu það, með því að magna dýrtíðina sem allra mest innanlands, með því að hækka sem allra mest kostnaðinn við allar framkvæmdir í landinu, en takmarka um leið aðganginn að fjármagni og halda kaupgjaldi og tekjum almennings niðri. Með þessum aðferðum sögðust þeir ætla að bæta stöðu landsins út á við.

Og einn liður í þessu kerfi, að magna dýrtíðina, en minnka fjármagnið, sem í umferð er, var ráðstöfunin til þess að binda hluta af sparifjáraukningu þjóðarinnar í Seðlabankanum, sem nú hefur leitt til þess, að um 300 milljónir af sparifé landsmanna eru lagðar dauðar í bankakerfið, í stað þess að vera í umferð í útlánum til þess að greiða fyrir mönnum með margvíslegu móti og auka framleiðslu og framleiðni í landinu.

Þetta kallar núv. hæstv. landbrh. að eiga óeyddar 300 millj. í Seðlabankanum, — menn taki eftir því: að eiga óeyddar 300 millj. í Seðlabankanum. M. ö. o.: í huga þessa hæstv. ráðh. og þeirra, sem nú ráða málum landsins, er það að eyða sparifénu, — ég vil biðja menn að taka eftir því, — það er að eyða sparifénu að lána það aftur út úr bankakerfinu til almennings í landinu, til þess að greiða fyrir áhugamálum manna eða framleiðslunni. Það heitir á máli þessa hæstv. ráðh. að eyða sparifénu. Hitt er að eiga óeytt sparifé, að loka það inni í Seðlabankanum og koma í veg fyrir, að það geti verið í umferð. (JóhH: Hefur ekkert verið lánað?) Jú, það hefur verið lánað, en það hefur verið lánað mun minna fjármagn en með góðu og skynsamlegu móti hefði verið hægt og óhætt að lána. Og það er áreiðanlegt, að aðstaða landsins út á við hefði ekki versnað, þó að margri lánbeiðninni, sem neitað hefur verið á s. l. ári, hefði verið sinnt, mörgum lánbeiðnum til þess að auka beinlínis þjóðarframleiðsluna í fjöldamörgum greinum. En þeir menn, sem aldrei sjá neitt annað úrræði til þess að bæta afkomu landsins út á við en það eitt að koma í veg fyrir, að fé sé í umferð, og eiga það, eins og kallað er, óeytt í bankakerfinu, þeir líta kannske öðruvísi á. En ég er þeim ekki sammála.

Ég tel það ekki verðbólguútlán að lána það sparifé út, sem raunverulega myndast. Hitt eru verðbólguútlán, ef Seðlabankinn er notaður til þess að dæla út í atvinnulífið, út í efnahagslífið lánsfé, sem ekkert stendur raunverulega á bak við. Og það er alveg ný kenning, sem aldrei áður hefur verið flutt, hvað þá lifað eftir, í þessu landi, að það væri verðbólguaukandi og hættulegt fyrir þjóðarbúskapinn að láta sparifé landsmanna vera í umferð.

Hæstv. landbrh. og hv. 5. þm. Reykv. voru í þessu sambandi að tala um viss lögmál, sem yrði að fylgja, til þess að ekki yrði óðaverðbólga í landinu. Ekki neita ég því, að það er ýmislegt, sem þarf að varast, til þess að það verði ekki óðaverðbólga í landinu. En ég neita því algerlega, að í því lögmáli standi, að það valdi óðaverðbólgu í landinu að nota það fjármagn, sem raunverulega er lagt til hliðar og safnast fyrir, til þess að lána út aftur. Enda hlýtur slík aðferð, þegar til lengdar lætur, að vera gersamlega óstæð og óhugsandi.

Ég vil líka alveg sérstaklega vekja athygli á því, að í þessum umr., sem hér hafa orðið um

þessa þáltill., hefur komið fram rödd úr stjórnarherbúðunum, sem er fyrsti votturinn um undanhaldið í þessum efnum. Og það er, þegar hv. 5. þm. Reykv. lætur nú í það skína loksins eftir hina hörðu sókn, sem á hendur stjórninni hefur verið haldið uppi vegna þessarar óhæfu, að til mundi standa að nota eitthvað af þessu fjármagni, sem dregið er inn í bankakerfið með þessum þvingunarráðstöfunum, til þess að lána út aftur til íbúða og með ýmsu öðru móti. Þetta er byrjunin á undanhaldinu í þessum efnum, og ég fagna því, að það er þarna lát á, það er hægt að finna nú lát á í þessum efnum. Og ég spái því, að þeir, sem fyrir þessu standa, eigi eftir að láta undan þunga almenningsálitsins í þessu efni. Og ekki sízt þegar nálgast tvennar kosningar, eins og nú eru fram undan, þá mundu þeir láta undan síga í þessu efni að einhverju leyti.

Hitt er svo annað mál, hvort slíkt verður ekki aðeins stundarfyrirbrigði, á meðan verið er að komast yfir kosningarnar, sem fram undan eru, fyrst nú á þessu vori, bæjarstjórnarkosningar, og síðan aftur á næsta vori alþingiskosningar. En það ber samt að fagna því, að það vottar fyrir því, að lát sé á stjórnarliðinu í þessu efni, og það sýnir líka, að við, sem höfum gagnrýnt þetta, höfum rétt fyrir okkur.

Hv. 5. þm. Reykv. ræddi hér nokkuð önnur atriði, þótt ekki væri það mjög mikið, og skal ég ekki fara út í að svara því. Ég sagði, að það hefði á undanförnum árum verið siglt fullum seglum í efnahagsmálum Íslendinga. Ég sný ekki aftur með það, að allir möguleikar voru notaðir til fulls, og ég tel, að það hafi verið gæfa Íslands, að þannig hefur verið á haldið. Ég tel, að við hefðum ekki staðið jafnvel að vígi, íslenzka þjóðin, og við gerum nú, ef samdráttarstefnu ríkisstj. hefði verið fylgt á undanförnum áratugum, síður en svo. En hv. þm. sagði, að ég hefði ekki viljað geta um, að það hefði verið siglt fullum seglum í strand, og strandið átti að hafa orðið um áramótin 1958 og 1959. Meiri fjarstæðu hefur tæpast nokkur hv. þm. borið sér í munn en hv. 5. þm. Reykv. í þessu sambandi, og hef ég sýnt fram á það með því, sem ég hef hér rakið um það, hvernig raunverulega var ástatt um íslenzkan þjóðarbúskap í árslokin 1958.

Umr. frestað.

Á 35. og 37. fundi í Sþ., 14. og 21. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 7. marz, var fram haldið einni umr. um till.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú orðið nokkuð langt síðan þetta mál var hér til umr. Hv. 1. þm. Austf. talaði hér, að ég ætla, síðast í málinu, og hefði ég gjarnan viljað ræða dálítið við hann. Ég sé, að hann er ekki í sæti sínu. — Þá er hv. þm. mættur.

Enda þótt menn væru sammála um, að nauðsyn bæri til að hækka útlán til byggingarsjóða landbúnaðarins, urðu allsnarpar umr. í kringum málið, og hv. 1. þm. Austf. talaði hér um ýmislegt annað, sem kom þessu máli í rauninni ekki mikið við, og ég tel ástæðu til, þótt nokkuð sé langt síðan málið var til umr., að taka til athugunar nokkra þætti þeirra mála, sem hv. þm. ræddi helzt um.

Það var ekki deilt um það, hvort hækka þyrfti lánin eða ekki, og ekki heldur um það, að þau væru nú hlutfallslega lægri en oft áður, því að það eru þau ekki, heldur vegna þess, að útlánin hafa, síðan byggingarsjóður sveitabæja fór að starfa, alltaf verið of lág og bændur þess vegna setið uppi með lausaskuldir, eftir að byggingu var lokið. Tíminn sagði, að hv. 1. þm. Austf. hefði sagzt alveg sérstaklega vel við þessa umr., hann hefði eiginlega sett mig alveg út í horn. Hv. þm. getur vitanlega tekizt oft vel upp, en ég held, að hv. þm., sem hlustuðu á hann að þessu sinni, hafi verið sammála um, að í þetta sinn hafi það ekki verið. Ég held, að þessi ræða hv. þm. hafi verið óvenjulega málefnalaus og órökstudd, og það hefði vissulega verið mikilsvert sönnunargagn gegn Tímanum, ef almenningi hefði gefizt kostur á að hlusta á ræðuna eða sjá hana birta í heild. Það hefði þá komið sem sagt í ljós, að Tíminn hefði ekki sagt satt frá að þessu sinni, en það kemur nú oft fyrir það blað, eins og kunnugt er.

Ræðumaður talaði um lánasjóði landbúnaðarins. Það kom ekkert fram í ræðunni, á hvern hátt hann vildi efla sjóðina og hvað ætti að gera, til þess að lánin gætu hækkað. Hann taldi fjarstæðu að minnast á, að illa hafi verið búið að sjóðunum að undanförnu með því að taka erlend lán þeim til handa og láta þá bera gengisáhættuna. Hv. þm. leyfði sér að fullyrða, eftir að ég hafði talið nauðsyn bera til, að ríkissjóður tæki að sér að greiða gengistapið í einu eða öðru formi, að það væri það sama, sem framsóknarmenn hafi alltaf viljað láta gerast, enda hafi framsóknarmenn flutt frv. í Ed., þar sem lagt er til, að ríkissjóður taki á sig greiðslu á 160 millj. kr. vegna búnaðarsjóðanna. En sannleikurinn er sá, að meðan framsóknarmenn voru í ríkisstj. og hv. 1. þm. Austf. var fjmrh., lét hann búnaðarsjóðina taka erlendu lánin á sitt nafn og bera alla áhættu af gengistöpunum. Er það sönnun þess, að hann hefur talið eðlilegt, að sjóðirnir stæðu undir töpunum. Að öðrum kosti hefði hann sem fjmrh. tekið lánin á nafn ríkissjóðs og endurlánað búnaðarsjóðunum sömu upphæð í íslenzkum krónum. Segja má, að hv. 1. þm. Austf. hafi þannig fallið á sjálfs sín bragði í röksemdafærslunni, en það hefur venjulega þótt hin versta bylta.

Það er tilgangslaust að reyna að telja almenningi trú um, að það hafi alltaf verið hans stefna og Framsfl. að koma sjóðunum undan þessum töpum. Sönnunargögnin liggja á borðinu og vitna gegn hv. þm. í þessu efni. Þessi sönnunargögn eru sýnileg öllum, sem vilja sjá. 1958 felldi vinstri stjórnin krónuna með 55% yfirfærslugjaldi, eins og kunnugt er, og síðar miklu meira á því sama ári með stöðugt vaxandi dýrtíð og óðaverðbólgu, eins og það var orðað af fyrrv. forsrh., Hermanni Jónassyni. Vitað var, að búnaðarsjóðirnir töpuðu stórum fjárhæðum, mörgum milljónatugum á yfirfærslu-

gjaldinu 1958. Ef það hefði verið meining framsóknarmanna að bjarga sjóðunum, hefðu þeir þá strax gert ráðstafanir til að bæta þeim hin augljósu og stórkostlegu töp á einn eða annan hátt. Það er ekki fyrr en framsóknarmenn eru komnir úr ríkisstj., að þeim dettur í hug, að þörf sé á að bæta sjóðunum töpin. Það er þá, þegar hv. 1. þm. Austf. er ekki lengur fjmrh., sem frv. um 160 millj. var flutt af mörgum framsóknarmönnum og aftur nú á þessu þingi. Hv. þm. Eysteinn Jónsson leyfir sér, þrátt fyrir þessar staðreyndir, að halda því fram, að framsóknarmenn hafi alltaf viljað fara eins að og ég hef lagt til, að ríkissjóður leggi fram fé til þess að bæta gengistöpin á einn eða annan hátt.

Það þarf ekki mörgum orðum að því að eyða, að vinnubrögð hv. þm., meðan hann var fjmrh., eru óafsakanleg í þessu efni. Það er tilgangslaust fyrir hv. þm. að reyna að sannfæra þjóðina um, að það hafi verið á viti byggt að láta búnaðarsjóðina bera ábyrgð á gengisáhættunni án þess að leggja þeim samtímis til áhættufé, sem mætti nægja fyrir ófyrirsjáanlegum töpum. Hitt hefði þó verið eðlilegast, eins og áður er sagt, og vitanlega verið framkvæmt á þann hátt, ef vilji hefði verið fyrir hendi, að láta ríkissjóð taka hin erlendu lán og lána andvirði þeirra búnaðarsjóðunum, eins og gert hefur verið nú tvö undanfarin ár, þannig að þeir bæru ekki þá áhættu, sem þeir gátu á engan hátt staðið undir.

Ríkisstj. mun bera fram frv. til laga um endurreisn búnaðarsjóðanna. Það verkefni hefur ekki verið auðvelt til lausnar, en mun eigi að síður verða leyst á viðunandi hátt. Augljóst er, að ríkissjóður verður á einn eða annan hátt að hlaupa undir baggann, til þess að sjóðirnir geti orðið starfshæfir. S. l. 2 ár hefur ríkisstj. útvegað ræktunarsjóði og byggingarsjóði innlent fjármagn til útlána, en það er í samræmi við þá stefnu, sem felst í því, sem ég hef hér lýst að framan, og hefði tryggt framtíð sjóðanna og forðað þeim frá þeim vandræðum, sem þeir nú eru í, ef þannig hefði verið að unnið alla tíð.

Það er ósvífni í hæsta lagi, þegar sá, sem ber höfuðábyrgð á ófremdarástandinu, kemur í ræðustól í hv. Alþingi með yfirlæti og þykist þess umkominn að veita núverandi ríkisstj. og þeim, sem vinna að því að leysa þann vanda, sem skapazt hefur, áminningu og lætur undrun í ljós yfir því, að sú dýrtíð, sem vinstri stjórnin skapaði, hefur ekki verið kveðin niður nú þegar af núv. stjórnarflokkum.

Það vakti athygli áheyrenda, þegar hv. 1. þm. Austf. lýsti því með mörgum orðum, að ástand þjóðmálanna hefði í rauninni verið í ágætu lagi 1958, þegar vinstri stjórnin fór frá völdum. Það var aðeins eitt að eða í mesta lagi tvennt, að hann sagði: Það var þessi ólukku vísitala, sem ríkisstj. réð ekkert við og hækkaði jafnt og þétt, og svo dýrtíðin, sem af henni leiddi. Þetta var orðrétt sagt hjá hv. þm., og vitanlega brostu margir áheyrendur í kampinn. Ræðumaður taldi, að allt hefði verið í stakasta lagi nema aðeins þetta. Það var ekki undarlegt, þótt hv. þm. brostu undir þessum málflutningi. Menn minnast orðanna: „Óðaverðbólga er skollin yfir, ekki samstaða um neitt til lausnar þeim vanda, sem af henni leiðir.“ Það var þetta, sem gerðist í árslok 1958. Þeir, sem stukku frá borði, tala nú eins og þeir hafi ráð undir hverju rifi. Þeir jafnvel bera þá ósk fram til þjóðarinnar kinnroðalaust, að hún veiti þeim fylgi á ný, veiti þeim traust til þess að taka við stjórnarforustunni aftur. Reynt er að villa um fyrir fólki með því að gera ráðstafanir núv. ríkisstj. tortryggilegar. Reynt er að telja fólki trú um, að þær hefðu verið óþarfar og lagfæring hefði getað átt sér stað á því litla, sem að var, með hægu móti.

Mál þetta hefur oft verið rætt. Þjóðin veit, að vinstri stjórnin fór frá völdum, af því að hún réð ekki við verkefnið. Þjóðin veit, að dýrtíðaraldan, sem á var skollin í árslok 1958, ógnaði hagsmunum almennings, ógnaði sjálfstæði og heiðri íslenzku þjóðarinnar. Alþjóð hefur gert sér grein fyrir því, að stefna vinstri stjórnarinnar mátti ekki vera ráðandi lengur. Stöðvun atvinnuveganna með hinni vaxandi dýrtíð og stöðugri hækkun vísitölunnar var augljós og þar með fullkomið atvinnuleysi og bjargarskortur. Með myndun núv. ríkisstj. hefur tekizt að forða þjóðinni frá þeim vandræðum, sem yfir vofðu. Atvinnuvegirnir ganga tafarlaust og gjaldeyrisöflun hefur verið með meira móti. Tekizt hefur að vinna á ný traust þjóðarinnar út á við og safna nokkrum gjaldeyrisvarasjóði. Atvinnutekjur almennings hafa aukizt með mikilli atvinnu og sparifjáraukning hefur aldrei verið meiri en s. l. ár. Skemmdarverkin s. l. sumar hafa ekki megnað að eyðileggja viðreisnarstefnuna, heldur aðeins tafið fyrir því, að fullur árangur komi í ljós. Nauðsynlegt er, til þess að fólkið í landinu geti notið varanlegra kjarabóta, að verðlagið geti orðið stöðugt og fullkomið traust megi verða á gjaldeyrinum.

Það er oft talað um mikla erfiðleika hjá atvinnuvegunum, landbúnaðinum og öðrum atvinnuvegum, vegna hækkaðs verðs á tækjum og rekstrarvörum og byggingarkostnaði. Er það ekki að ástæðulausu. En þeir erfiðleikar eru tímabundnir, ef takast má að fá stöðugt verðlag og jafnvægi í fjármálum og atvinnumálum. Rétt er að minnast þess, að 1950 var nýtt gengi krónunnar skráð með samþykki framsóknarmanna. Þá voru þeir í ríkisstj. og töldu fráleitt að búa við falskt gengi. Fyrstu 2—3 árin eftir þá gengisbreytingu töldu bændur miklum erfiðleikum bundið að kaupa landbúnaðarvélar vegna hinna miklu hækkana, sem urðu vegna gengisbreytingarinnar. Árið 1954 var komið jafnvægi á í efnahagsmálunum, og heyrðist þá ekki lengur kvörtun undan verðlaginu á vélum eða öðrum nauðsynjum, sem nauðsynlegt var að kaupa. Þannig mun fara eftir þá gengisbreytingu, sem gerð var 1960 og einnig á s. l. sumri, ef ekki verður með skemmdarstarfi unnið gegn því, að það jafnvægi haldist, sem nú er unnið að og náðist á árinu 1954. Á árinu 1954 batnaði gjaldeyrisstaðan, atvinna var nóg fyrir alla, sparifjáraukning var með mesta móti, og batamerki voru augljós í atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar, eins og greinilega er komið í ljós í dag eftir

aðgerðirnar 1960, þrátt fyrir skemmdarverkin s. l. sumar. Á árinu 1954 voru sjálfstæðismenn og framsóknarmenn í samvinnu um ríkisstj. Þó má segja, að ekki hafi verið nema nokkur hluti Framsfl., sem studdi stjórnina. Formaður flokksins, hv. 2. þm. Vestf., var utan stjórnar og vann gegn ríkisstj. Það var þá, sem draumurinn um vinstra ævintýrið varð til. Á árinu 1955 voru skemmdarverk unnin af stjórnarandstöðunni, og er vitað mál, að formaður Framsfl. og ýmsir fleiri úr þeim flokki unnu dyggilega með kommúnistum að því að koma þjóðarbúskapnum úr jafnvægi. Það var hinn fyrsti undirbúningur að vinstri stjórninni. Þá fannst Eysteini Jónssyni, þáv. fjmrh., glæpsamlegt að spilla þeim árangri, sem náðst hafði í uppbyggingu og framfaramálum landsins. Þá taldi hann ekki eðlilegt að gera hærri kröfur til atvinnuveganna en þeir á hverjum tíma gætu staðið undir. Þá talaði hann um, að launþegar ættu að vinna að varanlegum kjarabótum, en ekki hlusta á blekkingar þeirra, sem grafa undan heilbrigðu atvinnulífi. Sú skekkja, sem kom á efnahagslífið eftir verkföllin 1955, var þó ekki meiri en svo, að úr því mátti bæta, ef vilji hefði verið fyrir hendi hjá báðum stjórnarflokkunum. Í ársbyrjun 1956 flutti Eysteinn Jónsson ræðu og var þá sömu skoðunar og sjálfstæðismenn, að mögulegt væri að leiðrétta það, sem aflaga fór. Hann fór hörðum orðum um skemmdarverkin 1955. Um það leyti lögðum við sjálfstæðismenn fram tillögur í því efni, að leiðrétta það, sem hafði skekkzt eftir verkföllin 1955, og gera verðlagið stöðugt. Þá voru framsóknarmenn ekki enn allir ráðnir í vinstra samstarfinu, a. m. k. ekki hv. 1. þm. Austf., þáv. fjmrh. Hann hlustaði því með athygli á þessar tillögur og virtist vera líklegur til að taka höndum saman við okkur sjálfstæðismenn og vinna að lausn mála. En hv. þm. snerist hugur, þegar formaður flokksins, Hermann Jónasson, sigraði á flokksþingi framsóknarmanna, sem haldið var í febrúar eða marz 1956. Síðan hefur hv. 1. þm. Austf. ekki talað af miklu viti um fjármál eða þjóðmál, heldur hefur hann hagað sér eins og sá, sem misst hefur áttina og ráfar um í villu. Og þjóðin hefur vitanlega beðið skaða af því, þar sem hann fékk tækifæri til þess að vera ráðamaður hátt á þriðja ár, eftir að hann missti áttina.

Á flokksþinginu var Framsfl. svo blindaður af áróðri vinstri manna, að það samþykkti með öllum atkv. gegn 5 að ganga út í það dýra ævintýri að mynda vinstri stjórn og rjúfa samstarf við Sjálfstfl. Í kosningunum 1956 töluðu vinstri flokkarnir mikið um það, að efnahagsmálin væru ekki í góðu lagi og nauðsyn bæri til að mynda stjórn hinna vinnandi stétta, þar sem alþýðan í landinu, eins og þeir kölluðu það, gæti ráðið sem mestu. Í júlímánuði sama ár varð vinstri stjórnin til, og var þá miklu lofað. Það var lofað bættum lífskjörum og lækningu á öllum þjóðfélagsmeinum. Þjóðarbúið skyldi tekið út og almenningi gerð full grein fyrir, hvernig viðskilnaður Ólafs Thors hefði verið. Vitað er, að þessi úttekt fór fram og erlendir sérfræðingar fengnir til þess að vinna verkið. En úttektin var aldrei birt, vegna þess að hún staðfesti ekki þær fullyrðingar, að efnahagslífið væri í slæmu ásigkomulagi. Úttektin sýndi hins vegar, að vinstri stjórnin tók við blómlegu búi, en það þótti ekki æskilegt að birta alþjóð þann sannleika eftir fullyrðingarnar, sem viðhafðar voru fyrir kosningarnar 1956.

Eftir að Hermann Jónasson, þáv. formaður Framsfl., hafði lesið úttektina, hélt hann fund hér í Reykjavík með flokksmönnum sínum og fullyrti þar, að hér væru að vísu nokkrar skekkjur í efnahags- og fjármálalífinu, sem þyrfti að lagfæra, en það væri auðvelt að gera án þess að leggja álögur á landsmenn, því að hér væri ekki um svo stórvægilegt atriði að ræða. Þetta er sú kvittun, sú viðurkenning, sem ríkisstj. Ólafs Thors fékk af hendi þess manns, sem tók við því búi, sem skilað var. Er ekki ástæða til annars en vera ánægður með þá viðurkenningu, sem kvittunin gaf.

Ég hef talið eðlilegt að rifja upp þessa sögu, til þess að þeir, sem hafa gleymt ýmsum þáttum hennar, eigi hægara með að gera sér grein fyrir, hverjir eiga þyngstu sökina á því, sem gerðist næstu árin á eftir. Enginn vafi er á því, að margir harma hið glæpsamlega ævintýri gegn íslenzku þjóðinni, sem framsóknarmenn voru upphafsmenn að, þegar þeir slitu stjórnarsamstarfi við Sjálfstfl. og mynduðu vinstri stjórnina. Augljóst er, að komast hefði mátt hjá því að leiða þau óhöpp yfir íslenzku þjóðina, sem vinstri stjórnin og vinstri samvinnan hefur valdið. Þau rúmlega tvö ár, sem þessi ógiftusamlega stjórn sat, eru raunatími í íslenzkri þjóðarsögu. Framsfl. hafði forustuna og var langstærsti flokkurinn í þessari samsteypu. Hann ber því höfuðsökina á því, sem gerðist. Framsóknarmenn vita, að þjóðin kann þessa sögu. Þess vegna hafa þeir nú gert tilraun til þess að blekkja almenning í landinu með því að kasta fyrir borð fyrrv. forsrh., Hermanni Jónassyni, og reyna að halda því fram, að hann beri höfuðábyrgðina á því, hvernig fór. Reynt er að telja þjóðinni trú um, að Framsfl. sé trausts verður, eftir að formannsskipti hafa orðið í flokknum. Þessi vinnubrögð eru samboðin Framsfl., en munu ekki ná þeim tilgangi, sem þeim er ætlað. Flokkurinn fær ekki aukið traust með því að taka hv. 1. þm. Austf. í formannssæti í stað hv. 2. þm. Vestf., Hermanns Jónassonar. Verknaður hv. þm. Hermanns Jónassonar er með öllu óafsakanlegur. Vissulega á hann mikla sök á því, að farið var út í ævintýrið dýra og skaðlega með myndun vinstri stjórnarinnar. En hlutur hv. þm. Eysteins Jónssonar er sízt betri, og ábyrgð hans er ekki minni. Hv. þm. Eysteinn Jónsson hefði getað komið í veg fyrir, að vinstri stjórnin væri mynduð, ef hann hefði haft þrek til að fylgja fram þeirri stefnu, þeirri skoðun, sem hann túlkaði í janúarmánuði 1956. En hann gafst upp, hafði ekki þrek og lét undan síga og rauf samstarfið við Sjálfstfl. Ekki stóð hv. þm. Eysteinn Jónsson einn uppi, ef hann hefði reynt að forða slysinu. Vitað var, að Steingrímur Steinþórsson, þáv. landbrh., var tilbúinn að standa

við hlið hans og ýmsir fleiri framsóknarmenn, ef forustan hefði ekki bilað. Vitað er, að Steingrímur Steinþórsson gafst ekki upp, fyrr en séð var, hvernig málum var ráðið og engum vörnum varð við komið. Þeir, sem þekkja þessa sögu, en það munu vera fjöldamargir, vita, að hv. 1. þm. Austf. ber ekki minni ábyrgð en hv. þm. Hermann Jónasson á því öngþveiti, sem þjóðin var leidd í á þeim rúmlega tveimur árum, sem vinstri stjórnin sat að völdum.

Framsfl. þvær ekki af sér blettinn með því að skipta um formann. Hv. þm. Eysteinn Jónsson ætti að hliðra sér hjá því að koma opinberlega fram og boða kenningu í atvinnu- og fjármálum, sem leiðir á ný til sama öngþveitis og ríkti, þegar vinstri stjórnin hrökklaðist frá völdum. Hv. þm. vill nú opna allar gáttir og ausa öllu því fé út, sem almenningur hefur safnað í góðri trú, að gjaldmiðillinn verði traustur og krónan megni nú að halda því gildi, sem hún hefur verið skráð á. Hv. þm. heimtar meiri framkvæmdir, meiri fjárfestingu, enda þótt allir hafi vinnu, eftir því sem hægt er að afkasta. Ekki hefur hv. þm. gert enn tillögu um innflutning á verkamönnum, en óhjákvæmilegt virðist að flytja inn fólk, ef framkvæmdir eiga að vera öllu meiri en þær hafa verið nú undanfarið.

Bjargráðin 1958 með 55% yfirfærslugjaldinu voru dauðastimpill á stjórnina. Yfirfærslugjaldið var grímuklætt gengisfall, sem leiddi yfir þjóðina dýrtíðarskriðu, sem hélt áfram að renna árið út, þannig að í árslok, um það leyti sem stjórnin fór frá, hafði krónan fallið miklu meira en það, sem yfirfærslugjaldinu nam. Haustið 1958 var svo komið, að enginn treysti stjórninni til góðra hluta eða vildi framlengja líf hennar. Þótt fyrrv. forsrh., Hermann Jónasson, og fyrrv. félmrh., Hannibal Valdimarsson, hafi talið sig rétt kjörna foringja hinna vinnandi stétta, fengu þeir enga áheyrn á Alþýðusambandsþingi, þegar þeir komu með bónir sínar þangað. En þessir menn, sem höfðu blekkt launþegana og lofað bættum kjörum, leituðu til Alþýðusambandsþings með tillögur sínar, og var vitanlega ekkert við því að segja, en eftir að þeim hafði verið hafnað þar, datt þeim ekki í hug að flytja raunhæfar tillögur á Alþingi til lausnar vandanum, vegna þess að þeir sáu engin ráð út úr þeim vanda, sem þjóðin var komin í. Það er þess vegna, sem margir undrast, þegar framsóknarmenn tala um, að það hafi í rauninni allt verið í lagi, þegar þeir hrökkluðust frá, og það sé núv. ríkisstj., sem hefur skapað dýrtíðina og erfiðleika atvinnuveganna. Þetta er meira en hægt er að bera á borð á hv. Alþingi, meira en hægt er að bera á borð fyrir alþjóð, sem þekkir þessa sögu, þessa harmasögu vinstri stjórnarinnar.

Launþegar á Alþýðusambandsþingi höfðu gert sér ljóst, að það varð að losna við vandræðastjórnina, og þess vegna var ekki hlustað á fyrrnefnda ráðherra á ráðstefnu launþeganna. Launþegar höfðu gert sér ljóst, að verðbólga og dýrtíð er þeim ekki í hag. Atvinnurekendur vissu þetta einnig. Þess vegna var fylgi stjórnarinnar horfið og hún sat ein í strandaðri þjóðarskútunni.

Svo er að heyra, að sumir hinna fyrri stjórnarherra, svo sem Eysteinn Jónsson, hv. 1. þm. Austf., hafi lítið lært af hrakförum vinstri stjórnarinnar, og er það út af fyrir sig mjög raunalegt. Hv. þm. taldi að vísu, að það hefði aðeins verið vísitalan og dýrtíðin, sem varð henni að falli, en allt annað hefði verið í lagi. Og það er enn raunalegra, að hv. þm., fyrrv. fjmrh., skuli bera þessa röksemd einnig á borð. Það væri þess vegna eðlilegt að álykta, að þessi hv. þm. hefði reynt að gera sér grein fyrir, hvers vegna verðbólgan og dýrtíðin magnaðist svo mjög í tíð vinstri stjórnarinnar. Vissulega væri ástæða til þess, að hann hefði eitthvað lært af þessu. En það er ekki að heyra á hans málflutningi. Skyldi það hafa verið vegna þess, að það var meira eytt en var aflað, hvernig fór? Skyldi það hafa verið vegna þess, að bankarnir lánuðu meira fé en það, sem nam sparifjáraukningu og erlendum lántökum, meira en þeir raunverulega höfðu til umráða? Skyldi það hafa verið af því, að þjóðin treysti illa stjórninni og sparifjármyndunin var tiltölulega lítil þess vegna? Það væri hollt fyrir hv. 1. þm. Austf. að velta þessu fyrir sér og hugleiða, hvort þessi atriði hafi átt nokkurn þátt í dýrtíðaröldunni, sem skall á vinstri stjórnina. Og ef hv. þm. vildi fyrir því hafa, mætti svo fara, að hann gæti áttað sig á ný og farið að tala af viti um fjármál og atvinnumál.

Hv. þm. hefur oft talað um 300 millj. kr., sem liggja óeyddar í Seðlabankanum. Þessa fjárfúlgu vill hv. þm. fá strax í umferð, því að eins og hann sagði í ræðu hér, voru slíkir fjármunir ekki látnir liggja í bönkum óeyddir, þegar hann var fjmrh. Nei, það voru ekki látnir peningar óeyddir, því að það var eytt miklu meira en til var. Ef vinstri stjórnin hefði haft efni á að leggja nokkuð til hliðar, eins og nú er gert, í stað þess að eyða öllu og safna botnlausum skuldum, þá má vera, að holskefla dýrtíðar hefði ekki orðið henni að fjörtjóni.

Ég hygg, að það sé hollt fyrir hv. þm. Eystein Jónsson að hugleiða nokkrar staðreyndir og sígild lögmál, sem óhjákvæmilegt er að fara eftir, ef ekki á illa að fara. Það væri einnig eðlilegt, að þessi hv. þm. mannaði sig upp og játaði það hreinskilnislega, að þegar hann fór úr ráðherrastóli 1958, var gengi krónunnar raunverulega fallið og stóð ekki betur en sem svaraði skráningunni í febrúar 1960. Og mundi hv. þm. vaxa stórum í áliti Alþ., ef hann hefði hreinskilni og þrek til að játa þessa staðreynd.

Hv. þm. ætti einnig, ef hann vill sæmilegur maður heita, að játa þau mistök, sem urðu í stjórnartíð vinstri stjórnarinnar, og mætti þá svo fara, að honum og fleirum yrði fyrirgefinn mannlegur breyskleiki, í von um, að reynslan mætti verða þeim ólygin. Hv. þm. mundi vaxa af því, ef hann viðurkenndi hér í hv. Alþingi, að aðgerðir núv. ríkisstj. hafi verið nauðsynlegar vegna þess ástands, sem vinstri stjórnin hafði skapað. Hv. þm. ætti í samræmi við þá viðurkenningu að fella niður það moldvörpustarf, sem hann hefur að undanförnu unnið að ásamt fleiri stjórnarandstæðingum, þjóðinni til skaða. Það er nauðsynlegt vegna framtíðar

þjóðarinnar, sjálfstæðis hennar og velgengni, að ekki verði spillt frekar þeirri viðleitni, sem stjórnarflokkarnir hafa sýnt með viðreisninni og hafin var 1960. Allt bendir til, að viðreisnin muni heppnast. Ýmis batamerki eru þegar augljós í þjóðlífinu, þrátt fyrir skemmdarverkin s. l. sumar. Enginn vafi er á því, að alþjóð er að skiljast, að rétt er stefnt og að frá settu marki má ekki hvika. Sú stefna, sem nú hefur verið mörkuð í efnahags- og atvinnumálum, mun tryggja öllum almenningi batnandi lífskjör og þjóðinni farsæla framtíð, ef skemmdaröflin láta nú staðar numið. Sú stefna verður því að sigrast á þeim öflum, sem vinna gegn heilbrigðri efnahagsþróun.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Efni þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir til umr., er það að skora á ríkisstj. að hlutast til um að hækka lán úr byggingarsjóði sveitabæja til íbúðarhúsa í sveitum, og jafnframt, að sjóðnum sé séð fyrir nægilegu fjármagni í því skyni. Ég skal engan veginn draga í efa þá þörf, sem fyrir hendi er í þessu efni. Hitt getur auðvitað verið álitamál, hvaða þýðingu samþykkt þáltill. af því tagi, sem hér er um að ræða, hefur í þessu efni, þar sem ekki er bent á leiðir til útvegunar þessa fjármagns. Annars var ástæðan til þess, að ég stóð hér upp, ekki sú, að ég ætlaði að ræða hér lánamál landbúnaðarins. Þeirri hlið málsins hefur hæstv. landbrh., sem er þeim málum miklu kunnugri en ég, þegar gert ýtarleg skil, svo að ég bæti þar ekki um. En í sambandi við þær umr., sem fóru hér fram á dögunum, komu fram, sérstaklega í ræðu hv. 1. þm. Austf., skoðanir á því, hver væri orsök vandans í lánamálum þjóðarinnar, bæði landbúnaðarins og á öðrum sviðum, — skoðanir, sem ég tel að brjóti svo í bág við fram komnar upplýsingar um þróun peningamálanna að undanförnu, að þær megi ekki standa með öllu óleiðréttar. Hv. þm. sagði:

„Það vandamál, sem hér er um að ræða, og önnur slík vandamál er auðvelt að leysa, peningarnir eru til. Og ég skal segja ykkur," sagði hv. þm., „hvar þeir eru niður komnir. Seðlabankinn hefur nefnilega dregið úr umferð 300 millj. kr. Þar eru þessir peningar vel geymdir, og ef því fé væri ráðstafað til þess að leysa þetta vandamál og önnur slík, þá væru þau þar með úr sögunni."

Við skulum nú líta á það, hverju sparifjáraukningin nam á s. l. ári. Hún nam 549.6 millj. kr. Ef sú skoðun væri rétt, að Seðlabankinn hefði fryst af þessu 300 millj., ætti útlánaaukningin á þessu ári að hafa numið 249.6 millj. kr. En hvað var útlánaaukningin mikil? Hún var 636.9 millj. kr. eða nærri því 100 millj. kr. umfram það, sem sparifjáraukningunni nam. Nú er það að mínu áliti að vísu engin sjálfsögð regla, að útlánaaukningin eigi alltaf að nema nákvæmlega jafnmiklu og sparifjáraukningin nam. Í þessu sambandi má minna á það, að í grg. þeirri, sem samin var fyrir efnahagsmálafrv. 1960, töldu þeir sérfræðingar, sem þá grg. sömdu, að hámark útlánaaukningar mætti ekki vera meira en 200 millj. kr. á ári, ef forða ætti verðbólgu. En jafnvel þó að á þá skoðun væri fallizt, sem hv. þm. boðaði, að óhætt væri alltaf að lána út sem næmi sparifjáraukningunni, þá var útlánaaukningin á s. l. ári nálægt 100 millj. umfram sparifjáraukninguna. Þetta tel ég að sanni það, að það er ekki rétt, sem hv. þm. sagði, að seglin hafi verið rifuð. Það er siglt fyrir fullum seglum í þessu efni. Seðlabankinn hefur ekki dregið neina peninga úr umferð, heldur hafa útlánin aukizt jafnvel meira en varlegt er. Það er þess vegna á fullkomnum misskilningi byggt, að lausn þess vandamáls, sem hér er um að ræða, sé í því fólgin að láta Seðlabankann lána meira. Og í þessu sambandi get ég ekki látið hjá líða að minnast á þá villukenningu, sem mjög hefur verið boðuð í málgagni hv. framsóknarmanna að undanförnu, að orsök lánsfjárvandræðanna séu of lítil útlán bankanna og sérstaklega Seðlabankans. Það er í fyrsta lagi þannig, og það er e. t. v. aðalatriðið í þessu sambandi, að lán vantar til þess að byggja hús, hafnir, raforkuver, vegi o. s. frv., en hús, hafnir, vegir o. þ. h. verða ekki byggð úr seðlum. Það er fyrst og fremst gjaldeyrir og vinnuafl, sem til þess þarf. Það er í þessu, sem lánsfjárvandamálið fyrst og fremst er fólgið. Þar með er ég ekki að segja, að þetta vandamál sé óleysanlegt. En leiðin til þess að leysa það er aðeins ein, sú að auka sparifjármyndun í landinu. Það er hin ónóga fjármagnsmyndun í landinu, sem er grundvallarorsök lánsfjárvandræðanna, en ekki það, að Seðlabankinn láni ekki nógu mikið út. En þau úrræði, sem hv. framsóknarmenn hafa að undanförnu bent á til þess að leysa þetta vandamál, eru því miður algerlega neikvæð. Úrræði þeirra eru verðbólguútlán úr Seðlabankanum og lækkun vaxta. Með þessu er að vísu hægt að fá þeim, sem lán þurfa, fleiri krónur á milli handa, en það er ekki það, sem leysir vandann. Lægri vextir þýða minni sparifjármyndun en ella, og sama máli gegnir um aukna verðbólgu. Ber það að mínu áliti mjög að harma, að stjórnmálaflokkur, sem annars vill telja sig ábyrgan stjórnmálaflokk, skuli þannig snúa raunveruleikanum alveg við og boða úrræði í þessum efnum, sem ekki mundu vera fallin til þess að leysa vandann, heldur þvert á móti, ef eftir þessum tillögum væri farið, gera vandann enn þá meiri.

Eysteinn Jónsson: Það er nú ekki mikið hægt að hrófla við þessu öllu með stuttri aths., en ég ætla samt að notfæra mér þann rétt, sem ég hef.

Þá vil ég fyrst algerlega mótmæla því, sem síðasti hv. ræðumaður sagði. Það hryggir mig, að hann skuli halda fram því, sem hann gerði hér áðan, því að það er augljóst öllum, sem rannsaka reikninga Seðlabankans og uppgjör í peningamálunum, að það hefur orðið verulegur lánasamdráttur á undanförnum árum inn í Seðlabankann út úr peningakerfinu. Bundnu sparifjárinnstæðurnar eru orðnar 300 millj., og inndrátturinn úr peningakerfinu er meiri en nemur þessum 300 millj., því að þegar á heildina er litið, hefur bæði ríkið og viðskiptabankarnir þar fyrir utan bætt aðstöðu sína gagnvart Seðlabankanum, þannig að inndrátturinn í peningakerfinu er meiri í heild en nemur þessu innlokaða

sparifé. En þegar hv. þm. ræðir þetta, þá grípur hann bara til þess að tala um sparifjáraukninguna á s. l. ári og bera hana saman við útlánaaukninguna, en sleppir úr öðrum þýðingarmiklum liðum, eins og t. d. innlánum á hlaupareikninga og öðru slíku, sem hefur áhrif í þessu atriði. Á hinn bóginn tekur hann vitanlega með í útlánunum öll lán, hversu stutt sem þau eru, — þó að þau séu kannske ekki nema til viku eða mánaðar eða annað slíkt, þá tekur hann þau öll með í útlánunum, en svo aðeins sparifjáraukninguna á móti.

Það, sem sýnir heildarmyndina af þessu, er einfaldlega það, hvort Seðlabankinn hefur dregið inn úr peningakerfinu eða ekki, og það hefur hann gert og um það á ekki að þurfa að deila. Hitt er svo annað mál, eins og stjórnarblöðin hafa stundum sagt, hvort það hafi þurft að gera þetta til þess að herða að landsmönnum og draga saman framkvæmdir til að mynda gjaldeyrisvarasjóð. Það má ræða um það fram og aftur, hvort hægt er að gera slíkt með þessari aðferð. En þessi inndráttur hefur verið gerður, hann hefur verið framkvæmdur. Þetta fjármagn hefur ekki verið lánað aftur út úr Seðlabankanum, og samdrátturinn hefur verið meiri en bundnu innistæðurnar, því að þar að auki hefur verið dregið verulega úr því, sem lánað hefur verið út á afurðir, afurðalánum.

Nú sagði hv. þm. eitthvað í þá átt, og maður þekkir þessar kenningar, að úrræðið til þess að bæta afstöðuna út á við, það sé bara að láta sparifé ekki vera í umferð, draga það inn til að bæta gjaldeyrisstöðuna. Ef málið væri svona einfalt, væri ekki mikill vandi að fá góða afkomu út á við, bara að loka sparifé allt inni og þá væri allt öruggt og gott. En vitanlega veit hv. þm. jafnvel og ég, að þetta ráð er ekki einhlítt, og það er stórhættulegt, ef því er beitt að ráði, því að þá fer að draga stórkostlega úr framleiðslunni. En þetta mun ég ræða við önnur tækifæri nánar, þegar ég hef meiri tíma en til aths. En ég mótmæli þessum fullyrðingum hv. þm. um, að ég sé að leggja til verðbólgustefnu í útlánum. Það er algerlega rangt. Við höfum aðeins lagt til, framsóknarmenn, að sami háttur verði hafður á eins og tíðkaðist, á meðan framfarastefnunni var fylgt, að sparifé landsmanna væri haft í útlánum, og það er ekki nein verðbólgustefna í útlánum. Með þessu orðalagi meina ég, að Seðlabankinn sé ekki notaður til þess að draga fjármagn út úr viðskiptabönkunum, út úr umferðinni, út úr peningakerfinu.

Það er vitanlega hægt að leika svona orðaleik eins og hv. þm. reyndi, að framkvæmdir verði ekki gerðar með peningaseðlum, heldur gjaldeyri og vinnu. En vitað er, að það er hægt að draga stórkostlega úr framförum og framkvæmdum með því að láta fjármagnið ekki vera í umferð, og það er það, sem verið er að gera með þessu. Það er verið að draga úr framkvæmdum með því að taka peningana úr umferð. En að hafa peningana í umferð er undirstaða þess, að framkvæmdir og framfarir eigi sér stað, og hverjum þýðir að vera að reyna að telja mönnum trú um, að það sé einhver sérstakur búhnykkur fyrir þjóðina að draga inn fjármagn úr peningakerfinu, loka inni sparifé og neita mönnum svo um lán unnvörpum til þess að auka framleiðsluna, eins og t. d. dæmið um Harald Böðvarsson á Akranesi sýnir, sem hann sagði frá í Morgunblaðinu. Honum hafði verið neitað alls staðar um lán til þess að koma upp reykingu á síld, ekki fyrir það, að peningarnir voru ekki til, þeir voru til, því að það var verið að draga inn úr viðskiptabönkunum sparifé inn í Seðlabankann. Peningarnir voru til. En þeir voru bara ekki látnir af hendi, vegna þess að það var farið eftir þessari hugsjón hv. 11. þm. Reykv., sem talaði hér áðan, og þeirri skoðun, að það væri eina leiðin til að halda jafnvægi í þjóðarbúskapnum að draga úr útlánum.

Mér þykir ákaflega leiðinlegt, að Tíminn skyldi vera svona neyðarlegur við hæstv. landbrh. Honum hefur sýnilega orðið mjög mikið um þetta, því að það er augljóst, að hann hefur dundað vikum saman við það að semja þá ræðu, sem hann flutti hér áðan og ég get ekki farið langt út í að svara í þessari stuttu atns., sem ég er kannske í raun og veru búinn með.

En ég vil segja þetta út af lánasjóðum landbúnaðarins og því, sem hæstv. ráðh. sagði um þá: Ég spurði hann um daginn, hver væri mín sök í sambandi við lánasjóði landbúnaðarins og lánveitingarnar til bændanna. Ég spurði hæstv. ráðh., hvort það væri mín sök, að ég hefði beitt mér fyrir því, að erlend lán væru tekin í landbúnaðinn. Og ráðh. neitaði því. Hann sagði, að sökin væri ekki fólgin í því. Ég spurði hæstv. ráðh. að því, hvort sök mín væri fólgin í því, að bændurnir hefðu ekki verið látnir undirrita skuldbindingar í erlendum gjaldeyri, þannig að gengismunurinn kæmi á þá. Hann neitaði því og sagði, að sök mín væri ekki fólgin í því. Og þá var aðeins eitt eftir: Ég hefði átt að láta ríkissjóð taka lánin og lána svo aftur stofnunum bændanna í íslenzkum krónum, ríkissjóður hefði átt að taka á sig gengisáhættuna. Þetta sagði hæstv. ráðh. Sök mín væri fólgin í því að gera ekki þetta. Ég benti hæstv. ráðh. þá á, að ef þetta væri svona, þá væri ósköp einfalt að bæta úr þessu. Það væri bara að lögbjóða það núna, sem ég vanrækti, að ríkissjóður tæki á sig gengismuninn á þessum lánum. Þá væri málið leyst. Og að efni til er það sama og við höfum lagt til núna undanfarin missiri, eftir að stjórnin skellti á gengislækkununum. Og nú hafa framsóknarmenn í Ed. fært tillögur sínar um þetta efni nákvæmlega í það horf, sem hæstv. ráðh. vildi og sagði, að ég hefði átt að gera strax, sem sé, að ríkissjóður tæki á sig gengistapið. Það er svona einfalt að bæta úr þessu. Málið er ekki flóknara en þetta. Og allt skraf hæstv. ráðh. í þessu sambandi fellur hér með gersamlega dautt til jarðar. En heilindi hæstv. ráðh. má svo aftur sjá af því, að hann virðist ekki ætla að styðja þessa lausn, sem hann segir sjálfur að hefði verið sjálfsögð frá upphafi og hægt er að setja í lög nú á svona einfaldan og sjálfsagðan hátt. Það sýnir heilindi þessa hæstv. ráðh., að hann virðist ekki ætla að styðja þessa lausn núna.

Þá er hæstv. ráðh, að fjargviðrast fram og aftur um þessa sjóði, búnaðarsjóðina, stofnlánasjóði Búnaðarbankans, og segir, að þeir hafi verið leiknir svona og svona, eins og hann orðar það. Nú vil ég minna hæstv. ráðh. á það einu sinni enn, að það voru fleiri en sjóðir Búnaðarbankans, sem tóku lán í erlendum gjaldeyri í þágu fjármálastarfsemi í landinu eða atvinnuveganna. Það gerðu viðskiptabankarnir líka, þeir tóku lán í stórum stíl í erlendum gjaldeyri. En þegar ríkisstj. felldi gengið, þá beitti hún sér fyrir því, að ríkissjóður tæki á sig, — og ég bið menn að taka eftir því, — — að ríkissjóður tæki á sig allt gengistap á öllum erlendum skuldum allra banka í landinu nema stofnlánabanka landbúnaðarins. Það var það eina, sem skilið var eftir og ríkið átti ekki að taka á sig. Allan annan gengismun, allt hitt gengistapið átti ríkið að sjálfsögðu að taka á sig, það var eins og sjálfsagður hlutur. Og það voru 190 millj., sem ríkið tók á sig og það skuldar Seðlabankanum í gengismun vegna þessara lána.

Nú skora ég á hæstv. landbrh. að reyna að sýna fram á það með rökum, hvaða réttlæti er í því að skilja lánastofnanir landbúnaðarins einar eftir í þessu sambandi, sem höfðu tekið lán í erlendum gjaldeyri, — skilja þær einar eftir, en láta ríkissjóð taka á sig eins og sjálfsagðan hlut gengistöp á öllum öðrum lánum hliðstæðra stofnana. Það sýnir kannske ekkert betur en einmitt þetta, hvílíkur ræfildómur hvílir yfir ráðherrastarfi þessa hæstv. ráðh., sem á að fara með málefni landbúnaðarins, að hann skuli geta setið í stólnum, eftir að annað eins hefur skeð og þetta, að það er tekið á ríkið gengistap á öllum öðrum skuldum stofnana en þessum skuldum vegna landbúnaðarins. Auðvitað sjá allir, að það, sem átti að gera í þessu, var að fara nákvæmlega eins með skuldir landbúnaðarsjóðanna og annarra hliðstæðra ríkisstofnana, því að þeir eru ríkisstofnanir.

Ég skal nú ekki reyna miklu meira á þolinmæði hæstv. forseta í þessari aths., sem átti að vera örstutt. Þó að full ástæða væri til þess, að hún væri lengri, þá verður það nú að bíða betri tíma, enda er sannleikurinn sá, að það þarf ekki langt mál í sjálfu sér til þess að svara hinni löngu ræðu hæstv. landbrh. varðandi stjórnmálin almennt. Það var eins konar stjórnmálayfirlit. Hann sagði, að það hefði verið mjög slæmt ástand, þegar núv. valdasamsteypa tók við, en aftur á móti væri allt á mjög góðri leið og hefði mjög miklu verið bjargað. Ég hef áður sýnt fram á það og við stjórnarandstæðingar, að gjaldeyrisstaða landsins í árslok 1958 var góð, afkoma ríkissjóðs var mjög góð, mikill greiðsluafgangur, og kaup á framleiðslutækjum voru óvenjulega mikil og búið að búa þannig í haginn, að þjóðin hefur yfirleitt fyrst og fremst búið að því síðan. Sú mikla framleiðsla, sem hefur orðið á undanförnum missirum, á rætur sínar fyrst og fremst að rekja til þessarar stórkostlegu uppbyggingar, sem búið var að gera, áður en núv. valdasamsteypa tók við. Litum svo bara á eitt dæmi, ég fer ekki lengra út í það núna, vegna þess að ég hef ekki tíma til þess, afstöðuna út á við núna, eins og hún var í árslok 1960. Það ætti að vera hagstæðasti samanburðurinn, vegna þess að núv. ríkisstj. hefur lagt aðaláherzluna á að þrengja að mönnum heima fyrir til þess að reyna að laga afstöðuna út á við. Og hver er þá útkoman af þessu? Það hefur undanfarið verið talsvert gumað af því í stjórnarblöðunum, að aðstaðan út á við hafi batnað, t. d. gjaldeyrisstaðan hafi batnað og fleira slíkt. En ég vil bara benda á nokkrar staðreyndir í því sambandi. Á þessum árum, frá árslokum 1958 til ársloka 1961, hafa skuldir út á við vaxið stórkostlega, lausaskuldir til vörukaupa hafa safnazt rúmar 290 millj. og löng lán aukizt um mörg hundruð millj. Í þessu er að vísu áætlað, hvernig skuldabreytingin var árið 1961, en það mun vera áætlað af Seðlabankanum, að föstu lánin hafi það ár staðið sem mest í stað, og það er reiknað með því í þessu. Að taka gjaldeyrisstöðu bankanna eina út af fyrir sig og miða við hana er álíka og maður vildi gera upp efnahag sinn með því að gá í pyngjuna eina eða veskið án þess að skipta sér nokkurn skapaðan hlut af því, hvernig að öðru leyti væri ástatt. Þetta segi ég aðeins, — hæstv. forseti, ég er alveg að hætta, — þetta segi ég aðeins sem lítið dæmi. En ég er alveg viss um, að þetta veit hæstv. landbrh. ekki, þetta eru áreiðanlega alveg nýjar fréttir fyrir hann, því að það er alveg auðheyrt á því, sem hann segir. Það er enginn vandi að setja saman margra álna langa slagorðaþvælu eins og þá, sem hæstv. ráðh. flutti hér áðan, en ég er alveg viss um, að það eru alveg ný tíðindi fyrir hæstv. ráðh., að málin standa á þessa lund.

Gjaldeyrisstaða bankanna hefur batnað. En hvers vegna hefur hún batnað? Fyrir þá framleiðsluaukningu og metafla, sem orðið hefur á skipin og bátana, sem yfirleitt var búið að afla til landsins, áður en viðreisnin kom til sögunnar og fyrir þá kjaraskerðingu, sem ríkisstj. hefur innleitt og samdrátt í framkvæmdum. En þessar gjaldeyriskrónur, sem hafa safnazt saman á s. l. ári, eru dýru verði keyptar, því að þær eru keyptar því verði að leiða yfir þjóðina þá gífurlegu dýrtíðaröldu, sem við höfum séð rísa hærra og hærra með hverju missirinu, sem liðið hefur. Og hvernig er svo ástatt núna, og hvað hefur þetta kostað? Það hefur kostað, að núna er þannig ástatt í landinu, að enginn venjulegur launamaður t. d. getur lengur lifað mannsæmandi lífi á þeim launum, sem hann vinnur sér inn á venjulegum vinnudegi, eða búið í íbúð, sem hann ætti t. d. að byggja frá grunni núna. Ástandið er svona. Það er ekki furða, þó að landbrh. sé ánægður. — Og með þessu læt ég máli mínu lokið, herra forseti.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það er mikill misskilningur hjá hæstv. landbrh., ef hann heldur, að hann geti fengið bændur landsins til að trúa því, að hann hafi verið góður landbrh., þó að hann haldi stórorða ræðu á hv. Alþingi. Það þykir ef til vill réttlætanlegt, þegar menn ganga hér upp í ræðustólinn í hita umræðunnar og nota stór orð í sínum ræðum,

en þegar menn mæta hér á hv. Alþingi með vélritaða ræðu, sem þeir eru búnir að sitja yfir vikum saman að semja, þá gegnir það furðu. Það gegnir furðu, að hæstv. landbrh skuli leyfa sér að nota orð eins og menn hafi ekki talað um áraraðir af viti og að þm. séu með moldvörpustarfsemi og annað því um líkt. Og hæstv. ráðh. þarf ekki að ætla það, að hann komist frá sínum vandræðum í landbúnaðarmálunum með þessum hætti.

Hæstv. ráðherra heldur að það muni verða sér til framdráttar til eilífðarnóns að vitna í vinstri stjórnina. Það er mikill misskilningur hjá hæstv. ráðherra, því að landsmenn kunnu að meta þá ríkisstj. og enn þá betur eftir að hún var farin frá og samanburður sá, sem nú er fyrir hendi, er til staðar. Þegar hæstv. ráðherra er að tala um skemmdarstarfsemi, sem hafi verið framin í sumar í sambandi við kauphækkanir, þá ætti hann að minnast þess, að þeir Sjálfstfl.-menn stóðu að kauphækkun sumarið 1958 og tóku hana til baka með löggjöf, strax og þeir réðu á hv. Alþingi, eftir áramótin 1959. Það hefur aldrei skeð í sögunni fyrr, að nokkur stjórnmálaflokkur hafi sýnt svo greinilega, hvert hann var að fara í kjaramálum, eins og þá var gert, að berjast fyrir kauphækkuninni í stjórnarandstöðu og taka hana alla til baka, undireins og þeir höfðu nokkur ráð í ríkisstjórn.

Hæstv. landbrh. var að tala um sögu í þessu sambandi og taldi sig vera að vitna í sögu. Það er svo fyrir að þakka vegna íslenzku þjóðarinnar, að hæstv. landbrh. leggur ekki fyrir sig sagnfræði, því að sú sagnfræði væri ekki mikils virði, ef dæma á eftir málflutningi hæstv. ráðherra hér áðan. En hæstv. ráðherra gleymdi alveg einu í sinni ræðu. Hann gleymdi alveg að geta um eigin afrek í landbúnaðarráðherrastóli. Hann hefur þó setið þar í hálft þriðja ár. Hver eru afrekin? Hann var að tala um það, að Eysteinn Jónsson hefði átt vangert við stofnlánasjóði Búnaðarbankans. En af hverju hefur þá hæstv. ráðherra ekki komið því í framkvæmd, sem Eysteinn átti vangert, hv. 1. þm. Austf.? En á stjórnarárum Eysteins Jónssonar sem fjmrh., á árunum 1950—1958 lagði ríkissjóður lánasjóðum Búnaðarbankans 52 millj. kr. Þá lagði ríkissjóður lánasjóðum Búnaðarbankans 52 millj. kr. Hvað hefur nú gerzt? Hefur ríkissjóður lagt þessum lánasjóðum nokkurt fé? Hann hefur útvegað lán til þriggja ára, hæstv. fjmrh. skýrði frá því í gær. Þetta eru afrekin. En það eru fleiri afrek, sem mætti nefna í stjórnartíð hæstv. núv. landbrh. Á hans valdadögum hafa lánskjör til uppbyggingar í landbúnaði stórum versnað, lánatíminn verið styttur, vextir hækkaðir, svo að nú verða bændur að greiða allt að því ⅓ hærra fyrir meðallán heldur en áður í afborgun og vexti. Þetta er framlag hæstv. ráðherra til landbúnaðarmála. Hann var ekki að skýra frá því, hæstv. ráðherra, að þegar ríkissjóður var látinn taka að sér gengismismuninn, sem var yfir 190 millj. kr., við gengisfellinguna 1960, þá voru lánasjóðir landbúnaðarins skildir eftir. Svo blása þeir stjórnarliðar sig út hér á hv. Alþingi yfir því, að framsóknarmenn skuli nú vera svo ósvífnir að ætlast til þess, að bændur landsins sitji þar við sama borð og aðrir þegnar þessa þjóðfélags. Það vantar svo sem ekki frekjuna í þá framsóknarmenn fyrir bændurna í landinu, að þeir skuli nú fara fram á það, að þeir hafi jafnrétti þarna við aðra þegna þjóðfélagsins. Það er svo sem ekki undarlegt, þó að þessi hæstv. ráðh. ætlist til þess, að bændur landsins hafi jafnrétti við aðra þegna þjóðfélagsins, þegar hann stendur fyrir því hér á hv. Alþingi að bjóða bændum landsins aðstoðarlán með okurvöxtum og sættir sig við það, að þeirra kjör séu mun verri en sjávarútvegsins. Það er því ekki undarlegt, þó að hæstv. landbrh. vilji hafa þann háttinn á, að þeim sé mismunað í þessu sem öðru.

Það er fleira, sem þessi hæstv. ráðh. hefur afrekað á þessum tveimur og hálfu ári, sem hann hefur verið landbrh. Afurðalán út á landbúnaðarafurðir voru 67% áður, en eru nú 51—54%. Er þetta gert í þágu bændastéttarinnar í landinu eða til þess að búa betur í haginn fyrir hana en ella hefði verið? Nei, það er ekki gert í þágu bændastéttarinnar í landinu, og lánsupphæðin í heild er sú sama, þótt verðið hækki og afurðirnar aukist. Það er stefna núv. hæstv. landbrh., að það skuli vera sami krónufjöldi, hvernig sem framleiðslan eykst og verð hækkar.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda á s. l. hausti var þessi hæstv. landbrh. staddur. Þar kom fram ályktunartillaga, þar sem nefnd, sem hafði starfað innan vébanda fundarins, lagði til að skýra frá því í ályktun, að fleiri jarðir færu nú í eyði en áður hefði verið í landinu. Nokkrar umræður urðu um þetta mál, og hæstv. ráðh. varð að blanda sér inn í umræðurnar til þess að forða sér frá því, að þessi ályktun kæmi út. Það hefur þó ekki verið venja ráðherra á þeim stéttarsambandsfundum, sem ég hef setið á eða verið gestur á, sem munu þó vera flestir af þeim, sem haldnir hafa verið, að ráðherra hafi blandað sér inn í umræðurnar. En hæstv. ráðherra varð að blanda sér inn í umr. til að biðja sér vægðar, og nefndin tók málið aftur af kurteisi við ráðherra sem gest fundarins.

Hv. 1. þm. Austf. benti réttilega á áðan, að það er að verða ókleift fyrir unga fólkið í landinu að hefja búskap. Verðlagið, sem þessi hæstv. ráðh. hefur haft áhrif á, hefur verið með þeim hætti, að það er ekki hægt fyrir ungt fólk í landinu að hefja búskap. Það er eitt af afrekum þessa hæstv. ráðherra, að í staðinn fyrir að lækka verðlagið í landinu, eins og hann hafði haft fyrirheit um, þá hefur verðlag á landbúnaðarverkfærum hækkað um nærri því 100% og annað eftir því. Svo kemur hæstv. ráðh. hér í ræðustól og heldur, að hann geti með stóryrðum einum komið sér frá þeirri ábyrgð, sem hann hefur í landbúnaðarmálum.

Það er alveg ljóst, að bændur landsins fylgjast betur með en svo, að hæstv. ráðherra afgreiði þá með stóryrðaræðunni, sem hann flutti hér áðan. Hann þarf áreiðanlega að endurskoða ýmislegt betur og á eftir að kynnast því betur, þegar hann fer að ræða við bændur landsins. Þeim er ljóst, hvernig hefur verið haldið á landbúnaðarmálum í ráðherratíð þessa hæstv.

ráðherra. Þeim er það fullkomlega ljóst. Þeim er það ljóst, að bændum landsins hefur verið ætlaður annar og minni réttur en öðrum stéttum þjóðfélagsins. Þeim er það ljóst, að fleiri jarðir fara nú í eyði en áður. Þeim er það ljóst, að minni möguleikar eru til ræktunar í landinu, minni möguleikar að hefja búskap heldur en nokkru sinni fyrr. Þeim er það ljóst, að ríkissjóður lagði Búnaðarbankasjóðunum til fé í stjórnartíð Eysteins Jónssonar, en gerir það ekki nú. Þeim er ljóst hins vegar, að það er staðið gegn því að aðstoða sjóðina við gengismismuninn af gengisfalli hæstv. núv. ríkisstj. Og það er furðulegt, að hæstv. ráðh. skuli í sambandi við tillögu þá, sem hér er til umræðu, um að hækka fjárveitingu til byggingarsjóða Búnaðarbankans, halda aðra eins ræðu og hann flutti hér, í staðinn fyrir að beita sér fyrir því, að þessi fjárveiting verði aukin, svo að lán byggingarsjóðsins hækkuðu sem nemur a. m. k. einhverjum hluta af þeirri verðhækkun, sem átt hefur sér stað fyrir framkvæmdir núv. hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

15. Landfundir Íslendinga í Vesturheimi.

Á deildafundum 17. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um landfundi Íslendinga í Vesturheimi [86. mál] (A. 115).

Á 17. fundi í Sþ., 22. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18., 32., 33., 37., 40. og 41. fundi í Sþ., 29. nóv., 1., 7. og 21. febr., 7. og 14. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Sþ., 21. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þessi till., sem ég flyt ásamt þremur þm. öðrum, hljóðar á þessa leið: „Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að leita samvinnu við ríkisstjórnir Kanada og Bandaríkjanna um rannsóknir varðandi landfundi Íslendinga í Vesturheimi á 10. og 11. öld.“

Ég tel mig ekki þurfa að hafa mörg orð til að rekja forsögu eða tilefni þessarar tillögu. Þær heimildir, sem taldar eru merkastar um landfundi Íslendinga í Vesturheimi á öldum fyrr, eru taldar áreiðanlegastar í Grænlendingasögu. Skv. þeim var það íslenzkur maður, Bjarni Herjólfsson, sem fyrstur norrænna manna sá meginland N.-Ameríku, sennilega nokkru fyrir árið 1000. Leifur heppni hafði svo spurnir af þessum landafundi Bjarna, fékk hjá honum upplýsingar og fór í slóð hans, fór nokkru síðar þangað vestur og fann löndin Helluland, Markland og Vínland. Hann sneri svo þaðan aftur eftir nokkra dvöl þar. Þorfinnur karlsefni gerði síðan tilraun til þess að gerast þar landnámsmaður, en varð að hverfa þaðan aftur eftir skamma hríð.

Ég sé ekki ástæðu til að rifja þessa sögu nánar upp, því að hún er tvímælalaust öllum hv. þm. kunn. En á síðari áratugum hafa þessar sagnir rifjazt upp og margt verið um það rætt og ritað, hvaða lönd það voru, sem þeir Bjarni Herjólfsson, Leifur heppni og Þorfinnur karlsefni könnuðu þarna fyrr á öldum. Menn hafa ekki verið á eitt sáttir um, hvaða staðir það hafa verið, sem þeir komu til, eða hvaða lönd það voru, og ýmsar getgátur verið uppi í því sambandi og margt verið um þetta ritað af fræðimönnum í þessum efnum. En flestra dómur er þó sá, að þeir Leifur og Þorfinnur hafi alltaf komizt suður fyrir 50. breiddarbaug og sennilegast dvalizt lengri eða skemmri tíma í einhverjum af austurfylkjum Bandaríkjanna.

Hér er tvímælalaust um mál að ræða, sem Íslendingar eiga að láta sig verulegu skipta og ekki láta útlendinga svo að segja vera eina um, eins og átt hefur sér stað að undanförnu, og reyna að finna þá staði, sem Íslendingar fundu vestra. Aukin ástæða til þess, að Íslendingar gefi þessu nýjan gaum, er ekki sízt sú, að þeir eru nú orðnir siglingaþjóð að nýju og hér er um að ræða einn glæsilegasta þáttinn í íslenzkri siglingasögu.

Ég vil í sambandi við þetta geta þess, að nokkru eftir að ég flutti þessa þáltill., kom til mín nefnd frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, sem hafði verið kjörin á seinasta aðalfundi þess einmitt til að fylgjast með þessum málum og vinna að framgangi þeirra. Í þessari nefnd eiga þeir sæti Sigurður Guðjónsson, sem lengi var skipstjóri á Skallagrími, Henry Hálfdánarson og Hallgrímur Jónsson vélstjóri. Þessir menn eru allir mjög siglingafróðir og hafa kynnt sér þessi mál alveg sérstaklega og hafa því að sjálfsögðu mikinn áhuga á framgangi þess, að Íslendingar láti þessi mál til sín taka. Þeir hafa jafnvel látið sér það til hugar koma, að Íslendingar sjálfir mönnuðu skip, sem reyndu að fara í slóð þeirra Bjarna Herjólfssonar og Leifs heppna. Það var jafnvel minnzt á, að það gæti komið til greina að nota Sæbjörgu í því skyni á þeim tíma ársins, sem hún hefur minnst að gera. En þess ber vel að gæta, að hér er ekki eingöngu um mál að ræða, sem snertir fornleifafræðinga eða þeir bera skyn á. Hér er ekki síður um málefni að ræða, sem siglingafróðir menn bera skyn á og eru líklegastir til að benda á, hvaða leiðir það hafa verið, sem þeir fóru Bjarni Herjólfsson, Leifur heppni og Þorfinnur karlsefni, vegna þess að straumar og vindar á þessum slóðum hafa að sjálfsögðu ráðið miklu um það, hvernig leið þeirra hefur legið. Ég álít þess vegna, að í því, sem kann að vera gert af Íslendinga hálfu til

rannsókna á þessum málum, eigi að leggja sérstaka áherzlu á að hafa samband og samvinnu við íslenzka siglingafræðinga og menn, sem eru kunnugir þessum slóðum, Grænlandshafi, eins og t. d. Sigurður Guðjónsson, sem lengi var skipstjóri á Skallagrími og stundaði árum saman veiðar á Grænlandsmiðum.

Það hefur svo einnig gerzt, síðan þessi till. var lögð hér fram á hv. Alþingi, að hingað hefur komið norskur maður, Helge Ingstad, sem hefur fengizt við rannsóknir í þessum efnum og hefur, að ég hygg með aðstoð hæstv. menntmrh. tekið upp samvinnu við íslenzka fræðimenn í þessum efnum og mun hafa þá með sér í nýjum leiðangri, sem hann hyggst gera á komandi sumri.

Ég tel það mjög vel til fallið og tel það rétt ráðið af hæstv. ríkisstj. að stuðla að því, að Íslendingar geti tekið þátt í þessari rannsókn. En ég tel það hins vegar ekki nema lítinn hluta af þeim rannsóknum og athugunum, sem gera þarf í þessum efnum. Þær þurfa að verða miklu víðtækari og ná til fleiri staða en þeirra, sem Ingstad rannsakar sérstaklega, og ég álít, að það sé heppilegasta leiðin til framkvæmda í þessum efnum, að íslenzka ríkisstj. leiti til tveggja þeirra ríkisstj., sem þetta mál varðar alveg sérstaklega og þau lönd, sem þær ráða yfir, en það eru stjórnir Bandaríkjanna og Kanada. Ég tel alveg víst, að þetta mál mundi fá góðar undirtektir hjá stjórnum þessara landa og að upp úr því ætti að geta tekizt samvinna á milli íslenzku ríkisstj. og þeirra um framkvæmd á þessum rannsóknum. Að sjálfsögðu gæti það komið til mála, að einhverjir menn frá Noregi tækju einnig þátt í slíkum rannsóknum, en hins vegar hygg ég, að málið liggi þannig fyrir, að það varði Íslendinga og Vesturheimsmenn fyrst og fremst.

Ég vænti þess, að þetta mál fái góðar undirtektir hjá hv. Alþingi, og leyfi mér að leggja til, að að umr. hér loknum verði þeim frestað og málið falið hv. allshn. til athugunar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í sambandi við þessa till. tel ég rétt, að það komi fram, eins og hv. flm. drap á í máli sínu, að fyrir nokkrum vikum kom hingað til lands norski rithöfundurinn og fornleifafræðingurinn Helge Ingstad ásamt konu sinni og ræddi það bæði við íslenzk stjórnarvöld og íslenzka fræðimenn, með hvaða hætti samvinna gæti tekizt með honum og starfsmönnum hans og íslenzkum fræðimönnum í sambandi við þann leiðangur, sem fyrirhugaður er á næsta sumri til Kanadastrandar í framhaldi af þeim fornleifafundi, sem hann og starfsmenn hans gerðu þar fyrir nokkru. Er það einkum þessi — að ég tel — mjög merkilegi fornleifafundur Helge Ingstads, sem beint hefur augum manna víða um hinn menntaða heim að sannleiksgildi hinna fornu íslenzku sagna um siglingar Íslendinga vestur um haf og landnám þeirra í Vesturheimi á 10. og 11. öld. Helge Ingstad bauð þremur íslenzkum fræðimönnum aðild að hinum fyrirhugaða rannsóknarleiðangri sínum á sumri komanda undir forustu þjóðminjavarðar Íslands. En einmitt Íslendingar hafa yfir að ráða sérþekkingu á þessu sviði, sem telja má nær ómissandi, til þess að hægt sé að hagnýta til fulls þær upplýsingar, sem sumpart hafa fengizt við uppgröft á þessum slóðum og vonir standa enn fremur til að muni fást við frekari uppgröft. Þess vegna má segja, að aðild Íslendinga að þessum störfum, sem telja má hin allra merkustu, og að þeim leiðangri, sem án efa á eftir að leiða marga merkilega hluti í ljós, sé bæði eðlileg og jafnvel nauðsynleg.

Ríkisstj. samþykkti þegar að standa straum af kostnaði við þátttöku hinna þriggja Íslendinga í þessum leiðangri. Tilkynnti ég Helge Ingstad það strax, þannig að honum var ljóst, að íslenzka ríkisvaldið væri reiðubúið til að greiða að fullu kostnað af þátttöku og aðild Íslendinga í þessum væntanlega leiðangri. Mun nú fullráðið, að af þátttöku Íslendinganna verði.

Mér er nokkuð til efs, að tímabært sé á þessu stigi málsins að gera það, sem rætt er um í þessari till., að leita nú þegar samvinnu við ríkisstjórnir Kanada og Bandaríkjanna um nýja rannsóknarleiðangra í þessu skyni. Ekki er svo að skilja, að ég sé ekki algjörlega sammála þeirri meginhugsun, sem í till. hv. flm. felst, þ. e. í fyrsta lagi, að Íslendingar eigi að hafa mestan hug allra þjóða á því að leiða í ljós sem mestan sannleika um þau efni, sem hér er um að ræða, og þá jafnframt, að Íslendingum beri að hafast að í þessum efnum. En ég tel vonir standa til, að svo mikilvægur árangur fáist af þátttöku hinna þriggja íslenzku fræðimanna í leiðangri Helge Ingstads á næsta sumri, að rétt sé að bíða eftir niðurstöðum þeirra rannsókna, sem þá fara fram, og skoðun hinna íslenzku fræðimanna á því, hvernig vænlegast sé að haga næstu sporum í málinu. Þess vegna er það skoðun mín, að nú sé mikilvægast að gera sem bezt við aðild Íslendinga að þessum væntanlega leiðangri á næsta sumri og gera það, sem unnt er, til þess að stuðla að því, að leiðangur Helge Ingstads og manna hans beri sem beztan árangur. Síðan ætti að hagnýta sem bezt upplýsingar þær og reynslu, sem fæst, og þá sérstaklega þá þekkingu, sem þátttakendur okkar afla sér í þessum leiðangri, og miða við það, þegar ákvarðanir eru teknar um næstu skref í málinu.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég tel það rétt ráðið af hæstv. ríkisstj., eins og ég tók líka fram í fyrri ræðu minni, að styðja að því, að íslenzkir fræðimenn taki þátt í leiðangri Helge Ingstads á þessu ári. En ég álít jafnframt, að það þurfi ekki á neinn hátt að koma í veg fyrir samþykkt þessarar till. Það er augljóst og er í samræmi við það, sem allir fræðimenn hafa haldið fram um þessi mál, þeir sem hafa kynnt sér það, að Íslendingar þeir, sem hér um ræðir, hafi a. m. k. komið til austurfylkja Bandaríkjanna, og þess vegna geta rannsóknir Helge Ingstads ekki fjallað nema um lítinn hluta þess máls, sem hér um ræðir. Þær geta ekki skorið neitt úr um það t. d., hvort Íslendingar hinir fornu hafi komið til Bandaríkjanna, eins og almennt er haldið fram af þeim. Ég álít þess vegna, að hér þurfi að eiga sér stað miklu víðtækari rannsóknir en á þessum eina stað, þar sem Helge Ingstad stundar rannsóknir sínar, og við eigum ekki neitt að bíða eftir niðurstöðum hjá honum í því sambandi, á þessu takmarkaða svæði, sem hann er að rannsaka, heldur hefjast handa um

það, að hér fari fram allsherjar athugun, sem getur ekki orðið, nema því aðeins að málið verði tekið upp á miklu breiðari grundvelli en hann hefur gert. Þess vegna held ég, að það sé einmitt rétta leiðin hjá okkur að fresta ekki að hefjast þegar handa um viðræður við stjórnir Kanada og Bandaríkjanna um rannsóknir í þessum málum og láta það ekki dragast neitt, þó að Íslendingar taki þátt í þessum takmarkaða rannsóknarleiðangri hins norska manns. Èg vænti þess líka, að hæstv. menntmrh. geri sér þessa grein við nánari athugun og eigi þess vegna sinn hlut að því, að sú till., sem hér verður samþykkt, og sú heildarrannsókn, sem þar er fjallað um, eigi sér stað, þó að Íslendingar taki þátt í þeirri takmörkuðu athugun, sem ráðgerð er á komanda sumri.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

16. Upphitun húsa.

Á deildafundum 23. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um rannsókn á aðferðum til upphitunar húsa [89. mál] (A. 128).

Á 19. fundi í Sþ., 6. des., var till. tekin til fyrri umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Èg flyt hér ásamt með tveimur öðrum þingmönnum Alþýðubandalagsins till. til þál. á þskj. 128 um rannsókn á aðferðum til upphitunar húsa. Lagt er til í þessari þáltill., að Alþingi kjósi fimm manna nefnd, sem taki að sér að rannsaka þetta efni sérstaklega og það með sérstöku tilliti til þess, hvort ekki muni reynast hentugt eða hagkvæmt fyrir okkur að hita meir hús okkar upp með rafmagnshitun heldur en gert hefur verið fram til þessa.

Með þessari þáltill. fylgir ýtarleg grg. um þetta mál, sem æði oft áður hefur verið minnzt á og nokkuð um fjallað. Ég sé ekki ástæðu til að fara að rekja hér ýtarlega það, sem fram kemur í grg., en vildi víkja að nokkrum öðrum almennum atriðum varðandi efni tillögunnar.

Við vitum, að hitun íbúðarhúsa er alltaf að verða meira og meira vandamál fyrir okkur Íslendinga. Hvort tveggja er, að íbúðarhúsum fjölgar eðlilega mjög og þau stækka með batnandi lífsafkomu, en einnig er hitt, að kröfur almennings til upphitunar hafa aukizt alveg stórkostlega frá því, sem áður var. Við eyðum því alltaf ár frá ári hærri og hærri fjármunum til upphitunar íbúðarhúsa í landinu.

Það leikur auðvitað enginn vafi á því, að það á að stefna að því að nota jarðhitann til húsahitunar í landinu, þar sem hann er nærtækur, og að sjálfsögðu verður unnið að því eins og tök eru á, og mætti þó gera í þeim efnum allmiklu betur en gert hefur verið á þeim svæðum á landinu, þar sem auðvelt ætti að vera að nota jarðhitann til húsahitunar. En víða á landinu háttar þannig til, að það er ekki hægt að ná til jarðhita, og þá hefur ekki verið um annað að ræða til húsahitunar en að nota olíu til brennslu eða þá kol.

Reynslan hin síðari ár hefur sýnt það, að kolanotkunin er allmiklu óhagkvæmari og í rauninni dýrari, þegar á allt er litið, heldur en olíunotkunin, og því hefur notkun olíu farið stórlega í vöxt. En þrátt fyrir það, að ráðizt hefur verið í allmargar myndarlegar raforkuvirkjanir, vatnsaflsvirkjanir í landinu, þá hefur tiltölulega lítil aukning orðið á því að hita upp hús með raforku. Því hefur allajafna verið haldið fram, að það þætti ekki borga sig að virkja til þess að hita upp híbýli manna á þann hátt, og verðlag hefur verið sett það hátt á raforku, sem gengið hefur til húsahitunar, að aukning á hitun á þann hátt hefur orðið sáralítil. En þær raddir hafa gerzt háværari nú eða komið skýrar og betur fram nú upp á síðkastið, að hér væri ekki að öllu leyti rétt á haldið. Þegar borinn er saman kostnaður við upphitun húsa með olíukyndingu og raforku, þá dugir vitanlega ekki að bera einvörðungu saman það verðlag, sem ákveðið hefur verið á raforku til húsahitunar, og það verðlag, sem á olíunni hefur verið. Það verður einnig að taka tillit til þess, þegar málið er athugað frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, að dreifingarkostnaðurinn á olíunni til þeirra, sem þurfa að nota hana til upphitunar húsa víða úti í dreifbýli landsins, er alveg gífurlega mikill. Eigi að vera hægt að hita upp híbýli manna, eins og kröfur standa nú til, úti í sveitum landsins, þá verður að vera bílfært heim á bæi svo að segja alla daga ársins, og þá verður oft að leggja í mikinn kostnað til þess að koma olíunni heim á bæina. Það er enginn vafi á því, að dreifingarkostnaðurinn á olíu í þessum efnum er gífurlega mikill og hefur farið vaxandi nú síðari árin, eftir að menn fóru að gera kröfur um það að fá olíuna, til þess að hægt væri að kynda upp íbúðarhúsin úti í dreifbýlinu á þann hátt, sem menn gera nú kröfur til.

Í samanburði hins raunverulega kostnaðar á milli upphitunar með rafmagni og aftur með olíukyndingu verður því að taka fyllilega tillit til þess, hvað við leggjum mikinn kostnað í það að halda vegum opnum, halda við vegum og í mannafla og í kostnaði við bifreiðar, sem verða að aka olíunni út til manna vítt úti um dreifbýlið. Einnig er svo það að athuga í þessum samanburði, að það þarf að taka fullt tillit til þess, hvaða möguleikar eru hjá þeim raforkuverum, sem annars er ráðizt í að koma upp, til þess að nýta raforku þeirra í sambandi við húsahitunina betur en tekst að nýta orkuna á þann hátt, sem orkuverin hafa verið rekin fram til þessa, en þá hefur rekstur þeirra fyrst og fremst byggzt á almennri heimilisnotkun og á notkun smáiðnaðar. Þessir aðilar taka fyrst og fremst sína orku að deginum til og í rauninni aðallega á vissum tímum dagsins, en hins vegar er sáralítið notað af raforkunni yfir nóttina, og flutningakerfið, sem annars er ráðizt í að koma

upp í sambandi við dreifingu raforkunnar, er ekki notað nema að litlu leyti.

Þetta þarf allt saman að taka vel með í reikninginn, þegar samanburður er gerður á því, hvort stefna beri að því í vaxandi mæli á komandi árum að hita upp híbýli manna með raforku fremur en að halda við olíukyndingunni, sem hefur verið að ryðja sér til rúms hin síðari ár.

Það er auðvitað enginn vafi á því, að það getur verið nokkur munur á því í þessum samanburði, hvort um er að ræða húsahitun í kaupstöðum, fjölbyggðum kaupstöðum, og í vissum þorpum eða aftur í sveitum eða í dreifbýli. Kostnaðurinn við dreifingu t. d. á olíu er allt annar í dreifbýli en hægt er þó að koma við í stærri kaupstöðum. Aftur á móti vitum við, að dreifingarkostnaðurinn á raforkunni er sérstaklega lítill, þar er fyrst og fremst um stofnkostnað að ræða, en um daglegan eða árlegan kostnað er þar ekki að ræða nema að litlu leyti borið saman við hinn gífurlega mikla kostnað, sem fylgir dreifingu eða útkeyrslu á olíu og öðrum brennsluefnum.

Við flm. þessarar tillögu lítum svo á, að það sé nauðsynlegt að fá fram ýtarlega athugun á þessum málum. Við álítum, að þær rökstuddu skoðanir, sem komið hafa fram hjá ýmsum þeim, sem ættu að þekkja mjög vel til í þessum efnum, þar sem því er beinlínis haldið fram, að upphitun húsa með raforku ætti að vera frá sjónarmiði Íslendinga miklum mun hagkvæmari en upphitun með olíu, þegar á allt er litið, — við álítum, að það beri að fá úr þessu skorið með ýtarlegri athugun og það eigi að leggja fyrir Alþingi greinargerð um þá athugun sem fyrst. Það er vitanlega mikið þjóðhagslegt vandamál, hvernig leysa á á komandi árum þetta atriði, sem hér er rætt um. Hér er um það að ræða, hvort við getum raunverulega sparað okkur árlega stórar fúlgur í erlendum gjaldeyri, því að ef við getum horfið að verulegu leyti frá notkun á olíu til upphitunar á húsum og byggt í auknum mæli á upphitun húsa með raforku, þá mundi það að sjálfsögðu spara okkur mikinn erlendan gjaldeyri. Það á einnig að hafa það í huga í þessum efnum, að reynslan er sú af rafvirkjunum, bæði til þessarar orkunotkunar og annarrar, að þar er fyrst og fremst um að ræða mikinn stofnkostnað og virkjanirnar eru allþungar fyrstu árin, en síðan lækkar kostnaðurinn raunverulega, borið saman við annað verðlag. Hins vegar hefur þróunin verið sú, að verð á olíu og öðrum brennsluefnum virðist aftur á móti fara jafnt og þétt hækkandi, og það má því fyllilega búast við því, að það verðlag á olíu, sem lagt er nú til grundvallar í þessum samanburði, verði orðið allt of lágt eftir nokkur ár, ef miða má við reynsluna í þessum efnum. Einnig er það, að flutningsgjöld af olíum yfir hafið hingað norður til Íslands fara jafnt og þétt hækkandi, svo að það má slá því nokkurn veginn föstu, að olían muni vera allmiklu dýrari hér eftir tuttugu ár en hún er í dag. En hins vegar er líklegt, að sé tekið tillit til þess eða ef rétt þætti að fara út í húsahitun með raforku og tillit væri tekið til slíks í sambandi við byggingu nýrra raforkuvera nú, að nokkur hluti orkunnar ætti að notast í því skyni, þá má búast við því, að þó að stofnkostnaður virkjunarinnar yrði allþungur nú í bráð og kannske nokkru óhagstæðara fyrir upphitunina í samanburðinum við verðlagið í dag, þá yrði hins vegar hér um allhagstæðan hitunarkostnað að ræða aftur eftir 20 ár. Öll þessi atriði þurfa vitanlega að takast til athugunar í sambandi við þetta mál.

Ég skal svo ekki ræða þetta frekar, en vænti þess, að það efni, sem hér er drepið á, fái hér góðar undirtektir og að Alþingi fallist á að kjósa þá nefnd til rannsóknar á þessu máli, sem lagt er til að kosin verði samkvæmt þessari till. Ég óska svo eftir því, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn. til athugunar.

Sveinn S. Einarsson: Herra forseti. Ég held, að þessi þáltill. veki máls á mjög athyglisverðu máli. Á síðasta fundi Sþ. kom ég nokkuð inn á ýmis atriði, sem þetta snerta, í sambandi við annað mál, gufuveitu frá Krýsuvík, vegna þess að þá var ekki víst, hvort þetta mál, sem nú er til umr. í dag, kæmi fyrir, meðan ég sit á þingi. Ég vildi leyfa mér, vegna þess að þá voru ekki margir þm. á fundi, að minna á örfá atriði, sem ég drap þá á og snerta í veigamiklum atriðum það mál, sem hér er á dagskrá.

Ég reyndi að gera mér grein fyrir því miðað við dreifingu byggðar á Íslandi, eins og hún er í dag, og núverandi fólksfjölda, að hve miklu leyti hægt væri að láta innlenda orkugjafa, svo sem jarðhita og vatnsorku, koma í stað innfluttra orkugjafa við húsahitun, en mér taldist svo til, að við notuðum aðeins innan við 40% innlenda orkugjafa í því skyni. Í meginatriðum voru niðurstöðurnar þær, að um það bil 65% landsmanna byggju nú í dag á svæðum, sem hugsanlegt væri að fengju afnot af jarðhita. Þau 35% eða liðlega 50 þús. manns, sem nú í dag, eftir því sem séð verður núna, hafa mjög litla von um að geta fengið jarðhitaafnot, mundu þurfa að fá rafmagn frá vatnsorku til upphitunar, ef stefnt væri að því marki að taka innlenda orkugjafa sem mest í notkun í þessu skyni, eins og vafalaust er eðlilegt.

Ég benti einnig á það, að svo virtist sem fólksfjölgun undanfarin ár hafi einmitt fallið að verulegu leyti á þau svæði, sem hafa von um jarðhitaafnot. Ég gerði tilraun til þess að gera lauslegan samanburð á kostnaði, bæði stofnkostnaði og framleiðslukostnaði, hitunarorku með jarðhita annars vegar og rafmagni hins vegar, og þær niðurstöður bentu til þess, að virkjun vatnsafls til upphitunar húsa mundi verða allt að tvisvar sinnum dýrari á sambærilegar hitaeiningar heldur en reynslan hefur sýnt að hægt væri að fá með jarðhita, og enn fremur, að framleiðslukostnaðarverð í jafnvel því, sem við köllum stórvirkjanir, þ. e. virkjanir af þeirri stærð, sem nú er talað um í sambandi við stóriðju, þar sem hugsanlegt væri, að framleiðslukostnaðarverð næmi einhvers staðar á sviðinu ofan við 13 aura, — að jafnvel þar yrði raforkan a. m. k. 50% dýrari en sama hitaorka kostar frá Hitaveitu Reykjavíkur til upphitunar

húsa. Og í minni vatnsaflsstöðvum yrði þetta enn þá hærra, a. m. k. tvöfalt eða meir.

Ég benti þá líka á það, að þessi samanburður er miðaður við það, að hús, sem eru hituð með rafmagni, séu allt að því ⅓ betur einangruð en gerist og gengur í dag með íbúðarhús, en hins vegar var jarðhitaáætlunin miðuð við þá einangrun, sem nú er algengust.

Mig langar í þessu sambandi að minnast á það, að í grg. þeirrar till., sem hér er til umr., eru nefnd á bls. 4 dæmi um kostnað við olíukyndingu annars vegar og rafhitun hins vegar og reiknað út, hvað þær tölur, sam þarna eru gefnar, þýða í hitaeiningum, þá kemur í ljós, að íbúð, sem miðað er við fyrir olíukyndingu, notar liðlega tvisvar sinnum meiri hita á ári heldur en sú, sem er rafmagnshituð. Þetta getur ekki legið í nema einu, og það er það, að þessi íbúð sé alveg sérstaklega vel einangruð. Í þeim löndum, sem lengst eru komin í því að nota raforku til upphitunar, eru gerðar alveg sérstakar kröfur til einangrunar húsa. Þannig er t. d. í Noregi og Svíþjóð. Og það mun skilyrðislaust þurfa að gera, þegar við færum inn á þá braut hér á landi. En í því sambandi verðum við að hafa í huga, að ofan á stofnkostnað orkuveranna, stofnkostnað dreifikerfanna, verðum við að reikna með mjög verulegum kostnaði við það að einangra stórum betur þau hús, sem fyrir eru í þeim hlutum landsins, sem raforku mundu fá, þ. e. íbúðarhús rúmlega 50 þús. manna í dag. Og sú framkvæmd kostar, eins og allir vita, gífurlegt fé. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu máli.

Ég skal svo víkja aðeins að till. sjálfri. Hún felur það í sér, að Alþingi álykti að kjósa 5 manna nefnd til þess að rannsaka til hlítar stofn- og rekstrarkostnað við hitun. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að sú athugun, sem hér er talað um, er greinilega hreint tækni- og fjárhagslegt viðfangsefni, tæknilegt í fyrsta áfanga og hagfræðilegt í síðari áföngum. Það er því ljóst, að þau rannsóknarstörf, sem hér er miðað að, verða ekki unnin, svo að að gagni sé, nema af mönnum, sem hafa sérfræðilega þekkingu á þessu sviði, og það þeim mun fremur sem hér er, a. m. k. á tæknilega sviðinu, í mörgum tilfellum um mjög flókin málefni að ræða. Mér er þess vegna ekki alveg ljóst, hvaða hlutverki fimm manna nefnd, sem kosin væri pólitískri kosningu hér á Alþingi, hefur að gegna í þessu sambandi, en augljóst er hins vegar, að slík nefnd mundi hafa vissan kostnað í för með sér, sem ég vildi telja óþarfan, meðan á frumrannsókn stendur.

Í minni stuttu setu hér á Alþingi hef ég oftar en einu sinni heyrt á það, að menn deila um staðreyndir, og ég verð að segja, að mér hefur þótt þetta heldur ófrjó iðja og átt bágt með að sjá, hvaða tilgangi það þénar. Staðreyndir haggast ekki, hvort sem þær henta ákveðnu pólitísku sjónarmiði betur eða verr. Þegar rannsókn sem sú, er till. þessi miðar að, á að fara fram, þá veltur allt á því, að komizt sé að niðurstöðum, sem draga í ljós hinar hlutlægu staðreyndir málsins. Og ég óttast beinlínis, að afskipti pólitísk kosinnar nefndar gætu beinlínis orðið til trafala við athugun málsins. Hins vegar tel ég æskilegt, að athugun sú, sem hér er stungið upp á, fari fram og mætti þá gjarnan fara fram á töluvert breiðari grundvelli en till. sjálf segir til um. Og mér sýnist, að hér sé hreint framkvæmdaratriði að láta slíka athugun fara fram, og þess vegna eðlilegast, að ríkisstj. hefði forgöngu í því máli og tilnefndi til þess þá menn, sem hún teldi til þess hæfa. Hitt er annað, að þegar niðurstöður slíkrar rannsóknarnefndar lægju fyrir, þá er sjálfsagt og eðlilegt, að álit hennar og niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi, því að þá er komið að hlutverki stjórnmálamannanna að taka ákvarðanir um þær aðgerðir, sem gera skuli í málinu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Reykn. fyrir, að hann tekur hér undir það, sem fram kemur í þessari till. um, að nauðsyn sé á því að láta athuga þetta mál. Það er rétt, að það mál, sem þessi till. fjallar um, kemur nokkuð saman við annað mál, sem hann og fleiri aðilar hafa hreyft hér, þótt á nokkuð öðru sviði sé. Hann hafði ásamt nokkrum öðrum þm. flutt hér till. um að skora á ríkisstj. að láta rannsaka möguleika á gufuveitu frá Krýsuvík til þéttbýlissvæðanna í Reykjavík og í nánd við Reykjavík, bæði til iðnaðarþarfa og svo til annarrar orkunotkunar á þessu sviði.

Þegar ég talaði fyrir till. okkar, minntist ég á það, að ég teldi engan vafa á því leika, að þar sem hægt væri að ná til jarðhitans, þá yrði hann að sjálfsögðu notaður, því að það ætti ekki að leika mikill vafi á því, að hann mundi verða okkur hagstæðastur til upphitunar, þar sem sæmileg aðstaða væri til að hagnýta jarðhitann, svo að ekkert virðist út af fyrir sig stangast í því, sem fram kemur í okkar till. og till. hans og þeirra, sem með honum fluttu till. á þskj. 110. En það var eitt atriði, sem kom fram í ræðu hv. þm., sem ég er honum hins vegar ósammála um. Hann virðist telja á því einhvern verulegan mun, hvort Alþingi tilnefni þá fimm manna nefnd, sem ætti að rannsaka það verkefni, sem hér er óskað eftir rannsókn á, eða hvort ríkisstj. hefði þá rannsókn með höndum. Og mér fannst hann túlka það þannig, að ef Alþingi kysi nefndina, þá væri komin pólitísk togstreita í þetta, en hins vegar væri það allt upphafið yfir alla pólitíska togstreitu, ef málið væri komið til ríkisstj. Þessu er ekki svona farið, þó að oft sé togazt á um ýmis efni á pólitískum grundvelli hér á Alþingi, og munurinn á hæstv. ríkisstj. og Alþingi í þessum efnum er ekki þessi, sem hv. þm. virðist halda. Nei, það er auðvitað rétt, að það væri mjög æskilegt, að í þá nefnd, sem kosin yrði til að hafa þessa rannsókn með höndum, veldust beinlínis sérfróðir menn í þessum efnum, og það getur Alþingi gert, þegar það velur menn í nefndina, engu síður en ríkisstj., því að auðvitað er ekkert bundið við það að kjósa alþm. í nefndina. Til þess er ekki ætlazt. Auk þess er svo aftur hitt, sem líka er oft gert og út af fyrir sig aðeins eðlilegt, og það er það, að sú nefnd, sem kosin er, hvort sem hún er valin af ríkisstj. eða Alþingi, getur síðan kallað fyrir sig sérfræðinga og óskað eftir ráðleggingum þeirra og um-

sögnum þeirra og safnað saman því efni, sem safna þarf saman, og lagt það síðan fyrir Alþingi. Það er það, sem er tilgangurinn með þessari tillögu. Ég fyrir mitt leyti tel miklu eðlilegra, að það sé Alþingi, sem kýs þessa nefnd. Þetta er ekkert sérstakt ríkisstjórnarmál, og á því er í rauninni enginn munur, nema maður vilji endilega gera þetta að slíku máli, að ríkisstj. ein skuli velja menn í nefndina, og er þá miklu hættara við því óneitanlega, að öll sjónarmið fái ekki að koma fram í stórmáli eins og þessu, því að hér er um almennt þjóðmál að ræða, sem getur haft mjög almenna þýðingu í okkar þjóðarbúskap. En það er hins vegar ekkert stórt atriði, hvort ríkisstj. yrði látin velja menn í þá nefnd, sem lagt er til í till., eða Alþingi, — það raskar ekki þeim grundvelli, sem við virðumst vera algerlega sammála um, að það sé þarft verk að láta þessa athugun fara fram. — En ég teldi þó eðlilegra og réttara að hafa það eins og það er í till., að Alþingi kysi nefndina.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. 1. þm. Reykn. (SvE), að hér er mjög merkilegu máli hreyft, sem væntanlega gæti orðið til þess, að nánar yrði að þessum málum almennt hugað heldur en gert hefur verið til þessa. Þær umr., sem þegar hafa farið fram um þessa tillögu, hafa þó að langmestu leyti snúizt um hitakostnaðinn sjálfan, þ. e. a. s. um það, hve hitakostnaðurinn er orðinn mikill hluti lífsframfærisins, og er alveg rétt að mínu viti. Þessi liður lífsframfærisins er sífellt að aukast og orðinn geigvænlega stór hluti þess. Ég vil aðeins, áður en þetta mál fer til nefndar, koma því einnig að, að þó að við gætum fengið einhverja jákvæða niðurstöðu, og enn þá er sú jákvæðasta jarðhitinn, þá er það ekki þar með endir málsins. Einangrun húsanna, frágangur glugganna í húsunum, sem eru aðalhitatapið, er einnig eitt meginvandamálið í þessum efnum, þ. e. a. s. hvernig húsin sjálf geyma þann hita, sem inn í þau er kominn. Þetta verkefni hafa okkar færustu menn á undanförnum árum verið að glíma við, og ég held, að það ætti mjög vel heima í sambandi við slíka rannsókn, sem hér er áformuð, ef hún færi fram, að þá yrði einnig gerð gaumgæfileg athugun á því, hvaða einangrunargerð og hvaða frágangur glugga og glers í húsunum tryggir það, að hitinn sé bezt geymdur.

Ég vildi, að þetta kæmi hér fram, því að þetta hlýtur að vera lokaatriði þess leiks að lækka hitunarkostnaðinn, þ. e. hvernig frá húsunum sjálfum er gengið, og því nátengt því máli, sem tillagan fjallar um, nánast lokaatriði þess.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

17. Hveraorka til fóðurframleiðslu.

Á 17. fundi í Sþ., 22. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um rannsókn á nýtingu hveraorku til fóðurframleiðslu [92. mál] (A. 137).

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 19. fundi í Sþ., 6. des., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Sþ., 1. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Björn Jónsson: Herra forseti. Á þskj. 137 höfum við tveir þm. Alþb. leyft okkur að flytja till. til þál. um rannsókn á nýtingu hveraorku til fóðurframleiðslu. Fyrri flm. till. situr nú ekki lengur á þingi, og vil ég því leyfa mér að fara um till. nokkrum orðum. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hið fyrsta rannsaka, hvort hagkvæmt sé að nýta hvera- og jarðhitaorku, sem fyrir hendi er í Reykjahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu, til fóðurframleiðslu í sambandi við ræktanleg landssvæði, sem þar eru nálæg."

Eins og fram kemur í till. og grg. þeirri, sem henni fylgir, háttar svo til í Reykjahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu, að þar fara saman þau náttúrugæði, sem annars vegar eru fólgin í mikilli, óbeizlaðri hveraorku og hins vegar í víðáttumiklum landssvæðum, sem eru sérstaklega vel fallin til ræktunar í stórum stíl. Þar er jörð frjósöm og þarfnast lítillar eða jafnvel engrar framræslu, til þess að hún verði ræktuð. Þetta hefur leitt hugi manna þar norður frá að þeim möguleikum, sem á því kynnu að vera að nýta þessi náttúrugæði samhliða og þá einkanlega með þeim hætti að taka mikið land til ræktunar og nýta síðan orku hveranna til að vinna gras ræktarlandanna í heymjöl, heyköggla eða aðra svipaða framleiðslu á fóðri fyrir búfé. Nokkur framleiðsla hefur verið tvö síðustu árin á slíku fóðri í tveim litlum heymjölsverksmiðjum á Suðurlandi, og hef ég fyrir satt, að starfsemi þeirra hafi mjög svarað vonum manna og gefið góða raun, þótt ég hafi hins vegar ekki kunnugleika á að fjölyrða um það. En það mun nú vera svo komið, að framleiðsla þessara verksmiðja tveggja fullnægi innanlandsþörfinni fyrir slíkt fóður til hænsna- og svínabúa, en enn þá mun ekki hafa verið teljandi notað af framleiðslunni til blöndunar á innfluttu kjarnfóðri, en það mun vera talið, að blanda megi slíkt fóður með allt að ⅓ hluta af heymjöli og verði blandan þó ekki lakari en það kjarnfóður, sem algengast er að nota. Það virðist því ekki fráleitt að hugsa sér, að innanlandsmarkaður þoli verulega framleiðsluaukningu á þessu sviði, og þá ekki síst ef það þætti hagkvæmt að nota hana til þess að svara t.d. þörfum einstakra byggðarlaga, sem illa verða úti um heyöflun í slæmu árferði. Þá virðist einnig, að það væri fullrar rannsóknar vert, hvort hér

getur ekki orðið um arðbæra útflutningsframleiðslu að ræða, ef takast mætti að þrýsta framleiðslukostnaði niður við sérstaklega góð skilyrði. Í því efni hlýtur orkuþörf verksmiðjanna og kostnaður við framleiðsluna að skipta mjög verulegu máli. Ef athuganir þættu ótvírætt benda til, að notkun hveraorku gæti orðið til verulegs sparnaðar á þessum þætti framleiðslukostnaðarins, þá þykir mér líklegt, að varla yrði fundinn öllu hentugri staður fyrir framleiðslu af þessu tagi heldur en í Reykjahverfi. Þar er, eins og ég áður sagði, til staðar nægilegt landrými og auðræktað, gnægð af orku og stutt er þaðan til ágætrar útskipunarhafnar og einnig til blómlegustu landbúnaðarhéraða á Norðurlandi.

Ég skal að sjálfsögðu ekkert um það fullyrða að svo komnu máli, hvort sú athugun, sem till. gerir ráð fyrir, kynni að leiða til jákvæðrar niðurstöðu eða ekki. En hugmyndin, sem liggur að baki henni og er í fyrstu fram komin frá bændum þar nyrðra, virðist a. m. k. í leikmanns augum vera allar athugunar verð, og þess vegna er hún flutt hér í formi þáltill. En vissulega væri það mjög ánægjulegt, ef hægt væri að finna nýjar og færar leiðir til þess að nýta, þótt ekki væri nema lítið brot af þeim miklu, ónotuðu víðáttum, sem þarna eru fyrir hendi og gætu áreiðanlega skilað þjóðinni miklum arði, ef rétt væri á haldið.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

18. Haf- og fiskirannsóknir.

Á deildafundum 27. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um haf- og fiskirannsóknir á þorskvertíð [93. mál] (A. 143).

Á 18. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 19. og 33. fundi í Sþ., 6. des. og 7. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 14. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 143, er flutt að beiðni 20. þings Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem haldið var á s. l. hausti. Í grg. er m. a. bent á, að hið mikla hryngingarsvæði þorsksins við Suðvesturland hafi verið talið svo sjálfsagt og eðlilegt fyrirbæri, að vísindalegar haf- og fiskirannsóknir hafi að mjög takmörkuðu leyti beinzt að því. Þorskurinn kemur og fer á svipuðum tíma á þessi mið, innlend og erlend veiðiskip moka honum upp á skarpasta hrygningartímanum í marz og apríl. Við suðvesturströnd Íslands og í Faxaflóa berst að landi undirstaðan að útflutningsverðmætum, sem nema öðru hvorum megin við 1500 millj. íslenzkra króna. Og svo þegar veiðitímabili lýkur, þá er rætt um annaðhvort góða eða lélega vertíð. En jafnhliða bættri veiðitækni og meiri aflasókn telja menn, sem vit hafa á, að um árvaxandi aflarýrnun sé að ræða, og um þetta hafa margar tilgátur komið fram. Flestir tilgreina, — og það er margt, sem bendir til, að svo sé, — að um ofveiði á stofninum sé að ræða, en vísindaleg þekking okkar á lífsskilyrðum og lífsafkomu fisksins á veiðisvæðinu er svo takmörkuð, að vel mætti vera, að fleiri atriði kæmu til greina.

Fiskideild atvinnudeildar háskólans hefur á að skipa færum vísindamönnum og starfsmönnum við sjó- og svifrannsóknir, bæði þorsk-, karfa- og síldarrannsóknir og botndýra- og flatfisksrannsóknir, en þetta fellur allt í nokkuð sama farveg og tengir hvað annað saman að meira eða minna leyti. Þeir hafa nú orðið ágæt vinnuskilyrði í landi til vísindalegra afreka fyrir sjávarútveg þjóðarinnar, en verkefni og verknýting hefur ávallt takmarkazt og gerir það enn að verulegu leyti af því, að þá skortir skip undir eigin umsjón til gagnasöfnunar og rannsóknar á sjónum. Sú tilhögun, sem verið hefur um skipakost þessarar vísindastofnunar, er veiki hlekkurinn í starfsemi hennar. Nokkur skilningur hefur vaknað fyrir þessu í sambandi við síldarrannsóknir fyrir Norðurlandi á sumrin, og þar hafa verið gerðar skipulagsbundnar rannsóknir.

Með þessari till. er stefnt að því, að hér eftir verði lögð áherzla á ríkar rannsóknir um lífsafkomu þorsksins hér við land. Þar kemur að sjálfsögðu margt til greina, og það má t. d. nefna rannsóknir á hafstraumum og hitabreytingu sjávar og svifi, hrygningu þorsksins og magni á ýmsum svæðum, og þá jafnframt, eins og t. d. margir sjómenn hafa viljað benda á, hvort umferð tuga og jafnvel hundraða skipa ásamt lögn og tilfærslu veiðarfæra yfir og um þau svæði, þar sem fiskseiðin við þroskun koma upp undir eða í yfirborð sjávarins til fæðuöflunar, gæti haft einhver áhrif á uppvaxtarmöguleika ungviðsins. Í framhaldi af bættri og aukinni stækkun landhelginnar og viðurkenningu annarra þjóða á mikilvægi fiskveiða okkar er það siðferðileg skylda okkar að sýna þeim, að við höfum sjálfir skilning á og vilja til að kynna okkur allt, sem snertir mikilvægi hrygningarstöðva nytjafiska okkar hér við land. Og stórt skref í því sambandi er að hefjast nú þegar handa um víðtækar og samfelldar vísindarannsóknir fyrir Suðvesturlandi á komandi þorskvertíð. Að í þessari till. er bent á skip frá landhelgisgæzlunni, er í fyrsta lagi vegna þess, að eitt eða tvö þeirra eru útbúin fyrir rannsóknir og skipverjar þeirra þjálfaðir í slíkum störfum. Það væri ekki fráleitt að hugsa sér, að þetta skip gæti einnig stundað eftirlit með veiðisvæðum, ef af skiptingu þeirra yrði. Slík tilhögun með skip landhelgisgæzlunnar hefur verið í framkvæmd af hálfu

ríkisvaldsins í sambandi við síldarrannsóknir norðanlands, meðan það ástand ríkir, að fiskideild atvinnudeildar háskólans hefur ekki fengið fullkomið rannsóknarskip til sinna umráða.

Það hefur því miður dregizt að taka till. þessa fyrir vegna hins langa þinghlés, en hins vegar getur samþykkt hennar enn orðið að því gagni, sem henni er ætlað að verða, jafnvel þótt meginverkefninu yrði frestað um nokkra mánuði. En ég er hins vegar viss um, að flutningur hennar og þær umsagnir frá væntanlegum aðilum, sem till. verður send til umsagnar, mun vekja marga til umhugsunar um það, hve nauðsynlegt er, að fiskideild atvinnudeildarinnar fái sitt eigið rannsóknarskip til umráða hið fyrsta, sem sé smíðað eftir þörfum í hvívetna. Þetta verður enn brýnna, þegar haft er í huga, að slíkt skip gæti að miklu leyti annað þeirri fiskileit, sem við höfum haft með höndum að undanförnu.

Það hefur verið rætt mikið um hjálp til handa útgerðinni eða hluta hennar nú upp á síðkastið. En það hefur farið fram hjá mörgum, að haf- og fiskirannsóknir auk fiskileitar eru beint framlag til aukins afraksturs og hagkvæmni hjá útgerð okkar, sem skilar sér ekki aðeins í bættum hag hennar, heldur fiskimannanna sjálfra og þjóðarinnar í heild.

Ég vil, herra forseti, leggja til, að umr. um þetta mál verði frestað og því vísað til allshn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir þá till., sem hér hefur verið flutt af 12 þm. Reykv., og þau orð, sem hann lét falla, er hann gerði grein fyrir henni. Ég tel, að þetta sé mál, sem Íslendingar hafi dregið allt of lengi að láta athuga, og að menn almennt geri sér ekki ljóst, hvaða hætta getur þarna verið á ferðum, ef ekki er fylgzt nægilega með, hvort um ofveiði eða rányrkju geti verið að ræða á hinum stærstu veiðisvæðum hér við strendur landsins. Það þarf engin orð um það að hafa, að ef svo illa tækist til, þegar Íslendingar loksins eru búnir að fá ótakmarkaðan umráðarétt yfir stórum hluta af landgrunninu og öllum helztu fiskimiðum við strendur landsins, að þau yrðu uppurin og gerð verðminni en þau nú eru í dag með ofveiði, þá væri þar enga um að saka nema okkur sjálfa, og mætti það og hlyti að teljast illa farið, ef þannig tækist til.

Það eina, sem ég get haft út á þessa till. að setja, er, að ég tel, að það þurfi jafnvel fljótvirkari aðgerðir í þessu sambandi en hún gerir ráð fyrir. Ég viðurkenni, að það er nauðsynlegt, að rannsókn fari fram og að aðgerðir byggist á áliti og niðurstöðum okkar sérfræðinga í þessu sambandi. En hitt fer ekki á milli mála, að það hefur nú í nokkur ár verið álit þeirra manna, sem áratugi hafa stundað sjómennsku hér við land, að slíkra aðgerða hafi verið þörf fyrr en nú og þeirra sé brýn þörf nú þegar á þessu ári.

Ég leyfði mér í upphafi þings að flytja tillögu um þetta efni á þskj. 61, þar sem lengra var gengið, þar sem lagt var til, að Alþingi skoraði á hæstv. ríkisstj. að fela Fiskifélagi Íslands og fiskideild atvinnudeildar háskólans að gera tillögur um tímabundna friðun ákveðinna hrygningarsvæða við strendur landsins. Þessi till. er ekki flutt eða byggð á athugun eða umsögn sérfræðinga okkar um þetta mál. Hún er fyrst og fremst byggð á umsögn þeirra manna í Vestmannaeyjum, sem um áratugabil hafa stundað fiskveiðar þaðan, og þá kannske helzt þeirra manna, sem lengst hafa stundað fiskveiðar með þorskanet. Þegar á árinu 1957 samþykkti Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi í Vestmannaeyjum að beina þeirri áskorun til þáv. hæstv. ríkisstj., að slík athugun yrði látin fara fram og að ákveðin hrygningarsvæði á svæðinu milli Vestmannaeyja og Reykjaness yrðu þá þegar friðuð ákveðinn tíma vetrarvertíðar fyrir netaveiðum sumpart og fyrir öllum veiðum sumpart. Ég tel, að ráðamenn þjóðarinnar og þeir menn, sem hverri ríkisstj. eru til ráðuneytis í sambandi við þessi mál, megi ekki láta fara fram hjá sér aðvörun frá þeim aðilum, sem mesta og bezta reynslu hafa um þessi efni, ef þeir telja, að hætta sé á ferðum. Ég tel, að það hafi dregizt of lengi að gera gangskör að því að kanna þessi mál til hlítar og að það megi ekki draga lengur en búið er, og verður þegar á þessari vertíð að hefjast handa um að hrinda af stað fullkominni rannsókn og þá helzt, eins og gert er ráð fyrir í minni till., að ákveðin svæði, sem bent hefur verið á, verði þegar í vetur friðuð.

Ég ætla ekkert að vera að orðlengja um þetta. Ég gerði nokkra grein fyrir minni afstöðu og mínu áliti á þessu máli, þegar hér var til umr. till. sú, sem ég flutti á þskj. 61. En ég undirstrika, að þetta er svo mikilvægt mál, að það verður að gera allt til að fyrirbyggja, að við getum með of miklum seinagangi eða of miklum sofandahætti stuðlað að því, að þau fiskimið hér við strendur landsins, sem eru undirstaðan undir okkar aðalatvinnuvegi og ég vil segja undirstaðan undir þjóðarbúinu, verði á nokkurn hátt eyðilögð eða gerð verðminni en efni standa til með ofveiði eða rányrkju.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

19. Afurðalán vegna garðávaxta.

Á deildafundum 30. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um afurðalán vegna garðávaxta [102. mál] (A. 159).

Á 19. fundi í Sþ., 6. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 33., 35. og 40. fundi í Sþ., 7. og 14. febr., 7. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem ég flyt ásamt fjórum öðrum þm. Framsfl., er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að veitt verði afurðalán út á garðávexti, hliðstætt því, sem gert er vegna sauðfjárafurða, enda séu garðávextir komnir í örugga geymslu, þegar afurðalán er veitt."

Á undanförnum árum hefur Seðlabankinn veitt lán fyrir fram út á sauðfjárafurðir, allt að ⅔ hlutum af áætluðu söluverði afurðanna. Þessi lán bæta að miklum mun fjárhagsaðstöðu framleiðenda og þeirra fyrirtækja, sem annast sölu afurðanna, enda eru þau nauðsynleg, þar sem rekstrarkostnaður, svo sem áburðarkaup, fellur á verzlunarfyrirtækin og færist í reikninga bænda aðallega á fyrri hluta árs, en sauðfjárafurðir koma ekki á markað fyrr en að hausti og greiðast ekki að fullu fyrr en þær birgðir eru að miklu leyti seldar. En framleiðsla landbúnaðarafurða þarf að vera sem fjölbreyttust, og eftir því sem mannfjöldi vex í landinu, eftir því þarf framleiðslan að aukast.

Garðávextir eru ein af þeim tegundum matvæla, sem þjóðina má ekki skorta. Það er mjög eðlilegt, að í landbúnaðinum og innan bændastéttarinnar myndist nokkur verkaskipting, þannig að sumir bændur rækti hlutfallslega meira af garðávöxtum heldur en aðrir, því að aðstaða í héruðum til slíkrar ræktunar er misjöfn, bæði vegna tíðarfars og landgæða. Þetta er að ýmsu leyti viðurkennt í landbúnaðarlöggjöfinni. T. d. í lögunum um ræktun og byggingar í sveitum eru sérstök ákvæði um stuðning til garðyrkjubænda, og þar með er það viðurkennt, að þá framleiðslugrein eigi að meta til jafns við aðrar í landbúnaðinum. En fram að þessu hafa ekki verið veitt afurðalán út á garðávexti, hliðstætt því, sem gert hefur verið um alllangt skeið á sauðfjárafurðir.

Um rekstrarkostnað vegna garðávaxta er mjög svipað farið og um sauðfjárafurðir, þannig að kostnaður við áburðarkaup og vinnu fellur til á fyrri hluta árs, en afurðirnar koma ekki á markað fyrr en að hausti og greiðast ekki að fullu fyrr en þær eru seldar. Tillaga sú, sem hér liggur fyrir, stefnir að því, að úr þessu verði bætt og að Alþ. beini því til ríkisstj., að tekin verði upp afurðalán út á garðávexti. Tillagan er því fullkomlega réttmæt, og ég vænti þess, að hún fái brautargengi hér á hv. Alþingi. Trygging fyrir því, að ekki verði skakkaföll vegna slíkra lánveitinga sem hér er farið fram á, á að vera sú, eins og segir í tillögunni, að garðávextir séu komnir í örugga geymslu, þegar afurðalán er veitt, og enn fremur ber þess að gæta, að afurðalánin, þó að veitt yrðu hliðstætt því, sem gert er á sauðfjárafurðir, nema ekki meira en helmingi til ⅔ hlutum af verði vörunnar.

Ég vil að lokum geta þess, að aðalfundur Stéttarsambands bænda, sem haldinn var s. l. haust, tók þetta mál til umr. og gerði í því svofellda ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1961 ítrekar tillögu frá síðasta aðalfundi um, að bankarnir láni afurðavíxla út á kartöflur eins og aðra framleiðsluvöru, enda séu kartöflurnar metnar og komnar í tryggar geymslur."

Þessi tillaga okkar framsóknarmanna er því borin fram í samræmi við þá ályktun, sem aðalfundur Stéttarsambands bænda hefur gert að undanförnu um þetta mál.

Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um þessa tillögu, en tel eðlilegt, að umr. verði frestað og málinu vísað til nefndar. Mér finnst eðlilegt, að það verði allshn., því að hér er ekki um nein fjárútlát að ræða af hálfu ríkissjóðs samkvæmt tillögunni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 21. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

20. Landþurrkun.

Á deildafundum 7. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um lánveitingar vegna landþurrkunar [105. mál] (A. 169).

Á 33. fundi í Sþ., 7. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 14. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt fjórum öðrum hv. alþm. að flytja till. þessa til þál., sem hér er til umr. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að lána vélasjóði ríkisins allt að 3 millj. kr. vaxtalaust til að endurlána búnaðarfélögum, ræktunarsamböndum og ræktunarfélögum, sem hug hafa á því að hefja skipulagða framræslu á félagssvæðum sínum."

Í grg., sem prentuð er með till., er rakið það, sem hvatt hefur okkur flm. til þess að gerast flytjendur þessa máls. En það er sú mikla þörf, sem er og verða mun enn um alllangan tíma á því að þurrka mýrar til ræktunar eða beitar. Á landi okkar eru tiltölulega víðáttumikil mýrlendi, sem lítt notast, nema þau verði ræst og þurrkuð. Flest þessi mýrlendi eru mjög auðug af frjóefnum.

Við Íslendingar hljótum að vera allir á einu máli um það að byggja matvælaöflun til handa þjóðinni á okkar eigin landi og nýta gæði þess í því efni á hinn hagkvæmasta hátt. Búskapur landsmanna hlýtur að vera í nútíð og framtíð byggður á ræktun jarðar, en ekki á rányrkju, enda mundu gæði landsins endast þjóðinni til skamms tíma, ef á rányrkju ætti að byggja, þar sem Íslendingum fjölgar nú mjög hratt. Sú ískyggilega staðreynd liggur nú fyrir, að síðan

1958 hefur landþurrkun dregizt mjög saman, og á árinu 1961 mun hún ekki hafa orðið nema 65% af því, sem hún var 1958, og hefð farið niður í 45%, ef vélasjóður ríkisins hefði ekki getað hlaupið undir bagga með tveimur ræktunarsamböndum, svo að þau gátu haldið áfram fyrirhuguðum framkvæmdum. Útlit er fyrir, að samdráttur verði á þessu sviði áfram, ef ekkert er að gert.

Mér er kunnugt um, að allverulegur hugur er í ýmsum bændum um það að hefja nú talsverðar framkvæmdir í þessu efni, en fé skortir. Mér er kunnugt um, að í Haganes- og Holtshreppi í Skagafjarðarsýslu mun vera áhugi fyrir að hefja framræsluframkvæmdir, ef þeir gætu fengið lán til þess. Þeir munu þegar hafa snúið sér til vélasjóðs um fyrirgreiðslu í þessu efni. Það er eins og menn vita og alkunnugt er, að það er ákjósanlegast, að land fái að standa framræst a. m. k. í fimm ár, áður en ræktun hefst á því. Það getur þess vegna valdið allt að fimm ára töfum í ræktunarframkvæmdum hjá þeim, sem ekki hafa annað en mýrar til ræktunar, ef framræslan stöðvast.

Það, sem veldur samdrættinum í framræslunni, er fjárskortur bændanna, eins og ég drap á. En ef þeir hins vegar gætu fengið lán, þar til ríkisframlagið á skurðgröftinn kæmi, þá er þýðingarmesti þáttur þessa máls leystur. Áhætta ríkisins vegna þeirrar aðstoðar, sem hér er gert ráð fyrir að veitt yrði, er nánast engin, því að ríkisframlagið væri auðvitað sjálfsagt veð fyrir lánunum og gengi til greiðslu á þeim. Á fjárlögum yfirstandandi árs eru áætluð 12 millj. kr. útgjöld til framræslu, vegna framkvæmda, sem voru unnar á árinu 1961. Vegna samdráttar á þessu sviði, sem ég gat um, má gera ráð fyrir, að ekki muni þurfa nema um 9 millj. kr. til þessara framkvæmda, og eru þá 3 millj. þarna afgangs. Ég álít, að sanngjarnt væri að nota þetta fé til lána, eins og hér er gert ráð fyrir, og á þann hátt verði reynt að koma í veg fyrir frekari samdrátt á því sviði, sem hér er um rætt.

Hér er gert ráð fyrir mjög auðveldri og ódýrri hjálp. Í rauninni má segja, að þessi aðstoð kosti ríkið ekki neitt. Við flm. væntum þess vegna góðra og skjótra undirtekta hv. alþm. í þessu máli, þar sem varla þarf heldur að efa skilning þeirra á málinu í heild og þeirri þörf, sem enn er fyrir hendi um landþurrkun í heild.

Ég læt þá þessi fáu orð nægja sem framsögu fyrir þessari till. og leyfi mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. að þessari lokinni og til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 21. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. fjvn., á þskj. 676, var útbýtt 10. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

21. Hlutdeild atvinnugreina í þjóðarframleiðslunni.

Á deildafundum 16. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á hlutdeild hinna einstöku atvinnugreina í þjóðarframleiðslunni [122. mál] (A. 238).

Á 32. fundi í Sþ., 1. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 33., 35., 37. og 40. fundi í Sþ., 7., 14. og 21. febr., 7. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, var flutt, svo sem alþm. rekur minni til, á síðasta þingi og að mestu leyti í því formi, sem hún er nú. Meiri hl. fjvn. afgreiddi till. þá frá nefndinni, en til hennar var henni vísað, en það gerðist í lok síðasta þings. Fjvn. eða meiri hl. hennar afgreiddi hana á þann hátt, að hann lagði til, að hún yrði samþ. með smábreytingu. Till. kom til framhaldsumr. í sameinuðu Alþ. síðasta dag þingsins, og hafði hv. 6. þm. Norðurl. e. stutta framsögu fyrir henni af hálfu meiri hl. fjvn. En þá stóð upp hv. þm. Skúli Guðmundsson og hafði margt á hornum sér út af þessu máli og gagnrýndi till., og mig minnir, að það hafi helzt verið á máli hans að heyra þá, að Alþ. ætti að leysa þá hlið málsins, sem nefna mætti hina tæknilegu. Á eftir ræðu hv. þm. Skúla Guðmundssonar var bankað hart í borð af nokkrum framsóknarmönnum og beðið hljóðs. Þetta var síðasti fundur Alþ. að því sinni, tími mjög nákvæmlega afmarkaður. Þetta þýddi því beint stöðvun málsins, enda augljóslega sá einn tilgangur. En ég minni á þetta nú og spyr: Hvers vegna var slík nauðsyn að stöðva þetta mál?

Í grg. þáltill. okkar Bjartmars Guðmundssonar, sem við nú endurflytjum, er m. a. vikið að samþykkt, sem gerð var á síðasta búnaðarþingi og gekk alveg í sömu átt og sú þáltill., sem hér liggur fyrir, aðeins þó talað þar um landbúnað. En eins og við vikjum að í grg. okkar, þá er það alveg ljóst, að þeim spurningum, sem þar er óskað svars við, flestum a. m. k., verður ekki svarað, nema alger rannsókn á atvinnu- og framleiðslumálum og tekjum þjóðarinnar o. s. frv. fari fram. Þess vegna er framkvæmd á þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, alger nauðsyn, til þess að unnt sé að svara þeim spurningum, sem m. a. er fjallað um í till. búnaðarþings.

Mér þykir rétt að segja frá því hér, að á síðasta Alþ. komu á fund okkar flm. fulltrúar frá kvenþjóðinni. Þeirra erindi var að vekja athygli okkar á hlut húsmæðranna í landinu í sköpun þjóðarteknanna. Ég vil geta þessa hér, af því að það er m. a. vottur áhuga fyrir þessu máli, og allir, sem gera sér grein fyrir því, þeir sjá, að

hlutur húsmæðranna er stór í lífsbjörg þjóðarinnar. En ýmsir mundu hins vegar telja eðlilegast, að húsmæðurnar skiptust á fjölskyldugrundvelli milli hinna ýmsu atvinnugreina og þjónustustarfa. En vitanlega kemur þetta til athugunar ásamt mörgu öðru við framkvæmd málsins.

Ég vil ekki fara mikið út í mitt eigið álit á ýmsum starfsgreinum þjóðfélagsins, þegar þarf að meta mikilvægi atvinnugreina, þótt ég kunni að hafa mínar skoðanir þar um. Ég tel þó t. d., að öflun fisks á Skagagrönd eða Bakkafirði sé meira virði en t. d. iðnaður, eins og brjóstsykurgerð. Og ég tel framleiðslu dilkakjöts á Jökuldal meira þjóðþrifaverk en t. d. sumt af þeirri list, ef því mætti jafna saman, þeirri svonefndu list, sem nú virðist þó nokkur liður í lífibrauði margra, t. d. svonefndri málaralist, orðaröðun ljótra eða fallegra orða í svonefnd ljóð, sem þykja þá bezt, er þau geta orðið sem mest dægradvöl lesendum að geta sjálfir í eyðurnar. Það kann að vera, að það sé örðugt að bera þessa hluti saman, og til að fyrirbyggja allan misskilning, þá vil ég segja það skýrt hér, að sú list í litum eða ljóði, sem færir sumarið eða vorið inn í veturinn, hún verður aldrei ofmetin.

Ég skal ekki fara lengra út í þessa þætti. En þegar ég er að velta fyrir mér gildi atvinnugreina okkar Íslendinga, þá er mér landbúnaðurinn jafnan ofarlega í huga. Og eins og ég hef stundum vikið að hér áður, þá finnst mér stundum sem hann sé ekki rétt metinn eða gildi hans lægra metið í hugum sumra en ætti að vera að mínu viti.

Ég vil leyfa mér í þessu máli að vekja athygli á grein, sem nýlega birtist í blaði, sem heitir Búnaðarblaðið og er fylgirit, gefið út með tímaritinu Vikunni, þar sem tekið er til athugunar um hagkvæmni fjárfestingar í landinu á hinni miklu fjárfestingaröld, sem ríkt hefur að undanförnu í þessu landi. Slíkar athuganir snerta það mál, sem hér er til umr. og hér er lagt til að rannsókn verði gerð um. Og með leyfi hæstv. forseta, þá langar mig til að lesa hér stuttan kafla úr þessari grein. En þar segir svo:

„Framkvæmdabankinn hefur reiknað út, að þjóðartekjur á íbúa, reiknaðar á föstu verði, hafi aukizt um 8% frá 1947—1959, þ. e. a. s. að hver maður hefur árið 1947 getað keypt hundrað einingar af einhverri vöru, en 108 einingar 12 árum síðar, ef verð á þeirri vöru hefur þróazt eins og verðlag yfirleitt. Ef bændur búa jafnvel árið 1947 og 1959 og verð á einstökum þáttum í framleiðslukostnaði mjólkur og kjöts hefur þróazt í samræmi við verðlag almennt, á hver maður að geta keypt 8% meira af mjólk eða kjöti árið 1959 en árið 1947. En raunin er sú, að hver einstaklingur getur keypt 39% meira af kjöti og 21% meira af mjólk, þegar miðað er við verð til framleiðenda. Þetta bendir til þess, að framfarir í landbúnaði hafi fært þjóðinni meiri rauntekjur en framfarir í öðrum atvinnugreinum, að þeir fjármunir, sem landbúnaðurinn hefur fengið til umráða, hafi gefið þjóðinni betri arð en það fjármagn, sem iðnaður, sjávarútvegur, verzlun og þjónusta hafa fengið til ráðstöfunar."

Þetta er aðeins stuttur kafli úr þessari grein, og að þessu máli er vikið nokkru nánar, en í þessari tilvitnuðu setningu felst þó meginatriði málsins. Höfundur þessarar greinar er ungur búvísindamaður frá Búnaðarháskólanum í Ási í Noregi, Björn Stefánsson að nafni. Ég legg engan dóm á það vitanlega, hvort þessar niðurstöður muni standast við nánari rannsókn, en mér þótti ástæða til að vekja athygli á þeim og einmitt við umræður um þessa till., og ég held, að það sé rétt, að þessi niðurstaða verði heyrinkunn.

Í sambandi við þetta mál, rannsókn á hlutdeild atvinnugreinanna í þjóðarframleiðslunni, þá hvarflar mér mjög í hug það, sem nefnt er starfsfræðsla. Eins og kunnugt er, þá er mjög vaxandi áhugi fyrir starfsfræðslunni núna síðustu árin. Ég tel augljóst mál, að hún er eitt nauðsynlegasta námsefni allra skóla. Það er ekkert nauðsynlegra hinum uppvaxandi þjóðfélagsborgurum en haldgóð þekking á því, hvernig blóðrás þjóðarinnar er, ef svo mætti segja, eða hvaðan orkan berst og einnig vítamínin, ef svo mætti að orði komast. Rannsókn á þeim atriðum, sem við drepum hér á, er þess vegna alveg nauðsynlegur grundvöllur fyrir þeim leiðbeiningum, fyrir þeirri starfsfræðslu, sem þarf að veita í skólum landsins. Það þarf að leiðbeina hinum ungu Íslendingum í starfsvali og vekja athygli á því, hvar unnt er að leggjast þyngst á ár til vaxandi velgengni. Og þá koma vitanlega jöfnum höndum til athugunar hinar efnislegu og andlegu hliðar.

Við höfum leitað álits hagfræðinga um þessa till., og ég vil geta þess hér, að það er þeirra álit, að sumt, sem hér er rætt um, sé mjög örðugt í framkvæmd. Að sumum þáttum er nú verið að vinna. En þetta mál er sem sagt í vaxandi mæli á framkvæmdastigi, og mér finnst það mjög eðlilegt, þar sem ég fæ ekki betur séð en þetta sé grundvallaratriði í öllu okkar lífi. Þó að grg. okkar flm. sé stutt, sem fylgir þessari till., þá eru þó þar dregin fram meginrökin, sem við viljum láta fylgja. Ég hef ofur lítið fyllt betur í eyður í þessu stutta máli, en ég sé ekki ástæðu til að tala um þetta langt mál. Mér finnst málið ljóst og eigi ekki að geta verið um það deilur, og ég vildi vænta þess, að Alþ. afgreiddi nú þessa till. Alþ. á að láta í ljós vilja sinn og það á að gefa fyrirmæli um tilhögun og tilgang.

Ég legg svo til, að umr. verði nú frestað, og eins og á s. l. þingi vil ég leggja til, að málinu verði vísað til hv. fjvn. til athugunar.

Umr. frestað.

Á 44., 46., 48., 50. og 52. fundi í Sþ., 21. og 28. marz, 4., 6. og 11. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

22. Iðnaður fyrir kauptún og þorp.

Á deildafundum 6. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á iðnaði fyrir kauptún og þorp, sem byggja ekki afkomu sína á sjávarútvegi [135. mál] (A. 265).

Á 33. fundi í Sþ., 7. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 14. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Bergþór Finnbogason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér í sameinuðu Alþingi till. til þál. á þskj. 265 ásamt hv. 4. þm. Sunnl. og hv. 2. þm. Sunnl.

Till. sú til þál., sem hér er til umr., er miðuð við það, að hægt sé að leysa í heild mjög aðkallandi vandamál margra kauptúna landsins, þ. e. a. s. atvinnumál þeirra kauptúna, sem ekki hafa aðstöðu til sjávarútvegs. Í grg. með þáltill. er því lýst, hvernig þessi kauptún urðu til, um leið og verzlun dreifðist um landið í kjölfar þjóðveganna. Flest þessara kauptúna hafa á síðari árum verið í örum vexti og fjölgun fólksins orðið meiri en svo, að hinir fábreyttu atvinnuvegir gætu séð öllum fyrir starfi þar. Og nú verður uppvaxandi æska sveitakauptúnanna að leita til fjarlægari staða í vaxandi mæli eftir atvinnu. En það er nokkuð áhættusamt og getur verið skaðlegt fyrir þjóðfélagið í heild, ef slíkt gerist í stórum stíl, í fyrsta lagi vegna þess, að það er hætt við, að það valdi meira hviklyndi og rótleysi meðal æskunnar að þurfa að slita fjölskyldutengslin svo fljótt. Í öðru lagi er svo á það að líta, að ef fólksflutningar eru örir frá einum stað til annars, þá getur skapazt það öngþveiti, sem erfitt er að leysa, og er þá oft lokaráðið að leita á náðir þess opinbera um aðstoð til að leysa þann vanda. En þá vaknar spurningin um það: Hefði ekki verið skynsamlegra að leita þangað fyrr til að stöðva skriðuna, svo að jafnvægið mætti haldast öllum til heilla?

Það má eflaust um það deila, hvort æskilegt sé, að þau kauptún, sem myndazt hafa um sveitir landsins á síðari árum, vaxi meir frá því, sem orðið er. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé mjög til bóta fyrir þjóðfélagið, að þessi kauptún eflist og vaxi og þeim fjölgi í framtíðinni. Það er alveg augljóst mál, að það verður að vinna að því, að sveitirnar taki við allverulegum hluta af fjölgun þjóðarinnar á næstu árum. Og það er svo einkennilegt, að það er í nánum tengslum við kauptúnin, sem þar eru, hvort fólkið unir sér í sveitinni, því að þeirra hlutverk er að vera nokkurs konar menningarmiðstöð fyrir sveitirnar. Þangað á sveitafólkið, ef því gefst tómstund, að geta sótt það, sem það sækist eftir, en sér í hillingum í fjarlægum kaupstöðum. Það er mín skoðun, að kauptúnin geti þannig orðið hemill á þá öfugþróun, sem átt hefur sér stað á undangengnum árum, að bóndasonurinn og bóndadóttirin hafa lagt land undir fót í leit að félagslífi í kaupstöðum, en vegurinn til baka orðið of langur, og þess vegna var setzt um kyrrt. Þess vegna held ég, að það væri heillavænlegra að flytja það út í sveitirnar, kvikmyndasýningar og annað því um líkt, sem ungt fólk sækist eftir, ef vera mætti, að það gæti notið þess í tómstundum sínum í sinni heimasveit. Þá yrði vegurinn til baka ekki eins langur og erfiður, ef vonir stæðu til þess, að hægt væri að endurnýja félagsskapinn, hvort sem er í kvikmyndahúsum eða á dansleik, þegar næsti frídagur gefst. Það er því óhætt að fullyrða, að þetta er hagsmunamál þjóðfélagsheildarinnar og miklu meira mál en menn almennt gera sér grein fyrir.

Þau eru nokkuð mörg kauptúnin, sem líta þarf til í þessum efnum. Við getum nefnt Hveragerði, Selfoss, Hellu, Hvolsvöll, Vík í Mýrdal, Borgarnes, Stykkishólm, Búðardal, Hvammstanga, Blönduós og Egilsstaði. Þetta er náttúrlega ekki tæmandi upptalning, því að víðar er vísir að þorpum í miðri byggð, þótt í smáum stíl sé.

Á flestum þessara staða er nú þegar knýjandi þörf fyrir aukningu á atvinnu, einkum þó fyrir unglinga, sem foreldrar vilja halda á heimilum sínum í lengstu lög. En hvað er þá hægt að gera? Eru nokkrir möguleikar á því að auka þann iðnað, sem fyrir er á þessum stöðum, eða bæta við nýjum iðngreinum? Það á fyrst og fremst að vera hlutverk nefndarinnar, ef kosin verður, að gera tillögur um það. En benda má á, að eðlilegast væri, að þau hráefni, sem landbúnaðurinn leggur til, væru unnin mest á þessum stöðum, og kemur þá helzt til greina utan mjólkuriðnaðar skinna-, gæru- og ullariðnaður, auk þess niðursuðuiðnaður úr kjöti og garðávöxtum, því að sannleikurinn er sá, að það er sáralítið unnið úr þessu hráefni.

Tökum t. d. ullariðnaðinn, sem þó hefur verið ört vaxandi síðustu árin. Heildarframleiðslan á ull mun vera um 800 tonn, og af því magni munu vera um 600 tonn flutt og seld úr landi óunnin. Þarna virðist vera verkefni fyrir margar hendur að vinna og skapa verðmætari útflutning, þar sem ¾ hlutar ullarinnar eru seldir óunnir úr landi. Lítum á aðra tegund af hráefni úr landbúnaðarframleiðslunni, á gærurnar. Heildarmagn þeirra mun vera um 2500 tonn. Af þeim er selt úr landi óunnið 99%. Aðeins 1% af þessu hráefni er unnið hér.

Þessar tölur eru kannske ekki alveg nákvæmar, en þær eru mjög nálægt réttu lagi, enda ekki ætlaðar til annars en að sýna, hversu geysimikið verkefni er hér óleyst og hve gullið tækifæri það er að leysa atvinnuörðugleika kauptúnanna með því að margfalda útflutningsverðmæti þessarar vöru, sem framleidd er einmitt í nágrenni þeirra.

Þó að við gerum ekki annað en að breyta þeirri ull, sem flutt er úr landi óunnin, í einföldustu gerð af peysum og teppum, þá fengjum við meira en þrefalt verð fyrir hana þannig flutta úr landi.

Þegar þessi mál hefur borið á góma í orðræðum manna á milli, þá hef ég orðið þess var, að hugur manna stefnir yfirleitt í eina átt með ullariðnaðinn í landinu, til Akureyrar. Þar séu verksmiðjur, sem bæta megi og auka við með langtum minni tilkostnaði heldur en að reisa

nýjar verksmiðjur á öðrum stöðum. Þetta eru rök, en ekki fullnægjandi rök, þar sem ekki hefur enn tekizt að vinna úr nema ¼ hluta ullarvörunnar, og er þó víðar unnin ull en á Akureyri. Þá er og á það að líta, að við verðum að ætla, að verulega aukist það ullarmagn, sem til fellur, á næstu árum, og eins mætti hafa í huga þau fallegu orð, sem mikið hafa verið notuð, að allt skuli gert til þess að halda jafnvægi í byggð landsins.

Nú er mestöll ull landsins flutt til Akureyrar og þvegin þar, og mér er tjáð, að þó að ullarframleiðsla aukist hér allverulega á næstunni, þá geti þessi þvottastöð tekið við þeirri aukningu, aðeins með því að bæta við mjög ódýrri vélasamstæðu. En þrátt fyrir þetta er ég ekki sannfærður um, að það sé rétt stefna að flytja ull, t. d. úr Vestur-Skaftafellssýslu, allar götur til Akureyrar til að þvo hana þar úr heitu vatni upphituðu með olíu, á sama tíma sem menn á Suðurlandi þurfa víða að taka á sig krók til að komast ferða sinna fyrir heitu vatni, sem enginn notar.

Ég hef hér aðeins drepið á tvö hráefni landbúnaðarframleiðslunnar, sem augljóst er að mætti gera miklu verðmætari, en vafalaust kemur margt fleira til greina. Byggingariðnaður okkar á eftir að aukast mikið og breytast frá því, sem nú er. Ný hráefni koma til sögunnar, bæði erlend og innlend, svo að vel gæti vinnsla úr þeim dreifzt um landið.

Þá er sá þátturinn eftir, sem snýr að fjárhagshlið þessa máls. Fjárhagsgeta þeirra kauptúna, sem hér um ræðir, er ákaflega takmörkuð, hvort heldur er sveiarfélaganna, fyrirtækja eða einstaklinga þar, en eins og verðlag er nú á öllum hlutum, þá þarf mikið fjármagn til að koma á fót nýjum fyrirtækjum, og er vart hugsanlegt á þessum stöðum, nema til komi stuðningur hins opinbera, annaðhvort með beinum fjárframlögum eða ríkisábyrgðum til þeirra aðila, sem hefjast vildu handa og ryðja þarna brautina. Ég held, að íbúar þessara kauptúna geti kinnroðalaust mælzt til slíkrar fyrirgreiðslu, þegar litið er til fiskiþorpanna meðfram ströndum landsins, er notið hafa margs konar stuðnings af sameiginlegum sjóði skattþegnanna. Ég er búsettur í 1800 manna bæ, sem hefur ekki notið annarra framlaga af opinberu fé en þess, sem farið hefur til rafveitu og símaþjónustu ásamt lögboðnu framlagi ríkisins til skólahalds. Það þætti einhverjum rýr hlutur af því skattfé, sem flutt er burt af staðnum. Það er gott að geta staðið á eigin fótum og þurfa ekki að leita til annarra, en þegar þrengist að freistast menn til þess að bera sig saman við samborgara sína, sem hafa haft svo langa hönd, að náð hefur til opinberra sjóða. Mér er þó vel ljóst, að margir útgerðarbæir og sjávarþorp eiga við árstíðabundna atvinnuörðugleika að stríða, sem finna þarf lausn á hið fyrsta. En sá þáttur er annars eðlis og þess vegna ekki tekinn með í þáltill. þessa, þó að hann sé engu síður brýnt rannsóknarefni. Þar hljóta önnur sjónarmið að verða ríkjandi um eflingu iðnaðarins, þar sem sníða þarf hann við hreyfanleik eftir árstíðum.

Með þáltill. þessari er ætlazt til þess, að hafin sé rannsókn á því, ef hún verður samþykkt, hvernig skipuleggja megi iðnaðinn og samræma á hinum ýmsu stöðum, og þá ávallt með hagsmuni heildarinnar fyrir augum og það takmark fram undan, sem stefna verður að, að fullvinna öll þau hráefni, sem við ráðum yfir og til þessa hafa verið flutt óunnin úr landi. Með því getum við margfaldað gjaldeyristekjur þjóðarinnar, stóraukið atvinnu í landinu og myndað undirstöðu nýrra atvinnugreina, sem renna mundu nýjum og traustum stoðum undir allt efnahagslíf landsmanna. Það mundi þýða stórauknar þjóðartekjur, sem gætu orðið grundvöllur bættra lífskjara alls almennings, aukið mjög afkomuöryggi og skapað skilyrði fyrir almennum framförum og aukinni menningu. Það mundi skapa íslenzku þjóðinni beztu skilyrðin til þess að geta varðveitt og eflt efnahagslegt sjálfstæði sitt.

Fullvinnsla íslenzkra hráefna til útflutnings er sameiginlegt hagsmunamál margvíslegra stétta og hópa með þjóðinni. Hún er beint hagsmunamál verkalýðsins og þeirra, er vinna að öflun hráefna til sjós og lands, og ekki síður hinna, sem vinna úr hráefnunum og verzla með þau. Þá ætti það ekki síður að vera hugsjónamál að útrýma algerlega leifunum af nýlendustiginu úr atvinnulífi Íslendinga.

Að svo mæltu vil ég leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að að umr. þessari lokinni verði þáltill. þessari vísað til síðari umr. og fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni og meiri hl. fjvn., á þskj. 741 og 778, var útbýtt 12. og 16. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

23. Aðstaða til ræktunarframkvæmda.

Á deildafundum 12. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á því, hvernig jafna megi aðstöðu bænda til ræktunarframkvæmda [143. mál] (A. 277).

Á 35. fundi í Sþ., 14. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Bergþór Finnbogason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á hv. Alþingi till. til þál. á þskj. 277, ásamt 3. þm. Vesturl. Tillaga sú til þál., sem hér liggur fyrir og er til umræðu, gerir ráð fyrir því, að skipuð verði þriggja manna nefnd til þess að rannsaka og gera tillögur um, hvernig jafna megi aðstöðumun bænda til ræktunarframkvæmda.

Eins og kemur fram í grg. till., er aðstaða bænda ærið misjöfn til ræktunarframkvæmda eftir landslagi og staðháttum. Það getur verið allt að því helmingsmunur á ræktunarkostnaði,

án þess að það komi nokkuð sérstakt til greina, t. d. grjótflutningur úr svæðinu eða slíkt. Þó að það sé ekki fyrir hendi, þá getur verið allt að helmingsmunur á kostnaði við ræktunarframkvæmdir.

Nú eru búskaparhættir smám saman að breytast, og menn gera orðið kröfur til aukinnar ræktunar, og þær kröfur munu fara ört vaxandi á næstu árum og áratugum, eða þær þurfa að fara ört vaxandi og verða helzt að gera það, því að bústærð hér þarf helzt að tvöfaldast á næsta áratug, ef við eigum að nálgast það að geta orðið samkeppnisfærir með afurðir búanna á heimsmarkaðnum, en til þess þarf að stórauka framleiðni búanna með bættum starfsskilyrðum við fóðuröflun og við hirðingu alla. En nú er því yfirleitt þannig háttað, að þeir, sem styzt **eru á veg komnir með ræktun, hafa minnstu** búin. Það gefur því auga leið, að sá litli bústofn er ekki fær um að standa undir fjárfrekum útgjöldum af ræktunarframkvæmdum, þegar það bætist svo við, að þetta eru yfirleitt þeir bændur, sem búa við erfiðust ræktunarskilyrði. Það hefur nú um langan tíma verið talinn sjálfsagður hlutur, að tekið væri af opinberu fé til að styrkja bóndann í því þjóðnytjastarfi að rækta landið. En aldrei hefur sá hlutur verið svo stór, að hann **hafi nægt til að bera allan ræktunarkostnaðinn.** Ef við hugleiðum þetta, þá sjáum við kannske bezt, hversu erfitt hlutskipti þeirra er, sem eru að fást við að rækta mýrlendin. Það væri þeim miklu hagkvæmara fjárhagslega, ef þeir ættu þess kost að rækta harðvellismóa án þess að fá nokkurn styrk til þess. Misræmið er þarna svo mikið frá löggjafans hálfu, að það verður vart unað við það öllu lengur. Það nær vitanlega engri átt að greiða sömu krónutölu í styrk á hvern ræktaðan hektara, án þess að tekið sé tillit til kostnaðarins við að rækta hann.

Það er út af fyrir sig undrunarefni, hversu bændur hafa verið þöglir um þetta misræmi í skiptingu þess fjár, sem ætlað er til ræktunarframkvæmda. Það er þó ekki meining mín eða okkar flm. þessarar þáltill., að hlutur þeirra, sem bezta hafa ræktunaraðstöðu, sé of góður, **heldur hitt, að þeir, sem erfiðast eiga um vik,** þarfnist meiri aðstoðar. Það er ekki ólíklegt, að eitthvað mætti lækka ræktunarkostnað bænda með bættri vinnutilhögun. Af því að jarðræktin er stór og erfið í meðförum, ber brýna nauðsyn til þess, að unnið sé eftir fyrir fram gerðri áætlun, **er miðist meir við samfellda vinnslu en** óskir einstaklinga, enda er ég sannfærður um, að einstaklingarnir mundu verða fljótir að sjá kosti þessa og haga óskum sínum fremur eftir því.

Nú er mikið um það talað og það með réttu, að auka þurfi notagildi landsvíðáttunnar með því að græða upp sandauðnir í byggð og óbyggð. Margar stoðir renna undir það, og ýmis rök **eru fram borin og þ. á m. þau, að búsmala vanti** betri bithaga, bæði í byggð og afrétt, og víða eru komnar fram raddir um það, að kroppþungi dilka fari minnkandi af þeim sökum. Þessi ugg**vænlega** þróun á eflaust eftir að koma betur í ljós með fjölgandi fénaði. Það getur því svo farið, að stytta verði þann tíma, sem fénaður gengur frjáls á fjöllum, og þá þrengist að sama skapi í heimahögum. Þessari þróun verðum við að mæta með því að auka beitarþol heimahaganna. En erum við viðbúnir að gera það? Víða hagar svo til, að það verður ekki gert á skömmum tíma. Það eru til heilar sveitir og víðáttumiklar, sem eru samfelldir mýrarflákar og brokmóar, sem fáar skepnur líta við, sé annars kostur. Beitarþol þeirra verður ekki aukið án framræslu og þurrkunar, og það tekur mörg ár og jafnvel áratugi. Það er engin von til þess, að íbúar þessara sveita komi því í framkvæmd með núverandi fyrirkomulagi á framræslunni. Hér er mikið verkefni, sem bíður úrlausnar, og má ekki dragast öllu lengur, að farið sé að vinna skipulega að því. Það er alveg víst, að framræslu- og ræktunarkostnaður hefur oft orðið mjög miklum mun hærri en hann hefði þurft að vera fyrir það eitt, að ekki var unnið eftir fyrirframgerðri áætlun.

Það er von flm. þessarar þáltill., að hv. alþm. skilji nauðsyn þessa máls fyrir bændur og þjóðfélagsheildina og sýni það í verki með því að samþykkja hana.

Að svo mæltu vil ég leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að að umr. þessari lokinni verði þáltill. vísað til síðari umr. og fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. fjvn., á þskj. 749, var útbýtt 13. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

24. Aukin afköst og bættar geymsluaðferðir síldarverksmiðja.

Á deildafundum 12. febr. var útbýtt frá Sþ.: Till. til þál. um aukin afköst og bættar geymsluaðferðir síldarverksmiðja á Suðvesturlandi [144. mál] (A. 279).

Á 35. fundi í Sþ., 14. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 37., 40. og 41. fundi í Sþ., 21. febr., 7. og 14. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Sþ., 21. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Alfreð Gíslason bæjarstjóri): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 3. þm. Reykn. (MÁM) að flytja þáltill. þá á þskj. 279, sem hér er til umr. Till. þessi er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Fiskifélagi Íslands að athuga og gera till. um, á hvern hátt megi auka afköst þeirra síldarverk-

smiðja, sem starfræktar eru á Suðvesturlandi. Jafnframt því fari fram athugun á því, á hvern hátt auka megi geymslurými síldarverksmiðjanna svo og hvaða aðferðir skuli notaðar til geymslu síldarinnar til þess að tryggja gæði framleiðsluvörunnar."

Eins og kunnugt er, hafa árin 1960 og 1961 og það sem af er árinu 1962 markað tímamót í síldveiðum landsmanna hér við Suðurland. Um nokkurt árabil hafa haustsíldveiðar verið stundaðar frá verstöðvunum við Faxaflóa, en afli ekki verið svo að teljandi sé, fyrr en nú á síðustu tveim árum með tilkomu hinna stórtæku veiðitækja. Þessi síldarvertíð náði þó aldrei lengra en fram til byrjunar desember eða til jóla í lengsta lagi, að bátar fóru að búa sig undir vetrarvertíðina á þorskveiðar. Síldveiðar voru aldrei reyndar eftir áramót, fyrr en árið 1960, en þá urðu þær skammvinnar, því að síldin hvarf um miðjan janúar, og var þá hætt við frekari tilraunir. Árið 1961 hélzt síldarvertíðin fram í febrúarlok, og má telja, að þetta ár hafi hin raunverulega vetrarsíldveiði hafizt hér við Suðvesturland. Eftir stutt hlé á síldveiðum í marz 1961 hófst svo vorsíldarvertíðin, sem stóð fram undir sumarvertíðina á Norður- og Austurlandi. Sennilega í fyrsta sinn í sögu síldveiðanna hér við land munu nokkrir bátar hafa það ár eingöngu stundað síldveiðar með herpinót allt árið og ekki hreyft önnur veiðarfæri og það sumir allt til þessa dags. Á árinu 1961 eru því mörkuð mikil tímamót í sögu íslenzkra síldveiða.

Notkun fullkomnari veiðitækja og upphaf vetrarsíldveiða sem og góð sumarvertíð gerði það að verkum, að meira síldarmagn barst á land árið 1961 en dæmi eru til í sögu síldveiðanna hér við land. Á s. l. haustsíldarvertíð hér við Suðvesturland höfðu borizt á land í aðalverstöðvunum, þ. e. Vestmannaeyjum, Keflavík, Sandgerði, Grindavík, Hafnarfirði, Reykjavík og Akranesi, samtals rúmar 700 þús. tunnur síldar hinn 31. des. 1961, en um miðjan síðasta mánuð var síldaraflinn orðinn rúmar 890 þús. tunnur í þessum verstöðvum. Af þessum afla munu hafa farið í bræðslu tæp 300 þús. mál. Aukning síldaraflans frá áramótum og fram til 15. febr. s. l. nam því rúmum 190 þús. tunnum. Af öllum þessum afla við Suðvesturland í haust og vetur bárust rúmar 260 þús. tunnur á land á verstöðvunum á Reykjanesskaga eða tæp 30% af heildaraflanum.

Eins og ég hef skýrt frá, hefur síldaraflinn á haust- og vetrarvertíð orðið geysimikill, og segir það sig sjálft, að þær síldarverksmiðjur, sem fyrir eru hér við Faxaflóann og annars staðar á Suðvesturlandi, höfðu engan veginn skilyrði til þess að taka á móti til úrvinnslu og geymslu því magni, sem barst að landi. Verksmiðjurnar vantar allar meira og minna aukið geymslurými og fleiri tæki til að vinna úr síldinni, svo sem sjóðara, pressur, skilvindur og annað þess háttar. Síldarverksmiðjan í Keflavík afkastar 1500 málum á sólarhring, en þyrfti að auka þau í 4000—5000 mál, og þyrfti hún einnig að auka geymslurými sitt úr 25 þús. og í 80 þús. mál. Afköst verksmiðjunnar í Hafnarfirði eru nú 1500 mál á sólarhring, en þyrfti að auka einnig í 4000—5000 mál og auka geymslurými sitt í 80—90 þús. mál. Afköst allra helztu verstöðva við Faxaflóa og að meðtöldum Vestmannaeyjum munu vera nú um eða lauslega yfir 12 þús. mál á sólarhring, en þyrftu að geta aukið afköst sín í 25—30 þús. mál, eftir því sem ég hef getað fengið upplýst í hinum ýmsum verstöðvum á þessu landssvæði. Á stærri verstöðvunum, svo sem í Keflavík, Grindavík, Hafnarfirði og Akranesi, þyrftu verksmiðjurnar að geta allt að því þrefaldað eða fjórfaldað geymslurými sitt eftir reynslu þeirra á s. l. haustvertíð. Í Sandgerði er nauðsynlegt, að komið verði upp síldarverksmiðju hið bráðasta, enda er sú verstöð ekki hin þýðingarminnsta af verstöðvunum við Faxaflóa og liggur vel við, er bátaflotinn kemur af miðunum.

Eins og mönnum er í fersku minni, kom það ósjaldan fyrir, að síldarverksmiðjurnar höfðu ekki undan og gátu ekki veitt móttöku þeim afla, sem á land barst. Urðu bátarnir annaðhvort að bíða dögum saman eftir löndun eða sigla á milli verstöðvanna í von um að geta losað afla sinn einhvers staðar. Olli þetta svo miklum erfiðleikum og töfum, að um tíma varð hluti síldarflotans að stöðva veiðar sínar um stundarsakir.

Auk þess, sem ég hef nú hér sagt, komu í ljós nú í haust og vetur ýmsir örðugleikar hjá síldarverksmiðjunum varðandi geymslu síldarinnar, sem stórlega hafa rýrt verðgildi framleiðslunnar og torveldað mjög vinnslu síldarinnar. Ýmis efni eða efnasambönd hafa verið notuð til geymslu síldarinnar og þá einna helzt nitrit og formalin. Reynslan er misjöfn af efnum þessum, en þó sennilega víðast góð að því leyti, að síldin geymist sæmilega í 4—6 vikur, en sá hængur er á, að hvort tveggja þessara efna er eitur og vandmeðfarið, og munu kaupendur ófúsir á að nota mjöl, þar sem þessi efni hafa verið notuð til geymslu síldarinnar. Það er því nauðsynlegt, að vísindaleg rannsókn fari fram á tegund og magni þeirra efna, sem nota beri við geymslu síldarinnar, svo að komið verði í veg fyrir, að skaðleg framleiðsla berist á markaðinn, en slíkt gæti haft hinar alvarlegustu afleiðingar. Við flm. þessarar till. teljum, að rannsóknarstofa Fiskifélags Íslands með hinum ágætu og reyndu starfsmönnum sínum hafi öll skilyrði til rannsókna og athugana í þessum efnum, og teljum því eðlilegt, að Fiskifélaginu verði falið þetta verkefni.

Okkar ágætu fiskifræðingar telja allar líkur vera fyrir því, að með hinum fullkomnu og stórtæku veiðitækjum verði nokkurn veginn öruggt áframhald á haust- og vetrarsíldveiðinni hér við Suðvesturland, og er það a. m. k. bjargföst trú allra útvegsmanna við Faxaflóa, að svo verði og að síld hafi alla tíð verið á þessum slóðum frá fornu fari, en veiðitæknin hafi ekki verið fyrir hendi fyrr en nú. Það er ekki nokkur vafi á því, að vegna ónógra afkasta síldarverksmiðjanna hér við Suðvesturland og ófullnægjandi geymslurýmis rýrnaði verðgildi síldarframleiðslunnar á s. l. hausti að miklum mun og bakaði þjóðarbúinu í heild tjón, sem jafnvel getur skipt milljónum króna.

Það er því öllum ljóst, að nauðsyn ber til þess, að athugun fari fram til úrbóta því ástandi, sem nú ríkir hjá síldarverksmiðjum þeim, sem fyrir eru, og að sú athugun fari fram fyrir næstu haustvertíð, svo að þær geti orðið starfi sínu vaxnar. Það hefur sýnt sig, að mjög tilfinnanlegt var það, að engin síldarverksmiðja er staðsett í Sandgerði, en það er ein stærsta og þýðingarmesta verstöðin við Faxaflóa. Þeir fjölmörgu bátar, sem þaðan voru gerðir út á síldveiðar, urðu að leita á aðrar verstöðvar með afla sinn, sem ekki komst í salt, frysti eða til flökunar, og varð af því mikið tjón, þar sem síldarverksmiðjurnar létu sína heimabáta ganga fyrir með alla afgreiðslu, eins og oft vill verða. Er því nauðsynlegt, að síldarverksmiðja verði reist í Sandgerði svo fljótt sem unnt er og að greitt verði fyrir því af ríkisvaldi og lánastofnunum, svo sem frekast er unnt.

Í till. okkar flm. er aðeins gert ráð fyrir því, að athugun og síðan till. verði gerðar um það, á hvern hátt megi auka afköst og geymslurými þeirra verksmiðja, sem fyrir eru, þar eð við álítum, að sú leið væri ódýrust og fljótlegust til úrbóta. Hins vegar hefur sú hugmynd komið fram og verið hreyft í blöðum, að síldarverksmiðjur ríkisins byggðu fullkomna verksmiðju í Njarðvík, og gæti slík verksmiðja verið reist jafnframt sem hluti af hafnarmannvirkjunum þar, en sú höfn er í uppbyggingu og eign ríkissjóðs. Þessi hugmynd er þess verð, að henni sé veitt athygli. Það hagar svo til frá náttúrunnar hendi, að á milli hafnargarða þeirra, sem fyrir eru í Njarðvík, er mikil fjara á föstum grunni, sem annaðhvort verður að fylla upp eða það er hægt að hagnýta hana til bygginga á fullkominni síldarbræðslu, og mundu síldarskipin geta losað afla sinn á flóði beint í sjálfar síldarþrærnar. Síldarverksmiðjur ríkisins eru dreifðar um Norðurland og Austurland til hagnýtingar sumarsíldarinnar. Það væri því ekki óeðlilegt, þótt einnig yrðu athugaðir þeir möguleikar, hvort ekki sé rétt, að ein verksmiðja yrði og byggð í Njarðvík til hagnýtingar á haust- og vetrarsíldinni, enda má telja víst, að starfstími slíkrar verksmiðju mundi verða allt að því helmingi lengri en verksmiðjanna á Norður- og Austurlandi, og ætti því rekstrarafkoma slíkrar verksmiðju að geta orðið mjög hagstæð. Þótt ekki sé bent á þessa leið í sjálfri till. okkar flm., vildi ég leggja áherzlu á það við hv. þn., sem fær hana til umsagnar og athugunar, að hún taki jafnframt fullt tillit til þessa möguleika til úrlausnar á vandamáli síldveiðanna við Suðvesturland.

Þótt keppt sé að sjálfsögðu að því, að sem mest af síldaraflanum verði unnið til manneldis og að í framtíðinni fari aðeins úrgangur, sem ekki er hægt að nota til slíks, í bræðslu, verður það ætíð svo mikið magn, sem þarf að fara í bræðsluna, að brýna nauðsyn ber til að auka afköst og geymslurými verksmiðjanna eða að öðrum kosti að byggja nýjar síldarverksmiðjur. Mér er kunnugt um, að eigendur síldarverksmiðjanna hér á Suðvesturlandi hafa fullan hug á að bæta úr þessari þörf, og hafa tveir þeirra nú nýlega farið til Noregs til að kynna sér möguleika á því, á hvern hátt þeir gætu stækkað og aukið sín afköst án mikils kostnaðar, og munu þeir eflaust koma fróðari heim en þeir fóru. En fram hjá því verður ekki gengið, að stækkun verksmiðjanna hefur mjög mikinn kostnað í för með sér, t. d. mun sjóðari og pressa kosta um 2 millj. kr. og nauðsynlegar skilvindur um 1 millj. og ofan á þetta bætast svo tollar, sem munu vera um 40 eða 45%. Stækkun verksmiðju úr 1500 mála afköstum á sólarhring í t. d. 4000 mála afköst mun láta nærri að kosti um 5—6 millj. kr. Er því nauðsynlegt, að verksmiðjunni sé á einhvern hátt séð fyrir lánsfé til þessara framkvæmda.

Þáltill. þessi hnígur að því, að fundnir verði möguleikar til þess, að meiri og betri nýting síldarinnar hér syðra fáist í framtíðinni, og treystum við flm. hæstv. ríkisstj. og Fiskifélagi Íslands til alls hins bezta í þessum efnum.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en legg til, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. fundi í Sþ., 28. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

25. Endurskoðun skiptalaga.

Á deildafundum 15. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun skiptalaganna [150. mál] (A. 295).

Á 37. fundi í Sþ., 21. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40., 41. og 46. fundi í Sþ., 7., 14. og 28. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 4. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Sú till., sem hér liggur fyrir, er um það, að fram fari endurskoðun á skiptalögunum, sem eru frá árinu 1878 og því liðnir rúmir 8 áratugir frá því að lög þessi öðluðust gildi. En eins og hv. þm. er kunnugt, er hér um allmikinn lagabálk að ræða, sem er í fimm þáttum, sem skiptast í 101 grein. Nýlega hafa verið afgreidd hér frá Alþingi erfðalög, en eins og kunnugt er, þá eru tengslin á milli erfðalaganna annars vegar og skiptalaganna hins vegar allnáin, og finnst mér

það mæla mjög með því, að skiptalögin verði nú tekin til endurskoðunar. Margt er breytilegt og m. a., að þegar um skipti á dánarbúum hefur verið að ræða er síður en svo, að gilt hafi á sama tíma alls staðar sömu matsreglur. Þetta finnst mér m. a. að þurfi að samræma í nýrri löggjöf um skiptalögin og ótalmargt annað að sjálfsögðu, sem þar kann inn í að grípa. Þá ber á það að líta, að margs konar mannréttindi hér á landi hafa breytzt, frá því að skiptalögin öðluðust gildi, og þá ekki sízt réttur kvenna, sem nú má heita á flestum sviðum til jafns við okkur karlmenn, en var á þeim árum, sem skiptalögin öðluðust gildi, mjög takmarkaður. Þá ber einnig á það að líta, að mörg löggjöf hefur breytzt allmikið á þessum áratugum, sem liðnir eru frá því að skiptalögin öðluðust gildi, og ber að hafa það í huga við endurskoðun skiptalaganna. Þó hygg ég, að stórfelldasta breytingin hafi átt sér stað í verðlags- og efnahagsmálum þjóðarinnar á þessu tímabili og margs konar fyrirtæki risið upp, sem löggjafinn gerði sér þá ekki grein fyrir. Þá er ekki veigaminnst, finnst mér, að þessi löggjöf verði gerð nokkru skýrari en nú er og fastar mótuð, bæði fyrir þá, sem eiga að framkvæma löggjöfina, og ekki síður fyrir hina, sem þurfa að sækja rétt sinn gagnvart þessari löggjöf.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að færa fleiri rök fyrir till. þessari og mér skilst, að hér geti ekki verið um neitt ágreiningsmál að ræða. Hæstv. forseti hefur þegar ákveðið eina umræðu, og það er alllangt liðið á þingtíma og því ekki líklegt, ef tillaga þessi færi til nefndar, að hún hlyti afgreiðslu. Þess vegna vil ég mælast til þess, herra forseti, að tillaga þessi verði látin ganga til atkvgr. þegar nú að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 29:3 atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

26. Þyrilvængjur til landhelgisgæzlu.

Á deildafundum 19. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um þyrilvængjur í þjónustu landhelgisgæzlunnar og samgangna á Vestfjörðum og Austurlandi [151. mál] (A. 300).

Á 37., 40., 41., 44. og 46. fundi í Sþ., 21. febr., 7., 14., 21. og 28. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 4. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Á þskj. 300 flyt ég till. til þál. um, að ríkisstj. verði falið að festa kaup á tveimur þyrilvængjum til aðstoðar við landhelgisgæzluna. Jafnframt legg ég svo til, að önnur þyrlan verði að jafnaði staðsett á Vestfjörðum og sé henni ætlað að annast þar farþegaflug, póstflutninga og sjúkraflug, að svo miklu leyti sem slík þjónusta kynni að geta samrýmzt aðalstarfi hennar í þjónustu landhelgisgæzlunnar, sem að áliti flm. skal jafnan sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum störfum. Hin þyrlan legg ég til að verði staðsett á Austfjörðum og annist hún sams konar almenna þjónustu á Austurlandi og hin á Vestfjörðum auk aðalverkefnis síns í þarfir landhelgisgæzlunnar.

Fyrir tveimur árum flutti ég till. til þál. um kaup á þyrilvængju til samgöngubóta innanhéraðs á Vestfjörðum, og flutti þá einn af þm. Austf. samstundis brtt. við hana um, að einnig yrði keypt þyrilvængja, sem annaðist farþega- og póstflutninga ásamt sjúkraflugi á Austurlandi. Samt sem áður fékkst till. þá ekki afgreidd, hana dagaði uppi í nefnd.

Þegar fullkomnasta varðskip okkar Íslendinga, Óðinn, var smíðað, var yfirbyggingu skipsins hagað þannig, að þyrilvængja gæti haft lendingarstað á þilfari skipsins. Sérfróðum mönnum á þessu sviði var þá þegar ljóst, að þyrilvængjurnar væru tæki, sem gætu hjálpað til við að leysa vissa þætti strandgæzlunnar, sem tæpast yrðu leystir á annan hátt. Síðan eru liðin nokkur ár, en ekki hefur orðið af framkvæmdum. Þó hefur ungur og efnilegur flugmaður aflað sér sérþekkingar á að stjórna þyrilvængjum, og nýlega voru gerðar tilraunir með lendingu þyrilvængju á þilfari varðskipsins Óðins, og er mér tjáð, að þessar tilraunir hafi vel tekizt. Þetta hvort tveggja virðist benda til þess, að enn þá hafi menn það í huga að taka þyrilvængjur í þjónustu landhelgisgæzlunnar. En þessar lendingartilraunir á Óðni varð þó að gera með þyrilvængju, sem varnarliðið á Keflavíkurflugvelli lánaði góðfúslega til þessara tilrauna.

Það hefur komið fyrir oftar en einu sinni, að íslenzkir aðilar hafa orðið að leita til varnarliðsins í alvarlegum slysa- og sjúkdómstilfellum um lán á þyrilvængju til þess að sækja fársjúka eða sárþjáða menn á staði, þar sem venjulegum flugvélum var með engu móti við komið. Það er skammt síðan þyrla frá varnarliðinu var fengin til að sækja sjúkan mann vestur í Dalasýslu, það var núna á þessum vetri, og tókst sú för giftusamlega, og töldu blöðin, að í því tilfelli hefðu engar aðrar leiðir verið færar til að koma hinum sjúka manni fljótt og vel og örugglega á sjúkrahús til sérfræðiaðgerða. Þessi dæmi, þótt ekki séu fleiri tekin, sýna, að Íslendingar þurfa að eignast þyrilvængju. Við þurfum a. m. k. að vera sjálfum oss nógir að þessu leyti í neyðartilfellum. En þörfin er samt miklu viðtækari að mínu áliti. Þar á meðal er verkefni fyrir þyrilvængju í sambandi við fullkomnari gæzlu landhelginnar og til samgöngubóta í strjálbýlum og afskekktum héruðum. En þetta tvennt tel ég, að geti samrýmzt á þann hátt, að sömu vélarnar gegni hvoru tveggja hlutverkinu, og ber þá auðvitað að staðsetja þær með sérstöku tilliti til þess. Ég hef trú á því, að þyrilvængja staðsett á Austfjörðum

og Vestfjörðum hefði til dæmis mikla þýðingu í þjónustu öryggis- og heilbrigðismála í þessum landshlutum. Fjórðungssjúkrahús eru á Ísafirði og í Neskaupstað, en oft er miklum erfiðleikum bundið að koma sjúklingum þangað úr fjarlægum og afskekktum byggðarlögum, einkum að vetrinum. Þessi vandi væri leystur á hinn ákjósanlegasta hátt með þyrilvængju. Sumir hafa nú þegar vakið máls á því, að leysa mætti vandræði fólksins í þeim læknishéruðum, sem langtímum saman hafa verið og eru læknislaus, með stækkun og þar með fækkun læknishéraða. Gæti þar með sparazt nokkurt fé, sem kæmi þá upp í hluta af rekstrarkostnaði þyrlunnar. Það má geta þess, að á fulltrúafundi í Bjarkarlundi s. l. haust með þm. Vestfjarða hreyfði fulltrúi úr Breiðafjarðareyjum því, að tryggja mætti íbúum Flateyjarlæknishéraðs betri læknisþjónustu með því að sameina það hérað t. d. Reykhólahéraði, einkum ef þyrilvængja væri tekin í þjónustu heilbrigðismálanna. Þannig hefur fólkið úti í dreifðum byggðum landsins þegar komið auga á hina miklu og margvíslegu möguleika, sem þyrilvængjurnar opna til bættra samgangna. Víst eru þyrilvængjur dýr tæki, og einnig er talið, að rekstrarkostnaður þeirra sé nokkuð mikill. Úr þessu skal ég engan veginn draga. En það sparar líka mikið fé að losna við alla flugvallargerð í sambandi við nýtingu þeirra, og þá er sú bílaþjónusta, sem nauðsynleg er ávallt í sambandi við aðrar flugvélar að flugvöllum og frá þeim, ekki heldur lítill kostnaðarliður. En þeirrar aðstoðar er ekki þörf í sambandi við þyrilvængjur.

Það fer ekki á milli mála, að Vestfirðir og Austfirðir búa við ófullkomnari og erfiðari samgöngur en aðrir landshlutar. Þess vegna er hér lagt til, að þyrlur þær, sem tillagan fjallar um, verði þar staðsettar. Einmitt þar hefðu þær brýnustu verkefni að gegna um farþegaflug, póstflutninga og sjúkraflug milli einangraðra staða. En jafnframt eru fyrir Vestfjörðum þau fiskimið, sem útlend fiskiskip sækja einna mest á, sérstaklega að vetrinum, þegar öll gæzla landhelginnar er hvað erfiðust. Þá kemur það og til, að meðan sjóflugvélar voru notaðar í innanlandsfluginu, nutu Vestfirðingar dágóðra flugsamgagna. En á þessu hefur orðið stórbreyting til hins verra. Flug hefur lagzt niður til Patreksfjarðar, Bíldudals, Þingeyrar, Flateyrar og Hólmavíkur. Ísafjörður er sem stendur eini staðurinn á Vestfjörðum, sem nýtur beinna flugsamgagna við Reykjavík. Það getur enga furðu vakið, þó að Vestfirðingar uni allilla þessari afturför í samgöngumálum þeirra. Að vísu væri ekki mjög kostnaðarsamt að lengja svo flugbrautirnar við Þingeyri og Hólmavík, að flug gæti hafizt þangað fljótlega. En vafalaust verður þess nokkuð langt að bíða, að flugvellir verði fullgerðir á Patreksfirði, í Bíldudal og í Önundarfirði, en þá fyrst, þegar þetta væri gert, væru þó flugsamgöngur Vestfirðinga aðeins komnar í svipað horf og áður var. En þar að auki eru mörg byggðarlög þannig sett á Vestfjörðum, að í grennd við þau eru engin skilyrði til meiri háttar flugvallargerðar. Þeirra þörf fyrir flugsamgöngur verður því aldrei leyst með öðru móti en með þyrilvængju. Mér koma í hug staðir í þessu sambandi eins og Súgandafjörður, Tálknafjörður, Ingjaldssandur, Rauðasandur, Barðaströnd, Austur-Barðastrandarsýsla, norðurhluti Strandasýslunnar, ýmsar byggðir við Ísafjarðardjúpið og raunar fleiri staðir og byggðarlög, sem þyrlur gætu veitt ómissandi þjónustu.

Það, sem hér hefur verið sagt um Vestfirði, á í flestum tilfellum einnig við um Austfirðina, og skal ég ekki fara nánar út í það.

Ég get búizt við, að einhverjum fyndist e. t. v. óþarflega mikið í fang færzt með því að kaupa tvær þyrilvængjur í upphafi, ein gæti dugað í tilraunaskyni. Og á það skal að vísu fallizt, að víst væri það spor í rétta átt og til nokkurra bóta að kaupa eina þyrilvængju, því að ef svo væri gert, værum við Íslendingar ekki lengur á slíku bónbjargastigi á þessu sviði gagnvart setuliðinu sem við höfum verið til þessa. En þó er sannleikurinn sá, að helzt þyrfti að kaupa þrjár þyrilvængjur samtímis, eina staðsetta á Vestfjörðum, aðra á Austfjörðum og þá þriðju staðsetta hér suðvestanlands. Það mundi fljótt sannast, að þeirra væri allra full þörf, og það getur leyst margan vanda, sem ekki er auðleystur með öðrum hætti.

Það er mesti misskilningur, að nokkurra tilrauna sé þörf með þyrilvængjur. Þær eru nú þegar þrautreynd farartæki erlendis. Þær eru orðnar mjög algengar til farþega- og póstflutninga á styttri flugleiðum á meginlandi Evrópu, einkum milli hinna stærri flugvalla álfunnar, og hef ég t. d. sjálfur ferðazt með 12 farþega þyrilvængju milli Brüssel og Kölnar. Og það er líka algengt að heyra það í heimsfréttunum, þegar sagt er frá stórslysum og náttúruhamförum, að þyrlur hafi þá þegar verið sendar á vettvang til björgunar, og verður þetta að gerast oft og tíðum við hin erfiðustu veðurskilyrði. Nú fyrir skemmstu, — það var nú í vetur, fyrir um tveimur mánuðum eða svo, — var sagt frá því, að fjöldi húsa hrundi í einni af stórborgum Bretlands og óðar voru þyrlur sendar á vettvang til þess að bjarga fólki úr rústunum. Þá veit ég og, að margir minnast þess, að stundum er frá því sagt, að forseti Bandaríkjanna bregði sér á milli borga, frá og til Hvíta hússins, í þyrilvængju. Bendir það til þess, að tækið þyki nú þegar svo öruggt, að lífi hans sé með því ekki stofnað í neinn háska. Þá muna menn það og, að geimfarinn Glenn ofursti var fiskaður upp af þyrilvængju, þar sem hann hafði lent á hafinu eftir geimflug sitt. Og enn má geta þess, að danska landhelgisgæzlan keypti nýlega tvær hraðfleygar þyrilvængjur, svokallaðar þotuþyrlur — eða jet-helikopter — til aðstoðar við strandgæzluna á Norðursjó. Annars hygg ég, að ekki þurfi miklar orðræður að hafa um það við hv. alþm., að þyrilvængjur séu gagnlegar og geti leyst ýmiss konar vanda, sem ekki verði leystur með öðrum flugvélum. Þeirra mestu yfirburðir liggja í því, að þær geta lent og tekið sig upp nálega hvar sem er, jafnvel af þilfari skips eða flötu húsþaki, og þurfa þannig enga flugvelli. Slíkur eiginleiki getur sparað mikið fé og verður að teljast ómet-

anlegur í okkar strjálbýla fjallalandi. Takmörkun þyrilvængnanna er hins vegar minni hraði en annarra flugvéla, og því henta þær síður til flugs á langleiðum. En í sambandi við það hlutverk, sem hér hefur verið rætt um að leysa, er það ekki hraðinn, sem mestu máli skiptir. Hitt er aðalatriðið, að þyrlurnar geta komið að gagni við ýmisleg skilyrði, þar sem öðrum flugvélum verður ekki við komið. Þess vegna tel ég, að það eigi að samþykkja þessa till. Með samþykkt hennar væri þrennt unnið: Stórt skref væri stigið áfram í öryggismálum vorum, landhelgisgæzlan væri efld og þær umbætur fengnar í samgöngumálum dreifbýlisins, sem tæpast geta orðið að veruleika með neinum öðrum hætti.

Herra forseti. Ég legg til, að till. verði að þessari umr. lokinni vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég stend ekki hér upp til þess að andmæla því, að þessi till. fái þinglega meðferð og málinu sé sýnd full samúð, heldur til þess að skýra frá nokkrum atriðum í sambandi við flugmál á Vestfjörðum, en það kom fram í ræðu hv. flm. og kemur fram einnig í grg., að það sé mjög vafasamt, hvort ekki þurfi að bíða enn í mörg ár, að flugvellir verði fullgerðir á Patreksfirði, Bíldudal og Önundarfirði, en þá fyrst verði flugsamgöngur Vestfjarða aftur komnar í svipað horf og áður hefur verið. Út af þessu vil ég taka fram, að hæstv. samgmrh. skipaði á s. l. sumri nefnd manna til að athuga þessi mál. Nefndin hefur starfað að þessum málum. Í henni eru m. a. flugmálastjóri, formaður, Björn Pálsson flugmaður, sem hefur haft þjónustu hér um sjúkraflug um alla staði landsins, og svo ég sem kunnugur staðháttum á Vestfjörðum, en auk þess hefur verið haft fullt samráð við Flugfélag Íslands. Bæði Örn Johnson og Haukur Claessen hafa verið með í að rannsaka þessi mál og ræða þau, og í sambandi við þær umr. kom mjög til athugunar að gera kaup á slíkum þyrlum eins og hér er lagt til, að keyptar verði til landhelgisgæzlunnar, og sameina þær við flugsamgöngur á Vestfjörðum. En allar upplýsingar, sem við fengum um það mál, frá flugmálastjóra og öðrum aðilum, sem flestir trúa til að hafa dýpsta þekkingu á tæknilegu atriðunum, miða í þá átt, að þetta væri engan veginn heppilegasta lausnin til farþegaflutninga á milli Vestfjarða og annarra staða á landinu. Þetta kostaði bæði miklu meira fé í rekstri og er auk þess engan veginn jafnöruggt og aðrar flugvélar. Ég skal engan dóm á það leggja, hvort það er rétt. Ég vil aðeins skýra frá því, sem fram kom í nefndinni. Nefndin hefur því horfið frá að leggja til, að keyptar yrðu þyrilflugvélar til þeirra hluta. Hins vegar var samkomulag um það við Flugfélag Íslands, að Flugfélagið skyldi kaupa litla flugvél, sem gæti tekið allt að 6 farþega, og hefja aftur flug á Vestfjörðum. Og það hefur verið yfirlýst af hæstv. samgmrh., að nú á n. k. sumri verði hafizt handa um að byggja flugvöllinn á Patreksfirði, væntanlega verði hann kominn svo langt á þessu ári, að það sé hægt að hefja þangað flugferðir. Verið er að undirbúa að gera nægilega stóra flugvelli á öðrum þeim stöðum á Vestfjörðum, sem við höfum rætt um, til þess að taka megi þar upp aftur flugsamgöngur á svipaðan hátt og áður, með þeirri flugvél, sem Flugfélag Íslands hefur þegar fest kaup á og ætlar sér að taka í notkun á komandi sumri.

Þetta þótti mér rétt að láta koma fram í sambandi við þær umr., sem fallið hafa hér um flugsamgöngur á Vestfjörðum. Ég ræði hins vegar ekkert það atriði, sem snertir landhelgisgæzluna, það verður gert í þeirri n., sem fær þetta mál til meðferðar, og að sjálfsögðu tekur sú n. þá einnig upp athugun á því, hvort heppilegra sé að hverfa að því ráði að þjóna Vestfjörðunum með þyrilflugvélum og breyta þannig áliti flugmálastjóra á þessu máli, og kemur það þá fram, þegar það mál hefur verið afgreitt.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er nokkuð síðan ég og aðrir Vestfjarðaþingmenn fengu vitneskju um starf þeirrar n., sem hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) skýrði nú frá og að hans frásögn gaf nokkrar vonir um það, að Flugfélag Íslands mundi e. t. v. kaupa litla flugvél og hefja með henni áætlunarflug á nokkra staði á Vestfjörðum. Vegna þess átti ég svo samtal við forstjóra Flugfélags Íslands, Örn Johnson. Síðan ég átti það viðtal, er sennilega liðið hátt á annan mánuð, en þá sagði hann mér, að hans félag hefði engar skuldbindingar á sig tekið til að hefja slíkt flug á Vestfirði á næsta sumri. Til þess að hann geti gert það, yrði að fullnægja ýmsum atriðum. Það er í fyrsta lagi að ganga örugglega frá flugbrautum á þeim stöðum, er áætlunarflugið ætti að beinast að, og það hefði ekki verið gert enn og væri fjarri því að fullnægja öryggisskilyrðum. Í annan stað hefði það komið í ljós, að á þeirri vél, sem hans félag hefði haft áform um að kaupa til þessa hlutverks, væru heimtaðir tveir flugmenn, en hann fullyrti, að algerlega væri útilokað, að nokkur fjárhagslegur grundvöllur væri fyrir rekstri slíkrar flugvélar, ef ekki yrði veitt undanþága frá þessu öryggisákvæði um tvo flugmenn. Af þessum svörum forstjórans þóttist ég skilja, að vandkvæði væru mikil á því, að Flugfélag Íslands tæki upp flug á Vestfirði á næstunni, það yrði a. m. k. að víkja frá þessu skilyrði um tvo flugmenn og enn fremur að búið væri að endurbæta flugbrautirnar á þeim stöðum, er hans félag ætti að hefja flug til.

Nú hefur hvorugt gerzt, svo að ég viti. En það væri ánægjulegt að heyra það, að búið væri að ganga frá endanlegum samningum um þetta, og fá þá vitneskju um það, að örugglega gæti hafizt flug til t. d. Patreksfjarðar, Bíldudals og annarra staða á Vestfjörðum, sem áður hafa notið flugsamgangna við Reykjavík, meðan sjóflugvélarnar önnuðust flug þangað.

Að sjálfsögðu má, eins og ég tók fram áðan, með ekki mjög miklum tilkostnaði fullkomna flugbrautirnar í Dýrafirði, við Þingeyri, og við Hólmavík, og ætti það e. t. v. að geta verið tilbúið fyrir sumarið eða fyrri hluta vors. En þó að svo færi, að þetta gengi allt að óskum, þá sé ég ekki annað en alveg standi opið það svið, sem till. nær til, sem sé að gerðar séu ráðstafanir

til, að keyptar verði þyrilvængjur, sem aðstoði varðskip okkar við landhelgisgæzluna. Vitað er, að þær verða að hafa bækistöð á landi, og þá virðist mér einsætt, að það sé praktiskast, að þær hafi aðsetur í þeim landshlutum, sem verst eru settir með samgöngur, og það eru tvímælalaust Vestfirðirnir og Austfirðirnir. Tíminn, sem þessar þyrilvængjur eru í landi og ekki í beinni þjónustu landhelgisgæzlunnar, þeir dagar eru margir, og væri þá vitanlega sjálfsagt að nota þær að nokkru í þjónustu fólksins á hinum afskekktustu stöðum, sem fengi ekki þjónustu frá öðrum flugvélum, hvorki að því er snertir sjúkraflug, póstflug eða starfsemi gagnvart annarri flugþjónustu veittri í þessum landshlutum.

Það var líka auðheyrt á ræðu hv. 1. þm. Vestf., að hann vildi á engan hátt leggja stein í götu þessarar till., en aðeins koma á framfæri upplýsingum, sem hann taldi sig geta gefið þingheimi um vonir í nokkuð auknu farþegaflugi til Vestfjarða, e. t. v. einnig eitthvað til Austfjarða á vegum Flugfélags Íslands, ef þær torfærur, sem forstjórinn fyrir skömmu taldi á því, að hann gæti tekizt slíkan vanda á hendur fyrir sitt félag, eru þá ekki lengur í vegi.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér áðan í sambandi við viðtal, sem hann hafði átt við forstjóra Flugfélags Íslands. Það vill nú svo til, að ég hef einnig átt viðtal við þennan sama forstjóra, og n., sem áðan var vitnað til, talaði einnig við hann.

Vitanlega liggur engin skuldbinding á herðum Flugfélagsins að hefja flug á Vestfirði, fyrr en lendingarskilyrði eru þar svo góð, að það sé forsvaranlegt. Og við vitum, hvers vegna þetta er svo á Vestfjörðum, að lendingarskilyrði eru þar ekki nógu víða eða nógu góð. Það er út af því, að alveg fram að þessu hefur sjóflugvélin haldið uppi samgöngum við þennan landshluta, og undanfarið hefur þess vegna ekki verið hugsað um það að byggja flugvelli á hinum ýmsum stöðum þar. Þó er það svo, að á Þingeyri er mjög sæmilegur völlur, og það liggur við, að Dakotavél geti lent þar. Það er ekki mikið, sem þarf að lengja þann völl. En sá völlur væri ágætur fyrir tveggja hreyfla flugvél, er gæti tekið 8 farþega. Á Patreksfirði aftur á móti er ekkert nema eyrin til að lenda á, og mér hefur skilizt á málsvörum Vestfirðinga, að þeir telji ástæðu til að leggja megináherzlu á það, að það verði hafizt handa og að það verði reynt að ljúka gerð flugvallar á Patreksfirði í sumar, sem væri nægilega stór og góður fyrir þessa flugvél sem Flugfélagið hyggst festa kaup á.

Það liggur í augum uppi, að það verður ekki allt gert í einu. Það verða ekki byggðir margir flugvellir á Vestfjörðum á næsta sumri. En aðalatriðið er vitanlega, að það verði byrjað og það verði lokið við það, sem byrjað er á, svo að það komi að gagni. Það er vitanlega stór bót í máli, ef það gæti orðið á þessu sumri og seinni part næsta sumars fært að lenda á Patreksfirði, Þingeyri og Hólmavík, það er ekki mikið, sem þarf að gera þar til að gera líka fært, jafnvel bótt svo Bíldudalur þyrfti að bíða til næsta árs og Önundarfjörður. Þetta eru mál, sem þarf vitanlega að sinna, því að það er alveg gerbreyting frá því, sem var, og spor aftur á bak. Vestfirðingar hafa haft flugsamgöngur með sjóflugvélinni, og það er ekki eðlilegt, að þeir sætti sig við það, að það verði nú af þeim tekið, af því að ekki er lengur unnt að gera sjóflugvélina út.

Hitt er svo alveg rétt, sem hv. 1. þm. Vestf. talaði um hér áðan, að athugun manna, sem hafa sérþekkingu á flugmálum, hefur leitt í ljós, að þyrilvængjur eru ekki heppilegar til farþegaflugs, til þess að halda uppi áætlunarflugi. Þyrilvængjur eru mjög heppilegar til að grípa til, þegar slys ber að höndum, og jafnvel við landhelgisgæzlu. Ég ætla mér þess vegna ekki að mæla gegn þeirri till., sem hér um ræðir og hv. 4. landsk. hefur flutt. Það er áreiðanlega þess virði að athuga það mál. En samgöngumálin verða tæplega leyst á milli þessara fjarlægu staða í landi okkar með því að hefja áætlunarflug með þyrilvængjum. Það verður gert með því að kaupa hentugar vélar, sem geta lent á flugbrautum, sem eru ekki mjög langar.

Um það, að það liggi krafa fyrir um, að það verði tveir flugmenn á þessari vél, það hefur heyrzt, en að það sé ófrávíkjanleg krafa, það skal ég nú ekkert um segja. Ég býst við, að það mál verði athugað, þegar að því kemur, af fullu raunsæi, en um það skal ég ekki dæma. En ég veit um vilja forstjóra Flugfélags Íslands og þá væntanlega stjórnar Flugfélags Íslands á því, að þeim er alveg ljóst, að það hvílir á þeim nokkur skylda gagnvart hinum rýrari flugleiðum, um leið og þeim er gefinn einkaréttur á því að halda uppi áætlunarferðum til þeirra staða, sem flesta farþega hafa. Ég hef heyrt á forstjóra Flugfélagsins, að hann gerir sér þetta fyllilega ljóst, að þessi einkaréttur, sem Flugfélagið hefur til fólksflutninga hér á landi, leggur félaginu einnig skyldur á herðar að gera nokkuð fyrir þá staði, sem eru fámennari.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 6. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

27. Útflutningssamtök.

Á deildafundum 20. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um löggjöf um útflutningssamtök [152. mál] (A. 303).

Á 40. og 41. fundi í Sþ., 7. og 14. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Sþ., 21. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Till. sú, sem hér er tekin til umr. og flutt er af 6 þm. Alþfl., hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa þriggja manna nefnd til að semja frv. til laga um útflutningssamtök. Nefndin skal hafa samráð við félagssamtök sjómanna og útvegsmanna og starfandi sölustofnanir, en ljúka störfum svo snemma, að frumvarpið verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Undanfarna mánuði hafa verið miklar deilur um ýmis atriði varðandi útflutning og útflutningssamtök hér á landi, og hafa þær deilur bæði verið innan sala Alþingis og utan. Útflutningsmálin skipta Íslendinga meiru en flestar aðrar þjóðir, því að erfitt mun að finna nokkurt ríki, þar sem utanríkisverzlun er eins mikil miðað við íbúafjölda og hér eða hefur eins mikla þýðingu varðandi afkomu borgaranna. Útflutningur fiskafurða hér á landi hefur verið skipulagður eftir margra áratuga reynslu. Fimm stórar stofnanir hafa nú með hendi um 70% af þessum flutningi, en það eru Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband ísl. samvinnufélaga, Samband skreiðarframleiðenda og síldarútvegsnefnd. Aðeins ein af þessum stofnunum, síldarútvegsnefnd, starfar eftir sérstökum lögum. Löggjöf um starfsemi slíkra útflutningssamtaka er ekki til, og hafa margir komið auga á, þegar mikið hefur verið deilt um samtökin og starf þeirra, að slík ástæða væri til þess að setja sérstaka löggjöf, sem yrði eins konar rammi fyrir starfsemi þeirra.

Flm. till. hafa í grg. ekki valið þann kost að benda á röksemdir, sem Íslendingar eða aðilar innanlands hafa flutt með og móti þessari hugmynd, vegna þess að mál þessi eru viðkvæm, og má oft vefengja skoðanir eða tilgang manna. Hins vegar höfum við dregið fram atriði úr skýrslu, sem norski sérfræðingurinn Gerhard Meidell Gerhardsen prófessor fyrir nokkru gerði eftir mjög ýtarlega athugun á sjávarútvegsmálum Íslendinga. Við drögum skoðanir hans fram eingöngu af því, að varla verður um það deilt, að hann sé fullkomlega hlutlaus í þessum málum og hafi þar engra hagsmuna að gæta. Í skýrslu þessa norska prófessors leggur hann einmitt mikla áherzlu á nauðsyn þess, að slík löggjöf um starfsemi útflutningssamtaka verði sett. Hann nefnir margar ástæður fyrir því, að slíkrar löggjafar sé þörf. Fyrst og fremst bendir hann á, að hér á Íslandi sé engin löggjöf til um einokun, Cartel eða antitrust lög eins og þau kallast annars staðar. Nú er efnahagslíf okkar ekki stærra en svo, að tilhneiging til einokunar hlýtur að vera mjög mikil, og mætti því ætla, að við þyrftum að hafa slíka löggjöf. Hinn norski sérfræðingur bendir á, að þar sem slík löggjöf sé hér engin til og ekki líkindi til, að hún verði sett bráðlega, vegna þess að undirbúningur hennar mundi verða mikil vinna, sé enn ríkari ástæða til að setja löggjöf um starfsemi þessara fimm stórfyrirtækja, sem eru meðal hinna stærstu og voldugustu í landinu. Þá bendir hann á með ýmsum dæmum, að þörf sé á því að staðfesta með reglum eða lögum verkaskiptingu, vegna þess að hér sé greinileg tilhneiging til þess, að einstök fyrirtæki breiði sig út í önnur svið. Þannig er útflutningsfyrirtækið, áður en menn vita af, einnig orðið siglingafyrirtæki, tryggingafyrirtæki, verzlunarfyrirtæki o. s. frv., og virðist liggja í augum uppi, að nauðsynlegt sé fyrir okkur að gera okkur grein fyrir, hvað af þessari þróun kynni að byggjast á röksemdum, sem þjóðfélagið verði að taka gildar, en hvað af þessu sé óeðlileg tilhneiging til valds, áhrifa og gróða í þjóðfélaginu.

Augljóst er, hversu lítið þarf til þess, að hagsmunarárekstrar komi til, og ekki víst, að þeir aðilar, sem ríkisvaldið hlýtur að hafa mestan áhuga á, hinir raunverulegu framleiðendur, njóti þar kostanna við bætt skipulag eða kaup nýrra atvinnutækja.

Fleira nefnir Gerhardsen, og skal ég aðeins telja eitt fram, sem virðist, eftir því sem árin líða, skipta meira og meira máli. Það er að skapa þolanlegan frið fyrir þessi samtök til að starfa. Þróun hefur orðið slík hér á Íslandi, að tortryggni um starfsemi þessara samtaka er sívaxandi. Skal ég ekkert segja um ástæðu til þess, að hún virðist oft vera rík, en það mundi vera samtökunum og útflutningsframleiðslu okkar allri í heild mjög til góðs, ef hægt væri að skapa starfsskilyrði og ramma fyrir starfsemina, þannig að tortryggnin minnkaði og deilurnar yrðu minni en verið hafa. Í skýrslu Gerhardsens eru mun nánari tillögur um það, hvað hann telur að eigi að vera í slíkri löggjöf, en ég tel ekki ástæðu til að gera nánari grein fyrir því á þessu stigi. Hér er ekki um að ræða lauslega hugmynd, heldur skilgreinir hann nákvæmlega, hvaða efnisatriði honum virðist að þyrftu að vera í slíkri löggjöf, ef sett yrði.

Herra forseti. Þar sem ákveðnar eru tvær umr. um þessa till., virðist hún eiga að fara til fjvn., og geri ég tillögu um, að henni verði þangað vísað.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hér liggur fyrir till. frá 6 hv. þm. Alþfl. um löggjöf um útflutningssamtök. Efni till. er það að fela ríkisstj. að skipa þriggja manna nefnd til að semja frv. til slíkra laga, og á nefndin að hraða svo störfum, að frumvarpið verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Flm. geta þess í grg m. a., að fimm stórar stofnanir annist um 70% af útflutningi fiskafurða, og síðan eru þær stofnanir nefndar. Samkv. því er þá um 30% af útflutningnum í höndum annarra, og ég tel það æskilegt, að slíkt frjálsræði geti ríkt í viðskiptum, að þeir, sem hafa áhuga á því að afla markaða fyrir íslenzkar útflutningsvörur, hafi möguleika til þess og jafnvel meiri framvegis en oft hefur verið hjá okkur að undanförnu. Flm. segja í grg., að af þeim samtökum, sem þar eru nefnd, starfi aðeins síldarútvegsnefnd samkv. sérstökum lögum. Við þetta tel ég nokkuð að athuga. Ég held, að ég muni það rétt, að starfsemi Sölusambands ísl. fiskframleiðenda sé byggð á sérstakri löggjöf, a. m. k. var það svo upphaflega, og ég held, að þau lög séu í gildi enn að miklu leyti. Það eru

þarna, auk þess fyrirtækis, sem ég nefndi, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samlag skreiðarframleiðenda. Líklega er það svo um þessi fyrirtæki og einnig raunar um Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, að þau séu hvorki hlutafélög né samvinnufélög að lögum. En að sjálfsögðu hafa öll þessi fyrirtæki sett reglur til að starfa eftir, hvert hjá sér. En um eitt fyrirtæki, sem þarna er nefnt, Samband ísl. samvinnufélaga, er það að segja, að það var stofnað og starfar á grundvelli samvinnulaganna. Það veit ég, að hv. flm. muni vera fullkunnugt, eigi sízt hv. 1. flm. till., svo að það er ekki rétt, að það fyrirtæki starfi ekki samkv. sérstökum lögum.

Ég skal ekki um það dæma, hvort þörf væri á því að setja ákvæði í lög um starfsemi þeirra annarra fyrirtækja, sem þarna eru nefnd, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsa og Samlags skreiðarframleiðenda, úr því að þau eru hvorki rekin á hlutafélags- né samvinnugrundvelli. Það er mál, sem vitanlega mætti íhuga, hvort þess væri þörf. Í grg. till. er vitnað í einn norskan Gerhardsen, og er það prófessor, og birt hér nokkuð úr skýrslu, sem talið er að hann hafi gert um sjávarútveg Íslendinga. Ég minnist þess ekki, að ég hafi séð þessa skýrslu, og mér er ekki kunnugt um starf þessa norska prófessors hér. Fróðlegt þætti mér að vita, hvort ríkisstj. hefur fengið hann til þess að gera þessa ýtarlegu athugun á sjávarútvegi Íslendinga.

Meðal þess, sem þessi norski maður segir, er það, að löggjöf um útflutningsfyrirtækin sé sérstaklega æskileg. Og hann segir, að í slíkum lögum beri að staðfesta, beint eða óbeint, að viðurkenna beri áfram regluna um verkaskiptingu. Síðan segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkið verður því að ákveða, hvort sölusamtök megi stofna dótturfélög til siglinga, trygginga, innflutnings, umbúðaframleiðslu o. s. frv. Við núverandi aðstæður getur þetta þýtt, þar sem grundvöllurinn er ekki nægilega sterkur, að til greina komi að leggja niður hluta af aukastarfsgreinum, sem hafa þróazt. Rannsókn á hagkvæmni í siglingum getur leitt í ljós, að það sé ekki í samræmi við beztu hagsmuni þjóðarinnar, að sölusamtökin eigi sérstök skipafélög."

Ég felli mig ekki vel við þetta, sem fram kemur hjá þessum norska prófessor, að ríkið eigi að ákveða það, hvort sölusamtökin megi sjálf annast siglingar, t. d. flytja út á sínum vegum íslenzkan fisk eða stofna til trygginga vegna þeirrar starfsemi, sem samtökin og félagsmenn þeirra reka. Ég felli mig ekki heldur vel við það, að ríkið eigi að ákveða, hvort slík samtök megi koma á hjá sér umbúðaframleiðslu til að búa til umbúðir um þær vörur, sem þau flytja á erlendan markað. Mér finnst það eðlilegt, að þessi samtök hafi frelsi til þess að annast slíka starfsemi, ef þau og þeirra félagsmenn telja það hagkvæmast. Enn er vikið að því í grg. með till., að sterk þörf sé að skapa frið um starfsemi sölusamtakanna. Þetta er í þeim kaflanum, sem tekinn er upp úr skýrslu Norðmannsins. Og þar segir: „Hinn algengi misskilningur og hinar tíðu opinberu umræður um tilverurétt og einstakar aðgerðir samtakanna getur hvorki verið í hag samtakanna né þjóðfélagsins."

Getur það verið, að maðurinn leggi til, að það eigi að fara að takmarka opinberar umr. um svona félagssamtök? Og hann segir enn, að hinir einstöku meðlimir samtakanna hljóti að líta á það sem tryggingu, að skýr og ljós lagaákvæði séu um starfsemi samtakanna, ekki sízt ef þeir eru félagar í mörgum samtökum. Ég er hræddur um, að það verði alls ekki útilokað með þessu, að sitt geti sýnzt hverjum í fjölmennum félögum, jafnvel þó að búin verði til ein ný lög um útflutningssamtök. Og ég veit ekki, hvort það er að öllu leyti æskilegt að ganga þannig frá þeim málum, að þar verði eilífur friður og enginn sjái ástæðu til þess að gera neinar athugasemdir við reksturinn, því að þannig er það nú með okkur mennina og verður trúlega fyrst um sinn, að við erum engir alfullkomnir í störfum. Svo segir síðast í grg., að í skýrslu Gerhardsens séu nánari tillögur um hugsanlega löggjöf um sölusamtök, sem ekki sé ástæða til að ræða á þessu stigi málsins. Ég hef nefnilega talið nokkra ástæðu til þess að ræða um það og fá nánari upplýsingar úr skýrslu hins norska manns um það, hvað það er, sem hann telur að þurfi nauðsynlega að vera í slíkri löggjöf. Það hefði verið a. m. k. fróðlegt til frekari glöggvunar á málinu.

Síðast í grg. segir, að það virðist augljóst, að þörf sé fyrir slíka löggjöf. Ég er nú ekki búinn enn að koma auga á þá ríku þörf, þó að flm. telji hana augljósa. Ekki mun ég, þrátt fyrir þetta, sem ég hef sagt, hafa neitt á móti því, að till. þessi fari til þingnefndar til athugunar, en ég vænti þess, að sú hv. nefnd taki þetta til íhugunar frá ýmsum hliðum, og ég vil benda á það, að ég tel alveg sjálfsagt fyrir nefndina að byrja á því að spyrja þessi fyrirtæki og félög, sem þarna eru nefnd, um það, hvort þeim sé augljós þessi ríka þörf fyrir lagasetningu.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Raunverulegt efni þessarar till. er að stíga fyrstu skrefin til þess, að þjóðfélagið fylgist með rekstri stórfyrirtækja og hindri vöxt einokunarhringa og annarra slíkra fyrirbrigða, sem við vitum allir og viðurkennum að tröllríða efnahag ýmissa þjóða í kringum okkur, þó að það hafi því miður verið lítið um þetta talað hér.

Ég get sagt frá því hér, ef það væru tíðindi fyrir einhverja, að í baráttunni gegn þessum hringum og fyrir löggjöf til að takmarka starfsemi þeirra í þágu þjóðfélagsins og borgaranna hefur einn hópur manna skarað fram úr að áhuga, atorku og dugnaði. Þessi hópur er samvinnumenn. Alþjóðasamband samvinnumanna gefur út tvö sérstök tímarit. Annað þeirra heitir Cartel og fjallar eingöngu um þessi mál, af því að viðurkennt er alls staðar, að höfuðandstæðingar samvinnufélaganna á grundvelli frjálsra viðskipta séu einmitt þessar samsteypur fjármagnsins. Tilgangur þeirra er yfirleitt að skapa óeðlilega efnahagsaðstöðu og óeðlilegan gróða, sem þá verður á kostnað smáframleiðenda eða neytenda. Þess vegna verð ég að segja, að það er heldur einkennilegt, að eini maðurinn, sem stendur upp, ekki aðeins til að andmæla, heldur gera góðlátlegt grín að málinu, skuli vera frægur fyrir áratuga starf í samvinnufélögum hér á landi.

Ég var árum saman starfsmaður félaganna og skrifaði öðru hverju um þessi mál í Samvinnuna. Voru aldrei gerðar neinar aths. við það þar.

Þessi hv. þm. segist ekki fella sig við þá hugsun, að ríkið eigi að geta ákveðið, hvort efnahagssamsteypa megi taka upp skiparekstur, taka upp tryggingastarfsemi eða annað slíkt. Þetta þýðir, að hann hrindir frá sér þegar í upphafi kjarnanum og fyrsta atriði þess, að ríkisvaldið hafi vald til að hindra myndun einokunarhringa. Ég gæti nefnt honum mörg dæmi, þar sem slíkt er gert. Það þykir góð latína í baráttu gegn einokunarhringum að taka dæmi um Bandaríkin, sem eru háborg kapítalismans, og ég get bent hv. þm. á, að það eru ekki nema fá ár, síðan ríkisvaldið í Bandaríkjunum sagði við einn hringinn, Du Pont: Þið megið ekki stunda bílaframleiðslu, þið megið ekki eiga meiri hlutann í General Motors-hringnum. Með því að eiga þetta, fáið þið of mikið vald. Þetta var bein fyrirskipun um að selja hlutabréfin í General Motors. Í háborg auðvaldsins er þetta vald viðurkennt, sem hrekkur af hv. 1. þm. Norðurl. eins og vatn af gæs. Ég vona, að hann íhugi þetta betur og hvað á bak við er. Hann mun þá komast að raun um, að það er ekki vitleysa, sem Alþjóðasamband samvinnumanna er að gera, þegar það gefur út sérstakt tímarit helgað þessari baráttu. Það kemur út suður í London, í aðalstöðvum samtakanna, og eru vafalaust til eintök af því í skrifstofum Sambands ísl. samvinnufélaga hér á landi.

Ég vil taka fram, að inn í þessar umr. blandast verulega rekstrarformið. Það, sem gerist við samsteypur, getur haft mismunandi þjóðfélagsleg áhrif eftir því, hvort gert er gegnum opinber fyrirtæki, samvinnufyrirtæki eða einkafyrirtæki. Ég get nefnt mjög nærtækt dæmi. Ég efast til dæmis ekki um, að ef mikill ágóði er af skipadeild Sambands ísl. samvinnufélaga, rennur sá ágóði annaðhvort til stuðnings öðrum deildum eða sem arður til kaupfélaganna og þaðan til fólksins. En það hefur enginn maður enn þá sannfært mig um, að ef t. d. Jöklar h/f skili stórkostlegum gróða eitt ár, þá sé sjálfgert, að þeim gróða verði dreift til frystihúsanna í landinu. Í þessu felst einn af meginkjörnum málsins og eitt af því, sem athuga þarf, þegar slíkt mál er tekið til athugunar.

Ég fékk skýrslu Gerhardsens hjá viðkomandi ráðuneyti, og ég vona, að nefndin, sem fær málið, geti fengið hana til athugunar og þar nánari upplýsingar, sem þar eru.

Hv. þm. hneykslaðist mjög á því, að mönnum þætti nóg um þann eld og ófrið, sem er um útflutningssamtök hér á landi, og lá í orðum hans, a. m. k. skildi ég þau þannig, að við Alþýðuflokksmenn værum bókstaflega að ganga gegn sjálfu lýðræðinu með því að láta okkur detta í hug, að það væri hagkvæmt fyrir útflutningsatvinnuvegina að minnka þessar opinberu deilur. Ég minnist þess, að þau mörgu ár, sem ég átti sem starfsmaður sæti á aðalfundum Sambands ísl. samvinnufélaga, voru oft gerðar samþykktir, þar sem fundirnir lýstu hryggð sinni yfir stöðugum árásum, sem gerðar voru á samtökin, og túlkuðu þær alls ekki allar sem eðlilega, lýðræðislega gagnrýni, sem ekki var von, því að þetta voru ekki annað en pólitískar árásir. Ég tel, að það sé engin goðgá gagnvart lýðræðinu, þó að við reyndum að koma málum þannig fyrir, að við deildum um pólitík og annað á viðkomandi vettvangi, en reyndum að skapa þær aðstæður, að við teldum okkur ekki þurfa að draga fyrirtæki, sem eiga að koma fram í öðrum löndum fyrir okkar hönd og selja okkar framleiðslu, stöðugt inn í deilurnar.

Það, sem ég hef sagt eða haft eftir hinum norska sérfræðingi í grg. till., er að minni hyggju nákvæmlega í sama anda og ég lærði á þeim árum, sem ég hafði nánust kynni af samvinnustarfsemi. Ég vil því endurtaka, að ég tel þetta veigamikið mál og ekki sé seinna vænna, að Alþingi Íslendinga fari að íhuga það og athuga, rétt eins og þjóðþing svo til allra siðmenntaðra landa hafa gert.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. gaf engar upplýsingar um þennan norska prófessor, hvort hann hefði verið hér þjónn íslenzku ríkisstj. við athugun á sjávarútveginum.

Nú kom það fram í síðari ræðu hv. 1. flm., að hann telur þetta vera fyrsta skrefið, sem sé stigið til þess að koma í veg fyrir óholla starfsemi einokunarhringa. Líklega ber þá að skilja þetta þannig, að þessi fimm fyrirtæki, sem nefnd eru þarna í grg., það séu þau, sem sé að óttast í þessu efni. Vald þeirra geti orðið svo mikið, að hér þurfi að koma til löggjöf frá Alþingi. Hv. þm. segir, að þessir stóru hringar, einokunarhringar í öðrum löndum, þeir séu þar höfuðandstæðingar samvinnufélaganna. En svo setur hann þó hér í grg. Samband ísl. samvinnufélaga í flokk með hinum. Ég held, að við hljótum að vera sammála um það, ég og hv. 5. þm. Vesturl., að samvinnufélög geti aldrei orðið og séu aldrei einokunarhringar, — félög, sem starfa á samvinnugrundvelli. En hvað er þá að segja um hin fyrirtækin, sem þarna eru nefnd í grg.? Það eru sérstök lög um síldarútvegsnefnd, eins og þarna er tekið fram. Það er alveg á valdi löggjafarsamkomunnar og ríkisstj., hvort þessi nefnd hefur áfram einkarétt til útflutnings á saltaðri síld, eins og við vitum. Og það er alveg á valdi sömu aðila samkv. lögum, — samkv. lögum er það á valdi ríkisstj. nú að veita útflutningsleyfi og synja um útflutningsleyfi fyrir íslenzkar vörur. Það eru aðallega tvö fyrirtæki, sem flytja út frystan fisk — samkvæmt opinberum leyfum. Samlag skreiðarframleiðenda flytur út mikið af harðfiski, e. t. v. einhverjir fleiri, en þá er það líka undir **eftirliti hins opinbera, svo að það vantar ekki** lög hér, til þess að ríkisvaldið geti haldið í hendurnar á þessum aðilum, sem eru að flytja vörur til útlanda og selja þær þar.

Hv. frsm. hneyklslaðist á því, að ég sagðist alls ekki fella mig við það, að ríkið ætti að ákveða, hvort sölusamtök eins og þau, sem hér hafa verið nefnd, hefðu leyfi til þess eða ekki að annast um siglingar, tryggingastarfsemi o. fl. í sína þágu og þeirra félagsmanna, sem mynda samtökin. Ég hef aldrei haldið því fram, að þessi fyrirtæki ættu að hafa einokun hvert á sínu sviði, — hef aldrei haldið því fram. En ég vil, að þau hafi frelsi til þess, alveg eins og aðrir, að flytja vörur milli landa og fást við tryggingastarf-

semi. Hv. þm. segir, að með þessu hrindi ég frá mér kjarnanum, — kjarna till., skilst mér. Það verður þá að hafa það. Mér skilst á orðum hans, að það muni verða mest tjón fyrir mig sjálfan. Ég verð þá að bera það.

Hv. þm. segir, að ýmis fyrirtæki hér hafi legið undir árásum, og nefndi t. d. samvinnufélögin og gat um ályktanir, sem gerðar hefðu verið á fundum þeirra vegna þessara árása. Þetta er alveg rétt hjá þm. En ég er bara ákaflega vantrúaður á það, að slíkar árásir verði alveg úr sögunni, ef sett verða ný lög um starfsemi samvinnufélaganna. Og ég sé heldur enga þörf fyrir þau. Þau hafa starfað vel og dafnað á grundvelli þeirra laga, sem hér voru sett fyrir 40 árum og hafa verið í gildi lítið breytt síðan, og mér er ekki ljós nein rík þörf til þess að setja um þau nýja löggjöf.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það dregur saman með okkur hv. 1. þm. Norðurl. v., þó að umr. hafi ekki staðið lengi, og ég býst við, að við séum í raun og veru nær því að vera sammála en í fyrstu virtist. Ég vildi aðeins leiðrétta það, sem mér fannst koma fram hjá honum í lokin, að það væri hugmyndin að setja lög, sem ættu að koma í staðinn fyrir samvinnulögin. Þetta fannst honum óþarfi, af því að samvinnufélögin hefðu starfað vel eftir þeim lögum í 40 ár. Þetta er alls ekki hugmyndin. Auðvitað starfa samvinnufélög eftir samvinnulögum áfram og hlutafélög eftir hlutafélagslögum. Hér er aðeins um að ræða löggjöf fyrir sérstaka starfsemi, sem er aðeins ein deild í starfsemi samvinnufélaga og snertir þau ekki að öðru leyti. Þessi löggjöf yrði sniðin við það svið og samtök, sem byggð yrðu upp til þess að starfa á því sviði, en alls ekki til þess að ryðja burt samvinnulögunum eða hlutafélagslögunum eða neinu öðru slíku. Fyrirtækin verða skipulögð í grundvallaratriðum eftir þeirri löggjöf eftir sem áður.

Ég vil einnig bæta við, að hann virðist líta svo á, að einokun eða cartel, sem talað er um, sé eingöngu það, þegar viðkomandi fyrirtæki hefur öll ráð, 100%, á sínu sviði. Þetta er allt of þröng skilgreining, vegna þess að vald fyrirtækis eða samsteypu getur orðið óeðlilega mikið og leitt til misnotkunar, þó að fyrirtækið hafi ekki 100% allra viðskipta eða framleiðslu á viðkomandi sviði. Hundraðstalan, sem yfirleitt er miðað við, er miklu lægri, og er þess vegna ekki fullkominn mælikvarði, hvort um algera einokun er að ræða. Það getur verið, að það vanti annað orð en einokun, þó að það sé mikið notað. Þarna er um að ræða of mikil áhrif einstakra aðila á einstökum sviðum, þannig að þeir geti ráðið verðlagi, takmarkað framleiðslu eða aukið hana eftir eigin vild, m. ö. o. geti raskað venjulegum lögmálum um verðmyndun og framleiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. fundi í Sþ., 28. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til fjvn. með 40 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

28. Stýrimannaskóli Íslands og sjóvinnuskóli.

Á 37. fundi í Sþ., 21. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun laga um Stýrimannaskóla Íslands og athugun á stofnun sjóvinnuskóla o. fl. [154. mál] (A. 308).

Á 40. fundi í Sþ., 7. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 41., 44. og 46. fundi í Sþ., 14., 21. og 28. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 4. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Í fjarveru fyrri flm. till. þeirrar til þál., sem er á þskj. 308, hv. 12. þm. Reykv., Péturs Sigurðssonar, vil ég með örfáum orðum fylgja till. úr hlaði.

Eins og fram kemur á þskj., er einn höfuðtilgangur till. sá, að fram fari endurskoðun l. um Stýrimannaskóla Íslands og þá jafnframt athugun á möguleikum til stofnunar sjóvinnuskóla. Eins og fram kemur einnig í grg., er tilgangurinn með endurskoðun l. um stýrimannaskólann fyrst og fremst sá, að þar komi fram í skipulagi skólans hinar öru nýjungar, sem átt hafa sér stað s. l. tvo áratugi. Á þessum tíma hefur framþróun tæknimála við skipstjórn almennt og þá ekki hvað síst fiskveiðar orðið mjög ör og nálgazt mest byltingu. Varla hefur liðið svo ár, að ný tæki ryðji sér ekki til rúms og valdi breyttum högum. Flest eru þessi tæki til stóraukins öryggis allra sjófarenda, auk hinna fjölmörgu tækja, sem aukið hafa möguleika til sjálfrar fisköflunarinnar. Eitt ljósasta dæmið um hinn aukna afla, sem á land hefur komið einmitt vegna þessara tækja, er það, að af kunnustu aflamönnum er nú fullyrt, að meginhluti norður- og austurlandssíldarinnar og öll suðurlandssíldin hefði að mestu farið fram hjá óáreitt, m. ö. o. ekki veiðzt, án þessara tækja. S. l. ár var allra ára hæst í aflamagni, og meira en helmingur þess afla var síldveiði. Með þessar staðreyndir í huga ætti hverjum mannsbarni að vera augljós nauðsyn þess, að hægt sé að veita alla þá þjálfun og fræðslu, sem á annað borð er mögulegt að veita í landi, í meðferð og hagnýtri notkun þessara mikilvirku siglinga- og fiskleitartækja. Það er ómældur dýrmætur tími, sem vegna skorts á þessari undirstöðufræðslu hefur farið forgörðum, og aldrei verður fjárhagslegt tjón þess heldur til fullnustu metið.

Ekki kemur okkur flm. þessarar till. til hug-

ar, að með breytingu á lögum um stýrimanna- eða sjómannaskólann verði í öllum greinum hægt að fyrirbyggja tjón af völdum kunnáttuleysis í þessum efnum. Það er hins vegar skoðun okkar og fjölmargra annarra, sem um þessi mál hafa hugsað, ritað og rætt, að þar megi miklu bjarga, og hvert spor í þá átt verður aldrei svo kostnaðarsamt, að það skili ekki margföldum arði til þjóðarbúsins í heild. Það er svo margsögð saga, að hve miklu leyti þjóðin byggir afkomu sína á fiskveiðum og sölu sjávarafurða, að óþarft ætti að vera að minna á það nú við flutning þessa máls.

Háværar raddir hafa verið uppi um það, að samfara hinni miklu aflasæld, væri meðferð okkar á aflanum við sjálfar veiðarnar og þá ekki sízt eftir að í land er komið með aflann ekki jafngóð og skyldi. Í þessu sambandi hafa verið nefndar tölur um fjárhagslegt tjón þjóðarinnar af völdum þess, hve þarna væri rangt að staðið. Ekki skulu þær fullyrðingar hér eftir hafðar, en óefað á strangara fiskmat og ferskfiskeftirlitið tilkomu sína þessum umræðum að þakka. Miklar deilur hafa svo aftur verið um þetta aukna aðhald, sem einnig er óþarft að rekja hér. Um eitt ættu þó allir aðilar að geta orðið sammála, en það er, að hér er ekki fyrst og fremst um sérstakt úrslitamál að ræða fyrir einstaka hagsmunahópa þjóðfélagsins. Hér er þjóðarvandi, sem allir verða að gera sitt til að leysa, og er þá enginn undanskilinn.

Eins og fram kemur í grg. till., er það hugmynd okkar flm., að hægt sé við endurskoðun laganna að sameina í senn, í fyrsta lagi þörfina fyrir menntun skipstjórnarmanna um fyllstu vöndun á allri meðferð aflans og í öðru lagi þörfina fyrir almennan sjóvinnuskóla. Æskilegt væri þá, að kennsla gæti þar farið fram í hvers konar sjóvinnu, fiskverkun og nánast allri meðferð sjávarafurða, fiskmati og verkstjórn, er gæfi að prófi loknu ákveðin réttindi í síðasttöldu greinunum við störf í landi. Þannig ætti skipstjórnarmenntunin að geta veitt mönnum aukið öryggi, eftir að starfsdegi þeirra á sjónum lýkur. Í dag er skipstjórnarmenntunin einskorðuð við réttindi til starfa á sjó, sem hefur þó oft reynzt hörð útsláttarkeppni, og skriki mönnum þar fótur, þá er að engu að hverfa, eftir að í land er komið. Sama máli gegnir um þá, sem höggin standa af sér fram á elliár. Þeir koma réttindalausir til allra starfa í landi, þrátt fyrir að hafa haft mannaforráð og tiltrú til varðveizlu á milljónaverðmæti, ef til vill um áratugi, og því óhjákvæmilega með mikilvæga reynslu.

Þegar hliðsjón er af þessu höfð, sem fyrr er sagt, mikilvægi þess, að áhugi sé fyrir sjósókn og sjávarstörfum hér á landi, þá má það furðu sæta, að af opinberri hálfu skuli ekki meiri áherzla lögð á í unglingaskólum landsins að örva menn til þessara starfa og stofna um þessar starfsgreinar sérstakan skóla. Við eigum tvo búnaðarskóla, verzlunarskóla og iðnskóla. Í öllum þessum stofnunum fer fram meiri eða minni verkleg kennsla auk hins bóklega náms. Fram undir síðustu 10—15 árin hefur andvaraleysið í þessum efnum ef til vill ekki valdið þjóðinni stórfelldum skaða. Almennt áttu unglingar þá ekki kost á svo mörgum leiðum til þess að afla sér og sínum lífsviðurværis. Þá hugsaði meginþorri barna vart um annað en að verða sjálfstæður bóndi í sveit eða dugandi sjómaður og þá helzt formaður á fiskibát, og allar tómstundaiðkanir og leikir barna voru í samræmi við það. Að komast á farskip eða í utanlandssiglingar eða einhvers konar framhaldsnám heyrði til undantekninga, og upphátt þorðu ungir sem aldnir ekki um það að ræða. Það þarf ekki lengi að umgangast börn nútímans til þess að komast að raun um, að í þessum efnum er allt gjörbreytt. Ævintýraljóminn yfir sjómennskunni og rómantík sveitasælunnar heilla ekki lengur arftaka okkar. Það hafa aðrir þarfir og óþarfir hlutir fyllt hugann. Öld sérhæfni og sérmenntunar til allra starfa hefur hafið innreið sína. Í augu við þær staðreyndir verðum við að horfast. Nú keppast foreldrar við að veita börnum sínum aðstöðu til að mæta þessum breyttu aðstæðum með hvers konar sérgreinanámi. Aðalatvinnuvegur þjóðarinnar hefur í þessum efnum ekki uppi neina tilburði til þess að vekja á sér athygli. Stýrimannaskólinn lokkar að vísu enn allmarga, en sannað er, að í þeim greinum, sem hann veitir réttindi til starfa í, er starfstíminn stytztur, og kemur margt til, sem ekki er þörf á að rekja hér. Þrátt fyrir stórum bættan skipakost og alla aðbúð er mér ekki grunlaust um, að ýmsir foreldrar telji framtíð barna sinna betur borgið við önnur störf og hagi ráðleggingum sínum til þeirra í samræmi við það.

Mikið er rætt um stóriðju hér á landi sem væntanlegan undirstöðuatvinnuveg þjóðar okkar og ekki skal draga úr nauðsyn þess, að það sé vel að öllum möguleikum hugað. Hitt mun þó staðreynd, að enn um sinn, já, mörg ár og jafnvel áratugi, verður að treysta á öflun sjávarafurða, þrátt fyrir atómspútnika og hvers konar geimskip.

Með sérstakri hliðsjón af allri þeirri framþróun mála, sem hér hefur verið minnzt á og ég hygg að flestir geti verið sammála um í aðalatriðum, er okkur nauðsyn á tilkomu sjóvinnuskóla, hvort sem hann verður settur upp sem sjálfstæð stofnun eða sem deild í almennum sjómannaskóla. Með tilkomu hinnar auknu tækni munum við í framtíðinni ef til vill komast af með tiltölulega færri sjómenn en áður, en til þeirra hvers einstaks munu þess í stað verða gerðar síauknar kröfur um hvers konar sérhæfni, sem krefst sérmenntunar. Möguleika til slíks náms ber því skylda til að skapa. Hvert ár, sem það dregst, veldur ómældu tjóni.

Skylt er að geta þess hér, að fyrir atbeina sjóvinnunefndar æskulýðsráðs hefur nokkuð verið að þessum málum unnið. Kennarar þeirra námskeiða hafa verið skipstjórnarmennirnir Ásgrímur Björnsson, Einar Guðmundsson og Hörður Þorsteinsson og hafa við vægast sagt mjög ófullkomnar aðstæður sýnt frábæran dugnað og þrautseigju, sem bezt lýsir sér í hinni stöðugt auknu aðsókn að þessum námskeiðum. Fyrir tveim árum voru þátttakendur þar 85, s. l. ár voru þeir 100 og eru nú í ár 140, er hljóta tilsögn tvo daga í viku, tvær klukkustundir í senn. Með öðrum þjóðum, sem munu mun minna eiga undir sjó-

sókn komið, annast fastar stofnanir slíka fræðslu og eru þá ávallt starfandi við sjó, þannig að það, sem kennt er í landinu, er með stuttum fyrirvara prófað við raunhæfar aðstæður úti á sjó og á skipum, sem slíkar stofnanir hafa yfir að ráða.

Þá mun Ársæll Jónasson kafari á sínum tíma hafa gefið út á eigin spýtur kennslubók í sjóvinnu, og mun þá að mestu upptalið það, sem gert hefur verið í þeim efnum.

Ég hygg, að með þessum orðum hafi ég, herra forseti, reynt að skýra meginsjónarmið þess, sem fyrir okkur flm. till. vakir. Að öðru leyti vísa ég til mjög ýtarlegrar grg., er till. fylgir, og óska þess, að till. verði að loknum umr. nú vísað til hv. allshn.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Í sjálfu sér get ég ekki efazt um mikilvægi þeirra efnisatriða, sem felast í þeirri tillögu, sem hér er til umr., því að megintilgangur hennar virðist vera sá að auka menntun skipstjórnarmanna, auka kennslu í verknámsskólum í sjóvinnu og fiskverkun og slíku og jafnvel stofna sérstakan sjóvinnuskóla með fjölbreyttri kennslu. En mér virðist tillögugreinin þó dálítið gölluð og aðallega þannig, að mér finnst, að það sé ekki alveg ljóst, hvernig tillögumenn hugsa sér framkvæmdir í smáatriðum, að því er tekur til sumra þátta þessarar till. Gallinn er sá, að í till. er hrúgað saman málsatriðum, sem eru að vísu skyld, en ættu þó að vera vel sundurgreind, ef nokkurt gagn á að vera í framkvæmdinni.

Í fyrsta lagi er það mál út af fyrir sig að setja önnur og strangari skilyrði fyrir inngöngu í stýrimannaskólann, og það er út af fyrir sig ágætt, að því máli sé hreyft. Eins er það ágæt till., að stýrimannaefnum sé kennt frekar en nú er að fara með hin margvíslegu fiskleitartæki, siglingatæki o. s. frv., ætti ekki heldur að saka, að verðandi stýrimenn fái uppfræðslu í almennri sjóvinnu, fiskverkun og meðferð sjávarafurða, og vissulega ætti það að vera skylda stýrimannaskólans að fylgjast vel með nýjungum á sviði siglingar- og fiskleitartækni og halda uppi kennslu í meðferð þeirra. Ég sé ekki, að það þurfi að ýta á skólann af Alþingis hálfu í slíku efni, því að það er svo sjálfsagt mál, að hver góður skólastjóri mun gera sér þess grein, án þess að sérstaklega þurfi alþingissamþykkt fyrir því, og svo er einnig um svokallaða sjóvinnukennslu í skólanum. Hitt er svo annað mál, að þess er full þörf að vekja viðkomandi aðila til meðvitundar um mikilvægi þess, að skipstjórnarmenn á fiskiskipum læri til meðferðar fisks fyrst og fremst í skipinu sjálfu, þegar aflinn er dreginn úr sjó, en einnig, að þeir kynnist hinni eiginlegu fiskverkun og fiskiðnaði. Tel ég sjálfsagt, að kennsla verði aukin í þessum efnum í stýrimannaskólanum, og ef ég skil till. rétt, þá er ég vitanlega sammála þeim þætti.

Annað atriði, sem minnzt er á í till., er að auka kennslu í öllum þessum greinum í verknámsskólum. Þessu er auðvitað fullkomlega hægt að vera sammála. En þó hefði ég viljað fá betri útskýringu á því, hversu náið tillögumenn hugsa sér að farið verði út í þessa kennslu, því að hún er að mínu viti mjög yfirgripsmikil, þar sem um er að ræða svo margvíslega kennslu, þ. e. meðferð siglingar- og fiskleitartækja, í sjóvinnu, fiskverkun og meðferð sjávarafurða. Þetta er ekkert smáræði, ef farið væri út í kennslu í öllum þessum atriðum í gagnfræðaskóla, því að meðferð siglinga- og fiskleitartækja út af fyrir sig, það er allmikið nám, sem til þess þarf. Sjóvinna felur svo fjöldamargt í sér, að það ætti líka að vera nokkurt verkefni að sinna því öllu. Og fiskverkun og meðferð sjávarafurða, það er líka þó nokkur kennslugrein, ef þetta á að kennast í gagnfræðaskólunum, sem ég út af fyrir sig get verið sammála um.

Svo kemur þriðja atriðið, sem mér virðist felast í tillögunni, en það er stofnun sérstaks sjóvinnuskóla. Í þeim þætti till. er að nokkru komið inn á efni, sem ég ásamt nokkrum öðrum þm. hef vakið athygli á með tillöguflutningi á undanförnum þingum og nú einnig á yfirstandandi þingi, en það er till. um stofnun skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði og leiðbeinendur í fiskverkunarmálum. Tillaga mín og samflutningsmanna minna er um miklu afmarkaðra svið og að mínum dómi miklu ákveðnara svið, því að við hugsum okkur skóla þennan fyrst og fremst sem fiskmats- og fiskiðnaðarskóla, en teljum ekki ástæðu til að blanda þar saman við almennri sjóvinnu, sem ætti auðvitað að vera verkefni stýrimannaskólans, og stýrimannaskólinn er til, en eins og till. hv. 12. þm. Reykv. og hv. 10. þm. Reykv., sem var hér að tala áðan, er orðuð, þá hugsa þeir sér, að stofnsettur verði sérstakur sjóvinnuskóli, sem hafi með höndum mjög fjölbreytta kennslu í öllu því, sem að sjómennsku lýtur, og að auki hafi skólinn með höndum kennslu í fiskiðnaði hins vegar, þar sem hér er um aðgreindar starfsgreinar að ræða, þegar komið er út í raunverulega sérhæfingu í atvinnulífinu. Ég vil því leggja áherzlu á það, að þessu verði ekki að óþörfu blandað saman.

Ég er sammála tillögumönnum um, að rétt sé að auka kennslu í stýrimannaskólanum í meðferð fiskafla og fiskverkun almennt, og einnig, eins og ég hef áður greint, er ég sammála þeim um, að unglingum sé kennd sjóvinna og sagt til um fiskverkun og slíkt sé verkefni gagnfræðaskóla verknáms, en á hitt get ég ekki fallizt, að stofna eigi eða þurfi sérstakan sjóvinnuskóla með þeirri tilhögun, sem ég les út úr till. þeirra hv. flm., sem hér er til umr. Hitt tel ég nauðsynjamál, að stofnaður sé sérstakur fiskmats- og fiskiðnaðarskóli, og um það hef ég gert till. til þál. ásamt 3 öðrum hv. þm., og sú till. er nú á dagskrá hér í dag, 14. mál á dagskrá. Vegna þess að þessi tvö mál eru svo skyld, þá þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um þessa till. okkar, með leyfi hæstv. forseta. En till. hljóðar svo: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér hið fyrsta fyrir setningu löggjafar um sérstakan skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði og aðra leiðbeinendur og starfsmenn við fiskverkun.“

Eins og ég lýsti í ræðu hér á Alþingi, þegar till. þessi var til umr. fyrir tveim árum, en þá sat ég hér um tíma á þingi sem varamaður, er hún

fram komin vegna þess, að við tillögumenn álítum það eitt veigamesta undirstöðuatriði fyrir framförum í sjávarútvegs- og fiskiðnaðarmálum, að gætt sé fullkominnar vöruvöndunar, og gildir það jafnt um meðferð aflans um borð í skipi sem vinnslu hans í vinnslustöð. Til þess að svo megi verða, teljum við fátt betur fallið til árangurs en menntun þeirra manna, sem hafa yfirumsjón með aflanum, allt frá því að hann kemur á skipsfjöl og þar til hann er kominn í umbúðir til útflutnings. Einkum er þörf sérkunnáttu í sambandi við fiskmatstörf og verkstjórn í fiskiðjuverum. En hitt er einnig nauðsynlegt, að skipstjórnarmenn á fiskiskipum og raunar aðrir sjómenn séu vel á verði gagnvart öllu því, sem lýtur að meðferð aflans, og því er full þörf á að gefa þeim kost á fræðslu í þessum efnum. Hvað það snertir er fræðsla í stýrimannaskólanum og á stýrimannanámskeiðum ekki aðeins æskileg, heldur og nauðsynleg, og ber því að vinna að slíkri fræðslu, eins og hv. flm. þeirrar tillögu, sem hér er til umr., leggja til. Ég get fallizt á það. Eins er líklegt, að fræðslu- og kynningarþættir í líkingu við útvarpsþáttinn „Um fiskinn" séu hinir gagnlegustu og orki sem hvatning á sjómenn til vöruvöndunar, og það er ástæða til þess á þessum stað og við þetta tækifæri að flytja forsjármönnum þessa þáttar þakkir fyrir ágæta starfsemi, sem vonandi er að megi halda áfram, svo lengi sem þörf er fyrir. En hvorki nægir slík fræðsla, sem stýrimannaskólinn kann að geta veitt nemendum sínum á námskeiðum, né nokkrir áróðursþættir í útvarpinu til þess að leysa annan og meiri vanda fiskiðnaðarins. Eins og annar vaxandi iðnaður, þarf fiskiðnaðurinn á menntuðu starfsfólki að halda, og ef þörf er vaxandi iðnfræðslu á öðrum sviðum, þá er þess ekki síður þörf í fiskiðnaði og því fremur sem nú er tæplega um nokkra skipulagsbundna eða fasta fræðslustarfsemi að ræða á þessu sviði. Eins er og nauðsynlegt, svo sem við leggjum til í þeirri till., sem ég hef minnzt á, að aukin verði menntun fiskmatsmanna, sem nú er orðin allfjölmenn stétt og gegnir mjög ábyrgðarmiklu starfi í þjóðfélaginu. Fram til þessa hefur nokkuð verið reynt að bæta úr fræðsluskortinum með stuttum námskeiðum fyrir fiskmatsmenn, og er það vitanlega hin þarfasta starfsemi, og auk þess með eins konar sýnikennslu eða umferðarkennslu á vegum hraðfrystihúsanna. Allt þetta er virðingarvert, en dregur skammt, þegar til lengdar lætur. Þetta veit ég, að hraðfrystihúsaeigendum er fullljóst, og þeir eru meðmæltir því, að stofnaður sé sérstakur fiskiðnaðarskóli, því að á aðalfundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna varið 1960 var samþykkt áskorun á Alþingi að samþ. till. okkar, sem þá sá fyrst dagsins ljós hér í þinginu og var þá til umr. og í nefndarathugun. En till. varð þó ekki útrædd og fékkst ekki afgr. í n., hver svo sem ástæðan var til þess. Hitt veit ég með vissu, að því yrði hvarvetna fagnað í röðum sjómanna og fiskmatsmanna og fiskiðnaðarmanna, ef till. þessi yrði samþykkt og síðan framkvæmd sú hugmynd, sem í henni felst. Nauðsyn fiskiðnaðarskóla á Íslandi ætti að vera óumdeilanleg. Hann er mikilsverð undirstaða undir framþróun fiskiðnaðar og öruggs fiskmats. Jafnhliða bættri stýrimannafræðslu og annarri almennri sjómannafræðslu er verkmenntun fiskiðnaðarmanna og fiskmatsmanna brýnasta úrlausnarefni í fræðslumálum sjávarútvegsins. Það hefur að vísu stundum verið hærra risið á bændaskólunum á Íslandi en einmitt nú þessa dagana, en hitt er eflaust, að þeir hafa átt stórmikinn þátt í aukinni verkmenntun í sveitum og framförum í landbúnaði. Fiskiðnaðarskóli sá, sem ég og samflutningsmenn mínir höfum í huga, er e. t. v. ekki að öllu leyti sambærilegur við bændaskóla, en þó ekki ósambærilegur heldur. En sé borið saman ástand fræðslumála landbúnaðar og sjávarútvegs og fiskiðnaðar, þá hallar á hið síðarnefnda, það er alveg ljóst.

Það má gera ráð fyrir, að ýmis vandamál komi upp í sambandi við undirbúning fiskmats- og fiskiðnaðarskóla, og var aldrei annars að vænta. En það getur ekki breytt þeirri staðreynd, að skólinn er nauðsynjamál og vandamálin í sambandi við skólastofnunina eru vafalaust auðleysanleg, ef eftir því væri keppt. Að sjálfsögðu er þetta allmikið fjárhagsmál m. a., en flestir, held ég, að geti fallizt á, að óbeinn hagnaður slíks skóla yrði fljótur að koma í ljós fyrir utan það, að á það hefur verið bent, að skólinn gæti jafnvel staðið undir sér sjálfur, ef það skipulag yrði valið að láta hann starfa í sambandi við fiskiðjuver, og þá væri skólinn með réttu verknámsskóli. Þetta fyrirkomulag mun vera notað í Noregi, og hef ég haft spurnir af einum skóla í Vardö í Noregi, sem heitir Statens forsöks- og lærebruk for fiskeribedriften i Finnmark. Þessi skóli er rekinn í sambandi við fiskiðjuver, og nemendur þessa skóla fá að loknu námi sérstakt diploma, sem þeir svo geta notfært sér, og ganga þá gjarnan fyrir um störf, bæði sem verkstjórar og fiskmatsmenn.

Ég vil að lokum geta þess, að hugmynd okkar er sú, að til viðbótar því, að skólinn mennti fiskmatsmenn og verkstjóra í fiskiðnaði, þá brautskrái hann jafnframt menn, sem vildu gerast leiðbeinendur, t. d. í verknámsskólum gagnfræðastigsins, í fiskverkun og fiskiðnaði. Slíkur skóli er því einnig mikilsverð undirstaða undir verknámskennslu í landinu, og ég hef þá skoðun, að það sé til lítils að ætla að koma upp víðtækri kennslu fyrir unglinga í verknámi, ef ekki er séð fyrir kennurum í þeim greinum, sem ætlunin er að taka á námsskrá.

Herra forseti. Ég hef gerzt fjölorður um þessa till., sem ég stend að ásamt þremur öðrum hv. þm. En ég hef talið rétt að fara um hana þessum orðum í sambandi við till. þá, sem hér er til umr. og hv. 10. þm. Reykv. var að tala fyrir. Og ég vænti þess, að till. okkar verði tekin hér á dagskrá á eftir, og ég mun þá ekki eyða mörgum orðum í framsögu um hana, tel, að ég hafi þegar gert það rækilega grein fyrir henni, en vona, að hún verði tekin á dagskrá, þannig að hægt verði að vísa henni til nefndar.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins til að leiðrétta það í framsöguræðu minni áðan, er ég taldi upp það, sem þegar hefur verið gert í þessum málum, taka fram til viðbótar þetta:

Fiskifélag Íslands hefur undanfarin fjögur ár haldið uppi námskeiðum í meðferð fiskleitartækja víðs vegar um landið, og hefur, að því er ég bezt veit, á þriðja hundrað manns sótt þessi námskeið. Auk þess hefur sjútvmrh. gengizt fyrir svonefndum fiskiðnaðarnámskeiðum, sem hafa verið starfrækt s. l. 8—10 ár undir forustu fiskmatsstjóra. Þetta taldi ég rétt, að kæmi fram til viðbótar því, sem ég áðan nefndi.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. taldi nokkuð vafasamar ýmsar ábendingar þeirrar þáltill., sem ég er 2. flm. að og var að mæla hér fyrir áðan. Var mér þó ekki alveg fyllilega ljóst af hans ræðu, þótt hann flytti til viðbótar framsöguræðu með næsta máli hér á eftir á dagskránni, þá var það ekki heldur skýrt, hverjar þessar raunverulegu aðfinnslur hans væru að þessari tillögu okkar. Eins og ég margtók fram í minni framsöguræðu áðan, þá er höfuðtilgangur tillögu okkar sá, að fram fari endurskoðun á lögum um stýrimannaskólann, m. a. með hliðsjón af því, hvort ekki megi samræma þar þá hluti, sem okkur hv. 4. þm. Norðurl. e. og sjálfsagt okkur alla hér inni greinir ekki á um að nauðsyn sé að endurskoða. Höfuðatriðið er, að þessi endurskoðun fari fram, og mér er kunnugt um það, að skólastjóri stýrimannaskólans er mjög hlynntur því vegna breyttra aðstæðna, að sú endurskoðun fari fram á lögum um skólana í heild, og hefur ekki farið dult með þá skoðun sína.

Hv. þm. spyr að því, hve náið eigi að fara út í kennsluna í einstökum atriðum í sambandi við fiskmatið, freðfiskmat og annað, sem ég tók fram að nauðsynlegt væri að fá kennslu um og undirbúning í. Ég verð að segja, að ég tel mig nú vart dómbæran um það í einstökum atriðum, hvað náið á að fara út í þessa kennslu. Hitt er mér ljóst, sem hefur verið mjög ríkjandi skoðun, bæði meðal skipstjórnarmanna og þeirra, sem við fiskmat fást, að þar vantar nánari tengsl á, og það torveldar mjög framþróun þeirra mála, þ. e. a. s. fiskmatsins í heild, hve takmarkaður skilningur er milli þeirra aðila, sem fyrst veiða fiskinn, og þeirra, sem meta hann, eftir að í land er komið. Þetta hefur mjög glögglega komið fram í fréttum úr einni aðalverstöð landsins, Vestmannaeyjum. Þar er mjög mikil óánægja ríkjandi með þetta freðfiskmat, og sjómenn telja sig þar hlunnfarna í þessu mati, en matsmenn standa hins vegar á því, að þeir fari þar einungis að reglum. Þessar fréttir einar eru aðeins enn ein sönnun þess, að nauðsyn sé á því að auka þarna skilning í milli, og ég tel, að það ætti að vera höfuðskylda og markmið þessarar fræðslu. Það verður svo endurskoðunin að meta, hvað langt þarf að ganga í þessum efnum á gagnfræðastigi, hve langt í stýrimannaskóla eða skipstjórnarskóla og hvort tilefni er til þess og hvenær þörf sé talin á því að stofna um þetta sérstakan skóla. Það er rétt hjá hv. þm., að meðal milljónaþjóða erlendis er þetta mjög sundurgreint og hafðir sérstakir skólar nánast í hverri grein. Við höfum orðið að hafa þá framkvæmd hér á, ekki einungis í þessum málum, heldur líka svo mörgum öðrum í okkar fámenni, að sameina margs konar fræðslu undir einu þaki, til margra skyldra hluta, sem aðrar þjóðir hafa um sérstakar skólabyggingar. Ég hygg, að það eigi vel að huga að þessum málum, enda kom það fram í ræðu hv. þm., að hann telur, að á þessu sé full þörf. Og ég held, að það torveldi ekki framgang einstakra atriða í hans tillögu og hans félaga um fiskmatið, þótt þessi athugun fari fram. Ef það er talið mögulegt að hafa þetta undir einu og sama þaki, þessa fræðslu, án þess að það skaði hana, þá mundi ég telja það, þvert gegn því, sem hann sagði, mjög vel farið. Held ég, að endurskoðunin ætti að ná yfir nógu vítt svæði og þeir, sem í endurskoðuninni kynnu að vinna, hafi þar nógu rúmar hendur um, því að það ber okkur þó saman um, að nauðsyn sé á, að þessi endurskoðun fari fram.

Ræðumaðurinn sagði, eins og ég hef þegar drepið á, að hann teldi, að það væri mjög vafasamt, að öll þau atriði, sem í tillögu okkar felast, ættu þarna samleið. Ég verð nú að segja, að ég held, að hann hljóti að vera einn af fáum um þá skoðun, því að þarna er um mjög skyld atriði að ræða, og væri miklu meiri vandi að skilja þarna á milli heldur en raunverulega að koma þeim saman á einn og sama stað.

Þær aðfinnslur, sem hv. þm. tilfærir um till., hafa ekki sannfært mig um nauðsyn þess, að þessari till. sé breytt. Hins vegar hefur sú þn., sem málið fær til meðferðar, að sjálfsögðu frjálsar hendur þar um, og höfuðatriðið er þó, að þessi mál séu skoðuð, því að eins og ég vildi leggja megináherzlu á áðan í minni ræðu, þá tel það til stórtjóns, hvert ár sem enn líður, án þess að við endurskoðum þessi mál öll og virðum fyrir okkur nauðsynlegar endurbætur og úrbætur á þeim.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 6. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

29. Skóli fyrir fiskmatsmenn.

Á deildafundum 1. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði o. fl. [162. mál] (A. 325).

Á 40. fundi í Sþ., 7. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 41., 44., 46., 48. og 50. fundi í Sþ., 14., 21. og 28. marz, 4. og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Við höfum leyft okkur 4 þm. að flytja till. til þál. um skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði o. fl., en till. hljóðar svo: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér hið fyrsta fyrir setningu löggjafar um sérstakan skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði og aðra leiðbeinendur og starfsmenn við fiskverkun.“ Þessi till. hefur tvívegis áður verið flutt á Alþingi, en ekki náð fram að ganga og er flutt í þriðja skipti, í þeirri von, að hún verði loks samþykkt.

Ég hef áður rætt þessa till. nú á þessu þingi í sambandi við annað mál, og ég ætla því ekki að fara mjög langt út í það nú að ræða hana, en vísa til þess, sem ég sagði þá, og jafnvel þó að nú sé liðið nokkuð á þingtímann og ólíklegt, að meira sé eftir af þingi en um það bil ein vika, þá vona ég þó, ef þessu máli verður nú vísað til nefndar, að sú n., sem fær málið til afgreiðslu, geti fjallað um það og skilað áliti sínu, þannig að till. verði samþykkt.

Ég vil geta þess í framhaldi af því, sem ég hef áður sagt um þetta mál, að ég hef átt tal við fiskmatsstjóra ríkisins um málið. og hann mælir eindregið með því, að slíkum skóla sé komið upp. Sjálfur hefur hann beitt sér fyrir námskeiðum fyrir fiskmatsmenn og raunar verkstjóra í fiskiðnaði líka, því að eins og nú er háttað, þá eru verkstjórar og fiskmatsmenn í hraðfrystihúsunum raunar eitt og hið sama yfirleitt, en hann mælir mjög með því, fiskmatsstjóri, að slíkum skóla verði komið upp, og telur það hið mesta nauðsynjamál.

Ég vil biðja hæstv. forseta að fresta nú umr. um þessa till. og óska eftir því, að henni verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 16. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 44 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

30. Geðveikralög.

Á 40. fundi í Sþ., 7. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um undirbúning geðveikralaga [165. mál] (A. 353).

Á 44., 46., 48. og 50. fundi í Sþ., 21. og 28. marz, 4. og 6. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. í Sþ., þess efnis, að Alþingi skori á hæstv. ríkisstj. að undirbúa geðveikralöggjöf. Hér hefur ekki verið til nein löggjöf af slíku tagi fram á þennan dag, en alls staðar erlendis, þar sem ég þekki til a. m. k., hafa um langan aldur verið til sérstök lög um geðveikramál. Erlendis er þessi löggjöf mjög misjöfn að magni. Víða eru þetta stórir lagabálkar, þar sem ákvæði eru um svo að segja öll þau atriði, sem geðveikramál snerta. Með öðrum þjóðum eru þessi lög minni að vöxtum og fjalla þá fyrst og fremst um það, hvernig að skuli farið, þegar geðsjúklingar eru vistaðir á stofnunum, hvernig með skuli farið, á meðan þeir eru vistaðir þar, og hvernig með skuli farið um brautskráningu þeirra af slíkum stofnunum.

Hér á landi eru að vísu til lög, sem ná til geðsjúklinga í víðtækustu merkingu þess orðs, og auk þess er víða í íslenzkum lögum að finna ákvæði, sem snerta geðsjúklinga sérstaklega. En það eru engin samfelld ákvæði um það, hvernig að skuli farið, þegar þörf telst á því að vista geðsjúkling í spítala. Það eru ekki heldur til ákvæði um það, hvernig að skuli farið, ef slíkur sjúklingur, kominn inn á geðveikrahæli, heimtar sig brautskráðan þaðan. Og það eru heldur engin ákvæði til um, hvernig með skuli farið, þegar að því kemur að brautskrá geðsjúkling af hælinu. Fyrir þessa vöntun geta skapazt ýmiss konar vandkvæði og jafnvel vandræði, og það sem verst er, að fyrir vöntun á slíkum ákvæðum er alltaf hætta á, að fólki, geðsjúku eða ekki geðsjúku, sem komið hefur verið á geðveikrahæli, sé gert rangt til. Og vitanlega er það mjög alvarlegt mál hverju sinni, þegar um slíka frelsissviptingu er að ræða sem þessa.

Ég tel, að geðveikralög hefði átt að setja hér á landi fyrir langalöngu. Eins og ég tek fram í grg., þá kemur það greinilega fram í löggjöf íslenzkri, að árið 1932 var þetta talið sjálfsagður hlutur, að setja geðveikralög í landinu. En þetta hefur komið fyrir nokkrum sinnum a. m. k. á síðustu árum, að menn, sem hafa verið vistaðir á Kleppi, hafi farið í mál út af því og þeir hafa unnið þau mál. Þannig hefur ríkissjóður orðið fyrir skakkaföllum að mínum dómi fyrir það, að engin gildandi lagaákvæði eru til í þessum tilvikum. Það má gera ráð fyrir því, að ef svo heldur fram sem verið hefur í þessu efni, þá fari slíkum málsóknum á hendur ríkissjóði fjölgandi á næstum árum. Það er því einnig af þessari ástæðu nauðsyn að setja geðveikralög hér á landi. Ég tel, að slík lagasetning sé alls ekki neitt auðvelt verk. Það getur ekki hver sem er setzt niður og samið geðveikralög. Til þess þarf að mínum dómi sérfróða aðila, sem hafi aðstöðu og tíma til að kynna sér það bezta í þessum efnum erlendis og síðan lög með þær fyrirmyndir fyrir augum í samræmi við aðstöðu og þarfir okkar Íslendinga.

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vænti þess, að málið fái góðar undirtektir hjá hv. alþm. og að hæstv. ríkisstj. sé ekki ófús til að verða við þeirri áskorun, sem í till.

felst. Ég legg til, að till. verði vísað til hv. fjvn. og til síðari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 56. fundi í Sþ., 16. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til fjvn. með 40 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

31. Ferðir íslenzkra fiskiskipa.

Á deildafundum 12. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um, hvernig daglega megi fylgjast með ferðum íslenzkra fiskiskipa [172. mál] (A. 373).

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 44., 46., 48. og 50. fundi í Sþ., 21. og 28. marz, 4. og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Sþ., 11. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef ásamt 6 öðrum hv. alþm. leyft mér að flytja till. til þál. á þskj. 373 um, hvernig daglega megi fylgjast með ferðum íslenzkra fiskiskipa. Tillagan hljóðar á þessa leið: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að athuga og gera till. um, hvaða ráðstafanir þurfi að gera, til þess að samband megi hafa við íslenzk fiskveiðiskip á ákveðnum tímum sólahringsins og þannig verði fylgzt með, hvar þau eru stödd hverju sinni, svo að hjálp megi berast sem fyrst, ef slys ber að höndum eða skipi hlekkist á. Athugun þessa skal gera í samráði við Slysavarnafélag Íslands og samtök sjómanna og útvegsmanna."

Ég hef ákveðið að hafa ekki mörg orð um þessa till. hér í framsöguræðu minni. Bæði er það, að mörg mál eru á dagskrá og bíða afgreiðslu og langt liðið á þingtíma. Ég hef tekið fram í grg. það, sem ég tel máli skipta í sambandi við þetta mál. Ég hef leyft mér þar að benda á hin miklu sjóslys, sem hafa orðið hér við land á þessum vetri, og ég hef jafnframt leyft mér að benda á það hörmulega slys, sem er m. a. orsök þess, að till. þessi er flutt. Ég veit, að bæði sjómenn og útvegsmenn hafa rætt þetta mál í röðum sínum, hvort ekki mætti betur fylgjast með ferðum fiskiskipa okkar heldur en raun ber vitni um, svo að hjálp mætti berast hið fyrsta, ef slys bæri að höndum eða skipi hlekktist á. Mér er kunnugt um, að þegar árið 1946 var þessi háttur tekinn upp í einni af stærri verstöðvum landsins, Vestmannaeyjum, og mun vera enn við haldið í líkri mynd. Þetta var gert að forgöngu útvegsmanna þar og skipstjóra og hefur gefizt vel. Ég geri ráð fyrir, að ef af þessu gæti orðið, þá mundi þetta verða útfært til fleiri verstöðva en þeirrar einu, sem mér er kunnugt um að þetta er framkvæmt í nú. Það er nú þegar komnar radíóstöðvar í flestar stærri verstöðvarnar. Kostnaður af þessu mundi ekki heldur verða ýkjamikill, heldur mundi ég segja, að hér væri um skipulagsatriði að ræða, sem mundi bezt verða fram úr ráðið af þeim mönnum, sem til þekkja okkar fiskveiða og ferða okkar fiskiskipa, en það eru af skiljanlegum ástæðum samtök sjómanna og útvegsmanna, og að sjálfsögðu ætti þarna að hafa með í ráðum fulltrúa frá Slysavarnafélagi Íslands, sem alltaf hefur með ráðum og dáð stuðlað að auknu öryggi sjófarenda við strendur landsins.

Ég mun gera till. um það, að málinu verði vísað til hv. allshn. En ég vil mjög beina þeirri ósk til n., að hún sjái sér fært að taka málið fyrir, áður en þingi lýkur, því að eins og getið er um í grg., ef Alþingi og hv. alþm. mættu stuðla að því á einhvern hátt að fyrirbyggja, þótt ekki væri nema lítinn hluta af þeim slysum, sem á hverju ári höggva skörð í sjómannastétt okkar, þá held ég, að allir mættu þar vel við una. Og eins og ég segi, ég vil mjög eindregið mælast til, að n. sjái sér fært að taka þetta mál fyrir og afgr. það. Ég tel mig ekki þurfa að hafa fleiri orð um þessa till. Ég legg til, að umr. verði frestað og þá verði henni vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 56. fundi í Sþ., 16. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

32. Raforkumál.

Á deildafundum 13. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um raforkumál [174. mál] (A. 378).

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 44., 46., 48. og 50. fundi í Sþ., 21. og 28. marz, 4. og 6 apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 378 flytjum við nokkrir þm. Framsfl. till. til þál. um raforkumál. Till. er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hraða áætlun um áframhaldandi framkvæmdir við rafvæðingu landsins, er miðist við það, að öll heimili hafi fengið rafmagn í síðasta lagi fyrir árslok 1968. Séu gerðar áætlanir um ný orkuver, aðalorkuveitur og dreifilínur um sveitir ásamt áætlun um aðstoð við að koma upp einkastöðvum fyrir einstök heimili, sem eru svo afskekkt, að ekki þykir fært að leggja raflínur til þeirra frá samveitum, og sé aðstoðin ákveðin með hliðsjón af þeim stuðningi, sem veittur er íbúum samveitusvæðanna. Áætlunum þessum verði lokið fyrir 1. jan. 1963."

Ég vil rifja það upp, að í byrjun febrúarmánaðar 1960 var einnig borin fram tillaga hér á hv. Alþingi um raforkumál, og voru flm. hennar úr hópi þeirra, sem flytja þessa till. Í þeirri till. var lagt til eins og hér, að ríkisstj. væri falið að láta hraða áætlunum um áframhaldandi framkvæmdir við rafvæðingu landsins með það fyrir augum, að öll heimili gætu fengið rafmagn svo fljótt sem unnt væri. Þessi till. hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu á þinginu fyrir tveimur árum. En í umr. um það mál 2. marz 1960 skýrði hæstv. ráðherra, sá er fer með raforkumál, frá því, að raforkumálaskrifstofan hefði um nokkurt skeið unnið að þessu, en óformlega þó, en hann hefði þá fyrir nokkru lagt áherzlu á það við raforkumálastjóra, að hann hraðaði þessari áætlun, eftir því sem unnt er.

Síðan þetta var eru liðin rúmlega 2 ár. En enn er þessari áætlun eða undirbúningi að nýrri ákvörðun um raforkuveitur ekki lokið. Mun þetta vera þannig, að þetta hefur verið falið manni, sem hefur miklum öðrum störfum að gegna á raforkumálaskrifstofunni, og eftir því sem mér hefur skilizt ekki fengnir viðbótarstarfskraftar til að vinna að þessu. Við teljum því rétt með flutningi þessarar till. að ýta enn á eftir þessu máli, þar sem hér er um mikið nauðsynjamál að ræða.

Það hefur verið unnið mikið að framkvæmdum í raforkumálum undanfarinn áratug. Það hefur verið unnið að framkvæmd svokallaðrar 10 ára áætlunar, sem ákveðið var að framkvæma árið 1953. Hefur verið komið upp orkuverum, aðalorkuveitum og dreifilínum um ýmsar sveitir og kauptún. Eftir þeim upplýsingum, sem ég fékk nýlega hjá raforkumálaskrifstofunni, er talið, að um síðustu áramót hafi nokkuð yfir 2400 sveitabýli verið búin að fá rafmagn frá samveitum. Þá hef ég einnig fengið upplýst hjá rafmagnseftirlitinu, að um næstliðin áramót hafi 493 sveitaheimili haft raforku frá vatnsaflsstöðvum, þ. e. a. s. einkastöðvum, en nokkuð yfir 500 heimili höfðu þá rafmagn frá olíustöðvum. Ég geri ráð fyrir, að nokkuð mörg af þeim heimilum, sem notast nú við olíustöðvarnar, hafi komið upp slíkum stöðvum í bili, meðan beðið var eftir væntanlegum raflínum frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins. En samkvæmt þessum upplýsingum eru það nokkuð yfir 2900 sveitaheimili, sem um síðustu áramót höfðu rafmagn frá héraðsrafmagnsveitum og vatnsaflsstöðvum, sérstökum vatnsaflsstöðvum. En hér er þó mikið verk enn óunnið, og hefur verið þessi árin og verður eins í ár væntanlega og næstu árin unnið að því að koma rafmagni út frá samveitum til sveitaheimila samkv. 10 ára áætluninni.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég fékk frá raforkumálaskrifstofunni nú í marzmánuði, er talið, að 1958 hafi 143 býli verið tengd við héraðsrafmagnsveitur ríkisins, 139 árið 1959, 215 árið 1960 og 158 árið 1961. Þannig er mér sagt, að þetta hafi verið síðustu árin. Árið 1956 munu um 300 býli hafa fengið rafmagn frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins, svo að þau eru nokkru fleiri það ár, en þó kann að vera, að einhver af þeim býlum hafi ekki fengið raflínur tengdar fyrr en 1957, en þá er talið, að heimilin hafi verið um 150.

Í grg., sem fylgir okkar till., er skýrt frá því, hvað ríkissjóður hefur lagt fram á árunum 1954—60 til raforkuframkvæmdanna. Samkvæmt ríkisreikningum hafa framlögin verið á þesum árum: til nýrra raforkuframkvæmda samtals 55½ millj. rúmlega og til raforkusjóðs 75 millj. 650 þús. Beinu framlögin úr ríkissjóði hafa verið nokkru minni síðustu 3 árin heldur en næstu árin þar á undan. Árin 1957 og 1958 voru um 12 millj. kr. veittar til nýrra raforkuframkvæmda hvort árið fyrir sig. 1959 féll þetta framlag alveg niður, en hefur verið 10 millj. hvort árið 1960 og 1961. Til raforkusjóðsins voru veittar 15 millj. kr. samkv. ríkisreikningi árið 1957, 17 millj. 1958, en árið 1959 og 1960 14 millj. 250 þús. hvort árið fyrir sig, og sama fjárveiting var árið 1961. En framkvæmdakostnaður hefur hækkað mjög síðustu árin og fjárþörfin vaxið. Er því mikil nauðsyn á því að auka ríkisframlögin, og svo þarf að sjálfsögðu að útvega lánsfé til áframhaldandi framkvæmda. Þessi beinu fjárframlög úr ríkissjóði hafa vitanlega ekki hrokkið til að borga kostnað við þessar framkvæmdir, og þess vegna hefur hér að miklu leyti verið unnið fyrir lánsfé.

Èg hef gert nokkra athugun á því, hvað miklu fé hefur verið varið samtals til greiðslu á kostnaði rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins undanfarin ár, samkv. reikningum raforkumálaskrifstofunnar. Með stofnkostnaði er þá talið það, sem greitt hefur verið til að koma upp virkjunum, sjálfum orkuverunum, einnig aðalorkuveitum og disil- og hjálparstöðvum, sem rafmagnsveitur ríkisins eiga á mörgum stöðum, enn fremur birgðahúsum og áhöldum, en sá eignaliður var um síðustu áramót hjá rafmagnsveitum ríkisins 14.3 millj. eða um það bil. Hjá héraðsrafmagnsveitum ríkisins er hins vegar talið það, sem lagt hefur verið á þessum árum í það að koma upp dreifilínum. Þegar þetta er lagt saman, hjá báðum þessum fyrirtækjum, sem hafa aðskilinn fjárhag eða sérstaka reikninga, hvort fyrirtækið fyrir sig, rafmagnsveitur ríkisins og héraðsrafmagnsveitur ríkisins, þegar það er lagt saman, sem varið hefur verið í stofnkostnað síðustu árin við framkvæmdir þessara fyrirtækja, þá kemur það fram, að árið 1957 voru framlögin 75.2 millj., ég sleppi minni einingum, 75.2 millj. 1957, 117.3 millj. 1958, 36 millj. 1959, en það ár voru þar að auki lagðar rúmlega 22.7 millj. í svonefnda Keflavíkurveitu,

en sú framkvæmd var utan við 10 ára áætlunina og til hennar fékkst lánsfé erlendis frá, 10 millj. af svokölluðu PL-480 láni og þar að auki sérstakt lán fyrir erlendu efni til þessarar Keflavíkurlínu, svo að ekki þurfti að verja til hennar neinu fé, sem ætlað var til 10 ára áætlunarinnar, enda utan hennar, eins og ég áðan sagði. Árið 1960 nema þessar greiðslur vegna stofnkostnaðar alls 86.2 millj., en 1961 54.9 millj. Samtals sýna reikningarnir, að frá upphafi þessara framkvæmda og til síðustu áramóta er búið að leggja í stofnkostnað hjá rafmagnsveitum ríkisins og héraðsrafmagnsveitum ríkisins um 572 millj. kr.

Enn er eftir að koma upp orkuverum og aðalorkuveitum fyrir allmörg byggðarlög samkv. 10 ára áætluninni, og vitanlega þarf að ljúka því sem allra fyrst.

Raforkumálaskrifstofan hefur unnið að því nú undanfarið að athuga vegalengdir milli býla í sveitum, sem ekki hafa enn fengið rafmagn. Það er sú athugun, sem við fórum fram á með tillöguflutningi fyrir 2 árum, að væri hraðað sem mest og ekki er lokið og því flutt till. enn á ný um, að þessu verki verði lokið, þessum undirbúningsathugunum, á þessu ári, og í framhaldi af því verki verði gerðar áætlanir um dreifilínur um byggðir, sem enn hafa ekki fengið rafmagnið og þá yrði unnið að framkvæmd á strax og 10 ára áætluninni er lokið. Við dreifingu raforkunnar um sveitir hefur undanfarið verið fylgt þeirri reglu aðallega, að lagt hefur verið um þau svæði, þar sem línulengd frá aðalveitu er ekki meiri en um það bil 1 km á býli að meðaltali. Í síðari áfanga þarf auðvitað að ganga miklu lengra og leggja raflínur um sveitir, þó að meðallínulengd milli býla sé miklu meiri, því að það er sjálfsagt að fullnægja raforkuþörf fólksins, að svo miklu leyti sem mögulegt er, með samveitum eða með byggingu vatnsaflsstöðva fyrir einstök býli, þar sem skilyrði eru til þess. En þar sem svo hagar til, að byggðin er svo strjál eða einstök býli eru svo afskekkt, að ekki þykir fært að leggja raflínu til þeirra frá samveitum og ekki eru heldur skilyrði til vatnsaflsvirkjunar, þar þarf vitanlega að grípa til annarra úrræða, þótt lakari séu og ekki komi að eins góðum notum. Þar þarf að koma til aukin aðstoð af opinberri hálfu frá því, sem nú er. Það er sanngirnismál, að þeir, sem búa við þessi erfiðu skilyrði, fái aðstoð frá því opinbera, sem ákveðin verði með hliðsjón af þeim framlögum, sem veitt hafa verið frá þjóðfélaginu í heild til þess að leggja raflínur um kauptún og sveitir.

Flestir landsmenn hafa þegar fengið rafmagnið á heimili sín. Og það má segja, að þeir hafi undantekningarlítið fengið þessi þægindi með verulegri aðstoð frá því opinbera, þótt nokkuð mismunandi sé. Ég held mér sé óhætt að fullyrða, að engu af hinum stærri orkuverum hér á landi, sem komið hefur verið upp til þess að fullnægja raforkuþörfinni á fjölbýlustu stöðum, hafi verið komið upp án ríkisaðstoðar. Ríkið hefur gengið í ábyrgð fyrir lánum til virkjananna og veitt fyrirgreiðslu á ýmsan hátt. Auk þess hafa þeir, sem þegar hafa fengið rafmagn, fengið verulegan beinan fjárhagslegan stuðning á undanförnum árum, eins og ég hef gert grein fyrir. Þó að nú sé svo komið, eins og ég sagði áðan, að flestir landsmenn hafa þegar fengið rafmagnið inn á heimili sín, þá er það ekki nóg. Öll heimili landsins þurfa að fá rafmagnið og njóta þeirra mikilsverðu þæginda, sem það veitir. Og þetta þarf að vera svo fljótt sem mögulegt er. Og það er ekki svo mikið eftir til þess að ljúka þessu nauðsynjaverki, að það ætti að vera mögulegt að ljúka því á tiltölulega skömmum tíma, ef vel er að unnið. Og þeir, sem bíða eftir rafmagninu óþreyjufullir, eins og eðlilegt er, þurfa að vita hið allra fyrsta, hvers þeir megi vænta og hvenær. Þess vegna leggjum við flm. þessarar till. áherzlu á það, að rannsóknum og áætlunum um áframhaldandi framkvæmdir verði lokið hið allra fyrsta, svo að menn viti, hvers þeir mega vænta, og framkvæmdirnar fylgi svo á eftir með þeim hraða, sem mögulegt er.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að óska þess, að þessum umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn. til athugunar.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég skal ekki endurtaka það, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) sagði hér, og ekki fara út í miklar tölur. Ég vildi aðeins benda á það, sem flestum er sennilega ljóst, og það er, að fólkið, sem vantar rafmagn, þráir ekkert meira en að fá það. Og sveitafólkið spyr mann fyrst um það: Hvenær fáum við rafmagnið? Þetta veit ég að hæstv. raforkumálaráðherra er ljóst.

Það hefur tæplega helmingur af bændum landsins fengið rafmagn, og það er líklegt, að það kosti á milli 300 og 400 millj. kr. fyrir ríkissjóð að koma rafmagni á þau sveitabýli, sem hægt er að leggja rafmagn á vegna þess, hve mikil fjarlægð er á milli býlanna. En það er ákaflega mikils virði fyrir fólkið að fá ákveðið, hvort það eigi von á því að fá rafmagn frá rafstöðvum ríkisins eða ekki. Ef þeir eiga ekki von á því, þá geri ég ráð fyrir því, að margir reyni að koma sér upp dísilstöðvum. Það má ef til vill segja, að það sé erfitt að leggja fram mikið fé umfram það, sem nú er gert, til þessara hluta. En þó hygg ég, að fé ríkisins sé varið til ýmissa ónauðsynlegri hluta en að koma rafmagni til fólksins. Meðan allir voru rafmagnslausir í sveitum, undi fólkið frekar við það heldur en nú, þegar sumir eru búnir að fá rafmagn, því að maðurinn er þannig gerður, að hann óskar eftir því að njóta sömu þæginda og segja má að nágrannarnir hafi. Þess vegna held ég, að það sé ekki um annað að gera en reyna að hraða framkvæmdum í þessu efni, reyna að leggja raflínur til þeirra, sem gerlegt er að leggja rafmagn til á þann hátt, og stuðla þá að því, að hinir geti komið sér upp dísilstöðvum. Það er nú t. d. varið um 100 millj. kr. á ári í fjölskyldubætur með tveimur fyrstu börnunum. Ég er sannfærður um, að það væri betra fyrir þjóðfélagið í heild að taka þetta framlag í t. d. 3—4 ár og koma rafmagni til þeirra bæja, sem hægt er að koma rafmagni til með því að leggja raflínur. Ég er sannfærður um, að það yrði hagkvæmara fyrir þjóðfélagsheildina, því að flestir mundu komast þolanlega af, þó að þeir fengju ekki fjölskyldubætur með fyrstu

tveimur börnunum. Það er varið sennilega fullum 30 millj. til atvinnuleysistrygginga árlega, sem ekki eru notaðar, vegna þess að það er ekkert atvinnuleysi um að tala. Ég er því sannfærður um, að ef áhugi er fyrir hendi, þá er hægt að verja miklu meira fé til þessara hluta en gert hefur verið. Ég er ekki með neinar aðdróttanir í garð núverandi raforkumálaráðherra í þessu efni, og ég veit og vona, að hann skilji þetta og geri það bezta, sem hægt er að gera í þessu efni. Og það, sem þarf að gera, er að hraða áætlununum.

Ég hef átt tal um þetta við forráðamenn raforkumálaskrifstofunnar, og þeir telja, að þá hafi skort tíma til að gera þessar áætlanir, þeir séu ekki búnir að því, svo að það liggur ekki alveg ljóst fyrir, hvaða býli það eru, sem gerlegt er að leggja rafmagn til með raftaugum. En þeir telja, að þeir muni ekki þurfa að eyða mjög miklum tíma í þetta. Ég spurði þá að því, hvort það væri hægt að fá aðstoð við þetta, en þeir töldu, að það kæmi ekki að notum, þeir yrðu að gera þetta sjálfir. En það er ákaflega áríðandi, ef hægt er að gera eitthvað til þess að stuðla að því, að þeir geti leyst þetta verk af hendi, að það sé gert og það verði búið að framkvæma það, áður en þing kemur saman næsta vetur. Vitanlega er ekki um auknar fjárveitingar að tala á þessu sumri til þessara hluta, en það væri hægt að athuga það við næstu fjárlög, hvort ekki væri hægt að veita meira fé til raflagna en verið hefur.

Nú er það svo, að verðgildi hverrar krónu hefur stórminnkað undanfarin ár, og þá er ekki óeðlilegt, að þeim krónum fjölgi, sem til þessara hluta er varið.

Ég veit, að raforkumálaráðherra hefur haft ýmsu að sinna, ýmsum stórum málum En það er nú þannig með öll ofurmenni, að þegar þeir eru búnir að gera eitt afrek, þá ráðast þeir í annað, og ég vænti þess, að það verði þannig með hæstv. raforkumálaráðh., að hann geri nú stórt átak í þessum efnum, því að fyrir sveitafólkið er ekkert betra hægt að gera heldur en að koma rafmagninu til þess. Það breytir algerlega lífsskilyrðum þess og skapar því meiri ánægju og lífsþægindi heldur en það hefur átt kost á til þessa tíma. Og ég hygg, að það muni ekki mikið skerða fjárhag þjóðarheildarinnar, þó að það væri lögð meiri áherzla á þessa hluti en verið hefur undanfarin ár, og vil ég þó ekki gera neitt lítið úr því, sem gert hefur verið.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna þessarar till., sem hér er verið að ræða um. Það hefur verið minnzt á það, að till. sem þessi hafi verið flutt áður, þá hafi ég gefið svör og talið, að raforkumálastjóra hafi verið falið að gera þá áætlun, sem hér um ræðir. Það er rétt. Með bréfi, sem ég man nú ekki nákvæmlega hvenær var dagsett, en það var fyrri hluta árs 1960, ég ætla í febrúar eða marz, var raforkumálastjóra falið að vinna þetta verk, sem hér er rætt um í þessari till. Og ég er alveg sammála, að ég tel æskilegt, að þessari áætlun verði lokið sem fyrst. En það liggur í augum uppi, að það hefur náttúrlega ekki gert raforkumálastjóra léttara fyrir eða aukið möguleikana á því að flýta þessu, að verkfræðingaverkfallið skall á í fyrrasumar, og það má segja, að það sé takmarkað lið, sem hann hefur í þjónustu sinni. En í viðtölum mínum við raforkumálastjóra er unnið að þessari áætlun, og það má segja, að það sé æskilegt fyrir þá bændur, sem hafa ekki enn fengið rafmagn, að vita um, hvenær þess er von eða hvort þess er von. En enn sem komið er gerir það náttúrlega ekki neinn skaða í sambandi við framkvæmdir á þessum málum, þó að áætlunin liggi ekki fyrir, því að 10 ára áætluninni er ekki enn lokið, eins og kunnugt er. En að henni er unnið af fullum krafti, og held ég, að óhætt sé að segja, að 10 ára áætluninni verði lokið á tilsettum tíma. Og það er þegar henni er lokið, sem að þessu kemur, og vitanlega fyrir þann tíma og æskilegast, að framhaldsáætlunin liggi sem fyrst fyrir.

Þá er það, hvað má vera langt á milli bæja í framhaldsáætlun. Í 10 ára áætluninni er talað um einn km, og eftir því hefur verið unnið í öllum aðalatriðum. Hvað á að setja markið hátt í framhaldsáætluninni? Á það að verða 1½ km, eða á það að vera meira? Í hreinskilni sagt hefur ekki verið tekin ákvörðun um þetta enn þá, og þess gerist reyndar ekki þörf, áður en áætlunin er gerð, því að áætlun þarf að gera og kortleggja alla bæi, sem eftir eru rafmagnslausir, og það er nú náttúrlega ákaflega fljótlegt að draga út nokkuð marga bæi, sem eru það langt frá, að það kemur ekki til mála að leggja línu frá samveitu til þeirra, það eru kannske 4—5 km. Það vita allir, að það verður ekki ráðizt í það að leggja samveitur til þeirra bæja, þegar kílómetrinn kostar um 80 þús. kr. Og það eru áreiðanlega nokkur hundruð bæir á Íslandi, sem þannig er ástatt með, sem hægt er að taka alveg frá, og það væri æskilegt, að þessi heimili ættu kost á því að fá dísilstöðvar með góðum kjörum, annaðhvort að þeir fengju lán með góðum kjörum eða jafnvel bæði lán og einhvern styrk. Það kemur vel til greina að veita þeim beinan styrk, því að það er vitanlega miklu ódýrara fyrir þjóðfélagið að veita þeim styrk til þess að kaupa slíkar stöðvar heldur en að leggja þessar löngu línur. Svo eru mörg hundruð bæir, sem ættu að geta komizt í samband við samveitur, þeir eru fleiri en hinir, að ég hygg. En þetta fáum við allt að vita, áður en lýkur. Raforkumálastjóri vinnur að þessu og mun kortleggja þetta allt, þannig að það liggi fyrir. Það, sem unnið hefur verið að þessum málum undanfarið, er vitanlega ákaflega mikilvægt.

Það er minnzt á það í grg. fyrir þessari till., að framlagið hafi lækkað síðustu ár frá því, sem verið hefur. Ríkisframlagið er vitanlega tiltölulega lægra núna en það var áður, þegar það er sama krónutala. Kaupmátturinn er minni. En að framkvæmdum hefur verið unnið með því að útvega lánsfé, og 10 ára áætluninni hefur algerlega verið haldið. T. d. þegar við athugum það, hvað hefur verið lagt á mörg býli undanfarin ár, þá sjáum við, að það hefur ekki dregið úr því nú síðustu árin. 1957 var lagt inn á 148 býli,

1958 143 býli, 1959 139 býli, 1960 215 býli, 1961 voru tengd 158 býli plús 116 býli, sem búið var að leggja línur til, en ekki að tengja, eða sama sem 274 býli, og það er ástæða til þess að geta þess, að nú þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að framkvæmdir á árinu 1962 verði nokkru meiri en árið áður, og til þess hefur fengizt lán í Þýzkalandi með góðum kjörum.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að fjölyrða um þetta. Við erum sjálfsagt allir sammála í þessu máli. Ég skil ekki, að það sé nokkur ágreiningur um, að það sé æskilegt að leysa raforkuþörf dreifbýlisins sem allra fyrst, það sé æskilegt að fá aukið fjármagn til þess frá því, sem verið hefur. En fram að þessu hafa hv. alþm. ekki sett markið hærra en það, að 10 ára áætluninni væri haldið, og það hefur verið gert, og að framhaldinu þarf vitanlega að vinna á þann veg, að framhaldsáætlunin geti komið til framkvæmda á réttum tíma og að fjármagn verði tryggt til þess, að einnig þeirri áætlun verði haldið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að segja meira um þetta mál, sem enginn ágreiningur er um hér í hv. Alþingi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af ummælum hæstv. raforkumrh. um, að það sé nauðsynlegt að ákveða fjarlægðartakmörk í hinni nýju áætlun, þegar búið er að ljúka þeirri áætlun, sem fyrir liggur, en í henni er gert ráð fyrir, að ekki sé farið verulega út fyrir þau takmörk, sem ákveðin eru þar um 1 km vegalengd á milli bæja, en hann gaf í skyn, að e. t. v. yrði þar ákveðin eitthvað lengri vegalengd, allt að 1½, þá vil ég taka fram, að það er mín skoðun, að þetta geti engan veginn verið neinn mælikvarði um það, hvar eigi að leggja rafmagn í landinu, og mér þykir ástæða til þess að taka það fram hér, vegna þess að það er verið að undirbúa hina nýju áætlun, og það virðist, að hjá raforkuráði og raforkumálastjórn sé það mjög ákveðin stefna, að það verði að takmarka þetta með ákveðinni fjarlægð á milli bæja. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að benda á, að þetta var einnig gert á sínum tíma, þegar síminn var lagður hér á Íslandi. Nú er svo komið, að það dettur engum manni í hug að neita um að leggja síma til bæja, þó að það sé langt fjarri öðrum byggðum, og landssíminn verði að taka á sig þær fjárhagslegu byrðar, sem því eru samfara.

Það verður að vera krafa þeirra manna, sem hér á Alþingi eru umboðsmenn fyrir hinar fjarlægari byggðir, að sú skoðun verði ekki látin ríkja í sambandi við áætlunina, að raflýsa beri aðeins bæi innan ákveðinnar vegalengdar. Við verðum að krefjast þess, að þegar næsta áætlun er gerð, hvort heldur það verður nú eða þegar þessari áætlun, sem nú er að ljúka, verður lokið, þá liggi fyrir nákvæmlega, hvað það kostar að raflýsa hvern einasta bæ á Íslandi. Það getur ekki verið neitt vandamál fyrir raforkumálastjórnina að láta gera slíkar áætlanir, og er þetta er vitað, ber að ákveða, hvort bæir skuli lýstir með vatnsafli, dísilmótorum eða á einhvern annan hátt. En það verður þá þegar að vera ljóst, hvað það kostar að raflýsa alla bæi í landinu, hvar sem þeir eru staðsettir, því að það er vitanlegt, að ef felldur er sá dómur um ákveðin býli, að þau verði ekki raflýst með sams konar aðstoð frá ríkissjóði og ætlazt er til að fjölbýlið fái, þá er verið að dæma þá menn úr leik, sem þar búa, og gera þeim ómögulegt að lifa þar áfram sínu lífi.

Ég hef orðið var við þessa skoðun, ekki hjá hæstv. ráðh., nema síður sé, en ég hef mjög orðið var við hana hjá raforkumálastjóra, og það er einmitt þess vegna, sem það er nauðsynlegt að kveða þessa skoðun strax niður. Ríkisstjórnin og raforkuráð verða undir öllum kringumstæðum að gera sé ljóst, að það verður að láta hér alla þegna landsins sitja við sama borð, og verði það ekki gert, þá verður að gera ráðstafanir til þess að flytja þetta fólk í burtu frá dreifbýlinu inn á rafmagnssvæðin og sjá, hvað það kostar ríkissjóð.

Mér þykir ástæða til að láta þessi orð koma hér fram, vegna þess að það kom mjög fram hjá ráðh., að vegalengdin á milli bæja yrði látin ráða framkvæmdum í hinni nýju áætlun, en það tel ég hreinustu fjarstæðu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða málið hér nánar. Þessi till. fer sjálfsagt í n. og hún verður einhvern tíma síðar rædd, og málið sjálft verður tvímælalaust rætt mjög á Alþingi, áður en endanlega er náð samþykki um það að láta fjarlægðina á milli bæja skera úr um það, hvaða héruð skuli lýst, eins og var gert í síðustu áætlun.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Ég vil taka undir þau orð hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ), að þetta sé svo mikið nauðsynjamál, að það sé tæplega hægt að hugsa sér í framtíðinni byggð á þeim stöðum, sem ekki njóta rafmagnsins.

Ég vildi aðeins segja út af því, sem hæstv. ráðh. sagði hér um fjölda býla, sem hefðu fengið rafmagn síðustu árin, að tölur þær, sem hann nefndi fyrir árin 1958, 1959 og 1960, standa ekki heima við það, sem ég hef hér á skýrslu frá raforkumálaskrifstofunni. Þetta yfirlit, sem ég fékk, er dagsett 9. marz nú í vetur, og þar er gefinn upp fjöldi tengdra býla við héraðsrafmagnsveitur ríkisins, og fyrir 1961 er gefin upp talan 158, og það held ég hljóti að vera rétt tala. Hitt er annað mál, að þarna eru talin hvert ár tengd býli við héraðsrafmagnsveiturnar, en oft stendur þannig á, að um áramót er búið að vinna við ákveðnar línur að verulegu leyti, setja upp staura og vinna að þessu kannske að nokkuð miklu leyti, þó að tenging fari ekki fram fyrr en á næsta ári. En þessi skýrsla, sem ég hef hér, er sjáanlega gerð þannig, að það eru talin þau býli, sem hafa verið tengd við aðalveiturnar á hverju ári, án tillits til þess, hvort það hefur verið unnið á því ári algerlega að framkvæmdum fyrir þau býli eða ekki, og ég hugsa, að þessi skýrsla sé alveg örugg. En það er rétt, að það hefur verið unnið að þessari 10 ára áætlun undanfarið, eins og ráð var fyrir gert. Þó er það svo, að það hefur ekki verið framkvæmt enn allt, sem gert var ráð fyrir, að því er snertir byggingu orkuvera og lagningu aðalorkuveitna frá þeim. Eins og við munum, þá var ákveðið 1959, fyrir forgöngu þeirrar stjórnar, sem þá sat hér, að hætta við a. m. k. um sinn að

byggja nokkrar vatnsaflsstöðvar, sem gert var ráð fyrir í 10 ára áætluninni, en setja upp dísilstöðvar í staðinn. Þannig hafa orðið frávik verulega frá þessari 10 ára áætlun. En hvað snertir dreifilínurnar um héruðin, þá hefur verið unnið að þessu öll árin með svipuðum hætti.

Ég vil svo aðeins þakka þær góðu undirtektir, sem till. hefur fengið, og vildi vænta þess, að samkomulag gæti orðið um afgreiðslu málsins, þótt mjög sé liðið á þingtímann, og síðan verði unnið að þessum áætlunum og framkvæmdum, sem till. fjallar um, með þeim hraða, sem unnt er.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja mikið þær umr., sem fram hafa farið um þetta mál. Hæstv. ráðh., sem hér talaði áðan, lét, að ég ætla, orð falla um það, að hann vonaðist eftir, að þeim framkvæmdum, sem gert hefði verið ráð fyrir í 10 ára áætluninni, yrði lokið á tilsettum tíma. Þannig skildi ég orð hæstv. ráðh. Þessi 10 ára áætlun var, eins og kunnugt er, hafin árið 1954 og í viðauka við raforkulögin, sem um hana fjallaði, var gert ráð fyrir því, að henni yrði lokið á árinu 1963. Nú veit ég ekki með vissu, hvað hæstv. ríkisstj. hefur í huga, þegar hún ræðir um 10 ára áætlunina og framkvæmd hennar, en þegar ég tala um þá áætlun, þá á ég við þá áætlun, sem mér var kunnugt um, að fyrir lá á árinu 1957 um þessar framkvæmdir. Aðrar áætlanir hef ég ekki séð. Og ef það er svo, að þess megi vænta, að þeirri áætlun, sem fyrir lá á árinu 1957, í aprílmánuði, að ég ætla, á raforkumálaskrifstofunni, verði lokið á árinu 1963, þá er náttúrlega mjög ánægjulegt til þess að vita. Hins vegar, ef raunverulega hafa verið gerðar breytingar á þeirri áætlun síðan, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur fallizt á, þá væri náttúrlega einnig æskilegt að fá að vita um það.

Það kom fram hjá hæstv. ráðh., að áfram mundi hafa verið haldið undanfarin ár lagningu lína á sveitabæi, þannig að ekki hefði orðið neitt hlé á þeim framkvæmdum og að ekki færri sveitabæir hefðu nú á síðustu árum fengið rafmagn árlega heldur en undanfarið. Ég geri ráð fyrir því, að um þetta liggi fyrir skýrslur, sem hæstv. ráðh. og raforkuráð hafa í höndum. En ég vil leyfa mér að benda á það í þessu sambandi, sem hv. síðasti ræðumaður raunar gerði, að 10 ára áætlunin fjallar jöfnum höndum um undirstöðuframkvæmdir, þ. e. a. s. raforkuver og aðalorkuveitur, og um þær síðari framkvæmdir, sem á þeim byggjast, þ. e. a. s. dreifingu rafmagnsins til einstakra heimila í sveit og við sjó. Ég hygg, að nú síðustu árin hafi minna verið að því gert, sem ég leyfi mér að kalla undirstöðuframkvæmdir. Á árunum 1956 og 1957 var, ef ég man rétt, unnið að byggingu raforkuvera, bæði á Austfjörðum og Vestfjörðum, sem kostuðu mjög mikið fé, og einnig lagðar aðalorkuveitur miklar, en síðan hefur minna verið unnið að slíkum framkvæmdum. Ég man ekki eftir, að neitt verulega hafi verið unnið að byggingu raforkuvera síðan og að ég ætla ekki mjög mikið að lagningu aðalorkuveitna, en hins vegar byggist auðvitað dreifing orkunnar á heimilin á því, að raforkuver eða aðalorkuveita sé til staðar. Þó að til séu byggðarhverfi eða þéttbýlar byggðir í sveitum, þar sem meðalfjarlægð á milli býla er lítil, þá kemur það ekki að haldi, á meðan ekkert raforkuver er þar nálægt eða aðalorkuveita, sem hægt er að dreifa rafmagninu frá. Þess vegna er ekki hægt að framkvæma rafvæðinguna um land allt, nema þessar undirstöðuframkvæmdir séu fyrir hendi. Og ég leyfi mér alveg sérstaklega að benda á það, að hlé hefur orðið á þessum framkvæmdum. T. d. hefur ekki verið lögð aðalorkuveita til Norðausturlands, þ. e. a. s. um byggðir Norður-Þingeyjarsýslu, frá Laxá, ekki heldur um sunnanverða Austfirði og ekki norður til Vopnafjarðar, svo að ég nefni dæmi, frá orkuveri á Austurlandi. Þessar undirstöðuframkvæmdir hafa stöðvazt, en á 10 ára áætluninni voru þær. Á þessu vil ég leyfa mér að vekja athygli.

Varðandi það, hverjir sveitabæir eigi að fá rafmagn frá orkuveitum, þá vildi ég nú mjög taka undir það, sem hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) sagði hér áðan, að ég held, að við verðum að stefna að því, að sem allra flestir sveitabæir fái raforku frá orkuverum, það eigi að vera aðalstefnan, að sem allra flest og helzt öll sveitaheimili fái raforku á þann hátt. Hitt er svo annað mál, að það getur náttúrlega í einstaka tilfelli staðið svo á, að þetta sé ekki mögulegt, en þetta er það, sem fyrir okkur á að vaka í þessum málum. Ég tel, að það nái engri átt að binda sig við þá fjarlægð, sem raforkumálaskrifstofan hingað til hefur aðallega bundið sig við, sem mun vera eitthvað lítið yfir 1 km á milli bæja. Við verðum að setja markið miklu hærra í þeim efnum og gera ráð fyrir því sem takmarki, að það teljist til undantekninganna, ef heimilin fá ekki rafmagn á þennan hátt. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm., hvort hann á miklu ólokið af ræðu sinni?) Hæstv. forseti. Ég hef lokið því, sem ég ætlaði að ræða að þessu sinni, og skal ljúka máli mínu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Sþ., 16. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

Ráðstafanir til verndar erninum.

Á deildafundum 13. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um ráðstafanir til verndar íslenzka erninum [175. mál] (A. 381).

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 44. fundi í Sþ., 21. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þrem öðrum hv. þm. að flytja þáltill. þess efnis, að ríkisstj. sé falið að láta rannsaka og gera athugun á, hvað hægt muni vera að gera eða hvað tiltækilegast muni vera að gera til þess af afstýra því, að íslenzki örninn verði aldauða í landinu.

Árið 1959 lét menntmrn. gera athugun á því, hvað margt muni vera til af þessum fuglum í landinu þá. Var mjög virðingarvert og nauðsynlegt að athuga þetta, og til þessarar athugunar valdist ungur náttúrufræðingur, ötull maður, og út úr þeirri rannsókn hefur það komið, að þetta ár, 1959, munu hafa verið 11 arnapör við hreiður, öll á Vestur- og Suðvesturlandi. Auk þess virtist athugun leiða í ljós, að nokkrir stakir fuglar væru hér og þar, sem ekki voru við hreiður, eða alls um 38 fuglar til í landinu.

Það er löngu vitað og var löngu vitað, að örninn var orðinn mjög fáliðaður hér á landi, og þess vegna var mjög nauðsynlegt að gera þessa athugun til að fá það nokkurn veginn ljóst fram, hvað margir fuglar væru til. Eins og allir vita, þá er þessi fugl alfriðaður og hefur verið um langan tíma, en þó mun honum alltaf hafa fækkað fyrir það. Og eins og vikið er að í grg. þessarar þáltill., þá munu ástæður vera þær, að þessum fugli hefur jafnt og þétt fækkað vegna eitrunar, sem borin hefur verið út fyrir refi. Og þrátt fyrir það, að hann er alfriðaður og það liggja við allháar sektir, að þessi fugl sé drepinn, þá leikur þó grunur á því, að honum sé eitthvað eytt viljandi af manna völdum. Það eru t. d. ekki nema fáir dagar síðan það kom fram í blaðagrein, að eitt par hefði verið drepið á eitri árið sem leið við Breiðafjörð, í eyju á Breiðafirði, við hreiður.

Það verður, held ég, naumast um það deilt, að það er mjög leitt og raunar mikill vansi fyrir þjóðina, ef hún lætur þennan fágæta og tilkomumikla fugl deyja út, enda þótt það sé á allra vitorði, að hann er ekki nytjafugl. Bændur þeir, sem undir því búa að hafa erni í sinni landareign, kvarta að sjálfsögðu mikið yfir því sumir hverjir, að þeir geri skaða. Þó er nokkurt álitamál um það, hvað örninn gerir mikinn skaða, það hefur ekki verið rannsakað, en einhvern skaða mun hann gera. Það vill þannig til, að ég hef í höndum bréf frá einum merkisbónda, sem leggur mjög raunhæfan og réttan skilning á þessi mál, en hefur arnarhreiður í sinni landareign eða hefur haft, og ég held, að ég geri þeim bónda fremur sóma en minnkun með því að leyfa mér að lesa hér upp kafla úr þessu bréfi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir að eyða erni er 500 kr. sekt," segir hann. „Þetta sektarákvæði er engin vörn gegn því, að ernir séu drepnir. En hitt er heldur ekki rétt, að einstöku menn verði fyrir stórtjóni af völdum arnarins og beri það að öllu leyti óbætt og þeirra eina vörn sé að fyrirfara þessum fuglum á einhvern hátt án þess að verða fyrir barði laganna. Ég held, að það sé óhjákvæmilegt, að ríkisvaldið taki þátt í því tjóni, sem örninn veldur, og að minu áliti væri mikið öryggi fyrir líf arnarins að bæta þeim þetta í einhverri mynd, svo að þeir þyrftu ekki að byrja á því að drepa fuglinn, heldur leita bóta, ef hann veldur skaða í landareign þeirra. Margir hafa sagt við mig, að þeir væru alveg hissa á því, að ég, sem er góð skytta, skuli ekki þegjandi og hljóðalaust skjóta ernina. Það er þessi hugsunarháttur, sem ég óttast mjög, og eina ráðið gegn honum eru bætur, veittar í tíma, því að það er gamalt orðtak, að það sé of seint að iðrast eftir dauðann. Mér verður hugsað til þess, hefði ég farið í það að tortíma öllum örnunum, sem hér hafa alizt upp, — en hér hefur verið uppeldisstöð fyrir þá, — og ég held, að það hefði orðið erfitt síðar meir að bæta það tjón, sem þá hefði verið unnið. Eitt er enn, sem ég tel mjög nauðsynlegt til verndar erninum, það er áróður um fegurð þessa tignarlega fugls og að auka metnað okkar í að reyna að varðveita hann frá útrýmingu og benda þeim mönnum, sem sitja í æðri valdastólum, á það, að eitthvað þurfi að gera í þessu máli til þess að varðveita tilveru hans. Það þarf að skapa erninum sem bezt öryggi, svo að sá stofn, sem enn er til, réni ekki, heldur hitt, að hann heldur haldist fyllilega við og fari vaxandi og að stofninum megi skila í hendur afkomenda okkar og óborinna kynslóða, svo að ekki fari fyrir honum eins og geirfuglinum forðum. Mér sýnist, að að óbreyttu ástandi sé tilveru arnarins stefnt algerlega í voða og áður en langt um líður verði hann horfinn með öllu af landinu, en ef okkar kynslóð hendir það slys að útrýma íslenzka erninum, þá sé hún með réttu ámælisverð."

Svo getur þessi bóndi um, að það sé mikið spurt um það af erlendum ferðamönnum, sem uppi séu hér á landi, hvort það séu tök á því, ef þeir komi á staðinn, eða líkur til þess, 30% líkur til þess, að fá að sjá örn, þá muni þeir hiklaust leggja í mjög mikinn kostnað til þess að koma og sjá hann.

Það er óþarfi, held ég, að fara um þetta mál miklu fleiri orðum. Ég trúi ekki öðru en að öllum Íslendingum sé það mikið metnaðarmál, að þessum fugli verði ekki algerlega útrýmt. En eftir þeim fregnum, sem berast af þeim stöðvum, þar sem hann hefur alið aldur sinn nú síðustu áratugina einungis, en það er á Vestfjörðum og við Breiðafjörð, þá berast af því árlega fregnir og það eftir mjög öruggum heimildum, að hann falli af mannavöldum árlega meira og minna, sumpart af því, að sumir þeir, sem hafa hann í landareign sinni, geta ekki liðið hann bótalaust og grípa til einhverra leyniráða til að ráða hann af dögum, og í öðru lagi af því, að það er borið út eitur fyrir önnur dýr, einkum refi og einnig fyrir svartbak, sem hlýtur undir ýmsum kringumstæðum að verða þessum fugli að skaða. Ég veit vel, að þetta er nokkuð mikið vandamál, hvernig eigi á þessu að taka, en ég hygg, að það sé ekki ýkjamikið vandamál að ná samkomulagi og samvinnu við bændur, þar sem ernir verpa, að þeir eyði þeim ekki þar, en það verður að sjálfsögðu að tryggja með einhverjum fébótum til þeirra í einhverju formi, einhverjum skaðabótum, svo að þeir telji sér frekar hlunnindi að því að hafa fuglinn í sinni landareign heldur en skaða.

Annað atriði í þessu máli er það, að ég er

persónulega á þeirri skoðun, að þrátt fyrir það að takist að halda verndarhendi yfir þeim stöðum, þar sem hann verpir, þá hrökkvi það ekki til, meðan leyft er að eitra eins mikið og gert er, bæði fyrir svartbak og fyrir ref, eftirlitslaust. Það verður sjálfsagt öllu meira vandamál við að eiga, en eitrun er afskaplega mikil vandræðaframkvæmd til að eyða dýrum, og ætti að viðhafa hana með ákaflega mikilli varúð, og ég held, að það sé í raun og veru ekki sæmilegt að leyfa eitrun, nema aðeins af völdum mönnum, sem til þess væru hreint og beint fengnir að framkvæma slíkt.

Í lögum nú er að vísu fyrirskipað að eitra fyrir refi, en undanþága mun vera frá því, að eitrað sé fyrir refi á þeim svæðum, þar sem örninn heldur sig við hreiður. Þetta er náttúrlega mjög nauðsynlegt, það sem það nær. En hins vegar hlýtur það alltaf að koma fyrir meira og minna, að þessi fugl fljúgi út frá sínum hreiðurstöðvum eða sínum aðalstöðvum, og þá getur hann hitt á eitruð hræ annars staðar.

Þáltill. þessi gengur aðeins út á það að fela ríkisstj. að halda áfram þeirri virðingarverðu byrjun á rannsókn á þessum fugli, sem gerð var 1959. En rannsóknin ein er að sjálfsögðu gagnslítil, nema aðeins fræðilega, ef ekkert verður gert raunhæft í því að stemma stigu fyrir því, að þessi fágæti og tignarlegi og merkilegi fugl verði útdauður. Það má taka það fram, að sá stofn, sem hér er, þessir milli 30 og 40 fuglar, munu vera algerlega staðbundinn stofn, þótt að vísu séu til enn ernir hér í nágrannalöndum af sama stofni, eins og t. d. í Grænlandi og Skandinavíu, en ég hef lesið norska bók um örninn í Noregi, sem er gefin út fyrir eitthvað rúmum 20 árum, og þar segir, að hann sé alveg við það að verða útdauður þar í landi, og þar er kennt um eitrun.

Èg vildi óska þess, að hv. Alþingi gæti fallizt á að samþykkja þessa till., í von um það, að af henni spretti einhverjar raunhæfar aðgerðir, til þess að það komi ekki fyrir þá kynslóð, sem nú lifir í landinu, að vera völd að því, að þessi merkilegi fugl hverfi með öllu og landið verði um leið mun fátækara að því er snertir dýraríkið.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Enginn skilji orð mín svo, að ég vilji örninn feigan eða aldauðan úr íslenzku dýraríki, því fer fjarri. Það yrði áreiðanlega mikill sjónarsviptir að svo tígulegum fugli og til vansæmdar, ef svo tækist til af manna völdum. En í þessu máli vil ég alveg sérstaklega benda á eitt atriði. Þess er getið í grg. till., að örninn sé enginn nytjafugl og sé óboðinn gestur í grennd við æðarvörp og víðar. Þetta mun orð að sönnu. Á hinn bóginn verður ekki um það deilt, að æðarfuglinn er einhver mesti nytjafugl íslenzkur og að þeim stofni steðja árásir úr ýmsum áttum. Margir bændur við Breiðafjörð hafa lagt fram mikla vinnu og ástundun á undanförnum árum við að hlúa að æðarfuglinum og rækta upp æðarvarp. En þeir hafa oft átt í vök að verjast, bæði gegn loftárásum ránfugla og skotgrafahernaði minksins, þar sem hann kemur við sögu. Svartbakar og minkar eru hvarvetna réttdræpir og fé lagt til höfuðs þeim, örninn á hinn bóginn alfriðhelgur, svo sem eðlilegt og sjálfsagt er.

Þótt örninn sé orðinn mjög fáliðaður, að því er talið er, er þó álitið, að hann valdi tilfinnanlegu tjóni á vissum stöðum. Mér er kunnugt um nokkra bændur í Barðastrandar- og Dalasýslu, sem leitað hafa bóta til hins opinbera út af usla, sem örninn er talinn valdur að. Þessir aðilar hafa engin svör fengið, hvað þá fébætur, enda mun enginn þeirra hafa leitað til dómstóla enn sem komið er. Mun þó eitt slíkt mál vera í undirbúningi, að því er ég frétti, um eyjabónda nokkurn, þar sem örn settist upp í varplandi. Að því er sagan segir, þá hringdi hann hingað suður til hins opinbera, í ráðuneytið, og spurði, hvort hann mætti skjóta örninn, en fékk að sjálfsögðu neitandi svar. Örn þessi sat svo uppi í varplandinu um lengri tíma og skildi við það svo að segja í rúst. Þetta var vorið 1957, en varpið mun ekki vera búið að ná sér enn. Skaðabótamál út af þessu efni mun nú vera í undirbúningi. En hvað sem því líður, þá þurfa að fást hrein og greið svör í þessu efni, og ég vil sérstaklega beina því til nefndar þeirrar, er fær tillögu þessa til meðferðar, að hún gefi þessu atriði fullan gaum, svo sem raunar er að vikið í grg., og reyni að finna viðunandi lausn á þessu máli.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

34. Áætlun um framkvæmdir í landinu.

Á deildafundum 20. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. varðandi 5 ára áætlunina um framkvæmdir í landinu [190. mál] (A. 424).

Á 44., 46., 48., 50. og 52. fundi í Sþ., 21. og 28. marz, 4., 6. og 11. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Byggingarannsóknir.

Á deildafundum 20. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um byggingarannsóknir [191. mál] (A. 428).

Á 44. fundi í Sþ., 21. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 46. fundi í Sþ., 28. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Gunnar Guðbjartsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þáltill. á þskj. 428 um byggingarannsóknir, sem fjallar um það, að Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta nú þegar koma til framkvæmda ákvæði 77.—79. gr. laga um landnám, ræktun og byggingar í sveitum frá 28. maí 1957 um byggingarannsóknir með það að markmiði, að í senn fáist ódýrari og hagkvæmari gerð útihúsa í sveitum, þar sem hægt er að koma við meiri vinnutækni við bústörf heldur en nú viðgengst.

Þau ákvæði, sem hér er rætt um, eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Landbrh. skipar 5 manna n., er hafi það verkefni í samvinnu við teiknistofu landbúnaðarins að gefa sem ákveðnastar leiðbeiningar um hagkvæmustu gerð bygginga á sveitabýlum og þá sérstaklega peningshúsa. N. lætur rannsaka verð og gæði húsa, sem nú eru til eða reist verða, með tilliti til þess, að með því fáist grundvöllur undir öruggari leiðbeiningarstarfsemi í byggingarmálum sveitanna. Í n. skulu vera forstöðumaður teiknistofu landbúnaðarins, yfirdýralæknir, nautgriparæktarráðunautur og sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands og einn maður, er landbrh. skipar í n. án tilnefningar. Landbrh. ákveður, hver skuli vera formaður n.“ Auk þess er í 79. gr. ákvæði um það, að n. megi ráða sér sérfræðing til aðstoðar við ýmis störf, og enn fremur, að kostnaður við störf n. skuli greiðast úr ríkissjóði.

Þegar þessi ákvæði höfðu verið samþ. á Alþingi eða stuttu eftir það, þá var það ákveðið af þáv. landbrh. að skipa þessa n., og fór sú skipun fram 6. febr. 1958. Til viðbótar við þá 4 sérfræðinga, sem um er rætt í l., að skuli vera í n., var skipaður í n. Sveinbjörn Jónsson byggingameistari, en Halldór Pálsson ráðunautur var skipaður formaður n. N. hóf störf sín í marz 1958, og á því ári hélt hún alls sex fundi og næstu árin á eftir nokkra fundi. Ég hef fengið frá ritara þessarar n. útdrátt úr því, hvernig n. vann eða hugsaði sér að vinna, og þau helztu verk, sem hún taldi nauðsyn á að gerð yrðu, og ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa nokkur atriði úr þessari skýrslu.

N. ákvað að byrja á því að kynna sér gerð og fyrirkomulag peningshúsa á ýmsum stöðum á landinu með tilliti til búnaðarhátta og veðurfars eða sjá, hvað þar kynni að vera til fyrirmyndar og eftirbreytni og hvað til viðvörunar. Í þeim tilgangi var ferðazt um flest héruð landsins, svo sem hér segir: Árið 1958 var ferðazt um í 2 daga í Árnessýslu og fjós og fjárhús og fleiri byggingar skoðaðar á 14 bæjum. Önnur ferð var gerð til Norðurlands, og voru þá einkanlega skoðuð fjárhús, en aðrar byggingar eftir því sem tími vannst til. Komið var á 44 býli í þeirri ferð milli Langaness og Borgarfjarðar, flest þó í Þingeyjarsýslu. Árið 1959 var síðari hluta vetrar ferðazt um Húnavatnssýslur báðar og skoðuð peningshús, meðan fé var á gjöf, alls á 13 býlum. Önnur ferð var farin snemma vors um Árnes- og Rangárvallasýslu og þar aðallega skoðuð básafjós með rimlaflórum. Var í þeirri ferð komið á átta býli. Þá var einnig um hvítasunnu sama ár ferðazt um Fljótsdalshérað og einkum skoðaðar sambyggingar peningshúsa, þar sem mjólkurframleiðsla er samhliða sauðfjárbúskap. Árið 1960 skoðuðu formaður og ritari fjós og fjárhúsbyggingar á 7 bæjum í Dalasýslu, og formaður skoðaði fjárhús á nokkrum bæjum í Strandasýslu sama ár. Auk þess leituðust nm. við að kynna sér byggingar hver í sínu lagi á embættisferðum sínum um landið.

Eitt af þeim verkefnum, sem n. taldi í upphafi að hún hlyti að hafa afskipti af, voru rannsóknir á byggingarefnum ýmiss konar, enda nauðsynlegt og viðurkennt, að ekki sé skynsamlegt að nota önnur efni til bygginga en þau, sem hafa viðunandi varanleika og ná því takmarki, sem gera verður kröfur til, en á þetta hefur mjög skort, svo sem víða má sjá dæmi um. Átti n. í upphafi um þetta tal við landbrh., framkvæmdastjóra rannsóknaráðs, iðnaðardeild atvinnudeildar og stjórn Búnaðarbankans. Enda þótt allir þessir aðilar viðurkenndu nauðsyn úrbóta í þessum efnum, vantaði fjármagn, og varð n. sammála um að stuðla að úrlausn þessara mála. Á árinu 1959 varð Búnaðarbankinn við óskum n. um 80 þús. kr. framlag til rannsókna á malar- og sandnámum í þeim héruðum, þar sem erfiðast er um steypuefni. Hefur iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans séð um þessar rannsóknir í samráði við forstöðumann teiknistofu landbúnaðarins og í samvinnu við verkfræðinga vegamálastjórnar. Voru árið 1959 einkum gerðar athuganir í Mýrasýslu og Vestur-Húnavatnssýslu, og aðstoðuðu byggingarfulltrúar og byggingarnefndir hver á sínum stað við þessar rannsóknir, sem gáfu góða raun. Hefur þessum rannsóknum síðan verið haldið áfram á vegum iðnaðardeildarinnar með fjárframlagi frá Búnaðarbankanum.

N. hafði frá upphafi líka áhuga á því, hvaða gerðir bygginga væru heppilegastar, bæði með tilliti til byggingarkostnaðar og fyrirkomulags. Má í því sambandi nefna grindafjós í samanburði við básafjós, einangrun fjárhúsa eða ekki, fóðrun og þrif sauðfjár á grindum, borið saman við þrif þess í fjárhúsum af öðrum gerðum. N. ákvað að byrja með samanburðartilraunir á þrifum sauðfjár og hafði undirbúið það mál við bændur, sem voru í þann veginn að hefja byggingu fjárhúsa. Beiðni um fjárveitingu til þeirra var þó synjað og varð ekki úr framkvæmdum.

Ég hef hér drepið á örfá atriði úr þessum útdrætti úr starfsskýrslu þessarar n., sem skipuð var, sem sýnir það, að starf hennar var mjög fjölþætt. Það var bæði um það að rannsaka byggingarefni og gerðir bygginga og hvernig skepnur þrifust við mismunandi skilyrði og enn fremur um það, hvernig hægt væri að fá hagkvæmar byggingar og góðar til þess að vinna í þeim. En það kom fljótt í ljós, að n. fékk ekki það fjármagn til síns starfs, sem hún taldi nauðsyn til bera og hún hafði þörf fyrir, til þess að árangur gæti orðið af vinnu hennar, og það fór svo, að eftir margendurteknar og ítrekaðar tilraunir til þess að fá fjárframlög í þessu skyni, bæði af hennar sjálfrar hálfu og af hálfu landnámsstjóra og hæstv. landbrh., þá lagði n. niður

störf sín og síðasti fundur hennar var haldinn 16. jan. 1961, og það má telja, að þetta hafi eingöngu verið vegna fjárskorts til þessarar starfsemi.

Það verður ekki um það deilt, að mikil þörf er á því, að þetta starf verði unnið. Það er mikil byggingarþörf í sveitum á hverjum tíma, og eftir því sem fjármagnsþörf er meiri til bygginga, þeim mun meiri nauðsyn er á því, að gerð séu átök til þess, að byggingarnar verði eins ódýrar og hagkvæmar og frekast er kostur. Það er talið, að það muni vera hægt að lækka byggingarkostnað með nýjum byggingaraðferðum og með nýjum byggingarefnum. Í því sambandi hafa komið fram ýmsar nýjungar mjög athyglisverðar. M. a. hefur fyrirtæki, sem er að hefja starfsemi hér í Reykjavík og heitir Byggingariðjan, nú hug á því að framleiða ný byggingarefni eða svokallaða strengjasteypu, sem yrði notuð í því skyni að koma upp útihúsum í sveitum m. a. Þetta fyrirtæki telur, að með þeirri byggingaraðferð mundi vera hægt að lækka byggingarkostnaðinn verulega, kannske allt að 20%, og líka kunni að vera hægt að fá hagkvæmari byggingar, ef teknar væru upp nýjungar, sem till. hafa komið fram um í þessu sambandi.

Það virðist því vera eðlilegt að styðja þá viðleitni, sem fram kemur í þessu efni eins og ýmsum öðrum, og fá úr því skorið, hversu hagkvæmt þetta er, og reyna að stuðla að því, að bændur taki upp þær nýjungar, sem reynast vel og hafa í för með sér minni kostnað en nú er við gerð bygginga.

Þá er mikið rætt um nauðsyn þess að fá hagkvæmari gerð bygginga í sveitum en tíðkazt hefur nú um skeið, m. a. talað um rimlafjós og rimlabásafjós og aðra staðsetningu eða skipulagningu á milli hinna einstöku bygginga, þannig að hægt væri að koma við meiri vélavinnu, notkun rafmagns og annars þess háttar við bústörfin og skepnuhirðinguna. Það hafa komið líka þar mjög athyglisverðar till., sem æskilegt er að verði reyndar, en það má gera ráð fyrir því, að það sé ofvaxið einstökum bændum að leggja í slíkar tilraunir, og þess vegna ekki nema eðlilegt, að ríkisvaldið sjálft taki að sér að leggja fé til þess, að þessum tilraunum verði haldið áfram eða þær teknar upp að nýju.

Það er mjög þýðingarmikið atriði fyrir okkur Íslendinga eins og allar þjóðir að tileinka okkur hina nýjustu tækni og vísindi á öllum sviðum. Það mun hjálpa framþróun í okkar þjóðfélagi meir en flest annað, ef við höfum skilning á því og reynum að tileinka okkur nýjungarnar eins og aðrar þjóðir. En allt slíkt kostar fjármuni. Allar rannsóknir kosta mikla fjármuni, og eins og ég sagði, þá er ekki hægt að ætlast til þess, að einstök fyrirtæki eða einstakir bændur leggi fé í slíkar rannsóknir, heldur verður að gera ráð fyrir því og gera kröfur til þess, að þjóðfélagið sjálft kosti þær, að þjóðfélagið í heild nýtur arðsins, sem fæst af öllum slíkum rannsóknarstörfum.

Íslenzkur landbúnaður er sérstaklega fjárfrekur, og þess vegna er alveg sérstök ástæða til þess að reyna að draga úr, ef kostur er, fjármagnsþörf hans með því að tileinka sér nýjungar á þessu sviði, og ég hef þá trú, að ef unnið er skipulega að þessu, þá kunni að vera hægt einmitt að draga sérstaklega úr fjárþörf hans með þessum hætti, og þess vegna er það, sem ég flyt þessa till., að ég tel þörf á því, að þarna verði úr bætt.

Ég vil því mælast til þess, hæstv. forseti, að þessari till. verði vísað til fjvn. og umr. frestað.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég geri ráð fyrir því, að allir hv. þm. séu sammála um það, að byggingarannsóknir og rannsóknir í þágu landbúnaðarins séu nauðsynlegar og að það megi miklar fjárhæðir spara, ef rétt og skipulega er unnið að þeim málum. En það er ekki víst, og það er alls ekki eðlilegt, að menn séu sammála um það, hvaða leiðir ber að fara til þess að vinna að þessu marki. Hér hefur verið vitnað í n., sem var skipuð skv. lögum frá 1957, byggingarnefnd, sem átti að vera leiðbeinandi um hagkvæmar byggingar og gera till. um ódýrari byggingar en verið hefur.

Ég komst í snertingu við þessa n., og ég er viss um það, að n. vildi vinna, það voru mætir menn í henni, en það kom í ljós strax á fyrsta ári, að það veganesti, sem henni var veitt úr ríkissjóðnum, var allt of lítið, til þess að hún gæti látið nokkuð verulega að sér kveða. Á árinu 1958 hélt n. 6 fundi, eins og sagt var hér áðan, og ferðaðist nokkuð um landið, kynnti sér byggingar og ýmsar framkvæmdir í landinu og gerði sér áreiðanlega ljóst, að margt mátti betur fara en fer.

Nú er það svo, að á vegum Búnaðarbankans er teiknistofa, sem hefur verið leiðbeinandi um langt skeið og unnið landbúnaðinum að því leyti mikið gagn, og það hefur komið til tals að færa út verksvið teiknistofunnar og á vegum hennar væru gerðar vissar framkvæmdir og athuganir, sem n. var ætlað að vinna, því að sannleikurinn er sá, að til þess að vinna þetta verk vantar ekki nefnd manna, heldur fjármagn, og af því að fjármagnið vantar, þá þarf að standa að því á sem ódýrastan hátt og nota þau tæki og þá aðstöðu, sem fyrir hendi er, í stað þess að vera að koma af stað nýju bákni og nýrri nefnd. Þetta segi ég, þótt ég viti það, að í þessari n., sem byrjaði að starfa, voru góðir og gegnir menn, sem vildu vel. En fjárveitingavaldið mun hafa hugsað sem svo, að aðstaðan væri fyrir hendi, ef hún væri nýtt: teiknistofa Búnaðarbankans, byggingarfulltrúar í flestum héruðum landsins og margir þeirra verkfræðingar. Þetta vitanlega á að nota sem allra bezt og vinna að því, eins og hér var sagt áðan, að rannsaka, á hvern hátt megi draga úr byggingarkostnaði og notfæra sér tækni og þekkingu, eftir því sem mögulegt er. Og ég hygg, að með því að sameina nú þetta, byggingarfulltrúana í sveitunum, sem margir eru verkfróðir menn, og bæta að einhverju leyti aðstöðuna í teiknistofunni, þá megi þetta verk vinnast, með því líka að vera í nánu sambandi við iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans í sambandi við rannsóknir á byggingarefnum o. s. frv. Og það kemur vitanlega ekki til greina, að einstakir bændur séu að gera tilraunir í þessu skyni.

Það er vitanlega allt of kostnaðarsamt. Bændur verða að leita til þessara stofnana, og þeir, sem málum ráða, þurfa að beita sér fyrir því, að sú aðstaða, sem fyrir hendi er, verði hagnýtt, og hygg ég þá, að það megi ná því marki, sem að er keppt, með ef til vill kostnaðarminni hætti en þótt sú aðferð væri notuð, sem fyrirhuguð var með l. 1957, að fá nefnd manna til starfa í þessu efni. Það skal fúslega viðurkennt, að það var vel meint með þessari lagasetningu, en að athuguðu máli mun hitt vera kostnaðarminna, að bæta aðstöðuna frá því, sem hún er, í þeim stofnunum, sem þegar er yfir að ráða.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

36. Gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum.

Á deildafundum 23. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um varanlega gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum [195. mál] (A. 451).

Á 46. fundi í Sþ., 28. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 48., 50. og 52. fundi í Sþ., 4., 6. og 11. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

37. Eftirlit með fyrirtækjasamtökum.

Á deildafundum 26. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um eftirlit með fyrirtækjasamtökum [197. mál] (A. 459).

Á 46. fundi í Sþ., 28. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 48., 50. og 52. fundi í Sþ., 4., 6. og 11. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

38. Efling héraðsstjórnar.

Á deildafundum 26. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um eflingu héraðsstjórnar [198. mál] (A. 460).

Á 46. fundi í Sþ., 28. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 48, 50. og 52. fundi í Sþ., 4., 6. og 11. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

39. Smíði fiskiskipa innanlands.

Á deildafundum 26. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um smíði fiskiskipa innanlands [202. mál] (A. 480).

Á 46., 48., 50. og 52. fundi í Sþ., 28. marz, 4., 6. og 11. apríl, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

40 Verknámsskóli í járniðnaði.

Á deildafundum 27. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um verknámsskóla í járniðnaði [203. mál] (A. 486).

Á 46. fundi í Sþ., 28. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 48., 50. og 52. fundi í Sþ., 4., 6. og 11. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

41. Vatnsöflun í Vestmannaeyjum.

Á deildafundum 27. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um vatnsöflun í Vestmannaeyjum [205. mál] (A. 492).

Á 46., 48., 50. og 52. fundi í Sþ., 28. marz, 4., 6. og 11. apríl, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

42. Biskupssetur í Skálholti.

Á deildafundum 27. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um biskupssetur í Skálholti [206. mál] (A. 501).

Á 46 fundi í Sþ., 28. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 48., 50. og 52. fundi í Sþ., 4., 6. og 11. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

43. Heildarskipulag Suðurlandsundirlendis.

Á 46. fundi í Sþ., 28. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um heildarskipulag Suðurlandsundirlendis [207. mál] (A. 514).

Á 48. fundi í Sþ., 4. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 50. og 52. fundi í Sþ., 6. og 11. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

44. Jarðhiti til lækninga.

Á 46. fundi í Sþ., 28. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um hagnýtingu jarðhita til lækninga [209. mál] (A. 519).

Á 48. fundi í Sþ., 4. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 50. og 52. fundi í Sþ., 6. og 11. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

45. Jarðhitarannsóknir í Borgarfjarðarhéraði.

Á deildafundum 3. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um jarðhitarannsóknir og jarðhitaleit í Borgarfjarðarhéraði og athugun á hitaveitu fyrir Borgarnes [215. mál] (A. 591).

Á 50. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 52. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

46. Ábyrgðartryggingar vegna slysa á starfsfólki.

Á 51. fundi í Sþ., 7. apríl, var útbýtt:
Till. til þál. um ábyrgðartryggingar atvinnurekenda vegna slysa, er verða kunna á starfsfólki þeirra við vinnu [222. mál] (A. 652).

Á 52. fundi í Sþ., 11. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

47. Fjárfesting Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna erlendis.

Á 20. fundi í Sþ., 12. des., var útbýtt frá Nd.:
Till. til þál. um skipun nefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka fjárfestingu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna erlendis o. fl. [112. mál] (A. 193).

Á 37. fundi í Nd., 15. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40. fundi í Nd., 2. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Nd., 5. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Forseti. Ég flutti á síðasta þingi tillögu, sem að nokkru leyti var samsvarandi þeirri, sem nú liggur fyrir á þskj. 193, um, að þá yrði skipuð nefnd innandeildarmanna til þess að rannsaka alla aðstöðu viðvíkjandi Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sérstaklega fjárfestingu hennar erlendis. Það urðu þó nokkrar umræður um þá tillögu í fyrra, og einn af þeim mönnum, sem eiga sæti í stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem þá átti hér sæti á þingi, það var hv. 3. varaþm. Austf., Einar Sigurðsson, gaf allmiklar upplýsingar um það mál

í þeim ræðum, sem hann flutti, og allmikið af þeim upplýsingum hef ég tekið upp í þá greinargerð, sem samin er nú fyrir þessu máli. Hins vegar komst málið ekki lengra en til nefndar þá, og tel ég það illa farið. Þó að raunar þessi stjórnandi úr Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafi þá brugðizt mjög vel við og gefið ýmsar veigamiklar upplýsingar í þeim málum, hefði verið mikil nauðsyn á, að þetta mál hefði verið rannsakað til fullnustu, skipuð í það rannsóknarnefnd af hálfu Alþ. og síðan unnið í þessu máli. Það er alltaf réttast að taka svona mál fyrir og kryfja þau til mergjar, þegar þau koma upp og áður en þau vandræði eða jafnvel þau hneyksli, sem kunna að vera í sambandi við þau, ná að þróast meira.

Eftir þeim upplýsingum, sem lágu fyrir í fyrra, ef ég man rétt, þegar hv. þáv. 3. varaþm. Austf. gaf þessar upplýsingar, þá nam það í kringum 150 millj. ísl. kr., sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafði fest erlendis í fyrirtækjum þar eða lánað þar út eða stóð í birgðum þar eða var á annan hátt raunverulega tekið út úr rekstrinum hér heima og varið til ýmissa ráðstafana erlendis, sem hvorki raunverulega lög Sölumiðstöðvarinnar né ríkislögin gera ráð fyrir. Eins og menn vita, er Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna fyrst og fremst sölufélag, sem á að annast sölu á vissum afurðum landsmanna og á yfirleitt að greiða til bankanna veðin, sem á fiskinum hvíla, þegar fiskinum er afskipað. En einmitt það, sem m. a. upplýstist í fyrra, kom þá greinilega fram, var, að svo og svo miklu af fiski hafi verið afskipað, án þess að veðin væru greidd, þannig að bankarnir áttu í raun og veru áfram veð í fiskinum, sem kominn var út til Ameríku og lá þar eða í öðrum löndum, og jafnvel í fiski, sem ef til vill var búið að einhverju leyti að vinna úr í verksmiðjum og kominn lengra áleiðis til smákaupmanna eða jafnvel neytenda.

Nú hefur það gerzt síðan í fyrra, — Alþingi gerði því miður ekki meira í þessari rannsóknarnefndartillögu en að láta hana fara til n., — að þetta mál hefur haldið áfram að þróast, og nú hefur farið svo, að í blöðum hér, þ. á m. blöðum ríkisstj., hefur allmikið verið um þetta mál rætt, — og án þess að ég geti nokkuð um það fullyrt, þá veit ég, að það hefur verið sett fram, að aðstaða S. H. viðvíkjandi þeim fjármunum, sem hún hefur með höndum, hafi orðið lakari en hún var í fyrra, og það muni jafnvel vera allmiklu meira fé, sem nú er orðið meira og minna fast erlendis eða er í veltu þar, heldur en í fyrra. Og það virðast nú þegar hafa orðið nokkur átök í sambandi við þessi mál. A. m. k. hefur það gerzt, að starfsmenn hjá S. H. eða hennar fyrirtæki erlendis, Coldwater Seafood Corporation, hafa verið látnir fara, hafa komið hingað heim, hafa flutt hér skýrslur til stjórnar Sölumiðstöðvarinnar og hafa síðan, þegar þeir komu út aftur til Bandaríkjanna, að því er meira að segja stjórnarblöð hafa sagt, verið látnir fara, verið sagt upp af framkvæmdastjóra þar, þannig að það er alveg greinilegt, að uppi er í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna allmikil deila og mismunandi skoðanir á meðal starfsmanna Sölumiðstöðvarinnar um, hvernig þessu máli sé komið og hvernig þessum málum hafi verið stjórnað.

Því miður er ekki sá maður hér, sem í fyrra átti sæti hér á þingi sem 3. varaþm. Austf. og talaði hér allmikið um þetta og varði þá alveg sérstaklega framkvæmdastjóra Sölumiðstöðvarinnar, Jón Gunnarsson. Ég veit ekki, hvort hann mun vera sömu skoðunar nú, eins og hann var þá, að hefja þann mann mjög upp til skýjanna, en heyrt hef ég þó, að að einhverju leyti hafi hans skoðanir breytzt. Ég vona hins vegar, að eins og þetta mál er komið nú, þá verði þær umr. um þetta mál, að það komi greinilega fram, hvers konar skoðanir eru uppi innan Sölumiðstöðvarinnar um þetta. Ég held, að þörfin á að rannsaka þetta mál hafi vaxið mjög mikið frá því í fyrra. Mér er kunnugt um, að þeir tveir bankar, sem lána S. H. og hraðfrystihúsaeigendum og hraðfrystihúsunum nokkurt fé út á þeirra fisk, hafa þegar sent bankastarfsmenn, — það eru bæði Landsbankinn og Útvegsbankinn, — vestur um haf til þess að rannsaka þar ýmislegt viðvíkjandi fjárreiðum, þannig að þessir bankar, sem hafa gert alveg sérstakar ráðstafanir til þess að reyna að tryggja sín veð betur, þeir álíta ástæðu til þess að athuga, hvernig stendur nú með Sölumiðstöðina. Jafnframt verðum við varir við það, að Sölumiðstöðin fer fram á, að ríkið tryggi henni einokun sér til handa. Og þegar slíkar kröfur koma fram, þá er það ekki óeðlilegt, að Alþ. athugi sinn gang alveg sérstaklega vel og sjái til, hvernig stendur með þetta allt saman, og taki svo sínar ákvarðanir, því að eins og við vitum í sambandi við útflutninginn á freðfiski, er um að ræða stærsta vöruflokk, sem Íslendingar flytja úr landi, þýðingarmestu útflutningsvöru Íslendinga. Þess vegna er þarna um alþjóðarmál að ræða, sem óhjákvæmilegt er að taka fyrir. Og því hefur meira að segja verið skellt fram, að sumt af þeirri fjárfestingu, sem bætzt hefur síðan í fyrra við byggingar í þeirri verksmiðju, sem Sölumiðstöðin eða Coldwater Seafood Corporation á, hafi verið aukið við, án þess að tryggt væri og jafnvel að ýmissa áliti þannig, að það væri skakkt ráðið. Ég skal engan dóm á það leggja. Þessar skoðanir hafa hins vegar komið fram, að þarna hafi meira að segja verið framkvæmd fjárfesting upp á 25 millj. kr., sem væri mjög tvísýn, og þannig er hér allt í kringum okkur í blöðum höfuðstaðarins verið að koma fram með alls konar aðfinnslur, sem er alveg nauðsynlegt að Alþ. og rannsóknarnefnd, sem það setur, kryfji til mergjar.

Þegar við ræddum þessi mál hér í fyrra, var sá stjórnarmeðlimur úr Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem hér talaði og ég áður hef getið, mjög bjartsýnn á þá fjárfestingu, sem var erlendis. Nú hefur það verið upplýst síðan, að fjárfesting, sem hafin var í Hollandi, hafi verið stöðvuð, að það sé hætt við það fyrirtæki, sem Sölumiðstöðin hafði ætlað að byggja upp í Hollandi. Og það hefur verið upplýst, að ríkið hafi ekki beðið neitt tjón í því sambandi og sú ábyrgð sé brott fallin, sem veitt var á fjárlögum fyrir því fyrirtæki. En ég vil samt leyfa mér að spyrja: Skuldar S. H. allmikið fé í hollenzkum bönkum, kannske svo að skiptir allmörg-

um milljónum ísl. kr., vegna undirbúnings að þeirri fjárfestingu, sem hætt var við? Er m. ö. o. búið að hætta við það, sem meiningin var að reyna að gera í Hollandi? Í öðru lagi: gengur þetta erfiðlega í Bretlandi? Ég mun síðar koma að því, sem Sölumiðstöðin sjálf virðist nú segja um þau mál í sínu blaði, en að því er virðist gengur það mjög miklu verr en leit út eftir ræðum þeim, sem stjórnarmeðlimur S. H. flutti hér í fyrra. Og í þriðja lagi: það virðist hafa samfara aukinni fjárfestingu í Bandaríkjunum orðið nokkurt tap á rekstri þeirra fyrirtækja, sem Sölumiðstöðin á þar, þannig, eins og ég gat um áðan, að bankarnir eru farnir að óttast um sitt fé þar og farnir að láta athuga sérstaklega þessa hluti. Á öllum þessum þrem stöðum, þar sem Sölumiðstöðin hefur verið að berjast, í Hollandi, Englandi og Bandaríkjunum, virðist alls staðar ástæða til þess að athuga nokkuð, hvað þar sé að gerast.

Ég átaldi nokkuð í fyrra það einræði, sem lengi vel hefur ríkt í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna um framkvæmdir, sérstaklega af hálfu framkvæmdastjóra hennar, Jóns Gunnarssonar, og deildi allmikið á það mikla vald, sem honum hefði verið fengið í hendur. Ég sé nú þegar á þeim framkvæmdum, sem gerðar hafa verið af S. H. og hennar stjórn, að nokkrar breytingar hafa verið gerðar á um stjórnina í Bandaríkjunum á Coldwater Seafood Corporation, þannig að að einhverju leyti hefur S. H. þótt nauðsynlegt að taka í taumana og láta ekki þennan alheimsforstjóra vera þarna einan, bæði sem forstjóra og þann eina stjórnanda í því fyrirtæki. En það, sem þó alveg sérstaklega er eftirtektarvert og gefur Alþ. ástæðu til að athuga mjög nákvæmlega, hvernig þessum málum sé komið, er það, sem sjálf Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða hennar stjórn segir í síðast útkomna blaði, Frosti, sem Sölumiðstöðin gefur út, janúarblaðinu núna 1962. Þar er bókstaflega rekið upp neyðaróp til þjóðarinnar og gefin lýsing á ástandinu, sem gefur okkur fyllilega ástæðu til þess, ekki aðeins sérstaklega að taka þetta mál fyrir og taka upp þær rannsóknir, sem ég lagði til að teknar væru upp í fyrra, heldur líka ræða málið nokkuð almennt.

Í þessu blaði S. H. er sagt ýmislegt, sem ég mun nú vitna í og gefur okkur ástæðu til að kryfja þessi mál miklu betur til mergjar. Á fyrstu síðunni í því blaði stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Frjáls samkeppni í útflutningsverzluninni á því aðeins rétt á sér, ef hún getur tryggt framleiðendum og þjóðinni í heild hátt verð og góð viðskiptakjör í nútíð og framtíð.“

Það er mjög ánægjulegt að heyra það frá hálfu þeirra þingmanna, sem eiga sæti í stjórn S. H., og á þeim þingmönnum byggist nú meiri hl. hæstv. ríkisstj. og öll hennar pólitík, að þeir eru m. ö. o. ekkert sérstaklega trúaðir á frjálsa samkeppni og álíta, að það geti verið mjög efasamt, hvenær og að hve miklu leyti frjáls samkeppni eigi rétt á sér. Það, sem prédikað hefur nú verið fyrir okkur hér, þingmönnum og þjóðinni undanfarin þrjú ár, það hefur verið, að frjáls samkeppni væri fagnaðarboðskapur, sem okkur bæri að grípa fegins hendi við, og alveg sérstaklega hefur einn af þeim þm., sem ég gat um áðan, 3. varaþm. Austf., meðlimur í stjórn S. H., verið hvað mestur boðberi einmitt þessarar frjálsu samkeppni og hins frjálsa einstaklingsframtaks. En nú virðist svo komið, undireins og fer að bera eitthvað á því, að það sé farið að beita svokallaðri frjálsri samkeppni í sambandi við þessa útflutningsvöru Íslendinga, að þá komi Sölumiðstöðin og hrópi nú upp: Frjáls samkeppni á engan rétt á sér.

Mér þykir satt að segja ákaflega vænt um, að þessir hv. þm. og stjórnarmeðlimir Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna skuli vera að átta sig á þessu. Það var að vísu ekki seinna vænna, frjáls samkeppni dó að miklu leyti út á Íslandi í flestum greinum útflutnings á fiskafurðum fyrir rúmum 30 árum. Og frjáls samkeppni tók yfirleitt að deyja út í heiminum fyrir 70 árum, svo að það hafa ekki verið nema hreinar afturgöngur og vofur, sem hafa boðað hana síðan. En samt hefur hæstv. ríkisstj. og hennar fylgifiskum þótt rétt að vera að koma upp með þessar vofur yfir okkur síðustu tvö, þrjú ár. Það er þess vegna mjög gott, ef þessir menn, sem ráða meiri hl. hér á Alþingi, eru nú eitthvað farnir að átta sig. Enn fremur segja þeir, með leyfi hæstv. forseta, á 8. síðunni í áframhaldi þessarar sömu greinar, sem heitir: „Brezki fiskmarkaðurinn og frjáls samkeppni“, þessi orð:

„Þeir, sem eitthvað þekkja til markaðsmála og sölu hraðfrystra fiskafurða erlendis, vita, að á hinum stóru mörkuðum ræður ekki frjáls verðmyndun verði á hraðfrystum afurðum.“

Jæja, það var mikið, að þeir uppgötvuðu það. Þetta höfðu ýmsir fleiri vitað, áður en farið var að boða hér fyrir þremur árum, að það ætti að endurreisa hina gömlu, góðu daga frjálsrar samkeppni, og dálítið undarlegt, að þeir menn skuli hafa verið að taka þátt í þeim boðskap, sem nú virðast vera farnir að reka sig á, þegar einhverjir menn gera tilraun til þess að setja þeirra kenningar út í praxis með því að fara að beita þeirri frjálsu samkeppni.

Og hvað segja svo þessir herrar meir í þessari sömu grein, með leyfi hæstv. forseta? Þeir segja:

„Höfuðeinkenni brezka markaðsins er, að fáeinir stórir aðilar ráða mestu um framleiðslu og sölu og þar með alla verðmyndun á hraðfrystum fiskafurðum.“

Jæja, eru þeir þá komnir að þeirri niðurstöðu, að það sé ekki frjáls samkeppni, sem ræður um verðmyndun á fiskafurðum? Og kannske, ef þeir athuguðu dálítið fleiri hluti, þá sæju þeir, að þorrinn af flestum vörum, sem framleiddar eru í okkar kapítalíska heimi núna, hlíta ekki lögmálum frjálsrar verðmyndunar, af því að frjáls samkeppni er ekki lengur til. Hún fór að deyja út fyrir 70 árum og er að mestu leyti dauð, af því að þar eru voldugir hringar á öllum þessum sviðum, sem ráða verðmynduninni. Ég sé, að þessir menn reka sig á, þar sem þeir eru með nefið og hagsmunina niðri í, en virðast lítið hugsa um allar hinar greinarnar, þar sem þetta sama ríkir.

Það heldur áfram hér í Frosti, með leyfi hæstv. forseta:

„Í Bretlandi eru 50 milljónir íbúa. Ofanskráð tafla, sem birt er hér, sýnir, að í Grimsby eru það sjö fyrirtæki, sem framleiða 98.8% allra hraðfrystra sjávarafurða. Í Hull framleiða 7 fyrirtæki 86.7% af heildarframleiðslunni. Á öllu Stóra-Bretlandi framleiða og selja raunverulega aðeins 3 fyrirtæki 66% af heildarhraðfrystiframleiðslunni. Fyrirtæki þessi eiga auk þess hlutdeild í hundruðum togara, verzlana, geymslufrystihúsa og dótturfyrirtækja um allt England.“

Mér finnst nú satt að segja dálítið gaman að því, að loksins skuli þessir hv. stjórnendur í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna — og þar með þrír þingmenn stjórnarflokkanna — fara að koma með þessar upplýsingar og það sérstaklega í sambandi við það, að þeir eru nú að ákalla sér til hjálpar hæstv. núv. forsrh., einmitt m. a. á móti þessum einokunarhring, sem þeir þarna nefna, Unilever.

Það hefur sem sé komið fyrir áður, að við höfum minnzt á þennan hring hérna, og það hefur verið varað við honum og hans valdi. Og þetta smávald, sem hérna er lýst í sambandi við söluna á hraðfrystum fiski í Bretlandi, þó að hann algerlega ráði þar, það er ekki nema hverfandi, pínulítill hluti af valdi þessa hrings. Þessi hringur er sterkasti aðilinn í togaraútgerð Bretlands. Þessi hringur á meiri hlutann í togurum Vestur-Þýzkalands. Þessi hringur á helminginn af hlutafénu í hvalveiðiflota Norðmanna. Þessi hringur á allar lýsisherzluverksmiðjur í Vestur- og Norður-Evrópu. Og það er þó ekki nema tiltölulega lítið hjá því, sem þessi hringur á í United African Company, sem hefur ginið yfir megninu af allri feitiframleiðslu veraldarinnar. Og þetta áttu þessir góðu menn að geta vitað, m. a. af því, að margir þeirra hafa verið svo lengi hér á þingi, að þeir hafa hlustað á, einmitt þegar ég og hæstv. núv. forsrh. vorum stundum að karpa um þennan hring hér á þingi áður, og hæstv. forsrh. vildi þá löngum gera sem minnst úr honum. Það er þessi sami hringur, sem hefur ráðið verðinu á síldarolíunni í öllu síðasta stríði, hélt því í 38 sterlingspundum allt stríðið. Og það var ekki í fyrsta skipti, sem hann kom við sögu hérna heima. Það var hann líka, sem stjórnaði nokkurn veginn öllu í fallinu á síldarlýsinu fram til 1933 og þar á eftir. Þetta er sá hringur, sem mest hefur einokað Íslendinga allan tímann. Og það er gott, að nú skuli loksins vera að opnast augu þessara hv. þm. fyrir, hvað þetta sé. Flestallir menn, sem eitthvað hafa hugsað um hagfræði og efnahagsmál í heiminum, vita þetta fyrir löngu. Ég meira að segja hef bent þessum hv. þm. á það hér áður að afla sér t. d. ameríska upplýsinga um þennan hring. Eitthvað það bezta, sem um hann hefur komið, hefur verið einmitt það, sem eitt af víðlesnustu fjármálablöðum Bandaríkjanna, Fortune, skrifaði í gamla daga, 1948, um Unilever-hringinn og um öll hans heimssambönd, vegna þess að yfirleitt hefur þessi hringur ekkert sérstaklega mikið um sig, að hætti t. d. olíuhringanna, en megnið af öllum fæðutegundum, sem seldar eru í Bretlandi, og öllu því, sem selt er til hreinlætistækja, og annað slíkt, það er eign þessa hrings, jafnvel þó að það sé selt undir fjöldanum öllum af vörumerkjum.

Þegar þess vegna Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og hennar stjórnendur nú eru að kvarta yfir einokunaraðstöðunni á brezka fiskmarkaðinum, þá mátti það raunar ekki seinna vera, að þessir menn færu að reka sig á. En það er þá bezt, að þeir reyni að gera sér ljóst, hvað virkilega er að gerast og hvernig ástandið er í heiminum í þessum málum. Þetta er ekkert einstakt fyrirbrigði. Þó að þetta sé að vísu fimmti sterkasti hringur veraldarinnar og sterkasti hringur heimsins utan Bandaríkjanna, þá eru margir fleiri hringir, sem við Íslendingar eigum líka í höggi við. En það, sem mér þótti alveg sérstaklega gaman að fá í þessu blaði Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og þessara þm. Sjálfstfl. var eftirfarandi yfirlýsing í þessari sömu grein, með leyfi hæstv. forseta, á 6. síðu í henni:

„Ef hagfræðilegar kenningar, sem byggðar eru á fræðilegum grundvelli, um æskilegt fyrirkomulag fyrirmyndarríkisins eru þyngri á vogarskálinni en dýrmæt reynsla og þær staðreyndir, sem blasa við um framkvæmd hliðstæðra mála í öðrum ríkjum, þá mun þess ekki langt að bíða, að sala og framleiðsla íslenzkra fiskafurða verði ekki lengur í íslenzkum höndum, heldur munu Íslendingar í umboði erlendra aðila annast þessi mál eða ríkiseinkasölur taka við.“

Það er mjög ánægjulegt að fá þessa yfirlýsingu frá þessum þm. Sjálfstfl. og frá þessu sterkasta fjármálafyrirtæki í útflutningsgreinum Íslendinga. Og það er rétt að athuga þetta nokkru nánar.

Þetta er alveg rétt hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Ef hagfræðilegar kenningar, sem eru byggðar á þessum svokallaða fræðilega grundvelli, sem ríkisstj. hefur verið að boða undanfarið og ekki sízt, hagfræðiprófessorinn í hæstv. ríkisstj., hæstv. viðskmrh., hefur sérstaklega verið að boða, — ef farið er að byggja á þessum hagfræðikenningum, þá verða það ekki Íslendingar, sem ráða lengur yfir sínu atvinnulífi, hvorki um freðfisksútflutning né annað. Allt þetta hjal um fyrirmyndarríki frjálsrar samkeppni er blekking, er ósannindi og það banvæn ósannindi. Og það að vera að prédika þetta yfir Íslendingum og vera að telja mönnum trú um, að hér í vesturlöndum ríki eitthvert fyrirmyndarríki, eitthvert lýðræðisfyrirkomulag í þessum efnum, það er lygi, og það er lygi, sem kostar ekki bara S. H. lífið, heldur getur kostað okkar þjóð lífið, ef við höldum áfram að trúa því eða fara eftir slíkum kenningum.

Við skulum alveg gera okkur ljóst, í hvers konar aðstöðu við erum í veröldinni. Ef til vill hefur mönnum fundizt, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna væri sterkt fyrirtæki hér heima. En þegar þeir eru komnir í kast við Unilever eða aðra slíka, — hvað reka þeir sig sjálfir á þá? Þeir reka sig á, að þeir eru of litlir, þeir eru of veikir, þeir eru of fátækir, þeir eru of barnalegir eða máske stundum of miklir braskarar til þess að standa í slíkum slag. Ég veit, að mönnum finnst S. H. kannske sterkt fyrirtæki hérna heima, af því að hún veltir nokkrum hundruðum millj. kr. En hvað eru þó þeir menn, sem

standa fyrir þessari Sölumiðstöð, ef litið er á alþjóðamælikvarða? Jú, sumir þeirra eru kannske sæmilega efnaðir menn á alþjóðlegan mælikvarða. Aðrir eru hálfgjaldþrota eða algjaldþrota og haldið uppi af pólitískum ástæðum. Og svo á þetta fyrirtæki að fara að berjast við hring eins og Unilever.

Þegar ég gef svona lýsingu á Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, þá geri ég það ekki vegna þess, að mér sé illa við hana. Ég skal segja það alveg hreinskilnislega, að ég vil heldur S. H. með því ráðleysi, sem er á hennar stjórn, með þeirri vitleysu, sem hún gerir, — ég vil hana þúsund sinnum heldur en Unilever eða einhvern erlendan auðhring til að drottna hér yfir Íslandi. Meðan við höfum þessa litlu íslenzku hringa, þótt fáir séu og vitlaust stjórnað, þá höfum við þó aðstöðu til þess að reyna að bæta þá, við höfum aðstöðu til þess að reyna að koma í veg fyrir vitleysurnar, sem þeir gera, við höfum aðstöðu til þess að reyna að sjá um, að þeir setji ekki hlutina á hausinn. En þegar við einu sinni erum komnir undir stjórn — við skulum segja járnhæl Unilevers eða annarra slíkra, eins og við stundum höfum verið, þá ráðum við ekki lengur við það. Og þess vegna vil ég segja það við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og aðra þá, sem fást til að hugsa eitthvað um þá pólitík, sem ríkisstj. hefur verið að reka undanfarið: Þið komið í dag og biðjið hjálpar ríkisstj. og ríkisvalds á móti Unilever. En hvað eru þeir sjálfir, þessir þingmenn, sem standa í S. H., og aðrir þm. stjórnarflokkanna, — hvað eru þeir sjálfir að hugsa um? Þeir eru sjálfir að tala um það og ykkar hæstv. ríkisstj. er að tala um það að ganga í Efnahagsbandalagið. Og hvað þýðir það? Það þýðir að ofurselja að fullu og öllu, ekki bara ykkur, heldur Íslendinga yfirleitt undir Unilever og aðra slíka.

Til þess að berjast við Unilever og aðra slíka er Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna ein út af fyrir sig of veik. Og það er það, sem hljómar í gegnum þetta blað og þessa grein, Brezki fiskmarkaðurinn og frjáls samkeppni. Og það er sannleikurinn, sem er í henni. Það er aðvörunarhrópið, sem er í henni, og það hróp eiga Íslendingar að taka til greina: Þið eruð allt of litlir til að slást við Unilever og aðra slíka. Til þess að gera slíkt þurfið þið allt Ísland á bak við ykkur, og það mun ekki af veita.

En Ísland getur ekki hjálpað mönnum, jafnvel þó að það sé Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, til einhvers fyrirhyggjulauss gróðadans. Íslenzka þjóðfélagið getur ekki gefið ykkur einræðisvald t. d. handa einhverjum hrokagikk úr Hafnarfjarðarhrauni, einhverjum Jóni Gunnarssyni, til þess að stjórna þýðingarmestu málum Íslendinga eins og einhverjir einræðisherrar í Mið-Ameríku stjórna ríkjunum þar. Ísland er vafalaust reiðubúið til að berjast, líka um að ráða yfir sínum hraðfrysta fiski og líka berjast við auðhringa eins og Unilever og hefur gert áður. En það er því aðeins hægt, að það sé hægt að sameina alla krafta hér heima til slíkrar baráttu, með fullu lýðræði og með fullu eftirliti þjóðfélagsins — og ykkur þar með.

Þegar þið eruð að hræðast hér ríkiseinkasölu á þessum hlutum, þá er einmitt sérstök ástæða til þess. Ríkiseinkasölur þurfa ekki að vera með því móti, að það séu tómir asnar, sem það sé fengið í hendur að stjórna þeim. Ríkiseinkasölur geta verið þannig, að þær tvinna saman hagsmuni, bæði sjómanna og útgerðarmanna, atvinnurekenda og verkamanna. Það er hægt að sjá um það, að það sé hægt að stjórna ríkiseinkasölu þannig, að notað sé það fyllsta vit, sem nokkur útgerðarmaður og atvinnurekandi getur haft á þeim atvinnurekstri, sem um er að ræða.

Ég held, að það sé einmitt kominn tími fyrir S. H. og þá menn, sem gegna því þýðingarmikla starfi að stjórna útflutningsmálum Íslendinga, til þess að athuga sinn gang. Sölumiðstöðin er ekki einangruð frá því, sem er að gerast í okkar þjóðfélagi. Hvernig stendur á því, að það hefur versnað svona um afkomu Sölumiðstöðvarinnar á þessu síðasta ári? Á hverju byggðuð þið upp, mínir herrar í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, ykkar fyrirtæki í Bandaríkjunum og annars staðar? Þið byggðuð það upp á þeim peningum, sem Sovétríkin greiddu ykkur kontant, staðgreiddu fyrir fiskinn. Þegar ¾ hlutar, 50 þús. smálesta, af freðfiski á Íslandi voru keyptir gegn staðgreiðslu við útflutning, þá voru þeir peningar ekki greiddir út beint tafarlaust til framleiðendanna á Íslandi, heldur var svo og svo mikið af þeim tekið og sett í veltuna þar vestanhafs og í Bretlandi. Og ykkur átti nokkurn veginn að geta skilizt það, þegar hraðfrystiútflutningurinn var 75 þús. tonn, að með því að fá 50 þús. tonn af því staðgreitt, þá stóðuð þið tiltölulega sterkt að vígi einmitt til að verjast á hinum mörkuðunum, þar sem þið fluttuð út og selduð vöruna fullunna. En hvað gerðuð þið eða létuð ykkar ríkisstj. gera? Þið létuð hana skera á þessi sambönd austur eftir. Þið létuð hana eyðileggja að meira eða minna leyti markaðina í Rússlandi. Og við það, að þið hættuð sjálfir að miklu leyti að selja fiskinn til Rússlands, þá hættuð þið að fá þá staðgreiðslu og hættuð að fá það fé í veltu, sem þið þurftuð til þess að geta haldið ykkar fyrirtækjum gangandi í Ameríku. Og þess vegna safnast nú fyrir í staðinn fyrir 150 millj. kr., sem voru í fyrra, upp undir 300 eða 400 millj. kr. þar núna.

Jón Gunnarsson hafði ekki svo mikið við að vera að heimsækja þá nema víst einu sinni allan þennan tíma, sem hann hefur verið alheimsforstjóri, þar austur í Moskvu, þó að það væri stærsti viðskiptavinurinn. En honum þótti gott að nota peningana, sem hann fékk þaðan, til þess að festa í Bandaríkjunum og kannske græða sjálfur milljónir á því eða ýmsir aðrir, sem standa í sambandi við hann.

Nú kvarta fiskframleiðendur hér heima, að þeir fái ekki fiskinn sinn greiddan. Og Alþingi verður að taka það til athugunar, hvernig stendur á því og hvernig því, sem þið hafið greitt fyrir fiskinn á undanförnum árum, hefur verið varið. Ég held, að það sé alveg eðlilegt, að þið komið með þetta neyðaróp, sem þið nú rekið upp. Og ég held, að það sé rétt af þjóðinni, af Alþ. og

af ríkisstj. að taka þetta nú þegar til gaumgæfilegrar athugunar. Hér er um svo stórfellt mál að ræða, að þetta er mál, sem við verðum hér að ræða og brjóta til mergjar.

Ég sé, að í lok þessarar greinar er flutt neyðaróp til hæstv. forsrh. Hann er því miður ekki viðlátinn nú, en þar standa þessi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Einn mikilhæfasti og merkilegasti stjórnmálamaður þessarar aldar, Ólafur Thors, núverandi forsrh., sem manna bezt þekkir til sjávarútvegs og útflutningsmála á Íslandi, komst í ræðu á landsfundi Sjálfstfl. árið 1953 m. a. svo að orði um þessi mál:

„Þeir af leiðtogum Alþýðuflokksins, sem útgerð reka, halda dauðahaldi í sölusamtök útvegsmanna."

Svo er haldið áfram að vitna í Ólaf Thors. Og svo endar greinin með þessum orðum:

„Íslenzkir fiskframleiðendur vænta þess, að undir styrkri forustu núv. forsrh. verði haldið þannig á útflutningsmálum þjóðarinnar af hálfu ríkisstj. og annarra, að fiskframleiðendur verði ekki settir í hættu vegna spákaupmennsku margra útflytjenda undir eftirliti ríkisins, heldur fái forustumenn fiskframleiðenda sjálfra að halda á fisksölumálum Íslendinga með öryggi og festu og gera þær ráðstafanir á framkvæmd sinni, sem kunna að vera nauðsynlegar á hverjum tíma til að uppfylla kröfur og þarfir sjávarútvegsins. Þá munu hagsmunir íslenzku þjóðarinnar vera tryggðir."

Mér fannst svo mikill klökkvi í þessu neyðarópi og skírskotun til hæstv. forsrh., að ég varð eiginlega næstum alveg hissa, að þeir skyldu ekki setja þetta í eins konar faðirvors-stellingar, þar sem þeir byrjuðu með: Ólafur Thors, þú sem ert í ríkisstj., forðaðu okkur frá frjálsri samkeppni, og gefðu okkur í dag okkar einokun handa Jóni Gunnarssyni, og frelsaðu okkur svo af Emil sem af velferðarríkinu og . . .

Ég held, að þessir hv. þm. hefðu átt að flytja þetta neyðaróp sitt dálítið hátíðlegar. En dálítið einkennilega verkar þetta nú á okkur, sem erum hér í stjórnarandstöðu, að heyra einmitt þá þm. Sjálfstfl., sem ráða nú meiri hlutanum hér í deildinni, vera að skora á hæstv. forsrh. að forða sér nú frá hæstv. sjútvmrh. Dálítið einkennilega verkar þetta nú á okkur. Fyrst eru þeir búnir að segja: Fyrirmyndarríkið hérna, sem hæstv. viðskmrh. og hans hagfræðingar boða, fyrirmyndarríkið með frjálsa samkeppni, það má ekki eiga sér stað, það steindrepur okkur. — Svo koma þeir og segja við hæstv. forsrh.: En í guðanna bænum forðaðu okkur líka frá velferðarríkinu hans Emils. — Er þetta nú ekki fullfrekt af stjórnarstuðningsmönnum, að fara fram á þetta? M. ö. o.: þeir virðast fara fram á: Vér einir, meðlimir Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, stjórnendur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, vér einir eigum að fá að ráða og vér treystum Jóni Gunnarssyni og hann hefur staðið sig svo vel undanfarið, að hann á að fá að vera einræðisherra í þessu áfram. — Er þetta nú ekki fullfrekt? Ég vil segja við þessa góðu menn, ef þeir eru komnir á þá skoðun, að það fyrirmyndarríki frjálsrar samkeppni sé banvænt fyrir bæði þennan útflutning og annan, þá skuli þeir fara að taka höndum saman við aðra menn um að afnema það og hætta öllum þessum blekkingum, sem ríkisstj. er búin að vera að þvælast með í þrjú ár.

Hvað snertir hins vegar velferðarríkið, afskipti ríkisins af freðfisksútflutningnum, þið þurfið ekkert að hræðast það, svo framarlega sem þið sjálfir eruð með í því. Það er engin von til þess, að íslenzka ríkið gefi neinum einstaklingum einokun yfir þessu, en íslenzka ríkið getur sjálft haft slíka einokun með höndum og getur reynt að vinna sem allra bezt að því að tryggja hlut allra aðila, sem þarna eiga hlut að máli, jafnt útgerðarmanna, hraðfrystihúsanna, sjómannanna sem verkafólksins. Og eingöngu með slíku móti getur þetta gengið. Það er ekki hægt að byggja einokun á freðfiskinum á því að ætla að koma upp stórfyrirtækjum erlendis, kannske koma undan stórfé til iðnrekstrar. Það getur þjóðin ekki fallizt á. En að reka heiðarlega útflutningsverzlun undir fullu eftirliti og með fullu lýðræði þjóðarinnar, það er mögulegt.

Ég minnti á það hér, þegar núv. pólitík ríkisstj. var tekin upp, að allt þetta þvaður um frjálsa samkeppni, allar þessar tilraunir um þetta svokallaða einkaframtak, hefði allt farið á hausinn hérna fyrir 30 árum. Þeir vita það ósköp vel, að meginið af allri íslenzkri útgerð var á hausnum þá, það voru sett skuldaskil í það allt saman. Og af hverju voru þeir stærstu ekki settir á hausinn, Kveldúlfur og Alliance, þeir, sem höfðu þá 90% af öllum saltfiskútflutningi Íslendinga? Af því að þeir voru það stórir og skulduðu það mikið, að Landsbankinn hefði farið á hausinn líka. Og hver var það, sem bjargaði þessu þá? Jú, það var núv. hæstv. forsrh., sem þá var ráðh. og bjó til þá einokun í skjóli ríkisins, sem síðan hefur staðið í S. Í. F. Með öðrum orðum: þegar þessir íslenzku kapítalistar, sem hafa reynt að kalla sig svo, hafa farið að prófa sig áfram með frjálsa samkeppni, þá hafa þeir ýmist farið á hausinn eða hafa komið til ríkisvaldsins á eftir og biðja ríkisvaldið að bjarga sér. Þetta er saga íslenzka auðvaldsskipulagsins, og það er anzi hart, ef við þurfum að fara að lifa þetta upp aftur núna 30 árum seinna.

Ég var að halda þessa ræðu fyrir ykkur hérna fyrir víst tveim árum, kannske stundum oftar. Ekkert gátuð þið lært af henni þá, en nú virðizt þið fara að koma niður í inntakið, niðurstöðurnar sjálfar. Ég held, að það sé nú bezt, svo að maður líka leggi allt spaug til hliðar í þessum efnum, að við reynum einmitt hér á Alþingi nú að ræða þessi mál almennilega. Við sjáum svo sem alveg, hvað er að gerast. Það er verið að drepa okkur, það er verið að drepa S. H., það er verið að drepa hana í Hollandi. Vissuð þið ekki, þegar þið byrjuðuð í Hollandi, að Unilever var þar líka og Unilever er hollenzkur hringur að sínum uppruna? Þurftuð þið að eyða 6 millj. kr. í það að reyna að koma af stað fyrirtækjum þar og taka það úr vösum íslenzkra fiskframleiðenda? Gátuð þið ekki vitað þetta áður? Eða er ekki vitið meira? Vissuð þið ekki ósköp vel, hvernig Unilever var, hvers konar hringur þetta var við að eiga? Er hann ekki

búinn að setja upp búðir hringinn í kringum ykkur, þar sem þið hafið einhverja útsöslustaði í Bretlandi? Er hann ekki að reyna að drepa ykkur þar? Og haldið þið, að Ameríka sé alveg laus við alla auðhringi? Við skulum alveg hreint gera okkur ljóst, að þó að það gæti verið ósköp gaman að því, að við gætum gert hitt og þetta, Íslendingar, erlendis, þá höfum við ekki efni á því að leggja út í nein ævintýri. Og að svo miklu leyti sem við leggjum út í slíkt, sem getur oft verið nauðsynlegt, þá verðum við að tryggja, að það sé almennilega hugsað um hlutina hér að heiman, þannig að það sé ekki verið að stofna t. d. hagsmunum íslenzkra fiskframleiðenda í voða með einhverri ævintýramennsku. Það er allstór hlutur, ef 300—400 millj. kr. eru teknar af því fé, sem íslenzkir útvegsmenn og sjómenn eiga, og sett fast í fyrirtækjum í Bandaríkjunum, í máske mjög hetjulegum slag við stóra hringa, en máske líka í fyrirtækjum, sem geta orðið gróðafyrirtæki fyrir einhverja milliliði. Þess vegna er það, að þegar S. H. fer að biðja hæstv. forsrh. verndar á móti hæstv. sjútvmrh., þá verða þeir náttúrlega að leggja plöggin á borðið, til þess að Alþ. geti dæmt alveg um þessa hluti.

Þegar svo niðurstaðan kemur um þetta allt saman, þá virðist mórallinn, sem þessir hv. þm. Sjálfstfl. draga út af þessu öllu saman, a. m. k. eftir þessari grein þeirra í stjórnarnefnd S. H. að dæma, að vera þetta. Það er dálítið, sem stendur á fyrstu síðunni í þessari grein, Brezki fiskmarkaðurinn og frjáls samkeppni, með leyfi hæstv. forseta: „Er þá þýðingarmikið fyrir litla þjóð, að allir standi saman, ef góður árangur á að nást.“ Þetta er hárrétt. Þetta er það, sem þarf að vera. Þetta er það, sem allt saman veltur á í þessu, að allir standi saman, — ekki að Jón Gunnarsson standi einn og drottni yfir öllu saman, heldur að allir standi saman, þjóðin hafi sitt lýðræðislega vald yfir þessum hlutum, að hún hjálpi til, að hún hafi eftirlit með, að allt fari heiðarlega fram, og að hún láti í té allt það mikla vald, sem hún hefur, til þess að standa á bak við þá baráttu, sem við erum að heyja, máske í þessu tilfelli á móti svo og svo harðvítugum hringum.

Ég geri þetta að þetta miklu umtalsefni, vegna þess að mér finnst það svo lærdómsríkt, það sem kemur fram hjá þessum þm. Sjálfstfl., sem um leið eru stjórnendur í S. H. Mér datt satt að segja ekki í hug, að þeir væru svona barnalegir, hefðu svona litla þekkingu á því, sem þeir eru að fara út í, þegar þeir setja mörg hundruð millj. kr. af fé, sem þorri Íslendinga á, í fyrirtæki erlendis. Þegar hæstv. ríkisstj. og þessir þm. þar með voru að boða hina gömlu, góðu daga frá 1920—1930, mundu þeir þá ekkert eftir, hvernig þeir voru? Vissu þeir þá ekkert, hvernig ástandið var í Englandi og Bandaríkjunum? Voruð þið orðnir svo töfraðir af öllu umtalinu um lýðræðisríkin, að þið gerðuð ykkur ekki grein fyrir því, að það er ekki snefill til af lýðræði í efnahagsmálum Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna? Þar drottnar einræði nokkurra auðhringa, — auðhringa, sem við, ef við eigum að reyna að fara þarna inn, verðum að slást við upp á líf og dauða. Eruð þið búnir að láta gylla svo fyrir ykkur ástandið í þessum löndum, að þið gerið ykkur ekki ljóst, hvernig við verðum að berjast þarna? Og eru þessar sömu gyllingar kannske í augunum á ykkur, þegar þið eruð að hugsa, hvort eigi að ganga í Efnahagsbandalagið eða ekki? Þið biðjið íslenzka ríkið ykkur verndar, snúið ykkur hátíðlega með klökkva í röddinni til hæstv. forsrh. og biðjið hann verndar á móti frjálsri samkeppni, á móti Unilever, á móti hæstv. sjútvmrh. og velferðarríkinu. En sjálfir eruð þið um leið að tala um, að inn í Efnahagsbandalagið þurfið þið endilega að fara. Og gerið þið þá ykkur ekki ljóst, hvað það þýðir? Það er bókstaflega frumskógur villidýranna, sem þið eruð að hætta ykkur inn í, þessir voldugu, sterku auðhringar, sem trampa þá niður, sem eru smáir. Þið eruð að finna ofur lítið fyrir því núna í Hollandi og Englandi. Þá munduð þið finna fyrir því hérna heima líka.

Hélduð þið, að þið væruð í einhverri íslenzkri berjalaut, þar sem þið getið legið og sleikt sólskinið og hámað í ykkur berin, þegar þið voruð að setja upp fyrirtæki við hliðina á Unilever í Bretlandi? Og haldið þið, ef þið færuð í Efnahagsbandalagið, að þetta séu einhver lömb að leika við? Þeir eru hræddir um að vera drepnir núna í Englandi, Hollandi eða Bandaríkjunum. En þeir væru drepnir hérna heima líka, ef þeir væru komnir út í Efnahagsbandalagið. Halda þeir, að Unilever og Findus og þeir, þegar þeir settu upp sín hraðfrystihús hérna á Íslandi, mundu ekki reka þau praktiskar en þið? Halda þeir, að aðilar, sem geta pakkað hér niður í sínar pakkningar til að selja í sínum búðum, — sem ráða, eins og þeir segja sjálfir, um 90% af allri umsetningunni í Bretlandi, — haldið þið, að þeir mundu ekki slá okkur út undireins? Haldið þið, að þið munduð verða eigendur hraðfrystihúsa hérna á Íslandi á eftir? Nei, þið skuluð reyna að hugsa ofur lítið, áður en þið gerið hlutina.

Þess vegna er það, sem ég álít, að neyðarópið frá S. H. eigi rétt á sér og það sé nauðsynlegt að taka það alvarlega, að S. H. þurfi hjálpar við. Það þýðir, að hún þarf ýtarlegrar rannsóknar við, til þess að þið sjáið, hvernig þetta allt saman stendur. Það þýðir, að hún þarf sterkrar stjórnar við, líka stjórnar af hálfu ríkisins, öðruvísi er ekki hægt að ætlast til þess, að hún fái neitt einkavald á Íslandi. Og þessa hluti þurfa þeir að gera sér ljósa, þegar menn nú biðja um vernd. Á forsíðunni í þessari grein, Brezki fiskmarkaðurinn og frjáls samkeppni, þá er með feitletri haft eftir merkum íslenzkum kaupsýslumanni, einum af máttarstólpum Verzlunarráðs Íslands, að hann hafi sagt nýlega um Íslendinga: Hafa þeir ekkert lært, eru Íslendingar búnir að gleyma Hellyer? Mér þótti mjög vænt um að heyra þetta, einmitt að þetta skyldi koma frá kaupsýslumönnum. Ég var nefnilega fyrir tveim árum í útvarpsræðu, sem ég flutti við kosningarnar 1959, að reyna að minna á Hellyer út frá þeim kröfum, sem einn aðalmaður S. H., Einar Sigurðsson, birti í Morgunblaðinu 20. marz 1959 um að taka öll þau fyrirtæki, sem ríki og bæirnir reka, og setja þau í hendur einstaklinga.

Það átti að vera fagnaðarboðskapur ríkisstj. Og um leið átti það að vera fagnaðarboðskapur að afhenda íslenzk fyrirtæki í hendurnar á útlendingum og leyfa útlendingum að koma upp fyrirtækjum hér. Og ég minnti á Hellyer Brothers í útvarpsræðu minni, og ég minnti á, hvað alþýðan í Hafnarfirði kallaði það, hún kallaði það Heljarbros. Og þegar þessir brezku togaraeigendur yfirgáfu Hafnarfjörð, þetta Heljarbros, þá var alþýðan í Hafnarfirði sjálf, sem varð að skapa sér sína bæjarútgerð til þess að lifa, til þess að hafa atvinnu, og það er sú bæjarútgerð og aðrar slíkar bæjarútgerðir, sem menn úr S. H., eins og Einar Sigurðsson, hafa verið að prédika um, að eigi að afhenda þeim.

Er nú ekki rétt fyrir þá menn, ekki sízt þm. Sjálfstfl., sem eru í stjórn S. H., að fara ofur lítið hóflegar í sakirnar, að koma ekki hér annað veifið til okkar og segja: Èg heimta til mín öll fyrirtæki ríkisins og öll fyrirtæki bæjanna, — og koma svo daginn eftir og segja: Í guðanna bænum, þið verðið að bjarga mér. Ætlið þið að láta frjálsa samkeppni drepa mig, ætlið þið að láta Unilever drepa mig? Þið verðið að gefa mér einokun, ríkiseinokun. — Èg held það sé tími til kominn, að þessir góðu herrar fari að athuga dálítið, hvar þeir standa. Ef þeir væru komnir í Efnahagsbandalagið, þá veit ég að vísu, eins og ég sagði áðan, að Unilever og Findus mundu ekki bara soga upp þessi smáhraðfrystihús þeirra, eða réttara sagt láta þau standa tóm og verða einskis virði, af því að þeir kæmu með önnur og fullkomnari. Èg veit líka, að þeir mundu kannske drepa svo og svo mikið af bæjarútgerðum og slíku. En þá hefðum við Íslendingar enga möguleika, þegar þeim hringum þóknaðist að fara burt héðan af Íslandi aftur, til þess að koma neinu upp í staðinn, því að þá værum við ekki lengur sjálfstæð þjóð, og gæti hvorki bær né ríki stofnað útgerð né hraðfrystihús, vegna þess að þá værum við búnir að binda okkur í Efnahagsbandalaginu þeim böndum, að við hefðum ekki leyfi til slíks, og getum ekki losað okkur úr þeim böndum, því að sá samningur er óafturkallanlegur.

M. ö. o.: við gátum bjargað okkur, þegar Hellyer Brothers yfirgáfu Hafnarfjörð, og bæjarútgerðin kom seinna meir og einstakir atvinnurekendur tóku þar við og reyndu að reisa úr rústunum. Við gátum bjargað okkur, af því að við vorum fullvalda þjóð. Og þess vegna mælti ég þessi orð áðan, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, með allri sinni vitleysu og kannske sínu svindli og öðru slíku, hana vil ég þó þúsund sinnum heldur en Unilever eða hvern þann útlenda hring, sem hér ætti að ráða. En þess vegna er líka tími til kominn, áður en slík spor væru stigin, sem yrðu óafturkallanleg, eins og að ganga í Efnahagsbandalagið, að við reynum að ráða þessum málum okkar til lykta sem sjálfstæð þjóð, að við reynum að ráða okkar fiskútflutningi sjálfir, að við reynum að hjálpast að við að stjórna honum og sjá um, að honum sé vel stjórnað og réttlátlega stjórnað og viturlega stjórnað, þannig að alþýða manna á Íslandi og þjóðin í heild hafi sem mesta hagsmuni af því.

Ástandið, sem verið var að lýsa hér áðan, einmitt í þessari grein, á bls. 6, sem ég las upp, það er ástandið, sem mundi bíða okkar, ef við værum komnir í Efnahagsbandalagið. Þá mundu Íslendingar í umboði erlendra aðila annast þessi mál. Flýgur sú saga um bæinn, að hæstv. forsrh., — ég læt hana fjúka, því að hún er skemmtileg, eins og margt, sem eftir honum er haft, — flýgur sú saga um bæinn, að hæstv. forsrh. hafi átt að segja við hæstv. viðskmrh., þegar hann hafi einu sinni verið að mæla með Efnahagsbandalaginu í ríkisstj.: Ertu búinn að útvega þér agentúr? — Hæstv. forsrh. er mjög raunsýnn maður og mjög klár á þeim hlutum, sem annað eins og Efnahagsbandalagið þýðir, og veit þess vegna, að um leið og við værum komnir í Efnahagsbandalagið, þá værum við ekki sjálfstæðir íslenzkir atvinnurekendur, svo að hann spurði þann mikla teoretiker Efnahagsbandalagsins og ríkisstj., hæstv. viðskmrh., hvort hann væri búinn að útvega sér agentúr. Það væri eina tækifærið þá fyrir Íslendinga upp á að reka nokkuð að reyna að hafa söluumboð fyrir einhverja erlenda aðila. Og það er einmitt það, sem þessir hv. þm. Sjálfstfl. í S. H. eru að lýsa, þegar þeir segja: Þá munu Íslendingar í umboði erlendra aðila annast þessi mál, agentúrinn. Èg held þess vegna, að það sé mjög heppilegt, einmitt með tilliti til Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og fréðfiskútflutningsins sérstaklega, að þessi mál koma til umr. núna, og með tilliti til þess, sem verið hefur rætt stundum undanfarið um Efnahagsbandalagið, að við fáum að sjá smásýnishorn af því, hvar við stæðum, ef Íslendingar ættu eftir að stíga það óheillaspor að fara inn í það.

Þess vegna vil ég segja það af fullri alvöru við einmitt mennina úr S. H., af því að mér er ljóst, að þeir þrír þingmenn, sem þar sitja, mynda um leið meiri hl. ríkisstj.: Þið skuluð venja ykkur af því að vera að heimta, að ríkisfyrirtæki verði lögð niður. Þið skuluð venja ykkur af því að heimta, að bæjarfyrirtæki verði lögð niður. Þessi frekja, sem menn úr ykkar hópi hafa hvað eftir annað sýnt, hún er ósæmileg. Þetta hafa verið bjargvættir fyrir íslenzka þjóð. Og þið eruð ekki sjálfir það sterkir, að þið standið ykkur nokkurn skapaðan hlut í þeirri baráttu, sem þið heyið erlendis, nema því aðeins að þjóðin og ríkið standi á bak við ykkur, og það er ykkur sjálfum orðið ljóst. Þess vegna skuluð þið ekki vera að reyna að brjóta niður þær stoðir, sem íslenzka þjóðin á beztar í þessu, hennar bæjar- og ríkisfyrirtæki, eftirlit og yfirtöku ríkisins á þessum málum.

Það er eins og hver annar ungæðisháttur, þó að hann sé óviðkunnanlegur hjá rosknum manni, eins og það, sem ég var að geta um áðan einmitt með Einar Sigurðsson, að koma með það, um leið og ríkisstj. er með allan sinn fagnaðarboðskap, að það eigi undireins að selja öll ríkisfyrirtækin og bæjarfyrirtækin, eins og hann setur fram í Morgunblaðinu 20. marz 1959. Èg þóttist vita, að það væri ekki hægt að selja, nema þá þannig, að það væri á mjög lágu verði, og vafalaust áttu þeir að fá lán í bönkunum til þess að borga þau með, ríkisbönkunum, hvort

sem þeir ætluðu að kaupa ríkisbankana á eftir kannske með áburðarverksmiðjufyrirkomulagi.

M. ö. o.: niðurstaðan af þessu neyðarópi, sem stjórn S. H. rekur upp í sínu síðasta blaði, á því að vera sú, að Alþ. og ríkisstj eigi að svara. Það er rétta hjálpin. Það dugir ekki að sleppa svona unglingum, — eða ef menn vilja orða það eitthvað á annan veg, — svona bröskurum eftirlitslaust út í heiminn. Það verður að hafa beizli á þeim. Menn verða að vita, hvert þeir eru að fara með fjármunina. Þess vegna verður, um leið og þeir endurskoða sína afstöðu til ríkisins, þá verður ríkið líka að endurskoða alla afstöðuna til þeirra. Og það er það, sem ég fer fram á að sé gert. Áður en hægt er að taka þetta neyðaróp til endanlegrar afgreiðslu, þá verðum við að sjá, hvar við lendum með Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Ég man að vísu, að það var stóra slagorðið, þegar hæstv. ríkisstj. byrjaði með sína núverandi pólitík, að atvinnurekendur ættu að standa á eigin fótum. Það hafði annars heyrzt lítið nú seinustu árin, en það var lögð mikil áherzla á þetta, að atvinnurekendur ættu að standa á eigin fótum. Ég hef nú satt að segja aldrei séð þessa fætur, sem íslenzkir atvinnurekendur hafa staðið á. Mér sýnist þeir alltaf hafa staðið á bönkum, á lánum úr bönkum og engu öðru. Það eru kannske tíu menn, sem standa án þeirra. En engu að síður, þá hafa nú fundizt hagfræðingar hér á Íslandi, sem hafa prédikað þetta, að atvinnurekendur ættu að standa á eigin fótum. Nú kemur sjálf Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sterkasta fyrirtækið á Íslandi, flytur a. m. k. mest út af öllum, veltir mestu af öllum, hundruðum milljóna kr., og segir: Ég get ekki staðið á eigin fótum. Ríkið verður að hjálpa mér. — Mér þykir þetta mjög gott, að þeir skuli sjá þetta. En ríkið verður þó að athuga allan ykkar gang áður, mínir herrar. Mér þykir mjög gott einmitt, að S. H. og þingmennirnir, sem þar eru í stjórn, skuli sjá, að þessar kenningar, sem hagfræðingarnir hafa haldið fram um fyrirmyndarríkið, kenningarnar, sem ríkisstj. hefur byggt á núna í 3 ár, þær séu tóm vitleysa og muni bara verða til þess að drepa niður íslenzk fyrirtæki. Mér þykir það mjög gott. En þá verða þeir að byrja á því að taka afleiðingunum af því, að þeir hafa nú rekið sig á. Það er vissulega svo, að þessir íslenzku atvinnurekendur geta ekki staðið á eigin fótum. En engu að síður verður þessi atvinnurekstur að geta staðið. Það þýðir, að við verðum að hjálpast að. Það þýðir, að Íslendingar verða að standa saman um þetta. Það þarf samstarf alþýðumanna og atvinnurekenda um þetta. Það þarf allan mátt bæja og ríkis, til þess að við Íslendingar getum haldið uppi okkar atvinnurekstri og barizt í þessum heimi fyrir því, að þessari þjóð vegni vel. Við þurfum ekkert einræði þarna, ekkert einræði Jóns Gunnarssonar eða neinna slíkra. Við höfum ekkert einræðisvald til handa einhverjum spekúlant. En við þurfum samheldni þjóðarinnar með fullu eftirliti með öllum þeim aðilum, sem þarna eru að verki. Þess vegna fór ég fram á í fyrra, að þetta væri tekið upp. Það fékkst ekki. Ég fer fram á það núna, og nú vona ég, að það verði gert, vegna þess að nú hafa sjálfir mennirnir í S. H. rekið upp neyðaróp, beðið um aðstoð ríkisins, beðið um einokun sér til handa, og það er alveg greinilegt, að það eru svo miklir hagsmunir, sem þjóðin á þarna í veði, að því neyðarópi verður að sinna.

Ég rakti það hér áðan, hve mikið þetta hefur versnað, hve mikið fé hefur festst þar vestra, það, sem var 150 millj. í fyrra, sé kannske komið upp í 300—400 millj. núna. Ég rakti, hvernig það gengi að nokkru leyti saman við þá pólitík, sem rekin hefur verið um freðfiskútflutninginn, sem sé, að það hefur verið minnkað stórkostlega, sem flutt hefur verið út til þeirra landa, sem taka á móti vörunni gegn staðgreiðslu, eins og Sovétríkjanna, og sýndi þess vegna fram á, að einmitt í útflutningspólitík okkar Íslendinga væri skynsamlegt og nauðsynlegt að reyna að selja mikið af hraðfrysta fiskinum til sósíalistísku ríkjanna gegn staðgreiðslu, til þess að vera færir um að berjast við þá hringi, sem við þyrftum að berjast við í Englandi og Bandaríkjunum, og til þess að þurfa að verja hlutfallslega sem minnstu fé í að festa þar eða eiga þar á hættu. Það þýðir m. ö. o., að þessi pólitík í okkar útflutningsverzlun, það er hlutur, sem stjórn S. H. og þeir þingmenn Sjálfstfl., sem hafa meirihlutaaðstöðu hér á Alþ., hefðu átt að láta sig skipta, ef þeir hefðu verið það framsýnir, að þeir hefðu séð, hvað þetta þýddi fyrir þá. Það var ópraktískt að skera á viðskiptin við Sovétríkin, eftir að þeir höfðu um árabil notað alla þessa Rússapeninga til þess að setja þá fasta í nýjum fyrirtækjum í Bandaríkjunum, þótt þeir hugsuðu ekki lengra en það.

Ég álít, að það sé þjóðarvoði fyrir dyrum, ef þetta leysist allt saman upp, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hrynur, eins og er viðbúið að hún geri, þegar önnur eins krítik er komin fram eins og nú og svona samkeppni komin þarna. Við skulum alveg gera okkur ljóst, að það er þarna hætta á ferðum. Þarna þarf ríkið sem sé að grípa inn í, eða a. m. k. virðast þeir vera komnir nokkuð á þá skoðun, þessir þm. Sjálfstfl., sem ráða ríkisstjórnarmeirihlutanum á Íslandi. Og nú vill svo til, að eftir því sem ég veit til, þá er ekki aðeins einn stjórnandi úr S. H., heldur líka sjálfur formaður Coldwater Seafood Corporation hér, einn af okkar hv. þdm., þannig að nú ættum við að geta við þessa umr., einmitt þessa umr., rætt þetta mál mjög ýtarlega hér. Við ættum að geta fengið hér upplýsingar um, hvernig þetta stendur, og við ættum hér á Alþ. að geta tekið þetta mál til fullrar athugunar og krufið það til mergjar. Ég vona, að það verði ekkert dulið í þessu máli og við fáum að vita allt, hvað þarna er. Ég vil vona það, að hér eftir hætti þm. Sjálfstfl. að tala um fyrirmyndarríki þeirrar frjálsu samkeppni, eftir þá áminningu, sem þeir hafa fengið frá S. H. Ég vona, að þeir, sem hafa haldið, að það væri einhver yndisleg samkeppni í þessum svokölluðu lýðræðisríkjum, hafi nú rekið sig það rækilega á, að þarna eru voldugir vargar að verki, sem ætla að háma í sig Sölumiðstöðina, og geri sér ljóst, að það er enginn gamanleikur að fást við efnahagslega baráttu þar, og að ríkið íslenzka þurfi þess vegna mjög vel að athuga alla sína hluti,

og við fáum nú við þessa umræðu plöggin lögð á borðið af hálfu S. H. Þá álít ég, að það gæti vel svo farið, að hv. fjhn., sem ég legg til að taki þetta mál til meðferðar, geti jafnvel gert meira en að hafa með höndum þá rannsókn, sem hér er lagt til, og það er kannske líka hugsanlegt, að hún gæti komið með tillögur um skipan þessa máls. Èg sé, að þetta mál er nú svo þróað frá því í fyrra, að það er ekki bara lengur um það að ræða að bara rannsaka fjármálaástandið hjá S. H., heldur beinlínis um það, hvernig verður skipulagið á freðfiskútflutningnum frá Íslandi héðan í frá. Því spursmáli hef ég ekki upp stillt. Því hefur stjórn S. H. sjálf upp stillt. Hún virðist jafnvel fara svo langt að vilja beinlínis sprengja núv. ríkisstj. með því að biðja nú verndar forsrh. móti velferðarríki sjútvmrh., og þegar svona langt er gengið, þá er greinilegt, að það er eitthvað alvarlegt, sem þjarmar að þar erlendis, í frumskógi villidýranna, hjá auðhringunum í þessum margumtöluðu lýðræðisríkjum.

En við þurfum að fá plöggin á borðið. Við þurfum að fá að vita, hvernig þessir hlutir standa. Við vitum, að það hefur verið flutt út á undanförnum 5—6 árum mjög mikið af fiski til Bandaríkjanna, að það hefur verið — að miklu leyti í einni verksmiðju — unnið úr tugum þúsunda tonna á undanförnum árum af íslenzkum freðfiski og selt sem vara tilbúin handa neytendum. Èg vildi mjög gjarnan beina þeirri spurningu til hv. form. Coldwater Seafood Corporation, sem rekur þessa verksmiðju, hvernig hefur verið með innkaupin til þessarar verksmiðju á undanförnum árum. Segjum t. d., að á svo og svo löngu árabili hafi verið seldar vörur út úr þessari verksmiðju fyrir t. d. 650 millj. ísl. kr., ef maður reiknaði með kannske 20—30 þús. tonnum á ári, a. m. k. 20 kr. kg, held ég, að það hljóti að kosta, og til að framleiða vörur fyrir neytendur fyrir 650 millj. kr. mun þurfa að kaupa inn í Bandaríkunum fyrir ekki minna en 150 millj. kr. þurrmjólk, egg, umbúðir, rasp og ýmislegt fleira, — vörur, sem allar eru meira eða minna niðurgreiddar í Bandaríkjunum. Það er algengt í Bandaríkjunum að gefa allt upp í 33% afslátt af vöru, sem er keypt. Hefur verið séð um það í öllum tilfellum, að sá afsláttur rynni til viðkomandi félags og fiskframleiðendanna hér heima, eða hefur slíkur afsláttur máske farið til einhverra millilíða þarna úti? Það er greinilegt, að það er hægt bara á slíkum innkaupum, ef menn láta ekki afsláttinn renna á réttan stað, að láta renna til ýmiss konar millilíða 45—50 millj. kr. á nokkru árabili.

Það er enn fremur vitanlegt, að það er auglýst fyrir tugi millj. ísl. kr., og ég veit, að blöð, sem taka á móti auglýsingum, gefa venjulega líka afslætti. Hefur verið séð um, að þeir afslættir renni hingað heim? Enn fremur fara tugir millj. í flutninga í þessum löndum. Hefur verið grandgæfilega rannsakað allan tímann, að allt það, sem hægt væri að spara í þessum efnum, rynni hingað heim? Við þurfum að fá að vita þessa hluti. Bara slík smáatriði eins og þetta, sem ég nefndi hér áðan, með afsláttinn á þessum þurrmjólkurvörum og öðru slíku, það mundi á nokkrum tíma nema ekki minna en 80—100 aurum á kg hérna heima á fiskinum. Við þurfum að fá þessi plögg á borðið, plöggin frá Coldwater Seafood Corporation. Við þurfum að fá að rannsaka þetta til fullnustu, hvernig þessir hlutir standa. Við verðum að tryggja það, þegar íslenzka ríkið ætlar máske að standa á bak við eitt stórt fyrirtæki, jafnvel kannske tryggja því einokun eða annað slíkt, eins og hér er farið fram á, að þetta sé rekið með þeim heiðarleika og því viti, og ef nauðsynlegt er með þeirri hörku, sem tryggir, að það sé verið að vinna fyrir þjóðarheildina með því, fyrir þá menn, sem eiga þennan fisk, fyrir hraðfrystihúsin, fyrir útgerðarmennina, fyrir sjómennina, fyrir verkafólkið. Við getum ekki þolað það, að það sé máske stungið undan milljónum króna vestanhafs eða annars staðar og síðan sé sagt við menn hérna heima: Það verður að greiða lægra kaup til verkakvennanna eða verkafólksins, sem vinnur að því. — Það getum við ekki þolað. Ef menn fara fram á það, eins og farið er fram á í þessu blaði, að íslenzka ríkið standi á bak við, allir Íslendingar standi sameinaðir, öll þjóðin sé eitt, eins og stendur í blaðinu um Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, þá verður þjóðin að fá 100% vissu, hafa 100% eftirlit með því, að þarna sé alls staðar skynsamlega og heiðarlega að farið. Plöggin verðum við þess vegna að fá á borðið. Við getum ekki þolað það, að einhverjir og einhverjir menn, sem kannske hafa verið íslenzkir um einhvern tíma, jafnvel þó að þeir eigi villu suður í Hafnarfjarðarhrauni, að þeir séu kannske allt í einu, áður en við vitum af, orðnir eiginlega amerískir fiskkóngar og séu farnir að hafa fyrst og fremst hagsmuni af því að reka fyrirtæki vestanhafs og fyrst og fremst hagsmuni af því að fá ódýran fisk frá Íslandi. Og það þarf ekki mikið til, ef búið er að festa 400 millj. kr. erlendis, í nokkrum fyrirtækjum þar, og þeim mönnum, sem finna sig hafa hagsmuna þar að gæta, finnist: Ja, það er nú bezt fyrir mig, að þessi fyrirtæki gangi vel, ég hef til ýmsar aðferðir til að ná mínum peningum út úr þeim, en ég ætla að fá fiskinn ódýrari frá Íslandi. Eini tilgangurinn með því að halda uppi Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, jafnvel að ríkið fari að vernda hana og tryggja, eins og þeir fara fram á, stjórnendurnir, það er þó, að það séu Íslendingar, íslenzkir verkamenn, íslenzkir sjómenn og verkafólk, íslenzkir útgerðarmenn og íslenzkir hraðfrystihúsaeigendur, sem njóta góðs af.

Èg vil vonast til þess, einmitt vegna þeirra kvartana, sem nú hafa komið fram frá sjálfri S. H. í hennar blaði, að nú verði þessi till. mín tekin til rækilegrar athugunar og umræðu nú þegar. Mér þótti leitt, að hún skyldi ekki vera afgreidd í fyrra. Èg álít, að það hefði getað afstýrt margs konar tjóni, sem síðan hefur orðið, ef hún hefði verið afgreidd þá og verið gripið nægilega snemma inn í. En ég þykist viss um og sé það einmitt á því neyðarópi, sem S. H. hefur rekið upp, að það er enn þá meiri hætta fram undan núna heldur en ég nokkurn tíma hafði hugmynd um. Þess vegna vonast ég til þess, að hv. 2. þm. Vesturl. (SÁ), sem er for-

maður Coldwater Seafood Corporation, sjálfur meðlimur í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, hann leggi nú plöggin á borðið hér fyrir okkur, við fáum hér tækifæri til þess að ræða þetta mál, kryfja þetta mál til mergjar, og að við síðan finnum leiðir til þess að sameinast um það að tryggja íslenzkan freðfiskútflutning og tryggja það, að íslenzkir sjómenn og íslenzkir útgerðarmenn, íslenzkt verkafólk og íslenzkir hraðfrystihúsaeigendur og aðrir slíkir fái andvirði síns fisks, þ. e. a. s. hans rétta verð, hingað heim og okkur takist að ná þessu úr klónum, hvort heldur er á Unilever í Bretlandi eða jafnvel einhverjum, sem kynni að vera skyldur Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna í Bandaríkjunum.

Sigurður Ágústsson: Hæstv. forseti. Ég vil byrja með því að leiðrétta hjá hv. 3. þm. Reykv. (EOl) ein af þeim mörgu ósannindum, sem hafa verið skrifuð í dagblöð höfuðstaðarins að undanförnu, að ég sé formaður Coldwater Seafood Corporation eða þeirrar stjórnar. Að sjálfsögðu er það margt fleira, sem þyrfti að leiðrétta af þeim mörgu fullyrðingum, sem hv. þm. bar hér fram og tæplega er samboðið jafnvirðulegum manni og hv. 3. þm. Reykv. vissulega er. Hv. þm. er einn af þeim mönnum, sem njóta trausts hjá fjölda manna, ekki eingöngu innan síns flokks, heldur einnig innan andstöðuflokkanna.

Ég vil byrja á því að lýsa yfir, að ég er mjög undrandi yfir þeim mörgu blaðagreinum og mikla umtali manna á milli, sem átt hefur sér stað undanfarinn mánuð í sambandi við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og hennar starfsemi og þá sérstaklega í sambandi við starfsemi þessara miklu samtaka í Bandaríkjunum. Stjórn hraðfrystihúsanna, sem hv. 3. þm. Reykv. segir nú, að sé skipuð þremur þm. Sjálfstfl., — það er ein af mörgum missögnum, sem hann heldur fram, — í stjórn hraðfrystihúsanna er ég og einn varaþm. Sjálfstfl. Það væri vissulega ánægjulegt, að það væru fleiri af þeim fríða hóp, sem hér skipar sæti á Alþ., en ég er hins vegar mjög hryggur yfir þeim fullyrðingum, sem hv. alþm. hafði hér í frammi og jafnvel sagði berum orðum, að þetta fyrirtæki, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, væri í augum hans a. m. k. og jafnvel í augum þjóðarinnar hálfgert svindlfyrirtæki. Það er sorglegt ábyrgðarleysi að leyfa sér að hafa slík ummæli um eitt stærsta útflutningsfyrirtæki þessa lands, fyrirtæki, sem nýtur trausts ekki einungis meðlima sinna, heldur og langt út yfir þau takmörk, fyrirtæki, sem hefur unnið upp mikinn og glæsilegan markað fyrir frystan fisk á undanförnum árum og sýnt alveg sérstaka framtakssemi og dugnað í því starfi.

Ég hef talið, að hin mikla gremja, sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv. hér áðan í garð Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, stafi að mestu af þeirri staðreynd, að sala á frystum fiski minnkaði stórkostlega á árinu 1961 til Sovét-Rússlands, og ástæðan fyrir því, að þessi viðskipti við Rússland minnkuðu jafnmikið og raun ber vitni um, var einvörðungu sú, að Rússland var lélegasta markaðslandið á árinu 1961 fyrir fryst fiskflök. Og það veit hv. þm., að það var engin leið að verka frystan fisk í 7 punda umbúðir á markað til Rússlands á árinu 1961, þegar enginn möguleiki var til að fá Rússana til að hækka verðið úr £ 128 tonnið. Ég held, að allir þeir menn, sem fást við þessa framleiðslu, séu á einu máli um það, að þá hafi Rússlandsverðið verið lakasta verð, sem þeir bjuggu við. Það var fyrst eftir komu fyrrverandi menntmrh. Rússlands hingað til landsins, Furtseva, held ég, að frúin hafi heitið, að hún fékk því áorkað, að verð á 7 punda frystum fiski í pergamentumbúðum til Rússlands var hækkað úr £ 128 smál. í £ 140 eða um nær 10%. Það verð er þó reyndar talið enn of lágt, en það munar þó mikið um allt að 10% hækkun, sem átti sér stað eftir mitt ár 1961.

Sem stjórnarmeðlim í S. H. er mér það vissulega ljóst, að allar þær fullyrðingar, sem hv. 3. þm. Reykv. og fleiri hafa haft í frammi, að við viljum vinna að því að minnka viðskiptin við Rússland, eru gersamlega rangar. Við teljum viðskipti við Rússland, að öðru leyti en því, hve verðið er lágt, hagstæð fyrir íslenzka fiskútflytjendur, og ef unnt væri að fá verðið eitthvað hækkað enn, þá mundi áreiðanlega stóraukast útflutningur á fiskflökum til Rússlands.

Eins og hv. þm. tók fram hér áðan í ræðu sinni, þá hafa viðskiptabankarnir, Landsbankinn og Útvegsbankinn, tekið þá ákvörðun að senda fulltrúa sína til Bandaríkjanna til að láta framkvæma þar birgðatalningu á frystum fiski, sem þar liggur, bæði á vegum Coldwater Seafood Corporation og hjá Sambandinu. Þetta er í sjálfu sér ekki nema eðlileg framkvæmd. Slík birgðatalning hefur átt sér stað í mörg ár hér á landi hjá fiskframleiðendum af hendi bankanna. Eigendur fiskvinnslustöðva telja birgðatalningu sjálfsagða ráðstöfun af bankanna hálfu.

Hv. þm. kom svo víða við áðan, að það mundi þurfa langan tíma til að svara öllum hans fyrirspurnum. En sérstaklega vil ég mótmæla því, að stjórn Sölumiðstöðvarinnar hafi óskað eftir einokunaraðstöðu eða einveldi hér á landi í sambandi við sölu á frystum fiski á erlendan markað. Slík beiðni hefur aldrei komið fram, hvorki frá meðlimum né stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Ég vil lýsa yfir, að allt samstarf á milli þeirra útflytjenda, sem hafa annazt sölu á frystum fiski, sem eru Samband ísl. samvinnufélaga, Fiskiðjuver ríkisins, meðan það var, og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, að samstarfið hefur verið hið ánægjulegasta og aldrei skorizt verulega í odda í sambandi við sölu þessara fyrirtækja á frystum fiski á erlendum markaði.

Mér er ekki ljóst, hvaðan hv. þm. hefur þá tölu, að á s. l. ári sé búið að fjárfesta í Bandaríkjunum 3—4 hundruð milljónir á vegum Coldwater Seafood Corporation. Það er ekki rétt að leika sér með slíkar upphæðir og slá því fram sem staðreynd, sem ég veit að hv. þm. hefur engan skilning fyrir að séu réttar.

Eins og hv. þm. tók fram áðan, urðu töluverðar umræður hér í hv. deild á síðasta þingi, er hv. þm. flutti till. til þál. að mestu samhljóða þeirri, sem hann flytur nú. Hv. 3. varaþm. Austf., Einar Sigurðsson, sem er jafnframt varaformaður S. H., gerði þá ýtarlega grein fyrir störfum S. H. í Bandaríkjunum.

Það er rétt fram tekið hjá hv. 3. þm. Reykv.,

að margt hefur skeð á síðasta ári, sem hefur valdið því, að meðlimir Sölumiðstöðvarinnar hafa átt lengi fé sitt ógreitt frá sölusamtökunum eða frá S. H., og stafar mikið af því, að við gátum ekki með eðlilegum hætti selt fisk til Rússlands fyrri hluta ársins 1961 af þeirri einu ástæðu, að verð það, sem Rússar vildu borga á þeim tíma, var ekki unnt að vinna fisk fyrir í frost. Það var fyrst, eins og ég tók fram áðan, eftir að fyrrv. menntmrh. Rússlands fékk því áorkað, að verðið var hækkað um £ 12 eða upp í £ 140, að það var hægt að sinna þeim markaði að einhverju leyti. En þó teljum við, sem erum í stjórn þessara samtaka, verðið enn of lágt. Ástæðan fyrir því, að jafnmikið hefur verið sent af frystum fiskflökum og fiskblokkum til Bandaríkjanna, er einvörðungu sú, að verðið er þar mun hagstæðara. Það er rangt að bera það á stjórn S. H., að hún óski eftir að flytja fiskinn til Bandaríkjanna frekar en á Evrópumarkaðinn. Það er með öllu rangt. Og eins og ég tók fram áðan, vill stjórn sölusamtakanna eindregið halda góðum verzlunarháttum við Rússland. En að sjálfsögðu reynum við þar eins og á öðrum mörkuðum að fá eins hagstætt verð og unnt er fyrir afurðir okkar. Þar hafa Rússarnir verið mjög þungir í skauti. Í nær sjö ár fékkst engin hækkun á þorskflökum til Rússlands, á sama tíma sem fiskur fór þó hækkandi á öðrum mörkuðum.

Hv. flm. tillögunnar hefur óskað eftir, að henni verði vísað til hv. fjhn. og til síðari umræðu. Á þessu stigi málsins vil ég ekki segja meira um þetta mál, en mun, þegar nál. liggur fyrir frá hv. fjhn., taka nánar til máls um tillöguna.

Lúðvík Jósefsson: Hæstv. forseti. Mig undrar það nokkuð, að hæstv. ríkisstj. skuli ekkert láta til sín heyra í sambandi við þetta stórmál, sem hér liggur nú fyrir. Ég tel, að þetta mál sé þannig vaxið, að það sé full ástæða til þess, að ríkisstj. skýri einmitt hv. Alþingi nokkuð frá því, hvað hún hugsar sér að gera í þessu stóra máli eða hvað hún hefur þegar gert til þess að gæta hagsmuna almennings í landinu, þjóðarheildarinnar, varðandi það mál, sem hér er til umræðu. Það hefur að vísu sézt að undanförnu, þegar þessi mál hafa verið rædd, að blöð ríkisstj. hafa rætt um málið sem allmikið vandamál og birt þar um allstórar fréttir. Þær fréttir út af fyrir sig ættu að vera nægilegar til þess, að ríkisstj. hafi reynt að kynna sér málið og gæti þar af leiðandi gefið nokkrar upplýsingar um það, þegar það kemur hér til umræðu á Alþingi. En eigi að síður virðist ríkisstj., þegar þetta mál er til umræðu, ekkert hafa um það að segja. Ég vil lýsa undrun minni á þessu og óska eftir því, að ríkisstj. segi, hvað hún hefur gert til þess að kynna sér þetta mál og hvernig hún lítur á málið sem heild.

Það, sem felst í þeirri tillögu, sem hér liggur fyrir, er einkum þrennt. Þar er lagt til, að Alþ. kjósi sérstaka rannsóknarnefnd til þess að kynna sér, hvað Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur fest mikið fé, sem sjávarútvegurinn á, í fyrirtækjum erlendis. Í öðru lagi er lagt til, að athugað sé, hvað Sölumiðstöðin hefur lánað mikið erlendis af fiskandvirði. Og í þriðja lagi er lagt til, að sérstök athugun fari fram á því, hvernig háttað er tryggingum bankanna í þeim fiskafurðum, sem Sölumiðstöðin hefur flutt til annarra landa og selt þar, en greiðsla er ekki komin heim fyrir. Ég fyrir mitt leyti tel, að það sé afar eðlilegt, að slík rannsókn sem þessi sé látin fara fram, þegar það er haft í huga, hvað hefur verið að gerast, svo sem menn almennt vita, í þessum málum.

Þegar till. mjög svipuð þessari lá fyrir Alþ. á s. l. ári, ræddi ég nokkuð um þá tillögu. Ég hélt því þá fram, að það væri alger misskilningur að telja, að þessi till. væri raunveruleg árás á S. H. eða þau samtök sem slík. Þvert á móti áleit ég og álít enn, að slík rannsókn, einmitt á vegum opinberra aðila, sem hér er lagt til að gera, hún sé nauðsynleg fyrir samtökin, eins og nú er komið.

Það eru nokkrar óumdeilanlegar staðreyndir, sem liggja fyrir mönnum í þessum efnum, og það eru þær, sem ég vil sérstaklega rifja hér upp, en þær allar eru þess eðlis, að þær sanna í raun og veru, að það er réttmætt, að Alþ. láti sig málið skipta og að slík rannsókn sé gerð, sem er lögð til í þessari tillögu.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er stærsti aðilinn, sem fer með útflutning á vörum Íslendinga. Samtökin eru byggð upp á ekki óeðlilegan hátt að mínum dómi. Innan samtakanna eru líklega á milli 50 og 60 frystihús, sem eru starfandi í landinu. Í öllum aðalatriðum tel ég, að samtökin séu lýðræðislega upp byggð og það þurfi á slíkum samtökum að halda, eins og er. En þessi samtök eiga fyrst og fremst að reyna að selja framleiðslu frystihúsanna á erlendum mörkuðum og reyna að færa heim í þjóðarbúið eins mikið fyrir framleiðsluna og unnt er. Í rauninni er hér einvörðungu, eins og samtökin eru upp byggð, um sölusamtök að ræða, umboðsstofnun, sem tekur að sér framleiðslu félagsmanna og á að skila öllu andvirðinu, sem fæst fyrir framleiðsluna, til þeirra. Sölumiðstöðin er í raun og veru ekki stofnun, sem á að hafa sjálfstæðan, stórfelldan rekstur með höndum, neinn sérstakan áhætturekstur, hún er ekki þannig upp byggð. En eigi að síður hafa málin þróazt þannig, að stjórnendur Sölumiðstöðvarinnar og framkvæmdastjórar hafa tekið sér það vald og farið út í það að gera Sölumiðstöðina miklu meira en beina umboðssölustofnun. Þeir hafa farið út í það að byggja upp á vegum Sölumiðstöðvarinnar stórkostlega fjárfrekan atvinnurekstur í öðrum löndum og taka til slíkrar fjárfestingar eða uppbyggingar andvirði fisksins, sem stofnunin átti að hafa með að gera til sölumeðferðar. Það er sem sé staðreynd, sem liggur fyrir, að Sölumiðstöðin hefur byggt upp í Bandaríkjunum stóra fiskverksmiðju. Mér er ekki kunnugt um, hve mikið fé hefur verið lagt í þessa verksmiðju þar vestanhafs, en ég veit, að það skiptir nokkrum tugum milljóna króna, og nú einmitt á s. l. ári hefur átt sér stað þarna stórkostleg ný fjárfesting. Þetta er sem sé bein staðreynd í málinu, sem hefur ekki verið mótmælt af neinum. Því er ekki heldur mótmælt, því að það er margstaðfest, að aðilar þeir, sem standa að

Sölumiðstöðinni, frystihúsaeigendur í landinu, þeir eru ekki allir á eitt sáttir um þessar framkvæmdir. Þar innan samtakanna eru hörkudeilur um það, hvort hafi verið rétt að farið og hvort hér sé réttilega að unnið eða ekki. Það eru ekki heldur deilur um það, að það er fyrst og fremst einn maður, framkvæmdastjóri Sölumiðstöðvarinnar nú um nokkra hríð, Jón Gunnarsson, sem hefur staðið að því að byggja upp þessa starfsemi á vegum S. H. í Bandaríkjunum og í öðrum löndum. Hann hefur mjög trúað á þessa aðferð, og hann hefur tekið sér mikið vald í þessum efnum. Svo einkennilega hefur þessi uppbygging farið fram, að þessi rekstur í Bandaríkjunum hefur verið með þeim hætti, að vísu á vegum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, að stjórnendur þessa mikla fyrirtækis í Bandaríkjunum, sem veltir þar nokkrum hundruðum millj. kr. á hverju ári, eru, eftir því sem nú er upplýst, Jón Gunnarsson framkvæmdastjóri S. H., kona Jóns Gunnarssonar framkvæmdastjóra og einn bandarískur lögfræðingur. Þessir þrír aðilar, hafa verið stjórnendur þessa mikla fyrirtækis í Bandaríkjunum, sem hefur haft öll þessi miklu fjárráð, þetta liggur líka fyrir og þýðir ekki að deila um.

Margir af þeim aðilum, sem eru í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, hafa mjög fundið að þessu og spurt um það ár eftir ár, hverju þetta sætti, að þannig væri frá öllum málum gengið í sambandi við þennan mikla rekstur þar fyrir vestan, hvaða ástæða væri til þess, að Jón Gunnarsson og kona hans og amerískur maður, sem hann hefur valið, Jón Gunnarsson, væru stjórnendur þessa mikla fyrirtækis, en enginn maður úr stjórn S. H. og enginn maður kosinn af S. H. í þetta. Og það hefur mjög vafizt fyrir bæði Jóni Gunnarssyni og öðrum að gefa skýringar á því, hvernig á þessu stæði. Nú hefur það hins vegar komið í ljós og það verður ekki heldur um það deilt, að það eru engin lagafyrirmæli í Bandaríkjunum, sem hafa torveldað, að það væri hægt að hafa eðlilegri hátt á þessu en þarna hefur verið hafður, því að nú, þegar upp úr sauð og ýmsir opinberir aðilar voru farnir að skipta sér af málinu, m. a. bankarnir í landinu, þá tók stjórn S. H., sem var hinn skráði eigandi hins mikla fyrirtækis fyrir vestan, sig til og setti Jón Gunnarsson framkvæmdastjóra út úr stjórninni og konu hans út úr stjórninni, en tilnefndi tvo af stjórnarmönnum Sölumiðstöðvarinnar hér heima sem stjórnarnefndarmenn í fyrirtækið Coldwater. Þetta var hægt, og nú var það loksins gert.

Það hefur nokkuð verið á það minnzt hér í þessum umr., hvílíkt fyrirtæki þarna er um að ræða, en ég er alveg sannfærður um það, að þó að ég þekki þar ekki til nema að nokkru leyti, þá sýna þær upplýsingar, sem hér hafa verið gefnar um það, hve mikið fyrirtæki þetta er, ekki nema lítið brot af því, hve fyrirtækið er raunverulega mikið. Það er enginn vafi á því, að þetta fyrirtæki veltir brúttó margfalt hærri fjárhæðum á hverju ári en það sendir hingað heim til Íslands í andvirði fiskafurða. Þannig er háttað öllum rekstri í Bandaríkjunum, að það er ekki hægt að reka þar slíka starfsemi, sem þetta fyrirtæki rekur, reka þessa verksmiðju, matvælaverksmiðju þar og innpökkunarverksmiðju, dreifingarstöðvar út um öll Bandaríkin og stórkostleg viðskipti við nokkur hundruð smásala víða um Bandaríkin, það er engin leið að standa í þessum viðskiptum án þess að velta gífurlega háum fjárhæðum. En yfirlitið á þessu öllu saman, stjórnin á þessu öllu saman hefur verið með þeim hætti, eins og ég greindi, að Jón Gunnarsson framkvæmdastjóri Sölumiðstöðvarinnar hefur verið forstjóri fyrir verksmiðjunni og forstjóri fyrir allri þessari starfsemi á vegum Sölumiðstöðvarinnar í Bandaríkjunum. Það er nú ekki svo, að Jón hafi ekki haft neitt annað að gera. Hann hefur auk þessa alls verið aðalsölustjóri S. H. og þurft að selja í ótalmörg önnur þjóðlönd og aðrar heimsálfur, allar framleiðsluvörur S. H., sem árlega sveiflast upp á nokkur hundruð millj. kr. Það er enginn vafi á því, að stjórn S. H. hafði á sínum tíma geysimikla trú á Jóni Gunnarssyni og fól honum, eins og menn sjá á þessum upplýsingum, svo að segja takmarkalaust vald og ég vil segja eftirlitslaust vald. Hér á Íslandi þykir það jafnan nauðsynlegt fyrir alla, að hverjum framkvæmdastjóra fyrir fyrirtæki fylgi stjórn, sem getur haft nokkurt eftirlit með störfum framkvæmdastjórans og hann hafi þar nokkurt eðlilegt aðhald. Eins og menn sjá á þessari uppbyggingu þar fyrir vestan, hefur ekki þótt þurfa að hafa þar neitt aðhald eða neina stjórn raunverulega yfir þessum framkvæmdastjóra. Þegar upplýsingar eins og þessar liggja fyrir, þá er ekki óeðlilegt, að gífurleg óánægja hefur gosið upp meðal félagsmanna S. H., og það er vitað mál, að þar eru hörkudeilur um þessar framkvæmdir og mönnum þykir mjög á skorta um það, að vel sé um hnútana búið, hvernig eignarhald er á þessu fyrirtæki og á þessum rekstri öllum fyrir vestan. Þá er ekki óeðlilegt, þegar svo er komið, að Alþingi láti hlutlausa rannsókn fara fram á því, hvað þarna er að gerast og hvernig þarna hefur verið á málunum haldið.

Nú hefur til viðbótar við annað í þessum efnum það gerzt, að tveir ungir menn, sem starfað hafa á vegum S. H. í Bandaríkjunum, töldu, að þessi mál væru komin þannig, að það hvíldi á þeim sú skylda og sú ábyrgð að segja stjórn samtakanna hér heima, stjórn Sölumiðstöðvarinnar, frá því, að þeir teldu, að þessum rekstri fyrir vestan væri stórlega ábótavant, að það væri um mikla misbresti að ræða í framkvæmd, þar væri verið að tapa stórum fjárfúlgum, jafnvel tugum milljóna króna, og margt fleira, sem fram kom hjá þessum ungu mönnum í aðvörun þeirra til stjórnar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Þá gerist það, að framkvæmdastjórinn, Jón Gunnarsson, með hið mikla vald, hann rekur þessa menn úr þjónustu samtakanna á svipstundu. Þetta kallar enn fremur á það að mínum dómi, að það á að fara fram hlutlaus athugun á vegum ríkisvaldsins á því, hvað þarna hefur verið að gerast. Það á að leita til botns í því: Er það rétt, sem þessir starfsmenn segja um reksturinn þar fyrir vestan? Er þörf á að gera þarna umbætur á og breytingar á, eða er þetta kannske allt saman að meira eða minna

leyti rangfærslur? Þá á líka hlutlaus athugun að kveða slíkt niður.

Ég saknaði þess mjög í ræðu hv. 2. þm. Vesturl., sem hér talaði næst á undan mér og er nú orðið einn af stjórnarnefndarmönnum í Coldwater-fyrirtækinu í Bandaríkjunum, að hann segði til um það, hvort hann væri samþykkur þessari till., sem hér liggur fyrir, eða henni andvígur. Er hann á því, að slík hlutlaus rannsókn á vegum Alþ. eigi að fara fram, eða ekki? Telur hann, eins og komið er, að það sé bezt fyrir fyrirtækið, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem ég veit, að hann vill reyna að vernda, hann vill reyna að koma í veg fyrir það, að Sölumiðstöðin hrynji, — telur hann það bezt fyrir þau samtök að snúast gegn till. eins og þessari, vera á móti hlutlausri athugun á málinu og láta áfram halda blaðaskrif af svipuðu tagi og hafa hér átt sér stað að undanförnu, og allar þær deilur ganga áfram manna á milli, sem hafa gengið í þessum efnum? Ég álít, að afstaða hans og stjórnar S. H. ætti, eins og ég hef sagt hér áður, tvímælalaust að vera sú, að þeir ættu að vera með því, að slík till. sem þessi sé samþykkt.

Það eru fleiri atriði en þetta, sem ég hef nú minnzt á, sem liggja fyrir, þannig að um þau verður ekki deilt, að þau benda til þess, að þarna sé ekki allt með felldu í rekstri þessara fyrirtækja og því fyrirkomulagi, sem þarna hefur verið komið upp. Það er kunnugt, að frystihúsaeigendur í landinu kvarta sáran undan því, að það taki alveg óheyrilega langan tíma fyrir þá að fá greiðslur fyrir afurðir þær, sem Sölumiðstöðin hefur af þeim tekið og flutt úr landi. Það hefur komið fram hjá ýmsum þessum aðilum á opinberum vettvangi, að þeir telji, að meðaltalstími, frá því að þeir afhenda fisk til afskipunar og þangað til þeir hafa fengið uppgert fyrir fiskinn til Sölumiðstöðvarinnar, — sá meðaltalstími sé 9—12 mánuðir. Menn sjá, að hér er auðvitað um allt of langan tíma að ræða og frystihúsunum eru bökuð gífurlega mikil aukaútgjöld, er fyrirkomulag sem þetta leiðir af sér. Og ég verð að segja það, að mér þykir furðulegt, að einn af stjórnarnefndarmönnum S. H. skuli treysta sér til þess eftir það, sem nú hefur gerzt í þessum málum, að halda því fram, að það verð, sem íslenzkir hraðfrystihúsaeigendur hafa fengið út úr Bandaríkjamarkaði, t. d. á s. l. ári eða undanförnum árum, það sé betra en t. d. 140 sterlingspunda verðið, sem við fáum fyrir fisk þann, sem seldur er til Ráðstjórnarríkjanna, þegar tillit er tekið til þessa og afleiðinganna af því. Ég fyrir mitt leyti, sem hef reynt að kynna mér þetta allmikið við það frystihús, sem ég hef beinna hagsmuna að gæta við, er ekki í nokkrum vafa um, að það verð, sem fengizt hefur fyrir þann fisk, sem fluttur hefur verið til Bandaríkjanna, er stórum lakara verð en á flestum öðrum mörkuðum vegna þessa ástands, sem skapast af greiðslunni. Vitanlega er þetta allt saman breytilegt eftir því, um hvaða fisktegund er að ræða.

Ég hef getið þess hér áður í umr. um þetta mál, að ég hef ekki verið í neinum vafa um það, að á Bandaríkjamarkaði höfum við í langan tíma fengið hagstæðasta verð fyrir nokkrar fisktegundir, sem við höfum flutt þangað, hagstæðara verð en á öðrum mörkuðum, en fyrir aðrar tegundir aftur höfum við aldrei fengið eins hagstætt verð og á ýmsum öðrum mörkuðum, og þegar tillit er tekið til þessa, þá miklu lakara verð. En það er ekki heldur aðalatriðið í þessu máli, alls ekki. Hitt er aðalatriðið: Er eðlilega gengið frá þessum málum skipulagslega séð? Er þannig gengið frá þessu, að það megi búast við því, að það geti orðið friður til frambúðar um starfræksluna í þessu formi, eða þarf hér að gera breytingar á?

Ég skal segja það sem mína skoðun, að ég tel, að það sé óhjákvæmilegt að hafa svipuð samtök og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er fyrir frystihúsin í landinu. Ég er andvígur því að ætla að leysa þetta upp og afhenda afurðirnar til söluaðferðar í hendur margra aðila, sem þá yfirleitt mundu verða umboðsaðilar stórra erlendra fyrirtækja. Ég hef síður en svo trú á því skipulagi. En ég fer ekki í neinar grafgötur með það, að ég tel, að það sé óhjákvæmilegt, ef S. H. á að lifa eitthvað áfram, þá verði að gera þar miklu gleggri skil á milli umboðssölufyrirtækisins S. H., sem tekur afurðir félagsmanna og á að selja þær í umboðssölu og skila öllu andvirðinu og það strax og varan er seld og flutt úr landi, og annarrar starfsemi, sem S. H. kann e. t. v. að koma á fót og reka, — þar verði að vera glögg skil á milli, en ekki sé hægt að blanda þannig saman fjármunum á milli óskyldra aðila, eins og gert hefur verið að undanförnu. Ég tel enga leið til frambúðar að hafa það svo, að hraðfrystur fiskur sé fluttur óseldur til Bandaríkjanna og hann sé tekinn þar í almenna fiskvinnslu í verksmiðjum, án þess að hann sé greiddur, síðan, þegar búið er að matreiða hann þar, þá sé hann seldur vítt og breitt um Bandaríkin, meira og minna í lánsformi, jafnvel til smásala, og að þeir, sem áttu hinn framleidda fisk, eða frystihúsin á Íslandi, þurfi að bíða í fullkominni óvissu án trygginga allan tímann eftir andvirði fisksins. Skipulag eins og þetta álít ég, að geti ekki þrifizt til langframa, það verði að breyta þessu. Hins vegar tel ég ekkert við það að athuga, þó að ýmsir menn í íslenzkum fiskiðnaði byggi upp á sínum vegum fiskverksmiðju í Bandaríkjunum eða annars staðar, ef þeir telja það hagkvæmt, eða reki þar einhverja pökkunarverksmiðju fyrir fullframleiddan fisk. En slíkt fyrirtæki verða þeir að reka í Bandaríkjunum eins og önnur fyrirtæki eru rekin þar í landi. Slíkt fyrirtæki verður auðvitað að kaupa fiskinn frá Íslandi á almennu gangverði, sem á fiskinum er. Og það fyrirtæki verður að greiða fiskinn, um leið og hann fer frá Íslandi, eins og aðrir kaupendur í Bandaríkjunum gera eða eiga að gera. Sýni það sig svo, að þessi rekstur sé ábatasamur á sérstakri verksmiðju fyrir vestan, þá vitanlega á hagnaðurinn af slíkum rekstri að koma heim og koma réttum eigendum verksmiðjunnar til góða. En það er ekki hægt að láta þessa verksmiðju starfa á þann hátt, sem nú er, að hún geti fengið að ganga hér í fiskbirgðum Íslendinga og nota þær á þennan hátt. Og ég hef bent líka á það áður, að það er alls ekki verjandi á nokkurn hátt, að bankar landsins sleppi fiskinum úr

landi, sem er hér veðsettur, á þann hátt, sem gert hefur verið að undanförnu. Ég tel, að bankarnir hafi hreinlega enga heimild til þess. Þegar búið er að flytja fisk vestur til Bandaríkjanna fyrir 200—300 millj. kr., fisk, sem er veðsettur bönkum landsins, og hann er þá vitanlega kominn undan öllum yfirráðarétti bankanna, sem eiga veð í honum, þegar búið er síðan að rífa upp fiskinn í Bandaríkjunum og tilreiða hann og jafnvel selja hann og éta hann, án þess að greiðsla sé komin heim, þá sjá menn, hvernig komið er veðsetningu bankanna í þessum afurðum.

Slíkt fyrirkomulag sem þetta getur vitanlega ekki haldizt til lengdar, og verður engum til góðs að reyna að halda því við. Þetta hafa viðskiptabankarnir séð nú og hafa reynt að grípa inn í. Þeir hafa því ákveðið að senda fulltrúa sína vestur til Bandaríkjanna til þess að gera þar alveg sérstaka rannsókn á þessum málum öllum. Og það, sem bönkunum ber fyrst og fremst skylda til að athuga, er það, hvort þeir fjármunir, sem bankarnir eiga sjálfir þarna fyrir vestan, eru í hættu eða hvort bankarnir geta komið sínum hlut á þurrt í þessum efnum. Það er það, sem bankarnir munu athuga, hvort þeir geti sloppið út úr þessu öllu saman, eins og nú er komið, eða ekki. En það er vitanlega ekki fullnægjandi rannsókn fyrir Íslendinga almennt séð, fyrir íslenzk stjórnarvöld. Það þarf einnig að athuga um það, hvernig hefur verið farið með þessa fjármuni Íslendinga, með fiskandvirðið og allan þennan rekstur, sem er á vegum Íslendinga þar fyrir vestan. Hefur allt skilað sér heim, sem átti að skila sér heim, og er þessi rekstur með eðlilegum hætti? Til þeirrar rannsóknar á Alþingi að stofna, og ég álít, að það sé óhugsandi, að ríkisstj. hafi ekki rætt þetta mál, svo mjög sem það hefur borið á góma að undanförnu, og ég trúi því varla, að hún hafi ekki myndað sér einhverja skoðun á því, hvað eigi að gera í þessu stórmáli.

Það hefur komið hér greinilega í ljós, að íslenzka ríkisstj. telur sér skylt að grípa inn í, jafnvel á hinn harkalegasta hátt stundum, þegar hún hefur talið, að það þyrfti að reyna að tryggja fiskframleiðendum í landinu og fiskútflytjendum í landinu nokkru betri rekstrarafkomu en leit út fyrir að þeir yrðu að búa við. Þetta gerði hæstv. ríkisstj. m. a. á s. l. sumri, þegar hún lækkaði gengi krónunnar enn einu sinni, vegna þess að hún taldi, að þannig liti út, að það yrði að gera þessa ráðstöfun vegna útflutningsatvinnuveganna. En er þá ekki jafnbrýn nauðsyn á því frá hálfu ríkisstj. að athuga um það, hvort allir þeir fjármunir koma heim og ganga til réttra aðila, sem framleiðendur í landinu eiga raunverulega, en mjög er dregið í efa, að nú sé, með því skipulagi, sem ríkir t. d. í þessum efnum. (**Forseti**: Ég vil nú spyrja hv. ræðumann, hvort hann hafi senn lokið ræðu sinni.) Ég á dálítið eftir og vildi þá alveg eins fresta minni ræðu. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Nd., 6. febr., var fram haldið einni umr. um till.

Lúðvík Jósefsson [frh.]: Hæstv. forseti. Þegar þingfundi lauk hér í gærdag, hafði ég ekki lokið við ræðu mína að fullu, og mun ég nú halda hér áfram, þar sem fyrr var frá horfið. Ég hafði í fyrri hluta ræðu minnar gert nokkra grein fyrir helztu staðreyndum þessa máls, sem liggja fyrir og deilur eru varla um. Og ég hafði beint því alveg sérstaklega til hæstv. ríkisstj., hvort henni fyndist ekki ástæða til þess, þar sem þetta allt lægi fyrir, að slík rannsókn yrði látin fara fram, sem um ræðir í þessari tillögu, sem hér er nú á dagskrá. Mér fannst það fremur óeðlilegt að heyra ekkert frá hæstv. ríkisstj. varðandi þetta stórmál og innti eftir því, hvort ríkisstj. vildi ekki birta hér sína afstöðu til málsins.

Ég vil ítreka þetta enn, að ég vænti, að hér komi fram í þessum umræðum, nú einmitt áður en till. fer til nefndar, hver afstaða hæstv. ríkisstj. er til þessa máls. Telur hún ekki, að það mikið hafi komið fram af óyggjandi upplýsingum í þessu máli, að það sé full ástæða til þess, að slík athugun verði gerð, sem till. fer fram á?

Í umræðunum hér hafði einn af stjórnarmönnum í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, hv. 2. þm. Vesturl., tekið til máls. Hann er einnig einn af stjórnarnefndarmönnum í fyrirtæki S. H. í Bandaríkjunum. Ég held, að það sé ekki ofsögum sagt, þó að sagt sé, að í ræðu hans komu fram harla litlar upplýsingar um það mál, sem hér er raunverulega til umræðu. Þær athugasemdir, sem hann gerði við ræðu flm. till., eins og það, að hann, 2. þm. Vesturl., væri ekki formaður í stjórn fyrirtækisins erlendis, heldur aðeins einn af stjórnarnefndarmönnum, það vitanlega skiptir hér engu máli, ekki heldur hitt, hvort nú á þessu ári eru 3 þm. Sjálfstfl. í stjórn Sölumiðstöðvarinnar, eins og þeir voru hér á síðasta ári, þegar þetta mál var hér rætt á Alþingi, — þar hefur orðið nokkur breyting á. Einn af þm. Sjálfstfl., sem var í stjórn Sölumiðstöðvarinnar, hefur nú gengið úr stjórninni, og annar aðili hefur tekið við hans starfi. Það skiptir heldur engu verulegu máli í sambandi við það, sem hér er rætt um.

Þau atriði, sem vitanlega skipta hér öllu máli og þarf að fá upplýsingar um, — og er auðvitað afar eðlilegt, að einn af stjórnarnefndarmönnum í Sölumiðstöðinni, sem hér tekur þátt í umræðum, upplýsi nokkuð um í tilefni af öllu því, sem fram hefur komið varðandi þetta mál, — það eru atriði m. a. eins og þessi, sem ég skal nú minnast á.

Það er í fyrsta lagi þetta: Er það rétt, að S. H. hafi fjárfest erlendis jafnvel marga tugi millj. kr. af fiskandvirði frystihúsanna í landinu? Er þetta rétt? En allmiklar upplýsingar hafa einmitt borizt um það, að svona sé þessu háttað. Í öðru lagi: Er það rétt, að verksmiðja sú, sem S. H. eða dótturfyrirtæki Sölumiðstöðvarinnar í Bandaríkjunum hefur komið þar upp, sé mjög vafasöm eign, eins og fram er haldið, jafnvel af þeim mönnum, sem lengi hafa starfað í þjónustu þessarar stofnunar, að stofnkostnaður þessarar verksmiðju sé orðinn allt of mikill, til þess að hægt sé að reka verksmiðjuna, og verksmiðjan sé reist á mjög vond-

um stað og hún sé sennilega óseljanleg, ef þurfi að grípa til slíks? Er þetta rétt? Það væri vitanlega mjög nauðsynlegt að fá upplýsingar um þetta. En þetta eru allt atriði, sem fram hafa komið opinberlega eða þannig, að auðvelt hefur verið fyrir menn að kynna sér það, sem fram hefur verið haldið um það. Og er það rétt, að það hafi verið mikið sleifarlag á rekstri þessarar verksmiðju vestanhafs, sem beinlínis hafi orðið til að draga niður fiskverðið hjá frystihúsunum í landinu? Og þó er kannske allra alvarlegasta ásökunin sú, sem nýlega hefur komið fram, einnig frá mönnum, sem starfað hafa í þjónustu fyrirtækisins, að til þess hafi verið nú gripið að lækka beinlínis verð í Bandaríkjunum á fiskblokkum til hags fyrir verksmiðjuna fyrir vestan, sem á í fjárhagslegum erfiðleikum, en hún notar fyrst og fremst það hráefni, en það hefði beinlínis verið hægt að halda uppi hærra verði á þessum fiskpakkningum með því að selja með öðrum hætti.

Hér er vitanlega um mjög alvarlegar ásakanir að ræða. Ég fyrir mitt leyti hef ekki aðstöðu til þess að dæma neitt um það, hvað af þessu er rétt. En það er sem sé staðreynd, að slíkar ásakanir sem þessar hafa komið fram, og þeim hefur verið svarað með því, að sá maður, sem nokkuð hefur dregizt hér inn í þessar umræður, framkvæmdastjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Jón Gunnarsson, sem haft hefur þetta gífurlega vald að vera framkvæmdastjóri yfir þessum rekstri öllum í Bandaríkjunum, vera auk þess stjórnarformaður og hafa konuna sína með sér í stjórninni og einn mann, sem hann hefur raunverulega valið í Bandaríkjunum sem þriðja aðila, eða m. ö. o. haft þarna nokkurn veginn einræðisvald varðandi þessi mál, að hann hefur snúizt þannig við þessum ásökunum, að hann hefur rekið umsvifalaust þá menn, sem borið hafa fram þessar ásakanir.

Er það rétt, að S. H. hafi þegar byrjað á allmiklum fjárfestingum í Hollandi og tapað þar allmiklu fé, eins og málin standa nú? Er það rétt, að hliðstæður rekstur á vegum Sölumiðstöðvarinnar og fjárfesting, sem átt hefur sér stað í Englandi, gangi þar mjög illa? Og er það rétt, að sá mikli dráttur, sem menn þekkja hér almennt, að orðið hefur á greiðslu fyrir útfluttan fisk til fiskframleiðenda í landinu, hafi átt sér fyrst og fremst stað vegna þessarar starfsemi Sölumiðstöðvarinnar erlendis?

Það eru þessi atriði, sem hér vitanlega skiptir mestu máli að fá upplýsingar um, sé málið rætt hér eitthvað efnislega á hv. Alþingi, eða þá að samkomulag geti orðið um það, að þessu öllu verði vísað til rannsóknarnefndar á vegum Alþingis, er vitanlega gengur þá nánar til botns í því, hvernig þessu öllu er varið. En það er sem sé gefið mál, að séu þessar ásakanir allar réttar, sem fram hafa verið bornar, og aðfinnslur í sambandi við rekstur S. H., þá grípur þetta auðvitað mjög tilfinnanlega inn í rekstur og afkomu frystihúsanna í landinu almennt séð.

Ég hygg líka, að það sé staðreynd, að sá háttur hafi verið hafður á hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna að taka fé fyrir útfluttan og seldan fisk, sem seldur er með þeim hætti, að hann er greiddur staðgreiðslu, að taka það fé og nota það meira og minna í sambandi við rekstur sinn erlendis, þ. e. a. s. að sá fiskur, sem fluttur hefur verið út úr landinu og seldur gegn staðgreiðslu, hefur ekki verið gerður upp og greiddur strax til fiskeigenda, heldur hefur andvirðinu fyrir hann verið blandað saman við andvirði annars útflutts fisks og allt sett þar í eina púlíu, sem gerð er upp löngu síðar.

Ég hef fyrr í þessum umræðum sagt það, að ég tel um samtök svipuð og Sölusmiðstöð hraðfrystihúsanna, að þau þurfi að vera, það yrði sízt til bóta að ætla að tvístra með öllu slíkum samtökum og láta útflutninginn á fiski lenda í höndum margra og misjafnra aðila, sem sennilega mundu einkum koma hér fram sem umboðsmenn stórra erlendra fyrirtækja. Ég tel, að slíkt væri síður en svo til bóta. En ég óttast að sumu leyti, að til slíks geti dregið, ef forustumenn S. H. halda uppteknum hætti í þessum efnum, að því leyti til sem þeir hafa starfað ranglega, og ef þeir reyna að standa gegn því, að opinber og hlutlaus athugun fari fram á þessum atriðum öllum, því að það er vitanlega einasta leiðin til þess bæði að leiða það í ljós, hvað af þessu er rétt, sem fram hefur komið, og til þess að komast fyrir gallana og leiðrétta þá og koma samtökunum inn á þá braut, sem þau áttu að starfa og eiga að starfa á.

Það er ekkert um það að villast, að það fyrirkomulag, sem ríkt hefur í þessum efnum, er stórgallað. Það hefur af ýmsum frystihúsaeigendum í landinu verið margsinnis spurt: Hvernig er raunverulega með eignarrétt og ábyrgð í sambandi við þessi fyrirtæki erlendis? Hvernig fer t. d. með þá aðila innan Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem ganga úr þeim samtökum, t. d. nú í dag? Hvað eiga þeir aðilar að fá út úr þeim miklu eignum, sem skráðar eru sem eignir Sölumiðstöðvarinnar erlendis? Þessu hefur enginn getað svarað í dag. Engar upplýsingar eru fáanlegar um það, hvernig eigi að gera þetta dæmi upp. Það vantar í rauninni öll skilríki til slíks. Hvernig yrði farið að, ef eitthvert frystihús, sem nú er í S. H., yrði gjaldþrota? Hvernig fer þá í sambandi við þessar erlendu eignir? Og síðast, en ekki sízt: Hvað mundi gerast, ef þessi erlendu fyrirtæki færu sjálf á höfuðið eða yrðu gerð gjaldþrota erlendis? Hvað þá? Hver á þá að borga og í hvaða hlutfalli?

Allt er þetta mjög óljóst, og aðilar að S. H. í dag geta ekki svarað þessu, af því að þeir hafa ekki fengið um það upplýsingar. Þannig hefur í rauninni, eins og ég hef bent á hér áður, alveg óskyldum verkefnum á vegum þessara aðila verið hrært saman á mjög óeðlilegan hátt. S. H. á að starfa fyrst og fremst sem umboðssölustofnun, sem tekur framleiddar vörur hraðfrystihúsanna í landinu til sölumeðferðar, selur þær út úr landinu á föstu verði eða gegn öruggri greiðslu og ekki öðruvísi og á að skila frystihúsunum í landinu fullu verði, eins og varan hefur selzt á. Hitt er svo í rauninni allt annað mál, hvort þeir aðilar, sem eru meðlimir í S. H., koma sér saman um að mynda önnur sjálfstæð félög, sem annist þennan eða hinn reksturinn,

erlendis eða hérlendis. Þarna verður að skilja greinilega á milli. En að ætla sér þá leið að nota framleiðsluvörur frystihúsanna í landinu, sem eru veðsettar bönkum landsins, sem rekstrarfé í fyrirtækjum erlendis eða annars staðar, **á þann hátt sem nú hefur verið gert, slíkt er vitanlega óframkvæmanlegt til lengdar og nær engri átt.**

Að mínum dómi er það svo, að það hefur verið horfið inn á þessa braut hjá S. H. í allt of mörgum tilfellum, og gallarnir í þeim tilfellum eru mjög mismunandi. Varðandi reksturinn erlendis, þá er þetta mjög sérstætt og kannske stórkostlegast af því öllu. En því er ekki heldur að neita, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem raunverulega á að vera hér umboðssölufyrirtæki, hefur á beinan eða óbeinan hátt staðið fyrir því að koma upp öðrum fyrirtækjum, hliðarfyrirtækjum við Sölumiðstöðina, sem eru rekin í mjög vafasömum tengslum við eðlilega umboðssölustofnun.

Í umræðunum um þetta mál í fyrra á Alþingi var það upplýst, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, þessi umboðssölustofnun, ætti í kringum 5 milli. kr. hjá einu af dótturfyrirtækjum Sölumiðstöðvarinnar, Tryggingamiðstöðinni, en það er veniulegt vátryggingarfélag, sem er að verða eitt stærsta vátryggingarfélag í landinu, vegna þess að það tekur svo að segja sjálfkrafa að **sér allar vátryggingar á framleiðsluvörum frystihúsanna í landinu.** En þá kemur í ljós, að S. H., *sem í rauninni á ekki að hafa neinn sérstakan pening með höndum annan en þann, sem er í höndum hennar til bráðabirgða, en á að skilast fiskeigendum,* hún hefur lánað þessari stofnun, eins og upplýst var hér í fyrra, 5 millj. kr. Hitt var svo ekki upplýst, en þó er vitað, að þetta fyrirtæki, Tryggingamiðstöðin, lánaði aftur út nokkrum dögum á eftir sömu upphæð, m. a. til stjórnenda S. H. Slík starfsemi nær vitanlega engri átt heldur. Þarna á að skilja á milli á allt annan hátt en nú er gert. Það er auðvitað engin von til þess, að ríkisvaldið geti bolað það, að slíkur misbrestur eigi að líðast í jafnþýðingarmiklum samtökum og S. H. er, og það á sama tíma sem ríkisvaldið þarf, eins og ég hef bent hér á áður, eða telur sig þurfa að **skerast í leikinn til þess að rétta hag útflytjenda í landinu,** hraðfrystihúsaeigenda, með allharðvítugum ráðstöfunum.

Ég skal nú ekki fara um þetta öllu fleiri orðum hér að þessu sinni. Ég vil aðeins segja það, að ég er því meðmæltur, að sú rannsókn fari fram, sem lögð er til í þessari tillögu. En ég tek það skýrt fram, að ég álít, að það eigi ekki á nokkurn hátt að líta á þessa rannsókn sem neina árás á samtök frystihúsamanna í landinu, síður en svo. Og ég fyrir mitt leyti tel það mjög vafasamt og í rauninni alrangt að ætla að draga þá ályktun af þeim mistökum, sem þarna hafa orðið, og þeim víxlsporum, sem þarna hafa verið stigin, að það eigi að leggja niður eða tvístra slíkum samtökum, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er, **og taka upp það söluskipulag á útflutningi á hraðfrystum fiski,** að þar geti svo að segja allir komið inn í og hvers kyns umboðsmenn erlendra fyrirtækja, sem óneitanlega eru okkur ekkert vinsamlegir í þessum efnum, þegar málin eru skoðuð niður í kjölinn. Ég tel, að það væri hættulegt að draga þá ályktun af þeim mistökum, sem þarna hafa orðið, að það eigi að leggja niður Sölumiðstöðina og skipta þarna um *grundvallarskipulag.* En það þarf að kippa því í lag, sem aflaga hefur þarna farið, og það held ég að verði gert bezt einmitt upp úr því að láta þá athugun fara fram, sem lagt er til með þessari tillögu að gerð verði.

Flm. (Einar Olgeirsson): Hæstv. forseti. Ég hélt nú satt að segja, að það mundu verða einhverjir til að kveðja sér hljóðs, ekki sízt eftir þær spurningar, sem hv. 4. þm. Austf. lagði fyrir nú til Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, og að þeir menn, sem telja sig sérstaklega hér forsvarsmenn Sölumiðstöðvarinnar, mundu vilja nota tækifærið til þess að ræða þetta mál. Í fyrra var þetta mál rætt allýtarlega. Þáv. 3. þm. Austf. talaði mjög skörulega um það, og ef ég man rétt, þá talaði hv. 1. þm. Vestf. líka í því máli. En mér sýnist einhver breyting á þessu orðið nú, að þeir, sem réðust allharkalega á mig hér í fyrra fyrir að heimta þessa rannsókn, þeir virðast nú vera orðnir miklu meira fyrir að þegja núna. Það er slæmt, ég álít, að þetta sé einmitt mál, sem við þurfum að fá rætt.

Hv. 2. þm. Vesturl. sagði í sinni ræðu hér, að ég hefði farið með rangt mál, hann væri ekki formaður fyrir Coldwater Seafood Corporation. Mér þykir þetta mjög leitt, að ég skuli hafa farið með rangt mál í þessu, og bið hann mikið afsökunar á því. Ég hélt satt að segja, að hann væri formaður í Coldwater Seafood Corporation, og ég vissi eiginlega ekki almennilega, hver ætti þá að vera formaður, ef hann væri ekki formaður. Þarna eru þrír menn, og það er okkar hv. 1. varaforseti sameinaðs Alþingis og ungur og vafalaust alveg ágætur maður annar íslenzkur og svo einn Ameríkumaður. Og hvernig átti mér að detta annað í hug heldur en okkar virðulegi forseti sameinaðs Alþingis hlyti að vera formaður í þessari stjórn? Ekki getur þó Ameríkumaðurinn verið það. (Gripið fram í.) Það eru ósannindi. Ekki fara menn þó að setja Jón Gunnarsson frá sem formann til þess að taka Ameríkumann í staðinn. Mér þótti leitt, að hv. 2. þm. Vesturl. skyldi ekki upplýsa þetta. Ég bið hann mikið afsökunar á því, að ég skuli hafa gert hann þarna að formanni, en mér fannst þetta bara svo sjálfsagt, að fyrst hann var á annað borð í stjórninni, þá hlyti hann að vera formaður, okkar virðulegi varaforseti sameinaðs Alþingis.

Enn fremur leiðrétti hann það hjá mér, og það þakka ég honum líka fyrir, að hann sagði, að það væru ekki nema tveir af þingmönnum Sjálfstfl. núna í stjórn S. H. Ég man eftir í fyrra, af því að þá kom þetta allmikið við umr., þá voru þeir þrír, sem sé einn hefur dottið út úr því. Það er náttúrlega út af fyrir sig vorðalega leiðinlegt, að einn þm. Sjálfstfl. skuli hafa dottið þarna út úr stjórninni. Vonandi hefur Sjálfstfl. þó ekki misst meiri hl. í stjórninni þess vegna, svo að hann eigi þar einhverja forsvara eftir sem áður, þótt svona leiðinlega hafi

nú farið. En af því að svo vill nú til, að þessi hv. þm. Sjálfstfl., sem datt út, er nú búinn að sitja, ef ég man rétt, alllengi í þessari stjórn — (**Gripið fram í:** Eitt ár.) Nú, eitt ár. Þá hefur hann a. m. k. fengið næga aðstöðu til þess að rannsaka þetta mál mjög til hlítar, því að ég efast ekki um hans samvizkusemi í þeim efnum að setja sig inn í málin, þannig að hann gæti a. m. k., fyrst hann á hérna sæti í deildinni, máske sagt okkur ofur lítið frá, hvernig var þetta eina ár, sem hann sat þarna. Ég býst ekki við, að hann líti svo á, að hann sé alveg orðinn ábyrgðarlaus af öllu því, sem snertir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, þó að það hafi nú viljað svona óheppilega til, að hann skuli nú einmitt hafa dottið út einhvern tíma í vetur.

Svo þarf ég að leiðrétta ofur lítið fleira af því, sem hv. 2. þm. Vesturl. sagði, því að hann hefur annaðhvort ekki tekið nógu vel eftir því, sem ég sagði, eða einhvern veginn ruglazt hjá honum.

Hann sagði, að ég hefði sagt, að S. H. væri svindlfyrirtæki. Það var nú ekki rétt Ekki sagði ég það nú. Ég sagði hins vegar, að ég væri hræddur um, að það kynni einhvers staðar að fyrirfinnast eitthvert svindl, ef vel væri leitað, og þess vegna lagði ég til, að málið væri rannsakað. Og það eru jafnvel stjórnarblöð, sem virðast hafa dróttað slíku að, þannig að ég held, að það sé langbezt fyrir S. H., að slíkt væri rannsakað alveg til fulls, og ef svindl ekki fyrirfinnst neins staðar í námunda við hana, þá sé hún hreinsuð alveg af því.

Þá sagði hv. 2. þm. Vesturl., að ég hefði sagt, að þeir hefðu fjárfest 300—400 milli. kr. á síðasta ári. Það var ekki rétt, ekki sagði ég það. Ég sagði skv. upplýsingum hv. 3. þm. Austf., Einars Sigurðssonar, að þá hefðu verið skv. hans tölum um 150 millj. orðnar fastar erlendis af því fé, sem fiskimenn á Íslandi eiga, og ég sagði, að því væri fleygt manna milli og um það talað, að það kynni að hafa vaxið það mikið á síðasta ári, að þetta væri komið upp í á milli 300 og 400 millj. Og ef þessi tala mín er röng, sem ég hef aðeins sett fram sem ágizkun, þá vil ég levfa mér að skora á hv. 2. þm. Vesturl. að upplýsa hér nú nákvæmlega, hve mikið er fast erlendis af því fé, sem S. H. hefur undir höndum. Í grg. minnar báltill. er talið upp í 6 liðum það, sem Einar Sigurðsson upplýsti í fyrra, að búið væri að fjárfesta erlendis. Og það hefur hækkað síðan, því að það var í dollurum og pundum, og síðan hefur hv. 2. þm. Vesturl. tekið þátt í því að fella gengið, þannig að það er út af fyrir sig orðin upphæð, sem ég gæti trúað að færi að fara hátt upp í 200 milli. Það hefur verið sagt, að bara stækkunin á stöðinni vestra hafi kostað einar 20—25 milli. kr., og þar að auki hefur því verið haldið fram, að útvegsmenn og hraðfrystihús fái mun seinna greitt nú en áður. Mér hefur þess vegna alls ekki þótt þetta mjög ósennilegt, að þessi upphæð, sem var 150 milli. kr. í fyrra, kynni að vera komin upp í 300—400 milli. kr. nú. Og ef þetta er rangt hjá mér, þá vil ég nú skora á hv. 2. þm. Vesturl. að nefna töluna um þetta. Hans samstarfsmaður í stjórn S. H. tók til nákvæma tölu um þessa hluti í fyrra, las okkur hér upp, og ég þakkaði honum fyrir það, alveg nákvæmlega þessar tölur, sem allar eru birtar í minni grg. upp úr hans ræðu. Er ástand S. H. þannig nú, að það sé ekki óhætt að gefa þessar tölur upp nú eins og í fyrra? Hvað er í veginum fyrir að gefa þær upp? Einar Sigurðsson áleit ekkert í veginum fyrir að gefa þær upp í fyrra. Hví er ekki hægt að nefna þessar tölur nú, þannig að hvorki ég né aðrir séu með neinar ágizkanir í þessum efnum? Mig langar ekkert til þess.

Þá sagði hv. 2. þm. Vesturl., að það væri rangt, að þeir hefðu verið að biðja um einokun, eins og ég hefði viljað halda fram. Þarna hef ég kannske ekki komizt nógu nákvæmlega að orði. Ef það að fara fram á einokun barna hefur verið skilið á bann hátt, að S. H. vildi taka undir sig þann útflutning, sem SÍS hefur haft, þá er það náttúrlega rétt, að S. H. er ekki að biðja um einokun. Hún hefur ekki farið fram á það heldur í þessari ýtarlegu grein í blaði hennar, sem ég rakti hér í gær, að hún fengi algera einokun á þessum útflutningi. En það, sem ég meinti, hvort sem ég hef komizt nægilega skýrt að orði með það eða ekki, það er, að útilokuð væri samkeppni við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og það er það, sem er andinn í þessari grein, Brezki fiskmarkaðurinn og frjáls samkeppni. Öll þessi grein gengur út á það, grein beinlínis frá S. H. og hennar stjórn, að þessi frjálsa samkeppni við S. H. sé óheppileg.

Ég skal ekkert fullyrða um, hvernig sambandið er á milli SÍS og S. H., en mér þykir mjög líklegt, að það sé ekki um neina verulega samkeppni þar að ræða. Ég gæti trúað, að það væri miklu frekar um samvinnu að ræða, kannske samkeppni í því að selja sem allra mest, en ekki í því að undirbjóða hvor annan. Þó skal ég ekkert um það segja, ég er ekki nærri nógu kunnugur þeim málum. En ef það hefur misskilizt, sem ég sagði í gær, þegar ég talaði um, að raunverulega væri S. H. að biðja um einokun, á þann hátt, að ég hefði þar með verið að eiga við það, að þeir vildu taka réttinn af SÍS að flytja út freðfisk, þá skal ég með ánægju leiðrétta það. Ég hef aldrei gengið út frá því, að S. H. væri að fara fram á slíkt. En hinu vil ég halda fram, að hún hafi nú sent út nevðaróp, þar sem hún kvartar um frjálsa samkeppni við sig. Þetta á sérstaklega við England. Eftir því sem ég bezt veit, hefur Samband ísl. samvinnufélaga ekki neina sölu þar Þá á hetta fyrst og fremst við, að það sé verið að heimta einokun til handa S. H. í Englandi. Og ég vil spyrja: Er hetta rétt, eða er hetta ekki rétt? Er S. H. og hennar stjórn fylgjandi því, að allir mögulegir aðilar geti fengið að bióða íslenzkan freðfisk í Englandi, til hvers sem er? Af hverju var þá verið að ráðast sérstaklega á Emil Jónsson, á hæstv. siútvmrh.? Af hverju var þá verið að biðja hæstv. forsrh. ásiár? Ég held, að það væri mjög æskilegt, að hetta væri skýrt, því að annars fer hetta að líta allt saman hálfundarlega út.

Þá kom hv. 2. þm. Vesturl. inn á viðskiptin austur á bóginn og vildi halda því fram, að það væri einvörðungu ótætis Rússunum að kenna, að ekki væri selt meira þangað austur. Ég veit

ekki, hvort hv. 2. þm. Vesturl. man eftir því, að um það leyti sem hinn nýja stefna ríkisstj., stefna hinnar frjálsu samkeppni, einkaframtaksins og vestrænna viðskipta, var tekin upp, þá kom grein í Morgunblaðinu viðvíkjandi þessum viðskiptum, þar sem það var beinlínis sagt, að það yrði að losa sig við þessi viðskipti, Ísland yrði að losna úr þessum viðskiptum austur á bóginn, þau væru hættuleg og það yrði að brjóta þau niður, jafnvel þó að það kostaði tjón fyrir Ísland. Það var talað hreint út. Ég veit ekkert, hvort hæstv. ríkisstj. vill skrifa undir allt, sem í Morgunblaðinu stendur, en þetta er a. m. k. sá áróður, sem ríkisstj. lætur reka. Þetta er það almenningsálit, sem ríkisstj. er að reyna að láta skapa gegnum leiðarana í Morgunblaðinu. Með allri þeirri fádæma heimsku og vitleysu, sem þeir leiðarar eru skrifaðir af, þá er alveg greinilegt, að það er verið að stefna að því að reyna að blinda fólk í þessum efnum. Og það er stundum komizt svo skýrt og greinilega þarna að orði, að það fer ekki neitt á milli mála.

Hvað gerist nú, eftir að þessir leiðarar koma í Morgunblaðinu um, að það verði að losa Ísland við austurviðskiptin? Nokkru seinna fer stjórn S. H. eða hennar umboðsmenn að tala við fulltrúa Sovétríkjanna hér um slík viðskipti. Sovétríkin höfðu um alllangt árabil verið stærsti viðskiptavinur S. H. Alheimsforstjóri S. H., Jón Gunnarsson, hafði ekki allan þann tíma, í 15 ár, sem Sölumiðstöðin hafði haft skipti við Sovétríkin, sýnt þeim einu sinni svo mikla kurteisi sem að fara þangað einu sinni. S. H. hafði allan þann tíma, sem hún hafði þessi viðskipti við Sovétríkin sem stærsta kaupanda að íslenzkum freðfiski, aldrei sinnt því að reyna að gera nokkurn skapaðan hlut fyrir markaðinn þar — aldrei, þó að henni hefði verið bent á hvað eftir annað, að það væri heppilegt, að það fylgdu með, þegar hraðfrysti fiskurinn væri seldur þangað, ýmiss konar leiðarvísar um, hvernig ætti að fara með hann, þegar honum væri skipað upp við höfnina, hvernig ætti að fara með hann, þegar hann væri fluttur í vögnunum, hvernig ætti að fara með hann, þegar hann væri seldur í búðunum. Þó að henni hafi hvað eftir annað verið bent á þetta, bæði af mönnum, sem hafa komið þangað, og af íslenzka sendiráðinu í Moskvu, þá hefur S. H. aldrei sýnt neitt framtak í því að vilja gera nokkurn skapaðan hlut til þess að gera hennan fisk að eins vinsælli vöru og hann brátt fyrir hennar aðgerðaleysi er orðinn í Sovétríkjunum, þó að oft hafi ýmislegt misheppnazt með afgreiðslu á honum.

M. ö. o.: Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafði sýnt frámunalegt skeytingarleysi í því að efla þennan markað. Ég býst við, að það hafi jafnvel ekki verið gert svo mikið, sem er nú vaninn hjá okkar fiskbröskurum að gera allmikið að, að halda veizlur erlendis, til þess þó a. m. k. einu sinni að heilsa upp á þá viðskiptavini sína. Ég býst við t. d., að þær veizlur, sem Jón Gunnarsson hefur haldið á Waldorf Astoria, séu með fínni veizlum, sem haldnar eru í slíkum bransa. En ég býst við, að það hafi ekki verið haft einu sinni svo mikið fyrir af hálfu þeirra æðstu manna í stjórn S. H. að tala við þá menn, sem hafa verið kaupendur að upp undir helmingnum af öllum íslenzkum freðfiski um allmörg ár. Svo er breytt um stjórnarstefnu hér heima. Svo er því lýst yfir í Morgunblaðinu, að það sé nauðsynlegt, — og jafnvel Vísir tekur enn þá dýpra í árinni stundum, — það sé nauðsynlegt að fara að losa sig við austurviðskiptin. Og svo koma fulltrúar S. H. á fund fulltrúa Sovétríkjanna hér í Reykjavík og byrja að semja. Og hvað gerist? Hv. 2. þm. Vesturl. skýrði ekki frá því hér í gær. Um alllangt árabil hafði verðið, sem Sovétríkin höfðu gefið fyrir freðfisk, verið 128 sterlingspund á tonn. Svo koma fulltrúar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og segja við fulltrúa Sovétríkjanna hér: Það verð, sem við nú viljum fá, er 184 sterlingspund á tonn. Þetta kemur dagana eftir að búið er að lýsa því yfir, að það sé nauðsynlegt að losa sig við austurviðskiptin. Þeir menn, sem stjórna S. H, hlióta að vera teknir nokkurn veginn sem alvarlegir viðskiptamenn. Það er varla gengið út frá því, að þeir séu einhverjir braskarar, sem ætla í dag að ná einhverium topppris og á morgun að setja verðið niður fyrir allt. Það verður að taka þessa menn alvarlega.

Hvað þýðir það, þegar menn hafa í mörg ár gert meginið af viðskiptunum með helminginn af freðfiskinum, sem seldur hefur verið frá Íslandi, fyrir 128 sterlingspund á tonnið og koma allt í einu og segja: Nú heimta ég 184 sterlingspund — og engar stórbrevtingar almennt á mörkuðum? Þetta þýðir það, að það er verið að segja við viðskiptavininn: Nú þarf ég ekki lengur að tala við þig, góði. Nú ætla ég ekki að verzla meira við þig, góði. — Og hv. 2. þm. Vesturl. getur spurt hvaða verzlunarmann sem er, hvar í heiminum sem er, hvernig svona hlutur mundi vera skilinn. Þetta var tilkynning um það, að þeir kærðu sig ekkert um þessi viðskipti, að S. H. kærði sig ekkert um þessi viðskipti. Hvað því hefur valdið, veit ég ekki Ég er ekki svo kunnugur innanhúss í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Ég veit ekki, hvort Jón Gunnarsson hefur kannske álitið, að hann væri í þann veginn að brjóta niður Unilever í Englandi, Unilever væri nú að gefast upp og búðir S. H. mundu fljóta þarna yfir London, eða hvort hann hefur sett svo mikla von á, að í hinu landi Unilevers, í Hollandi, mundu þjóta upp búðirnar, sem nú er hætt við að reisa, eða hvort Jón Gunnarsson hefur gengið út frá því, að í Ameríku mundi ekki eina verksmiðjan þar nægja lengur, það yrði að byggja aðra í viðbót einhvers staðar annars staðar, kannske á heppilegri stað. Ég er ekki kunnugur hugsanagangi þeirra manna, sem svona stjórna. En ef hann hefur hugsað eitthvað svipað og þeir menn Morgunblaðsins, sem álitu, að nú væri farið að brjóta niður austurviðskiptin og það mundi allt standa okkur opið í vesturlöndum, Unilever væri bara smákarl, sem við gætum sparkað út af brezka markaðnum, þá er náttúrlega ósköp skiljanlegt, að Jón Gunnarsson segi stjórnendum S. H. að segja bara við Rússa: Nú skuluð þið heimta 184 sterlingspund. Ef þeir vilja kaupa á því verði, þá geta þeir fengið eitthvað, annars höfum við ekkert með þá að gera. — Svona hlýt-

ur hver maður að skilja þetta. Þetta voru aðferðirnar, sem hafðar voru af hálfu S. H. Svo er ekki til neins að koma hér og segja: Það er Rússunum að kenna, að það er ekki selt meira þangað. Það er ekki hægt að fara svona að við viðskiptavininn. Þetta er sama sem að segja við viðskiptavininn annaðhvort: Ég vil ekki verzla við þig, eða: þú ert svo vitlaus, að mer er óhætt að heimta hvað sem er af þér.

Ég verð nú satt að segja að segja það, að menn, sem yfirleitt koma svona fram í viðskiptum með stærstu útflutningsvöru Íslands, mer synist þeir alllítt tærir um að hafa þessi viðskipti á hendi. Ég er hræddur um, að þeir þurfi mjög alvarlega að atnuga sinn gang, og a. m. k. er bezt fyrir þá að stinga hendinni í eigin barm, ef eitthvað gengur illa, og fara ekki að reyna að skella skuldinni á aðra. Eftir alla þá vanrækslu, sem stjorn S. H. hefur sýnt í því að reyna virkilega að vinna upp markaðinn í Rússlandi og gera okkar flök þar vinsæl, þá var það eins og kórónan á allt saman að fara allt í einu fram á það í fullri alvöru, að verðið væri sett úr 128 sterlingspundum upp í 184. Svona er ekki hægt að fara að. Og ég efast ekki um, að þetta hefur valdið okkur stórtjóni. Þetta eyðileggur viðskipti, að koma fram á þennan máta. Hitt er svo allt annað mál, að reyna að þoka upp verðinu hjá Sovétríkjunum. Það er allt annað mál. Þó á maður að gera það af einhverri alvöru og með því að sýna einhvern áhuga fyrir að koma vörunni þar inn, en ekki með svona aðferðum og sízt af öllu þegar verið er um leið að hefja áróður fyrir því, að það eigi að fara að brjóta niður þessi viðskipti. Þeir menn, sem við þá erum að eiga við, skilja fullvel, fyrr en skellur í tönnunum, og það er til fiskur víðar en á Íslandi, þó að hann sé ekki eins góður.

Ég vil vonast eftir því, þó að seint sé, að hv. 2. þm. Vesturl. verði nú við því að svara einhverju af því, sem fram hefur komið nú í þessum málum, bæði af hálfu hv. 4. þm. Austf. og af minni hálfu. Ég verð að segja það og taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að mér finnst S. H. hafa farið mjög mikið út fyrir sinn verkahring í sambandi við fjárfestinguna erlendis. Og vissulega er ástandið þannig í þessum málum, að það vantar raunverulega alla löggjöf um þessi útflutningsfyrirtæki okkar, um þessi samlög. Þar er allt á huldu, allt í óvissu um þetta, alveg eins og hv. 4. þm. Austf. kom með hér síðast í sinni ræðu. Þetta er algert ófremdarástand, sem verður að ráða bót á, áður en eitthvert stórfjármálahneyksli hlýzt af. Allur fjárhagsgrundvöllurinn að S. H. og sérstaklega þessum eignum erlendis er ákaflega vafasamur. Og í minni tillögu tala ég enn fremur um veð ríkisbankanna í þessu sambandi. Þar er — ég skal ekki kannske segja beint hætta á ferðum, en það eru þó a. m. k. vissir erfiðleikar. Ég skal ekkert fullyrða um, hvað mikið það er, sem ríkisbankarnir, Útvegsbankinn og Landsbankinn, eiga raunverulega þannig hjá S. H. en ég gæti vel trúað, að það gæti skipt 100—200 millj., ég hef ekki hugmynd um það. En það eru a. m. k. allmiklar fjárhæðir, sem þarna er um að ræða, svo að fyrir utan það, að það þarf að varðveita og tryggja rétt sjomanna og útvegsmanna og hraðfrystihúsaeigenda og annarra slíkra í þessu sambandi og verkafólksins, hvers fyrir sig, þá þarf að tryggja þarna líka bankana.

Það, sem eg álit höfuðatriði í sambandi við þetta mál, er, að þessi rannsókn verði látin fara fram og að þessi till. verði samþykkt. Það var slæmt, að sú till., sem ég flutti í fyrra, skyldi ekki vera samþ. þá. Það hefði vafalaust mátt afstýra ýmsu af þeim óhöppum, sem máske hafa hlotizt af ráðslaginu þarna öllu saman síðan, og ég vil leggja notuðanerzlu á, að það fáist greið afgreiðsla á þessu máli.

Ég hafði lagt til, að þetta mál færi til fjhn. Ég hef orðið var við, að hæstv. ríkisstj. vill gjarnan, að það fari til sjútvn. Það út af fyrir sig skiptir ekki svo miklu máli. Hitt er aðalatriðið, að sú nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, athugi þetta mál vel og afgreiði þetta mál. Ég álít, að það væri ekki vansalaust fyrir Alþ. að hlaupa þannig frá þessu máli nú í annað skipti, sem það er lagt hér fyrir, að það sé ekki afgreitt. Það er of þýðingarmikið mál hér á ferðinni til þess, og of margir Íslendingar eiga of mikið undir því, sem hér er verið að gera, til þess að Alþingi láti það afskiptalaust eða svæfi það.

Sigurður Ágústsson: Hæstv. forseti. Það hefur verið beint að mér ýmsum spurningum frá hv. 3. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Austf. í sambandi við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, en ég er stjórnarmeðlimur í því fyrirtæki. Ég var satt að segja dálitið undrandi yfir þeim mörgu fyrirspurnum, sem hv. 4. þm. Austf. beindi að mér sem stjórnarmeðlim Sölumiðstöðvarinnar, og sömuleiðis, að hann skuli koma með fyrirspurnirnar fram hér á Alþingi, því að hann hefur vissulega haft aðstöðu til að flytja slíkar fyrirspurnir og slíka gagnrýni fram á öðrum vettvangi, sem slíkar fyrirspurnir eiga meira heima á, eða á aðalfundum S. H., sem þessi virðulegi þm. hefur setið ár eftir ár. Það er vissulega meiri nytsemd, að slík gagnrýni, ef réttmæt væri, kæmi fram á slíkum fundum heldur en hér á hinu háa Alþingi, yfir hv. þm., sem tiltölulega lítið þekkja til þessara mála. En það þykir heppilegra hjá þessum hv. þm. og sömuleiðis hjá hv. 3. þm. Reykv. að beina geiri sínum hér á hinu háa Alþingi í stað þess að koma með þessa gagnrýni fram á þeim vettvangi, sem ég benti á og hv. 4. þm. Austf. hefur haft aðstöðu til, og það síðast á aðalfundi 1961, eftir að hv. 3. þm. Reykv. hafði flutt till. sína til þál. hér á hinu háa Alþingi.

Ég tel að mestu óþarft að svara þeim fyrirspurnum, sem hv. 4. þm. Austf. beindi til mín, en vil þó, sérstaklega í sambandi við það, að hann vildi hér leiða athygli hv. þm. að því, að fiskverksmiðja sú. sem byggð hefur verið á vegum Coldwater Seafood Corporation í Nanticoke, væri mjög vafasöm eign og stofnkostnaður hennar hefði orðið óeðlilega mikill, svara því nokkrum orðum. Mun hv. þm. beina þessum fyrirspurnum fram af þeirri ástæðu, að tveir söluframkvæmdastjórar, sem voru á vegum Coldwater

í Bandaríkjunum, hafa í skýrslu, sem hv. alþm. hefur líklega haft aðgang að, talað um, að þessi fiskverksmiðja væri vafasöm eign. Ég get upplýst það, að eitt stærsta fyrirtæki í Bandaríkjunum á sviði framleiðslu matvæla úr frystum fiskblokkum hefur skrifað hæstv. atvmrh. og boðizt til að kaupa þessa verksmiðju, og raunar einnig boðizt til að leigja hana, en aðeins sett sem skilyrði, að þeir fengju að vera kaupendur að vissu fiskmagni, þannig að þeir gætu tryggt rekstur verksmiðjunnar. Ég tel, að með slíku tilboði sé þessi fullyrðing slegin niður, þar sem eitt stærsta fyrirtæki Bandaríkjanna á þessu sviði virðist hafa áhuga fyrir því í dag að kaupa verksmiðjuna.

Í stuttri ræðu, sem ég flutti hér í gær, lýsti ég yfir því, að ég mundi svara ýmsum þeim fyrirspurnum, sem hv. 3. þm. Reykv. bar hér fram og hv. þm. má vera ljóst, að ég er ekki reiðubúinn að svara á stundinni, þó að ég sé stjórnarmeðlimur í S. H. Það voru svo margvíslegar spurningar og gengu vítt og breitt, að það er ekki á færi mínu sem stjórnarmeðlims þessa fyrirtækis að svara því nema með nokkrum undirbúningi. Hins vegar lýsti ég því yfir þá, að ég mundi, þegar þessi till. til þál. kemur úr nefnd, gefa upplýsingar um ýmis þau atriði, sem hv. þm. bar fram.

Ég er dálítið undrandi á málflutningi hv. 3. þm. Reykv. í sambandi við sölu á fiski til Rússlands. Eins og ég lýsti yfir í gær, er það sameiginlegt álit allrar stjórnar S. H., að það sé mjög æskilegt að geta haldið uppi viðskiptum við þetta stóra viðskiptaland, og eins og hv. þm. mætti vera ljóst, þá var mjög miklum erfiðleikum háð að halda þeim viðskiptum áfram sökum þess, hve Rússarnir voru erfiðir að hlusta á nauðsyn þess, að verð á þeim fiski, sem gert var ráð fyrir að selja til Rússlands, yrði hækkað að verulegum mun. Það hefur verið alger neitun frá Rússanna hendi um nokkra hækkun um 7 ára skeið á þorskflökum. Þetta veit hv. þm., og þess vegna var, eins og markaðshorfur voru fyrir sölu frysts fisks á öðrum mörkuðum, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, óhugsanlegt, að stjórn S. H. gæti lagt til við meðlimi sína, að þeir framleiddu fisk fyrir Rússland til sölu á verði, sem var langt undir því, sem aðrir markaðir gátu tryggt, eða aðeins 128 sterlingspund fyrir smálestina.

Bæði hv. 3. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Austf. hafa borið þá spurningu fram við mig, hvort ég teldi þörf á því, að þessi rannsókn færi fram. Ég tel hana með öllu óþarfa. Eins og ég tók fram í gær, hafa viðskiptabankar Sölumiðstöðvarinnar tekið þá ákvörðun að senda fulltrúa sína til Bandaríkjanna til þess að framkvæma talningu á fiskbirgðum þar, og þegar það er vitað, að jafnframt fá viðskiptabankarnir reikninga Coldwaters fjórum sinnum á ári, eða ársfjórðungslega, og fylgjast því með öllum eignabreytingum og öðru slíku hjá þessu fyrirtæki, þá tel ég þá till. til þál., sem hér liggur fyrir frá hv. 3. þm. Reykv., óþarfa. Það er mitt álit. Ég tel einnig mjög óheppilegt, að það sé verið að blanda í umr hér á Alþ. rekstrarfyrirkomulagi stærsta útflutningsfyrirtækis Íslendinga, sem S. H. vissulega er, og það getur aldrei haft annað í för með sér en tortryggni. Ég álít það óþarfa tortryggni, þrátt fyrir allar þær fullyrðingar, sem hv. 3. þm. Reykv. hefur haft hér í frammi um það gagnstæða. Ég er þó ánægður að heyra það af munni hv. 4. þm. Austf., að hann telur þessi samtök, sem meðlimir hraðfrystihúsanna hafa myndað með sér, ekki einungis gagnleg, heldur og sjálfsögð.

Ég mótmæli því enn, að stjórn Sölumiðstöðvarinnar hafi nokkru sinni farið þess á leit við hæstv. ríkisstj., að S. H. fengi einkaleyfi fyrir sölu á frystum fiski á erlenda markaði. Þetta er röng staðhæfing hjá hv. þm. Hins vegar er það álit mitt og ég held flestra frystihúsaeigenda, fiskvinnslustöðvaeigenda, og einnig hv. 4. þm. Austf., að það sé mjög nauðsynlegt, að samtök eins og S. H. séu starfandi, og ekki vitað, hvað hollt það er, að allt of margir aðilar fari að selja frystan fisk á erlendum markaði. Ég held, að þetta sé almenn skoðun frystihúsaeigenda hér á landi, að það muni ekki gefa betri raun að láta allt of marga seljendur fara að annast sölu á frystum fiski á erlendum markaði, og ég tel, að eftir þeirri reynslu, sem Íslendingar hafa fengið af sölumálum útflutningsafurða í sambandi við beina frjálsa sölu á fiskmjöli og lýsi, að oft hefur sala á þessum afurðum tekizt mjög miður, vegna þess að þessar afurðir hafi verið á boðstólum hjá of mörgum sölumönnum. Og sérstaklega þegar framboðið er mikið, þá er miklu meiri hætta á undirboðum, því að hinir mörgu seljendur leggja megináherzlu á að koma sölunni í gegn, og þá er ekki alltaf hugsað um það, hvort fáist einu sterlingspundi meira eða minna fyrir smálestina, þegar verið er að knýja á, að sala takist.

Hv. 4. þm. Austf. og ég erum þarna á sömu skoðun, þó að hann að öðru leyti fylgi flokksbróður sínum að málum við ýmsa gagnrýni á hendur S. H. En eins og ég tók fram áðan, væri æskilegra, að slík gagnrýni kæmi fram á aukafundum og aðalfundum Sölumiðstöðvarinnar, þar sem hv. þm. hefur haft aðstöðu til að mæta, heldur en hér í sölum Alþingis.

Ég mun, þegar till. kemur úr nefnd, gera henni nánar skil og mun þá ráða yfir frekari upplýsingum en ég ræð yfir í dag.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Vesturl. olli mér nú vonbrigðum með sinni ræðu. Ég man eftir í fyrra, þegar þáv. 3. þm. Austf. kom hér upp, daginn eftir að ég hafði haft mína framsöguræðu. Þá var hann búinn að safna saman öllum þeim upplýsingum, sem ég hef vitnað hér í í minni grg., og flutti þetta mjög skörulega hér á Alþingi. Mér þykir satt að segja mjög leitt, að hann skuli ekki vera staddur hér núna, því að ég býst við, að hann hefði ekki látið á sér standa um það. En ég sé, að hv. 2. þm. Vesturl. er miklu íhaldssamari með þessar upplýsingar. Það er þess vegna kannske dálítið tvíræð huggun fyrir mig, þegar hann segir, að hann muni gefa upplýsingar, þegar málið komi úr nefnd. Í fyrsta lagi er nú, svo að maður sé mjög raunsær, náttúrlega ekki alveg víst, að málið komi úr nefnd aftur. Það

hefur komið fyrir einstaka sinnum á þingi, að mönnum hefur þótt gott að liggja á svona málum. Og þá hefur þeim aldrei verið skilað. Og þó að það sé ákaflega gott að eiga inni hjá hv. 2. þm. Vesturl. upplýsingar um þetta, þegar það kæmi úr nefnd, þá væri betra að fá þessar upplýsingar, áður en málið fer í nefnd, því að til þess er eitt mál sent til nefndar, eins og hæstv. 1. varaforseti sameinaðs Alþingis veit, að í nefndinni sé málið rannsakað og fyrir n. liggi upplýsingarnar og úr þeim upplýsingum geti hún unnið, þannig að annaðhvort hefði hv. 2. þm. Vesturl. átt að tjá okkur þessar upplýsingar nú við þessa 1. umr. eða þá að heita því að koma með upplýsingarnar til nefndarinnar. Hitt er seint, að ætla að fara að koma með þær, þegar málið kæmi úr nefnd, ef það kæmi einhvern tíma úr nefnd. Og hvað er þá það, sem veldur því, að hann vildi fresta því svona lengi? Er þetta eitthvað óþægilegt með upplýsingarnar? Eru þær ekki svo ánægjulegar, að honum sé mikil ánægja að því að upplýsa, að öll sölufyrirtækin þarna fyrir vestan og verksmiðjan séu seljanleg undireins með ágætu verði, allar birgðirnar vestanhafs seljanlegar undireins, búðirnar í Bretlandi mundu verða reiðubúnar að kaupa þær, skuldirnar í Hollandi borganlegar strax? Ef þetta eru upplýsingarnar, því í ósköpunum vill hann ekki koma með þessar upplýsingar strax? Hvað er það, sem gerir, að hann vill draga þetta? Ég held, að ef hann vill ekki láta þessa hv. deild fá þessar upplýsingar við þessa umr., þá hefði hann þó a. m. k. átt að heita því að láta nefndina fá þessar upplýsingar, því að sú nefnd, sem þetta fer til, hefur náttúrlega rétt til þess að krefjast slíkra upplýsinga frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og ég býst ekki við, að S. H. ætti neitt þægilegt með að neita að gefa þær upplýsingar.

Hins vegar, eitt hafðist þó upp úr þessari ræðu hv. 2. þm. Vesturl. Hann svaraði þeirri spurningu hv. 4. þm. Austf., hvort hann áliti þessa rannsókn þarfa eða ekki. Og hann svaraði því á þann veg, að hann áliti, að þessi rannsókn væri óþörf. Og nú vil ég leyfa mér að spyrja hv. þingmenn Sjálfstfl. og Alþfl. í þessari deild: Álíta þeir það óþarft, að þessar upplýsingar verði gefnar? Álíta þeir það óþarft, að þetta ástand S. H. verði rannsakað? Taka þeir á sig allir saman sem heild ábyrgðina á S. H. og öllu því, sem þar er að gerast og hefur gerzt? Því svara þeir með afgreiðslu þessa máls.

Hv. 2. þm. Vesturl. talaði, eins hægur og rólegur eins og hv. þm. alltaf er, af dálítilli skerpu til mín áðan og kvað þetta óþarfa tortryggni. Óþarfa tortryggni, sagði hann, sem ég væri raunverulega að koma með hér með þessari þáltill. Ég hef ekkert verið sérstaklega harðorður í þessum ræðum, sem ég hef hérna flutt, en ég vil vekja athygli hv. 2. þm. Vesturl. á því, að það, sem liggur fyrir í þessu máli, ótvírætt upplýst af S. H. og hennar fulltrúa, sem hér var í fyrra, Einari Sigurðssyni, er, að það hafa verið fluttar ólöglega úr landi 150 millj. kr., leyfislaust og ólöglega hafa verið fluttar úr landi 150 millj. kr. og leyfislaust og ólöglega festar í fyrirtækjum erlendis. Er ekki hv. 2. þm. Vesturl. ljóst, að S. H. hefur framið lagabrot? Þegar menn veðsetja eina vöru og það hvíla á henni þau veðbönd, að menn eiga að greiða hana, þegar hún fer úr landi, þá eiga menn að greiða hana. Og ef menn flytja hana úr landi án þess að greiða hana, þá eru menn að brjóta sínar skuldbindingar, — skuldbindingar, sem þeir hafa undirgengizt. Þetta hefur S. H. gert og látið einstaka meðlimi sína gera gagnvart bönkum ríkisins. Og þetta hlýtur hv. 2. þm. Vesturl. að vera ljóst. Það hefur verið framið lögbrot á lögbrot ofan. Það hefur verið tekið traustataki fé annarra manna og fest í fyrirtækjum erlendis. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er eftir lögum aðeins sölusamtök, sem eiga að skila sínum meðlimum andvirði fjárins, jafnóðum og það er greitt, og eiga gagnvart bönkunum að sjá um að greiða veðin upp, þegar fiskurinn fer úr landi. Það eru þær skuldbindingar, sem hún hefur undirgengizt. Þeir, sem hér eiga hlut að máli, eru ekki einhverjir einkabankar. Ég veit ekki til, að það sé t. d. Verzlunarbankinn, sem lánar Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Það eru bankar ríkisins. Það eru bankar, myndaðir samkvæmt lögum frá þessari stofnun, frá hinu háa Alþingi, og það er fé almennings og fé ríkisins, sem er sett fast í þessu, fé, sem okkur sem þingmönnum líka ber að hafa eitthvert eftirlit með og hafa einhverja hugmynd um og Alþingi ber að vita eitthvað af hvernig ráðstafað er. Það er ekkert einkamál S. H., hvernig hún fer með það fé, sem almenningur í landinu á, eða það fé, sem ríkisbankarnir lána henni, þannig að það er rétt í þessu máli að koma fram með fullri kurteisi gagnvart Alþ. í þeim málum. Alþingi á hér hlut að máli. Þetta er ekkert einkamál S. H. Þess vegna vil ég, án þess að ætla að draga þetta mál nokkuð lengur, alvarlega vara við því, að þetta mál sé tekið einhverjum lausum tökum, því sé stungið undir stól, það sé svæft hér. Ég vil eindregið óska þess, að þetta mál sé rannsakað til hlítar í þeirri nefnd, sem það fer til, að sú n. fái upplýsingar frá S. H. og líka frá hv. 2. þm. Vesturl., og að fengnum þeim upplýsingum, þá myndi sú nefnd sér skoðun á því, hvað gera beri í þessum málum. Og eins og hlutirnir liggja fyrir, þá sýnist mér, að hún mundi ekki geta komizt að annarri niðurstöðu en þeirri, að það sé öllum aðilum heppilegast, að slík rannsókn fari fram.

Þetta mál snertir Alþingi. Það eru hagsmunir almennings, sem hér eru í veði, þeir hagsmunir, sem einmitt stjórn S. H. hefur skírskotað mjög til, og þess vegna á þetta mál að fá afgreiðslu. Og ég vil eindregið skora á hv. þm. — stjórnarflokkanna líka, þrátt fyrir þá skoðun, sem hv. 2. þm. Vesturl. lét í ljós, að samþykkja þessa till., þá nefnd, sem hún fer til, að sjá um, að hún komi aftur úr nefnd, og hv. þm. um það, þegar hún er komin úr nefnd, að samþykkja hana og láta þessa rannsókn fara fram hið skjótasta, því að ég álít, að það sé öllum fyrir beztu, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna megi sem fyrst ýmist hreinsast af því, sem óverðuglega kynni að vera á hana borið, eða að það yrði lagað hjá henni það, sem aflaga hefur farið, og að það sé hægt að skapa eða endur-

skapa þessi samtök íslenzkra freðfiskútflytjenda á svo heilbrigðum grundvelli, að slíkt vandræðaástand eins og nú hefur skapazt þar í þurfi ekki að koma fyrir aftur.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 17:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÍG, GunnG, IngJ, JóhH, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, SÁ, SI, RH, BF, JPálm, EmJ, GuðlG, BGr.

nei: HV, GíslG.

GJóh, HS, IG, JSk, BergF, BFB, BP, EðS, EOl, EystJ greiddu ekki atkv.

11 þm. (GÞG, HÁ, LJós, SkG, EÁ, AGb, ÁÞ, BK, BBen, GeirG, GíslJ) fjarstaddir.

Umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

48. Viðskipti fjármálaráðuneytisins við Axel Kristjánsson.

Á 20. fundi í Sþ., 12. des., var útbýtt frá Nd.:

Till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á viðskiptum fjmrn. við Axel Kristjánsson og h/f Ásfjall [116. mál] (A. 203).

Á 37. fundi í Nd., 15. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 42., 47., 49. og 50. fundi í Nd., 6., 12., 15. og 16. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 19. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Hæstv. forseti. Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka viðskipti fjmrn. og Axels Kristjánssonar, Hafnarfirði, og hlutafélagsins Ásfjalls í sambandi við ríkisábyrgð, sem heimiluð var á 22. gr. fjárlaga 1959, svo og útgerð Axels Kristjánssonar í ábyrgð ríkissjóðs á togaranum Brimnesi. Nefndin skal hafa rétt til að heimta skýrslur, skriflegar og munnlegar, bæði af embættismönnum og einstökum aðilum."

Í framsögu fyrir þáltill. hinn 27. marz 1961 rakti ég mál þetta, en mun nú rifja upp helztu atriði þess.

Í þáltill. er vísað til ábyrgðarheimildar, sem samþ. var við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1959, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir Axel Kristjánsson eða væntanlegt hlutafélag í Hafnarfirði, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, allt að 4 millj. og 320 þús. kr. lán til kaupa á togara frá Vestur-Þýzkalandi, þó ekki yfir 80% af kaupverði skipsins."

Ríkisábyrgð þessi var síðan, svo sem kunnugt er, veitt á láni til kaupa á togaranum Keili, en forsaga þess skips var í fáum orðum sagt sú, að sá togari, sem þá var 10 ára gamall, 600 tonn að stærð og með aðeins 800 hestafla gufuvél, hafði áður verið boðinn Bæjarútgerð Hafnarfjarðar til kaups ásamt tveimur öðrum togurum, sem sama fyrirtæki í Þýzkalandi átti. Bæjarútgerðin átti þá kost á að kaupa nýlegan togara, sem hún sóttist eftir, gegn því, að tveir eldri togarar fylgdu með í kaupunum. Annar þeirra var sá, sem síðar var nefndur Keilir og áður var getið. Því fyrirtæki, sem átti þessa þrjá togara, leizt ekki ráðlegt að selja nýja skipið án þess að koma hinum eldri út um leið. Hins vegar var hægt að kaupa sérstaklega hvorn hinna eldri sem var. Þar sem forráðamönnum bæjarútgerðarinnar og þeim sérfræðingi, sem hún leitaði til, þótti ekki ráðlegt að kaupa svo gamlan og vélvana togara, varð ekkert af kaupunum. En hinu þýzka fyrirtæki lánaðist samt sem áður að losa sig við annan eldri togarann a. m. k. og það án þess að hann fylgdi þeim nýrri. Hann var keyptur til Íslands með tilstyrk þeirrar ábyrgðarheimildar, sem Axel Kristjánsson eða hlutafélagi hans var veitt á fjárlögum fyrir árið 1959. Heimildin til ríkisábyrgðar miðaðist við, að ábyrgðin yrði veitt fyrir 4 millj. 320 þús. kr., en þó ekki meiru en 80% af kaupverði skipsins, þ. e. a. s. til þess að hægt væri að nota ríkisábyrgðarheimildina að fullu, þurfti togarinn að kosta a. m. k. 5.4 millj. kr., en 80% af þeirri upphæð er 4 millj. 320 þús. kr. Seljendur skipsins í Þýzkalandi höfðu áður boðið Bæjarútgerð Hafnarfjarðar togarann á 3.6 millj., ef hann væri keyptur með nýrri togaranum, sem var miklu útgengilegri, en hefði fengizt á enn lægra verði einn sér. Í blaðadeilum hélt forráðamaður Ásfjalls h/f því fram í Alþýðublaðinu, að hann hefði líka fengið skipið fyrir 2 millj. 880 þús. kr., en samkv. því hefði ábyrgðin ekki mátt nema meiru en 2.3 millj. kr. í stað 4.3 millj. kr. Samkv. því hafa endurbætur á skipinu kostað 2 millj. 520 þús. kr., eða svo til sömu upphæð og skipið sjálft, og ríkisábyrgð verið veitt út á þær að fullu.

Það hlutafélag, sem þannig fékk veitta ríkisábyrgð á láni, sem samkv. núv. gengi nemur um 7.8 millj. kr., til kaupa á 10 ára gömlum togara, sem ráðunautur opinbers fyrirtækis hafði ráðið frá að kaupa til landsins, hafði aðeins yfir að ráða 100 þús. kr. í hlutafé, eða 1/54 hluta af þáverandi kaupverði skipsins. Um ábyrgð ríkissjóðs á láni þessu fór, svo sem kunnugt er, þannig, að öll lánsupphæðin lendir á ríkinu, og munu vextir og afborganir, sem ríkissjóður verður að greiða vegna Keilis áður en lýkur, nema samtals 9 millj. kr., og það mun sennilega ofmetið í grg. með þessari þáltill, að upp í þá fjárhæð fái ríkissjóður 2 millj. kr. vegna sölu á skipinu. Samkv. þeim upplýsingum, sem

ég hef síðar fengið, munu þær 2 millj. kr. hafa farið til greiðslu á sjóveðum, sem á skipinu hvíldu, og kostnaði, eftir að ríkið yfirtók það, svo að tap ríkissjóðs af ábyrgðum á lánum vegna togarakaupa Ásfjalls h/f mun verða um 9 millj. kr. samkv. núverandi gengi, eða 90 sinnum hærri upphæð en hlutafé það, sem hluthafar lögðu fram til þess að fá ríkisábyrgðina.

Vegna þess að þeir, sem hafa orðið til þess að bera í bætifláka fyrir þessar ráðstafanir, hafa helzt gripið til þess að skjóta sér bak við aflaleysi og aðra erfiðleika togaraútgerðarinnar, þá vil ég enn einu sinni taka það fram, að þáltill. þessi er ekki flutt vegna þess, að okkur flutningsmönnum hafi þótt óeðlilegt, að Ásfjall h/f hafi orðið gjaldþrota á tímum aflabrests og viðreisnarkjara, né heldur höfum við haldið því fram, að togari fyrirtækisins hafi verið verr rekinn en aðrir. Við teljum jafnvel, að grundvöllur fyrir rekstri þessa gamla, úrelta togara á því verði, sem hann var keyptur á, hafi aldrei verið til. Það er strax fremur hugsanlegt, að aðili, sem keypti hann á 2 millj. kr. út úr skuldahrúgunni, gæti gert hann út.

Það, sem er athyglisvert í þessu máli og rannsóknarskylt, er, hvernig hæstv. fjmrh. hefur farið með þær heimildir, sem Alþ. veitti til ríkisábyrgðar. Af ræðu hæstv. ráðh. hinn 27. marz s. l. var eigi annað að heyra en honum þættu ráðstafanir þessar allar eðlilegar og með felldu. Honum þykir sýnilega nóg aðgæzla varðandi **svo til hlutafjárlaust félag að taka einungis** við í tíu ára gömlum togara fyrir milljónafjárhæðum og styðjast aðeins við upplýsingar þess, sem lánið fær. Orðrétt sagði hæstv. ráðh. hinn 27. marz s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Hann (þ. e. a. s. Axel Kristjánsson) hafði látið sérstakan trúnaðarmann, sem mikið hefur fengizt við eftirlit með skipaviðgerðum, athuga skipið fyrir sig. Niðurstaðan varð sú að ráði þessa sérfræðings, að Axel Kristjánsson ákvað að kaupa skipið, eftir að við það hafði verið gert, eins og sérfróður maður hafði tjáð honum að nauðsynlegt væri, og var verð skipsins þá ákveðið 900 þúsund þýzk ríkismörk. Ríkisstj. sneri sér til fjvn., sendi henni upplýsingar um kaupverð skipsins og skipið sjálft“ — væntanlega þá upplýsingar Axels Kristjánssonar.

Það má vera, að hæstv. ráðh. þyki þessi viðskipti öll eðlileg. En hitt er fullvíst, að almenningi í landinu, sem borgar brúsann, í þessu tilfelli 9 millj. kr., þykir þessi viðskipti ekki eðlileg og full þörf á því, að þau verði rannsökuð. Svo sem ég áður sagði, er það athugavert og rannsóknarskylt, hvernig hæstv. fyrrv. fjmrh. hefur farið með þær heimildir, sem Alþ. samþykkti, til þess að ríkisábyrgð yrði veitt Ásfjalli h/f. Alþ. setti það skilyrði, að teknar yrðu gildar tryggingar. Nú er ljóst, að þær tryggingar, sem látnar voru nægja, voru bókstaflega einskis virði. Ríkissjóður fær sennilega ekki eyris virði til baka af þeim 9 millj. kr., sem hann verður að greiða vegna ábyrgðarinnar. Óupplýst er, hvort nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til þess að afla frekari trygginga en þeirra, sem nú hafa reynzt einskis virði, þótt þeir, sem að togarakaupunum stóðu, hættu svo til engu sjálfir og hefðu átt að geta sett frekari tryggingar. Þeir hafa hætt 1/90 af því, sem ríkið tapar. Hlutafélagið er úr sögunni, og ekkert kemur upp í töpin. Hér er ólíku saman að jafna eða þegar bæjarfélagi er veitt ábyrgð, sem það ber síðan áframhaldandi ábyrgð á, jafnvel þótt útgerðin tapi. En þegar þannig er gengið frá ábyrgðum, sem veittar eru í skjóli samþykktar Alþingis, er rétt, að Alþ. sjálft fái að kanna þetta mál frá rótum. Ábyrgð ríkissjóðs var veitt á láni, sem nemur 80% af uppgefnu kaupverði hins gamla togara, og algerlega er óupplýst, hvernig það kaupverð hefur verið sannreynt. Ekki hefur heldur verið upplýst, hver voru vottorð trúnaðarmanna ríkissjóðs um veðhæfi skipsins, heldur aðeins vísað til umsagnar ráðunauta kaupandans sjálfs um ástand þessa 10 ára gamla, vélvana togara. Ríkissjóður hefur verið látinn sjá um ábyrgðina á lánunum, en kaupandinn um vottorðin. Ekki er heldur aðeins um það að ræða, að ábyrgðin hafi verið látin til fjárlauss **hlutafélags gegn ónógum eða gagnslausum tryggingum í úreltum togara, heldur hefur ábyrgðin** auk þess verið veitt á miklu hærri lánsfjárhæð í íslenzkum peningum en Alþingi nokkru sinni heimilaði.

Í heimild Alþingis er skýrt tekið fram, að ábyrgðin megi nema allt að 4 millj. 320 þús. ísl. kr., og hærri upphæð auk vaxta átti ríkissjóður ekki að geta tapað á ábyrgðarveitingu þessari, þótt ekkert fengist fyrir togarann. En nú liggur fyrir, að tap ríkisins verður ekki aðeins 4 millj. 320 þús. kr., heldur um 9 millj. kr. með núv. gengi, eða meira en tvöfalt hærra. Ákvæði í heimild Alþ. um, að ábyrgðin færi ekki fram úr 4 millj. 320 þús. kr., hefur í engu verið virt og ábyrgðin veitt í þýzkum mörkum, sem þá svaraði til þeirrar upphæðar, en án nokkurrar tryggingar gegn gengisbreytingu, sem vitað var að þeir, sem ábyrgðina veittu, stefndu að. Allir aðrir, sem ríkisábyrgð hafa fengið, hafa orðið að setja sérstaka tryggingu vegna gengisáhættu, og ég minnist þess t. d., að aðilar, sem voru að kaupa ný og svo til ný fiskiskip erlendis, sóttu um og fengu samþykktar bæjarábyrgðir hjá bæjarsjóði Hafnarfjarðar einungis til tryggingar vegna gengisáhættu, þ. e. a. s. einungis vegna hugsanlegrar hækkunar lánanna í íslenzkum krónum. Þar var þó um að ræða skip, sem víst var að hækkuðu í verði í beinu hlutfalli við lækkun krónunnar.

Axel Kristjánsson sótti líka um bæjarábyrgð hjá sama bæjarfélagi, en ekki til þess að tryggja ríkissjóð gegn gengisáhættu, sú krafa virðist ekki hafa verið til hans gerð, heldur sótti hann um ábyrgð vegna annarra lánardrottna, sem ekki sættu sig við veð í togaranum einum, eins og hæstv. fyrrv. fjmrh. lét nægja. Þegar hins vegar kom í ljós, að kaupendur Keilis vildu engu hætta sjálfir vegna kaupa togarans, þá var bæjarábyrgðin ekki veitt og bæjarsjóður með því firrtur 1½ millj. kr. tjóni. Tjónið lendir hins vegar á ríkissjóði í svo ríkum mæli, að þar er um að ræða niutíufalt hlutafé Ásfjalls h/f eða 9 millj. kr. Hlutafélag stórríkra aðila hefur hins vegar ekki hætt meiru til kaupanna en 100 þús. kr., ef þær hafa þá nokkru sinni verið

greiddar inn. Þar á ofan er ljóst, að veitt ábyrgð er miklu hærri en samþykkt Alþingis leyfir, og fyrir þeim millj., sem umfram eru, hefur alls engin sérstök trygging verið tekin. Hér hefur því sýnilega verið brotið gegn ákvæðum í samþykktum Alþingis, bæði að því er varðar nægar tryggingar fyrir þeirri ábyrgð, sem var heimiluð, svo og hefur verið veitt stórum hærri ábyrgð en nokkur heimild er til fyrir.

Þar sem ráðstafanir þessar hafa valdið ríkissjóði milljónatapi, teljum við flm., að eigi verði hjá því komizt, að Alþ. sjálft kanni þetta mál ofan í kjölinn og rannsaki, hvernig með samþykktir þess og fyrirmæli hefur verið farið. Þar sem bornar hafa verið fyrir ráðstöfunum þessum samþykktir þingsins, sem sýnilegt er þó að brotið hefur verið gegn, er rétt, að Alþ. kanni sjálft, hvernig notaðar hafa verið og misnotaðar heimildir þess. Almenningur hlýtur auk þess að telja, að hér hafi verið svo óvarlega farið og á svo einstakan hátt, að rannsóknar sé þörf í öllu þessu máli. Öll tregða á því, að það sé gert, bendir einungis til þess, að ekki sé allt með felldu um ráðstafanir þessar.

Þá er komið að öðrum þætti þessa máls, sem snýr að sömu aðilum, og er þar einnig um að ræða meðferð hæstv. fyrrv. fjmrh. á samþykktum Alþingis. Í þáltill. þeirri, er hér liggur fyrir, er einnig lagt til, að rannsökuð verði viðskipti fjmrn. og Axels Kristjánssonar í sambandi við útgerð hans á togaranum Brimnesi í ábyrgð ríkissjóðs. Seyðisfjarðarkaupstaður átti togarann Brimnes og gerði hann út þar til snemma á árinu 1959, að útgerð hans stöðvaðist vegna fjárskorts. Minnihlutastjórn Alþfl., sem þá fór með völd, lét rannsaka fjárreiður útgerðarinnar, og á fjárlögum ársins 1959 fékk ríkisstj. samþykkta svo hljóðandi heimild frá Alþingi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórninni er heimilt að annast og ábyrgjast rekstur togarans Brimness fyrir Seyðisfjarðarkaupstað til 1. sept. n. k. (þ. e. a. s. 1959), með það fyrir augum, að afla skipsins verði landað sem mest á Seyðisfirði, þó þannig, að rekstrarafkomu þess sé ekki stefnt í hættu með löndun aflans þar. Enn fremur að innleysa gegn veði í skipinu áhvílandi sjóveðs- og fjárnámskröfur.“

Hæstv. fyrrv. fjmrh. notaði þessa heimild til þess að taka skipið af útgerðarstjórn þess og fá það einum einasta manni, Axel Kristjánssyni, til rekstrar á ábyrgð ríkissjóðs. Svo mjög óvenjuleg og vafasöm sem slík ráðstöfun var, þá var hitt þó hálfu ámælisverðara af hæstv. ráðh., að halda áfram svo hæpnum ráðstöfunum fram yfir þann tíma, sem Alþ. hafði heimilað að ríkið annaðist rekstur togarans. Fyrirmæli Alþingis um, að heimild þessi gilti aðeins til 1. sept. 1959, voru að engu höfð, heldur var þessi einstaklingur, sem enga útgerðarstjórn hafði yfir sér og enginn samningur hafði verið gerður við, látinn gera út skipið upp á algert eindæmi, en á ábyrgð ríkissjóðs, fram á mitt árið 1960, án þess að þingið eða fulltrúar stjórnmálaflokkanna væru um spurðir.

Í heimild Alþingis var það fram tekið, að útgerð skipsins á ábyrgð ríkissjóðs var samþ. í því skyni, að afla skipsins yrði sem mest landað á Seyðisfirði, en sú viljayfirlýsing Alþ. var einnig að engu höfð. Til Seyðisfjarðar kom Brimnesið aldrei síðan, heldur lagði það aflann upp í frystihús Axels Kristjánssonar í Kópavogi og var gert út samhliða togara Ásfjalls h/f, Keili, sem fyrr er getið, og hefur síðan komið í ljós, svo sem við mátti búast, að reytur þeirra rugluðust saman. Mega þetta heita furðulegar ráðstafanir, þar sem eini hagnaðurinn, sem um gat verið að ræða af rekstri Brimnessins, hlaut að felast í því að fá afla hans til verkunar, en sá afli fór ekki til eigenda hans á Seyðisfirði, heldur í einkafrystihús þess aðila, sem gerði togarann út á ábyrgð ríkissjóðs.

Eftir að Brimnesið hafði verið gert út á ábyrgð ríkissjóðs í tæpt ár án heimildar Alþingis, stöðvaðist útgerð þess vegna taprekstrar, og síðan hefur það legið í reiðileysi í Reykjavíkurhöfn.

Þegar þáltill. þessi var borin fram vorið 1961, höfðu engir reikningar sézt vegna útgerðar Brimness á árinu 1959, þótt ríkisreikningar þess árs hefðu verið birtir. Margsinnis var spurt um útkomuna á rekstrinum árið 1959, en ekkert svar fékkst, hvað þá heldur fyrir árið 1960. Viðbrögðin við flutningi þessarar till. í fyrra voru á þann veg, að fullyrt var, að hér væri um ástæðulausa rannsóknarkröfu að ræða, flutningur hennar væri pólitísk ofsókn og mannhatur, og ég man ekki, hvað meira, — farið með staðlausa stafi og aðdróttanir, og gekk jafnvel svo langt, að grg. till. fékkst ekki lesin í þingfréttum. Með tilliti til þessa og svo að ljóst sé, að fleiri eru þá haldnir þessu innræti en flm. till., þá er í þetta skipti birt greinargerð endurskoðenda ríkisreikninganna fyrir árið 1960 um útgerð Axels Kristjánssonar á togaranum Brimnesi á ábyrgð ríkissjóðs. Sé ég ekki ástæðu til að rekja þá grg. hér. Þær athugasemdir getur hver hv. þm. kynnt sér og metið, hvort þær styðja í nokkru þær ábendingar, sem við flm. gerðum fyrir ári um þetta mál.

Hæstv. fyrrv. fjmrh. fullyrti hins vegar í lok ræðu sinnar hinn 27. marz 1961, þegar till. þessi var rædd, að ekkert væri við rekstur Brimnessins að athuga, og sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Að því er ég bezt veit til, þá hefur þarna ekkert það gerzt, sem gefur tilefni til neinnar sérstakrar rannsóknar.“

Var þó ekki ókunnugleika hans á málinu fyrir að fara, því að fyrr í ræðunni hafði hæstv. ráðh. sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég fylgdist með rekstri skipsins, á meðan ég var í fjmrn., og ég veit með vissu, að eftir að ég fór þaðan, hefur áfram verið fylgzt með rekstri þess.“

Hæstv. ráðh. hafði sem sagt fylgzt með hlutunum. Sennilega hefur það átt að koma í stað útgerðarstjórnar, því að hún var ekki til, þar sem allt var lagt í hendur einum manni.

Þetta mál er frá upphafi þannig vaxið og þannig með heimildir Alþingis farið, að meira þarf til rannsóknar í því en þá bókhaldsrannsókn, sem heitið er í athugasemdum við ríkisreikningana, jafnvel þótt hún fari einhvern tíma fram, en stundum hafa viljað dragast fram-

kvæmdir á fyrirheitum, sem fram koma í athugasemdum með ríkisreikningum.

Bæði þau mál, sem hér hafa verið rakin, varðandi viðskipti fjmrn. og meðferð og misnotkun rn. á samþykktum Alþingis, þarf Alþ. sjálft að kanna til hlítar. Þær ráðstafanir, sem gerðar eru í blóra við Alþingi, þarf Alþ. sjálft að rannsaka. Í þessum málum, sem valdið hafa ríkissjóði milljónatjóni, hafa heimildir Alþ. verið bornar fyrir til málsbóta, þótt vitað sé, að þær hafi verið beinlínis misnotaðar eða brotið hefur verið gegn þeim. Einmitt þess vegna þarf þingið sjálft að rannsaka þessi mál bæði, kanna, hvernig farið hefur verið með þær heimildir, sem það hefur veitt, hversu þær hafa verið misnotaðar til þess að veita hærri ábyrgðir en heimilaðar voru, hvernig látin hafa verið nægja einskis nýt veð frá aðilum, sem höfðu full efni á að setja frekari tryggingar, og hver ber ábyrgð á tapi, sem hlýzt af útgerð, sem rekin er á kostnað ríkissjóðs, eftir að útrunninn er sá tími, sem heimild Alþingis tekur til, og hver ber ábyrgð á milljónatjóni af ríkisábyrgðum fram yfir það, sem Alþ. hefur heimilað að ábyrgzt væri.

Ég held, að þeir aðilar, sem sérstaklega finnst brenna á sér þessi hneykslismál, ættu ekki í þetta skipti að hafa í frammi sömu viðbrögðin og í fyrra með reiðiköstum og hótunum í garð flutningsmanna. Það mundi að vísu sem fyrr verða látið sem vindur um eyru þjóta. Málið er bara ekki svo einfalt, að þeir, sem það snýr að, geti afgr. það með þeim hætti. Krafan um fullkomna og undanbragðalausa rannsókn í báðum þessum málum er nefnilega ekki einungis krafa flutningsmanna þessarar þáltill., heldur alls almennings í landinu, þess almennings, sem er látinn taka á sig milljónatöpin, sem af þeim viðskiptum hafa hlotizt, er hér hefur verið lýst.

Hv. forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjhn.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Till. samhljóða þessari var til umræðu á Alþingi á s. l. vetri, og ræddi ég hana þá nokkuð ýtarlega og sé ekki ástæðu til þess að endurtaka hér það, sem þá var sagt. En með því að hæstv. fjmrh., sem mun hafa ætlað að taka þátt í umræðunum, er fjarverandi í dag vegna veikinda, sé ég ástæðu til að segja hér aðeins nokkur orð.

Hér er um tvö mál að ræða, annars vegar útgerð á togaranum Brimnesi, eign Seyðisfjarðarkaupstaðar, og hins vegar ábyrgð vegna kaupa á togaranum Keili, sem Ásfjall h/f keypti fyrir nokkru.

Að því er Keilisábyrgðina varðar, er frá því að skýra, að Axel Kristjánsson framkvstj. í Hafnarfirði sneri sér til ríkisstj. snemma á árinu 1959 og tjáði henni, að hann ætti kost á að kaupa í Þýzkalandi togara byggðan á árinu 1950. Eigendur vildu selja þennan togara í því ástandi, sem hann væri, en hefðu þó léð máls á því að gera hann í stand, þannig að hann væri í fullkomnu ástandi, og vildu þá selja hann á þeim mun hærra verði sem viðgerðinni svaraði. Hann kvaðst hafa áhuga á því að gera tilboð í togarann viðgerðan og kaupa hann þannig, ef hann gæti fengið ríkisábyrgð fyrir 80% af kaupverðinu. Ríkisstj. sneri sér til fjvn. Alþ. með þetta mál, óskaði eftir heimild til þess að fá að gefa út slíka ábyrgð, og var heimildin samþ. á Alþ. við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1959.

Eftir að þetta gerðist, lagði kaupandinn fram kaupsamning fyrir ríkisstj. ásamt ýtarlegri lýsingu á því, í hvaða ástandi skipið væri og hvaða viðgerð það hefði fengið og ætti að fá. Að fengnum þeim upplýsingum var ábyrgðin afgreidd í fjmrn. með nákvæmlega sama hætti og verið hefur um allar aðrar slíkar ábyrgðir. Eigandi skipsins var svo óheppinn, að þegar togarinn kom til landsins, þá steðjaði að mikill aflabrestur hjá togaraflotanum undantekningalaust, og þeir byrjunarerfiðleikar samfara öðrum afborgunum, sem áttu að vera af lánum hvílandi á skipinu, urðu til þess, að eigendurnir sáu sér ekki fært að halda skipinu áfram, og ákvað því ríkissjóður, strax og fyrstu vangreiðslur urðu, að ganga að skipinu, en láta það ekki bíða, eins og þó hefur tíðkazt nú um skeið í sambandi við togaraflotann. Ábyrgðin, sem hér er um að ræða, var þá gefin út nákvæmlega samkv. heimild Alþingis, og þó að ríkissjóður hafi þarna í upphafi orðið að borga nokkru meira en ábyrgðinni nemur, þá skiptir það mestu máli, að um var að ræða sjóveð og aðrar kröfur, sem komu til greiðslu á undan ábyrgðaryfirlýsingunni sjálfri, eins og alþekkt er um ábyrgðir og greiðslur í sambandi við skip og útgerð. Ég þekki það ekki persónulega, en mér er tjáð, að Ásfjall hafi verið gert gjaldþrota og bú þess farið til gjaldþrotaskipta, og fer þá fram að sjálfsögðu í sambandi við þau gjaldþrot sú rannsókn, sem lögum samkv. á þar fram að fara.

Um hitt málið, Brimnesútgerðina, er þess að geta, að í árslok 1958 var svo komið fyrir eigendum þess skips, að þeir sáu sér ekki fært að halda áfram útgerð þess. Skipið var látið liggja um nokkurn tíma á Seyðisfirði og leitað eftir því, að ríkið hlypi þar undir bagga, annaðhvort með því að veita Seyðfirðingum lán eða með því að ríkið tæki að sér útgerð skipsins, á meðan verið væri að athuga um framtíð þess. Það varð að ráði, að Alþ. heimilaði ríkisstj. að annast útgerð Brimness fram til 1. sept. 1959. Strax eftir að þessi ákvörðun hafði verið tekin, þá þurfti að fara að athuga um framkvæmdastjóra fyrir skipið, og að ráði Seyðfirðinga var leitað til Axels Kristjánssonar um þær framkvæmdir. Hann var fáanlegur til þess að taka það að sér, og eftir að bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hafði í sérstakri ályktun á bæjarstjórnarfundi samþykkt, að hann skyldi ráðinn framkvæmdastjóri, fyrst hann væri fáanlegur til þess, þá hvarf ríkisstj. endanlega að því ráði. Á þeim tíma, sem ríkissjóður gerði togarann Brimnes út, er mér nær að halda, að útgerð togarans hafi gengið betur en dæmi voru til um útgerð þess togara, frá því fyrst að hann var keyptur til landsins. Ég hygg, að Brimnes hafi fyrst verið keypt um 1957, og á útgerð þess höfðu allan tímann, frá því að fyrst hann kom, verið hinir mestu erfiðleikar, og ríkissjóður hafði hvað eftir annað orðið að hlaupa undir bagga og taka á sig all-

verulegar fjárgreiðslur í því sambandi. En þann tíma, sem ríkið gerði Brimnesið út, gekk útgerð þess betur en áður, og halli á útgerðinni sjálfri í heild, þegar upp var gert, mun ekki hafa orðið verulega mikill, og þann tíma, sem ég var í fjmrn., eða fram um mánaðamótin okt.—nóv. 1959, hefur ekki verið um það að ræða, að halli hafi orðið á útgerð skipsins. Þegar útgerð togarans síðan var lokið, voru reikningar útgerðarinnar teknir til endurskoðunar af endurskoðunardeild fjmrn. Hefur verið farið rækilega í gegnum þá og sérstök skilanefnd sett til að annast það uppgjör. Það mál er enn til athugunar í fjmrn., og er því ekki lokið, ég skal ekki segja um, hver endanleg afgreiðsla þar verður. En svo mikið vil ég þó fullyrða, að því er ég hef af þessum málum séð, að endurskoðunin og athugunin, sem farið hefur fram í sambandi við reikninga Brimnesútgerðarinnar, meðan ríkissjóður annaðist hana, hefur verið ýtarlegri og skilmerkilegri en menn eiga að venjast í sambandi við skipaútgerð hér, og tel ég vel farið, að svo hefur orðið, til þess að ganga megi úr skugga um það, að öll kurl komi þarna til grafar.

Annars tel ég sjálfsagt, að þessu máli verði vísað til fjhn. og umr frestað, en vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að vegna þess að fjmrh. er ekki mættur á fundinum hér í dag og hafði hugsað sér að taka þátt í umr. málsins, þá verði till. um frestun ekki borin undir atkv., fyrr en hann hefur haft tækifæri til þess að mæta á fundum deildarinnar.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Nd., 20. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 22 febr., var fram haldið einni umr. um till.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir til umr., vildi ég leyfa mér að gefa eftirfarandi upplýsingar:

Ríkisstj. tók á árinu 1959 að sér rekstur togarans Brimness eftir beiðni forráðamanna Seyðisfjarðarkaupstaðar, skv. heimild í 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1959, og fól Axel Kristjánssyni forstjóra útgerðarstjórnina. Heimildin gilti samkv. fjárlögum til 1. sept. 1959, en útgerðinni var haldið áfram nokkru lengur vegna beiðni bæjarstjórnar Seyðisfjarðar, sem ekki þótti fært annað en verða við. Þegar útgerð Axels Kristjánssonar á Brimnesi lauk, var af hálfu fjmrn. þegar í stað gerð gangskör að því að krefjast reikningsskila. Þegar reikningsskil bárust rn., var skipuð skilanefnd til athugunar á þeim og til þess að hafa umsjón með endurskoðun reikninganna. Endurskoðunina framkvæmdu tveir starfsmenn ríkisendurskoðunarinnar á vegum skilanefndar. Eftir að endurskoðun var lokið og skilanefnd hafði afhent athugasemdir sínar, taldi fjmrn. rétt að fá umsögn ríkisendurskoðanda. Er málið nú til lokaathugunar í ráðuneytinu.

Að því er varðar hlutafélagið Ásfjall, hefur bú þess verið tekið til gjaldþrotaskipta og mun sæta venjulegri meðferð búa undir gjaldþrotaskiptum.

Flm. (Geir Gunnarsson): Hæstv. forseti. Það mál, sem hér er til umr., rakti ég svo ýtarlega á mánudaginn, að ég tel ekki ástæðu til að gera það öllu frekar að þessu sinni. Aðalatriðið er, að þetta mál komist nú sem fyrst til nefndar og fái afgreiðslu þar. En vegna ræðu hæstv. utanrrh., fyrrv. fjmrh., vildi ég aðeins benda á, að í ræðu hans s. l. mánudag kom fram alger viðurkenning á því, sem ég hafði haldið fram, að einu upplýsingarnar, sem fjmrn. aflaði sér um togarann Keili, áður en ríkisábyrgðin var veitt, voru frá Axel Kristjánssyni sjálfum.

Enn reyndi hæstv. ráðh. að gera þingið sekt í þessu máli, sem mun valda ríkissjóði 9 millj. kr. tjóni, þar sem ekkert kemur upp í tjónið. Allt, sem fyrir skipið fékkst, mun hafa farið til þess að greiða sjóveð og kostnað, sem ríkið hafði, meðan það átti skipið.

Hæstv. ráðh. hélt sér eingöngu við það, að Alþ. hefði samþ. ríkisábyrgðina, en hann sleppti að ræða þau skilyrði, sem sett voru í ábyrgðarheimildinni, bæði um gild veð og um upphæð ábyrgðarinnar. En eins og ég hef áður rakið, hefur hvort tveggja komið fram, að ófullnægjandi veð, reyndar einskis virði, voru tekin til tryggingar, án þess að leita annarra, og miklu hærri ábyrgð var veitt en þingið heimilaði.

Þá hélt hæstv. ráðh. því enn fram, að ríkisábyrgð sú, sem veitt var vegna togarans Keilis, hafi verið veitt með sama hætti og aðrar ríkisábyrgðir. Ég held, að rækilega hafi verið sýnt fram á, að ábyrgðin vegna Keilis var ekki veitt með venjulegum hætti, heldur mjög óvenjulegum og þó frekast alveg einstökum hætti. Þær ríkisábyrgðir, sem veittar höfðu verið áður samkv. samþykktum Alþingis, voru yfirleitt veittar vegna nýrra eða nýlegra skipa, en Keilir var 10 ára gamalt, úrelt og vélvana skip, sem opinbert fyrirtæki hafði áður hafnað að kaupa, vegna þess að það væri ónothæft fyrir Íslendinga. Auk þess var verð það, sem upp hefur verið gefið á togaranum, mjög tortryggilegt, þegar tekið er tillit til þess, á hvaða verði skipið hafði áður verið boðið. Það hefði því verið sérstök ástæða til þess fyrir fjmrn. að fara varlega og misnota ekki samþykktir Alþingis og gæta að skilyrðum þeim, sem Alþ. setti. Þá hafa þær ríkisábyrgðir, sem áður hafa verið veittar, yfirleitt verið til bæjarfélaga, þannig að viðkomandi bæjarfélag stendur áfram ábyrgt fyrir lánum, þótt útgerðin fari illa, og þó að það sé nú að takast að leggja ýmis togarafyrirtæki að velli, þá lifa væntanlega bæjarfélögin áfram og þrauka viðreisnarstefnuna. En hlutafélag, sem verður gjaldþrota af einni eða annarri ástæðu, gufar þar með upp og stendur í engri ábyrgð fyrir lánunum eftir það. Hér var önnur sérstök ástæða til þess að fara varlega og gæta þess, að ekki væru misnotaðar samþykktir Alþingis, enn eitt atriði, sem veldur því, að ríkisábyrgðin vegna Keilis er ekki með sama hætti og allar aðrar ríkisábyrgðir, eins og hæstv. ráðh. hélt fram. En það er öðru nær en að nokkur aðgæzla hafi verið viðhöfð í þessu efni. Það lá þegar fyrir, að hlutafé Ásfjalls h/f

nam aðeins 100 þús. kr. Ég veit í rauninni ekki, hvort það hefur dugað fyrir stimpilgjöldum. Og það nam aðeins 1/50 hluta af uppgefnu kaupverði togarans. Í ábyrgðarheimildinni frá Alþ. var kveðið á um, hversu miklu ábyrgð ríkissjóðs mætti nema, þ. e. a. s. allt að 4 millj. 320 þús. kr. En nú er í ljós komið, að ábyrgð hefur verið veitt á lánum, sem koma til með að kosta ríkissjóð um 9 millj. kr. í vöxtum og afborgunum eftir núverandi gengi. Þetta er líka atriði, sem er, sem betur fer, einstakt um ríkisábyrgðir. Það er því fráleit staðhæfing hjá hæstv. ráðh., að ríkisábyrgð vegna Keilis hafi verið veitt í einu og öllu með sama hætti og aðrar.

Eins og ég hef rakið, er hér í fjölmörgum atriðum um einstakt atferli að ræða, misbeitingu og brot á samþykktum Alþingis, og það er full ástæða fyrir hv. Alþ. að taka þegar í taumana, þegar svo er að farið, ella er óvíst um, hvað hinir hæstv. ráðherrar telja sér úr þessu heimilt.

Hæstv. ráðh. reyndi lítils háttar að koma fram með skýringar vegna Brimneshneykslisins. En eins og ég áður rakti, var skipið tekið undan allri útgerðarstjórn og einn einasti maður látinn um að gera skipið út á kostnað ríkissjóðs, og auk þess var það gert lengur út á ábyrgð ríkissjóðs en þingið hafði heimilað. Um það lítla, sem hæstv. ráðh. sagði um það mál, má segja nákvæmlega það sama og endurskoðendur ríkisreikninganna segja á einum stað í athugasemdum sínum með ríkisreikningnum 1960, um eitt af fylgiskjölum Axels Kristjánssonar í reikningum Brimness, en það er svo hljóðandi:

„Ekki hefur fengizt skýring á þessum lið, sem nokkurs virði er.“

Einar Olgeirsson: Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að taka mjög undir það, að orðið verði við því, sem till. til þál. á þskj. 203 fer fram á. Ég álít, að eftir að við höfum heyrt glögga framsögu af hálfu 1. flm. og ræður tveggja ráðh., þá sé orðið alveg greinilegt, að hér er um mál að ræða, sem Alþingi verður að láta til sín taka. Þetta er mál, sem má ekki eingöngu vera í stjórnarráðinu, eins og mér virðast dálitlar tilhneigingar koma fram til, bæði frá hæstv. fyrrv. og núv. fjmrh.

Höfuðatriði í þessu er, að Alþ. hefur veitt fjmrh. heimild til að ábyrgjast allt að 4 millj. 320 þús. kr. lán og það hefur raunverulega ábyrgzt miklu hærri upphæð. Og spurningin, sem þess vegna liggur fyrir, er sú: Hver er persónuleg ábyrgð fjmrh., — í þessu tilfelli mundi það vafalaust vera fyrrv. fjmrh., — á þessu atferli? Og það er hlutur, sem Alþ. verður að láta til sín taka, þannig að hér er um að ræða mál, sem hefur ekki aðeins þýðingu í þessu tilfelli, sem hér er um að ræða, heldur einnig framvegis. Ef það ætti t. d. framvegis að verða svo, að Alþ. samþykkir að heimila fjmrh. að taka ábyrgð upp á 1 millj. til einhvers og hann gengur síðan í 10 millj. kr. ábyrgð og sleppur með slíkt, þá er auðséð, að það er búið að afhenda algert einræðisvald í hendur viðkomandi fjmrh. yfir ábyrgðum ríkissjóðs. Og á sama tíma sem er verið að fara fram á, og er að sumu leyti tiltölulega skiljanlegt, einmitt af hálfu núv. hæstv. fjmrh., að það sé haft meira eftirlit með því af hálfu ríkisstj., hvernig farið er með og fer um ábyrgðir þær, sem Alþ. veitir, þá er ekki óeðlilegt, að Alþ. framfylgi sínum kröfum um ábyrgð fjmrh., hvernig hann fer með þær ábyrgðir, sem Alþ. hefur heimilað honum að ganga í. Hér er rannsóknaratriði á ferðinni, sem er alveg afgerandi fyrir allt vald Alþingis um fjárveitingar og um allt framtíðarhlutfall á milli Alþ. og fjmrh. í þessum efnum. Það hefur verið gengið í meiri ábyrgð en heimilað hefur verið með fjárlögum.

Hæstv. núv. fjmrh. hefur ekki í þeim fáu orðum, sem hann sagði, gefið neina yfirlýsingu um, hvernig hann áliti að ætti að taka á þessu broti. Það skil ég að ýmsu leyti vel. En það þýðir, að Alþ. verður því meira að láta til sín taka um, hvernig þarna skuli fara að. Raunverulega er brot fyrrv. fjmrh. ekki það eitt að hafa ábyrgzt meira en hann hafði heimild til frá hálfu Alþingis. Alþ. lagði líka áherzlu á í sinni samþykkt, að það væru settar tryggingar, sem *ríkisstj. skyldi meta gildar. Við höfum að vísu* ekki fengið enn þá upplýsingar um, hvaða tryggingar þetta voru, alveg til fulls, en eftir því sem bezt er vitað, þá er það aðeins skipið sjálft og kannske þessar 100 þús. kr. sem sé hlutaféð. M. ö. o.: það virðist ekki hafa verið gerð gangskör að því að fá neinar meiri tryggingar fyrir þessari ábyrgð ríkissjóðs. Þarna er sem sé í öðru lagi af hálfu fjmrh. um vanrækslu að ræða, um vanrækslu í að framkvæma það, sem Alþ. fól honum að gera. Og það sýnir, að það er brýn nauðsyn á, að Alþ. láti sjálft rannsaka þessi mál.

Ég verð að segja það, að mér finnst ekkert undarlegt, þó að hæstv. núv. og fyrrv. fjmrh. séu ekki langorðir um þetta mál, eins og nú er komið. Við munum eftir því, þegar þær ráðstafanir voru gerðar, sem hér er lagt til að rannsaka, þá var það á þessu vori einkaframtaksins, 1959, þegar sá fagnaðarboðskapur var fluttur, að nú ætti einkaframtakið alls staðar að bjarga öllu, og Axel Kristjánsson, sá mikli maður einkaframtaksins, átti að fara að bjarga þessum gjaldþrota togaraútgerðum utan af landi og reisa við togaraútgerðina í nýjum skipum og annað slíkt, — og nú sjáum við, hvernig þessi fagnaðarboðskapur hefur orðið í praxis, og við stöndum frammi fyrir rústunum af þessu og við þurfum að gera þær rústir upp.

Ég vil þess vegna mjög taka undir það, að þetta mál fái nú í fyrsta lagi góða rannsókn í fjhn. og fjhn. ræði við núv. og fyrrv. hæstv. fjmrh. um þetta mál, reyni sjálf að athuga þetta eins vel og hægt er, en síðan verði þetta mál, ef þá fjhn. ekki tekst að rannsaka það til fullnustu, þá verði þessi þáltill. samþ. og þessi rannsóknarnefnd sett á laggirnar. Það hefur frá upphafi þingræðisins á Íslandi verið eitt höfuðatriði, að Alþ. hefði í sínum höndum valdið í sambandi við fjárveitingar, ábyrgðir og annað slíkt, einmitt valdið gagnvart ríkisstj. á hverjum tíma. Og þetta er spurning um að halda á því valdi Alþingis og hafa fullt eftirlit með þessum málum, líka gagnvart hæstv. ríkisstj., hver sem hún er á hverjum tíma. Þess vegna álít ég, að fjhn.,

sem nú fær þetta mál til meðferðar, ætti að sjá til þess, að þetta mál hlyti afgreiðslu á þessu þingi. Það er það mikilvægt, ekki bara sem einstakt mál, heldur líka sem prófmál á vald Alþ. viðvíkjandi fjárveitingu og ábyrgð og eftirlit Alþ. gagnvart fjmrn. á hverjum tíma.

ATKVGR.

Till. vísað til fjhn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

Fyrirspurnir.

1. Rafstrengur til Vestmannaeyja.

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt:
Fsp. til raforkumrh. um lagningu rafstrengs til Vestmannaeyja [37. mál, 1] (A. 41).

Á 5. fundi í Sþ., 19. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Sþ., 27. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég hef ásamt tveim samþingismönnum mínum úr Suðurlandskjördæmi leyft mér að bera fram fyrirspurn, sem prentuð er á þskj. 41 og er á þessa leið:

„Hvað veldur því, að rafstrengur hefur enn ekki verið lagður frá orkuveitum ríkisins til Vestmannaeyja, þótt rafvæðingaráætlunin geri ráð fyrir lagningu hans 1960 og ráðherra upplýsti í fyrrahaust, að öllum tækniundirbúningi væri lokið og lögn sæstrengsins mundi fara fram síðari hluta júlímánaðar 1961?“

Mál þetta er svo vaxið, að þegar gerð var 10 ára áætlun um rafvæðingu landsins, þá var Vestmannaeyjakaupstaður settur með sæstreng frá rafveitum ríkisins uppi á landi á þá áætlun á árinu 1960. Þetta var að vísu seinna en allir aðrir kaupstaðir landsins, og þegar sýnt þótti, að undirbúningur að þessu máli gengi ekki eins greiðlega og æskilegt hefði mátt teljast, þá fluttum við Jóhann Þ. Jósefsson, þáverandi þm. Vestmannaeyjakaupstaðar, tillögu hér á Alþingi á árinu 1958, þar sem við lögðum til, að lagningu þessarar raftaugar yrði sérstaklega hraðað, og vitnuðum til þess, að þá þegar voru allir kaupstaðir landsins komnir í samband við raforkuveitur ríkisins utan Vestmannaeyjakaupstaður einn. Og þörfin þar var ákaflega brýn á því að fá samband frá raforkuveitum ríkisins allra hluta vegna, ekki síst vegna hins vaxandi fiskiðnaðar, sem stöðugt þarfnast meiri raforku þar á staðnum. Þessi tillaga var samþykkt á Alþingi, og lét Alþingi þar með í ljós ákveðinn vilja sinn um það, að þessari rafstrengslögn yrði hraðað sem mest mætti verða, og töldum við báðir flm. þeirrar till., að þar með ætti að geta verið nokkurn veginn tryggt, að lögn þessa rafstrengs yrði ekki síðar á ferðinni en 10 ára raforkuáætlunin gerði ráð fyrir.

En svo leið af sumarið 1960, þegar rafstrengurinn hefði átt að leggjast, án þess að þess sæjust nokkur merki, að hann væri á ferðinni, — það orkar ekki tvímælis, að slíka framkvæmd verður að framkvæma að sumrinu til, — og þar með var sýnt, að rafstrengurinn var orðinn á eftir áætlun. Þá leyfðum við okkur, þeir sömu þingmenn, sem nú gerum þessa fyrirspurn, sem hér er til umræðu, á s. l. hausti að gera fyrirspurn um það, hverju það sætti, að lagning þessa strengs drægist svo úr hömlu sem raun bar þá þegar orðið vitni. Hæstv. raforkumrh., Ingólfur Jónsson, svaraði fyrirspurninni þá og gaf upplýsingar, að milli hans ráðuneytis og raforkuveitna ríkisins hefðu farið bréf um málið. Í þeim bréfum var það upplýst, að þá væri öllum tæknilegum undirbúningi að verkinu lokið og ekkert væri því til fyrirstöðu, að rafstrengurinn yrði lagður í júlílok 1961, eins og þar upplýstist.

Í framhaldi af þessu má geta þess, að raforkuveitur ríkisins knúðu fast á Vestmannaeyjabæ um að gera samning um raforkukaup í gegnum þennan streng strax á árinu 1960. Þó að það sé nú annað mál, þá hygg ég, að raforkuveitur ríkisins hafi þar gert hagfelldari samning við Vestmannaeyjakaupstað en þær hafa yfirleitt gert við aðra raforkukaupendur, í skjóli þess, að Vestmanneyingar vildu ekki láta standa á neinu, sem í þeirra valdi kynni að standa, til þess að þessi strengur gæti komið sem allra fyrst í notkun. En það verður greinilega engin raforka seld til Vestmannaeyja frá raforkuveitum ríkisins á þessu yfirstandandi ári, og með því nú að þær dagsetningar, sem hér voru gefnar á s. l. hausti, hafa ekki staðizt og engar upplýsingar hafa komið fram af opinberri hálfu um það, hvað það er, sem hér um veldur, þá höfum við fyrirspyrjendur leyft okkur að gera þessa fyrirspurn, í trausti þess, að hæstv. raforkumrh. upplýsi það, hvað veldur þessari töf og hvenær megi vænta þess, að henni ljúki.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. fyrsti fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að í fyrra var því lýst hér yfir, að öllum tæknilegum undirbúningi til þess að leggja rafstreng til Vestmannaeyja væri lokið, og það var 14. nóv. 1960, sem gerð var pöntun á rafstrengnum frá dönsku firma. Það hafði farið fram nákvæm athugun á því, hvar væri hugsanlegt að gera hagkvæmust kaup, einnig á því, hvaða gerð af rafstreng væri heppilegust. Tæknilegum undirbúningi var lokið, og var gerð pönt-

un á 18.5 km streng og auk þess 1.5 km, sem átti að vera til vara, samtals 20 km. Pöntunin var þó gerð með þeim fyrirvara, að það mætti breyta lengdinni á strengnum, lengja hana eða stytta, ef ástæða þætti til við nánari rannsókn. Þegar verksmiðjan tók við pöntuninni, taldi hún líklegt, að hún gæti lokið við að fullgera strenginn það snemma s. l. sumar, að tími ynnist til að leggja strenginn, en það þykir ekki heppilegt að gera það á öðrum tíma en í júlí- eða ágústmánuði. Þegar leið á veturinn, þótti það sýnt, að strengurinn yrði ekki tilbúinn nægilega fljótt, til þess að hann yrði lagður s. l. sumar.

Þá vildi það til seinni part vetrar, að nokkrir menn hittust og voru að tala um það, að þetta væri ótrúlega löng lína, sem þyrfti milli lands og eyja. Einn minntist á það, að hann hefði alltaf heyrt, að þetta væri ekki nema 10—12 km vegalengd, en þarna væri gert ráð fyrir 18.5 km streng. Pétur Sigurðsson forstjóri landhelgisgæzlunnar kvaðst vera reiðubúinn að athuga, hvort ekki væri önnur leið styttri og heppilegri milli lands og eyja heldur en sú, sem verið hafði ákveðin. Og hann sagðist meira að segja hafa grun um, að það mætti finna grjótlausan botn skemmri leið. Og af þessum grun forstjórans, óljósum grun þó, var farið að athuga þetta nánar, og gerði landhelgisgæzlan nákvæma rannsókn á botninum á milli lands og eyja s. l. sumar. Sú rannsókn leiddi í ljós, að það fannst grjótlaus botn, og vegalengdin eftir þeirri leið er ekki nema 12.5 km, eða 6 km styttri en áður var ákveðið.

Það hefur þess vegna verið ákveðið að breyta um línu, og nú hefur pöntuninni verið breytt og verksmiðjunni tilkynnt, að strengurinn þurfi ekki að vera nema 12.5 km og 1 km til vara. Á þessu sparast stórfé, eða ⅓ þess kostnaðar, sem áður var áætlaður. Og jafnvel þó að ekkert annað hefði unnizt við þetta heldur en aðeins það, þá var það jafnvel tilvinnandi fyrir Vestmanneyinga að bíða í eitt ár, og þá sérstaklega vegna þess, að þeir eru ekki raforkulausir. Það var bætt úr því á þessu ári, að þeir fengu góða og stóra dísilvél til viðbótar því, sem þeir hafa, en það þykir nauðsynlegt í Vestmannaeyjum að hafa nægilega stórar varavélar, enda þótt rafstrengurinn sé kominn, því að það væri ekki hyggilegt að treysta eingöngu á hann, það getur komið fyrir, að hann slitni. Þótt ekki sé talið líklegt, að það verði, þá mun enginn Vestmanneyingur vilja eiga það undir strengnum einum, hvort rafmagn er þar eða ekki.

Ástæðan fyrir því, að strengurinn var ekki lagður á s. l. sumri, er fyrst og fremst sú, að verksmiðjan taldi sig ekki vera tilbúna nægilega fljótt í sumar, og að nokkru leyti kannske sú, að það var ekki rekið á eftir verksmiðjunni, þegar kom fram á vor, eftir að þessi grunur Péturs Sigurðssonar kom í ljós, að það fyndist mun styttri leið, einum þriðja styttri leið, sem unnt væri að nota fyrir strenginn, heldur en áður var. Og ég hygg, að það lái enginn raforkumálastjórninni, þótt verkinu hefði verið frestað aðeins af þessari einni ástæðu, því að þarna getur verið 3—4 millj. kr. sparnaður frá því, sem áður var reiknað með. En nú er talið, að verksmiðjan hafi rafstrenginn tilbúinn á þessum vetri, og það ætti því ekki að vera nokkur vafi á því, að hann verði lagður á bezta tíma næsta sumar.

Fyrirspyrjandi (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra þær upplýsingar, sem hann hér hefur gefið, um leið og ég harma það, að þær upplýsingar, sem hér voru gefnar í fyrrahaust, skuli hafa reynzt rangar, um það, hvenær strengsins væri að vænta, og eins hinar upplýsingarnar á svo ótraustum grunni reistar sem nú er komið fram, að tæknilegum undirbúningi að lagningu hans hafi verið lokið þá.

En nú hefur sem sagt hæstv. raforkumrh. upplýst, hvað töfinni veldur eða hvernig í töfinni liggur, og einnig gefið hér yfirlýsingu um það, að strengurinn muni verða tilbúinn á þessum vetri og lagður á bezta tíma næsta sumar, sem ég ætla að þýði eins árs frestun eða því sem næst frá því, sem hann taldi í fyrrahaust.

En það er aðeins ein spurning, sem vaknar hjá mér, áður en ég skilst við þetta mál, í tilefni af þeim upplýsingum sem fram hafa komið.

Málum er þannig háttað, eins og ég vék að hér áðan, að Vestmannaeyjabær eða rafveitan í Vestmannaeyjum var knúin til þess á árinu 1960 að gera samning um kaup á raforkunni, og sá samningur var þannig úr garði gerður, að ég ætla, að raforkuveitur ríkisins hafi ekki áður gert samning um jafndýra sölu á raforku og þar var gert. Sá samningur var að verulegu leyti gerður undir þeirri pressu, að ef einhver dráttur kynni að verða á um samninginn, þá gæti það orðið til þess að tefja lagningu strengsins.

Vestmanneyingum var að sjálfsögðu sýnt fram á þann kostnað, sem af lagningu þessa strengs mundi leiða, þegar verðið var ákveðið á raforkunni. Nú upplýsir hæstv. ráðherra, að fundizt hafi með betri tæknilegum undirbúningi miklu skemmri leið, sem þessi dýri strengur þarf að liggja um, þannig að í sæstreng muni sparast um það bil 6 km langur kafli, og hann nefndi hér nokkrar millj., sem þetta mundi spara í kostnaði við lagningu strengsins. Nú vildi ég að þessu upplýstu beina þeirri viðbótarspurningu til hæstv. ráðh., hvort honum þætti ekki eðlilegt og hvort hann vildi ekki beita sér fyrir því, að sá sölusamningur á rafmagni, sem þegar hefur verið gerður við Vestmannaeyjakaupstað á röngum kostnaðarforsendum, verði endurskoðaður og Vestmanneyingum gefist kostur á því að semja upp á nýtt um kaup á þessari raforku og þá væntanlega þeim mun ódýrari sem hér er meiri sparnaður væntanlegur í rafstrengslögninni.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi harmar það, að upplýsingar þær, sem gefnar voru hér fyrir ári, reyndust ekki réttar, tæknilegum undirbúningi hafi raunverulega ekki verið lokið. Tæknilegum undirbúningi var lokið, að áliti raforkumálaskrifstofunnar, raforkumálastjóra, og það var vitanlega ekkert því til fyrirstöðu að leggja strenginn á milli lands og eyja þá leið, sem þá var ákveðin. En það var, þegar hik kom á verksmiðjuna um, að hún gæti afgreitt strenginn nægilega fljótt s. l.

sumar, til þess að unnt væri að leggja hann þá, næstum af tilviljun í samtali við Pétur Sigurðsson forstjóra landhelgisgæzlunnar, að sá hlutur kom upp, að það væri ef til vill hægt að finna styttri leið. Og það má þakka það í rauninni Pétri Sigurðssyni forstjóra, að þessi leið fannst. Hann átti uppástunguna að því, af því að hann hafði óljósan grun um, að hún væri fyrir hendi.

Þetta þýðir ekki, að það hafi ekki verið tæknilega lokið við undirbúning með hinni fyrri og dýrari leið. Hitt er svo ekkert undrunarefni, þó að Vestmannaeyjabær hafi gert orkukaupasamning, áður en ákveðið var að leggja strenginn. Raforkumálastjórnin hlýtur að hafa þann hátt á, áður en ráðizt er í verk, að tryggja sér það, að þeir, sem á að vinna verkið fyrir, vilji nota það. Og það var farið að með Vestmannaeyjar alveg eins og aðra kaupstaði og kauptún, sem rafmagnsveiturnar hafa afskipti af.

Það, hvort þessi orkukaupasamningur hefur verið óhagstæður fyrir Vestmannaeyjar og sérstaklega hagstæður fyrir rafmagnsveiturnar, hef ég ekki sett mig inn í. En það kemur mér alveg á óvart, ef þessi samningur hefur verið knúinn fram undir einhverri sérstakri pressu. Ég held, að þessi samningur hafi verið gerður af frjálsum og fúsum vilja af báðum aðilum og að bæjarstjórn Vestmannaeyja hafi gert sér það ljóst, að því aðeins gat hún fengið rafstrenginn, að þessi samningur væri gerður. Að sjálfsögðu er eðlilegt, að það yrði athugað á ný, hvort Vestmannaeyjar geta í einhverju notið góðs af því, að strengurinn er ódýrari en áætlað var. Og ef svo mætti fara, þá hygg ég, að hv. 6. þm. Sunnl. telji tæplega ástæðu til að vera með hálfgerðar ákúrur hér fyrir það, að þetta verk verður unnið á ódýrari máta en annars hefði orðið. Og um leið og menn óska eftir því, að verkum sé hraðað, þá er hitt ekki síður nauðsynlegt, að undirbúningur allur sé hinn bezti, sem hann getur orðið. Og mér finnst satt að segja, að einmitt þetta, að það skyldi vera unnt að stytta rafstrenginn til Vestmannaeyja um ⅓, bendi okkur á, að jafnvel oftar, ekki bara í rafmagnsmálum, heldur og í hinum ýmsu verklegu framkvæmdum hér á landi, beri hverju sinni að undirbúa hvert verk svo vel sem föng eru á, því að þannig mætti áreiðanlega á mörgum sviðum spara stórar fjárhæðir fram yfir það, sem áður hefur verið gert.

2. Hækkun framfærsluvísitölu.

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt:

Fsp. til viðskmrh. um hækkun framfærsluvísitölu [37. mál, 2] (A. 41).

Á 5. fundi í Sþ., 19. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Sþ., 27. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér fsp. til hæstv. viðskmrh. um hækkun framfærsluvísitölu. Fsp. er á þessa leið:

„Hvað er gert ráð fyrir, að framfærsluvísitalan hækki mikið frá því, sem hún var í júnímánuði s. l., þegar full áhrif allra þeirra verðhækkana, sem nú er vitað um, eru komin fram? Hvernig skiptist þessi hækkun: a) Vegna kauphækkana? b) Vegna gengislækkunarinnar síðustu? c) Vegna hækkaðrar álagningar, sem leyfð hefur verið á vörur og þjónustu? d) Af öðrum ástæðum og þá hverjum?“

Mér er kunnugt um það, að lengi hefur það verið svo, að ríkisstj. hefur talið sér skylt að fylgjast með því á hverjum tíma, hvaða breytingum framfærsluvísitalan muni taka með tilliti til þeirra almennu aðgerða, sem gerðar hafa verið í landinu á hverjum tíma. Nú liggur það fyrir, að nokkur hækkun muni verða á vísitölunni vegna almennra kauphækkana, sem voru á s. l. sumri, og einnig að sjálfsögðu vegna gengislækkunarinnar, sem samþ. var í ágústmánuði, þá koma hér einnig til áhrifa breytingar þær, sem gerðar hafa verið á almennum álagningarreglum. Ég tel því víst, að hæstv. ríkisstj. hafi látið eins og að undanförnu athuga um þessi mál, en vildi mjög gjarnan fá hér upplýst á Alþingi, við hverju má búast í sambandi við hækkun vísitölunnar á næstu mánuðum samkvæmt þessum athugunum og hvernig þá þessi áætlaða hækkun skiptist á þessa liði, sem tilgreindir eru í fsp., því að það gefur manni strax nokkrar upplýsingar um það, hvernig þetta mál stendur sem heild. Ég vænti svo, að hæstv. ráðh. treysti sér til þess að svara fsp., eins og hún er hér lögð fram.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Spurt er um það, hvað gert sé ráð fyrir, að framfærsluvísitalan hækki mikið frá því, sem hún var í júnímánuði s. l., þegar full áhrif allra þeirra verðhækkana, sem nú er vitað um, séu komin fram.

1. júlí s. l. var vísitalan 105 stig. Hagstofan gerði fyrir nokkru áætlun um, hversu mikið vísitalan mundi hækka vegna þeirra kauphækkana, sem samið var um á s. l. sumri, og vegna gengisbreytingarinnar, sem í kjölfar þeirra sigldi, og af öðrum ástæðum. Hagstofan telur, að vísitalan muni hækka um 14 stig eða í 119 stig.

Þá er um það spurt, hversu mikið af þessari hækkun eigi rót sína að rekja til kauphækkana, til gengislækkunarinnar síðustu, til hækkaðrar álagningar, sem leyfð hefur verið á vörum og þjónustu, og til annarra ástæðna. Kauphækkanirnar hækka vísitöluna um 5.1 stig, en 1.2 stig af þessum 5.1 stigi eiga rót sína að rekja til kauphækkana við vörudreifingu, sem taka varð tillit til með hækkaðri álagningu í krónum. Gengislækkunin hækkar vísitöluna um 6.1 stig. 0.7 stig af þessu 6.1 stigi eiga rót sína að rekja til hækkaðs rekstrarkostnaðar við vörudreifingu vegna gengislækkunarinnar, en til þessa aukna rekstrarkostnaðar hefur orðið að taka tillit í álagningu. Vísitalan hækkar um 0.4 stig

vegna þess, að álagning hefur verið hækkuð nokkuð umfram það, sem beinlínis leiddi af kauphækkunum og gengislækkuninni. Ýmsar aðrar ástæður valda því, að vísitalan hækkar um 3.6 stig, svo sem fiskverðshækkun í ágústmánuði, annars vegar vegna hærra fiskverðs til skipa frá byrjun vetrarvertíðar 1961 og hins vegar vegna hækkaðrar álagningar, vegna hækkunar á útsvarslið vísitölunnar, á almannatryggingagjaldi og kirkjugjaldi, vegna hækkunar á verði dagblaða, á strætisvagnagjöldum, hitaveitu o. fl. umfram það, sem telja má beina afleiðingu kauphækkana og gengislækkunar. Enn fremur er hér um að ræða hækkun á landbúnaðarvöruverði vegna hækkunar á svonefndu kaupi bóndans í grundvelli landbúnaðarvöruverðs, í kjölfar hækkunar tekna verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna. Þessar hækkanir nema samtals 15.2 stigum, en frá því dregst væntanleg hækkun fjölskyldubóta um 13.8%, sem svarar til 1.2 stiga, þannig að nettóhækkun vísitölunnar verður 14 stig, svo sem ég gat um áðan. Af þessum 14 stigum, sem vitað er nú um að vísitalan muni hækka umfram það, sem hún var 1. júlí s. l., eiga 10.4 stig rót sína til að rekja til kauphækkunarinnar s. l. sumar, sem nam 13—19%, og gengisbreytingarinnar í ágúst. En þessi 10.4 stig fást þannig, að verðhækkunin brúttó nemur 11.6 stigum, en frá því verður að draga 1.2 stiga lækkun á vísitölunni vegna hækkaðra fjölskyldubóta, sem nema 13.8%

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið hér. Ég býst við, að það megi átta sig betur á þeim með því að fá þær til yfirlesturs, því að hér er um margar tölur að ræða og hlaupið þar úr einu í annað. Hins vegar vil ég strax vekja athygli á því í sambandi við þetta mál, að upplýst er, að heildarhækkunin á vísitölunni muni nú verða um 14 stig eða þó öllu heldur um 15 stig frá því í júnímánuði, að mér skilst, miðað við það, sem ég miðaði mína fsp. við. Af þessari hækkun, 14 stigum, telst vegna kauphækkana vera um að ræða beinlínis 3.9 stig, eða eins og hæstv. ráðh. sagði 5.1 stig, en þar af 1.2 stig, sem eru vegna sérstakrar vörudreifingar. En hins vegar er um að ræða beina hækkun af völdum gengislækkunarinnar á vísitölunni, sem nemur 6.1 stig. Það, sem mér þykir þó athyglisverðast í þessu, er, um hvað mikla hækkun er að ræða á vísitölunni vegna annarra verðlagsbreytinga, sem leyfðar hafa verið. En þar skildist mér, að um væri að ræða 3.6 stiga hækkun á vísitölunni vegna annarra verðlagsbreytinga, sem samþykktar hafa verið og ekki koma beinlínis við, hvorki kauphækkunum né gengislækkuninni sem slíkri.

Ég þakka sem sagt hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið hér, og vænti þess, að mér gefist kostur á að athuga þessar upplýsingar betur en hægt er að átta sig á þeim við snöggan yfirlestur.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta það, sem fram kom í síðari ræðu hv. fyrirspyrjanda, þar sem hann sagði, að sú hækkun vísitölunnar, sem leiddi af kauphækkuninni, nemi 3.9 stigum af henni, eins og hann orðaði það, en sú hækkun hennar, sem leiddi af gengisbreytingunni nemi hins vegar 6.1 stigi. Það kom skýrt fram í því, sem ég sagði, að fyrri talan, sem hann þarna nefndi, er ekki rétt. Sú hækkun vísitölunnar, sem leiðir af kauphækkunum, er ekki 3.9 stig, heldur 5.1 stig, vegna þess að kaup hækkaði að sjálfsögðu einnig við vörudreifingu, kaup verzlunarmanna hækkaði, eins og öllum er kunnugt, og það er enginn eðlismunur á þeirri kauphækkun, sem verzlunarmenn sömdu um í sínum samningum, og þeirri kauphækkun, sem sjómenn eða píputagningamenn sömdu um í sínum samningum, og þess vegna er ekki unnt, ef menn vilja greina rétt og satt frá áhrifum kauphækkunarinnar á vísitölu eða verðlag, að greina á milli þeirrar hækkunar, sem varð hjá t. d. verkamönnum og iðnaðarmönnum annars vegar og hjá verzlunarmönnum hins vegar, en það er það, sem hv. fyrirspyrjandi gerði, þegar hann nefndi það, að kauphækkunin hefði aðeins valdið 3.9 stiga hækkun. Þá er sem sagt sleppt áhrifunum af þeirri kauphækkun, sem varð hjá verzlunarmönnum og að sjálfsögðu varð að taka tillit til við ákvörðun á seldri þjónustu verzlunarinnar, rétt eins og það hefur orðið að taka tillit til áhrifa af kauphækkunum verkamanna og iðnaðarmanna við ákvörðun á verði þeirrar vöru og þjónustu, sem þessar stéttir vinna við. Tölurnar, sem um er að ræða, eru þær, að kauphækkanirnar eiga 5.1 stig af þessari 14 stiga hækkun, en gengislækkunin 6.1 stig af henni.

Þá sagði hv. fyrirspyrjandi, að 3.6 stig af þessari 14 stiga hækkun ættu rót sína að rekja til verðhækkana, sem leyfðar hefðu verið, en væru óskyldar kauphækkuninni eða gengisbreytingunni. Þetta er ekki heldur alls kostar rétt, og vil ég ekki lá hv. fyrirspyrjanda það, því að eins og hann sagði, er hér um að ræða margar tölur og flókið efni og e. t. v. ekki gott að átta sig á því, sem í svari felst, við að heyra það lesið, svo sem ég gerði hér áðan. En það kom þó greinilega fram í svari mínu, að þessi 3.6 stig eiga rót sína að rekja til margs konar hækkana, sem eru óskyldar hækkun á kaupi og gengisbreytingu, umfram það, sem telja má beina afleiðingu kauphækkana og gengislækkunarinnar. En um orsakir margra af þessum hækkunum var vitað, áður en til kauphækkananna kom og áður en til gengisbreytingarinnar kom í ágúst s. l., og aðdragandi sumra af þessum hækkunum var þegar orðinn um það bil ársgamall. Hér er yfirleitt um að ræða hækkanir, sem varla mun vera hægt að deila um að óhjákvæmilegar hafi verið og í raun og veru var búið að taka ákvörðun um fyrir löngu, án þess þó að þær hafi allar komið til framkvæmda. Nokkrar þeirra voru þegar komnar til framkvæmda, áður en til gengislækkunarinnar var gripið, þar sem þessi samanburður, sem hér er um að ræða, er miðaður við 1. júlí s. l., en gengisbreytingin varð ekki fyrr en í ágúst.

Ég skal gefa upplýsingar til viðbótar við það, sem ég sagði áðan, um þær hækkanir, sem standa ekki í sambandi við kauphækkunina eða

gengisbreytinguna. En sundurliðun á þessum hækkunum er þannig:

Hækkun á útsvarslið vísitölunnar nemur 1 stigi. Hækkun á almannatryggingagjaldi nemur 0.4 stigum. Hækkun á kirkjugjaldi nemur 0.1 stigi. Hækkun á fiskverði nemur 0.6 stigum, hækkanir á erlendum vörum 0.4 stigum og ýmsar smávægilegar hækkanir 0.3 stigum. Þessar hækkanir, sem ég nú hef nefnt, svara til 2.8 stiga í vísitölunni. Þá er liðurinn kaup bóndans í verðlagi landbúnaðarvara, vísitöluhækkun á honum um 1.3. stig, þannig að heildarhækkunin á þessum liðum nemur 4.1 stigi. Vegna kaupgjaldshækkunar og gengisbreytingar hefur vísitalan hækkað um 11.6 stig, þannig að þessar hækkanir nema samtals 15.7 stigum. Vísitalan lækkar aftur vegna 13.8% hækkunar á fjölskyldubótum sem svarar 1.2 stigum, þannig að alveg nákvæmlega reiknað nemur hækkunin 14.5 stigum. Þetta hálfa stig, sem hér er um að ræða, á rót sína að rekja til þess, að vísitalan var talin nema 105 stigum 1. júlí. Hún er alltaf gefin upp í heilum stigum, en með brotum reiknað nam hún 104.5 stigum.

Það, sem hér er því í raun og veru merguinn málsins. og það, sem skiptir eflaust mestu máli fyrir hv. fyrirspyrjanda að upplýsa um, er, að þær hækkanir, sem hafa orðið eða munu verða á vísitölunni í framhaldi af 13—19% kauphækkun í sumar og gengisbreytingunni í ágúst, munu nema 10.4 stigum nettó, þ. e. a. s. 11.6 stigum brúttó mínus 1.2 stig vegna hækkunar fjölskyldubótanna. Það, sem kauphækkanirnar um 13—19% og gengislækkunin hafa því valdið af hækkunum í vísitölunni, nemur því nettó 10.4 stigum. Engin stétt mun hafa fengið minni kauphækkun en sem nemur 13% og sumar stéttir 19%. Þær stéttir, sem minnsta kauphækkun hafa fengið, hafa því fengið um það bil 3% meira í kauphækkun en svarar þeirri hækkun vísitölunnar, sem af kauphækkunum og gengislækkuninni leiddi. Þær stéttir, sem minnsta kauphækkun fengu, halda því eftir u. þ. b. 3% af þeirri kauphækkun, sem þær fengu, og aðrar þeim mun meira sem kauphækkunin var meiri.

Þannig er þetta, ef litið er á áhrif kauphækkananna og gengisbreytingarinnar og afleiðingar þessara ráðstafana út af fyrir sig. Hitt er svo annað mál, að vísitalan hefur af öðrum ástæðum hækkað um meira en þessi 11.6 stig, þ. e. a. s. um 14 stig, en sú hækkun hefði reynzt óhjákvæmileg, hvort sem um nokkra kauphækkun eða gengisbreytingu hefði orðið að ræða eða ekki.

---

3. Öryggisráðstafanir á leiðinni Reykjavík—Hafnarfjörður.

Á 7. fundi í Sþ., 25. okt., var útbýtt:

Fsp. til samgmrh. um öryggisráðstafanir á leiðinni Reykjavík—Hafnarfjörður [49. mál] (A. 58).

Á 9. fundi Sþ., 26. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Sþ., 1. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 8. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Sveinn S. Einarsson): Herra forseti. Á síðasta Alþingi fluttu hv. 3. þm. Reykn., hv. 1. landsk. og hv. 8. landsk. till. til þál. um umferðaröryggi á leiðinni Reykjavík-Hafnarfjörður. Till. þessi hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta í samráði við vegamálastjóra gera athugun á því, á hvern hátt hægt sé að tryggja betur öryggi vegfarenda á leiðinni Reykjavík—Hafnarfjörður en nú er gert, og verði þær úrbætur, sem gerðar verða, miðaðar við lagningu tvöfaldrar akbrautar."

Þáltill. þessi var samþykkt samhljóða, og hafði hv. fjvn. áður mælt með samþykkt hennar. Frsm. fjvn., hv. 6. þm. Norðurl. e., benti á það í umr. um till. þessa, að samkvæmt umferðartalningu vegamálastjórnarinnar hefðu í júlí til október 1960 að meðaltali 10 630 bílar á dag farið yfir brúna á Fossvogslæk og 5250 yfir brúna á Kópavogslæk. Þessi hv. þm. skýrði enn fremur frá því, að samkvæmt skýrslu vegamálastjóra væri talið, ef ég má — með leyfi hæstv. forseta — lesa orðrétt, „að vegur með einni akbraut í hvora átt geti ekki með góðu móti annað meiri umferð en 9—10 þúsund bílum á dag. Haldi byggðin í Kópavogi, Garðahreppi og Silfurtúni áfram að aukast með svipuðum hraða og verið hefur, verður orðið fullkomið umferðaröngþveiti á núverandi vegi milli Reykjavíkur og Kópavogs og umferðin sunnan við Kópavogslæk mun þá einnig komin yfir það hámark, sem núverandi vegur getur annað".

Ég þarf hér engu við að bæta öðru en því að undirstrika, að vöxtur umræddra byggða hefur haldið áfram með sízt minni hraða en áður var, enda sér þess glögg merki á umferðinni á umræddum vegi.

Mér er að sjálfsögðu ljóst, að undirbúningur aðgerða í þessu mikla vandamáli tekur óhjákvæmilega nokkurn tíma. En ég vil leyfa mér að minna á, að miklir hagsmunir reka á eftir, að þessum aðgerðum sé hraðað, eftir því sem kostur er. Ekki aðeins er um sérstakt vandamál að ræða fyrir Kópavogsbæ, þar sem þessi mikla gegnumgangandi umferð fer um hjarta bæjarins þvert á leið tuga eða hundraða unglinga á ferð til skóla, auk allra þeirra, sem fara í eða úr almenningsvögnum á þessum vegi, heldur er þessi vegur einnig aðalumferðaræð byggða með nálægt 20 þús. íbúa sunnan Fossvogslækjar.

Herra forseti. Með tilliti til þessa hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fyrirspurn til hæstv. samgmrh., sem prentuð er á þskj. 58:

„Hvað líður framkvæmd þáltill. þeirrar, sem samþ. var á síðasta Alþingi um aukið umferðaröryggi á leiðinni Reykjavík—Hafnarfjörður?"

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í tilefni af þeirri þál., sem samþykkt var á síðasta Alþingi, var vegamálastjóra skrifað og hann beðinn að gera athugun á þessu, eftir því sem föng væru á. En tími hefur verið naumur, verkfræðingar fáir, og þess vegna er þessari athugun ekki lokið, enda þarf líka fleira að koma til, til þess að hægt sé að gera fullnaðarathugun á þessu, t. d. það að gera fullkomið skipulag um Kópavog og á þessu svæði. En í tilefni af þessum athugunum hefur vegamálastjóri sent frá sér svo hljóðandi greinargerð, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þingsályktun þessari er beinlínis tekið fram, að þær úrbætur, sem gera skuli, eigi að miðast við lagningu tvöfaldrar akbrautar, þ. e. tvöfaldrar akbrautar til viðbótar þeim tveim akbrautum, sem fyrir eru. Er það ærið verkefni, þótt ekki væri tekið fyrir nema sá hluti vegarins, *sem ríkið sér nú algerlega um viðhald* á, þ. e. frá hitaveitustokk á Öskjuhlíð að frystihúsinu Frost norðan við Hafnarfjörð, en þetta eru alls 7.3 km. Tæplega kemur þó til greina tvöföld akbraut í hvora átt lengra en að Álftanesvegamótum, en þar greinist vegurinn ofan við Hafnarfjörð frá vegi til Hafnarfjarðar, en við það styttist leiðin með tvöföldum akbrautum í 6.3 km. Með bréfi til rn., dags. 6. des. 1960, var sent samrit af grg. um ofangreinda þál. til fjvn., dags. 24. nóv. sama ár. Var þar á það *bent, að umferðin á kaflanum Miklatorg—Foss*vogslækur hafi á s. l. ári verið orðin yfir 10 þús. bifreiðar á dag, en um helmingur þessarar umferðar fer áfram suður fyrir Kópavog og um Kópavogsbrú, eða um 5 þús. bifreiðar á dag. Umferð um Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur hefur aukizt mjög hratt á undanförnum árum, eins og sjá má á eftirfarandi: 1955 var umferðin um Fossvogslæk 5125 bifreiðar, 1960 10 630 bifreiðar og áætlað 1965 16 000 bifreiðar. Um Kópavogslæk var umferðin 1955 2600 bifreiðar, 1960 5250 bifreiðar og áætlað 1965 80 000 bifreiðar. Um Kapelluhraun var umferðin 1955 730 bifreiðar, 1960 1055 og áætlað 1965 1500 bifreiðar. Er þá gert ráð fyrir því, að aukning byggðar í Kópavogskaupstað og Garðahreppi verði svipuð á næstu fimm árum og verið hefur. Aukist byggðin hraðar, mun umferðin að sjálfsögðu aukast að sama skapi, þar sem flest það fólk, sem bætist við í þessum byggðarlögum, stundar atvinnu í Reykjavík eða Hafnarfirði.

Þar sem vegur með einni akbraut í hvora átt annar ekki með góðu móti meira en 10 þús. bifreiðum á dag, er ljóst, að tvöfaldar akbrautir í hvora átt þurfa að vera komnar frá Miklatorgi að Kópavogslæk 1965 og fljótt þar á eftir, a. m. k. fyrir 1970, alveg að Álftanesvegamótum. Kaflar þeir, sem byggja þarf á tvöfaldar akbrautir, eru eins og hér segir:

Fyrsti kafli Miklatorg—hitaveitustokkur, áætlað 1961—1965, það er 1.05 km, og er gert ráð fyrir, að Reykjavíkurbær geri þetta. Annar kafli, hita*veitustokkur að Fossvogi, áætluð framkvæmd* 1961—1965 1.55 km. Þriðji kafli, Fossvogslækur—Kópavogslækur, einnig áætlað að framkvæma 1961—1965, 1.65 km. Og fjórði kafli Kópavogslækur—Álftanesvegamót 1965—1970, 3.10 km. Þetta eru samtals 6.3 km, sem ríkið ætti að sjá fyrir, en 1.05 km, sem kæmu beint á Reykjavíkurbæ.

Samkvæmt þeim áætlunum, sem nú eru til hjá Reykjavíkurbæ um aðalumferðaræðar í bæjarfélaginu, þá mun ekki gert ráð fyrir því, að Reykjanesbraut verði byggð með tvöföldum akbrautum frá Miklatorgi og suður í Fossvog, en *hins vegar gert ráð fyrir því*, að Kringlumýrarbraut hafi tvöfaldar akbrautir og taki við miklu af umferð um Reykjanesbraut úr Fossvogi á Miklubraut og yfir á núverandi Suðurlandsveg. Enn er ekkert afráðið um það, hvernig Kringlumýrarbraut tengist við Reykjanesbraut, og verður tæpast fyrr en gengið hefur verið frá skipulagi á þessu svæði, en það verður, eins og áður er getið, fyrst á árinu 1962. Ég tel ólíklegt, að framkvæmdum við Kringlumýrarbraut og Miklubraut verði það langt komið, að hægt verði að hleypa á þær teljandi umferð af Reykjanesbraut fyrr en á árunum 1963—1964 eða jafnvel síðar.

Þriðji kaflinn, Fossvogslækur—Kópavogslækur: Á skipulagsuppdrætti þeim, sem nú er byggt eftir í Kópavogskaupstað, er gert ráð fyrir fjórum akbrautum á Reykjanesbraut í Kópavogi, en jafnframt nokkurri breytingu á legu núverandi akbrauta norðan í Kópavogshálsi. Þessi skipulagsuppdráttur hefur þó ekki verið staðfestur, og komið hefur til orða að breyta honum allverulega á Kópavogshálsi eða jafnvel efna til samkeppni um skipulag á því svæði. Er þá að sjálfsögðu ekki auðið að hefja lagningu nýrra akbrauta við Reykjanesbraut, fyrr en því verki er lokið. Virðist því eins og er ekki auðgert að hefja framkvæmdir á lagningu nýrra akbrauta á þessu svæði.

Kaflinn Kópavogslækur—Álftanesvegamót: Á þessu svæði hefur einnig verið gert ráð fyrir fjórum akbrautum á skipulagstillögum, sem þó hafa ekki verið staðfestar. Eins og er tel ég ekki, að veruleg vandkvæði væru á því að byrja undirbúning framkvæmda á þessum kafla af þeim ástæðum. En að mínu áliti ætti ekki að þurfa að byggja hér fjórar akbrautir umferðarinnar vegna fyrr en 1965.

Af framangreindu er ljóst, að á þeim hlutum Reykjanesbrautar eða kafla I—III, sem nauðsyn ber til að leggja á fjórar akbrautir, er af skipulagsástæðum ekki unnt að hefja undirbúning framkvæmda alveg á næstunni. Hins vegar er án efa hægt að gera ýmsar bráðabirgðaráðstafanir *á núverandi vegi til þess að draga úr slysahættu* og þá einkum að tryggja betur en nú er öryggi gangandi fólks. Á þetta ekki hvað síst við um kafla III, en mikil umferð gangandi fólks og barna er yfir veginn á Kópavogshæð. Hafa komið fram ákveðnar raddir í Kópavogskaupstað um það, að byggja þurfi jarðgöng undir veginn fyrir gangandi umferð og sérstaklega umferð skólabarna. Slíkt er að sjálfsögðu mjög kostnaðarsöm framkvæmd og tæpast í það leggjandi, nema slíkt mannvirki geti síðar meir fallið inn í framtíðarskipulag umferðar á þessu svæði. Þyrfti þá án efa að girða af veginn að mestu í Kópavogi, til þess að tryggja það, að slík göng yrðu notuð. Einnig þyrfti að fjarlægja þá starfsemi

frá veginum á Kópavogshæð, sem ekki á þar beinlínis heima, svo sem leigubifreiðastæði og benzínstöðvar. Einnig kæmi til mála að láta setja uppi á hæðinni sérstök umferðarljós fyrir gangandi fólk, og yrði það án efa margfalt kostnaðarminna en bygging jarðganga undir veginn. Það má einnig benda á það, að ástæða væri til að breikka núverandi brýr á Fossvogslæk, Kópavogslæk og Hraunsholtslæk, svo að gangandi fólk geti verið þar óhult, og jafnframt þyrfti að ganga frá gangstígum meðfram veginum, bæði í Kópavogi, Silfurtúni og einnig í Fossvogi.

Með tilvísun til þess, er að framan greinir, virðist mér ekki auðgert að hefja nú þegar vinnu við áætlanir um lagningu tveggja nýrra akbrauta á kafla I—III, en hins vegar vildi ég leggja til, að athugað yrði vandlega, hvaða úrbætur til bráðabirgða gætu aukið á umferðaröryggi yfir Reykjanesbraut frá því, sem nú er, og reyna jafnframt að láta hraða þeim athugunum á skipulagi, sem gera verður, áður en endanlegar áætlanir er hægt að gera um lagningu tveggja nýrra akbrauta á ofangreindum vegaköflum."

Af þessari skýrslu er ljóst, að ekki er auðvelt að framkvæma fljótt það, sem í þál. felst. En eigi að síður ber að athuga vandlega úrbætur til bráðabirgða, sem miða að því að auka umferðaröryggi um Reykjanesbraut, og jafnframt að hafa til athugunar að hraða skipulagi, sem gera verður í Kópavogi, áður en unnið verður að frambúðaröryggi á þessum stað. Vegamálastjóri hefur lofað því að gera þessar athuganir svo fljótt sem auðið verður, en það hefur tafizt af eðlilegum ástæðum, þar sem hann hefur nú um sinn ekki nema lítinn vinnukraft til þess að framkvæma þetta. En sem sagt, hann hefur lofað að gera það svo fljótt sem auðið verður.

Fyrirspyrjandi (Sveinn S. Einarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgmrh. fyrir þau greinargóðu svör, sem hann hefur hér gefið við fsp. minni, og það er ljóst af þeim, að það eru að sjálfsögðu verulegir praktískir örðugleikar á því að koma í framkvæmd endanlegri lausn þessa vandamáls, sem sé þeirri, að byggðar séu tvöfaldar akbrautir alla leiðina. En ég vil taka undir það og ég vil þakka þau orð ráðh., sem hann lét falla um það, að það yrði lögð megináherzla á að gera þær bráðabirgðaráðstafanir, sem í bili gætu bægt frá þeirri gífurlegu slysahættu, sem þarna er á vissum stöðum á veginum, bæði á brúnum, þar sem, eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðh., er í rauninni enginn staður fyrir gangandi fólk, eins með því að merkja og leggja gangstéttir, þar sem gangandi umferð er mest, og svo koma vissulega til athugunar umferðarljós. Og ég vil benda á eitt atriði, sem kostar ekki mikið, en er mikið öryggisatriði, og það er að setja „eyjar" á miðjum veginum, þar sem fólk þarf að ganga yfir, eins og t. d. uppi á há-Kópavogshálsinum við biðskýlið, sem þar er. Þar stanza almenningsvagnar beggja vegna, en það er enginn hlutur, engin „eyja" á veginum, sem skilur umferðina, sem þarna kemur frá báðum áttum. Bara þetta litla atriði, sem er tiltölulega kostnaðarlítið og fljótframkvæmt, mundi mjög auka öryggið. Eins þarf að sjálfsögðu að athuga aðrar ráðstafanir, svo sem jarðgöng eða brú. Ég er að vísu persónulega ekki mjög trúaður á, að þar fáist aukið öryggi í samræmi við þann kostnað, sem þessi mannvirki mundu hafa. Ég hygg, að „eyjar" í umferðinni með t. d. hentugum blossaljósum og vel merktum gangbrautum og að sjálfsögðu ríku lögregluefirliti, meðan verið er að kenna mönnum að virða þessar öryggisráðstafanir, — ég hygg, að það mundi geta borið mjög skjótan árangur til þess að bægja frá hættunni til bráðabirgða a. m. k.

4. Rafvæðing Norðausturlands.

Á 13. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt:
Fsp. til raforkumrh. um framkvæmd þál. um rafvæðingu Norðausturlands [66. mál] (A. 84).

Á 14. fundi í Sþ., 9. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Sþ., 15. nóv., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Sþ., 22. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Samkv. 10 ára áætlun um rafvæðingu landsins, eins og hún lá fyrir á árinu 1957, var gert ráð fyrir, að svonefnd Norðausturlandsveita frá Laxárvirkjun yrði lögð á árunum 1962—1963 eða lokið á þeim árum, þ. e. a. s. á tveim síðustu árum áætlunarinnar. Samkv. uppdrætti, sem þá lá fyrir, átti að leggja háspennulínu frá Húsavík austur í Kelduhverfi, þaðan til Kópaskers og austur yfir heiði til Þórshafnar. En álmu með lægri spennu átti að leggja frá Kópaskeri yfir Sléttu til Raufarhafnar. Frá spennistöðvum í þorpunum þremur og í Kelduhverfi og e. t. v. víðar var svo gert ráð fyrir að dreifa orku um sveitir. Má gera ráð fyrir, að í Kelduhverfi, þar sem þéttbýli í sveitum er mest, gætu 30—40 bæir fengið rafmagn frá þessari línu samkvæmt þeim reglum, sem farið er eftir við dreifingu orkunnar frá almenningsveitum um sveitir. Er þá einnig gert ráð fyrir nokkrum bæjum í Axarfirði.

Á öndverðu þessu ári, þ. e. a. s. á árinu 1961, fluttum við þm. Norðurlandskjördæmis eystra og hv. 10. landsk. till. til þál. þess efnis, að hafinn yrði nú í ár undirbúningur að því verki, sem hér er um að ræða, eða öðrum þeim ráðstöfunum, sem kynnu að geta komið að sama gagni fyrir þau byggðarlög, sem hér er um að ræða. Þessari tillögu var vísað til hv. fjvn. Fjvn.

breytti nokkuð orðalagi tillögunnar, og var á það orðalag fallizt til samkomulags af hálfu flm. Málið var síðan afgr. á Alþingi 27. marz s. l. með svo hljóðandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta, varðandi rafvæðingu Norðausturlands:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta á árinu 1961 gera rækilega athugun á því, á hvern hátt auðið sé að leysa raforkumál Norður-Þingeyinga á viðunandi hátt innan þeirra takmarka, er 10 ára rafvæðingaráætlunin gerir ráð fyrir.“

Þannig var till. samþykkt sem ályktun Alþingis 27. marz 1961. Það var sérstaklega tekið fram í ræðu af hálfu fjvn. í samráði við flm. till., að æskilegt væri, að hæstv. ríkisstj. hefði við framkvæmd ályktunarinnar samráð við raforkumálanefnd Norður-Þingeyinga, en í henni eru m. a. allir oddvitar á því svæði, sem hér er um að ræða. Sú nefnd var kjörin heima í héraði skömmu eftir að rafvæðingarlögin voru sett á Alþingi 1954 og hefur unnið að þessum málum á ýmsan hátt.

Eins og hv. þm. hafa heyrt, er í þál. frá 27. marz kveðið á um, að athugun sú, sem þar er gert ráð fyrir, fari fram á þessu ári. En nú er komið fram í nóvembermánuð, og ég hef í samráði við aðra flm. þáltill. á síðasta þingi leyft mér að bera fram til hæstv. raforkumrh. svo hljóðandi fsp. á þskj. 84:

„Hvað líður framkvæmd þingsályktunar 27. marz 1961 varðandi rafvæðingu Norðausturlands?“

Til viðbótar leyfi ég mér svo að grennslast eftir því, hvort samráð hafi verið haft við raforkumálanefnd Norður-Þingeyinga um þetta mál.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Síðan till. sú, sem hér um ræðir, var samþykkt á Alþingi fyrri hluta yfirstandandi árs, hefur ekki margt gerzt í þessum málum, sem tæplega er við að búast, en þó hefur nokkur athugun farið fram af hálfu raforkumálaskrifstofunnar í þessu efni. Það er ekki nema eðlilegt, að Norður-Þingeyingar vilji fá rafmagn á sem auðveldastan hátt og ódýrastan, og þess vegna ekki nema eðlilegt, að þm. kjördæmisins geri það, sem í þeirra valdi stendur, til þess að ýta á þetta mál. En málið er ekki svo auðleyst eins og e. t. v. sumir ætla vegna hinna miklu vegalengda, sem um er að ræða frá orkuveri til hinna ýmsu og dreifðu staða í héraðinu. Til upplýsingar vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að vitna hér í bréf, sem raforkumálastjóri skrifaði hv. fjvn., þegar umrædd till. var til umr. á síðasta þingi. Þetta bréf er dags. 9. marz þessa árs, og þar segir m. a., að raforkumálastjóri hafi látið endurskoða kostnaðaráætlun um rafleiðslu til Norður-Þingeyjarsýslu, en samkvæmt þessari endurskoðuðu kostnaðaráætlun er heildarstofnkostnaður á línum frá Húsavík að Kópaskeri, frá Kópaskeri til Raufarhafnar og frá Kópaskeri til Þórshafnar og spennistöðvum í Kelduhverfi, við Kópasker, Raufarhöfn og Þórshöfn nú áætlaður 26½ millj. kr. Í þremur kauptúnum, sem hér er um að ræða, eru ekki búandi nema 960 manns samkv. manntali frá 1959. Atvinnurekstur er ekki mjög mikill á þessum stöðum, nema nokkur frystihúsarekstur og síldarverksmiðja, sem ekki er í gangi nema stuttan tíma ársins. Raforkuflutningur um þessa veitu til þriggja kauptúna mun því verða tiltölulega mjög lítill, og er augljóst, að stofnkostnaður veitunnar er langtum of hár, til þess að það geti svarað kostnaði að byggja og reka þá veitu til flutnings á svo lítilli raforku sem hér er um að ræða. Stofnkostnaðurinn er nærri 30 þús. kr. á nef, eða 120—150 þús. kr. á hvert heimili að meðaltali. Flutningskostnaður orkunnar um þessa veitu yrði með þessu móti 1—2 kr. á hverja 1 kwst., og leggst hann ofan á framleiðslukostnaðinn í orkuveri og dreifingarkostnaðinn í kauptúnunum.

Þótt raforkuveita frá Laxárvirkjun í Norður-Þingeyjarsýslu væri tekin upp í tíu ára áætlunina í upphafi, var öllum ljóst, að fjárhagslega séð væri þetta fyrirtæki mjög hæpið. Nú hafa fjárhagsleg skilyrði til rekstrar þess versnað stórum, eins og að framan segir. Meðan þau skilyrði breytast ekki til batnaðar, verður að líta svo á, að þessi leið til öflunar raforku handa íbúum Norður-Þingeyjarsýslu sé ekki fær.

Þetta er álit raforkumálastjóra.

Í þáltill. er talað um, að rafvæðing hlutaðeigandi byggðarlaga verði á annan hátt a. m. k. jafnvel tryggð. Sú leið, sem nú hefur verið farin í því efni, er, að rafmagnsveitur ríkisins hafa tekið að sér rekstur dísilrafstöðva í tveimur kauptúnanna, nefnilega Raufarhöfn og Þórshöfn, og munu sjá um að auka þær stöðvar, jafnóðum og eftirspurn eftir raforku í þessum kauptúnum eykst.

Á Kópaskeri rekur kaupfélagið rafveituna, og er ekki annað vitað en sá rekstur hafi gengið vel til þessa. En gera verður ráð fyrir því, að rafmagnsveitur ríkisins mundu einnig taka að sér rekstur þeirrar rafveitu, ef þess væri óskað, og þá síðan annast aukningu hennar eftir þörfum.

Hvað snertir rafvæðingu sveitanna í Norður-Þingeyjarsýslu er það að segja, að skilyrði til veitulagningar um sveitirnar eru hvarvetna mjög slæm, víðast hvar vegna þess, hve fjarlægðir milli bæja eru langar, en á nokkrum stöðum, svo sem í Kelduhverfinu, þar sem býli standa nokkru þéttar, er fjarlægðin frá næsta vatnsorkuveri, sem er Laxárvirkjunin, lengri en svo, að til mála komi að leggja þaðan línu í sveitina sökum kostnaðar. Í þess stað veitir raforkusjóður öllum bændum á þessu svæði, sem þess óska, lán til að koma sér upp dísilrafstöð fyrir heimili sitt. Er þá reiknað með því, að hvert heimili kaupi 3.75 kw. stöð, sem kostar upp komin 35—40 þús. kr. og veiti raforkusjóður 20 þús. kr. lán til skikrar stöðvar með 6% vöxtum til 9 ára. Þar sem aðstæður eru fyrir hendi um byggingu smávatnsaflsstöðva fyrir einstaka bæi eða nokkra saman, kemur til athugunar að virkja, og veitir raforkusjóður bændum utan orkuveitusvæðis héraðsrafmagnsveitnanna lán til þess. Lánin hafa numið allt að 55% af stofnkostnaði smávirkjana af þessu tagi, en þó ekki hærri en 100 þús. kr. til stöðvar fyrir einstakan bæ. Sé virkjunin fyrir fleiri bæi, hafa lánin numið 75 þús. kr. á bæ. Þessi lán eru til 20 ára með 5% vöxtum.

Vegna hins ört hækkandi verðlags á undanförnum árum hefur dregið mjög úr byggingu einkavatnsaflsstöðva hjá bændum, enda fækkar þeim stöðum, þar sem aðstæður teljast hagstæðar til virkjunar. Virkjunarkostnaður á hvert virkjað kw. í þessum stöðvum áætlast nú um 20—30 þús. kr.

Ef byggð skyldi eiga eftir að aukast og fólki fjölga mjög í Norður-Þingeyjarsýslu eða atvinnuvegir þar aukast stórum, þannig að rafmagnsþörfin margfaldast, svo og ef stofnkostnaður af rafveitumannvirkjum á eftir að lækka verulega í hlutfalli við útsöluverð á rafmagni, þá er rétt að taka áætlanir um raforkuveitur Norður-Þingeyjarsýslu til endurskoðunar. En meðan engar slíkar breytingar verða, mun reynast hagkvæmast að vinna raforku handa íbúum þessa landshluta í dísilstöðvum í kauptúnunum og heima á býlunum í sveitinni, en í smávatnsaflsstöðvum fyrir hvert heimili eða nokkur saman, þar sem skilyrði eru til þess.

Þetta eru upplýsingar, sem raforkumálastjóri gaf s. l. vetur, og álit hans á því, á hvern hátt hagkvæmast er að leysa raforkumál Norður-Þingeyjarsýslu.

Það skal tekið fram, að um leið og umrædd þáltill. var samþykkt, var raforkumálastjóra send till. með fyrirmælum um að gera athuganir samkvæmt henni, en í bréfi, dags. 14. þ. m., til ráðuneytisins segir raforkumálastjóri m. a.:

„Þær athuganir, sem gerðar hafa verið, síðan umrædd þál. var samþykkt á Alþingi 27. marz 1961, hafa að öllu leyti staðfest það, að innan þeirra tímatakmarkana, er 10 ára rafvæðingaráætlunin gerir ráð fyrir, verði raforkumál Norður-Þingeyinga ekki leyst á annan hátt betur en þann, að rafmagnsveitur ríkisins reki dísilrafstöðvar í kauptúnum og sjái um að auka þær stöðvar, jafnóðum og eftirspurn eftir raforku í kauptúnunum eykst, og að bændum verði veitt hagkvæm lán til að koma upp einkarafstöðvum fyrir heimili sín, ýmist vatnsaflsstöðvum, þar sem skilyrði eru til þess, eða dísilstöðvum. Þéttbýlasti hluti Kelduhverfis er út af fyrir sig ekki sérstaklega óhagstæður til línulagningar, og var í upphafi gert ráð fyrir því, að um hann yrði lögð raforkuveita, ef aðallína yrði lögð inn í sveitina. Nú hefur það ekki reynzt gerlegt og því ekki verið unnt að hafa þessa sveit með á þeirri tíu ára rafvæðingaráætlun, sem nú er í framkvæmd. Sjálfsagt er að taka til athugunar, hvort þessi veita um miðbik Kelduhverfis geti fallið innan ramma næstu 10 ára áætlunar um rafvæðingu sveitanna. Unnið er nú að samningu þeirrar áætlunar, og verður því verki væntanlega lokið á árinu 1962."

Meira hefur raforkumálastjóri ekki að segja um málið að svo stöddu. En það fer ekki leynt, hvert hans álit er á þessu, að hann telur of mikið strjábýli á þessu svæði, til þess að það geti svarað á nokkurn hátt kostnaði að leggja veitu frá Laxárvirkjuninni alla leið austur þangað, en hins vegar talið sjálfsagt, að rafmagnsveitur ríkisins taki að sér að reka dísilstöðvar í þorpunum og kauptúnunum og að greiða fyrir því, að bændur í sveitunum geti fengið hagkvæm lán til þess að reka og kaupa dísilstöðvar og að virkja litlar vatnsaflsstöðvar, þar sem skilyrði eru fyrir hendi.

Það má vera, að þetta geti ekki talizt fullnaðarrannsókn eða fullnaðarathugun í sambandi við þessa tillögu. Það má t. d. taka það fram, að það hefur verið verkfræðingaskortur á s. l. sumri og er enn, en hins vegar hefur raforkumálaskrifstofan allar upplýsingar um vegalengdir og allar upplýsingar um orkuþörf og orkukaup, og allir útreikningar, sem að þessu lúta, sýna, að þetta er vægast sagt mjög dýrt, að það kostar 30 þús. kr. á hvern mann á þessu svæði, ef leiða á rafmagnið frá Laxárvirkjuninni, eða 120—150 þús. á hvert býli. Allir geta verið sammála um, að þetta er dýrt og að þetta er óhagkvæmt. Hins vegar þurfa menn ekki að vera að öllu leyti sammála um það, að þetta sé óframkvæmanlegt, og ýmsir geta haldið því fram, að það sé réttlátt að gera þetta þrátt fyrir óhagkvæmni og þrátt fyrir mikinn kostnað. En þessa fyrirspurn hef ég skilið þannig, að hún væri spurning um það, hvað þessum athugunum líður, og athuganir raforkumálastjóra og hans ráðunauta segja þetta, þær gefa þessar upplýsingar, en svo er það Alþingis og ráðamanna að skera úr um það, hvort fara skuli eftir þeim ráðum, sem þar eru gefin, og talið er fært þrátt fyrir þennan kostnað og strjálbýli að leggja aðalveitu frá Laxárvirkjuninni, eða hvort fullnægjandi þykir eða verjandi að láta þessar sveitir og þessi kauptún búa við þá lausn, sem hér er á bent. En ég tel, að það skipti miklu máli, að með því að fara eftir ábendingu raforkumálastjóra er þó gert ráð fyrir, að fólkið í þessari sýslu fái öruggt rafmagn, sem ekki þarf að vera dýrara en þótt það væri leitt frá Laxárvirkjun.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. raforkumrh. fyrir það, að hann skuli hafa svarað þessari fyrirspurn. Svar hans, eins og það kom hér fram, mun verða tekið til nánari athugunar, þegar tími er til, en til þess er ekki ráðrúm í þeim stutta ræðutíma, sem ég hef.

Hæstv. ráðherra gat þess í upphafi máls síns, að ekki hefði margt gerzt í þessu máli, þ. e. a. s. varðandi framkvæmd þál., en taldi þó síðar, að nokkur athugun hefði farið fram af hálfu raforkumálastjóra. Hins vegar gat ráðherrann þess ekki, í hverju sú athugun væri fólgin, ráðherra las síðan upp bréf það, sem raforkumálastjóri ritaði hv. fjvn. á síðasta þingi, áður en þál. sú var samþykkt, sem hér hefur verið minnzt á og er tilefni fyrirspurnarinnar, og var mér og okkur flm. þáltill. að sjálfsögðu kunnugt um þetta bréf, sem raforkumálastjóri þá ritaði hv. fjvn.

Ég vil svo aðeins rifja upp það, sem ég spurði um áðan, án þess að það sé í fyrirspurninni á þskj. 84, hvort eitthvert samráð hefði verið haft við raforkumálanefnd Norður-Þingeyinga um þetta mál, síðan þál. var samþykkt. Hæstv. ráðherra lét þess að vísu getið, að raforkumálaskrifstofan vissi um vegalengdir á milli bæja og hefði ýmis önnur gögn í höndum, en

hingað til hefur það þótt hæfa að ræða við fulltrúa í héruðunum um þessi mál. jafnvel þótt langt sé síðan raforkumálaskrifstofan hafði þessar vegalengdir milli bæja, — og ég vildi mælast til þess, að hæstv. ráðherra skýrði frá því, hvort þetta samráð hefur átt sér stað, þó að ekki hafi verið skriflega um það spurt.

Að lokum vil ég segja það almennt út af því, sem hæstv. ráðherra sjálfur sagði eða las upp úr bréfi raforkumálastjóra frá í vor og átti að vera því til stuðnings, að dýrt og óhagkvæmt væri að veita raforku um byggðir Norður-Þingeyinga, að slíkt mat hlýtur að sjálfsögðu að fara mjög eftir því, hvaða samanburður er gerður. Ef eitthvað er kallað dýrt, þá er átt við venjulega, að það sé dýrt samanborið við eitthvað annað. Og ég vildi skjóta því til hæstv. ráðh., sem hefur með þessi mál að gera, hvort hann hafi athugað það til hlítar, að raforkuveita um þessi byggðarlög muni vera dýrari en raforkuveitur um sum önnur byggðarlög, sem rafmagni hefur þegar verið veitt í eða nú er í ráði að veita rafmagni í, því að það er það, sem máli skiptir. Ég vil benda á, að ég held, að það sé ekki fullathugað hjá hæstv. ráðh. og raforkumálastjóra, þegar það er sagt, að atvinnurekstur sé lítill í þorpunum norðaustanlands. Ég held, að þar megi teljast mikill atvinnurekstur, miðað við fólksfjölda þar, og þar fer vaxandi bæði atvinnurekstur og fólksfjöldi, eins og hæstv. ráðh. getur sannfært sig um, ef hann kynnir sér skýrslur um þau mál.

Það getur vel verið, að það sé dýrt að leggja línur, sem kosta 30 þús. kr. á heimilismann. En það er líka dýrt að byggja stöðvar, hvort sem um er að ræða disilstöðvar eða vatnsaflsstöðvar.

En annars fjallar fsp. okkar ekki sérstaklega um þessa línulagningu austur frá Laxárvirkjun, heldur fjallar hún um framkvæmd þál. frá 27. marz, sem var um athugun á því á árinu 1961, hvernig auðið sé að leysa raforkumál Norður-Þingeyinga á viðunandi hátt innan þeirra tímatakmarka, sem 10 ára rafvæðingaráætlunin gerir ráð fyrir. Það var þetta, sem hæstv. ríkisstj. var falið að framkvæma, og á þessu stigi er ekki ætlazt til þess af mér eða öðrum, sem að þessari fsp. standa, að hæstv. ráðh. svari öðru en því, hvernig farið hafi um framkvæmdina á þessari tillögu. Og að því leyti sem mér skilst, að sú framkvæmd hafi ekki farið fram, þá vildi ég mega vænta þess, að hæstv. ráðh. í samræmi við vilja Alþingis sjái um það, að hún fari fram, að svo miklu leyti sem unnt er, á þeim tíma, sem eftir er af þessu ári.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. fyrirspyrjandi spyr að því, hvort það hafi verið höfð samráð við raforkumálanefnd Norður-Þingeyjarsýslu. Það skal tekið fram eins og áðan, að raforkumálastjóra var send þál. með bréfi og honum falið að framkvæma það, sem í þál. stóð. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að hann hefur gert það af samvizkusemi og eins og fært var, miðað við þann mannafla, sem hann nú hefur. Og án þess að ég hafi minnzt á þetta atriði við raforkumálastjóra, þá vil ég segja það, að mér þykir mjög sennilegt, að hann hafi haft samband við þessa nefnd. Ég vitanlega lagði ekki fyrir hann, hvernig hann skyldi haga vinnubrögðum í þessu. Hann fékk tillöguna, og það var í hana vitnað að gera þá athugun, sem hún fer fram á. Það hefur verið gert að verulegu leyti, eins og fram kom í bréfi raforkumálastjóra.

Hv. þm. talaði um, að það væri ekki vitað mál, að lína frá Laxárvirkjun um Norður-Þingeyjarsýslu yrði dýrari en aðrar línur, sem lagðar hafa verið eða jafnvel verið er að leggja. Ég skal viðurkenna, að ég er ekki á þessari stundu fær um að gera samanburð á því. Ég hef ekki þetta í huga. En það er áreiðanlega ólíkt raforkumálastjóra að taka þessa línu út úr og mæla gegn henni vegna kostnaðar, en mæla svo með öðrum línum. Mér er ekki kunnugt um, að það hafi nokkur veita verið byggð gegn mótmælum raforkumálastjóra, vegna þess að hann hafi talið hana sérstaklega óhagkvæma. En ég vil benda hv. fyrirspyrjanda á, að það má áreiðanlega benda á aðalveitur, sem eru kostnaðarmeiri en veita frá Laxárvirkjun um Þingeyjarsýslu. En það er vitanlega ekki aðalatriðið, hver stofnkostnaðurinn er á veitunum, heldur það, hvar þörf er fyrir þessa veitu og hvað mikil orkukaup geta farið fram, eftir að búið er að leggja veituna. Og það er undir því komið, hvort veitan er arðbær eða ekki arðbær, eftir því, hvað hún þarf að flytja mikla orku. Ef það væru helmingi fleiri búendur í þorpunum í Norður-Þingeyjarsýslu heldur en er og meiri atvinnurekstur, þá vitanlega yrði þessi lína mun hagstæðari en hún er samkvæmt því, sem nú hefur verið reiknað. Ég skal viðurkenna það, að ég er ekki fagmaður í þessu, og það er hv. fyrirspyrjandi ekki heldur, en ég skal engan dóm leggja á það, hvort Norður-Þingeyingar eiga nú þegar að fá veituna frá Laxárvirkjuninni eða raforkuna með þeim hætti, sem raforkumálastjóri leggur til. Það er álit raforkumálastjóra, að þetta sé óhagkvæmt, það sé hagkvæmara að leysa málið með þeim hætti, sem hann segir. Það er hans álit, en við getum áreiðanlega verið sammála um það öll hér í þessari hv. deild, að þetta er dýrt. Það er dýrt, þegar það kostar 30 þús. kr. á mann. Og þá er eðlilegt, þegar kostnaðurinn er orðinn svo mikill, að það sé athugað, hvort ekki sé annað hagkvæmara, þangað til fólkinu fjölgar og þangað til atvinnureksturinn verður meiri og meiri þörf fyrir orkunotkun á þessu svæði.

Þetta hlýtur að koma upp í umr. um þessa fsp., því að athugun á því, á hvern hátt raforkumál Norður-Þingeyinga verða leyst, hlýtur að byggjast á því að gera sér grein fyrir orkuþöfinni. Ég mun að sjálfsögðu hafa samband við raforkumálastjóra á ný um þessa þál. og inna hann örugglega eftir því, hvort það sé fleira í sambandi við þál., sem fram þarf að taka, sem gæti leitt eitthvað nýtt í ljós eða rennt stoðum undir það, að það væri ekki örugglega hagkvæmast, sem raforkumálastjóri bendir á. Þetta virðist nú liggja nokkuð ljóst fyrir af bréfum raforkumálastjóra, hvað að hans áliti sem fagmanns er

hagkvæmast í þessu efni, en svo er það hins vegar þingsins að taka ákvarðanir um, hvort það skuli haft að engu og önnur leið farin.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Þetta er að sjálfsögðu ekki veltvangur, eins og sagt hefur verið, til þess að ræða almennt um raforkumál Norður-Þingeyinga og lausn þeirra, heldur, eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, fyrst og fremst um það að ræða að fá upplýsingar um, hvað gert hefur verið í sambandi við framkvæmd þeirrar þál., sem samþykkt var hér á síðasta þingi eftir tilhlutun þingmanna þessa kjördæmis. En það var aðeins einstakt atriði, sem ég vildi ræða í sambandi við framkvæmd málsins og óska eftir, að hæstv. ráðh. tæki sérstaklega til athugunar við raforkumálastjóra.

Í tillögu okkar er það látið liggja á milli hluta, hvernig þessi mál séu framkvæmd. Við gerðum okkur fullkomlega grein fyrir því, að það mundi verða erfitt um vik, eins og sakir standa, að fá lagða þá stofnlínu, sem ráðh. vék að í sinni ræðu áðan og vissulega er mjög dýrt mannvirki, og það var með fullkomnu raunsæi þess vegna, sem þessi tillaga var flutt, og engar staðhæfingar bornar fram, sem ekki fengju auðveldlega staðizt. Það, sem var því efni málsins hjá okkur, var, að það yrði rannsakað, eftir hverjum leiðum öðrum væri auðið að ná svipuðum árangri. Það er auðvitað veigamikið atriði í þessu sambandi að fá orkuna við sama verði og er í öðrum byggðarlögum, þar sem héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja orku. Og því marki má vissulega ná með því móti, að rafmagnsveiturnar yfirtaki dísilstöðvar í kauptúnunum og selji raforkuna þaðan við sama verði og frá vatnsaflsstöðvum. En það, sem hins vegar vakti fyrir okkur, að athugað yrði til viðbótar þessu, sem við gerðum okkur vel ljóst, var sá möguleiki, hvort ekki væri auðið að tengja einstök byggðarlög til að byrja með við þessar orkustöðvar í kauptúnunum, til þess að tryggja það, eins og segir í ályktuninni, að íbúar í þessu héraði fái viðunandi raforku a. m. k. ekki seinna en 10 ára áætlunin gerir ráð fyrir. Og það er atriði, sem mér sýnist eftir bréfi raforkumálastjóra að dæma að ekki hafi verið gerðar athuganir á, hvaða sveitir væri hugsanlegt með skipulegum hætti að tengja til að byrja með við dísilstöðvarnar í kauptúnunum.

Ég skal taka það fram, að Norður-Þingeyingar hafa haft um þetta samstarf sín í milli og haft raforkumálanefnd, sem hv. fyrirspyrjandi gat um, og mér er kunnugt um það af málflutningi þeirrar nefndar við okkur þingmennina, að þeir menn, sem í henni sitja, líta á þetta mál af fullkomnu raunsæi og eru ekki með neinar kröfur, sem þeir sjá fram á að ekki fái staðizt með sæmilegum hætti. Ég hefði því talið, að það væri fyrir framgang málsins og friðsamlega lausn þess mjög skynsamlegt, að þessir menn væru hafðir með í ráðum, því að ég hef ekki að óreyndu a. m. k. trú á, að þeir muni gera óeðlilegar kröfur í þessu sambandi. En ég hefði talið það mjög æskilegt, að nú þegar yrði um það hafizt handa, ef það ekki þegar hefur verið gert, sem mér sýnist ekki eftir bréfi raforkumálastjóra, að rannsaka það rækilega, hvaða línur kæmu til greina út frá þeim dísilstöðvum, sem nú eru til, eða sem mætti leggja með aukningu þeirra dísilstöðva. Ég hygg, að það séu til línur, sem hæglega gætu fallið innan núverandi 10 ára áætlunar, og að það kynni þess vegna að vera auðið á þennan hátt að fá fram jafnvíðtæka rafvæðingu þessara byggðarlaga og 10 ára áætlunin gerði ráð fyrir.

Ég skal svo ekki, herra forseti, lengja þetta mál. En ég taldi rétt, að þetta atriði kæmi fram til skýringar á, að það var m. a. þetta, sem vakti fyrir okkur flm. þáltill. að yrði kannað til hlítar. Við vissum hins vegar að sjálfsögðu um þær leiðir, sem fyrir voru, til þess að rafvæða með dísilstöðvum og einkarafstöðvum, þar sem aðstaða væri til, en ef hægt væri að leggja þessar línur út um héruðin, þar sem vegalengdir væru ekki meiri en eðlilegt mætti teljast, þá væru þær línur til staðar og þetta verk unnið, þegar svo að því kemur, sem hlýtur að verða innan tíðar, að fært þyki að leggja stofnlínu í þessi byggðarlög.

5. Öryrkjamál.

Á 15. fundi í Sþ., 15. nóv., var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um öryrkjamál [80. mál] (A. 102).

Á 16. fundi í Sþ., 16. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 22. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja ásamt 1. þm. Austf. fsp. til hæstv. ríkisstj. um öryrkjamál. Fsp., sem er á þskj. 102, hljóðar svo:

„Hvað líður framkvæmdum á tillögum milliþn. um öryrkjamál?“

Forsaga þessa máls er sú, að vorið 1959 kaus Alþingi mþn., sem fengið var það verkefni að rannsaka og gera heildartillögur um lausn á atvinnumálum og félagslegum vandamálum öryrkja í landinu, en þannig var verkefni n. skilgreint í þeirri þáltill., sem samþykkt var um þessa nefndarskipun og flutt hafði verið af þingmönnum úr öllum flokkum, en fyrsti flm. hennar var núv. hæstv. fjmrh. Mér og áreiðanlega flestum þeim, sem eitthvað eru hugleikin mál öryrkja, er vel kunnugt um, að þeir almennt og samtök þeirra sérstaklega væntu sér mjög mikils af starfi þessarar nefndar og hugðu, að tillögur hennar yrðu þungar á metum hjá stjórnarvöldum og yrðu undirstaða verulegs átaks af þeirra hálfu til þess að ráða fram úr mjög mikilvægu þjóðfélagslegu vandamáli.

Mþn. vann ágætt starf og af mikilli kostgæfni og varð í öllum atriðum sammála um tillögur til

ríkisstj., en þær voru lagðar fyrir hana í októbermánuði 1960, fyrir rösku ári. Auk þess starfaði svo n. að lausn ýmissa vandamála öryrkjasamtakanna á annan hátt, m. a. með því að beita sér fyrir greinilegri starfsskiptingu þeirra og fyrir stofnun öryrkjabandalags, sem nú er komin í framkvæmd, og fleira mætti tilgreina, sem n. fékk til vegar komið og ekki heyrir beint undir ríkisvald eða ríkisstj. Hér eru ekki tök á og ekki ástæða til að rekja allar tillögur mþn., en ég vil nefna eftirfarandi fjögur meginatriði, sem öll snúa sérstaklega að ríkisstj. og löggjafarvaldinu.

Það er í fyrsta lagi, að erfðafjársjóður yrði efldur með árlegu ríkisframlagi með því markmiði, að öryrkjaheimili og vinnustofur njóti erfðafjárskatts óskerts, eins og til var ætlazt, þegar lögin um hann voru sett.

Í öðru lagi, að öryrkjar eigi kost á að eignast húsnæði með þeim kjörum, sem lagaákvæði um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis gera ráð fyrir. Um þetta efni samdi mþn. frv. og lagði það fram í nál. sínu.

Í þriðja lagi, að starfsgrundvöllur þeirra samtaka, sem alveg sérstaklega skortir fasta tekjustofna, verði tryggður með því í fyrsta lagi að leggja þriggja krónu gjald á hvert kg af innlendum tollvörum í hæsta tollflokki og rynni það fé til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra. Í öðru lagi, að gjald það, sem á er lagt samkv. 22. gr. fjárlaga og rennur til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, hækki um 10 aura á hvern eldspýtnastokk og renni það einnig til þess félags.

Í fjórða lagi, að eftirgjafir aðflutningsgjalda af bifreiðum öryrkja verði afskrifaðar á 5 árum og hlunnindi varðandi önnur farartæki þeirra verði aukin. Óska ég sérstaklega, að upplýst verði um framkvæmdir eða undirbúning framkvæmda á þessum tillögum af hálfu hæstv. ríkisstj. Mþn. varð sammála um, að öryrkjasamtökin gætu ekki leyst af hendi þau þjóðfélagslegu verkefni, sem hugsað er að þau létti raunverulega af ríkinu, nema með því, að þau fengju aukna tekjustofna, eins og tillögurnar gera ráð fyrir, og því beri að skoða fyrirætlanir og framkvæmdir í þá átt mikilvægustu atriðin í sambandi við þessi mál. Því er lögð áherzla á það af hálfu okkar fyrirspyrjenda að fá glöggar upplýsingar um þessi atriði og fyrirætlanir þau varðandi, því að þau eru þannig vaxin, að þar hefur hæstv. ríkisstj. raunverulega úrslitavaldið í sínum höndum.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Tvær veigamestu tillögurnar í nál. öryrkjamálanefndarinnar felast væntanlega í þeim tveimur frumvörpum, sem fylgdu nál. Þar er, eins og hv. fyrirspyrjandi skýrði réttilega frá, í fyrsta lagi lagt til, að öryrkjar skuli njóta þess réttar til úthlutunar byggingarlána, sem um getur í 1. mgr. 16. gr. l., enda séu þeir að stofna heimili eða koma úr húsnæði, sem er þeim sérlega óhentugt. En þetta þýðir, eins og kunnugt er, að öryrkjar hér njóta beztu lánakjara til íbúðabygginga, sem völ er á. Þetta hefur verið til athugunar og er til athugunar hjá þeirri nefnd, sem nú endurskoðar lögin um húsnæðismálastjórn. Öll húsnæðismálalöggjöfin er í endurskoðun, og verður þeirri endurskoðun væntanlega bráðlega lokið. Þótti eðlilegt, að þetta mál yrði undir hana borið, og verður tekið til athugunar og fyrirgreiðslu, þegar sú nefnd skilar sínu áliti.

Í öðru lagi er lagt til, að af innlendum tollvörutegundum, sem taldar eru í lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, I. kafla, nr. 1—7, og II. kafla, nr. 2—5, skuli næstu 10 ár greiða gjald að upphæð 3 kr. af kg og renni þetta gjald til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra. Verð á sælgæti, sem gjald þetta greiðist af, er heimilt að hækka sem gjaldinu nemur, segir líka í frv.

Þetta mál hefur verið til ýtarlegrar athugunar í félmrn. og auk þess rætt nokkuð á fundum ríkisstj. En það er bezt að játa það strax, að bæði ráðuneytið og ríkisstj. öll hefur verið nokkuð hikandi og óráðin í því, hvað gera skyldi, og þess vegna ekki komið til endanlegrar afgreiðslu málsins. Þetta gjald, sem nú er lagt til, að lagt verði á þessa vöru, sælgæti og súkkulaði, kemur til viðbótar öðru gjaldi, sem innheimt er nú þegar og nemur kr. 41.58 á hverju einasta kg, sem framleitt er, og sýnist það vera svo mikið, að a. m. k. orki tvímælis, hvort verulegu sé á það bætandi.

Það málefni, sem hér um ræðir, er vissulega góðra gjalda vert og þarfnast fjárhagslegs stuðnings frá því opinbera í einhverri mynd. En hins vegar verður ekki hjá því komizt að athuga nánar þá stefnu, sem í frv. felst og hefur raunar komið til framkvæmda á öðrum sviðum, eins og ég skal lítillega koma að síðar. En mér hefur líka verið tjáð, að nokkur brögð mundu vera að því, að ekki kæmu öll kurl til grafar, þegar þessar vörur væru taldar fram til skattgjalds. Um þetta skal ég ekkert fullyrða, en hitt er augljóst, að freistingin í þessu efni vex vitaskuld með hækkuðu gjaldi, sem þegar er orðið mjög hátt. Það hefur því verið leitað að öðrum gjaldstofni, sem ekki væri eins viðkvæmur, og verður þeirri athugun haldið áfram, því að þessi óbeinu skattgjöld á ýmsum vörutegundum í sérstöku augnamiði eru orðin svo mörg og umsóknir um fjölgun þeirra og hækkun talsverðar, þannig að ástæða er til að taka það mál allt upp til endurskoðunar. A. m. k. hefur ríkisstj. ekki treyst sér til þess að ráðast í þetta, án þess að nánari endurskoðun fari fram.

Lamaðir og fatlaðir hafa um skeið notið sérstakrar aðstoðar með gjaldi af eldspýtum, sem nemur 8.47 kr. á hverjum 1000 eldspýtustokkum, sem mun gefa árið 1961 í kringum 600 þús. kr. Nefndin lagði til, að þetta gjald hækkaði um 10 aura á stokk og mundi þá verða í heild, ef samþykkt yrði, talsvert á aðra millj. kr. Þó að óskylt sé, þá má aðeins geta þess, því að það er svipaður gjaldstofn, að til landgræðslusjóðs rennur nú gjald af nokkrum tegundum af sígarettum eða 15 kr. af hverjum 1000 stykkjum eða 1½ eyrir af hverju stykki, sem gefa mun á þessu ári um 2.8 millj. kr. Þá er til styrktar vangefnum innheimt gjald að fjárhæð 10 aurar af hverri flösku af öli og gosdrykkjum, en þetta gjald nemur nú milli 1 millj. 800 þús. og 2 millj. kr. á ári. En hér er þó um þá sérstöðu að ræða, að þetta gjald rennur í sérstakan sjóð, sem

ríkisstj. ráðstafar og hefur eftirlit með til eflingar velferðarmálum hinna vangefnu. Úr þessum sjóði hefur ráðuneytið þegar ráðstafað í byggingarstyrk fyrir vangefna, sem nemur í heild 6 millj. 285 þús. kr.

Nú hafa blindir, sem vissulega hafa þörf fyrir mikinn styrk til sinnar starfsemi, borið fram ósk um að fá 10 aura af hverjum kaffipakka, sem mundi gefa 400—500 þús. kr. á ári, ef samþykkt yrði. Styrktarfélag vangefinna hefur sótt um, að 10 aura flöskugjaldið yrði hækkað upp í 30 aura og mundi þá nema í heild milli 5½ og 6 millj. kr. Að sjálfsögðu eru mörg önnur félög og félagasamtök, sem vinna að margvíslegum velferðarmálum, sem ætla má að bætist í hóp þeirra, sem fengið hafa liðsinni hins opinbera með þessum sérstaka hætti. Og hætt er því við, að fyrr eða síðar verði að taka þessa þróun mála til endurskoðunar og freista þess, hvort ekki mætti færa þessi mál í annað og betra horf með öðru skipulagi.

Gjald það til Sjálfsbjargar, sem frv. fjallar um, eða 3 kr. af hverju sælgætiskg, 10 aura hækkunin á eldspýtustokki til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, 10 aura gjald á kaffipakka til blindra, sem áður er nefnt, og hækkun flöskugjaldsins vegna vangefinna, þetta hefur allt verið í athugun hjá ríkisstj. að undanförnu, en ákvörðun um það, hvernig með þessi mál skuli farið, hefur enn ekki verið tekin, því að ríkisstj. hefur ekki að svo stöddu séð sér fært að ráðast í þessar hækkanir yfirleitt, en vildi áður rannsaka til hlítar, hvort nokkur annar möguleiki væri fyrir hendi.

Af öðrum tillögum tel ég þá einna athyglisverðasta, þar sem nefndin leggur til, að vinnustöðvar verði reistar af öryrkjasamtökunum með fjárhagslegri aðstoð erfðafjársjóðs og reknar af félögunum. Vinnustöðvar reistar með aðstoð erfðafjársjóðs tækju öryrkja til þjálfunar í samráði við hæfnisprófunarstöðvarnar, eins og þetta er orðað í nál. Um þetta vil ég segja, að vinnustöðvum fyrir öryrkja hefur verið komið á fót með fjárhagslegri aðstoð erfðafjársjóðs. Lán og styrkir úr sjóðnum hafa upp á síðkastið verið eins og hér segir, með leyfi hæstv. forseta: Samband ísl. berklasjúklinga hefur fengið í þessu skyni styrk að upphæð 926 500 kr., og það hefur fengið lán úr sjóðnum upp á 3 137 500 kr. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur fengið 100 þús. kr. styrk og 250 þús. kr. lán. Sjálfsbjörg á Ísafirði hefur fengið 25 þús. kr. styrk. Og Sjálfsbjörg á Siglufirði hefur fengið 40 þús. kr. styrk og 120 þús. kr. lán. Enn má geta þess að úr þessum sjóði, erfðafjársjóði, hafði áður verið veitt til öryrkjavinnustofunnar Sunnu, sem þó því miður virðist ekki hafa náð þeim tilgangi í starfi sínu, sem til var ætlazt, en upphæðin, sem veitt var sem styrkur til hennar, nam 115 þús. og lán 303 þús. kr. Og loks má geta þess, að Blindrafélagið hefur fengið lán úr sjóðnum, — þó að það sé þessu kannske óviðkomandi, þá er það þó hliðstætt a. m. k., — upp á 125 þús. kr. í styrk og 1 millj. 75 þús. kr. sem lán. Á það má loks benda, að Samband íslenzkra berklasjúklinga hefur gert mjög myndarlegt átak í þessu efni með öryrkjavinnustofu þeirri, sem það hefur stofnað, og fengið styrk og lán úr erfðafjársjóði, eins og ég gat um, að upphæð um 4 millj. króna samtals, auk þess sem það samband hefur styrk frá sinni happdrættisstarfsemi.

Þó að málum þessum sé ekki lengra komið, þá er það ekki vegna þess, að ekki hafi verið um þau hugsað. Þvert á móti, þau hafa verið athuguð mjög gaumgæfilega, þó að ýmis ljón hafi þar verið á veginum, sem tafið hafa fyrir. En ég vil leggja áherzlu á, að hér er vonandi aðeins um töf að ræða, því að bæði ráðuneytið og ríkisstj. í heild gera sér ljóst, að hér er mikil þörf úrbóta, bæði hjá öryrkjum í þess orðs venjulegu merkingu og eins og ekki síður hjá bæði vangefnum og blindum og raunar fleirum, sem vissulega þyrftu meira fé til starfsemi sinnar.

Ég vil aðeins geta þess að lokum, að um sama leyti og þessi nefnd var kosin hér á Alþingi til athugunar á málum öryrkjanna, þá var kosin hér nefnd til þess að athuga skilyrði aldraðs fólks til að nota starfsorku sína. Þessi nefnd hefur ekki enn skilað áliti, en mun vera komin mjög nálægt því að ljúka störfum, og mér er kunnugt um, að hjá henni hefur komið fram sú hugsun, að tillit yrði tekið til þess fólks, þegar byggðar yrðu vinnustofur eða heimili fyrir öryrkja, þannig að aldrað fólk með skerta starfsorku gæti fengið þar vinnu eða vist. Þetta er einnig eitt vandamálið, sem er tengt þessu, sem hér er um að ræða, og væntanlega verður tekið upp til afgreiðslu í sambandi við það.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mér er þetta mál dálítið kunnugt, vegna þess að ég var í þessari milliþn., sem fjallaði um málefni öryrkjanna.

Ég vil rifja það upp núna, að nefndin komst að þeirri niðurstöðu að mæla með því, að félagsskapur öryrkjanna, sem stofnaður hefur verið, og félagsskapur til stuðnings þeim verði efldur áfram og málum komið þannig fyrir, að allir öryrkjar gætu stuðzt við einhvern félagsskap. Nefndin lagði nokkuð mikla vinnu í að koma þessu svona fyrir, að félagsskapur öryrkja yrði skipulagður á þennan hátt, og ég held, að segja megi, að því sé mjög langt komið að brúa þau bil, sem í því voru, enn fremur að stofna allsherjarfélagsskap, öryrkjasamband, eins og frsm. fyrirspurnarinnar gat um.

Þegar nefndin hafði komizt að þeirri niðurstöðu að styðja þessa stefnu, var spurningin, hvort félagsskapurinn væri nógu sterkur fjárhagslega til að leysa af hendi eðlilegan stuðning við öryrkjana. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að það væri sæmilega fyrir þessu séð, nema í þeim tilfellum, sem fjallað er um í nál. Það þyrfti að auka það fjármagn, sem rynni til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, og það þyrfti líka að auka stuðning við Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. Þess vegna voru lagðar fram tillögur af nefndarinnar hendi um þessi tvö atriði.

Ég vil mjög eindregið skora á hæstv. ríkisstj. annaðhvort að taka þessar tillögur óbreyttar, eins og þær liggja fyrir, eða þá að gera aðrar

ráðstafanir, sem væru jafnþýðingarmiklar fyrir þessi félög, og gera það strax í vetur, en fara nú ekki að láta þetta bíða eftir nýrri allsherjarendurskoðun á þessum málum, þar sem slík endurskoðun hefur einmitt nýlega átt sér stað.

Hæstv. ráðherra talaði nokkuð í þá átt, þó að hann segði það ekki með þeim orðum, að það væri kannske nokkuð tætingslegt að hafa ýmis ákvæði í lögum um stuðning við mörg öryrkjafélög, gjald hér og gjald þar. En sannleikurinn er bara sá, að þó að þessi aðferð sýnist kannske ekki að öllu leyti skipuleg, er það þó staðreynd, að með þessu móti hefur meiri stuðningur komið við samtök öryrkja í landinu og handa öryrkjum en hægt hefði verið að fá fram með nokkru öðru móti. Ef það ætti að setja stuðning við öryrkjamál í eina fúlgu á fjárlög, þá mundi það verða ómynd samanborið við það þó, sem farið hefur til stuðnings þessum samtökum með þessari aðferð. Ég held því, að þó að benda megi á ýmsa galla á þessari aðferð, þá eigi að halda henni áfram, og ef frá henni væri horfið, þá mundi það verða til tjóns fyrir öryrkjastarfið.

Af þeim kynnum, sem ég fékk við að vinna í þessari milliþn., og eldri kynnum hika ég ekki við að segja, að mér finnst félagssamtökin, sem hafa unnið að málefnum öryrkjanna, hafa komið furðulega miklu í verk og létt alveg stórkostlega á ríkisvaldinu. Ég er alveg sannfærður um, að þessi mál hafa komizt inn í réttan farveg með því að hafa starfsemina á vegum þessara félaga, en ekki á vegum ríkisins.

Meginstefna mþn. varð sú, að lækningar skyldu vera á vegum ríkisins og þjálfun að vissu marki, en önnur starfsemi, eins og vinnustöðvar og alls konar önnur hjálp við öryrkjana að öðru leyti, á vegum félaganna. Þess vegna lagði nefndin mikla vinnu í að gera öryrkjafélagakerfið fullkomnara og átti þátt í að gera gleggri starfsskiptingu á milli félaga. Hún var dálítið óglögg áður. — Ég held, að þetta hafi batnað við afskipti nefndarinnar og góða samvinnu við félagssamtökin og sé allt á góðri leið, ef ríkisvaldið vildi halda áfram að styðja þessi samtök á svipaðan hátt og gert hefur verið og með þeim endurbótum, sem nefndin lagði til.

Ég vil því mjög eindregið skora á hæstv. ríkisstj. að salta ekki þessi mál og fara að bíða eftir nýrri endurskoðun, þar sem slík endurskoðun hefur einmitt alveg nýlega farið fram og glöggt álit liggur fyrir.

Fyrirspyrjandi (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, svo langt sem þau ná. Að vísu orðaði hann ekki neitt varðandi fyrirætlanir ríkisstj. um tvö af þeim fjórum atriðum, sem ég gerði hér að umtalsefni. En ég mun ekki núna fara að leggja sérstaklega mikið út af þeim svörum, sem við fyrirspurninni hafa borizt, heldur geyma það síðari og betri tækifæra. En þó kemst ég ekki hjá því að lýsa yfir sárum vonbrigðum mínum yfir því, að ekki skuli hafa verið gengið hraðar fram í að koma fram þessum málum heldur en svör hæstv. ráðherra bera vitni um, því að ég hygg, að engum geti dulizt, að af þeim fjórum aðalatriðum, sem ég nefndi hérna, þá er ekkert málið komið í höfn, um tvö fengust engin svör, og hin tvö eru í nýrri athugun í nýjum nefndum, eftir að milliþn. hefur athugað þessi mál, eftir því sem hún gat, niður í kjölinn og skilað sínum tillögum um þau.

Ég kemst ekki hjá því að minna hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. á það, að það eru nú liðin nærri því þrjú ár t. d. frá því, að Sjálfsbjargarfélögin báðu Alþingi fyrst ásjár í þeim efnum að skapa félagsskap sínum nokkuð traustan tekjustofn, þannig að félögin gætu verið fær um að vinna að verkefnum sínum, og þrjú ár eru langur tími, ef ekkert raunhæft gerist í málunum. Ég vil líka aðeins minna hæstv. ríkisstj. á það, að frá upphafi hefur verið leitazt við að ná sem beztri samstöðu milli allra flokka um slík mál sem þessi, og það hefur tekizt, og af því hefur orðið góður árangur, t. d. varðandi starfsemi SÍBS og öll afskipti löggjafarvaldsins af málefnum þess. Og það hefur jafnvel verið svo stundum, að nokkur bið hefur þótt illskárri en að fara að vekja upp deilur um þessi mál hér á hv. Alþingi. En ég vil segja það, að biðin getur orðið svo löng, að það verði ekki hjá því komizt að reyna að vinna upp samstöðu manna í öllum flokkum í þessum mikilsverðu málum á annan hátt en þann að bíða eftir forustu hæstv. ríkisstj., — og eins og ég sagði áður, þá tel ég, að þarna sé aðalatriðið og það stærsta, það sé að tryggja starfsgrundvöll þessara samtaka, sem þarna er um að ræða. Ég fyrir mitt leyti geri ekki mun á því, hvort þess fjár er aflað með örlítilli hækkun á tollvörum eða með einhverjum öðrum hætti. En að sjálfsögðu er það aðalatriðið, að löggjafarvaldið sjái öryrkjasamtökunum fyrir því fé, sem þau minnst geta komizt af með, til þess að geta létt af ríkisvaldinu og létt af fjárveitingarvaldinu stórkostlegum útgjöldum, sem því raunverulega ber skylda til að inna af hendi. Og ég vil ekki trúa því, að okkar ríkisbúskap sé þannig komið, að það sé hvergi hægt að sjá af 1—3 millj. kr. á ári til þessara mála, því að það er sannarlega ekki verið hér að eyða fé, heldur að verja því til mjög arðvænlegrar fjárfestingar, ef rétt er skoðað.

Ég vil svo að lokum aðeins lýsa þeirri von minni, að hvað sem aðgerðum hæstv. ríkisstj. í þessum efnum líður, þá ljúki þetta Alþingi ekki svo störfum, að verulegum áfanga verði ekki náð að því marki að framkvæma þær tillögur, sem fulltrúar allra flokka urðu sammála um að leggja til í milliþn.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð sem svar til fyrirspyrjandans. — Honum þótti það mjög aðfinnsluvert, hvað dregizt hefði að afgreiða þetta mál, og það má vel vera, að æskilegt hefði verið, að það hefði getað orðið meiri hraði á því. En ég lýsti því í mínu svari áðan, af hverju sá dráttur stafaði. Hann verður að viðurkenna, þessi hv. þm., eins og ég veit að allir hv. þm. gera, að það eru fleiri í sama báti og öryrkjarnir. Það þarf að leysa ekki síður vandkvæði hinna vangefnu, hinna blindu og hinna gömlu, sem hafa

fengið skerta vinnuorku. Allt eru þetta málefni, sem þarf að taka til greina og leitast við að leysa samtímis, a. m. k. ekki eitt á kostnað annars.

Nefndin skilaði áliti — það er rétt — fyrir áramótin síðustu, og þá var málið tekið til nokkurrar meðferðar. Sú athugun lá að vísu niðri í sumar, en hefur aftur verið tekin upp í haust, og ég vænti þess, þó að hv. þm. þyki seint þoka fram, að þá verði reynt að ýta á eftir málinu eins og föng eru á. Ef hann vill taka það hér upp á þingi og telur, að það flýti eitthvað afgreiðslu málsins, þá er út af fyrir sig ekkert nema gott um það að segja, ef það verður þá ekki slitið úr samhengi við annað, sem líka þarf að fá sína fyrirgreiðslu mjög fljótlega.

6. Síldariðnaður á Vestfjörðum.

Á 33. fundi í Sþ., 7. febr., var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um framkvæmd þál. um síldariðnað á Vestfjörðum [137. mál, 4] (A. 267).

Á 34. fundi í Sþ., 8. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 14. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj., hvað hún hafi gert til að framkvæma þál., sem samþykkt var einróma á Alþingi hinn 27. maí 1960, um síldariðnað á Vestfjörðum o. fl. Þessi umrædda ályktun hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fram fara athugun á því fyrir næstu síldarvertíð, hvernig stuðla megi að starfrækslu síldarverksmiðjanna á Ingólfsfirði og Djúpuvík í framtíðinni. Enn fremur verði athugað, hvar heppilegast sé að koma upp síldarverksmiðjum og feitfiskbræðslum í sambandi við síldar- og fiskimjölsverksmiðjur."

Eins og hv. alþm. hafa nú heyrt, er með þessari þál. skorað á ríkisstj. að gera tvennt: Í fyrsta lagi að framkvæma á því athugun fyrir síldarvertíðina sumarið 1960, hvernig stuðla megi að starfrækslu síldarverksmiðjanna á Ingólfsfirði og Djúpuvík. Og í öðru lagi að athuga það, hvar heppilegast sé að koma upp síldarverksmiðjum og feitfiskbræðslum í sambandi við fiskimjölsverksmiðjur, og er sú athugun ekki bundin við Vestfirði einvörðungu, eins og gengið var frá þál. En upphaflega var sú ósk einnig borin fram viðvíkjandi feitfiskbræðslum og síldarverksmiðjum á Vestfjörðum.

Með því að hér er um allþýðingarmikið mál að ræða, fýsir mig að vita, hvað hæstv. ríkisstj. hefur gert til að framkvæma þennan eindregna þingvilja, sem túlkaður er með umræddri ályktun um síldariðnað á Vestfjörðum vorið 1960.

Vegna orðróms, sem komst á kreik á s. l. hausti um, að til stæði, jafnvel með afskiptum ríkisstj., að rífa þá vélasamstæðu, sem enn er eftir í Ingólfsfjarðarverksmiðjunni, og flytja hana í annan landsfjórðung, langar mig í leiðinni til að biðja þann hæstv. ráðh., sem fyrir svörum verður út af þessari fsp., að gefa upplýsingar um, hvort slíkt niðurrif Ingólfsfjarðarverksmiðju hafi komið til mála eða sé e. t. v. áformað eða hvort sá kvíði, sem þessi frétt hefur valdið íbúum þar norður frá, sé ástæðulaus, og mundi það gleðja mig, ef svo væri.

Ég hef þessi orð svo ekki fleiri, en vænti skýrra svara um framkvæmdir ríkisstj. út af þessari þingsályktun.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í ályktuninni, sem hér var lesin upp af hv. fyrirspyrjanda, var hún afgreidd hér frá Alþingi í maímánuði 1960. Þegar í júnímánuði næstum á eftir, 1960, var bréf sent fiskveiðahlutafélaginu Alliance og hlutafélaginu Ingólfi h/f, þar sem spurzt var fyrir um ástand verksmiðjunnar og hvað gera þyrfti til þess að koma þeim í vinnsluhæft ástand. Bæði þessi fyrirtæki svöruðu þegar í júlímánuði, annað með bréfi 2. júlí og hitt með bréfi 13. júlí, hvers þau töldu við þurfa til þess að koma verksmiðjunum báðum í sæmilega nothæft ástand. Þá var enn fremur síldarverksmiðjum ríkisins sent bréf um þetta mál, þar sem óskað var eftir, að síldarverksmiðjustjórnin léti ráðuneytinu í té umsögn sína um málið. Svar frá síldarverksmiðjum ríkisins barst ekki, og var þó eftir því gengið, a. m. k. einu sinni og jafnvel tvisvar. En eftir að þessi fsp. kom fram, hefur verið gengið eftir svari frá síldarverksmiðjum ríkisins eða stjórn þeirra, og það svar barst mér í gær og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi síldarverksmiðja ríkisins í dag var gerð eftirfarandi bókun:

Tillaga um síldariðnað á Vestfjörðum, sbr. bréf atvmrn., dags. 22. júní 1960. Tillagan hafði verið tekin til umr., skömmu eftir að bréfið barst, en afgreiðslu frestað. Eftir nokkrar umræður kom fram svo hljóðandi tillaga:

„Vegna aflabrests þess, sem verið hefur á síldveiðisvæðinu vestan Skaga s. l. 17 ár, telur stjórn síldarverksmiðja ríkisins ekki fært að mæla með því, að S.R. leggi í kostnað við að stuðla að starfrækslu síldarverksmiðjanna á Ingólfsfirði og Djúpuvík. Jafnframt bendir verksmiðjustjórnin á, að árið 1946 var byggð á vegum S.R. ný síldarverksmiðja á Skagaströnd. Hefur það bakað S.R. stórkostleg útgjöld að halda þessari verksmiðju í starfhæfu ástandi, en verksmiðjan þó aðeins tekið á móti samtals um 125 þús. málum á 16 árum. Telur verksmiðjustjórnin, að beina þurfi framkvæmdum að þeim stöðum, þar sem líklegast er, að um verulega vinnslu geti orðið að ræða."

Tillagan borin upp og samþykkt með 4 shlj. atkv."

Í þessu svarbréfi síldarverksmiðja ríkisins

felst raunverulega kjarni málsins. Síldin hefur því miður lagzt frá þessu svæði í talsvert á annan áratug, og þess vegna hafa þeir, sem eru eigendur að verksmiðjunum á Ingólfsfirði og Djúpuvík, ekki séð sér hag í því að reka þær, og raunar þó að verksmiðja hafi legið austar, eins og Skagastrandarverksmiðjan, og hafi verið haldið opinni og í fullkomnu, rekstrarhæfu ástandi, hefur ekki fengizt þar, nema — eins og í bréfi stjórnar síldarverksmiðjanna segir — um það bil eða innan við 10 þús. mál á ári að meðaltali, og er það náttúrlega enginn grundvöllur fyrir rekstur jafndýrs atvinnufyrirtækis og þessa. Hins vegar hefur það skeð á þessu tímabili, að síldin hefur flutt sig til við landið og er nú aðallega við Austurland, og eru þar verkefni svo stór og brýn til þess að geta tekið á móti síldinni, sem þar er, að ég tel það a. m. k. ekki hagkvæmt að leggja í verulegan kostnað á þeim stað, þar sem engin síld er fáanleg, á meðan verkefnin bíða og æpa óleyst á þeim stöðum, þar sem síldin veður.

Ég læt mér skiljast það, að þetta er náttúrlega erfitt fyrir þann landshluta, sem fyrir þessu verður, að sætta sig við það, að fyrirtækin annaðhvort grotni niður eða þurfi að kosta miklu til viðhalds, án þess að nokkuð fáist á móti. En við þessu er ekki að gera, á meðan göngur síldarinnar eru eins og þær hafa verið að undanförnu. Ég hef líka, — og skal geta þess í þessu sambandi, þó að ekki sé beint um það spurt, — látið athuga um kostnað við flutning á síld til þessara verksmiðja, og hefur sá árangur orðið því miður neikvæður, vegna þess að flutningskostnaðurinn á Faxaflóasíld, — og hann er það eina, sem kemur til greina í þessu sambandi, — hefur orðið það mikill, að telja verður útilokað að gera út á bræðslusíldarveiði fyrir verksmiðjurnar með þeim kostnaði á flutningi, sem talinn er að muni verða, ef út í hann yrði farið. Þannig hniga öll rök að því í bili, að þarna sé því miður ekki hægt að gera hluti, a. m. k. ekki kostnaðarsama hluti, til þess að bæta úr ástandinu, vegna þess að það sé ekki undir því sá fjárhagslegi rekstrargrundvöllur, sem nauðsynlegt verður að telja, að þurfi að vera.

Út af lokaorðum hv. þm. um flutning á því, sem eftir er, eða þeim helmingi, að ég ætla, sem eftir er af Ingólfsfjarðarverksmiðjunni, á annan stað get ég ekki upplýst annað en það, að það hefur aldrei undir mig verið borið og ég þekki þess vegna ekki það, sem kann að hafa verið um þetta talað. Ég hef þó á skotspónum heyrt því fleygt, að það muni hafa mætt andstöðu hjá eigendum sú hugmynd, sem hreyft hafði verið um að flytja verksmiðjuna, og þess vegna hafi ekki orðið úr því í bili. En um þetta þori ég ekki að segja ákveðnara.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir þau svör, sem hann gaf, og það gleður mig að verða þess áskynja, að tillagan hefur ekki verið lögð til hliðar og ekkert aðhafzt, heldur nokkuð eðlilegar aðferðir hafðar við það að afla upplýsinga um það, sem spurzt var fyrir um í till. Það gleður mig líka að heyra það, að hugleiðingar um að flytja burt það, sem eftir er af þessum verksmiðjum, eða sérstaklega Ingólfsfjarðarverksmiðjunni, hafi ekki komizt á það stig a. m. k., að aðstoðar ríkisstj. hafi verið leitað í sambandi við það.

Það er vissulega rétt, að síld hefur lagzt frá Vestfjarðasvæðinu núna allmörg undanfarin ár. En hitt vita allir, að ekki lengra til baka en um 1920 lögðust aðalsíldargöngurnar einmitt að Vestfjarðasvæðinu, og var þá mikil og margvísleg vinnsla síldar framkvæmd á Vestfjarðahöfnum. Nú hefur síldin meira lagzt að Norðausturlandssvæði og Austfjarðasvæði um sinn, en þó hefur einmitt nú á seinustu tveimur árum ýmislegt bent til þess, að síldin væri nú meira en áður að koma upp á Vestfjarðasvæðinu. Fyrsta síld, bæði í fyrra og s. l. vor, kom upp út af Horni og var sótt þangað vestur á bóginn. Það er því ekki óeðlilegt, að sá tími geti verið nærri, að síldin leggist aftur að Vestfjarðasvæði og verði þá hagkvæmast þjóðinni að geta nýtt einhvern verulegan hluta af aflamagni síldarinnar í verksmiðjum á Vestfjörðum. Ég teldi a. m. k. illa farið, ef þá væri búið að rífa til grunna þær síldarverksmiðjur, sem enn þá eru þó á Vestfjarðasvæðinu, og hygg, að það mundi vera miklu hagkvæmara fyrir þjóðfélagið að gera nú þegar eða sem allra fyrst ráðstafanir til þess, að þessar verksmiðjur væru hafðar í nokkurn veginn rekstrarhæfu standi. Við höfum áður lent í því, að síldin hefur gosið upp, þar sem verksmiðjur voru ekki fyrir eða ófullnægjandi, sbr. Hvalfjarðarsíldina og það óðagot, sem þá greip menn að byggja upp verksmiðjur hér við Faxaflóasvæðið, — þær hafa margar hverjar staðið lítt eða ekki notaðar síðan, en þá þótti mikil þörf á því og hefði miklum verðmætum verið bjargað, ef þessar verksmiðjur hefðu verið til hér suðvestanlands, hvað þær þá ekki voru. Ég hygg, að menn nöguðu sig illa í handarbökin fyrir það, ef það væri nýbúið að rífa þær verksmiðjur, sem eru á Vestfjörðum, og við þannig vanbúnir að taka á móti miklum aflafeng, ef síldin héldi nú innan fárra ára aftur að Vestfjarðasvæðinu, eins og vel má búast við. Við vitum, að þessi kynjafiskur færist mjög til, og möguleikarnir til þess að veiða hana eru mjög bundnir við það, að hægt sé að nýta aflann í námunda við veiðistaði.

Það kom m. a. fram í svari hæstv. ráðh., að flutningar um langa vegu væru það dýrir, að nokkurn veginn útilokaði vinnslu í fjarlægum verksmiðjum. Ég vil því beina því til hæstv. ráðh., að með því sé fylgzt, að Vestfjarðaverksmiðjurnar, sem enn þá eru þarna til, verði ekki rifnar og fluttar í burt af Vestfjörðum, því að þar er þó einasti möguleikinn, sem nærtækur er, til þess að hægt væri að nýta síld, ef henni skyti aftur upp á Vestfjarðasvæðinu, sem ég tel allar líkur benda til.

7. Vörukaupalán í Bandaríkjunum.

Á 33. fundi í Sþ., 7. febr., var útbýtt:
Fsp. til fjmrh. um vörukaupalán í Bandaríkjunum [137. mál, 1] (A. 267).

Á 34. fundi í Sþ., 8. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 14. febr., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Sþ., 21. febr., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þessi fyrirspurn þarf ekki framsögu við eða skýringa, og leyfi ég mér að vísa til hennar eins og hún er á þingskjalinu.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. 1. liður þessarar fsp. er um það, hve mikil vörukaupalán PL-480 voru tekin í Bandaríkjunum árið 1961. Árið 1961 var gerður samningur milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna um kaup á bandarískum umframbirgðum af landbúnaðarvörum fyrir 1840 þús. dollara.

2. spurning: Hve mikil slík lán hafa nú verið tekin samtals og hve mikið á hverju ári? Heildarupphæðir þeirra vörukaupasamninga, sem gerðir hafa verið árlega árið 1957 og síðan, eru sem hér greinir: Árið 1957 2 millj. 785 þús. dollarar. Árið 1958 3 millj. og 60 þús. dollarar. Árið 1959 2 millj. 575 þús. dollarar. Árið 1960 1 millj. 925 þús. dollarar. Og árið 1961 1 millj. 840 þús. dollarar. Samtals á þessum 5 árum 12 millj. 185 þús. dollarar.

3. spurningin: Hve mikið af því fé kemur til útlána innanlands? Innkomið fé til ráðstöfunar til útlána innanlands var 8. þ. m. alls 213 millj., sem sundurliðast milli samninga eftir árum þannig: Af samningi ársins 1958 36.1 millj. Af samningi ársins 1959 55.9 millj. kr. Af samningi ársins 1960 48.5 millj. kr. Af samningi ársins 1961 37.9 millj. Samtals 213 millj. Til viðbótar þessu er áætlað, að enn komi samkv. samningnum frá 1960 um 1 millj. kr. og samkvæmt samningnum frá 1961 um 14 millj. kr. Verður þá heildarfjárhæð, sem kemur til útlána innanlands, væntanlega um 228 millj.

4. spurning: Hve mikið hefur nú verið samþykkt að lána út innanlands af þessu fé og í hvaða framkvæmdir? Samþykktar lánveitingar nema alls 174 millj., sem sundurliðast milli framkvæmda sem hér segir: Til virkjunar Efra-Sogs 80.7 millj. kr. Til rafmagnsveitna ríkisins vegna Keflavíkurlínunnar 15 millj. kr. Til verkstæða í einkaeign 1.3 millj. kr. Til hitaveitu Reykjavíkur 25 millj. kr. Til Keflavíkurvegar 10 millj. Til hafnarmála 15 millj. Til Rafmagnsveitu Reykjavíkur vegna varastöðvar við Elliðaár 5.5 millj. Til iðnlánasjóðs 21.5 millj. Alls, eins og ég gat um, 174 millj.

5. spurning: Hvað er áætlað, að við þessi vörukaupalán bætist á árinu 1962? Það er gert ráð fyrir, að á þessu ári verði gerður nýr vörukaupasamningur að upphæð um 1 millj. 740 þús. dollarar, og að 75% af innkomnum greiðslum samkv. honum á árunum 1962 og 1963, þ. e. um 59 millj. kr., komi til lánveitinga hér á landi.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar. Mér sýnist þessu öllu vera svarað.

---

8. Ráðstöfun 6 milljón dollara lánsins.

Á 33. fundi í Sþ., 7. febr., var útbýtt:
Fsp. til fjmrh. um ráðstöfun 6 milljón dollara lánsins [137. mál, 2] (A. 267).

Á 34. fundi í Sþ., 8. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 14. febr., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Sþ., 21. febr., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í 22. gr. fjárlaga 1959 er svo hljóðandi liður: „Að taka erlent lán að upphæð allt að 6 millj. dollara (þ. e. a. s. heimild fyrir ríkisstjórnina). Af þeirri fjárhæð skulu eftirtaldar upphæðir endurlánaðar sem hér segir: Til raforkusjóðs 45 millj. kr. Til ræktunarsjóðs 25 millj. kr. Til hafnarframkvæmda 28 millj. kr., og skal nefnd sú, sem um getur í 20. gr., skipta lánsfénu til einstakra hafna."

Ég sakna þess, að núna síðustu missirin eða síðustu tvö árin a. m. k. hefur ekki verið gefið yfirlit í sambandi við fjárlagaumræðurnar, eins og áður hafði verið venja, um lántökur ríkisins og hvernig því fé hefur verið ráðstafað. Ég man því ekki til þess, að það hafi nokkurn tíma verið í sambandi við fjárlagaumræður gerð grein fyrir því hér á hv. Alþingi, hversu lántaka hefur farið fram samkv. þessari lagaheimild, hve há fjárhæð lánið varð samtals í íslenzkum krónum, og því síður rekur mig minni til þess, að hv. Alþingi hafi verið gerð grein fyrir því, hvernig lánsfénu hefur verið varið, þó að ég hafi grun um, að því hafi nú þegar öllu verið varið á einn eða annan hátt.

Þá vil ég leyfa mér að minna á, að núv. hæstv. utanrrh., sem var fjmrh. 1959, lýsti yfir því, að ekki yrði ráðstafað af þessu lánsfé nema með samþykki Alþingis umfram það, sem heimilað var í fjárlagagreininni, sem ég las, enda mun öllum finnast það eðlilegt.

Mér sýnist því, að þetta mál þurfi allt að upplýsa á hv. Alþingi, og því hef ég borið fram þessa fyrirspurn á þskj. 267, II. lið, sem ég vænti að hæstv. ráðh. svari.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er spurt um, hve mikið er búið að borga inn til íslenzkra banka af 6 milljón dollara láni frá Bandaríkjunum, sem tekið var samkvæmt heimild í 22. gr. fjárlaga fyrir 1959, og hve miklu nemur sú fjárhæð í íslenzkum krónum. Og í öðru lagi: Hefur ríkisstj. ráðstafað af þessu lánsfé umfram það, sem Alþingi ákvað í 22. gr. fjárlaga 1959, og ef svo er, hvernig?

Því er fyrst til að svara, að inn er komið af þessu fé 5 847 328 dollarar. Þetta er það, sem inn hefur verið borgað af 6 millj. dollara láninu. Þetta er í ísl. kr. 197 907 645.15.

Samkv. 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1959 var ákveðið að veita 28 millj. af þessu fé til hafnarframkvæmda, 25 millj. til ræktunarsjóðs og 45 millj. til raforkusjóðs, alls 98 millj. Síðan hefur verið ráðstafað til viðbótar þessu til raforkusjóðs 52 millj., til sementsverksmiðju 10 millj. kr., til síldarverksmiðja ríkisins 6 millj. kr., til fiskveiðasjóðs 34 millj. kr., til niðursuðuverksmiðju Kristjáns Jónssonar, Akureyri, 300 þús. krónur.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Ég þakka hæstv. ráðh. upplýsingarnar. Samkv. þessu hefur lánsfénu öllu verið ráðstafað. Ég vil leyfa mér að finna að því, að það hefur ekki verið fengið samþykki Alþingis til ráðstöfunar á þessu fé, eins og gert var um þann hluta lánsins, sem ráðstafað var samkvæmt fjárlögunum frá 1959, og eins og hæstv. þáv. fjmrh. hafði gefið yfirlýsingar um að gert yrði. Vænti ég, að hæstv. ríkisstj. sjái, að á því eru mikil missmíði að ráðstafa milljónum, jafnvel milljónahundruðum af lánsfé, án þess að sérstakar samþykktir Alþingis komi til. Skiptir vitanlega engu máli í því sambandi, hversu ágæt verk það kunna að vera eða eru, sem fjármagnið er veitt til. Það er „prinsip"-atriði og eitt hið þýðingarmesta í okkar stjórnskipun, að slíkt sé ekki gert.

Nú má vera, að í öðrum lögum en fjárlögunum frá 1959 séu heimildir, sem hæstv. ríkisstj. hefur notað við þessar lánveitingar, sem hæstv. fjmrh. greindi frá, og það vil ég vona að sé. En þá hefði verið æskilegt, að hæstv. fjmrh. hefði gert grein fyrir því, hvaða lánsheimildir það væru þá.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Í tilefni af því, að hv. fyrirspyrjandi hefur haldið því fram, að ég hafi á sínum tíma lýst því yfir, að láni því, sem tekið var í Bandaríkjunum samkv. heimild í 22. gr. fjárlaga frá 1959, yrði ekki ráðstafað, án þess að leita fyrir því samþykkis áður, þá kemur mér þessi fullyrðing hv. þm. mjög undarlega fyrir sjónir. Ég minnist þessa alls ekki og vil gjarnan athuga það mál nánar. Ég held, að hv. þingmaður hljóti að blanda hér eitthvað málum.

9. Framkvæmdaáætlun.

Á 35. fundi í Sþ., 14. febr., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um framkvæmdaáætlun [148. mál] (A. 292).

Á 36. fundi í Sþ., 15. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 21. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Á Alþingi 1960 fluttum við 8 þingmenn Framsfl. till. til þál. um undirbúning löggjafar um framleiðslu- og framkvæmdaáætlun þjóðarinnar, þar sem m. a. var gert ráð fyrir, með leyfi hæstv. forseta, „að undirbúa löggjöf um það, hversu semja skuli fyrir ár hvert og fyrir nokkur ár í senn áætlun um framleiðslu og framkvæmdir í landinu með tilliti til vaxandi fólksfjölda, nauðsynlegra framfara og jafnvægis í byggð landsins."

Þessi þáltill. varð ekki útrædd á þinginu, en meiri hluti hv. fjvn., sem fékk málið til meðferðar, þ. e. a. s. stuðningsmenn ríkisstj. í nefndinni, lagði til, að málinu yrði vísað til ríkisstj. Síðan höfum við flm. ekki endurflutt till., og ber það m. a. til, að snemma á árinu sem leið, þ. e. á árinu 1961, tók það að spyrjast, að hæstv. ríkisstj. hefði tekið sér fyrir hendur að láta gera áætlun nokkuð fram í tímann, líklega til fimm ára, um framkvæmdir hér á landi, og þess varð þá einnig vart. að hingað voru komnir nokkrir útlendir menn, að ég ætla frá Noregi, sem unnu að ýmiss konar skýrslusöfnun fyrir ríkisstj. með aðstoð íslenzkra manna. Í umræðum á Alþingi 25. okt. s. l. gerði hæstv. þáv. forsrh., Bjarni Benediktsson, þetta mál að umtalsefni, þetta áætlunarmál. Forsrh. sagði þá m. a.: „Við styðjumst nú þegar mjög við reynslu þeirra (þ. e. a. s. Norðmanna, sem ráðherrann var að ræða um), við styðjumst nú þegar mjög við reynslu þeirra við samningu fimm ára áætlunarinnar, sem nú er verið að vinna að. Eins og kunnugt er, hefur lengið legið í landi, að við höfum keppzt við að gera allt í senn og ráðizt í að framkvæma meira en unnt var að hrinda áleiðis samtímis. Vegna þess hefur öllu seinkað og leitt til fjármunasóunar og skorts á erlendum gjaldeyri. Fimm ára áætluninni er ætlað að ráða bót á þessu. Efni hennar má skipta í þrjá meginþætti", sagði ráðherrann. „Í fyrsta lagi verði samið almennt yfirlit eða heildarmynd af þjóðarbúskapnum og væntanlegri æskilegri þróun hans næstu fimm árin. Af þessu heildaryfirliti á að sjást, hvaða fjármunum þjóðin muni væntanlega ráða yfir til þess að fullnægja þörfum sínum og óskum, bæði um neyzlu og framkvæmdir. Á þeim grundvelli verður hægt að ákveða, hve mikið megi ráðast í án þess að bera getu þjóðarinnar ofurliði. Í öðru lagi verða samdar rækilegar og heilsteyptar áætlanir um opinberar framkvæmdir, svo að þær geti orðið sem mestar og hagkvæmastar. Er þar um að ræða raforkuframkvæmdir, vegagerð, hafnar-

mannvirki, skólabyggingar, heilsuhæli o. fl. Í þriðja lagi verða gerðar áætlanir um þróun atvinnuveganna.“ Um þessa fyrirhuguðu áætlun segir ráðherrann í sömu ræðu: „Tilgangur hennar er tvíþættur: Annars vegar að koma fastri skipan á framkvæmdir ríkisins og annarra opinberra aðila og marka stefnu ríkisins í atvinnumálum. Hins vegar að sýna einstaklingum og samtökum landsmanna, hverju þjóðin getur áorkað, ef hún sameinar krafta sína til skipulegrar og frjálsrar uppbyggingar á efnahagskerfi landsins. Enginn efi er á því, að ef vel tekst til um þessa áætlun, getur hún orðið að ómetanlegu gagni.“

Daginn eftir, hinn 26. október s. l., birti Alþýðublaðið kafla úr ræðu eða útdrátt úr ræðu, sem það sagði að hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, hefði haldið á fundi Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur í fyrrakvöld. Þ. e. a. s. 24. okt. Þessi frásögn um fundinn er birt undir fyrirsögninni: „Framkvæmdaáætlunin er stærsta málið“, og segir svo í blaðinu um ræðu ráðh., með leyfi hæstv. forseta:

„Í niðurlagi ræðu sinnar ræddi ráðherrann þá miklu framkvæmdaáætlun, sem ríkisstj. væri nú að undirbúa. Kvað hann þar um stórmál að ræða og benti á, að þar væri um mál Alþfl. að ræða, þar eð Alþfl. hefði alltaf barizt fyrir því að taka upp áætlunarbúskap. Sagði Gylfi, að framkvæmdaáætlunin mundi móta starf ríkisstj. síðari helming kjörtímabils hennar.“

Nú er það svo, að enn þá hefur ekki verið tilkynnt neitt um það hér á hinu háa Alþingi, að þessari áætlunargerð væri lokið, og ekki heldur borizt neinar fregnir af því á annan hátt. En **með tilliti til þess, sem haft var eftir** hæstv. viðskmrh. á sínum tíma, þá vil ég leyfa mér að benda á það, að kosningar til Alþingis fóru fram í októbermánuði 1959, þannig að nú er komið yfir á síðara hluta kjörtímabilsins. Ef áætlunin á að móta starf ríkisstj. síðari hluta kjörtímabilsins, þá virðist manni ekki seinna vænna, að hún fari að koma fram.

Með tilliti til þessa, sem ég nú hef sagt, höfum við þrír þm. leyft okkur að bera fram á þskj. 292 svo hljóðandi fyrirspurn:

Í fyrsta lagi: „Hvenær verður lokið fimm ára framkvæmdaáætlun þeirri (þ. e. a. s. samningu áætlunarinnar), sem forsætisráðherra gerði að umræðuefni á Alþingi 25. okt. s. l.?“ Og í öðru lagi: „Verður áætlunin lögð fyrir Alþingi og þá hvenær?“

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Hv. 1. **fyrirspyrjandi, flm. fsp. á þskj. 292, vitnaði hér í ummæli þau, sem hæstv. þáv. forsrh. hafði haft um þessa framkvæmdaáætlun í ræðu á hæstv.** Alþ. 25. okt. s. l. Ég get gert orð hans að mínum og þarf þess vegna ekki um þá hlið málsins að ræða. Mér er ekki kunnugt um þá blaðagrein, sem hann vitnar til, ég hef ekki lesið hana, og leiði alveg hjá mér, hvað þar hefur verið sagt.

En út af því, sem spurt er um í þessari fsp., þá vil ég segja það, að eins og öllum hv. alþm. er kunnugt um, bíða mörg viðfangsefni á sviði verklegra framkvæmda úrlausnar, sem ríkisstj. Íslands þarf að hafa forgöngu um að leysa. Fjármunir eru hins vegar af skornum skammti, og þess vegna er að okkar viti nauðsynlegt, að sem gleggst heildaryfirlit sé fyrir hendi yfir þörfina, svo að hægara verði í þeim efnum að hafna og velja. Þetta er sú skoðun, sem liggur til grundvallar fyrir gerð þessarar framkvæmdaáætlunar. **Ríkisstj. hefur af þessum ástæðum talið nauðsynlegt** að láta gera áætlun um þær framkvæmdir, sem helzt kynnu að koma til greina á næstu árum, og fengið til þess erlenda sérfræðinga, sem hafa verið í samvinnu við íslenzka embættismenn og stofnanir.

Nú liggja fyrir drög að þessari áætlun, sem eru í nánari athugun. Þegar ríkisstj. hefur gengið endanlega frá tillögum sínum, verða þær lagðar fyrir Alþingi, eftir því sem talið verður við eiga og efni standa til. Enn er ónunið mikið og vandasamt verk í þessum efnum, sem að mínu viti án efa tekur marga mánuði að ljúka við.

Ég vænti þess, að í þessum fáu orðum liggi svar við þeirri fsp., sem borin hefur verið fram hér.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa gefið svör við fsp. okkar á þskj. 292, þ. e. a. s. þau svör, sem hann virðist telja sér fært að gefa á þessu stigi málsins. En ef ég skildi hæstv. ráðh. rétt, þá voru svörin á þá leið, — ég tek svarið við síðari spurningunni fyrr, — að fimm ára áætlun sú, sem um er að ræða, **muni verða lögð fyrir Alþingi „eftir því sem talið** verður við að eiga og efni standa til“, en um það, hvenær lokið verði áætlunargerðinni, væri ekki hægt að segja að svo stöddu, en mundi þó a. m. k. taka nokkra mánuði, eða þannig skildi ég **hæstv. ráðh. Hér er ekki tími eða tækifæri til** þess að ræða þetta nánar af minni hálfu, og mun ég því láta máli mínu lokið.

Eysteinn Jónsson: Ég vildi aðeins reyna, ef hægt væri, að fá ofurlítið nánari upplýsingar í framhaldi af fsp. Ég hjó eftir því, að hæstv. forsrh. sagði, að þessi áætlun væri gerð í samvinnu við íslenzka embættismenn og stofnanir. Ég vildi leyfa mér að spyrjast fyrir um það, því að það hlýtur að vera mjög ofarlega í huga hæstv. ráðh., hvaða stofnanir það eru, sem hæstv. ríkisstj. hefur látið kveðja til ráðuneytis um **þessa áætlunargerð, og hvort það eru þá ein**göngu ríkisstofnanir eða aðrar stofnanir líka, og ef hann gæti svarað því, þá hverjar?

Þá vil ég líka spyrja hæstv. forsrh., hvort þessi áætlun eða þessi áætlunardrög, sem hafa verið samin, hafi verið lögð fyrir Efnahagssamvinnustofnun Evrópu nú þegar eða sýnd þeirri stofnun, — ég er ekki alveg viss um, að ég hafi rétt nafnið á stofnuninni, það kann að vera, að þessi stofnun hafi skipt um nafn og heiti ekki lengur Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, eins og hún hét áður, en ég veit, að hæstv. ráðh. veit, hvaða stofnun ég á við, — og ef þessi áætlun **hefur verið lögð fyrir hana eða þessi drög að** áætlun, í hvaða skyni það væri þá gert. Ég vil fyrir mitt leyti nota þetta tækifæri til að leggja hina ríkustu áherzlu á, að þessi áætlun verði lögð fyrir Alþ. til skoðunar nú strax í vetur. Mér finnst það eðlilegt, að sú vinna, sem í þetta

mál hefur verið lögð, komi til afnota fyrir þingið nú strax. Því hefur verið lýst yfir, að þarna hafi nú þegar verið gert uppkast að áætlun. Ég tel það miklu vænlegri aðferð, að þetta komi nú strax til athugunar í þinginu sem skýrsla, — þannig er unnið víða erlendis, — áætlunin komi nú strax til athugunar á Alþingi sem skýrsla, þótt ríkisstj. héldi áfram að vinna að málinu fyrir sitt leyti, þá kæmi þessi vinna strax að gagni fyrir aðra, sem ekkert síður en ríkisstj. þurfa að skapa sér skoðun á þessu máli. Ég vildi því mjög eindregið beina því til hæstv. ríkisstj. í framhaldi af því, sem fyrsti talsmaður fsp. sagði, að áætlunardrögin gætu komið sem skýrsla fyrir þetta þing.

Loks langar mig að minna á í þessu sambandi, að í Alþýðublaðinu kom um daginn það, sem ég held að hafi verið kallað í blaðinu hluti af þessari áætlun. Það var, má ég segja, alveg berum orðum sagt, að það væri hluti af áætlun þessari — varðandi landbúnaðinn. — Verð ég að segja, að þetta, að stjórnarblaðið birtir hluta af áætluninni, og ég er ekkert að finna að því, styður þessa ósk mína. Ég álít, að því fyrr sem hæstv. ríkisstj. treystir sér að láta birta úr áætluninni, því betra fyrir alla. En ég vil segja, að einmitt þetta, að farið er að birta einstaka hluta úr áætluninni í blöðum, bendir eindregið til þess, að málið sé komið á það stig, að áætlunin eða drögin eigi að sendast Alþingi sem skýrsla, til þess að allir þingmenn geti haft þessa vinnu til stuðnings við að móta sér skoðun um þessi mál. Hér eru engir smámunir á ferðinni, heldur að því er manni skilst tilraun til að raða niður verkefnum næstu ára. Þá varðar það náttúrlega ekki aðeins núv. hæstv. ríkisstj., heldur engu síður hv. Alþingi.

Ég vona, að hæstv. ráðh., taki þessum viðbótarspurningum vel, en að sjálfsögðu getur þetta mál komið til umræðu í einhverju formi síðar, ef hæstv. ráðh. vilja heldur hafa þann hátt á að íhuga þetta í stað þess að ræða það núna meira.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Út af fyrirspurnum hv. 1. þm. Austf. vil ég fyrst svara því, að þessir sérfræðingar, sem hér voru að verki, leituðu til ýmissa stofnana og manna um upplýsingar. Af hendi stjórnarvaldanna var þeim sagt, að þeir skyldu leita hvert sem þeim sjálfum sýndist til þess að fá sem víðtækastar upplýsingar. Við bentum þeim fyrst og fremst á stofnanir eins og vegamálaskrifstofu og vitamálaskrifstofu og póst og síma, banka o. fl. og gerðum að öðru leyti ráðstafanir til, að allar dyr, sem við höfðum nokkur lyklavöld að, stæðu þeim opnar, því að fyrir okkur vakti tvennt: að láta hið glögga gestsauga sjá myndina eins og hún er, og þá að sjálfsögðu að hagnýta þá þekkingu, sem fyrir hendi er hjá mönnunum, sem eru gerkunnugastir málunum vegna sinnar reynslu í störfum, hver á sínu sviði. Veit ég, að allir eru sammála um, að þetta séu hyggileg vinnubrögð.

Þá spurði hv. 1. þm. Austf. um það, hvort þessi drög eða skýrslur hefðu verið lögð fyrir OECD, væntanlega í París. Ríkisstj. hefur engar ráðstafanir gert til þess að senda þessi drög þangað, hvort sem svo verður síðar, það getur vel verið, þegar þar að kemur. — Tel ég ekki ólíklegt, þegar stjórnin er búin að ganga frá skýrslunni, að hugsanlegt geti verið að láta vissa erlenda aðila fá þær upplýsingar, m. a. í því skyni að treysta aðstöðu okkar til að afla þess fjár, sem þurfa mun til að framkvæma áætlunina.

Þá minntist hv. 1. þm. Austf. á, að Alþýðublaðið hefði birt nokkurn hluta af þessari áætlun. Það er að því leyti á misskilningi byggt, að Alþýðublaðið birti skýrslu úr Árbók landbúnaðarins.

Kem ég þá að því síðasta, sem hann gat um, og það var, hvort ekki væri auðið að leggja málið fyrir þetta þing. Ég segi það sem mitt álit, að það sé ekki hægt. Okkur gengur nógu illa hér að koma okkur saman, þó að af hendi stjórnarvaldanna sé sá háttur á hafður, að þau leggi fram sínar tillögur, gangi endanlega frá þeim og segi: Þetta er það, sem við leggjum til, og með þessu viljum við standa eða falla, eða: Við skulum hlusta á breytingar, sem koma fram, og taka þær til athugunar — En ég held, að þessu máli geti aldrei orðið svo langt komið fyrir lok þessa þings, að stjórnin geti sagt: Við eru í fyrsta lagi búnir að grandskoða málið, hver ráðherra fyrir sig í samráði við þær stofnanir, sem undir hann heyra, og við höfum auk þess getað borið þau sjónarmið saman, samræmt þau og fellt þau í heildartillögur, sem nú skulu lagðar fyrir Alþingi. — Það er, eins og allir hv. alþm. án efa gera sér fulla grein fyrir, ekkert áhlaupaverk að ljúka þessu máli eða ganga frá því þannig, að stjórnin telji sig með sæmd geta lagt það fyrir þingið og hafi haft þann undirbúning, sem hún telur nauðsynlegan. Og ég veit, að hv. 1. þm. Austf. þekkir það af langri reynslu, að eins og staðið hefur á fyrir okkur í stjórninni, síðan við fengum þessi drög í hendur, þá hefur ekki verulegur tími unnizt til þess að líta á þetta stóra og mikla mál. Það er svo, að meðan þing stendur og jafnvel í þinghléinu voru svo mörg önnur mál, sem við þurftum að fjalla um, að ekki hefur unnizt tími til að sinna þessu máli nægilega, og ég vil ekki gefa neinar falskar vonir um það, að ég telji möguleika á, að málið verði lagt fyrir þetta þing.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil aðeins gefa þá skýringu, sem hæstv. forsrh. hefur raunar þegar komið að, að sá hluti af framkvæmdaáætlun fyrir landbúnaðinn, sem Alþýðublaðið birti, var eingöngu tekinn eftir Árbók landbúnaðarins. Ef ég man rétt um það mál, þá skilst mér, að samtök landbúnaðarins hefðu um nokkurt skeið unnið að söfnun gagna til tíu ára áætlunar fyrir landbúnaðinn. Úr því að unnið er að slíkri framkvæmdaáætlun, hlýtur það starf að falla mjög saman við fimm ára áætlunina, sem er síðar til komin.

Þarna er um aðra áætlun að ræða, sem hægt var að birta um upplýsingar, sem eru í þessari árbók, án þess að brjóta nokkurn trúnað um 5 ára áætlunina. En Alþýðublaðið hefur ekki fengið í sínar hendur né heldur til birt-

ingar þau drög að áætlun, sem ríkisstjórnin hefur með höndum.

Eysteinn Jónsson: Það voru fáein orð aðeins. — Það var fyrst út af því, sem hæstv. forsrh. sagði. Ég spurði, til hvaða stofnana hefði verið leitað um álit og tillögur varðandi áætlunina. Hæstv. ráðh. hafði ekki, sem varla var von, á takteinum upptalningu þeirra stofnana, en hann sagði, að það hefði verið sagt við þá, sem unnu að þessu, að þeir skyldu leita þangað, sem þeim sýndist. Þetta eru vafalaust fyrst og fremst þessir erlendu sérfræðingar, sem þarna voru kvaddir til. Ég vil mjög finna að því, ef þessi háttur hefur verið á hafður. Ég á bágt með að trúa því, að hann hafi verið á hafður, að útlendingum hafi verið sett það í sjálfsvald, til hvaða íslenzkra stofnana þeir leituðu um tillögur í sambandi við áætlunargerðina um íslenzka þjóðarbúskapinn á næstu árum. Um slíka handahófsaðferð væri náttúrlega hægt að hafa sterk orð. Ég tel alveg sjálfsagt, eins og hæstv. forsrh. tók fram, að þeir leituðu til þeirra ríkisstarfsmanna, sem standa fyrir stórum starfsgreinum, eins og vegamálastjóra o. fl., o. fl., en ég vil mjög finna að því, ef það hefur verið hafður sá háttur á að setja þessum útlendu mönnum í sjálfsvald, til hvaða stofnana að öðru leyti þeir leituðu, hverjir skyldu fá rétt til að koma fram með sín sjónarmið og sínar óskir um framkvæmdir á næstu árum. Enda hef ég dálitla hugmynd um, að mikils handahófs hafi gætt að þessu leyti. En ég fer ekki lengra út í það núna. Ég mundi nú vilja ráðleggja hæstv. ríkisstj., ef þessi háttur hefur verið á hafður, og að setja sig vel inn í, til hvaða stofnana hefur verið leitað, og gefa þeim stofnunum, sem kynnu að hafa orðið skágengnar að þessu leyti, kost á því að koma fram með sín sjónarmið, áður en málinu verður lengra haldið. Ég skil ekki í öðru en hæstv. ríkisstj. sé samþykk því, að í þessum efnum eigi að ríkja sem mest samræmi varðandi undirbúning málsins.

Hæstv. ráðh. sagði, að á þessu stigi hefðu þessi drög ekkert verið send út fyrir pollinn, og tek ég það gott og gilt, og rétt er það hjá hæstv. ráðh., að ýmsar áætlanir verður að senda í stofnanir erlendis til að vinna þeim málum fylgi, sem Ísland hefur áhuga fyrir þá og þá. En ég vildi leggja hina mestu áherzlu á, og það var þess vegna, sem ég bar þetta í tal, að áður en slíkar áætlanir eru sendar í önnur lönd eða valdamiklar stofnanir erlendis, þá sé búið að ganga að fullu frá þeim hjá þeim aðilum hér, sem með réttu eiga um þær að fjalla, og þar með meina ég ríkisstj. og Alþingi, að ekki sé farið að flytja mál eða sjónarmið um íslenzkan þjóðarbúskap erlendis og afla stuðnings við þau, án þess að búið sé að ganga áður í gegnum þær stofnanir, sem með réttu móti eiga um þau efni að fjalla. Ég vil leggja aukna áherzlu á þetta.

Varðandi það, sem Alþýðublaðið sagði, hafði ég ekki tíma til að fletta blaðinu, áður en kom að mér að tala, en ég held ég fari ekki rangt með, að blaðið hafi sagt, að þetta væri þátt-ur úr framkvæmdaáætlun ríkisstj. Það er þá mikill misskilningur hjá mér, ef það er rangt. En það var víst ekki hægt að misskilja þetta, því að ég man eftir, að mér kom þetta ákaflega mikið á óvart. Hitt er sjálfsagt alveg rétt, sem Alþýðublaðs-ritstjórinn, hv. þm., sagði hér áðan, að þess hafi líka verið getið, að það væri úr Árbók landbúnaðarins. En ég kann satt að segja ekki við, að það sé verið að reyna að gera það að einhverri villu, sem ég sagði um þetta, því að ég veit, að það er rétt hjá mér, að þetta var sett upp í blaðinu eins og áætlun Stéttarsambandsins hefði verið tekin upp í framkvæmdaáætlunina og þarna því kominn liður úr henni. Það var ekki hægt að skilja það öðruvísi.

En eins og ég sagði, þá var ég ekki að finna að þessu, því að ég álít, að það ætti sem mest að birta af því, sem búið er að vinna til undirbúnings. En ég benti á þetta til rökstuðnings því, að Alþingi fengi nú áætlanirnar sem skýrslu.

Mér urðu það vonbrigði, að forsrh. sagði nokkurn veginn afdráttarlaust, að ríkisstjórnin treysti sér ekki til að leggja málið fyrir þetta þing. En ég held kannske, að hæstv. ráðh. hafi dálítið misskilið mig. Ég átti við, hvort hæstv. ríkisstj. treysti sér ekki til að leggja málið á því stigi, sem það er eða verður fljótlega, fyrir hv. Alþingi sem skýrslu. Ég átti ekki við, að ríkisstj. væri tilbúin að leggja fram drög að áætluninni sem frv. eða tillögur frá sinni hendi, heldur legði hana fram sem skýrslu.

Sannleikurinn er sá, að það er hægt að viðhafa í þessum stóru málum tvenns konar vinnubrögð. Önnur vinnubrögðin eru þau, eins og mér skilst að viðhöfð séu víða í þjóðþingum erlendis. Stærstu málin eru fyrst lögð fyrir sem skýrslur, — þannig hafa t. d. Norðmenn haft það með efnahagsbandalagsmálið, ef ég hef skilið rétt, — og þá án þess, að tillögur frá ríkisstj. fylgi með. Það er gert til þess, að þingin geti lagt í þessi mál einhverja vinnu, sem vit er í, og byggist á því, að þingmenn hafi tóm til þess að skoða málin. Verður þá líka meiri samvinna á milli þings og stjórnar að öllu leyti og miklu merkilegri vinna lögð fram í þinginu með þessu móti en ef hinn hátturinn er á hafður: að halda öllum skýrslum og upplýsingum í stjórnarráðunum og hjá hæstv. ríkisstj. og á hennar vegum, þangað til hún hefur alveg ákveðið, hvað hún ætlar sér að leggja til og setja í lög í einstökum atriðum. Ég skil vel, að þennan hátt verður að hafa á um margvísleg málefni. En sum málefni eru svo viðtæk og þýðingarmikil, að ég held, að það væri mjög hyggilegt að breyta um vinnuaðferð í þeim og taka upp þann hátt að leggja fram skýrslur á Alþingi, áður en málin eru komin á lokastig.

Ég vil biðja hæstv. forsrh. að athuga þetta sjónarmið, því að máske hefur það misskilizt, sem ég sagði áðan um þetta.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. — Auðvitað var það misskilningur hjá hv. 1. þm. Austf. (EystJ), að

hinum erlendu sérfræðingum hefði verið sagt: Þefið þið nú austur og vestur og norður og suður, og þá getið þið fundið þá, sem eitthvað vita um þessi mál. — Þeir höfðu sér til aðstoðar fimm mjög mikilhæfa starfsmenn ríkisins, tvo ráðuneytisstjóra, hagstofustjóra og tvo bankastjóra og störfuðu í samráði við þá og hvað þetta áhrærir náttúrlega undir þeirra leiðsögu, eins og ég fann að hv. 1. þm. Austf. í sjálfu sér gerði ráð fyrir og þótti skynsamlegt.

Ég finn ástæðu til að taka fram, að þessir erlendu menn áttu að leita upplýsinga sem víðast, en ekki beint tillagna, svo að það er nokkur blæmunur þar á.

Varðandi það, sem hv. þm. enn gerði að umræðuefni um Alþýðublaðið, þá er nú svarað fyrir það. Það getur vel verið, að uppsetning greinarinnar hafi gefið mönnum tilefni til að álíta þetta, sem hv. 1. þm. Austf. segir, en þeir, sem lásu greinina til enda, hlutu að sjá, að þetta var, eins og hv. 5. þm. Vesturl., ritstjóri Alþýðublaðsins, sagði frá, tilvitnun í opinbera skýrslu bændasamtakanna eða árbók bænda.

Ég get ekki gefið aðrar eða meiri skuldbindingar en ég hef gert í sambandi við málið, og ríkisstj. hefur svo litill tími unnizt til með gaumgæfni að athuga þetta mikla mál, að ég tel ekki, að það sé ástæða af hennar hendi til frekari skýrslugerðar eða skuldbindinga á þessu stigi málsins heldur en ég í öndverðu gaf.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það er aðeins út af því, sem hér hefur verið rætt um frásögn Alþýðublaðsins og það, sem hv. 1. þm. Austf. sagði þar um, sem ég kvaddi mér hljóðs, þar sem hv. 1. þm. Austf. hefur notað þann tíma, sem hann hafði yfir að ráða við þessa fyrirspurn. En í Alþýðublaðinu laugardaginn 10. febr. 1962 er sagt frá tíu ára áætlunargerð í framkvæmd landbúnaðarmála, og er upphaf þeirrar greinar svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur enn ekki birt úr framkvæmdaáætlun þeirri, sem unnið er að, en Alþýðublaðið getur nú skýrt lesendum sínum frá hluta framkvæmdaáætlunarinnar, þ. e. áætlun um framkvæmdir í landbúnaði 1961—1970. Samkvæmt þeirri áætlun er talið, að varið verði til framkvæmda í landbúnaði 2 milljörðum 610 millj. kr. næstu tíu árin.“

Ég tel, að það orki ekki tvímælis. (Gripið fram í.) Já, en það orkar ekki tvímælis í upphafi greinarinnar, að Alþýðublaðið segir frá þessu sem hluta úr framkvæmdaáætlun hæstv. ríkisstj., og um það var deilt. Ég get ekki gert að því, þó að þeir Alþýðuflokksmenn orði sínar frásagnir þannig, að erfitt sé að skilja það. Það getur hæstv. sjútvmrh. talað um á sínu heimili, en hér orkar ekki tvímælis, hvað sagt er.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ekki mætti ég biðja hv. þm. að lána mér blaðið, þó að ég eigi ekki að verja Alþýðublaðið, og segja mér, hvar þetta stendur. (EystJ: Forsrh. hefur ekki takmarkaðan ræðutíma eins og við hinir.) Það hefur nú komið fyrir þennan hv. þm. að hafa ekki takmarkaðan ræðutíma og notað sér mjög af því og meira en ég geri. Nei, mér datt í hug, úr því að verið er að lesa upphaf greinarinnar, þá sé eins rétt að lesa líka niðurlag greinarinnar, því að það leiðréttir skekkjuna. Greinin endar nefnilega þannig: „Landbúnaðaráætlunin er birt í desemberhefti Árbókar landbúnaðarins.“ Og er tekið fram, að þetta sé tilvitnun í hana. Að öðru leyti vil ég svo segja þessum ágætu mönnum eða spyrja, úr því að hér eru þessar almennu umr. hafnar, hvernig tíu ára áætlun fer að verða partur af fimm ára áætlun. (EystJ: Eru ekki fyrst fimm ár og svo endurtekið.) Við byrjum nú á þessum fyrstu fimm, en verið er að tala um í greininni, að í árbók bænda sé skýrsla um það, sem bændur og þeirra forustumenn vilji láta gera á næstu 10 árum, en ekki 5, eins og áætlun stjórnarinnar fjallar um.

10. Ríkislántökur 1961.

Á 33. fundi í Sþ., 7. febr., var útbýtt:

Fsp. til fjmrh. um ríkislántökur 1961 [137. mál, 3] (A. 267).

Á 34. fundi í Sþ., 8. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 35. og 37. fundi í Sþ., 14. og 21. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 7. marz, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram þessa fsp., sem hljóðar þannig:

„Hverjar voru lántökur ríkisins og ríkisstofnana árið 1961, með hvaða kjörum voru lánin, hvernig varið lánsfénu og hverjar lánsheimildir Alþingis notaðar við lántökurnar?“

Ástæðan fyrir þessari fsp. er sú, að eins og allir vita, hefur ríkið lengi haft með höndum lántökur til fjárfestingar í landinu, talsvert verulegar, nokkuð mismunandi miklar, og lánsfé hefur svo ýmist verið lánað öðrum stofnunum eða varið beint til fjárfestingarframkvæmda á vegum ríkisins. Fyrir þessum viðskiptum hefur yfirleitt ekki verið gert ráð í fjárlögum, en eigi að síður er þetta mjög þýðingarmikill liður í ríkisbúskapnum, og hefur verið venja að gera grein fyrir þessum þætti í ríkisbúskapnum, þegar fjárlagaumr. hafa verið á Alþingi og yfirlit hefur verið gefið um afkomu ríkissjóðs, enda er það fullkomlega eðlilegt, þar sem þessi lánaviðskipti hljóta að ganga inn í ríkisreikningana, og þetta er þáttur í sjálfum ríkisbúskapnum. Á hinn bóginn hef ég saknað þess upp á síðkastið, að það hafi

verið gefin skýrsla um þessi lántökumál í sambandi við fjárlagaumr. Þetta hefur orðið til þess, að ég býst ekki við, að þm. sé ljóst, hvernig þessum lánamálum ríkisins var háttað á árinu 1961. Mig rekur ekki minni til, að þetta bærist neitt í tal í sambandi við fjárlagaumr. nú í árslokin eða þær upplýsingar, sem þá voru gefnar um væntanlega afkomu ríkissjóðs. Þetta er önnur ástæðan til þess, að ég hef leyft mér að bera fram þessa fsp.

Hin ástæðan er sú, að fregnir hafa verið um ýmsar lántökur til framkvæmda á vegum ríkissjóðs, sem mig a. m. k. rekur ekki minni til að hafi verið ræddar eða samþykktar á Alþingi, og eftir þeim fregnum að dæma virðist geta komið til mála, að einhver lán hafi verið tekin, sem ekki eru ráðgerð í lögum. En samkv. 40. gr. stjórnarskrárinnar er ákveðið, að ríkið eigi ekki að taka lán, nema fyrir því sé lagaheimild. Nú má vel vera, að þetta sé á misskilningi byggt, að nokkur lán hafi verið tekin umfram það, sem lagaheimildir gera ráð fyrir, og gæti það byggzt á því, að mjög víða í lögum eru heimildir til lántöku fyrir ríkið. En til þess að fá algerlega úr þessu skorið, hvaða lántökur hafa farið fram og hvernig heimildum er háttað í því sambandi, þá er í fsp. ekki aðeins spurt um lántökurnar, heldur líka, hvaða heimildir Alþingis hafi verið notaðar.

Mér sýnist það vera mjög nauðsynlegt fyrir Alþingi að fylgjast vel með því, hvað líður notkun þeirra lántökuheimilda, sem samþykktar hafa verið. Ég vona, að það sé misskilningur, að lán hafi verið tekin, sem ekki er heimild fyrir, og að það upplýsist einmitt í sambandi við þetta svar við fsp. Ég vona, að við ættum öll að geta verið sammála um, að það verði að halda sér fast við það að hafa lagaheimildir fyrir lántökunum.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi gat þess, að ein af ástæðum fyrir þessari fsp. væri sú, að í fjárlagaræðu hefði ekki verið gerð grein fyrir lántökum ríkisins. Út af þessu vil ég taka það fram, að það er engan veginn nein venja, að í fjárlagaræðu sé gerð grein fyrir lántökum ríkisins. Það hefur stundum verið gert og stundum ekki. Og varðandi þær umr., þá var ekki áhuginn fyrir upplýsingum um það mál meiri en svo, að ég minnist þess ekki, að þessi hv. þm. né aðrir hafi gert neina fsp. um lántökur ríkisins í umr. um fjárlögin.

Varðandi svör við þeirri fsp., sem hér liggur fyrir, vil ég, áður en gerð er grein fyrir lántökunum, geta þess, að varðandi lántökur ríkisstofnana er það stundum svo, að ríkisstofnanir taka lánin beint, en stundum að forminu til ríkissjóður, sem endurlánar þeim stofnunum, sem óskað hafa eftir lántökunum. Í þessu yfirliti, sem ég hér mun gefa, verða þau lán, sem ríkisstofnanir hafa fengið, en ríkissjóður hefur haft milligöngu um og er formlegur lántakandi, talin með lántökum ríkissjóðs. Lántökurnar eru eins og hér skal greint:

Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna viðbyggingar við Landsspítalann samkv. heimild í fjárlögum, 22. gr., 3 millj. til 8 ára, 1½ millj. er með 8% vöxtum og 1½ millj. með 9% vöxtum, sem geta þó lækkað niður í 7%.

Lán hjá lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóði barnakennara og Tryggingastofnun ríkisins vegna byggingar Kennaraskóla Íslands að upphæð 5 millj. kr. með 9½ vöxtum. 3 millj. eru til 9 ára, 2 millj. til 8 ára. Heimildin er í 22. gr. fjárlaga fyrir 1962.

Lán hjá Seðlabanka Íslands, 20 millj. kr., endurlánað Búnaðarbanka Íslands vegna ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs. Lánið er til 3 ára, vextir 8½%, en þetta lán er tekið og endurlánað sem bráðabirgðalán, þar til löggjöf hefur verið sett um frambúðarlausn á fjárhagsvandamálum þessara sjóða, sem væntanlega verður á þessu þingi.

Lán hjá Seðlabankanum vegna framlags Íslands til Hinnar alþjóðlegu framfarastofnunar, International Development Association, 1 millj. 548 þús. kr. Ekki hefur endanlega verið samið um lánstíma eða vaxtakjör, en lánið er tekið samkvæmt heimild í lögum nr. 59 frá 29. marz 1961, mun aðild Íslands að þessari stofnun.

Lán hjá Seðlabanka Íslands, endurlánað bæjarútgerð Hafnarfjarðar skv. heimild í l. nr. 94 frá 1956. Hér er um tvö lán að ræða: Lánsupphæð 1 millj. þýzkra marka eða í ísl. kr. 10 millj. 756 þús., til 5 ára með 7% vöxtum. Þetta lán var tekið til lengingar á erlendu láni bæjarútgerðarinnar. Hitt er lán að upphæð 18.5 millj. til 15 ára með 7% vöxtum, það er afborgunarlaust til ársins 1967, endurgreiðist eftir það á 9 árum.

Reikningslán landbrn. í Búnaðarbanka Íslands vegna kaupa á jörðinni Kollafirði, allt að 2.2 millj. kr., með ábyrgð ríkissjóðs. Lánið verði afborgunarlaust í 5 ár, og er lántakan gerð samkv. heimild í fjárlögum fyrir 1961, 22. gr.

Þá er lán hjá Seðlabanka og Búnaðarbanka, sem endurlánað var raforkusjóði, 23.5 millj. kr.

Lán hjá Seðlabanka Íslands, 8 millj. 266 þús., sem var endurlánað Flugfélagi Íslands. Það lán er til 6 ára með sömu vöxtum og eru af byrjunarvíxlum með handveði í ríkistryggðum skuldabréfum, en þetta lán var tekið vegna vanskila á erlendu láni Flugfélags Íslands með ríkisábyrgð, en það var greit upp með þessu láni.

Þá eru lántökur ríkisstofnana, og það er fyrst raforkusjóður. Hann hefur tekið lán hjá Landsbanka Íslands, 5 millj. 280 þús., hjá Útvegsbanka Íslands 1 millj. 760 þús., hjá Búnaðarbanka Íslands 1 millj. 320 þús. og hjá Iðnaðarbanka Íslands 200 þús., samtals 8 millj. 560 þús. kr. Lánin eru öll til 20 ára með almennum lánsvöxtum banka og tekin samkv. heimild í lögum nr. 5 frá 1956.

Rafmagnsveitur ríkisins tóku á árinu vörukaupalán sem hér segir: Enskt lán, £ 37200 til dísilvélakaupa. Lánið er til 3 ára og vaxtalaust. Þýzkt lán, 750 þús. þýzk mörk til dísilvélakaupa. Lánið er til 4 ára með 6% vöxtum. En þessi lán eru bæði í víxilformi. Danskt lán að upphæð 1 millj. 260 þús. danskar kr., sem að mestu er til kaupa á streng til Vestmanna-

eyja. Lánið er til 6 ára og vextir 6%. Sænskt lán, 448200 sænskar kr. vegna kaupa á Norðurlandsbor, til 3 ára, vextir 5%, og lánið er í víxilformi. Flestar þær vörur, sem keyptar voru út á þessi lán, sem hér hafa verið greind, komu til landsins árið 1960, nema vörur út á danska lánið, sem eru ókomnar. Rafmagnsveitur ríkisins tóku á árinu 1961 að forminu til enskt lán, £ 21420, vegna dísilvéla, sem settar voru upp á Akureyri, en endurlánaði Laxárvirkjuninni þetta lán. Lán þetta, sem er í víxilformi, er til 3 ára og ber 7½% vexti.

Þá er póstur og sími, tók lán í Svíþjóð vegna kaupa á sjálfvirkum útbúnaði í símstöðvar fyrir Vestmannaeyjar, Akranes, Kópavog og fleiri staði, að upphæð sænskar krónur 5 millj. 199 þús., til 5 ára með 5% vöxtum.

Vegamálaskrifstofan tók lán hjá Framkvæmdabanka Íslands að upphæð 10 millj. kr. til 20 ára með 5% vöxtum vegna Keflavíkurvegar. Vegamálaskrifstofan hefur fengið 5 millj. af því greiddar, en áætlað, að hún fái allt lánið útborgað fyrir 30. júní 1962.

Loks er lán sementsverksmiðjunnar hjá Framkvæmdabanka Íslands, sem tekið var í Sviss og endurlánað sementsverksmiðjunni. Það eru 2 millj. svissneskra franka til 10 ára með 8½% vöxtum.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, þó að hann hefði mátt lesa þau aðeins hærra, því að ég átti fullt í fangi með að heyra, hvað hann sagði, enda var mikill þys í deildinni. Þó held ég, að ég hafi heyrt flest það, sem máli skiptir, enda er hægt að athuga það nánar, hvað í þessum upplýsingum felst, sem hér hafa verið gefnar.

En það er tvennt, sem ég tek eftir í þessu sambandi, og annað, sem er alveg nýtt fyrir mér og ég vil vekja athygli á, og það er, að 20 millj., sem ríkisstj. sagðist hafa útvegað stofnlánadeildum landbúnaðarins, hafi verið útvegaðar til bráðabirgða, en ég minnist ekki, að ég hafi heyrt það áður. Ég hélt, að hér hefði verið um lán að ræða, sem hefði verið til frambúðar.

Hitt er, að ég spurði um heimildir fyrir lántökunum, og ég heyrði, að hæstv. ráðherra greindi heimildir fyrir sumum lántökunum og vísaði í því sambandi í 22. gr. fjárlaganna stundum og stundum í ábyrgðarlöggjöf og ýmislegt fleira. En í mörgum dæmunum lét hæstv. ráðherra ekki þess neitt getið, samkv. hvaða lagaheimild lánin væru tekin, og þykir mér það mikill ágalli, því að ef þingmenn eiga að geta fylgzt með því, hvernig lánsheimildirnar eru notaðar, þá þarf að upplýsa það, hvaða lánsheimildir voru notaðar við hverja lántöku fyrir sig. Í þessu efni var svörum ráðherra mjög áfátt. Ég tók t. d. eftir því, að ráðherrann tók þannig til orða, að vegamálaskrifstofan hefði tekið 10 millj. kr. að láni til þess að byggja fyrir tiltekinn veg. Þetta er mjög nýstárlegt orðalag. Ég veit ekki til þess, að vegamálaskrifstofan sé sjálfstæð stofnun að einu eða neinu leyti í fjárhagslegu tilliti, heldur aðeins skrifstofa, sem framkvæmir vegagerðirnar með því fé, sem ríkið útvegar til þess, enda gat hæstv. ráðherra ekki um neina lagaheimild til þessarar lántöku. Þetta er 10 millj. kr. lántaka. Og ég vil nú leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra að því, samkv. hvaða lagaheimild þessar 10 millj. hafa verið teknar að láni, hvar sú lagagrein er, sem heimilar slíka lántöku til vegagerða. Í þessu falli er um veg að ræða, sem er mjög nauðsynlegt að verði byggður, það mun vera Keflavíkurvegurinn. En það skiptir engu máli í þessu sambandi. Það, sem er aðalatriðið nú í þessu sambandi, er, að ekki séu tekin önnur lán en þau, sem Alþingi hefur heimilað. Ég vil þess vegna spyrjast fyrir um, samkv. hvaða lagaheimild þetta lán hafi verið tekið.

Það mætti líka spyrja um lánin til rafmagnsveitnanna. Ég geri ráð fyrir því, að það séu stórar lánsheimildir í lögum um raforkuveitur hingað og þangað, en mér hefði þótt betra, ef hæstv. ráðh. hefði gert það dæmi upp.

En ég tók sérstaklega eftir þessu með lánið til vegagerðarinnar og spyr hæstv. ráðh. um það.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Varðandi heimildir fyrir þeim lántökum, sem ríkisstofnanir hafa tekið, þá er það oftast svo, að í lögum um hlutaðeigandi ríkisstofnanir eru rúmar heimildir fyrir lántökum. Á það m. a. við um rafmagnsveitur, raforkusjóð o. fl. aðila.

Varðandi lántöku til búnaðarsjóðanna, þá lét hv. fyrirspyrjandi í ljós undrun yfir því, að það væri aðeins til bráðabirgða, en út af því vil ég upplýsa, að þetta 20 millj. lán, sem tekið var í des., að ég ætla, hjá Seðlabankanum vegna sjóðanna, það var sem sagt ákveðið til 3 ára í byrjun, en um það er samið við Seðlabankann, að þegar Alþingi hefur afgr. löggjöf um búnaðarsjóðina, verði það lán framlengt til langs tíma.

Varðandi orðalagið um, hver lántakandi var vegna Keflavíkurvegar, þá var það orðað þannig í skýrslunni, að það væri vegamálaskrifstofan, — það hefði ef til vill verið réttara að orða það: vegagerð ríkisins. En ég ætla, að það skipti ekki neinu meginmáli.

11. Tónlistarfræðsla.

Á 38. fundi í Sþ., 28. febr., var útbýtt:

Fsp. til menntmrh. um framkvæmd þál. um tónlistarfræðslu [163. mál, 1] (A. 326).

Á 39. fundi í Sþ., 1. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 7. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Á þinginu 1959—60 kom hér fram till., sem hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ) var aðalflutningsmaður að, ásamt tveimur öðrum hv. þingmönnum, og fjallaði þessi þáltill. um tónlistarfræðslu, en hún hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að undirbúa löggjöf um tónlistarfræðslu, þar sem m. a. séu sett skýr ákvæði um aðild ríkisins að þessari fræðslu, hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við tónlistarskóla og hvaða skilyrði skólar þessir þurfi að uppfylla til að njóta ríkisstyrks.“

Þessi tillaga var rædd hér í Sþ. og síðan skotið til fjvn. og var þar tekin fyrir og mælt einróma með því í fjvn., að hún væri samþykkt óbreytt, og var það loks gert í lok þingsins, 27. maí 1960, og eru senn tvö ár liðin, frá því að þessi till. var samþykkt. Og þar sem mér er kunnugt um, að mjög margir, sem fjalla um mál tónlistarskólanna, hafa áhuga á því, að þessi tillaga verði framkvæmd og eitthvað í því gert, sem þarna er farið fram á, þá vildi ég leyfa mér að bera fram þá fsp. til hæstv. ríkisstj., hvað líði framkvæmd hennar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hinn 16. sept. 1960 gaf menntmrn. út námsskrá, þar sem lýst er ýtarlega námsefni því, sem ætlazt er til að farið sé yfir með nemendum á fræðsluskyldualdri. Námsskrána ber að vísu ekki að skoða sem ófrávíkjanleg fyrirmæli. Gert er ráð fyrir frávikum, bæði viðbót við námsefni fyrir duglegustu nemendur og skiptingu námsefnis fyrir þá nemendur, sem seinfærastir eru í námi. En námsskráin er yfirlit yfir það námsefni, sem almennt er ætlazt til að nemendur á fræðsluskyldualdri tileinki sér. Ætlazt var til, að námsskráin kæmi til framkvæmda á síðasta skólaári, að svo miklu leyti sem við yrði komið, en að fullu í byrjun þess skólaárs, sem hófst á s. l. hausti. Í þessari námsskrá voru í fyrsta skipti settar ýtarlegar reglur um námsefni í tónlist á fræðsluskyldualdrinum. Þar segir m. a. um markmið kennslunnar:

„Tónlistarkennsla á að þroska tónskyn og tónhæfni nemendanna og þjálfa rödd þeirra með iðkun tónlistar og söngs við hæfi hvers aldursstigs, með því að kenna þeim og með því að kynna þeim góða tónlist. Tónlistarkennslan skal miða að því að vekja áhuga, skilning og þekkingu nemendanna á tónlist almennt og efla félagshæfni þeirra innan skólans og utan.“

Síðan er tilgreint ýtarlega, hvert vera skuli námsefnið á hverju aldursstigi barnaskólanna og unglingaskólanna. Því miður eru ekki enn aðstæður til að fylgja að fullu þeirri námsáætlun á þessu sviði, sem gert er ráð fyrir í námsskránni, og veldur því fyrst og fremst skortur á hæfum tónlistarkennurum.

Þetta var mér ljóst, áður en hin nýja námsskrá var sett. Af þeim sökum hafði ég látið fara fram ýtarlega athugun á því, hvernig bæta mætti menntun tónlistarkennara. Niðurstaða mín varð sú, að það yrði bezt gert með því að efna til samvinnu milli tónlistarskólans í Reykjavík og kennaraskólans. Tónlistarskólinn í Reykjavík var stofnaður 1930 og starfaði til 1950 á víxl í Hljómskálanum og í Þjóðleikhúsinu, en frá 1950 hefur hann verið til húsa í Þrúðvangi við Laufásveg, en mun væntanlega á næsta hausti fá nýtt húsnæði í byggingu, sem Tónlistarfélagið er nú að reisa.

1. júní 1950 gaf menntmrn. út reglugerð um kennaramenntun í söng og tónlist. Í henni er tónlistarskólanum í Reykjavík veittur réttur til að sérmennta og útskrifa tónlistarkennara við almenna skóla í landinu. Námstíminn er tveir vetur. Brottfararpróf úr kennaradeild tónlistarskólans veitir réttindi til söng- eða tónlistarstöðu við barna-, unglinga- og framhaldsskóla landsins, og heita þeir, sem prófinu ljúka, tónlistarkennarar. Kennaraskólinn annast hins vegar kennslu, sem veitir réttindi til söngkennslu í skólum skyldunámsstigsins. Þeir, sem lokið hafa tónlistarkennaraprófi í kennaradeild tónlistarskólans, skulu þó ganga fyrir stöðum í þeim skólum, sem hafa sérkennara í söng. Kennaraskólinn veitir kennaranemum tónlistarskólans kennslu í uppeldisfræði, kennslufræði og heilsufræði. Á hinn bóginn veitir tónlistarskólinn söngkennaraefnum kennaraskólans kennslu í tónlist.

Á grundvelli þessarar reglugerðar setti menntmrn. reglur um kennslu og próf við kennaradeild tónlistarskólans í Reykjavík, en námstíminn er fjögur kennslumissiri eða tvö ár, eins og ég gat um áðan. Þeim, sem lokið hafa söngkennaraprófi í kennaraskólanum, er hins vegar veittur kostur á að ljúka náminu á einum vetri.

Kennaradeild tónlistarskólans tók til starfa samkv. þessari reglugerð haustið 1959 og útskrifaði fyrsta kennarahóp sinn, 8 tónlistarkennara, á s. l. ári.

Með þeirri samvinnu tónlistarskólans í Reykjavík og kennaraskólans, sem efnt hefur verið til á grundvelli þessarar reglugerðar, tel ég, að lagður hafi verið grundvöllur að traustri menntun tónlistarkennara, en eins og ég sagði áðan, hefur einmitt skorturinn á vel menntuðum tónlistarkennurum verið aðalþröskuldurinn í vegi fyrir því, að tónlistarkennsla í skólum landsins væri eins mikil og góð og hún vissulega ætti að vera. En með hliðsjón af því, að ýtarlegar reglur hafa nú verið settar í námsskrá um söng- og tónlistarkennslu á öllum stigum fræðsluskyldualdursins, og með þeirri skipan, sem komið hefur verið á um menntun tónlistarkennara með þeirri samvinnu tónlistarskólans í Reykjavík og kennaraskólans, sem ég hef nú lýst, ætti að vera réttlætanlegt að gera ráð fyrir því, að grundvöllur hafi verið lagður að þeim endurbótum á þessu sviði, sem nauðsynlegar eru.

Að því er snertir hina æðri tónlistarfræðslu er það að segja, að hún fer hér, eins og kunnugt er, fram í einkaskólum. Aðalskóli landsins á þessu sviði er tónlistarskólinn í Reykjavík, sem eins og ég gat um áðan var stofnaður 1930. Hann er rekinn af Tónlistarfélaginu í Reykjavík, en hefur ríkisstyrk á fjárlögum. Hann starfar í fjórum deildum auk kennaradeildarinnar, sem er hluti af skólakerfi ríkisins, þ. e. a. s. pianódeild, strengjadeild, söngdeild og blásturshljóðfæradeild. Er skólinn flytur í hið nýja húsnæði sitt, en það verður væntanlega næsta haust, mun ráðgerð aukning á starfsemi

skólans. Með tilstyrk ríkisins mun þá m. a. væntanlega komið á fót óperudeild við skólann, og vona ég, að það þyki góð tíðindi.

Stórir tónlistarskólar eru og starfræktir á Akureyri, Ísafirði. Keflavík, Selfossi, Akranesi og Siglufirði, en minni skólar á ýmsum stöðum öðrum, og njóta þessir skólar allir nokkurs ríkisstyrks á fjárlögum. Menntmrn. hefur ekki yfir þessum skólum að segja, þar sem þeir eru einkaskólar, en það hefur þó haft í undirbúningi ráðstafanir til þess, að efnt verði til samvinnu milli skólanna í því skyni að samræma þá kennslu, sem í þeim fer fram, og prófkröfur, m. a. í því skyni að auðvelda þeim, sem stundað hafa nám í skólunum utan Reykjavíkur, inngöngu og nám í tónlistarskólanum hér í Reykjavík, sem er langstærstur og fullkomnastur tónlistarskólanna.

Eftir að þáltill. sú, sem hér er til umr., var samþykkt, hugðist menntmrn. boða til fundar með skólastjórum allra tónlistarskólanna til þess að ræða um samstarf þeirra og samræmingu á námsefni og prófkröfum. Var svo ráð fyrir gert, að sá fundur yrði haldinn í septembermánuði s. l. En af ýmsum ástæðum var fundinum frestað, og er gert ráð fyrir því, að hann verði haldinn, þegar starfstíma skólanna lýkur nú í vor. Á þeim fundi er tilætlunin að ræða, í hvaða formi samvinna skólanna væri hugsanleg og með hvaða hætti væri hægt að samræma námsefni þeirra og prófkröfur, og sömuleiðis athuga, með hvaða hætti fjárhagsgrundvöllur skólanna verði bezt tryggður, m. a. með því að athuga, að hve miklu leyti kynni að vera heppilegt, að ríkisvaldið hafi afskipti af námsefni og prófkröfum og hver ætti að vera hlutdeild ríkis og sveitarfélaga í rekstrarkostnaði slíkra skóla. Ég tel nauðsynlegt, að niðurstöður slíks umræðufundar liggi fyrir, áður en tekin verður ákvörðun um, hvort löggjöf á þessu sviði er nauðsynleg eða æskileg, og þá um leið, hver meginatriði hennar ættu að vera, ef hún er talin nauðsynleg og æskileg.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svör hans. Þau voru greinileg, og vænti ég þess, að það, sem eftir er af framkvæmd þál., verði nú fljótlega framkvæmt og að til þessa fundar, sem fyrirhugaður hefur verið, verði boðað sem allra skjótast, enda hefði gjarnan mátt vera búið að halda hann. Eins og hæstv. ráðh. vék að, var ætlunin að gera það s. l. haust, og ég vona, að það dragist ekki nema til loka þessa skólaárs nú á þessu vori.

Það er alkunna hjá þeim, sem annars fylgjast nokkuð með þessum málum, að margir tónlistarskólar eiga í fjárhagslegum erfiðleikum og sumir þeirra eru að berjast við að halda uppi vandaðri kennslu og hafa ráðið til sín mjög færa og góða tónlistarkennara, sem hafa menntazt erlendis, og mér er einkum kunnugt um það á Akureyri, að þar er talsverð hætta á, að skólinn missi starfskrafta sína, ef ekki verður fundin varanleg lausn á fjárhagsvandræðum skólans. Og ég treysti hæstv. ráðh. til þess að beita sér fyrir þessu í samræmi við þá þál., sem hér var samþ. fyrir tveimur árum.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, átti ég á sínum tíma hlut að því, að umrædd þáltill. var hér fram borin, og voru ástæðurnar þær, sem raunar hefur komið fram í meginatriðum hjá fyrirspyrjanda, að það var orðið hið mesta vandamál í sambandi við hina mörgu tónlistarskóla, sem reistir hafa verið hér og þar um landið, hversu færi um viðskipti þeirra og ríkisvaldsins, einkum á fjármálasviðinu. Það hafði komið í ljós, og ég þekkti það af margra ára reynslu í fjvn., að þetta var sívaxandi vandamál með þessa skóla. Þetta voru augljóslega miklar nauðsynjastofnanir og fram komnar af brýnni þörf, því að þetta voru einkastofnanir hver á sínum stað. Það hafði svo verið leitað á ríkissjóðinn með fjárstyrki, og það verður að segjast, að í ýmsum tilfellum hafa þeir fjárstyrkir verið nokkuð handahófskenndir af eðlilegum ástæðum, vegna þess að fyrir fjvn. var að sjálfsögðu ógerlegt að gera sér grein fyrir því, hversu væri háttað kennslu eða gæðum þessara skóla, því að vitanlega eru þeir mjög mismunandi. Það var því hin brýnasta nauðsyn að setja annars vegar reglur um það, hvaða skilyrði þessir skólar þyrftu að uppfylla til þess að fá ríkisstyrk, ef sá styrkur ætti að veitast, og í annan stað að setja þá reglur um, hver sá styrkur yrði.

Ástæðan til þess, að ég stóð hér upp nú, var aðeins að skýra frá því, sem annars hefði mátt telja tómlæti frá minni hendi að fylgja þessu máli eftir, að mér var kunnugt um það, að hæstv. menntmrh. hafði á s. l. hausti ákveðið að efna til fundar skólastjóra um þetta mál, sem var fullkomlega eðlilegt og nauðsynlegt á fyrsta stigi málsins, til þess að kynna sér, hvaða námskröfur væru gerðar í skólunum, og reyna að samræma þær, og ég hafði reiknað með því, að í framhaldi af því yrðu undirbúnar ákveðnar tillögur af hálfu menntmrn. um það, hversu aðstoð ríkisins við þessa skóla yrði háttað eða hlutdeild hinna ýmsu aðila í rekstrarkostnaði þeirra. Þetta er orsökin til þess, að ég hef ekki sérstaklega vakið máls á þessu. Og ég vil aðeins taka undir það, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að það er hin mesta nauðsyn, að þessu máli verði hraðað svo sem verða má.

Það var við afgreiðslu fjárlaga í þetta skipti ljóst, að þessi vandamál voru brýn, og m. a. var frestað ýmsum breytingum í sambandi við þessa skóla og erindum frá þeim, vegna þess að fyrir hendi væri á næsta leiti að fá löggjöf um málið. Ég vildi því mjög beina því til hæstv. ráðh. og er enda kunnugt um hans áhuga á því máli, að það verði reynt að ganga svo frá því, að það verði fyrir næsta þing og áður en kemur til afgreiðslu fjárlaga þá endanlega búið að gera sér grein fyrir því, hversu heppilegast muni vera að koma fyrir rekstri þessara skóla og tilhögun allri.

12. Alúmíníumverksmiðja.

Á 38. fundi í Sþ., 28. febr., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um alúmíníumverksmiðju [163. mál, 2] (A. 326).

Á 39. fundi í Sþ., 1. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 7. marz, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fsp. til hæstv. ríkisstj. um alúmíníumverksmiðju. Fsp. er á þskj. 326 og er svo hljóðandi:

„1) Hafa farið fram samningar eða samningaumleitanir á vegum ríkisstj. eða með vitund hennar við erlenda aðila um að reisa hér alúmíníumverksmiðju, og ef svo er, þá við hverja?

2) Hefur verið gerð athugun á byggingu alúmíníumverksmiðju hér á landi, liggja fyrir drög að áætlunum, hefur byggingarkostnaður verið áætlaður, og þá hve hár er hann og um hvaða stað eða staði er rætt fyrir staðsetningu slíkrar verksmiðju?"

Ástæðan til þess, að þessi fsp. hefur verið lögð hér fram, er fyrst og fremst sú, að frá því hefur verið skýrt í blöðum borgarinnar að undanförnu, að fulltrúar á vegum ríkisstj. hafi verið að ræða við erlenda aðila um byggingu alúmíníumverksmiðju hér á landi, og fjöllesin erlend blöð og tímarit hafa skýrt frá þessu, og þar hefur einnig komið fram, að starfandi mundi vera á vegum ríkisstj. sérstök undirbúningsnefnd, og einnig hefur komið fram í frásögnum af þessu áætlað kostnaðarverð verksmiðjunnar og fleira þar að lútandi. Mér finnst, að hér sé um svo stórt og þýðingarmikið mál að ræða, að full ástæða sé til þess, að hæstv. ríkisstj. skýri Alþingi frá því, hvað raunverulega hefur gerzt í þessu máli, og vænti, að ríkisstj. sjái sér fært að veita þær upplýsingar, sem um er beðið í þessari fyrirspurn.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og fyrirspyrjandi gat um, eru fyrirspurnir hans tvær, og hinni fyrri svara ég svo:

Áratugum saman hafa farið fram athuganir á vegum íslenzku ríkisstj. um möguleika á að reisa hér alúmíníumverksmiðju. Ég skal þó einungis ræða um það, sem gerzt hefur í tíð núv. stjórnar, enda skilst mér, að í fsp. sé einungis átt við það.

Haustið 1960 leitaði svissneska fyrirtækið Aluminium-Industrie Aktiengesellschaft, AIAG, í Zürich eftir upplýsingum um aðstöðu til vinnslu alúmíníums hér á landi, og komu tveir aðalframkvæmdastjórar fyrirtækisins hingað til lands og ræddu við ráðh. iðnaðarmála og raforkumála ásamt sérfræðingum, sem til voru kvaddir. Fyrirtækinu voru þá og síðar veittar ýmsar upplýsingar um afstöðu til raforkuvinnslu hér á landi.

Um svipað leyti varð vart áhuga af hálfu sænskra aðila á vinnslu alúmíníums hér, og voru ráðgerðar viðræður við þá um það efni sumarið 1961. En þegar til kom leystu Svísar úr þörf sinni á annan hátt, og voru þess vegna aldrei teknar upp viðræður við þá af hálfu ríkisstj.

Í októbermánuði s. l. kom hingað til lands fulltrúi frá frönsku fyrirtæki, Pechiney, sem hefur aðalstöðvar sínar í Paris, og kom í ljós að hið franska fyrirtæki vill kanna möguleika til alúmíníumvinnslu hér. Voru síðan teknar upp viðræður við fulltrúa fyrirtækisins með sama hætti og við AIAG.

Viðræðum við bæði fyrirtækin, AIAG og Pechiney, hefur verið haldið áfram, og verður enn ekki sagt um, hver árangur verður af þeim, en bæði fyrirtækin svo og fulltrúar ríkisstj. hafa lýst hug sínum til þess að kanna til hlítar, hvort samkomulagsgrundvöllur er fyrir hendi. Hingað til hefur í viðræðum þessum eingöngu verið skipzt á upplýsingum. Ríkisstj. hefur jafnframt látið vinna að söfnun gagna um ýmis atriði, er skipta máli um rekstur sem þennan og menn þurfa að átta sig á, þegar að því kemur, að taka skuli ákvörðun í málinu, en að sjálfsögðu verður hún ekki gerð nema með atbeina Alþingis.

Við seinni spurningunni er þetta svar:

Eins og ráða má af því, sem sagt hefur verið hér að framan um viðræður við AIAG og Pechiney, eru þær ekki komnar svo langt á veg, að tímabært hafi verið að gera áætlanir um byggingu alúmíníumverksmiðju og þá ekki heldur um byggingarkostnað. Ráðgert er, að hinir erlendu aðilar reisi og eigi a. m. k. að mestu umrædda verksmiðju eða verksmiðjur, en skuldbindi sig til að kaupa af íslenzka ríkinu ákveðið lágmark raforku um tiltekinn árafjölda fyrir umsamið verð. Algengur byggingarkostnaður erlendis mun vera nálægt þúsund dollurum fyrir hvert tonn af alúmíníum, sem verksmiðja getur framleitt á ári. 30 þús. tonna verksmiðja, sem er algeng eining í stærð slíkrar verksmiðju, mun þannig að líkindum kosta nálægt 30 millj. dollara eða nær 1300 millj. ísl. kr. Á hinn bóginn mundi virkjunarkostnaður t. d. við Búrfell ásamt nauðsynlegum háspennulínum nema um 28 millj. dollara eða nær 1200 millj. ísl. kr.

Af sömu ástæðum og að framan greinir hefur staðsetning hugsanlegrar alúmíníumverksmiðju ekki verið ákveðin. Virkjunarstaðir, sem sérstaklega hafa verið til athugunar, eru tveir, í Þjórsá við Búrfell og Dettifoss í Jökulsá á Fjöllum. Staðir, sem athugaðir hafa verið fyrir verksmiðju, eru á Húsavík, Eyjafjörður nálægt Dagverðareyri, Geldinganes við Reykjavík, svæðið sunnan Hafnarfjarðar og Þorlákshöfn.

Hygg ég þá, að ég hafi svarað því, sem um var spurt.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann hefur hér gefið. Þau upplýsa talsvert um þetta mál, þó að allar upplýsingar séu nú að sjálfsögðu ekki veittar. En ég vil í tilefni af þessu segja það, að mér finnst, að þegar um

slíkt stórmál er að ræða eins og það, sem hér um ræðir, þá væri ástæða til þess af hæstv. ríkisstj. að gefa Alþingi kost á því að fylgjast með gangi málsins, þannig að nefnd þm. gæti fengið að fylgjast með málinu frá upphafi. En nú skilst mér, að eins og málið stendur, þá hafi aðeins n. á vegum ríkisstj. sjálfrar, sem hún hefur kvatt til, með allan undirbúning þessa máls að gera, því að það er vitanlega ekkert smáræðismál, sem það er í sjálfu sér fyrir íslenzka þjóðarbúið að ræða um það að koma hér upp alúmíníumveri, sem mundi kosta nokkuð á annan milljarð íslenzka króna, og einnig að byggja hér raforkuver fyrir þetta alúmíníumver, sem mundi kosta svipaða upphæð. Slíkt varðar svo mikið allan okkar þjóðarbúskap, að til þess væri full ástæða, að ríkisstj. hefði samráð við Alþingi á öllum undirbúningsstigum málsins eða áður en að því kemur að taka beinar ákvarðanir. Ég vil þess vegna vænta, að hæstv. ríkisstj. taki það til athugunar, hvort hún sér sér ekki fært að gefa þinginu kost á því að fylgjast á beinan hátt með öllum undirbúningi þessa máls.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það var aðeins til þess að segja, að ég mundi fyrir mitt leyti vilja styðja það, sem hv. 4. þm. Austf. minntist á, að fara þess á leit við hæstv. ríkisstj., að hún athugaði, hvort hún teldi ekki rétt, að Alþingi fylgdist með í þessu máli og fulltrúar t. d. frá þingflokkunum, áður en það kæmist á lokastig. Ég get vel skilið, að það þurfi að fara fram ýmsar undirbúningsathuganir, eins og hæstv. ráðherra tók fram. En þegar það nálgaðist, að þetta mál kæmist á ákvörðunarstig, kæmist á það stig t. d., að farið væri að ganga t. d. frá uppkasti að samningum eða einhverju slíku við erlendan aðila um að koma á fót svona stórum rekstri, þá mundi ég telja, að það væri nauðsynlegt og í alla staði mjög vel við eigandi, að fulltrúar frá þingflokkunum fylgdust með. Hér er um mjög merkilegt „prinsip"-mál að ræða. Ef slíkur samningur yrði gerður, þá væri þar komið sjálfsagt eins konar fordæmi fyrir því, hvernig hugsanlegt væri að ganga frá samvinnu Íslendinga og útlendinga um stórrekstur.

Hér er því alla vega um mjög mikið nýmæli að ræða og mjög þýðingarmikið mál, og vildi ég taka undir og beina því til hæstv. ríkisstj. að athuga þessa tillögu um meðferð málsins.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er mjög ánægjulegt að heyra hið góða samkomulag samþingismannanna frá Austfjarðakjördæmi. Það er sjálfsagt að taka þeirra óskir til athugunar. En eins og hv. 1. þm. Austf. sagði, hljóta ýmsar undirbúningsathuganir að eiga sér stað í slíku máli, sem með eðlilegum hætti hljóta að vera á ábyrgð ríkisstj. hverju sinni. Það er svo matsatriði, hvenær að því er komið, að rétt sé að gera heyrinkunnar þær niðurstöður þeirra athugana, sem fyrir liggja. Eins er hugsanlegt, að þó að ekki þyki tímabært að gefa almennar tilkynningar um málið, þyki rétt að hafa um það samráð við þingflokka. Enn hefur ekkert gerzt í þessu máli, sem hafi gefið ástæðu til þess, að ríkisstj. leitaði til annarra, vegna þess að eingöngu er verið að kanna málið og engar skuldbindingar hafa verið á sig teknar aðrar en þær að kanna til hlítar þá möguleika, sem kunna að vera til þess, að samningsgerð geti hafizt. En eins og ég segi, það er ánægjulegt að heyra, að báðir hv. þm. hafa áhuga fyrir málinu, og það er sjálfsagt að hafa þeirra óskir í huga, en svo kemur að ríkisstj. að meta, hvenær málið er komið á það stig, að hún þurfi að hafa samráð við fulltrúa þingsins í heild.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég veitti því athygli í svari hæstv. ráðherra, að hann gat um ýmsar athuganir, sem fram hefðu farið í sambandi við þetta mál, og ætla ég, að hann hafi skýrt frá því, að athuganir á virkjunarskilyrðum hefðu farið fram bæði við Jökulsá á Fjöllum og Þjórsá. Hins vegar komst hann svo að orði, ef ég hef heyrt rétt, þegar hann ræddi um kostnað við raforkuver, að raforkuver t. d. við Búrfell mundi kosta tiltekna upphæð, sem hann nefndi, eða þannig skildist mér, að honum hafi farizt orð.

Í tilefni af þessu vildi ég grennslast eftir því hjá hæstv. ráðherra, hvort það er aðeins tilviljun, að hann komst þannig að orði, að hann nefndi kostnaðinn í sambandi við Búrfellsvirkjun, eða hvort það á að skiljast svo, að athuganir séu þar lengra komnar en við Jökulsá á Fjöllum. Ég tel mig hafa sérstakt tilefni til þess að inna eftir því, vegna þess að fyrir ekki mjög löngu samþ. Alþingi sérstaka ályktun þess efnis, að hraða skyldi athugun á virkjunarmöguleikum við Jökulsá. Því kæmi mér það nokkuð á óvart, ef það verk væri skemmra á veg komið en hitt. Eftir þessu langar mig til að grennslast hjá hæstv. ráðherra í tilefni af því, hvernig honum fórust orð, sem auðvitað getur verið aðeins tilviljun til dæmis.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svar mitt við þessari fsp. hv. þm. er einfalt. Í hinni upphaflegu fsp. er ekki beinlínis spurt um virkjunarkostnað á rafmagnsorkunni, heldur einungis kostnað við byggingu alúmíníumverksmiðju. Í þeirri tillögu til svars, sem ég fékk frá réttum aðilum um þetta mál, var því eingöngu sú grg., sem ég las upp um byggingarkostnað alúmíníumverksmiðju. Ég taldi það hins vegar ekki vera fullnægjandi og spurði: Hvað kostar sjálf virkjunin á orkunni? — og fékk þetta svar og athugaði ekki að grennslast frekar eftir því, hvort það svar væri á tilviljun byggt eða vegna þess að athugunum væri lengra komið með Búrfell heldur en hitt. Ég taldi rétt, að menn fengju nokkra hugmynd um þetta í mjög stórum dráttum, og taldi því svarið fullnægjandi til upplýsingar því. Hitt er mér að sjálfsögðu ljóst, að það verður ekki ákveðið, hvar verksmiðju skuli reisa né hvaða fljót skuli virkja, nema fyrir liggi raunhæfur samanburður á kostnaði á hvorum staðnum um sig. Það er hvorki hægt fyrir íslenzka ríkið né

fyrir viðsemjendur að gera sér til hlítar grein fyrir grundvallaratriðum málsins, nema fræðilegur samanburður liggi fyrir á þessu tvennu. Það er vitað mál, að hinir útlendu viðsemjendur leggja að sjálfsögðu megináherzlu á að fá orkuna við sem vægustu verði og þeirra framkvæmdir verða algerlega háðar því, að við getum selt orkuna á því verði, sem þeir telji viðunandi. Sjálfsagt verður þar um mikið álitamál og deilumál að ræða, en það verður að vera slíkur samanburður fyrir hendi um þá staði, sem helzt koma til greina, að á fræðilegum rökum sé hægt að gera sér grein fyrir, hvorn staðinn skuli velja. Þetta tel ég alveg sjálfsagt.

13. Greiðslur vegna ríkisábyrgða 1961.

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var útbýtt:
Fsp. til fjmrh. um greiðslur vegna ríkisábyrgðar á árinu 1961 [176. mál, 1] (A. 384).

Á 42. fundi í Sþ., 15. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Sþ., 21. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Fsp. þessi fjallar um það, vegna hvaða fyrirtækja eða stofnana ríkissjóður hefur orðið að greiða áfallnar ábyrgðir á árinu 1961 og hve mikil var greiðsla vegna hvers einstaks þeirra á því ári, enn fremur hve mikið hefur verið greitt fyrir hvert þeirra samtals áður.

Tilefni þessarar fsp. er í stuttu máli það, að greiðslur ríkisins vegna ábyrgðarlána hafa mjög farið hækkandi á síðari árum. 1958 voru slíkar greiðslur samkv. ríkisreikningi ekki nema 23.2 millj. kr., 1959 eru þær 28.9 millj. kr., 1960 eru þær hins vegar orðnar 49.9 millj. kr., og samkv. upplýsingum, sem hæstv. fjmrh. hefur gefið á þessu þingi, urðu þessar greiðslur á seinasta ári í kringum 80 millj. kr. Samkv. þeim upplýsingum, sem hæstv. fjmrh. gaf einnig við það tækifæri, munu greiðslur alls vegna ríkisábyrgðarlána nema orðið 265 millj. kr., og sýnist mér, að tæpur helmingur þeirra greiðslna eða kringum það hafi fallið á tvö seinustu ár, 1960 og 1961.

Það er venja að láta sundurliðun á slíkum greiðslum fylgja ríkisreikningum, en það þýðir hins vegar, að upplýsingar um þær koma nokkuð seint fram, þannig að sundurliðun á slíkum greiðslum fyrir 1961 mundi samkv. venju ekki liggja fyrir opinberlega fyrr en ríkisreikningurinn fyrir það ár er lagður fram. Ég tel hins vegar, að þar sem þessar greiðslur hafa aukizt svona stórkostlega seinustu árin og alveg sérstaklega á síðasta ári, þá sé æskilegt að fá fyrr sundurliðun um það, vegna hvaða fyrirtækja þessar greiðslur hafa til orðið, þannig að slík sundurliðun á að geta gefið merkilegar vísbendingar um það, vegna hvers þessar hækkanir hafa átt sér stað, og af því mætti svo draga kannske ýmsar ályktanir í sambandi við önnur mál. sem liggja hér fyrir hv. Alþingi.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þessi fsp. fjallar um einn þátt í útgjöldum ríkisins á s. l. ári. Í rauninni má segja, að eðlilegast hefði því verið að fresta svörum við þeirri fsp., þangað til ríkisreikningur liggur fyrir endanlega uppgerður. Það er ekki enn þá búið að loka ríkisreikningi að fullu né gera hann upp, þó að hvort tveggja hafi verið gert síðustu tvö árin allmiklu fyrr en venja er til og verði einnig svo á þessu ári. En þar sem þess er sérstaklega óskað að fá upplýsingar um ríkisábyrgðirnar, áður en ríkisreikningurinn liggur fyrir uppgerður og prentaður, þá er sjálfsagt að verða við því, eftir því sem fært er á þessu stigi.

Ef ætti að svara fsp. bókstaflega, mundi öll sú sundurliðun og upptalning nafna og talna taka miklu lengri tíma en ætlaður er fyrir fyrirspurnir. Ég vil geta þess til skýringar, að í ríkisreikningi fyrir 1960 eru skýrslur um ríkisábyrgðir og taka rúmlega 40 bls. í reikningnum. Á bls. 188—225 eða á 38 blaðsíðum eru prentaðar með smáu letri skýrslur um ábyrgðir ríkissjóðs í árslok 1960, bæði eins og þær hafa verið í upphafi, hvernig þær hafa breytzt o. s. frv. Á bls. 126—128 í reikningnum er svo skýrsla um greiðslur á árinu 1960 sérstaklega vegna ríkisábyrgða. Í ríkisreikningi fyrir 1961 munu að sjálfsögðu verða jafnýtarlegar skýrslur og kannske ýtarlegri, og vil ég að sjálfsögðu um einstök atriði vísa til reikningsins, þegar hv. alþm. fá hann í hendur.

Varðandi ríkisábyrgðirnar í heild á s. l. ári eða greiðslur ríkissjóðs vegna þeirra, þá hef ég áður gefið þær upplýsingar, eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, að ríkissjóður hefði orðið að greiða um 80 millj. á s. l. ári vegna áfallinna ríkisábyrgða. Á þeim tíma, sem liðinn er, síðan ég gaf þessar upplýsingar, hafa nokkrar upphæðir greiðzt inn, verið endurgreiddar, þannig að þessi upphæð, 80 millj., lækkar niður í kringum 68 millj. vegna þeirra endurgreiðslna, sem orðið hafa frá áramótum og væntanlega fram til reikningsloka eða þangað til nú.

Í stórum dráttum, ef ábyrgðir eru flokkaðar niður í nokkra meginflokka, þá hafa greiðslur ríkissjóðs vegna ábyrgðanna á s. l. ári orðið sem hér segir, — og í öðru lagi mun ég nefna, eins og spurt er um, það, sem greitt hefur verið áður:

Í fyrsta lagi er það vegna hafnargerða, þá voru greiddar á árinu 1961 8.9 millj. kr., til ársloka 1960 höfðu verið greiddar 27.1 millj. Samtals er því hér um að ræða 36 millj. tæpar.

Í öðru lagi eru frystihús og fiskiðjuver. Greiðslur vegna þeirra á árinu 1961 voru 14 millj., til ársloka 1960 höfðu verið greiddar 10.8 millj., samtals um s. l. áramót 24.9 millj. Þar sem ég nefni hér ekki tugi þúsunda eða lægra,

þá breytast samlagningartölur nokkuð af þeirri ástæðu.

Í þriðja lagi eru síldarverksmiðjur. Á s. l. ári voru greiddar 1.6 millj. vegna þeirra, en til ársloka 1960 höfðu verið greiddar 28.9 millj., samtals 30.6 millj.

Í fjórða lagi eru togaraútgerðarfélög. Á s. l. ári voru greiddar 15.4 millj., fram til ársloka 1960 34.1 millj., samtals 49.5 millj.

Í fimmta lagi er Hambro's lán vegna 10 togara, sem ekki fellur formlega undir ríkisábyrgðir, en alveg hliðstætt, þar sem ríkissjóður var lántakandi og endurlánaði það. Greiðslur vegna þeirra á s. l. ári eru 10.4 millj., til ársloka 1960 33.6 millj., samtals 43.9 millj.

Í sjötta lagi greiðslur vegna austur-þýzkra skipa. Á árinu 1961 12.9 millj., til ársloka 1960 2.8 millj., samtals 15.7 millj.

Í sjöunda lagi ræktunarsjóður vegna ICA-láns á s. l. ári 2.8 millj.

Í áttunda lagi vegna samgangna á sjó og í lofti. Ef við tökum fyrst vegna samgangna á sjó, eru það 144 þús. á s. l. ári, áður greitt 6.1 millj. eða samtals 6.3. Vegna samgangna í lofti á s. l. ári 197 þús., áður 5.5 millj., samtals 5.7 millj.

Í níunda lagi eru vaxtagreiðslur vegna Marshall-lána 1.9 millj. á s. l. ári, áður greitt 5.2, samtals 7.1 millj. En svo háttar þessum Marshall-lánum, að það var á árinu 1948, sem ríkissjóður tók þau lán, samtals að fjárhæð 2.3 millj. dollara upphaflega, og endurlánaði ýmsum innlendum fyrirtækjum, síldar- og fiskimjölsverksmiðjum aðallega. Og greiðslurnar undir þessum síðasta níunda lið stafa af því, að sumir innlendir aðilar hafa ekki staðið í skilum með sínar vaxtagreiðslur af endurlánunum og ríkissjóður orðið að standa skil á þeim út á við.

Samtals eru greiðslur vegna ríkisábyrgða á árinu 1961 því 68 millj. 190 þús., en þar frá dragast endurgreiðslur vegna eldri vanskila, þ. e. a. s. eldri vanskila en frá árinu 1961, 254 þús., þannig að eins og nú standa sakir, þá er nettótalan, greiðslur ríkissjóðs vegna ríkisábyrgða á árinu 1961, 67 millj. 936 þús. kr.

Ég ætla, að hv. fyrirspyrjandi og þm. aðrir hafi fengið nokkra hugmynd um bæði heildarupphæð ríkisábyrgðanna og helztu flokka þeirra af þessari skýrslu. Mér er ekki ljóst, hvort hv. fyrirspyrjandi hefur óskað eftir því, að farið yrði í ýtarlega sundurliðun fyrir hvern einstakan aðila og greiðslur hans vegna, bæði á s. l. ári og áður, og þá væntanlega líka um greiðslur til aðila, sem lentu ekki í vanskilum á s. l. ári, en greitt hefur verið áður fyrir. Eins og ég gat um, þá tel ég, að það mundi verða svo langt mál, að það færi út yfir þann ramma, sem fyrirspurnum og svörum við þeim er yfirleitt ætlaður, en vil í því sambandi aðeins benda á tvennt, annars vegar þá sundurliðun, sem mun birtast í ríkisreikningnum fyrir 1961, og hins vegar, að hv. fyrirspyrjandi eins og aðrir alþm. getur að sjálfsögðu fengið allar þessar sundurliðanir hjá ríkisbókara, og hefur verið lagt fyrir hann að gefa þær upplýsingar þeim hv. þm., sem þess kynnu að óska.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf hér um þessi mál, þó að þær væru að vísu hvergi nærri eins tæmandi og ég hafði farið fram á eða fsp. mínar fjallað um. Og satt að segja sé ég ekki þá meinbugi á því, sem hæstv. ráðh. færði fram, að það hefði þurft að taka óþarflega langan tíma að flytja slíka skýrslu, því að eins og sést í þeim ríkisreikningi, sem liggur hér fyrir hv. Alþingi fyrir 1960, þá eru ekki líkur til, að slík skýrsla þyrfti að taka svo langan tíma, þó að hún væri flutt hér. En það er hins vegar bót í máli, að hæstv. ráðh. hefur upplýst það, að þm. gætu átt fullan aðgang að þessari sundurliðun.

Af því yfirliti, sem hæstv. ráðh. gaf hér, þá er náttúrlega ekki í fljótu bragði hægt að gera sér mynd af því, hvað muni einkum valda þeirri miklu aukningu á greiðslum vegna ríkisábyrgðalána, sem hefur átt sér stað tvö síðustu árin. En helzt virðist þó sú skýring vera á þessu, ef litið er á þessa tölu í fljótu bragði, að þessar greiðslur hafi aukizt vegna þess, að skuldir margra fyrirtækja hafa stóraukizt vegna fjármálaaðgerða hæstv. ríkisstj. og þá fyrst og fremst gengislækkananna og það eigi meginþáttinn í því, að þessar greiðslur hafa t. d. þrefaldazt síðan 1958. Í fljótu bragði virðist mér þetta vera meginástæðan til þess, hve þessar greiðslur hafa aukizt stórfelldlega, þó að vafalaust geti komið fleiri ástæður hér til greina, eins og það, að það hafi e. t. v. verið veitt nokkur stór ríkisábyrgðalán eftir 1958.

14. Gjald af gjaldeyris- og innflutningsleyfum.

Á 41. fundi í Sþ., 14. marz, var útbýtt:

Fsp. til viðskmrh. um innheimtu gjalds af gjaldeyris- og innflutningsleyfum [176. mál, 2] (A. 384).

Á 42. fundi í Sþ., 15. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Sþ., 21. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Í 10. gr. laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála frá 20. maí 1960 segir svo:

„Innheimta má af gjaldeyris- eða innflutningsleyfum allt að 1% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Af gjaldi þessu skal allt að helmingur eftir nánari ákvörðun ríkisstj. ganga til bankanna til að standa straum af kostnaði við úthlutun leyfa, en að öðru leyti skal því varið til greiðslu á kostnaði við verðlagseftirlitið."

Fsp. mín hljóðar um, hverjar tekjur bankanna urðu á síðasta ári af þessu gjaldi og hvernig þeim tekjum hafi verið ráðstafað.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Svo sem hv. fyrirspyrjandi gat um, er hann mælti fyrir fsp. sinni, er í gildandi gjaldeyrislögum heimild til þess að innheimta allt að 1% gjald af gjaldeyris- og innflutningsleyfum. Í reglugerð, sem gefin var út um skipun gjaldeyrismála o. fl. 27. maí 1960, var svo ákveðið, að innheimta skuli ½% gjald af þeirri fjárhæð, sem gjaldeyris- og innflutningsleyfi hljóðar upp á, en þó aldrei minna en 10 kr. fyrir hvert einstakt leyfi. Þó er ekki greitt gjald af leyfum fyrir vörukaupum í jafnkeypisléndum. Þetta leyfisgjald greiðist við afhendingu leyfanna.

Samkv. þessu ákvæði gildandi reglugerðar hafa Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands innheimt árið 1961 leyfisgjöld að upphæð 4 187 564 kr. Þessum tekjum hefur verið ráðstafað þannig, að greiddar hafa verið í ríkissjóð 2 millj. kr. til að standa straum af verðlagseftirliti, svo sem gert er ráð fyrir í lögunum, sem hv. þm. vitnaði til, en 1 120 197.12 kr. voru árið 1961 notaðar til rekstrar þeirrar deildar, sem annast afgreiðslu gjaldeyrisumsókna, útgáfu gjaldeyris- og innflutningsleyfa, skýrslugerðir og ýmis önnur störf varðandi gjaldeyrismál hjá gjaldeyrisbönkunum.

Í þessu sambandi tel ég rétt að benda á, að kostnaður við innflutningsskrifstofuna árið 1959, þ. e. a. s. síðasta heila starfsár hennar, nam 4 366 000 kr., en gera má ráð fyrir, að það samsvari rúmlega 5 millj. kr., miðað við núgildandi kaupgjald og verðlag á rekstrarvörum á skrifstofum. Tekjur innflutningsskrifstofunnar árið 1959 voru 8 069 000 kr., en þess er að gæta, að þá var leyfisgjaldið 1% af upphæð leyfa og tekið af öllum leyfum, en ekki ½%, svo sem nú á sér stað, auk þess sem gjald af leyfum fyrir vörum í jafnkeypisléndum er ekkert, svo sem ég gat um áðan.

Mér þykir vænt um að hafa fengið þetta tækifæri til þess að upplýsa það, sem ekki hefur verið skýrt frá opinberlega áður, að kostnaður gjaldeyrisdeilda bankanna við útgáfu leyfa og annað, sem henni er nátengt, reyndist á árinu 1961 nema aðeins 2.1 millj. kr., en kostnaður við slík störf árið 1959 nam 4.4 millj. kr. og mundi, ef hliðsjón er höfð af kauplagsbreytingum og rekstrarkostnaðarbreytingum, nema rúml. 5 millj. kr. í dag, þannig að sá sparnaður, sá beini sparnaður, sem siglt hefur í kjölfar þeirrar endurskipulagningar á gjaldeyris- og innflutningsmálum, sem gerð var á miðju ári 1960, nemur um 2.9 millj. kr. Jafnhliða hefur það gjald, sem innheimt hefur verið af innflytjendum í sambandi við leyfaútgáfu og leggst á vörur þær, sem á markaðnum eru, lækkað úr 8.1 millj. niður í 4.2 millj., þ. e. a. s. það hefur verið um að ræða lækkun á gjaldi, sem innheimt hefur verið af innflytjendum og má reikna með í verðlagi vöru, um 3.9 millj. kr., og hefur þessa að sjálfsögðu gætt með tilsvarandi hætti í verðlagi. Ástæða þess, að gjald, sem innheimt hefur verið í vöruverði og leggst á verðlag, hefur lækkað um 3.9 milli., en sparnaðurinn numið 2.9 millj., er sú, að ríkissjóður hefur misst tekjur sem þessu svarar, en ríkissjóður fékk mismuninn á því leyfisgjaldi, sem innflutningsskrifstofan innheimti, og þeim kostnaði, sem hún varð að standa straum af.

Að því er snertir kostnaðinn við verðlagseftirlit, sem einnig er greiddur af þessu leyfisgjaldi, er það að segja, að hann nam 1959 2 230 000 kr., en á s. l. ári nam þessi kostnaður 2 605 000 kr., og er hér um að ræða hækkun, sem samsvarar almennri hækkun á launagreiðslum og öðrum kostnaði, er orðið hefur á þessu tímabili, en um fjölgun starfsmanna við verðlagseftirlit hefur ekki verið að ræða.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskmrh. fyrir upplýsingar um það, hve mikill þessi skattur hefur reynzt, og ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að það leyfisgjald, sem heimilað er í 10. gr. laganna, hefur ekki verið innheimt að öllu leyti. En í umr., sem urðu á sínum tíma um þetta mál hér í þinginu, var því haldið fram, bæði af mér og öðrum, að leyfisgjaldið væri ákveðið óþarflega hátt, eins og líka hefur sýnt sig. Hins vegar er þess að gæta í sambandi við þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. taldi sig gefa hér um kostnað við innflutningsskrifstofuna á sínum tíma, að það er nokkuð villandi, vegna þess að hún annaðist fleiri störf en þau sem gjaldeyrisbankarnir hafa tekið að sér. Hún annaðist ýmsa skýrslusöfnun, sem Seðlabankinn hefur tekið að sér að nokkru leyti og Framkvæmdabankinn líka tekið að sér að öðru leyti, svo að sá samanburður, sem hann gerði hér, er þess vegna ekki tæmandi, vegna þess að hann nær ekki til nema nokkurs hluta af þeim störfum, sem innflutningsskrifstofan hafði áður með höndum. Þrátt fyrir það er það þó upplýst, að sá kostnaður, sem gjaldeyrisbankarnir einir hafa af þeim störfum, sem innflutningsskrifstofan áður hafði með höndum, nema rösklega 2 millj. kr. Hvað mikið aðrar stofnanir greiða svo vegna starfa, sem innflutningsskrifstofan annaðist áður, er ekki upplýst af því, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan.

Ég sem sagt vil lýsa ánægju minni yfir því, að þetta gjald hefur ekki verið innheimt nema að hálfu leyti, og það staðfestir það, sem haldið var fram í umr. hér á sínum tíma af mér og fleirum, að það væri ekki þörf á því að hafa það eins hátt og heimilað er í lögum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þegar frv. um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála var til umr. hér á hinu háa Alþ. vorið 1960, urðu um það nokkur orðaskipti milli hv. fyrirspyrjanda og mín, hver upphæð væntanlegs gjalds af leyfum skyldi vera. Í frv. var gert ráð fyrir því, að heimilt væri að hafa upphæð leyfisgjaldsins 1%, eins og það hafði verið. Ég lýsti því hins vegar yfir í umr., að þegar reglugerð yrði sett um þetta mál, þá mundi það verða tekið til rækilegrar athugunar, hvert gjaldið þyrfti að vera, og ég vonaði, að það þyrfti ekki að vera nema ½%. En vegna þess að nauðsynlegt væri að gera nákvæma áætlun um þann kostnað, sem bankarnir þyrftu að leggja í, um leið og þeir tækju að sér störf innflutningsskrifstofunnar, þá teldi ég rétt að hafa heimildina í lögunum rúma og miða þá við sama hlutfall og gilt hafi um mörg undanfarin ár. En ég hét því

hins vegar, að gjaldið skyldi ekki verða haft hærra en bráðnauðsynlegt væri til að standast sannanlegan kostnað bankanna af þessum störfum til viðbótar kostnaði við verðlagseftirlitið.

Eftir að þingi lauk, lét viðskmrn. gera nákvæma athugun á því í samstarfi við bankana, með hvaða starfsmannahaldi og öðrum kostnaði bankarnir gætu tekið störf innflutningsskrifstofunnar að sér. Það kom í ljós, að sú von mín, sem ég hafði látið í ljós hér á Alþingi, reyndist á rökum reist, að unnt væri að inna þessi störf af hendi fyrir aðeins ½%. Reynslan á s. l. ári, sem er fyrsta heila árið, sem þessi skipun hefur verið í gildi, hefur staðfest þá von, sem ég lét hér í ljós, og þá áætlun, sem gerð var af viðskmrn. og gjaldeyrisbönkunum, að það er unnt að komast af með aðeins ½% gjald í þessu sambandi. Að vísu er það svo, að það rétt aðeins dugir til að standa straum af kostnaði bankanna og verðlagseftirlitsins, en það er heldur engin ástæða til þess að hafa gjaldið hærra en bráðnauðsynlegt er til að standa straum af óhjákvæmilegum kostnaði. En eins og ég gat um áðan, þá hefur þessi skipulagsbreyting haft í för með sér, að sparnaður hins opinbera af breytingunni nemur 2.9 millj. kr. og sparnaður neytenda, þ. e. þeirra, sem kaupa hina innfluttu vöru, nemur 3.9 millj. kr., eða 1 millj. kr. meira. Ríkið hefur misst tekjur sem þessu svarar.

Að því er það snertir, sem hv. þm. sagði, að tölurnar um kostnað gjaldeyrisdeilda bankanna séu ekki sambærilegar, þá er mér vel kunnugt um, við hvað hv. þm. á í því sambandi. Ástæða þess, að ég gat ekki um þetta þegar í fyrra svari mínu, er sú, að það er ekki aðeins, að gjaldeyrisdeildirnar inni ekki af hendi öll þau störf, sem innflutningsskrifstofan innti áður af höndum, heldur vinna þær líka ný störf, önnur störf, sem bankarnir inntu áður af höndum. Þau störf, sem fluttust ekki í gjaldeyrisdeildir bankanna, heldur Framkvæmdabankann, eru skýrslugerð í sambandi við fjárfestingarmál. Seðlabankinn hefur engin störf tekið að sér, sem áður voru unnin í innflutningsskrifstofunni. Það var Framkvæmdabankinn, sem tók að sér skýrslugerð, öflun upplýsinga, úrvinnslu og birtingu skýrslna um fjárfestingarmál. Það er um að ræða einn starfsmann með nokkurri aðstoð, svo að hér er um tiltölulega smávægilegan kostnað að ræða. Hins vegar vinnur gjaldeyrisdeild bankanna nú nokkur störf, sem áður voru unnin í sambandi við gjaldeyrisafgreiðslu bankanna. Þau hafa nú flutzt í gjaldeyrisdeildina og eru talin með þeim kostnaði við hana, sem ég gat um áðan.

Ég hika ekki við að fullyrða, að þau störf, sem gjaldeyrisdeild bankanna tók að sér og létti af hinum almennu gjaldeyrisafgreiðslum gjaldeyrisbankanna, kosta meira en þau störf kostuðu, sem innflutningsskrifstofan vann áður í sambandi við fjárfestingarmál og flutzt hafa í Framkvæmdabankann. Ef þessi samanburður er ekki fullkomlega nákvæmur, þá hygg ég, að hann sé gjaldeyrisdeildum bankanna í hag, en ekki óhag.

15. Lausn verkfræðingadeilunnar.

Á 44. fundi í Sþ., 21. marz, var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um lausn verkfræðingadeilunnar og verkfræðingaþörf ríkisins og ríkisstofnana [193. mál] (A. 435).

Á 45. fundi í Sþ., 22. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 28. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrjast fyrir um það, samkv. þingsköpum, hvernig hæstv. ríkisstj. hafi leyst verkfræðingadeiluna, að því er snertir ýmsar ríkisstofnanir og þörf þeirra fyrir verkfræðinga í þjónustu sinni. Þar hef ég sérstaklega spurt um verkfræðingaþörf vitamálaskrifstofunnar, vegamálaskrifstofunnar og landssímans, og þætti auðvitað vænt um að fá upplýsingar um, hvernig þessi mál standa að því er fleiri ríkisfyrirtæki snertir, sem eiga að hafa á hendi framkvæmdir, sem ríkisvaldið hefur á prjónunum.

Ég tel, að þessi fsp. liggi alveg augljóslega fyrir og þurfi engar málalengingar um hana að hafa, en hins vegar svo mikið í húfi, að þessi mál hafi fengið einhverja viðunandi lausn með nægum sérfræðingum í þjónustu þessara framkvæmdafyrirtækja ríkisins, og því fannst mér ástæða til þess að óska vitneskju um það.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Fsp. á þskj. 435 er í fjórum liðum, eins og hv. þm. munu sjá, og er sérstaklega spurt um fjórar ríkisstofnanir, hvernig ástatt er hjá þeim vegna þeirrar deilu, sem uppi hefur verið við verkfræðingana. Ég tel, að þessum fsp. verði bezt svarað með því að lesa upp svör viðkomandi stofnana, bréf frá forstöðumönnum þeirra. Og ég hygg, að svörin séu nokkuð tæmandi, sem þar koma fram. Vegamálastjóri skrifar:

Liður 1: Hefur vegagerð ríkisins tekizt að ráða nógu marga verkfræðinga í þjónustu sína eftir lausn verkfræðingadeilunnar, til þess að hægt sé fullkomlega að anna tæknilegum undirbúningi áformaðra verklegra framkvæmda á vegum vegagerðarinnar?

Svar: Spurningunni er hægt að svara neitandi. Í fyrsta lagi er verkfræðingadeilan ekki leyst, þó að verkfalli verkfræðinga hafi verið aflýst. Verkfræðingar hafa ekki fengizt til að fastráða sig hjá vegagerðinni fyrir þau launakjör, sem boðin eru, en vegagerðinni er ekki heimilað að ráða til sín verkfræðinga á þeim kjörum, sem þeir krefjast. Í öðru lagi voru hjá vegagerð ríkisins fyrir verkfall starfandi, auk vegamálastjóra og yfirverkfræðings, 5 verkfræðingar, sem ráðnir voru samkv. ráðningarsamningum Stéttarfélags verkfræðinga. Heimilt hefur verið um nokkurra ára skeið að ráða 7 verkfræðinga á þessum kjörum, en sökum almenns skorts á verkfræðingum hefur eigi tekizt að fá þann fjölda verkfræðinga til

starfa þrátt fyrir brýn og aðkallandi verkefni. Eftir að verkfalli verkfræðinga var aflýst, hefur aðeins tekizt að ráða 3 verkfræðinga til vegagerðarinnar og þá aðeins til lausnar fastákveðinna, takmarkaðra verkefna á ákvæðisvinnugrundvelli. Þessir þrír menn geta aðeins leyst brýnustu verkefni við þær framkvæmdir, sem vinna á í ár, og mun þess vegna vera hægt að framkvæma í ár það, sem fyrirhugað er, en nauðsynlegur undirbúningur undir framkvæmdir næsta árs, það er óséð, hvernig með það tekst, nema þá að hægt sé að gera viðtækari nýja samninga í ákvæðisvinnu til lausnar því, svo sem gert hefur verið.

Þá er önnur spurning: Hve margir fastráðnir verkfræðingar eru í þjónustu vegagerðar ríkisins nú?

Svar: Tveir verkfræðingar, vegamálastjóri og yfirverkfræðingur.

Þriðja spurning: Hver eru launakjör fastráðinna verkfræðinga?

Svar: Vegamálastjóri tekur laun samkv. III. flokki launalaga. Núv. mánaðarlaun eru 9475.73 kr. Yfirverkfræðingur tekur laun samkv. IV. flokki launalaga, núverandi mánaðarlaun kr. 8755.29.

Fjórða spurning: Hve margir verkfræðingar voru í þjónustu vegagerðar ríkisins fyrir verkfall verkfræðinga?

Það var nú reyndar áður búið að segja, en svarið er: Auk vegamálastjóra og yfirverkfræðings voru starfandi fimm verkfræðingar, sem ráðnir voru samkv. samningum Stéttarfélags verkfræðinga.

Ég hygg, að þetta svar vegamálastjóra sé tæmandi varðandi þá stofnun.

Þá kemur svar raforkumálastjóra:

Með vísun til viðtals við ráðuneytisstjóra um fsp. Hannibals Valdimarssonar á Alþingi um lausn verkfræðingadeilunnar og verkfræðingaþörf ríkisins og ríkisstofnana, leyfi ég mér að svara fsp. þannig, að því er tekur til raforkumálaskrifstofunnar:

Það er fyrsta spurning, en hún er: Hefur ríkisstofnuninni tekizt að ráða nægilega marga verkfræðinga til þess að vinna nauðsynleg störf? Svarið við því er nei.

Önnur spurning: Hve margir fastráðnir verkfræðingar eru í þjónustu þessarar stofnunar? Svarið er: 4.

Og þriðja spurning: Hver eru launakjör hvers um sig? Jakob Gíslason raforkumálastjóri laun 9476 kr. á mánuði. Eiríkur Briem rafmagnsveituveitustjóri 8755 á mánuði. Guðmundur Marteinsson rafmagnseftirlitsmaður 8090 kr. á mánuði. Eðvarð Árnason deildarverkfræðingur 9513 á mánuði. Í launum Eðvarðs er innifalin föst yfirvinna, sem hann hefur lengi haft, 1391 kr. á mánuði.

Þá er það fjórða spurning: Hve margir verkfræðingar voru í þjónustu þessarar stofnunar hverrar um sig fyrir verkfall? Í þjónustu hjá raforkumálastjóra voru 19 verkfræðingar, þar af 17 á föstum launum. áður en verkfræðingaverkfallið hófst, auk þeirra, sem taldir eru hér að ofan. Til viðbótar má geta þess, þótt ekki sé um það spurt, að síðustu mánuði hafa ýmsir verkfræðingar unnið fyrir okkur einstök verk í ákvæðisvinnu. Og þess skal getið, að þrátt fyrir hinn mikla verkfræðingaskort er ekki útlit fyrir annað en að unnt verði að vinna samkvæmt áætlun að framkvæmdum á þessu ári.

Þá er landssíminn. Skrifstofustjóri landssímans svarar á þessa leið:

Það er fyrsta spurning: Hefur ríkisstofnuninni tekizt að ráða nægilega marga verkfræðinga í þjónustu sína? Því svarar stofnunin neitandi.

Og önnur spurning: Hve margir fastráðnir verkfræðingar eru nú í þjónustu landssímans? Svarið er: 2 verkfræðingar.

Og þriðja spurning: Hver eru launakjör þeirra hvers um sig? Svarið er: Samkvæmt launalögum, þ. e. í V. og IV. launaflokki.

Og fjórða spurning: Hve margir verkfræðingar voru í þjónustu þessarar stofnunar, áður en verkfræðingaverkfallið hófst? Svarið er: 8.

Og svo er það vitamálastjóri. Hann hefur einnig svarað, eins og hér segir:

Á undanförnum árum hefur verið stöðugur skortur á tæknimenntuðum mönnum við stofnunina, þótt þar hafi verið starfandi 5—6 verkfræðingar. Fleiri hafa ekki verið fáanlegir þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Í upphafi verkfalls Stéttarfélags verkfræðinga hættu 3 þeirra störfum, og hafa því aðeins 2 verið starfandi og þar af annar mikill sjúklingur. Síðan verkfallinu lauk, hefur verið reynt að ná samkomulagi við verkfræðingana, en ekki tekizt. Tveir þeirra eru þó í þennan mund að hefja störf í ákvæðisvinnu við sérstök verkefni, en um fastráðningu er ekki að ræða. Er því að sjálfsögðu mikil þörf fyrir fleiri verkfræðinga til starfa nú, þar sem mikil og aðkallandi verkefni liggja fyrir. En nokkuð hefur það bætt aðstöðu stofnunarinnar, að á seinustu tveim árum hefur verið mikið unnið að 10 ára áætlun um hafnargerðir og því til nokkru gleggra heildaryfirlit yfir væntanlegar framkvæmdir en ella, en að sjálfsögðu er eftir að vinna mikið úr þeim gögnum. 10 ára áætlunin var að miklu leyti unnin í aukavinnu, og kom því sú vinna ekki sem beint álag á verkfræðinga stofnunarinnar, auk þess sem einn maður var ráðinn til þeirra verka sérstaklega. Með því vinnuafli, sem mér hefur tekizt að ná samkomulagi við, vona ég, að hægt verði að sinna þeim verkefnum, sem fyrir liggja, á svipaðan hátt og á undanförnum árum, þrátt fyrir verkfræðingafæðina. Hinir tveir gömlu fastráðnu verkfræðingar vinna samkv. gömlu ráðningarsamningunum, er giltu fyrir verkfall Stéttarfélags verkfræðinga, enda sögðu þeir aldrei upp starfi og þess ekki krafizt af stéttarfélaginu, að þeir legðu niður störf.

Ég hygg, að þessi svör forstöðumanna þessara ríkisstofnana, sem sérstaklega er spurt um, svari því, sem spurt hefur verið um, og er þess vegna ekki ástæða til þess að fara nánar út í það. Ég geri ráð fyrir, að hv. þingmenn viti, að verkfræðingum var boðin kauphækkun, 13.8%, eins og öðrum, en þeir vildu ekki ganga að því. Þeim var enn fremur boðið það, að þeir gætu hækkað að fullu eftir 4 ára starf í staðinn fyrir 10 ára starf áður, og gilti þetta sem mikil hækkun fyrir þá yngri, fyrir byrjendur. En verk-

fræðingar létu sér þetta ekki nægja, og þess vegna hafa samningar ekki tekizt, og veldur það vitanlega talsverðum erfiðleikum, en þó ekki meiri en svo, að unnt verður á þessu ári a. m. k. að vinna áfram eftir þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir hans svör. Spurningunum hefur fengizt svarað alveg eins og til var ætlazt. Tilgangurinn með fsp. var einungis sá að fá staðreyndir upplýstar í þessu máli, hvernig þessi mál stæðu og hvort þarna væri mikill vandi á ferðum, sem gæti orðið til þess að stöðva eða draga úr verklegum framkvæmdum ríkisins á árinu 1962.

Því miður eru svörin á þann veg, sem ég bjóst við, að málin hafa ekki leystst, hafa ekki fengið neina lausn. Þessar stofnanir allar hafa nú, að mér skilst, ekki neina verkfræðinga í þjónustu sinni, nema forustumenn fyrirtækjanna og yfirverkfræðinga við þeirra hlið, og að öðru leyti hafa svo fyrirtækin í hreinni neyð orðið að ráða til sín verkfræðinga til þess að inna af hendi allra nauðsynlegustu störf í akkorði, og akkorðstaxtinn er auðvitað miðaður við frambornar kröfur verkfræðinganna. Og að því leyti sem neyðin rekur menn til að kaupa þeirra vinnuafl þarna í þessum fyrirtækjum, þrátt fyrir bannið um að semja við þá, það rekur ríkisstj. til að semja við þá um kröfurnar í raun og veru.

Ég er dálítið undrandi á því, ef það er alveg rétt, að það komi ekki að neinum baga á árinu 1962 í sambandi við framkvæmdir ríkisins hjá stofnun, sem hafði 19 verkfræðinga í þjónustu sinni fyrir verkfræðingadeilu, og svarar fyrstu spurningunni neitandi um það, að tekizt hafi að ráða nokkra verkfræðinga í staðinn, og hefur nú ekki nema forstöðumennina og aðstoðarmenn þeirra til verkfræðilegra starfa. Það er að vísu vitað mál, að verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda er alltaf nokkuð á undan framkvæmdunum sjálfum, og má vera, að eitthvað bjargist á því, sem búið var að undirbúa af verkfræðingunum, áður en deilan hófst. En þá er a. m. k. alveg horfzt í augu við það, að á næsta ári hlýtur þessi vandi að verða mjög óskyggilegur fyrir ríkið og þessar ríkisstofnanir, ef ekki hefur tekizt að ráða verkfræðinga í þjónustu þessara og annarra fyrirtækja, áður en þessu ári lýkur. Það er því sýnilegt, að að lausn þessa máls verður að vinna, og sýnir þetta það, sem raunar allir vissu, að launamál jafnvel einnar hæst launuðu stéttar landsins. verkfræðinganna, er óleyst og er mikið vandamál. Mér er og sagt, að svipað vandamál sé nú risið að því er snertir náttúrufræðinga, og alkunnugt er um hina láglaunuðu kennarastétt, að hún mun vera í þann veginn að segja upp störfum, vegna þess að hennar launakjör eru óviðunandi. Og þannig virðist heildarmyndin blasa við, að það séu ekki aðeins hinir lægst launuðu verkamenn á Íslandi, sem telji launakerfið sprungið og ekki við það starfandi, flýja heldur úr landi, heldur þurfi að taka þetta allt saman til gagngerðrar endurskoðunar, og því verra sé við það að fást sem hæstv. ríkisstj. snúi blinda auganu lengur að þessum vanda.

Ég sé ekki betur en þessi svör hafi upplýst það, að þessi mál eru algerlega óleyst og hljóta fyrr eða síðar, ef ekki á næstu mánuðum, þá a. m. k. á næsta ári, að valda stöðvun í opinberum framkvæmdum ríkisins.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er ekki rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að ég hefði talið, að verkfræðingaskorturinn mundi ekki valda neinum baga. Það var einmitt það, sem ég sagði, að hann mundi valda nokkrum baga, en ekki þó verða til að hindra, að það væri unnt að framkvæma það, sem fyrirhugað væri á þessu ári. Það var þetta, sem ég sagði. Hv. þm. harmar það, að ekki hefur verið samið við verkfræðingana, og í því felst það þá, að hann harmar, að það hefur ekki verið gengið að þeim kröfum, sem þeir gerðu. En hverjar voru kröfurnar? Kröfurnar voru þær að fá 17 þús. kr. í mánaðarlaun fyrir byrjendur og 22 þús. kr. fyrir hina eldri á mánuði. Þetta er ágætt að fá upplýst, að formaður Alþýðusambands Íslands harmar, að það hefur ekki verið gengið að þeim kröfum, sem verkfræðingarnir gerðu á þessum grundvelli.

Svo vil ég aðeins mótmæla því, sem hv. þm. fullyrti, að vitanlega hafi verið samið um kröfurnar, fyllstu kröfur, þegar samið var um verk í ákvæðisvinnu. Ég vil leyfa mér að mótmæla því. Það var samið við verkfræðingana um nokkur atriði í ákvæðisvinnu, og það er ekki samningur, ef gengið er algerlega að kröfum annars aðilans. Ég geri ráð fyrir því, — vegna þess að það felst ekki í fsp. hv. þm., þá hef ég ekki kynnt mér þetta nægilega vel, — en ég geri ráð fyrir því, að duglegir verkfræðingar geti haft meira en mánaðarkaup út úr þessari ákvæðisvinnu, ef þeir vinna vel, og ég geri ráð fyrir því, að samningarnir í ákvæðisvinnunni geti verið hagkvæmir fyrir báða aðila, bæði fyrir vinnuveitandann og verktakann, þótt ekki hafi verið gengið nálægt því að kröfunum, sem gerðar voru.

16. Fæðingarorlof.

Á 44. fundi í Sþ., 21. marz, var úthýtt:

Fsp. til félmrh. um fæðingarorlof [193. mál, 2] (A. 435).

Á 45. fundi í Sþ., 22. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 28. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Margrét Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég leyfi mér að bera fram fsp. á þskj. 435 til hæstv. félmrh., svo hljóðandi: „Hvað hefur félmrn. gert til undirbúnings löggjöf um fæðingarorlof eða fyrirgreiðslu því máli, sem vísað

var til þess með samþykkt Alþingis 16. marz 1961? Er þess að vænta, að rn. leggi frv. fyrir Alþingi um málið á þessu þingi?“

Íslenzkar ríkisstj. hafa um nokkurt árabil viðurkennt réttmæti fæðingarorlofs með því að heimila þau til handa konum, sem eru fastráðnir ríkisstarfsmenn. Einstaka verkalýðsfélög hafa þegar fengið þau viðurkennd í kjarasamningum sínum og öll verkalýðsfélög munu hafa hug á því. Nokkuð mun það og viðgangast, að einkafyrirtæki veiti konum, sem hjá þeim starfa, leyfi með fullum launum um hæfilega langan tíma vegna barnsburðar. Loks má geta þess, að fyrir liggur samþykkt frá þingi Alþýðavinnumálastofnunarinnar um þriggja mánaða fæðingarorlof, og er þeim þjóðum, sem eru aðilar að þeirri stofnun, — en svo sem kunnugt er, er Ísland í þeirra hópi, — ætlað að fullgilda þá samþykkt. Að þessu öllu athuguðu er ljóst, að fyllilega er tímabært, að samræmd verði aðstaða íslenzkra kvenna, sem eru launþegar, með löggjöf um þetta efni, enda var það yfirlýstur tilgangur meiri hl. heilbr.- og félmn., sem gerði till. um að vísa því frv., sem um þetta efni var flutt hér í hv. d. í nóv. 1960, til ríkisstj., svo sem fram kemur í fsp. En þar sem allmjög er nú liðið á þingtímann og enn hefur ekkert komið frá hendi hæstv. ríkisstj. um málið, þótti mér rétt að grennslast um framgang þess, og vænti ég glöggra og greiðra svara frá hæstv. félmrh.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Spurt er: „Hvað hefur félmrn. gert til undirbúnings löggjöf um fæðingarorlof eða fyrirgreiðslu því máli, sem vísað var til þess með samþykkt Alþingis 16. marz 1961?“ Og í öðru lagi: „Er þess að vænta, að rn. leggi frv. fyrir Alþingi um málið á þessu þingi?“

Eins og fyrirspyrjandi gat um, var lagt fram á Alþ. rétt fyrir áramótin 1960—61 frv. til l. um fæðingarorlof. Í þessu frv. var gert ráð fyrir, að allar konur, sem taka laun fyrir vinnu sína, skuli eiga rétt á orlofi vegna barnsburðar, og til þess að standa straum af framkvæmd þessara laga skuli mynda sjóð í vörzlu Tryggingastofnunar ríkisins og að tekjur sjóðsins skuli vera iðgjöld greidd af öllum aðilum í landinu, sem hafa launþega í þjónustu sinni.

Þessu frv. var vísað til ríkisstj.

Af því að hér er um að ræða mjög skylt mál tryggingamálum almennt og gert ráð fyrir, að Tryggingastofnun ríkisins hafi með framkvæmd þess að gera og innheimti gjöldin til sjóðsins á svipaðan hátt og önnur tryggingagjöld eru innheimt, þá var málinu vísað til mþn., sem endurskoðar almannatryggingarnar, og hefur hún málið nú til meðferðar. Vegna þess að hún hefur ekki skilað áliti, get ég svarað síðari hluta fyrirspurnarinnar þannig, að þar sem nú líður mjög á starfstíma Alþingis, þá geri ég ekki ráð fyrir, að frv. komi fram á þessu þingi um málið, heldur verði það látið bíða endanlegrar afgreiðslu mþn.

Fyrirspyrjandi (Margrét Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans.

17. Flutningur fólks frá Íslandi.

Á 46. fundi í Sþ., 28. marz, var útbýtt:
Fsp. til félmrh. um framkvæmd þál. varðandi flutning fólks frá Íslandi [208. mál, 2] (A. 515).

Á 47. fundi í Sþ., 29. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., 4. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á síðasta þingi var samþykkt þáltill. þess efnis, að ríkisstj. léti fram fara nákvæma athugun á því, hversu margt fólk hefur flutzt frá Íslandi á s. l. 10 árum. Ætlunin var að afla gagna, sem leiddu þetta mál í ljós, því að oft hafa orðið miklar umr. um þennan brottflutning, bæði hér á þingi og utan þings, og því ástæða til að láta vinna það verk og komast að raun um, hvað rétt er í þessu.

Mér er kunnugt um, að hagstofan hefur unnið að þessu verki, og virðist rétta leiðin til þess að fá niðurstöður af því starfi, þegar þær fást birtar, vera sú, að spyrja um þetta í fyrirspurnaformi hér á Alþingi, og þess vegna er þessi fyrirspurn fram lögð.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, var samþ. hér á Alþingi þáltill. 27. marz 1961, þess efnis, að stjórnin láti gera nákvæma skýrslu um brottflutning fólks frá Íslandi síðustu 10 árin og rannsaka eftir föngum ástæðurnar fyrir brottflutningnum, eins og segir í ályktuninni.

Í tilefni af þessu var hagstofunni skrifað, strax eftir að rn. hafði borizt þessi till., með bréfi, dags. 14. apríl 1961, og henni falið að afla þeirra upplýsinga, sem fram á er farið.

Þegar eftir því var grennslazt nú, hvað þessari athugun liði, fékk ég frá hagstofustjóra svo hljóðandi bréf, dags. 2. apríl 1962, sem ég vildi leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, — það er svo hljóðandi:

„Í tilefni af því, að fram er komin á Alþingi fyrirspurn um, hvað líði samningu skýrslu um brottflutning fólks frá Íslandi, sem hagstofan tók að sér að annast, sbr. bréf félmrn. til hennar, dags. 24. apríl 1961, skal eftirfarandi fram tekið:

Strax eftir móttöku nefnds bréfs ráðuneytisins var hafizt handa um söfnun upplýsinga til þessarar skýrslugerðar og um annan undirbúning hennar, og hefur verið unnið að henni síðan. Er þetta umfangsmikið verk, þar eð skýrslan tekur til margra ára, þ. e. 1953—1960, og mikill tími fer í að afla upplýsinga um ástæður hvers brottflutnings. En nú er samning skýrslunnar komin á lokastig, og má telja víst, að hún liggi fyrir fjölrituð fyrri hluta næsta mánaðar.“

Ég hafði haldið, að það hefði verið unnt að gefa um þetta sjálfa skýrsluna, en það reyndist því miður ókleift nú, en ef einhverjir hv. þm. kynnu að hafa áhuga á skýrslunni, þá verður

hún fjölrituð, og verður hægt að fá hana í rn., þegar kemur fram yfir miðjan næsta mánuð.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Úr því að rannsókn er ekki alveg lokið, en endanleg skýrsla er væntanleg eftir rúman mánuð, vil ég láta í ljós þá ósk, að hæstv. rn. sendi alþm. þessa skýrslu og opinberi hana á annan hátt, þannig að niðurstöðurnar verði kunnar.

18. Jarðhitarannsóknir á Norðurlandi.

Á 46. fundi í Sþ., 28. marz, var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um jarðhitarannsóknir á Norðurlandi [208. mál, 1] (A. 515).

Á 47. fundi í Sþ., 29. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., 4. apríl, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Sþ., 11. apríl, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera svo hljóðandi fyrirspurn til hæstv. ríkisstj.: „Hvað veldur því, að jarðbor sá, sem ríkið keypti til jarðhitarannsókna á Norðurlandi, hefur enn ekki verið látinn taka til starfa? Hvenær má vænta þess, að jarðborinn verði tekinn í not, og hvar verður hann látinn hefja starf?“

Það er allmikill jarðhiti víðs vegar á Norðurlandi, og áhugi er þar mikill til að hagnýta þau verðmæti. Ég átti nokkurn þátt í því að koma inn í 22. gr. fjárlaga 1959 heimild handa ríkisstj. til, eins og þar er orðað, að kaupa í samráði við jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar jarðbor, sem notaður verði til jarðhitarannsókna á Norðurlandi. Á aukaþinginu síðla sumars 1959 minnti ég á þessa heimild og lagði áherzlu á, að hraðað yrði borkaupunum. Árið eftir, 1960, voru settar á fjárlögin, 16. gr. þeirra, 2 millj. kr. til rekstrar jarðbors fyrir Norðurland. Hins vegar kom ekki borinn til landsins fyrr en í ársbyrjun 1961, og ekkert veit ég, hvað hefur orðið af 2 millj., sem 1960 höfðu verið ætlaðar til að reka borinn. Og borinn hefur enn ekki verið fluttur til síns fyrirheitna lands, Norðurlands, og ég hef heyrt, að hann sé enn í innflutningsumbúðum sínum hér í Reykjavík, og mér er sagt, að það þurfi að taka hann hér upp og prófa hann, áður en hann verði fluttur norður, og geti það verk tekið tvo mánuði.

Hæstv. fjmrh. sagði í fjárlagaræðu 24. okt. 1960, með leyfi hæstv. forseta: „Jarðboranir eftir jarðhita eru meðal þeirra framkvæmda, sem halda verður áfram með fullum hraða, svo mikil eru þau verðmæti, sem í aukinni hitaorku liggja.“

Hinn 25. marz 1961 voru sett lög um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins og í því sambandi gefin mjög áheyrileg fyrirheit um þessi mál.

Ég verð að segja, að mér finnst ekki vera hafður fullur hraði á, þegar Norðurlandsborinn liggur enn óhreyfður í innflutningsumbúðum sínum eftir meira en heilt ár. Borinn kvað hafa kostað 8 millj. kr. í innkaupi. Það er vafalaust kostnaðarsamt að reka þetta stórvirka tæki, en það er líka dýrt að láta það liggja ónotað. Fyrst og fremst eru rentulausar 8 millj. kr., og svo er drátturinn á því, að jarðhitinn hagnýtist. Að láta borinn liggja ónotaðan, þegar búið er að kaupa hann, er eins og að láta gott skip liggja í höfn, þegar góðar aflavonir eru.

Fyrir norðan eru mikil verkefni fyrir jarðborinn. Líklegt til árangurs er m. a. talið að bora eftir jarðhita hjá Húsavík, Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði, Siglufirði, Sauðárkróki. Að því er snertir Ólafsfjörð og Sauðárkrók, er um viðbótarvatnsleit að ræða.

Þetta eru þéttbýlustu staðirnir, sem ég hef nú nefnt, en svo er Námafjall við Mývatn. Þar er, eins og allir vita, mikill jarðhiti og mikil og verðmæt jarðefni í gufum, sem fást með borunum. Og verði nú leirinn — kísilgúrinn — unninn úr Mývatni, eins og vonir standa til að bráðum verði, þarf hið fyrsta að bora eftir jarðhita í Námaskarði.

Á Húsavík er talið hér um bil öruggt, að heitt vatn fáist með þessum bor, svo að segja rétt hjá bænum. Þar eru nú um 1600 manns, og fjölgar ört íbúum bæjarins. Húsvíkingar áttu von eftir viðtölum við ráðamenn Norðurlandsborsins, að byrjað yrði að bora þar s. l. sumar, en það brást. Hins vegar hefur bærinn kostað til undirbúnings með kaupum á efni í vatnslögn að borstaðnum o. fl., og er mér sagt, að sá útlagði kostnaður sé orðinn 250 þús. kr.

Ég spyr fyrst og fremst vegna Húsavíkur, hvar mundi verða byrjað. Auðvitað er það ekki aðalatriðið, hvar byrjað verður. Aðalatriðið er, að byrjað verði. Það má ekki draga, og þess vegna hef ég gert þessar fyrirspurnir.

Ég leyfi mér að vænta hiklausra svara og góðra frétta um, að nú verði öllum doða aflétt í þessu máli og Norðurlandsborinn látinn taka til starfa í vor.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Fyrirspurn sú, sem hér er um að ræða á þskj. 515, er af eðlilegum ástæðum fram borin.

Það er rétt, að Norðurlandsborinn kom til landsins á s. l. ári, og hann hefur ekki verið tekinn í notkun. En til þess liggja gildar ástæður. Það þykir ekki heppilegt að byrja að bora í Norðurlandi að hausti til, með lítt þjálfuðu starfsliði, og það þykir ekki heldur heppilegt að byrja, nema hægt sé að halda óslitið áfram, eftir að hefur verið ráðið lið til starfans, sem kann til verksins. Þess vegna er það ekki aðalatriði, þótt það hafi liðið nokkrir mánuðir, frá því að borinn kom og þangað til hann byrjar, heldur skiptir það mestu máli, að nú, þegar borinn fer af stað, geti hann haldið óslitið áfram með þjálfuðu starfsliði, og það vænti ég að verða megi.

Fjárveitingar til jarðhitasjóðs á þessu ári eru 6 millj. kr., og það er vitanlega allt of lítið. Það

þarf fé til þess að standa undir vöxtum og afborgunum af kaupverði borsins, og það þarf mikið fé til þess að reka borinn. Nú hefur fengizt rífleg upphæð til þess ekki aðeins að koma bornum af stað. heldur til þess að starfrækja hann nú um nokkuð langan tíma.

Það er spurt um það, hvenær borinn muni geta byrjað, og það má vænta þess, að það verði í maí eða byrjun júnímánaðar, sem hann væri kominn norður og gæti byrjað þar. Það er rétt, að það er núna fyrst verið að taka borinn upp, en það þykir ráðlegt að gera það hér syðra og þjálfa starfslið til verksins hér, og það getur tekið 4—6 vikur, að talið er. Síðan verður borinn fluttur norður, og er gert ráð fyrir að byrja boranir á Ólafsfirði. Þar er fyrir hendi hitaveita, sem lögð var á árinu 1943. Um langt árabil hefur veituna skort vatn og einnig hærri vatnshita, en hún hefur verið rekin með 50 gráðu heitu vatni. Jarðhitasvæðið, sem hitaveita Ólafsfjarðar hagnýtir, er á Skeggjabrekkudal, um 3 km vestur af kaupstaðnum. Er þar aðeins hægt að bora að sumarlagi, og var því ákveðið, að Norðurlandsborinn færi þangað fyrst, og þar sem á Ólafsfirði er allt kerfið fyrir hendi og vatnið og það er öruggt, að þar fæst árangur strax af boruninni, og mörg hús, sem skortir vatn, þá þykir eðlilegt og hagkvæmast að byrja þar.

Þá er spurningin, hvert hann fer næst. Það er ekki alveg ákveðið, en það væri eðlilegt, að hann færi til Húsavíkur eða þá í Námaskarð. Það eru a. m. k. ýmsir, sem halda því fram, að það liggi jafnvel mest á því að byrja í Námaskarði vegna fyrirhugaðrar kísilverksmiðju. En það hefur ekkert verið afráðið um það, hvort hann fer fyrst til Húsavíkur eða í Námaskarð. Og svo eru fleiri staðir á Norðurlandi. Það vantar ekki verkefni fyrir borinn. Það er Akureyri, það er Sauðárkrókur og ef til vill fleiri staðir, og það er áreiðanlega mikils virði, að nú, þegar borinn fer af stað, þá verði hann notaður. Það er miklu meira virði heldur en ef hann hefði farið af stað og hefði orðið að hætta í miðju kafi, það hefði orðið að segja upp starfsliði, sem búið var að þjálfa til verksins, — það hefðu ekki verið hyggileg vinnubrögð. Ég tel, að með því að fara þannig að sem nú hefur verið gert, að undirbyggja starfið þannig að gera ráðstafanir til þess að þjálfa starfslið á borinn, gera ráðstafanir til þess, að það þurfi ekki að segja því upp, og að borinn geti haldið áfram að vinna, það hafi verið hin hagkvæmu vinnubrögð.

Fyrirspyrjandi (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir greinagóð svör við fyrirspurnum mínum. Að vísu verð ég að segja það, að mér fundust ekki afsakanirnar fyrir því, að borinn hefur ekki tekið til starfa, fyllilega nægilegar. Hæstv. ráðherra taldi eina ástæðuna það, að heppilegt væri að byrja að hausti á borununum. Borinn var kominn hingað til landsins í upphafi árs 1961. Þá var eftir seinni hluti vetrar og sumar, áður en haust kom, og við Húsvíkingarnir reiðubúnir að taka á móti honum, og þannig hagar til á Húsavík einnig, ef hann hefði orðið eitthvað síðbúinn á árinu 1961, að vinna má að borunum að vetrarlagi, aðstaðan er slík. Snemma í vetur sem leið var unnið þar að prófborunum, og gekk það sæmilega. Ég get getið þess í leiðinni, að þær boranir voru mjög til að styrkja það. að þar væri til þess að gera auðvelt að ná í heitt vatn örskammt frá bænum.

Það er rétt, að 6 millj. kr. eru ekki fullkomið fé til rekstrar, en í hitarannsóknarlögunum er gert ráð fyrir því, að tekið sé 50 millj. kr. lán, og það var það lán, sem við væntum að til sögunnar kæmi.

Hæstv. ráðherra upplýsir, að byrjað muni verða í Ólafsfirði. Við höfðum í Húsavík gert ráð fyrir því, að byrjað yrði þar, en sem þm. Norðurlandskjördæmis eystra skal ég nú ekki gera við það athugasemdir, að borinn verði látinn byrja í Ólafsfirði, enda mun það sannast sagna, að þar geti hann ekki unnið nema að sumarlagi. En það er ekki búizt við því, að hann þurfi að vera þar lengi að verki, vegna þess, eins og getið var um, að þar er um að ræða aukningu hitaveitunnar, en ekki jarðhitaleit í neinni óvissu eða fullkomin útvegun vatns til nota í bænum, heldur útvegun viðbótarvatns.

Við höfðum miklar vonir um það, Húsvíkingarnir, að byrjað yrði s. l. sumar, og til þess að segja frá því og sanna það, að slíkt var ekki og átti ekki að vera á mjög lausu byggt, þá vil ég hér vitna í ræðu, sem hæstv. landbrh. hélt, þegar lögin um jarðhitasjóð voru sett, eða nánar tiltekið 16. marz 1961. Í þeirri ræðu segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og kunnugt er, er hinn svokallaði Norðurlandsbor kominn til landsins, og til þess að geta notfært sér hann þarf meira fjármagn en áður til jarðborana, því að undanfarið hefur aðallega og nær eingöngu verið í notkun hinn svokallaði gufubor, sem víða hefur komið við sögu. — Þá er gert ráð fyrir, að rekstur Norðurlandsborsins muni kosta um 5 millj. kr. á ári, ef hann er starfræktur allt árið, en verkefni fyrir hann virðast vera mikil. Gert er ráð fyrir, að hann byrji á Húsavík. Það gefur góðar vonir með jarðhitann þar og að unnt verði með ekki allt of miklum kostnaði að notfæra sér jarðhitann fyrir Húsavík og nágrenni. Þá er og gert ráð fyrir, að borað verði í Ólafsfirði og nágrenni Akureyrar."

Með tilliti til þessarar yfirlýsingar hæstv. ráðherra höfðum við rökstudda ástæðu til þess, að byrjað mundi verða verk með honum í Húsavík. Þar að auki voru svo viðræður bæði við hæstv. ráðh. og raforkumálastjóra. Okkur finnst til um það, hvað verkum seinkaði frá því, sem ráð var gert fyrir, og hörmum það, að ekki skyldi vera hægt að hefja borunina á Húsavík s. l. vor, eins og áætlað hafði verið í viðræðum, og ef það hefði verið gert, þá væru miklar líkur til þess, að nú væri hægt að framkvæma hitaveitu í Húsavík á þessu ári og bora fyrir Ólafsfirðinga einnig.

Annars er ég ekki að sakast um það, þó að byrjað verði í Ólafsfirði, eins og ég tók fram áðan, en ég vænti þess, að Húsavík verði áreiðanlega næst í röðinni. Hún mundi telja, að ekki væri fullkomlega staðið við fyrirheit gagnvart sér annars.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í tilefni af því, að hv. fyrirspyrjandi las kafla úr ræðu, sem ég hafði flutt hér í fyrra, þá kannast ég við það, að í fyrra var gert ráð fyrir, að það yrði byrjað í Húsavík. Raforkumálastjóri gerði ráð fyrir því og aðrir, sem um þessi mál ræddu. En við nánari athugun málsins þykir hagkvæmara að byrja á Ólafsfirði, m. a. vegna þess, að á Ólafsfirði er ekki hægt að vinna nema yfir hásumarið. Á Ólafsfirði er ekki gert ráð fyrir, að það taki nema 4—5 vikur að bora það, sem bora þarf. Og það er aðeins nánari athugun á þessum málum, sem hefur leitt í ljós, að hagkvæmara þykir að byrja á Ólafsfirði.

Ég heyrði það einnig á hv. fyrirspyrjanda, að hann hafði út af fyrir sig ekkert við þetta að athuga, þegar nánar var að gætt, og skil ég það, að þegar hann skoðar málið í réttu ljósi við nánari athugun, þá er það praktískara og skynsamlegra að ljúka á Ólafsfirði boruninni, sem tekur tiltölulega stuttan tíma og kemur strax að notum, heldur en að fara t. d. fyrst til Húsavíkur og síðan til Ólafsfjarðar, því að það má reikna með, að í Húsavík sé miklu meira verkefni og lengri tími, sem borinn verður þar, heldur en á Ólafsfirði.

Varðandi það, að borinn er ekki tekinn fyrr í notkun en þetta, þá var aldrei ákveðið, að hann byrjaði í fyrrasumar. Menn gerðu jafnvel ráð fyrir því, en það varð ekki af því, og skýringin, sem ég gaf áðan, hefur mikið til síns máls. Það þarf að velja starfsmenn á borinn, það þarf að þjálfa starfsmenn, og það á ekki að byrja með borinn, fyrr en það er nokkurn veginn víst, að hann geti haldið áfram óslitið, til þess að hinir þjálfuðu menn missist ekki, því að það kostar mikið að þjálfa nýja starfskrafta.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta. Ég heyrði það á hv. fyrirspyrjanda, að hann var eftir atvikum ánægður með þessi svör, sem ég hafði gefið.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að lengja umræður um þetta mál, en það var aðeins vegna ummæla í ræðu hv. fyrirspyrjanda, sem ég stóð hér upp. Hann sagði, held ég, eitthvað á þá leið í upphafi ræðu sinnar, að hann hefði átt nokkurn hlut að því, að ákveðið var að kaupa þennan jarðbor. Ég skal sannarlega ekki draga úr hans áhuga í því máli. En af því að ég veit, að hann muni hafa áhuga á því að segja hlutina eins og þeir raunverulega eru, þá tel ég rétt í framhaldi af hans ræðu, því að það kom ekki glöggt fram, að skýra frá því, að heimildin um kaup á þessum jarðbor var flutt af mér í fjvn. 1959 í samráði við hæstv. þáverandi raforkumrh., Friðjón Skarphéðinsson, og var þá ákveðið að hefjast handa um kaup á þessum bor. Mér er hins vegar vel kunnugt um það, að vitanlega hefur hv. 1. þm. Norðurl. e. haft mikinn áhuga einnig á þessu máli. En til þess að það komi fram í þessu máli, sem rétt er, taldi ég aðeins rétt að segja þetta. Ég vil svo taka undir það með honum, að það er mjög þýðingarmikið fyrir byggðirnar norðanlands, að þessi bor verði hagnýttur sem bezt. Það eru víða þar skilyrði til þess að fá heitt vatn til hitaveitu og raunar einnig iðnaðar og annarra þarfa, og þess verður mjög að vænta, að þessu máli verði hraðað svo sem verða má og samfelld starfsemi jarðborsins tryggð, eins og hæstv. raforkumrh. sagði að mundi verða lögð áherzla á.

19. Greiðslur til setudómara o. fl.

Á 52. fundi í Sþ., 11. apríl, var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um greiðslur til setudómara o. fl. [224. mál] (A. 691).

Á 53. fundi í Sþ., 12. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Fsp. var aldrei tekin til umræðu.